ALÞINGI 1969

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1969, föstudaginn 10. október, var nítugasta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það sjötugasta og annað aðalþing í röðinni, en hundraðasta og fimmta samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 1.30 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni.

Séra Pétur Sigurgeirsson sté í stólinn og lagði út af Matt. 33. kap. 6.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Auður Auðuns, 2. þm. Reykv.
2. Axel Jónsson, 4. þm. Reykn.
3. Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl.
4. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
5. Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.
6. Birgir Finnsson, 5. þm. Vestf.
7. Birgir Kjaran, 7. þm. Reykv.
8. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
9. Bjarni Guðbjörnsson, 3. þm. Vestf.
10. Bjartmar Guðmundsson, 11. landsk. þm.
11. Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.
12. Björn Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
13. Björn Pálsson, 3. þm. Norðurl. v.
14. Bragi Sigurjónsson, 9. landsk. þm.
15. Eðvarð Sigurðsson, 2. landsk. þm.
16. Eggert G. Þorsteinsson, 8. þm. Reykv.
17. Einar Ágústsson, 11. þm. Reykv.
18. Emil Jónsson, 3. þm. Reykn.
19. Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf.
20. Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl.
21. Geir Gunnarsson, 6. landsk. þm.
22. Gils Guðmundsson, 5. þm. Reykn.
23. Gísli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. e.
24. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl.
25. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v.
26. Gylfi Þ. Gíslason, 3. þm. Reykv.
27. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
28. Hannibal Valdimarsson, 9. þm. Reykv.
29. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl.
30. Ingvar Gíslason, 3. þm. Norðurl. e.
31. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
32. Jón Árnason, 2. þm. Vesturl.
33. Jón Ármann Héðinsson, 5. landsk. þm.
34. Jón Kjartansson, 5. þm. Norðurl. v.
35. Jón Skaftason, 2. þm. Reykn.
36. Jón Þorsteinsson, 3. landsk. þm.
37. Jónas Árnason, 4. landsk. þm.
38. Jónas Pétursson, 3. þm. Austf.
39. Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e.
40. Karl Guðjónsson, 6. þm. Sunnl.
41. Lúðvík Jósefsson, 4. þm. Austf.
42. Magnús Jónsson, 6. þm. Norðurl. e.
43. Magnús Kjartansson, 6. þm. Reykv.
44. Matthías Bjarnason, 4. þm. Vestf.
45. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
46. Ólafur Björnsson, 12. þm. Reykv.
47. Ólafur Jóhannesson, 1. þm. Norðurl. v.
48. Páll Þorsteinsson, 2. þm. Austf.
49. Pálmi Jónsson, 4. þm. Norðurl. v.
50. Pétur Sigurðsson, 10. þm. Reykv.
51. Sigurður Bjarnason, 2. þm. Vestf.
52. Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm.
53. Sigurvin Einarsson, 1. þm. Vestf.
54. Stefán Valgeirsson, 5. þm. Norðurl. e.
55. Steingrímur Pálsson, 8. landsk. þm.
56. Steinþór Gestsson, 5. þm. Sunnl.
57. Sveinn Guðmundsson, 7. landsk. þm.
58. Sverrir Júlíusson, 10. landsk. þm.
59. Vilhjálmur Hjálmarsson, 5. þm. Austf.
60. Þórarinn Þórarinsson, 4. þm. Reykv.

Allir framantaldir þingmenn voru til þings komnir nema Axel Jónsson, 4. þm. Reykn., Björn Pálsson, 3. þm. Norðurl. v., og Jón Skaftason, 2. þm. Reykn.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, kom forseti Íslands, Kristján Eldjárn, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Kristján Eldjárn): Hinn 24. sept. 1969 var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar föstudaginn 10. október 1969.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, er hefst kl. 13.30.

Gert að Bessastöðum, 24. september 1969.

Kristján Eldjárn.

Bjarni Benediktsson.

Forsetabréf um, að Alþingi skuli koma saman til fundar föstudaginn 10. október 1969."

Samkvæmt bréfi því, sem ég hef nú lesið, lýsi ég því yfir, að Alþingi Íslendinga er sett.

Ég býð alla heila til þings komna. Ég óska þess, að heill og blessun megi fylgja störfum Alþingis. Ég bið yður að rísa úr sætum og minnast ættjarðarinnar.

[Þingheimur stóð upp, og **forsætisráðherra, Bjarni Benediktsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi." Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkv. 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna fundi, þar til kosning forseta sameinaðs Alþingis hefur farið fram, og bið ég aldursforseta, Sigurvin Einarsson, 1. þm. Vestf., að ganga til forsetastóls.

Forseti Íslands tók sér síðan sæti í þingsalnum, en aldursforseti Sigurvin Einarsson, 1. þm. Vestf., gekk til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Minning látinna alþingismanna.

Aldursforseti (Sigurvin Einarsson): Frá því er við alþm. skildumst hér að loknu þingi í maímánuði s.l., höfum við orðið að sjá á bak tveim úr okkar hópi. Við söknum og minnumst Péturs Benediktssonar alþm. og landsbankastjóra og Skúla Guðmundssonar alþm., fyrrv. ráðh. og kaupfélagsstjóra. Pétur Benediktsson veiktist snögglega og andaðist í Borgarsjúkrahúsinu hér í Reykjavík 29. júní s. l., 62 ára að aldri. Skúli Guðmundsson lézt að heimili sínu, Laugarbakka, Miðfirði, s. l. sunnudag 5. október, tæpra 69 ára að aldri.

Pétur Benediktsson var fæddur í Reykjavík 8. desember 1906. Foreldrar hans voru Benedikt alþm. Sveinsson Víkings gestgjafa á Húsavík Magnússonar og kona hans, Guðrún Pétursdóttir bónda í Engey Kristinssonar. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík vorið 1925 og lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1930. 1. júlí það ár varð hann ritari í utanrrn. Dana og starfaði síðan í utanríkisþjónustu þeirra um 10 ára skeið, lengst af í Kaupmannahöfn, en vann við sendiráð Dana á Spáni á árinu 1936 og við sendiráð Dana í Bretlandi 1939–1940. Hann var fulltrúi íslenzku viðskiptanefndarinnar í London í febrúar 1940, var skipaður sendifulltrúi fyrir Ísland í Bretlandi í apríl það ár og síðar á því ári sendifulltrúi hjá norsku ríkisstj. í London. Í desember 1941 var hann skipaður sendiherra í Bretlandi og skömmu síðar sendiherra hjá norsku ríkisstj. í London. Af þeim störfum lét hann í ársbyrjun 1944. Hann var síðan sendiherra í Sovétríkjunum 1944–1951, í Póllandi og Tékkóslóvakíu 1946–1951, í Frakklandi og Belgíu 1946–1956, á Ítalíu 1947–1956, í Sviss, á Spáni og í Portúgal 1949–1956 og á Írlandi 1951–1956. Hann var fulltrúi Íslands í Efnahagsstofnun Evrópu frá upphafi hennar 1948 til 1956 og fulltrúi á ráðherrafundum NATO og ýmsum fundum Evrópuráðs. Í nóv. 1955 var hann ráðinn bankastjóri Landsbanka Íslands. Tók hann við því starfi í maímánuði 1956 og gegndi því til dauðadags. Hann átti sæti í bankaráði Alþjóðabankans í Washington frá 1956. Hann sat í stjórn Hins íslenzka fornritafélags frá 1959 og var formaður þess síðustu árin. Hann var formaður Samtaka um vestræna samvinnu frá stofnun þeirra 1958 til 1965, formaður Stúdentafélags Reykjavíkur 1959–1960, var í fiskmatsráði frá stofnun þess 1960, í fríverzlunarnefnd 1961–1963, í stjórn Sölusambands ísl. fiskframleiðenda frá 1962 og í stjórn Hjartaverndar frá stofnun þeirra samtaka 1944. Hann varð alþm. í Reykjaneskjördæmi sumarið 1967 og átti sæti á tveimur síðustu þingum.

Pétur Benediktsson átti ættir að rekja til þjóðkunnra gáfu- og dugnaðarmanna. Í foreldrahúsum kynntist hann vel mörgu því, sem efst var á baugi á þeim árum í stjórnmálum og sjálfstæðismálum þjóðarinnar. Hann var þingskrifari á Alþ. jafnframt háskólanámi 1926–1928. Að námi loknu starfaði hann alllengi við utanríkisþjónustu Dana. Hann var því vel búinn undir það starf, er hann gegndi í utanríkisþjónustu Íslendinga um langt árabil, og þar vann hann fyrir þjóð sína að mörgum mikilvægum samningum um viðskipti og samstarf við aðrar þjóðir. Hann kaus að hverfa heim til Íslands um fimmtugsaldur eftir farsælt starf erlendis og langdvöl í Kaupmannahöfn, London, Moskvu og París. Upp frá því gegndi hann bankastjórastarfi af glöggri þekkingu og góðum skilningi á vandamálum þeirra, sem til hans þurftu að leita. Á Alþ. tók hann sæti um sextugsaldur, var m.a. formaður sjútvn. Ed. og gerði sér sérstakt far um samstarf við alla nm. og samstöðu um lausn á málefnum sjávarútvegsins.

Pétri Benediktssyni var vel lagið að umgangast unga menn. Hann var glaðvær og félagslyndur, og íslenzkir námsmenn erlendis hafa rómað hjálpsemi hans í þeirra garð. Hann var fróður og kunni vel að segja frá. Hann hlaut náin kynni af öðrum þjóðum, en saga Íslendinga var honum mjög hugleikin, og hann vandaði jafnan íslenzkt málfar sitt. Hann var djarfur og kappsfullur og ódeigur í baráttu fyrir skoðunum sínum og fór ekki ætíð troðnar slóðir. Við fráfall hans er til moldar genginn sérstæður hæfileikamaður.

Skúli Guðmundsson var fæddur á Svertingsstöðum í Miðfirði 10. október árið 1900. Foreldrar hans voru Guðmundur bóndi þar Sigurðsson bónda þar Jónassonar og kona hans, Magdalena Guðrún Einarsdóttir bónda og gullsmiðs á Tannstaðabakka í Hrútafirði Skúlasonar. Hann var verzlunarmaður hjá Kaupfélagi Vestur-Húnvetninga 1915–1922, að undanskildum vetrunum 1916–1917 og 1917–1918, er hann stundaði nám í Verzlunarskólanum í Reykjavík. Kaupmaður á

Hvammstanga var hann 1924–1927 og rak jafnframt landbúnað. Hann var starfsmaður hjá Akurgerði í Hafnarfirði 1927–1930 og hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga í Reykjavík 1930–1933. Í ársbyrjun 1934 varð hann kaupfélagsstjóri á Hvammstanga og gegndi því starfi til 1947, en var síðan í stjórn kaupfélagsins. Hann var alþm. Vestur-Húnvetninga 1937–1959, en síðan þm. Norðurlandskjördæmis vestra. Sat hann á 38 þingum alls. Hann var atvmrh. um eins árs skeið, 1938–1939, og fjmrh. í forföllum 5 mánuði sumarið 1954.

Skúli Guðmundsson gegndi mörgum trúnaðarstörfum öðrum en þeim, sem hér hafa verið rakin, og skulu nokkur þeirra talin hér. Hann var formaður skólanefndar Héraðsskólans að Reykjum 1934–1944 og formaður innflutnings- og gjaldeyrisnefndar 1935–1937. Hann var kosinn 1937 í mþn. um arðskiptifyrirkomulag í atvinnurekstri, 1938 í mþn. til að rannsaka hag og rekstur togaraútgerðarinnar og 1942 í mþn. í raforkumálum. Hann átti sæti í landsbankanefnd 1942–1957, í stjórn Sambands ísl. samvinnufélaga frá 1949 og í raforkuráði 1954–1957. Í n. til rannsóknar á okri var hann kosinn 1955 og í n. til rannsóknar á milliliðagróða 1956. Hann var kosinn í yfirmatsnefnd um skatt á stóreignir 1957. Í bankaráði Landsbanka Íslands átti hann sæti frá 1966.

Skúli Guðmundsson aflaði sér ungur menntunar til verzlunarstarfa og vann lengi aðalstörf sín á því sviði. Hann leysti þau störf af hendi sem önnur af þeirri vandvirkni, reglusemi, óeigingirni og hagsýni, sem honum var í blóð borin. Hann var samvinnumaður, og átti samvinnuhreyfingin góðan liðsmann og málsvara, þar sem hann var. Hann var talnaglöggur og aflaði sér víðtækrar þekkingar á margvíslegum fjárhagsmálum og nutu þeir kostir hans sín vel í þeim nefndarstörfum, sem honum voru falin. Á Alþ. átti hann alla tíð sæti í fjhn. Nd., að undanskildu því þingi, er hann sat í ráðherrastóli, og var hann oft formaður nefndarinnar. Hann var lengi skrifari í sameinuðu Alþ. og rækti það starf með miklum ágætum. Hann var hógvær og laus við fordild, stefnufastur, en þó sanngjarn. Góður ræðumaður var hann og rökfastur, flutti mál sitt rólega og skorinort, svo að eftir var tekið, og kryddaði það gamansemi, ef við átti. Hann var skáldmæltur vel, svo sem alkunna er, og er okkur alþm. hugstætt, er hann lét okkur njóta þeirra hæfileika sinna á góðum stundum. Hann átti við sjúkdóm að stríða allmörg síðustu ár ævinnar, en var glaður og reifur og rækti jafnan störf sín af fyllstu samvizkusemi og ósérhlífni.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast þeirra Péturs Benediktssonar og Skúla Guðmundssonar með því að rísa úr sætum. – [Þingmenn risu úr sætum.]

Varamenn taka þingsæti.

Aldursforseti (Sigurvin Einarsson): Vegna fráfalls Péturs Benediktssonar, 4. þm. Reykn., og Skúla Guðmundssonar, 1. þm. Norðurl. v., taka nú sæti á þingi í þeirra stað Axel Jónsson sem 4. þm. Reykn. og Jón Kjartansson sem 1. þm. Norðurl. v. Kjörbréf þessara nýju þm. hafa áður verið rannsökuð og samþ., og leyfi ég mér að bjóða hina nýju þm. velkomna til starfa.

Fundi frestað.

Mánudaginn 13. okt. var fundinum fram haldið.

Kosning forseta.

Aldursforseti lét nú fram fara kosningu forseta sameinaðs Alþingis. Kosningu hlaut

Birgir Finnsson, 5. þm. Vestf., með 31 atkv. – Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf., hlaut 19 atkv., en 8 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti gekk nú til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Lét hann fyrst fram fara kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Ólafur Björnsson, 12. þm. Reykv., með 30 atkv. – Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn., hlaut 1 atkv., en 27 seðlar voru auðir.

Þá fór fram kosning annars varaforseta. Kosinn var

Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm., með 31 atkv., en 25 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Fram komu tveir listar. Á A-lista var BGuðm, en á B-lista PÞ. – Þar sem ekki voru fleiri menn tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Bjartmar Guðmundsson, 11. landsk. þm., og
Páll Þorsteinsson, 2. þm. Austf.

Kjörbréfanefnd.

Loks fór fram kosning kjörbréfanefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Fram komu þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Matthías Á. Mathiesen (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Pálmi Jónsson (A),
Auður Auðuns (A),
Björn Fr. Björnsson (B),
Jón Þorsteinsson (A),
Karl Guðjónsson (C).

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Sþ., 14. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar, og var hverju sinni stungið upp á jafnmörgum mönnum samtals og kjósa skyldi.

Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárveitinganefnd.
Jón Árnason (A),
Halldór E. Sigurðsson (B),
Matthías Bjarnason (A),
Gunnar Gíslason (A),
Ingvar Gíslason (B),

Sverrir Júlíusson (A),
Geir Gunnarsson (C),
Ágúst Þorvaldsson (B),
Birgir Finnsson (A).

2. Utanríkismálanefnd.

Aðalmenn:
Sigurður Bjarnason (A),
Eysteinn Jónsson (B),
Birgir Kjaran (A),
Matthías Á. Mathiesen (A),
Þórarinn Þórarinsson (B),
Gils Guðmundsson (C),
Gylfi Þ. Gíslason (A).

Varamenn:
Gunnar Gíslason (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Guðlaugur Gíslason (A),
Friðjón Þórðarson (A),
Jón Skaftason (B),
Magnús Kjartansson (C),
Benedikt Gröndal (A).

3. Allsherjarnefnd.

Matthías Bjarnason (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Friðjón Þórðarson (A),
Jónas Pétursson (A),
Vilhjálmur Hjálmarsson (B),
Bragi Sigurjónsson (A),
Jónas Árnason (C).

Þingfararkaupsnefnd.

Á sama fundi fór fram kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram komu tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jónas Pétursson (A),
Halldór E. Sigurðsson (B),
Jónas G. Rafnar (A),
Gunnar Gíslason (A),
Bjarni Guðbjörnsson (B),
Jón Þorsteinsson (A),
Björn Jónsson (B).

B.

Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi, 13. okt., var fyrsti fundur efri deildar settur af aldursforseta, Jóni Árnasyni, 2. þm. Vesturl.

Deildina skipuðu þessir menn:

1. Auður Auðuns, 2. þm. Reykv.
2. Axel Jónsson, 4. þm. Reykn.
3. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
4. Bjarni Guðbjörnsson, 3. þm. Vestf.
5. Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.
6. Björn Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
7. Eggert G. Þorsteinsson, 8. þm. Reykv.
8. Einar Ágústsson, 11. þm. Reykv.
9. Gils Guðmundsson, 5. þm. Reykn.
10. Jón Árnason, 2. þm. Vesturl.
11. Jón Ármann Héðinsson, 5. landsk. þm.
12. Jón Þorsteinsson, 3. landsk. þm.
13. Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e.
14. Karl Guðjónsson, 6. þm. Sunnl.
15. Magnús Jónsson, 6. þm. Norðurl. e.
16. Ólafur Björnsson, 12. þm. Reykv.
17. Ólafur Jóhannesson, 1. þm. Norðurl. v.
18. Páll Þorsteinsson, 2. þm. Austf.
19. Steinþór Gestsson, 5. þm. Sunnl.
20. Sveinn Guðmundsson, 7. landsk. þm.

Allir framantaldir þingmenn voru til þings komnir og sátu fundinn.

Kosning forseta og skrifara.

Þá var gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e., með 11 atkv. – Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl., hlaut 7 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti gekk nú til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Lét hann fyrst fram fara kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosinn var

Jón Þorsteinsson, 3. landsk. þm., með 11 atkv., en 9 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Jón Árnason, 2. þm. Vesturl., með 11 atkv., en 9 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Fram komu tveir listar. Á A-lista var StG, á B-lista BGuðbj. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Steinþór Gestsson, 5. þm. Sunnl., og
Bjarni Guðbjörnsson, 3. þm. Vestf.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

6.	sæti	hlaut	Björn Fr. Björnsson
7.	–	–	Einar Ágústsson
8.	–	–	Páll Þorsteinsson
9.	–	–	Jón Ármann Héðinsson
10.	–	–	Gils Guðmundsson
11.	–	–	Axel Jónsson
12.	–	–	Björn Jónsson
13.	–	–	Ásgeir Bjarnason
14.	–	–	Jón Árnason
15.	–	–	Ólafur Björnsson
16.	–	–	Jón Þorsteinsson
17.	–	–	Sveinn Guðmundsson
18.	–	–	Auður Auðuns
19.	–	–	Ólafur Jóhannesson
20.	–	–	Karl Guðjónsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 14. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram tveir eða þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa hverju sinni. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Ólafur Björnsson (A),
Einar Ágústsson (B),
Axel Jónsson (A),
Sveinn Guðmundsson (A),
Bjarni Guðbjörnsson (B),
Jón Árm. Héðinsson (A),
Björn Jónsson (B).

2. Samgöngumálanefnd.
Jónas G. Rafnar (A),
Ásgeir Bjarnason (B),
Jón Árnason (A),
Steinþór Gestsson (A),
Páll Þorsteinsson (B),
Jón Árm. Héðinsson (A),
Karl Guðjónsson (C).

3. Landbúnaðarnefnd.
Steinþór Gestsson (A),

Ásgeir Bjarnason (B),
Jónas G. Rafnar (A),
Jón Árnason (A),
Páll Þorsteinsson (B),
Jón Þorsteinsson (A),
Karl Guðjónsson (C).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Jón Árnason (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Axel Jónsson (A),
Sveinn Guðmundsson (A),
Bjarni Guðbjörnsson (B),
Jón Árm. Héðinsson (A),
Gils Guðmundsson (C).

5. Iðnaðarnefnd.
Jónas G. Rafnar (A),
Björn Fr. Björnsson (B),
Auður Auðuns (A),
Sveinn Guðmundsson (A),
Einar Ágústsson (B),
Jón Árm. Héðinsson (A),
Gils Guðmundsson (C).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Auður Auðuns (A),
Ásgeir Bjarnason (B),
Steinþór Gestsson (A),
Axel Jónsson (A),
Björn Fr. Björnsson (B),
Jón Þorsteinsson (A),
Björn Jónsson (B).

7. Menntamálanefnd.
Auður Auðuns (A),
Einar Ágústsson (B),
Ólafur Björnsson (A),
Steinþór Gestsson (A),
Páll Þorsteinsson (B),
Jón Þorsteinsson (A),
Gils Guðmundsson (C).

8. Allsherjarnefnd.
Ólafur Björnsson (A),
Björn Fr. Björnsson (B),
Auður Auðuns (A),
Sveinn Guðmundsson (A),
Einar Ágústsson (B),
Jón Þorsteinsson (A),
Karl Guðjónsson (C).

C.

Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur af aldursforseta, Sigurvin Einarssyni, 1. þm. Vestf., að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi, 13. okt.

Deildina skipuðu þessir menn:

1. Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl.
2. Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.
3. Birgir Finnsson, 5. þm. Vestf.
4. Birgir Kjaran, 7. þm. Reykv.
5. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
6. Bjartmar Guðmundsson, 11. landsk. þm.
7. Björn Pálsson, 3. þm. Norðurl. v.
8. Bragi Sigurjónsson, 9. landsk. þm.
9. Eðvarð Sigurðsson, 2. landsk. þm.
10. Emil Jónsson, 3. þm. Reykn.
11. Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf.
12. Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl.
13. Geir Gunnarsson, 6. landsk. þm.
14. Gísli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. e.
15. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl.
16. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v.
17. Gylfi Þ. Gíslason, 3. þm. Reykv.
18. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
19. Hannibal Valdimarsson, 9. þm. Reykv.
20. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl.
21. Ingvar Gíslason, 3. þm. Norðurl. e.
22. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
23. Jón Kjartansson, 5. þm. Norðurl. v.
24. Jón Skaftason, 2. þm. Reykn.
25. Jónas Árnason, 4. landsk. þm.
26. Jónas Pétursson, 3. þm. Austf.
27. Lúðvík Jósefsson, 4. þm. Austf.
28. Magnús Kjartansson, 6. þm. Reykv.
29. Matthías Bjarnason, 4. þm. Vestf.
30. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
31. Pálmi Jónsson, 4. þm. Norðurl. v.
32. Pétur Sigurðsson, 10. þm. Reykv.
33. Sigurður Bjarnason, 2. þm. Vestf.
34. Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm.
35. Sigurvin Einarsson, 1. þm. Vestf.
36. Stefán Valgeirsson, 5. þm. Norðurl. e.
37. Steingrímur Pálsson, 8. landsk. þm.
38. Sverrir Júlíusson, 10. landsk. þm.
39. Vilhjálmur Hjálmarsson, 5. þm. Austf.
40. Þórarinn Þórarinsson, 4. þm. Reykv.

Kosning forseta og skrifara.

Var nú gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut **Sigurður Bjarnason,** 2. þm. Vestf., með 20 atkv. – Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl., hlaut 12 atkv., en 6 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn. Lét hann fyrst fram fara kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var **Benedikt Gröndal,** 5. þm. Vesturl., með 20 atkv. – Stefán Valgeirsson, 5. þm. Norðurl. e., hlaut 1 atkv., en 17 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti deildarinnar var kosinn **Matthías Á. Mathiesen,** 1. þm. Reykn., með 20 atkv. – Björn Pálsson 3. þm. Norðurl. v., hlaut 1 atkv., en 17 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Fram komu tveir listar. Á A-lista var FÞ, en á B-lista IG. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl., og
Ingvar Gíslason, 3. þm. Norðurl. e.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

9.	sæti	hlaut	Lúðvík Jósefsson
10.	–	–	Sigurvin Einarsson
11.	–	–	Pétur Sigurðsson
12.	–	–	Þórarinn Þórarinsson
13.	–	–	Gísli Guðmundsson
14.	–	–	Birgir Kjaran
15.	–	–	Gunnar Gíslason
16.	–	–	Eysteinn Jónsson
17.	–	–	Magnús Kjartansson
18.	–	–	Geir Gunnarsson
19.	–	–	Eðvarð Sigurðsson
20.	–	–	Jónas Árnason
21.	–	–	Jón Kjartansson
22.	–	–	Hannibal Valdimarsson
23.	–	–	Ágúst Þorvaldsson
24.	–	–	Halldór E. Sigurðsson
25.	–	–	Sigurður Ingimundarson
26.	–	–	Matthías Á. Mathiesen
27.	–	–	Steingrímur Pálsson
28.	–	–	Bjartmar Guðmundsson
29.	–	–	Sverrir Júlíusson
30.	–	–	Stefán Valgeirsson
31.	–	–	Guðlaugur Gíslason
32.	–	–	Matthías Bjarnason

33. – – Birgir Finnsson
34. – – Bragi Sigurjónsson
35. – – Jónas Pétursson
36. – – Björn Pálsson
37. – – Benedikt Gröndal
38. – – Vilhjálmur Hjálmarsson
39. – – Pálmi Jónsson
40. – – Jón Skaftason.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 14. okt., var tekin á dagskrá kosning fastanefnda samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa hverju sinni. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Matthías Á. Mathiesen (A),
Vilhjálmur Hjálmarsson (B),
Pálmi Jónsson (A),
Guðlaugur Gíslason (A),
Þórarinn Þórarinsson (B),
Lúðvík Jósefsson (C),
Sigurður Ingimundarson (A).

2. Samgöngumálanefnd.
Sigurður Bjarnason (A),
Sigurvin Einarsson (B),
Guðlaugur Gíslason (A),
Friðjón Þórðarson (A),
Hannibal Valdimarsson (B),
Steingrímur Pálsson (C),
Benedikt Gröndal (A).

3. Landbúnaðarnefnd.
Jónas Pétursson (A),
Stefán Valgeirsson (B),
Bjartmar Guðmundsson (A),
Pálmi Jónsson (A),
Vilhjálmur Hjálmarsson (B),
Eðvarð Sigurðsson (C),
Benedikt Gröndal (A).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Sverrir Júlíusson (A),
Jón Skaftason (B),
Pétur Sigurðsson (A),
Guðlaugur Gíslason (A),
Björn Pálsson (B),
Lúðvík Jósefsson (C),
Birgir Finnsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.
Matthías Á. Mathiesen (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Pétur Sigurðsson (A),
Pálmi Jónsson (A),
Þórarinn Þórarinsson (B),
Eðvarð Sigurðsson (C),
Sigurður Ingimundarson (A).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Guðlaugur Gíslason (A),
Jón Kjartansson (B),
Matthías Bjarnason (A),
Friðjón Þórðarson (A),
Hannibal Valdimarsson (B),
Jónas Árnason (C),
Bragi Sigurjónsson (A).

7. Menntamálanefnd.
Gunnar Gíslason (A),
Sigurvin Einarsson (B),
Bjartmar Guðmundsson (A),
Birgir Kjaran (A),
Eysteinn Jónsson (B),
Magnús Kjartansson (C),
Benedikt Gröndal (A).

8. Allsherjarnefnd.
Matthías Bjarnason (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Pétur Sigurðsson (A),
Jónas Pétursson (A),
Stefán Valgeirsson (B),
Steingrímur Pálsson (C),
Bragi Sigurjónsson (A).

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Gjaldaviðauki.

Á 1. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka [3. mál] (stjfrv., A. 3).

Á 3. fundi í Nd., 16. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að vera margorður um þetta frv. Það er shlj. frv., sem um langt árabil hafa verið flutt á hverju þingi um framlengingu á heimild ríkisstj. til að innheimta ýmis gjöld með viðauka. Þetta hefur jafnan verið látið gilda fyrir eitt ár í senn, og er svo lagt til einnig í þetta sinn, að það gildi fyrir árið 1970. Hér er ekki um neinar breytingar að ræða og engin ný gjöld frá því, sem verið hefur, og tel ég því ekki þörf að gera málið frekar að umtalsefni, en leyfi mér að leggja til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 137).

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 104, hefur fjhn. þessarar hv. d. haft frv. þetta til athugunar og mælir með, að það verði samþ. Hér er um gamlan kunningja að ræða, sem hv. þdm. kannast við og áður hefur margsinnis verið samþ. á hv. Alþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 18. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 19. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er svo gamalkunnugt í hv. þd., að ég sé ekki ástæðu til þess að fylgja því úr hlaði með mörgum orðum. Ég vil aðeins taka fram, að hér er ekki um að ræða neinar breytingar á þeim sköttum, sem frv. fjallar um, frá því sem verið hefur. Það hefur verið samþ. óbreytt árum saman.
Sá háttur hefur verið hafður á, sem kannske er orðinn úreltur, að miða frv. við eitt gjaldaár í senn, en ég hef þó ekki séð ástæðu til að breyta formi frv. og fer því aðeins fram á heimildirnar í þetta sinn til eins árs, þ. e. a. s. fyrir árið 1970, með sama hætti og verið hefur. Ég legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn. Það var einróma samþ. í hv. Nd., og þar sem frv. þarf að taka gildi fyrir áramót, vildi ég mega beina þeim tilmælum til hv. n., að hún sjái sér fært að taka málið fljótt til meðferðar, þannig að frv. geti fengið endanlega afgreiðslu hér í þessari hv. þd. nægilega snemma.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 137).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er gamall kunningi í þessari hv. deild. Efni þess er framlenging á heimild til þess að innheimta nokkur nánar tiltekin gjöld með viðauka, en þessi heimild hefur um alllangt skeið verið framlengd frá ári til árs. Eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. fjmrh. við fyrstu umr. var mál þetta afgr. ágreiningslaust í Nd., og, eins og nál. fjhn. á þskj. 137 ber með sér, mælir n. einróma með, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 151).

2. Happdrætti fyrir Ísland.

Á 14. fundi í Sþ., 19. nóv., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 23. apríl 1969, um breyt. á l. nr. 86 31. des. 1963, um stofnun happdrættis fyrir Ísland [95. mál] (stjfrv., A. 111).

Á 16. fundi í Ed., 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er mjög einfalt í sniðum og felur það eitt í sér að heimila útgáfu viðbótarflokks við Happdrætti Háskóla Íslands. Svo sem í grg. frv. segir, hefur happdrættið nú heimild til að gefa út 3 flokka happdrættismiða, þriðji flokkurinn var heimilaður með l. frá síðasta Alþ. Það hefur komið í ljós við athugun á þessum málum, að það mundi vera hagkvæmara fyrir happdrættið, ekki aðeins vegna aukinna möguleika til fjáröflunar, sem vissulega er höfuðatriði, heldur af margvíslegum öðrum hagkvæmnisatriðum, að hafa flokkana fjóra, m. a. til þess að geta gefið viðskiptavinum happdrættisins meiri kost á heilmiðum en nú er mögulegt að gera, eins og happdrættið er nú skipulagt. Eftirspurn eftir heilmiðum hefur vaxið mjög mikið á síðustu árum, og í rauninni er sú eftirspurn, sem var á sínum tíma eftir hálfmiðum og fjórðungsmiðum, að mestu leyti horfin. Þetta hefur ekki hvað síst orðið vegna þess, að það er vaxandi tilhneiging í þá átt, að menn kaupi seríunúmer og flokkar manna sameinist um það að kaupa svo og svo marga happdrættismiða og vilja þá gjarnan hafa þá heilmiða, þannig að stjórn happdrættisins telur, að það væri til mikilla hagsbóta og mundi bæta aðstöðu happdrættisins með mörgu móti, ef þessi 4. flokkur yrði heimilaður.

Því er ekki heldur að leyna, að það, sem hér liggur að baki, er að sjálfsögðu um leið að auka möguleika happdrættisins til fjáröflunar. Það er talið, að enda þótt það sé ekki von til, að allir þessir happdrættismiðar mundu seljast strax, þá mundi engu að síður vaxa verulega velta happdrættisins og möguleikar þess til fjáröflunar, en svo sem hv. þdm. er kunnugt, eru nú fram undan stórkostlegar framkvæmdir í byggingarmálum Háskólans, svo stórar, að þrátt fyrir þessa aukningu happdrættisins, sem ég tel vera brýna nauðsyn, mun happdrættið ekki geta risið undir byggingarkostnaði mannvirkja Háskólans á næstu árum, svo sem hingað til hefur verið. Hef ég áður skýrt frá því í sambandi við afgreiðslu fjárl., að samkvæmt áætlun, sem um þetta hefur verið gerð, muni þurfa á næstu árum að hefja miklar byggingarframkvæmdir á vegum háskólans, og er gert ráð fyrir, að næstu 5 ár muni þurfa um 35 millj. kr. beinlínis af ríkisfé til þessara framkvæmda. Hygg ég, að geti varla verið neinn ágreiningur um það á meðal hv. þm., að með hliðsjón af öllum þessum þörfum og til þess að gera þó ekki kröfurnar á ríkissjóð meiri en brýnasta þörf krefur, þá sé bæði sjálfsagt og eðlilegt að verða við þeirri ósk Háskólans að efla happdrættið og bæta fjárreiður þess og reyna með því móti að afla alls þess fjár, sem mögulegt er, til þessara mikilvægu framkvæmda skólans.

Ég vil því mjög mega vænta þess, að frv. þetta mæti góðum móttökum hér í þessari hv. þd., og raunar, að hv. deild sæi sér fært að afgr. það skjótlega frá sér, því að æskilegast væri, að frv. gæti orðið að l. nú fyrir áramót, hvernig sem stjórn happdrættisins að öðru leyti hagar svo framkvæmd þess, hvort sem hún byrjar útgáfu þessa flokks þegar í ársbyrjun, en ég tel nauðsynlegt, að gert verði mögulegt fyrir happdrættið að koma þeirri nýskipan þegar á, þannig að ekki þyrfti að stranda á því, að hv. Alþ. hefði ekki veitt þá heimild.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að eyða um þetta fleiri orðum. Málið er mjög einfalt í sniðum og öllum hv. þdm. kunnugt um hlutverk happdrættisins, þannig að það þarf ekki nánar að skýra, og jafnframt um mikilvægi þess, að fjárreiður til byggingarmála Háskólans verði bættar, þannig að ég vænti þess, að um málið geti orðið samstaða í hv. deild.

Ég legg svo til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 111, n. 123).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Um efni þessa frv. get ég látið nægja að vísa til grg. fyrir frv. og framsöguræðu hæstv. fjmrh. fyrir málinu við 1. umr. Það er kannske rétt að vekja athygli á því, það kemur kannske ekki nægilega skýrt fram í grg., að hlutatala happdrættismiða er óbreytt frá því, sem verið hefur, eða hámark hennar 65 þúsundir. Hins vegar er um það að ræða, að flokkum í happdrættinu er fjölgað um einn, og þá gert ráð fyrir því, sbr. grg., að eftirleiðis verði eingöngu um heilmiða að ræða.

Frv. svipaðs efnis og það, sem hér liggur fyrir, hefur yfirleitt verið vel tekið á Alþ. og talið sjálfsagt að koma til móts við óskir stjórnar Happdrættis Háskólans í þessu efni, og eins og nál. fjhn. á þskj. 123 ber með sér, mæla allir þeir nm., sem viðstaddir voru á þeim fundi, sem málið var tekið til afgreiðslu, með því, að það verði samþ. óbreytt, en tveir nm. voru fjarstaddir við afgreiðslu málsins.

Herra forseti. Samkvæmt þessu leggur fjhn. til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 111, 126).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 126 leyft mér að flytja brtt. við frv. það, sem hér liggur fyrir. Hér er þó einvörðungu um formsatriði að ræða, en enga efnisbreytingu. En þetta er þannig til komið, að eftir 2. umr. málsins var vakin athygli mín á nokkrum formgalla á frv. í sinni upphaflegu mynd, en fyrirsögn þess var, að það sé frv. til l. um breyt. á l. nr. 25

23. apríl 1969 o. s. frv. En með samþykkt þess frv., sem hér liggur fyrir, mundu umrædd lög falla úr gildi, og er því rétt að breyta frv. til samræmis við það, bæði fyrirsögn frv. og sömuleiðis ákvæðum um gildistöku laganna. Það var ekki tími til þess, eftir að ég hafði gert mér ljósa þörfina á þessum brtt., að kalla fjhn. saman, en ég býst við, að samkomulag hefði orðið í henni um að flytja þessar brtt. Ég vænti þess, að hv. deild fallist á þær skýringar, sem ég hef gefið, og samþ. frv. ásamt þessum brtt. mínum.

ATKVGR.

Brtt. 126,1 samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 126,2 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 86 31. des. 1963, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Á 18. fundi í Sþ., 3. des., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 135).

Á 22. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er þess efnis að heimila Happdrætti Háskóla Íslands að gefa út nýjan flokk hlutamiða, þannig að flokkarnir verði fjórir. Á síðasta þingi var samþ. heimild til happdrættisins um, að flokkarnir yrðu þrír. Það hefur komið í ljós við nánari athugun þess máls, að það þykir hagkvæmara af ýmsum ástæðum að hafa flokkana 4, m. a. vegna þess, að eftirspurn eftir fjórðungsmiðum og hálfmiðum hefur minnkað mjög mikið og aðaleftirspurn verið eftir heilmiðum, og þetta mundi þá leiða til þess, að hægt væri að kaupa heilmiða, miðað við alla þessa 4 flokka, því að ætlunin er ekki að fjölga miðunum sjálfum, þ. e. a. s. hlutatalan verður sú sama. Hvaða áhrif þetta hefur, skal ekki um sagt, en það er þó skoðun forráðamanna happdrættisins, að þetta muni auka og bæta rekstur þess og gera því fært að afla nokkuð aukins fjár til síns verkefnis, en eins og hv. þdm. er kunnugt, er hlutverk happdrættisins að standa undir byggingum Háskóla Íslands. Það er jafnframt kunnugt öllum hv. þdm., að fram undan eru stórkostleg verkefni á þessu sviði, svo stórkostleg, að það er ljóst, að ekki er nein leið til þess, að happdrættið geti nema að hluta til staðið undir þessum byggingum. Hins vegar þykir sjálfsagt og eðlilegt að stuðla að því eftir föngum, að happdrættið geti rækt þetta hlutverk, sem því hefur frá upphafi verið ætlað, og það með sem beztum hætti, þó að ríkið þurfi einnig að koma til.

Í Ed. var þetta frv. samþ. einróma, og vildi ég leyfa mér að vænta þess, að frv. mætti sama skilningi hér í hv. Nd. Ég vil jafnframt taka það fram, að til þess að það komi að fullum notum á næsta ári, þá er nauðsynlegt, að frv. fáist afgreitt endanlega hér á Alþ. fyrir áramót, og vil ég því leyfa mér að beina þeim tilmælum til hv. n., sem fær málið til meðferðar, að hún leitist við að hraða störfum, enda er hér um einfalt mál að ræða og allar upplýsingar um það fáanlegar frá stjórn happdrættisins með litlum fyrirvara, svo að hægt verði að afgreiða frv. endanlega frá d., áður en Alþ. lýkur nú störfum fyrir jólaleyfi.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara um þetta fleiri orðum, en legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal gjarnan taka undir þau orð hæstv. fjmrh. að tefja ekki mál þetta með miklum umr., ef það er vilji hv. þd. og þingsins, að mál þetta nái fram að ganga nú að þessu sinni. En vegna þeirra orða, sem komu fram í ræðu hans, og reyndar af öðrum orðum um þær stórkostlegu byggingarframkvæmdir, sem fram undan eru hjá Háskóla Íslands og enginn efar, að nauðsynlegar eru, þá finnst mér rétt að draga fram um leið, að það eru auðvitað stórkostlegar framkvæmdir fram undan hjá þeim mörgu aðilum í þessu þjóðfélagi, sem nýta sams konar tekjustofn og Háskóli Íslands, þ. e. happdrætti.

Í dag er Happdrætti Háskóla Íslands með útgefna happdrættismiða, sem gefa þeim, ef það nýtist að fullu tæpar 173 millj. kr. í veltu. Þeir fengu heimild hjá þinginu á s. l. vetri til þess að bæta við þessa veltu upphæð, sem nemur tæpum 87 millj. kr. Þá hafa þeir um nokkur ár ekki notað heimildir, sem hefðu getað gefið þeim tæpar 22 millj. kr. Samtals er þetta velta upp á rúmar 280 millj. kr., ef þeir miðar væru uppseldir, sem forráðamenn Happdrættis Háskólans gætu haft til ráðstöfunar í dag.

Í framhaldi af þeim orðum mínum, sem ég sagði hér áðan, að það væru fleiri aðilar í þjóðfélaginu, sem notuðu happdrætti sér til styrktar, þá vil ég aðeins benda hv. þm. t. d. á samtök eins og Hjartavernd, Íþróttasamband Íslands, Krabbameinsfélag Reykjavíkur og í rauninni heildarsamtök krabbameinsfélaganna, Blindrafélagið, Sjálfsbjörg, Styrktarfélag vangefinna, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, auk tveggja næst stærstu happdrættanna, SÍBS og DAS, en öllum er kunnugt um, hvert ágóði þeirra rennur.

Nú held ég, að það fari ekki á milli mála, að þegar slíkt forgangshappdrætti með jafnstórkostlegri auknингu og hér er um að ræða tekur til starfa, þá mun þetta hafa stórkostleg áhrif á afkomu hinna happdrættanna. Og ég held, að hv. fjhn. þessarar d. ætti að reyna að gera sér nokkra grein fyrir því, hvort og hve mikil áhrif þetta mun hafa á starfsemi hinna aðilanna, þeirra aðila, sem ég hef hér þegar drepið á, að ég tali nú ekki um alla aðra, stjórnmálaflokka og önnur slík samtök, sem einnig nota þessa tekjuöflunarleið, og hvort það muni ekki verða sívaxandi þrýstingur á hv. Alþ. á næstunni til þess að standa undir, ekki aðeins nauðsynlegum, heldur mundi ég segja lífsnauðsynlegum aðgerðum á þeim sviðum, sem þessi samtök hafa unnið að undanförnu. Ég vildi því mjög gjarnan, bæði af þessu tilefni og öðru, að hv. n. gæfi deildinni nokkrar upplýsingar við 2. umr., og ég held, að þær séu ekki flóknari en svo, að það sé mjög auðvelt fyrir n. að afla þeirra hjá þeim, sem hafa með Happdrætti Háskólans að gera. Það er í fyrsta lagi: Hvað á Happdrætti Háskólans mikið í sjóði nú? Og vegna þess að okkur bárust upplýsingar á s. l. vetri um áætlaðar tekjur happdrættisins fyrir árið 1968, þá er auðvitað mjög nauðsynlegt að fá nú að vita, því að reikningar þess árs hljóta að liggja fyrir nú, hverjar

tekjurnar hafi verið fyrir árið 1968, og einnig, hvað Happdrætti Háskólans áætlar, að tekjur þess verði miklar eftir væntanlega breytingu, því að það er auðvitað þýðingarmikið fyrir þm., þegar þeir hafa í huga þær miklu framkvæmdir, sem vissulega eru nauðsynlegar á vegum Háskóla Íslands á næstu árum, að geta gert sér grein fyrir því, hvað forráðamenn happdrættisins séu bjartsýnir í þessari peningaöflun sinni. Svo mætti reyndar spyrja forráðamenn Happdrættis Háskóla Íslands að því um leið, hvort þeir hefðu þá skoðun, að slíkt happdrætti hefði ekki áhrif til hins verra fyrir önnur happdrætti landsins, þegar við horfum á þá staðreynd, að það hefur verið og er enn mun minni kaupgeta hjá almenningi heldur en var fyrir a. m. k. tveimur árum, þannig að umleikisfé fólks til þess að kaupa happdrættismiða hlýtur að vera minna en þá.

Að síðustu vildi ég svo víkja nokkrum orðum að þeirri skoðun, sem komið hefur oftar en einu sinni fram hjá bæði blöðum og á opinberum vettvangi, þess efnis, að virðingin fyrir Alþ. hefði farið minnkandi á undanförnum árum, og hefur verið bent á ýmsar ástæður til þess, að svo væri. Mér satt að segja krossbrá, þegar ég varð þess var, að þetta mál var ekki búið í 2. umr. í fyrri d., þegar sjálfir forráðamenn Háskóla Íslands eru farnir að auglýsa þessa breytingu sem staðreynd á næsta ári, þó að hvorug deild Alþ. sé búin að fjalla um það. Þetta finnst mér út af fyrir sig vera atriði, sem er vítavert og ekki samboðið þeim mönnum, sem þarna eru forráðamenn.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara að taka upp neitt karp við hv. 10. þm. Reykv. um þetta mál. Mér kom skoðun hans ekkert á óvart. Hún hefur komið fram hér áður, og það er vitanlegt, að hann er aðalforráðamaður fyrir öðru happdrætti hér í landinu og vill veg þess sem mestan, og er ekkert að sakast um það. En mér finnst það engu að síður vafasamt af forráðamönnum annarra happdrætta að snúast gegn þessu máli hér í Alþ. Það hefur verið tekið mjög vel á beiðnum þeirra happdrætta annarra, sem hér hafa verið starfandi, bæði happdrættis DAS og happdrættis Sambands ísl. berklasjúklinga, er þau hafa farið fram á framlengingar á sínum leyfum, sem hafa verið tímabundin. Þetta er elzta happdrættið, sem hér er um að ræða, Happdrætti Háskólans, og var náttúrlega gengið, má þá eins segja, verulega á hlut þess, þegar öðrum happdrættum var hleypt af stokkunum. En engu að síður var það gert og þeim happdrættum veitt leyfi til áframhaldandi starfsemi, þegar farið hefur verið fram á það, og þau styrkt með ýmsum hætti, þannig að mér finnst næsta vafasamt að vera að blanda þeim málum saman við þær sérstöku óskir, sem eru hér frá Happdrætti Háskóla Íslands.

Það er auðvitað sjálfsagt að upplýsa þetta mál á allan hátt, og það kann vel að vera, að þetta hafi áhrif í þá átt að draga eitthvað úr kaupum á miðum annarra happdrætta, um það veit ég ekkert. En það er spurningin um það, hvar fólk vill helzt kaupa sína miða, hvort það vill heldur kaupa þá hjá Happdrætti Háskólans og þá heilmiða, sem aðallega er nú ætlunin að gefa út, – og það vill nú svo til, að hin happdrættin bæði hafa aðeins heilmiða á boðstólum og auglýsa það mjög, að þau greiði aðeins út heila vinninga. Þetta hefur Happdrætti Háskólans ekki, en er nú að biðja um skipulagsbreytingu til þess að geta komið sínum málum í það horf að verða þannig jafnsett hinum happdrættunum, en ekki til að fjölga hlutamiðum. Hvað út úr þessu dæmi kemur, skal ég ekkert um segja, það yrðu auðvitað aldrei nema getgátur. Upplýsingar um það, hvað menn hugsa sér í því efni, og upplýsingar um hag Happdrættis Háskólans og hvað það eigi í sjóði er auðvitað sjálfsagt, að n. verði sér úti um, og mun ekki standa á því hjá Háskólanum að veita þær. Vonandi er það sem mest, sem þetta happdrætti á í sjóði, því að það eru vissulega mikil verkefni, sem fram undan eru og ég skal ekki fara aftur að rifja upp. Þetta er hv. þdm. mjög vel kunnugt af þeim grg., sem nýlega hafa verið birtar af hálfu háskólanefndarinnar, sem hefur athugað gaumgæfilega byggingarþarfir Háskólans á næstu árum og komizt að raun um það, að enda þótt Happdrætti Háskólans yrði eflt, eins og hér er gert ráð fyrir, þá mundi vanta mjög mikið á, að það gæti staðið undir uppbyggingu Háskólans, þannig að ríkissjóður yrði að taka á sig mjög verulegar kvaðir í þessu efni. Ég tel þess vegna ekki nema skylt og sanngjarnt að ganga til móts við óskir háskólahappdrættisins, ef á einhvern hátt væri hægt að létta þann bagga, sem annars yrði að falla á ríkissjóðinn í þessu sambandi.

Ég sé svo ástæðu til þess, af því að það gafst tilefni til þess frá hv. þm. í lok ræðu hans, er hann talaði um virðingu fyrir Alþ. í sambandi við, að það væri búið að prenta upplýsingar um Happdrætti Háskólans á næsta ári, taka það skýrt fram, að það var gert án vitundar stjórnar happdrættisins og eru hrein afglöp hjá starfsmönnum, sem þar áttu hlut að máli. Það er rétt, að það komi hér fram, vegna þess að forráðamenn happdrættisins hafa komið að máli við mig og beðið afsökunar á því, að þessi mistök skyldu hafa átt sér stað, og það er síður en svo, að það hafi verið tilgangur stjórnar happdrættisins eða háskólaráðs á nokkurn hátt að sýna Alþ. óvirðingu í þessu efni. Og ég geri ráð fyrir því, að það hafi einnig verið komið á framfæri við eða muni verða komið á framfæri við hv. n., sem fær þetta til meðferðar, einmitt þessum skýringum frá forráðamönnum Happdrættis Háskólans. En mér þykir vænt um að fá tilefni hér til þess að taka það fram, að þetta hefur verið gert. Það er hreint axarskaft og hefur hvorki verið gert, eins og ég segi, með vitund og vilja forráðamanna Háskólans né með nokkru samþykki eða með því að bera það á nokkurn hátt undir rn. Auðvitað er rétt, að þetta eru fráleit vinnubrögð, en alltaf geta mönnum orðið á mistök, og mér finnst, að það megi ekki verða til þess að eyðileggja þetta mál, þó að þarna hafi orðið þessi mistök á.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um málið, en endurtek aðeins þá beiðni mína til hv. n., ekki aðeins vegna þessara prentuðu upplýsinga frá starfsmönnum happdrættisins, sem að vísu gera alveg nauðsynlegt, að þetta verði afgreitt fyrir áramót, heldur líka vegna hins, sem ég tók fram, þegar ég lagði frv. fyrir Ed., að það var ætlð ætlunin að reyna að stefna að því, að þetta gæti orðið um áramót, þannig að efnislega er ekki um neina breytingu á þeirri stefnu að ræða.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjhn. með 28 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 135, n. 178).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft frv. þetta til athugunar, og eins og fram kemur á þskj. 178, nál., mælir n. með því, að frv. verði samþ. Í frv. er fólgin heimild til Happdrættis Háskóla Íslands til að auka happdrættið. Á s. l. þingi voru samþ. lög um aukningu frá því, sem þá hafði verið, úr tveimur flokkum í þrjá. Fyrirkomulag happdrættisins mun vera með þeim hætti, að mjög óhentugt er að láta flokkatöluna standa á oddatölu. Hefur happdrættið óskað eftir því, að heimildin frá í fyrra verði hækkuð, þannig að heimilað verði að gefa út fjóra flokka hlutamiða, eins og segir í frv., E-, F-, G- og H-flokk, sem þá um leið þýðir, að lagabreyting sú, sem átti sér stað á s. l. þingi, fellur úr gildi og þeir flokkar, sem happdrættið hingað til hefur verið með, falla úr gildi.

Formaður stjórnar Happdrættis Háskóla Íslands, Guðlaugur Þorvaldsson prófessor, hafði samband við n., svo og framkvæmdastjóri happdrættisins, og létu n. í té eftir beiðni formanns n. bréflegar upplýsingar varðandi þær fsp., sem fram komu hér í d. við 1. umr. Bréf happdrættisins er birt hér sem fskj., og tel ég, að með þeim svörum, sem koma fram í bréfinu, sé fullnægt þeim upplýsingum, sem óskað var eftir hér við 1. umr.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um málið, en eins og ég áður sagði, leggur fjhn. þessarar d. til, að frv. verði samþ.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. formanni hv. n. fyrir snögg viðbrögð og greinargóðar upplýsingar, sem hann hefur útvegað frá stjórn Happdrættis Háskólans og eru prentaðar sem fskj. með nál.

Við 1. umr. þessa máls benti ég með nokkrum orðum á þá hættu, sem þessi gífurlega aukning Happdrættis Háskóla Íslands fæli í sér fyrir þá mörgu aðila, sem hefðu happdrætti sem tekjustofn til að sinna margvíslegum menningar- og mannúðarmálum, málum, sem fjárveitingavaldið hefði til þessa lítið þurft að sinna, m. a. vegna tekna af öðrum happdrættum. Með þessum orðum mínum vildi ég vara við þeim afleiðingum, sem slík stökkbreyting gæti haft á tekjustofna þessara fjölmörgu aðila. Í ræðu, sem hæstv. fjmrh. hélt við þessa umr., komst hann að orði á þá leið, að enginn hefði vorkennt Happdrætti Háskóla Íslands, þegar önnur happdrætti hefðu fengið sín lögboðnu happdrættisleyfi, og hlýtur hann hér að eiga við Happdrætti SÍBS og Happdrætti DAS. En hæstv. fjmrh. ætti að vera kunnugt um, að hér er grundvallarmunur á. Þegar Alþ. gaf leyfi til þessara tveggja happdrætta, hafði Happdrætti Háskólans starfað um langt árabil sem einkaleyfisaðili og hélt áfram einkaleyfi sínu til peningahappdrættis, sem það heldur enn. Hinir aðilarnir urðu að fara aðra og miklu vafasamari braut. Og þau hafa á þeim verðbólgutímum, sem hafa staðið yfir og okkur hrjáð, síðan bæði þau happdrætti tóku til starfa, tapað hundruðum þús. og jafnvel millj. vegna verðbólgunnar, vegna þess að þau höfðu ekki það einkaleyfi, sem Happdrætti Háskólans hefur og hafði, þ. e. einkaleyfi til peningahappdrættis á Íslandi. Ég vil meina það, að þessi forréttindi Happdrættis Háskólans séu svo mikils virði, að það, auk þessarar gífurlegu aukningar, muni hafa lamandi áhrif ekki aðeins á þau tvö happdrætti, sem ég hef hér nafngreint, heldur og á öll hin og alla aðra starfsemi, sem hefur tekjur sínar af slíkri starfsemi.

Það kemur fram í fskj. með nál., að veltan hjá Happdrætti Háskólans, ef þetta frv. verður samþ., verður 346 millj. tæpar. Til samanburðar má geta þess, að tvö næststærstu happdrættin hér, þ. e. Happdrætti SÍBS og Happdrætti DAS, hafa hvort um sig 78 millj. kr. veltu, þ. e. a. s. Happdrætti SÍBS frá næstu áramótum, því þá mun það hækka sína miða. Auk þess er Hjartavernd með 2.2 millj., Íþróttasamband Íslands með 3.6 millj., Krabbameinsfélag Reykjavíkur með 7 millj., það er með tvö happdrætti á þessu ári, Blindrafélagið með 1.5 millj., Sjálfsbjörg 4 millj., tvö happdrætti á árinu, Styrktarfélag vangefinna 5.8 og Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra rúmar 5. Þetta eru tæpar 30 millj., þannig að heildarvelta allra þessara happdrætta er innan við 200 millj. Meðan Happdrætti Háskólans hefur tækifæri til þess að fara upp í 346 millj. kr. tæpar og með sitt einkaleyfi, sem ég held, að enginn muni leggja til að taka af þeim, þ. e. a. s. einkaleyfi til peningahappdrættis á Íslandi, þá er ég fullviss um, að þetta hefur lamandi áhrif á starfsemi hinna happdrættanna, enda held ég, að það sé alveg gengið út frá því, a. m. k. hefur ekki svar við því áliti mínu, þegar ég óskaði eftir því, komið frá þeim hv. herrum, sem svöruðu öðrum slíkum spurningum mjög greinilega. Þessi ástæða er önnur til þess, að ég mun greiða atkv. á móti þessu frv., því að eins og kemur fram í þessu bréfi frá Happdrætti Háskólans er aðeins reiknað með, að þetta gefi, – þó að ég viti hins vegar, að það verði meira, – þá er reiknað með, að þetta geti gefið 9–10 millj. kr. tekjuaukningu á næsta ári. Það hefði verið alveg óhætt fyrir hæstv. ríkisstj. að gera hreinlega ráð fyrir þessu framlagi til Háskóla Íslands til hans nauðsynlegu byggingarframkvæmda, til þess að eiga ekki á hættu að lama nauðsynlega starfsemi hjá hinum mörgu aðilum, sem ég hef þegar talið upp. En sem sagt, þetta er önnur ástæðan fyrir því, að ég mun greiða atkv. gegn þessu frv. Hin er sú, að ég hefði talið, að einmitt á þessum tímamótum, þegar verið er að gera ráðstafanir til þess að útvega fé í byggingaröldu á vegum Háskólans, sem væntanlega mun standa yfir í hálfan annan áratug og mun kosta hátt í 1000 millj. kr., þá hefði verið tækifæri fyrir hv. Alþ. að setja þau skilyrði fyrir þessu leyfi, sem hefðu orsakað það, að Háskóli Íslands hefði orðið það, sem hann þarf að vera fyrir þessa þjóð. Ég held, að það hafi sjaldan verið flutt jafneftirtektarverð ræða og flutt var 1. des. s. l., á fullveldisdaginn. Ræðuna flutti Jónas Kristjánsson ritstjóri, og hún hefur vakið verðskuldaða athygli meðal þjóðarinnar. Og hún var flutt í Háskóla Íslands. Með leyfi forseta, vil ég aðeins leyfa mér að

vitna í lítinn hluta þessarar ræðu Jónasar Kristjánssonar ritstjóra. Hann segir:

„Ef litið er á Háskóla Íslands sérstaklega, er auðvelt að sjá, að hann á yfirleitt við hliðstæð vandamál að glíma og skólakerfið í heild. En vandamál hans eru að sumu leyti erfiðari. Það stafar m. a. af sjálfstæði hans.

Sjálfstæði háskóla er gömul erfðavenja, sem á að tryggja, að utanaðkomandi og annarleg sjónarmið, t. d. valdhafa, spilli ekki kennslu og vísindum í háskólum. Þetta var nauðsynlegt á sínum tíma, og má vera, að það sé nauðsynlegt enn. Hins vegar gerir þetta háskóla að ýmsu leyti íhaldssama. Framfarastefna í þjóðfélaginu getur breytt skólakerfinu í heild nokkuð hratt, en háskólum ekki. Prófessorarnir ráða háskólunum, og framfarirnar þar fara eftir víðsýni þeirra. Framfarirnar gerast því yfirleitt ekki hraðar en nýir prófessorar koma til sögunnar. Slík mannaskipti eru seinvirkari í háskólum en í þjóðlífinu almennt.

Háskóli Íslands á við ýmis innri vandamál að stríða. Veigamest er einangrunin og doðinn. Ég hef hér á undan nefnt, að háskólinn er að töluverðu leyti einangraður frá þjóðfélaginu, einkum atvinnulífi og raunvísindum. Doðinn kemur hins vegar fram í gamaldags kennsluháttum og athafnaleysi margra prófessora. Í flestum greinum Háskólans er nærri eingöngu kennt með fyrirlestrum, sem er ákaflega einhæf aðferð. Athafnaleysið kemur fram í lítilli viðleitni við að breyta kennsluháttum, í lítilli viðleitni við að vanda fyrirlestra og í ódugnaði við rannsóknir. Þess eru dæmi, að prófessorar gera ekki annað en þylja upp 10 eða 20 ára gamlar þýðingar sínar á erlendum kennslubókum. Það má ekki dæma prófessora of hart fyrir þetta. Þeir eru að ýmsu leyti fórnardýr skipulagsins, laklega launaðir og illa brynjaðir aðstöðu, í þreytulegu andrúmslofti."

Síðan vitnar þessi hv. ræðumaður í skýrslu háskólanefndar og segir, með leyfi forseta:

„Gallinn á skýrslu háskólanefndar er sá, að taka ekki þessi tvö vandamál, einangrunina gagnvart raunvísindunum og doðann, nægilega til meðferðar, áður en hún lauk störfum og afhenti Háskólanum sjálfum eftirleikinn. En jafnframt ber þess að minnast, að alltaf er verið að ráða nýja prófessora, vel menntaða og dugandi menn, auk þess sem margir hinna eldri eru mjög góðir. Þannig má segja, að menn geti beðið rólegir, allt muni lagast um síðir. En dýrkeypt verður sú bið."

Ég sé ekki ástæðu til þess að vitna í fleiri orð úr þessari ræðu Jónasar Kristjánssonar ritstjóra, sem markaði stefnu þessa dags, sem ungir stúdentar tóku upp, um að „bókvitið verði í askana látið", – ég sé ekki ástæðu til að vitna frekar í hana að sinni. Ég vil heils hugar taka undir þessa stefnu ungra háskólamanna, sem halda því fram, að bókvitið verði í askana látið. En ég er ekki kominn til þess að samþykkja það, að allt bókvit, sem við fáum í askana, bæði launþegar og aðrir, eigi að koma frá Háskólanum. Við skulum hugsa okkur gamlan nemanda eins og ég er frá sjómannaskólanum. Fyrir 23 árum tók sá skóli til starfa í sínu nýja húsnæði. Það hefur ekki enn þá tekizt að ljúka þeirri byggingu, á 23 árum. Ég gæti trúað því, að sumir hv. þm., sem eru að berjast fyrir skólahúsnæði og skólum, ég tala nú ekki um allan þann fjölda hér inni, sem hefur beðið eftir fiskiðnskóla nú töluvert á annan áratug o. fl., o. fl., sem gæti hjálpað okkar þjóð til þess virkilega að koma bókvitinu í askana, að þeir kannske hugsi sem svo: Hefði ekki verið nær að nota þessa milljónatugi fyrst í stað til þess að ljúka einhverju öðru bráðnauðsynlegu, áður en það verði farið að hefja áætlun um byggingu húsnæðis Háskólans, sem fetar í sömu gömlu fótsporin? Það er, eins og segir í þessari grg., að hefjast byggingaralda á vegum Háskólans, sem væntanlega mun standa lengi, og „nægir að vísa til skýrslu háskólanefndar um það atriði", segir einnig í þessu fskj., með leyfi forseta. En ég vil skjóta aðeins inn í í sambandi við það, að þessi háskólanefnd er enginn valdaaðili. Þetta er aðeins ráðgefandi nefnd, sem ráðh. skipaði á sínum tíma. Framkvæmdirnar koma til með að standa og falla með Háskólanum sjálfum, nema Alþ. Íslendinga hefði getað aðeins ýtt við þeim góðu herrum þar. En áfram er haldið, með leyfi forseta, í sambandi við það, sem byggja á: „Í kjölfar Árnagarðs kemur Stúdentaheimili, lestrarsalir fyrir stúdenta, og á næsta leiti eru byggingar fyrir verkfræðideild, lagadeild, læknadeild, tannlæknadeild o. fl. byggingar að ógleymdum tækjakaupum." Sem sagt, lögfræðimaskínan, það á að styðja aðeins betur við hana og embættismaskínuna, en eins og allir viðurkenna, sem hafa talað um vandamál Háskólans á undanförnum árum, er þetta og hefur verið embættismannaskóli. En bæði ungir menn innan Háskólans og yngri prófessorar og ég og aðrir, sem höfum dálæti á þessari æðstu menntastofnun þjóðarinnar, viljum, að hún stingi við fótum og komi til þjóðarinnar, en láti ekki alltaf þjóðina koma til sín.

Ég minnist þess fyrir nokkrum árum, að ég ræddi þá við þáv. rektor Háskólans og hafði þá kynnt mér víða um Bandaríkin hjá stærstu háskólum þar starfsemi, sem var talin einn höfuðliður í fræðslustarfsemi þessara stóru stofnana. Það var að hafa þar námskeið, fyrirlestra og hrein námskeið fyrir verkalýðshreyfinguna í Bandaríkjunum. Það er gífurlega mikið starf á þessu sviði unnið þar og reyndar í flestum menntuðum löndum þessa heims. Við verðum varir við það, þessir menn, sem störfum í verkalýðshreyfingunni, að bæði stjórnmálamenn og háskólamenntaðir menn vitna oft til þess, að þessir blessaðir menn í stéttarfélögunum kunni lítið til sinna verka, þeir þekki ekki þetta, sem þeir ættu að þekkja, og þeir þekki ekki hitt, enda sýnist mér, að háskólanefnd leggi það m. a. til, að þeir útvegi okkur nokkuð af sínum lögfræðingum eða tannlæknum til að starfa fyrir verkalýðsfélögin. En eins og ég var að segja frá, erlendis þekkist víða, að háskólar geri þetta. Hér hefur Háskólinn aldrei komið til eins eða neins aðila, sem telst til launþegahreyfingar, nema kannske bandalags sinna eigin manna, eigin gömlu nemenda, og boðizt til þess að hjálpa þeim í sambandi við efnahagsvandamál og þjóðfélagsvandamál.

Ég minnist þess fyrir nokkrum árum, að ég var kjörinn formaður mþn. hér á Alþ., sem átti að fjalla og fjallaði um mjög viðkvæmt vandamál. Það var svo viðkvæmt og svo víðfeðmt, að þurft hefði fjölda vísindamanna til þess að vinna að því. Það var leitað til Háskóla Íslands. Það hefði verið alveg tilvalið fyrir Háskóla Íslands að snúa sér að slíkri rannsóknarstarfsemi eins og þar þurfti að vinna. Nei, þeir höfðu hvorki tíma til þess né getu. Þeir, sem voru í sumarfríum, voru í

sínum frístundum að semja líklega frv. eða meta fasteignir eða eitthvað annað þess háttar, og það var fyrir mestu mildi, að einn prófessoranna gerði það fyrir okkur að taka hluta af þessu starfi að sér, sem hann gerði með mikilli prýði.

En í sambandi við þær umr., sem hafa farið fram um Háskólann að undanförnu, hafa þessir ungu, áhugasömu menn innan Háskólans haldið áfram. Þeir hafa efnt til tveggja ráðstefna, annars vegar í sambandi við sjávarútvegsmál og hins vegar nú fyrir stuttu í sambandi við iðnaðinn. Ég skal nú ekki þreyta hv. þm. með því að vitna í þær undirtektir, sem starf þessara ungu manna hefur fengið meðal hinna eldri háskólamanna, starf þessara manna, sem vilja virkilega gera Háskóla Íslands að þátttakanda í íslenzku atvinnulífi og íslenzku þjóðlífi. Ég leyfi mér, með leyfi forseta, að vitna hér í fyrirsögn í einu dagblaðanna, sem segir frá ráðstefnunni um iðnaðinn. Aðalfyrirsögn er: „Framleiðir Háskólinn öreigastétt framtíðarinnar?“ Og undirfyrirsagnir eru: „Háskólinn fór á mis við hlutverk sitt í atvinnuuppbyggingu landsins.“ „Háskólinn hefur aldrei reynt að koma á tengslum við atvinnulífið, hefur aldrei reynt að hafa samband við iðnfyrirtæki landsins.“ Og í þriðja lagi: „Háskólinn er að framleiða öreigastéttir framtíðarinnar og þessar stéttir munu draga landslýðinn niður í örbirgðina.“ Þá er komið að því, að öreigar allra landa eða a. m. k. þessa lands geta sameinazt, þegar þeir verða komnir niður á öreigastigið.

Ég skal ekki, hv. þm., þreyta ykkur lengur á þessari upptalningu. Mér satt að segja finnst hún skelfileg, og ég hefði álitið, að Alþ. Íslendinga hefði átt að nota tækifærið, þegar svona stóð á, og segja við Háskóla Íslands: Við skulum láta ykkur hafa þetta leyfi. Við skulum stuðla að því, að það sé hægt að eyða 70 millj. kr. á ári að meðaltali næstu 15 árin til þess að byggja upp nýjar byggingar við Háskólann. En þið verðið bara að koma á móti. Þið verðið að koma á móti þjóðinni, sem óskar eftir því, að Háskóli Íslands hafi forustu í atvinnuuppbyggingu þjóðarinnar á næstu árum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17:4 atkv.
2. gr. samþ. með 17:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:3 atkv.

Á 27. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 202).

3. Fjárlög 1970.

Á 1. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt:
Frv. til fjárlaga fyrir árið 1970 [1. mál] (stjfrv., A. 1).

Á 4. fundi í Sþ., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Áður en ég geri grein fyrir fjárlagafrv. fyrir árið 1970 og ýmsum þáttum ríkisfjármála, sem nú eru ofarlega á dagskrá, mun ég í stórum dráttum skýra afkomu ríkissjóðs 1968 og horfur á yfirstandandi ári.

Því miður er ríkisreikningurinn síðbúnari nú heldur en verið hefur mörg undanfarin ár, enda þótt sleitulaust hafi verið unnið síðustu mánuði að reikningsuppgjöri. Er heildaruppgjörinu nú raunverulega lokið í ríkisbókhaldinu, en ekki hefur tekizt að prenta reikninginn fyrir þm. Mun þó á þessum fundi liggja handrit af talsverðum hluta reikningsins, sem gefur heildarmynd af afkomu ársins. Orsök hins síðbúna uppgjörs er fyrst og fremst sú, að reikningur ársins 1968 er hinn fyrsti, sem saminn er í samræmi við hin nýju l. um ríkisbókhald, gerð ríkisreikninga og fjárlaga, og er því þessi ríkisreikningur bæði varðandi gerð og innihald í veigamiklum atriðum frábrugðinn fyrri ríkisreikningum. Gefur þessi reikningur tvímælalaust miklu gleggri mynd af ríkisbúskapnum og víðtækari upplýsingar en eldri reikningar, en samning slíks samræmds reiknings fyrir alla starfsemi ríkisins hefur í reynd haft í för með sér mun meiri vinnu, mun fleiri úrlausnarefni en þá, sem að þessu verki unnu, óraði fyrir. Kröfur, sem gerðar eru til reikningsskila, eru nú allt aðrar og meiri en verið hefur undanfarin ár. Auk þess hefur það valdið nokkrum töfum, að mannaskipti urðu í embætti ríkisbókara á árinu. Þótt uppgjör ríkisreiknings í hinu nýja formi hafi þannig reynzt miklum mun seinunnara og vandasamara en gerð hinna fyrri ríkisreikninga, skal tekið fram, að mestur hluti þessarar vinnu felst í kerfisbreytingunni og veldur því aðeins erfiðleikum í þetta eina skipti, þannig að góðar horfur eru á, að þegar á fyrri hluta ársins 1970 liggi fyrir endanlegar reikningsniðurstöður varðandi afkomu ríkissjóðs á árinu 1969.

Til þess að geta gert sér glögga grein fyrir niðurstöðum ríkisreikningsins fyrir árið 1968 er nauðsynlegt að hafa í huga eina grundvallarbreytingu, sem gerð var með hinum nýju l. um gerð ríkisreiknings og fjárlaga og leiðir til þess, að verulegur talnamismunur hlýtur að jafnaði að verða á milli fjárl. og ríkisreiknings viðkomandi árs, enda þótt heildarafkoma ríkissjóðs liggi á þennan hátt miklu ljósara fyrir, þegar málið er skoðað niður í kjölinn. Ríkisreikningurinn í núverandi formi er rekstrarreikningur og efnahagsreikningur sambærilegur reikningum fyrirtækja, þar sem allar færslur eru miðaðar við það, hvenær kröfur og skuldbindingar verða til. Eru þannig færðir til tekna á árinu allir álagðir skattar og gjöld bókfærð, sem vitað er um, án tillits til, hvort skattarnir eru innheimtir eða gjöldin greidd á árinu. En að svo miklu leyti sem svo er ekki er í árslok annaðhvort um að ræða útistandandi fjárkröfur ríkissjóðs eða lausar skuldir.

Efnisuppsetning fjárlaga er hins vegar óbreytt með hinum nýju l., svo að fjárl. gera nú eins og áður í megindráttum ráð fyrir þeim tekjum, sem áætlað er að innheimtist á viðkomandi fjárlagaári, og gjöldum, eins og ætla má, að þau falli til greiðslu. Á þessum tveim

aðferðum þarf ekki að vera verulegur mismunur í niðurstöðutölum, en getur þó verið það og þarfnast þá sérstakra skýringa.

Áætlaðar heildartekjur samkv. fjárl. 1968 voru 6241 millj. kr. Í því sambandi er þó bezt að hafa í huga, að fjárlagatekjur ársins voru miðaðar við 250 millj. kr. tollalækkun í upphafi ársins 1968, en vegna fjárskorts hjá ríkissjóði vegna nýrrar aðstoðar við sjávarútveginn í ársbyrjun 1968 var tollalækkunin 160 millj. kr., svo að raunverulega á að bæta við tekjulið fjárl. 90 millj. kr. Þannig voru fjárlagatekjur raunverulega áætlaðar 6331 millj. kr. Álagðar eða tilfallnar rekstrartekjur á árinu, sem færast til tekna í ríkisreikningi, samkv. gildandi reglum, urðu hins vegar 6 milljarðar 741 millj. kr., eða 410 millj. hærri en fjárlög áætluðu. Innheimtar ríkistekjur á árinu reyndust 6518 millj. kr., eða 187 millj. umfram fjárl. Stærsti liðurinn í umframtekjum ríkissjóðs á árinu var 20% innflutningsgjaldið, sem á var lagt samkv. brbl. nr. 68 1968, en af því voru innborgaðar á árinu rúmlega 213 millj. kr. Sú fjárhæð lækkaði um 21 millj. kr. á árinu 1969 vegna lögákveðinna endurgreiðslna í sambandi við gengisbreytinguna. Innflutningsgjöld af benzíni og hjólbörðum, sem renna til Vegasjóðs, urðu 61 millj. kr. hærri en þegar fjárl. voru gerð, enda voru þessi gjöld hækkuð með breyt. á vegal. fyrri hluta ársins. Almennar tollatekjur urðu 66 millj. kr. hærri en á fjárlagaáætlun og aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum urðu 299 millj. kr. hærri en fjárl. ráðgerðu, en þær tekjur renna allar til uppbyggingar sjónvarps. Persónuskattar, aðallega vegna almannatrygginga, voru áætlaðir 503 millj. kr., en reyndust álagðir 553 millj. kr., en 494 millj. kr. innheimtust af þessari upphæð á árinu. Tekjuskattar voru í fjárl. áætlaðir 560 millj., en reyndust við álagningu 635 millj., en innheimtust 590 millj. Ber þetta vott um erfiðleika við innheimtu ýmissa skatta, en er þó e. t. v. ekki lakari útkoma en við mátti búast miðað við fjárhagsörðugleika almennings og fyrirtækja á þessu ári. Þegar vaxandi óinnheimtar eftirstöðvar eru skoðaðar, má heldur ekki gleyma því, að þær upplýsingar, sem liggja fyrir í þessu efni, gefa að mestu leyti raunsanna mynd af stöðunni. Það hefur verið tíðkað fram á síðustu ár, að öll innheimta innheimtumanna fyrstu mánuði ársins, oft langt fram á árið, var færð til tekna á árinu á undan og þannig fengin syndarniðurstaða um eftirstöðvar hagstæðari en hún raunverulega var. Fjmrn. hefur hins vegar nú lagt megináherzlu á lokun reikninga innheimtumanna strax á áramótum til þess að geta séð raunverulega stöðu og miðað aðgerðir sínar við hana.

Launaskattur var í fjárl. áætlaður 107 millj. kr., en reyndist álagður 143 millj., en innheimtar voru 130 millj. Tekjustofnar, sem skiluðu hlutfallslega mjög góðum tekjum, þótt ekki nemi eins háum fjárhæðum og hér hafa verið ræddar, eru rekstur Keflavíkurflugvallar, sem skilaði 18 millj. kr. í ríkissjóð, eða tvöfaldri áætlunarfjárhæð, og fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli, sem skilaði 4 millj. kr., eða nær 70% umfram áætlun. Nettótekjur af rekstri þessara stofnana voru enn meiri. Ýmsir tekjustofnar gáfu aftur verulega minni tekjur en ráðgert var í fjárl. Innflutningsgjald af bifreiðum og bifhjólum nam aðeins ⅔ af fjárlagaáætlun, eða 47 millj. kr. lægra en áætlun. Söluskattur var áætlaður 1355 millj. kr. Var hann álagður 1303 millj., en ekki innheimtust nema 1247 millj., eða 107 millj. kr. undir áætlun. Tekjur af sölu Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins voru áætlaðar í fjárl. 692 millj., en urðu einungis 682 millj. þrátt fyrir verðhækkun í byrjun ársins, sem ætlað var að gefa um 40 millj. kr. auknar tekjur. Auk þess átti verzlunin 11 millj. kr. minna í áfengisbirgðum í árslok en var í ársbyrjun, enda hefur verið lögð sérstök áherzla á að minnka það vörumagn, sem verzlunin liggur með hverju sinni af kostnaðarástæðum. Flestir aðrir tekjustofnar gáfu heldur minni tekjur en áætlað var.

Rekstrarútgjöld ríkissjóðs samkv. fjárl. ársins 1968 voru áætluð 6139.7 millj. kr. Með l. nr. 5 1968 um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda var ákveðið, að fjárveitingar samkv. fjárl. skyldu lækka sem nam 200.4 millj. kr. Ýmsir svokallaðir markaðir tekjustofnar, sem færðir eru ríkissjóði til tekna í fjárl., en renna eiga til ákveðinna þarfa og miðast hverju sinni við það, sem raunverulega innheimtist, urðu 19.3 millj. kr. lægri en fjárl. gerðu ráð fyrir. Aftur á móti urðu aðrir markaðir tekjustofnar 247 millj. kr. hærri en fjárlagaáætlun. Þar sem hér er um lögboðin gjöld að ræða, verða þau að teljast til hækkunar fjárlagaheimildum, en hafa raunverulega engin áhrif á afkomu ríkissjóðs í þrengri merkingu. Útgjöld á lánahreyfingum voru í fjárl. ársins áætluð 50.4 millj., en við þessar tölur bætast hinar sérstöku lántökuheimildir í l. um lækkun ríkisútgjalda og framkvæmdaáætlun fyrir árið 1968, sem námu samtals 86.8 millj. kr. Sérstakar heimildir til ríkisútgjalda til viðbótar fjárlagaheimildum er að finna í l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins nr. 13/1968, bæði fiskuppbætur og fiskvinnslustyrkir, sem samtals námu 202 millj. kr., og ennfremur í l. nr. 58/ 1968 um stofnfjársjóð fiskiskipa, sem námu samtals 124 millj. kr. Þá var loks sérstök útgjaldaheimild í l. nr. 12/1968 um viðauka við l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, sem nam 12.5 millj. kr. Útgjöld samkv. fjárl. og þeim sérstöku lagaheimildum, sem hér hafa verið nefndar, námu því samtals 6634.7 millj. kr., en í þessari tölu eru ekki taldar með geymdar fjárveitingar, sem notaðar voru á árinu. Gjöld rekstrarreiknings árið 1968, eins og hann liggur nú fyrir, urðu því 6906.7 millj. kr. Rekstrarútgjöld ársins hafa þannig orðið 262 millj. kr. umfram fjárlagaheimildir og þær sérstöku lagaheimildir, sem Alþ. samþykkti og ég hef nefnt. Útborganir úr ríkissjóði á árinu 1968 voru 225 millj. kr. hærri en fjárlagatalan, svo breytt.

Svo sem framangreindar upplýsingar leiða glöggt í ljós, voru á árinu 1968 gerðar viðtækar breyt. á fjárl., bæði útgjalda- og teknamegin, með sérstökum l., sem verða að teljast ígildi fjárl. Vaknar óneitanlega sú spurning, hvort hér sé ekki um óheppilega aðferð að ræða að taka slíkar ákvarðanir án þess að endurskoða um leið heildarmyndina af afstöðu ríkissjóðs. Það kæmi því vel til greina að taka fremur upp form fjáraukal. fyrir allar slíkar heimildir, hvort heldur væri til útgjalda eða lántöku.

Skal þá nokkuð að því vikja, hvernig útgjöld á vegum einstakra ráðuneyta hafa orðið í reynd á árinu 1968. Fjárveitingar til æðstu stjórnar ríkisins námu 46.1 millj. kr., en rekstrargjöldin urðu 49.3 millj. Reksturinn er

þannig umfram fjárl. 3.2 millj., að mestum hluta vegna Alþ. Heildarfjárveiting til forsrn. og menntmrn. var 976 millj. kr., en niðurstaða rekstrarreiknings er 990.1 millj., eða nær 14 millj. kr. hærri en fjárl. Liðurinn Söfn, listir og önnur menningarmál fór rúmar 30 millj. kr. fram úr upphaflegri fjárlagaáætlun. Skýringin er, að tekjur af aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum fóru fram úr áætlun, sem þessu nam, en þær tekjur voru jafnóðum greiddar af Ríkisútvarpinu til uppbyggingar sjónvarpskerfinu. Útgjaldaheimildir utanrrn. samkv. fjárl. voru 92 millj. kr., en bókfærð og greidd rekstrargjöld á vegum þess á árinu voru tæpar 108 millj. Hér ber þrennt til. Á sviði utanrrn. var áætlað að lækka útgjöld samkv. l. um lækkun ríkisútgjalda um 5 millj. kr., en sú útgjaldalækkun náðist einungis að óverulegu leyti. Á árinu 1968 var ennfremur haldinn utanríkisráðherrafundur NATO-ríkja hér á landi, sem ekki var gert ráð fyrir í fjárl., en hann olli umframgreiðslum, sem námu nokkuð á 7. millj. kr. Þá eru gjaldfærð meðal rekstrargjalda utanrrn. kaup á ambassadorsbústað í Brüssel, sem fram fóru á árinu, en ekki voru tekin með í fjárlagaáætlun. Íbúð, sem ríkið átti í París, síðan þar voru tveir sendiherrar, var seld gagngert til að standa straum af þessum húsakaupum. Söluverðið nægði fyrir kaupunum og færist meðal tekna ríkissjóðs. Greiðsluheimildir atvmrn. að meðtöldum öllum breyt., sem gerðar voru með sérstökum l. eftir setningu fjárl., námu sem næst 1110 millj. kr. Bókfærð rekstrargjöld urðu 1203 millj., en útborganir á árinu námu 1221 millj. Skýringar á þessum mismun eru aðallega tvær. Útgjöld til landbúnaðar fóru fram úr á rekstrarreikningi, sem nam 22 millj. kr. vegna lögbundinna framlaga til landbúnaðar, einkum jarðræktar og framræslu. Samkv. rekstrarreikningi urðu útgjöld vegna sjávarútvegsmála rúmlega 53 millj. kr. hærri en áðurgreindar lagaheimildir, en meginhluti þeirrar fjárhæðar eru útgjöld, sem féllu til á árinu 1968 vegna framkvæmda l. nr. 4 1967 um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins á því ári. En ýmsar skuldbindingar samkv. þeim l. urðu mjög seint virkar. Heildarútgjaldaheimildir dóms- og kirkjumálarn. námu 694 millj. kr. Bókfærð gjöld á árinu urðu 765 millj. Útgjöld vegna heilbrigðismála urðu um 36 millj. kr. hærri en fjárl. ráðgerðu, þ.e. 22 millj. kr. vegna Landsspítala. Kostnaður við dómgæzlu og lögreglumál hefur fallið til á árinu sem nemur 37 millj. kr. umfram fjárl. Stafar rúmlega helmingur þeirrar fjárhæðar af rekstrarkostnaði umfram áætlun hjá ýmsum embættum á vegum rn. Með l. um lækkun ríkisútgjalda var gert ráð fyrir að lækka allverulega kostnað við löggæzlu, en þó var að vísu jafnframt tekið fram, að hæpið væri, að auðið yrði að ná þeirri lækkun á árinu 1968. Enda fór það svo, að þessi áætlaði sparnaður varð ekki raunverulegur og löggæzla fór 9 millj. kr. umfram fjárlagaheimildir. Ennfremur fór kostnaður við ýmis embætti sýslumanna og bæjarfógeta, svo og hegningarhúsið, Litla-Hraun og Bifreiðaeftirlitið nokkuð fram úr fjárlagaheimildum. Að öðru leyti er hér um að ræða kostnað við hægri umferð, sem gjaldfærist á árinu, en eins og kunnugt er var hann að hluta greiddur á árinu 1968 með lántöku, sem síðar mun endurgreiðast af sérstakri skattlagningu, en gjaldfærist engu að síður, þegar útgjöldin falla til og virkar þá sem útgjöld umfram fjárl. Fjárlagaheimildir félmrn. með þeim leiðréttingum, sem hér hafa verið gerðar, námu 1975 millj. kr., og gjaldfærð var á árinu svo til sama fjárhæð.

Fjárlagaheimildir fjmrn. námu á árinu 1968 367 millj. kr. Sú fjárhæð er þó of há að því leyti, að þar er með talin fjárveiting til að greiða mótframlag ríkissjóðs á móti lífeyrisiðgjaldi allra starfsmanna ríkisins. Þetta mótframlag hefur verið gjaldfært hjá hverri stofnun sem hluti af hennar launakostnaði, þannig að ofangreindar heimildir eru oftaldar, sem nemur 49 millj. kr., og raunverulegar útgjaldaheimildir eru því 318 millj. Gjöld á vegum ráðuneytisins urðu hins vegar 435 millj. kr. samkv. rekstrarreikningi, eða 117 millj. kr. hærri en fjárl. ráðgerðu. Meginskýring þess er fólgin í mun hærri vaxtaútgjöldum en fjárl. gerðu ráð fyrir vegna hinnar óhagstæðu greiðslustöðu ríkissjóðs við Seðlabankann á árinu. Til viðbótar kemur yfir 70 millj. kr. aukaframlag til ríkisábyrgðasjóðs, sem varð að inna af hendi ábyrgðargreiðslur umfram innheimt fé, sem nam rúmlega tvöfaldri þeirri fjárhæð, sem í fjárl. og sparnaðarl. nr. 5 1968 var ætlað að renna til sjóðsins.

Útgjaldaheimildir samg.- og iðnmrn. að meðtöldum heimildum sérlaga námu rúml. 780 millj. kr., og bókfærð gjöld eru nær 799 millj., en útborganir á árinu urðu 772 millj. Vegagerð ríkisins ráðstafaði á árinu um 20 millj. kr. umfram heimildir ársins, en ráðgert er að vinna þann mismun upp á árinu 1969. Aðallega voru umframútgjöld vegna undirbúnings að hraðbrautagerð í nágrenni Reykjavíkur og vegna heildaráætlunar um samgöngukerfi, sem unnið hefur verið að á árinu 1968.

Útgjaldaheimildir viðskmrn. samkv. fjárl. voru rúmar 580 millj. kr., en bókfærðar eru á árinu 563 millj. og greiddar 557 millj. Stafar þetta af því, að niðurgreiðslur á árinu urðu lægri en fjárlög ráðgerðu, þannig að bókfærðar niðurgreiðslur voru 551 millj. kr., en fjárlög áætluðu rúmlega 569 millj. Meginástæðurnar fyrir rekstrarútgjöldum umfram heimildir fjárlaga 1968 og heimildir í sérlögum frá Alþingi á því ári eru þannig óviðráðanlegar. Annars vegar vaxtagjöld vegna slæmrar greiðsluafkomu og hins vegar stóraukin útgjöld vegna slæmrar afkomu ríkisábyrgðasjóðs.

Frá því að l. um ríkisábyrgðasjóð voru sett og hinar nýju reglur um veitingu ríkisábyrgða, hafa útgjöld ríkissjóðs vegna ríkisábyrgða farið minnkandi frá ári til árs, þar til á árinu 1968, er gerbreyting verður til hins verra í þessu efni. Árið 1967 urðu útborganir úr sjóðnum umfram innborganir rúmlega 70 millj. kr., og framlag ríkissjóðs til þess að standa straum af þeim halla var 65 millj. kr. Árið 1968 voru útborganir umfram innborganir rúmlega 155 millj. kr. og framlag úr ríkissjóði rúmlega 150 millj. Útgjaldaauki sjóðsins á þessu ári varð því þannig 85 millj. kr. Útistandandi kröfur ríkisábyrgðasjóðs vegna vanskila í árslok 1967 voru 300 millj. kr., en í árslok 1968 um 445 millj. kr. Hin versnandi staða milli þessara tveggja ára stafar að meginhluta af verri skilum af togaralánum, lánum vegna síldarverksmiðja og fleiri fiskvinnslustöðva og einnig lánum Rafmagnsveitna ríkisins. Og loks koma til veruleg útgjöld vegna ríkisábyrgða fyrir Flugfélag Íslands vegna þotukaupanna. Að venju munu þm. fá í hendur aðalreikning sjóðsins og geta þá áttað sig nánar

á stöðu einstakra skuldara við sjóðinn. Þótt með löggjöfinni um ríkisábyrgðasjóð og veitingu ríkisábyrgða hafi tvímælalaust verið stefnt í rétta átt og takmörkuð hin stórkostlega áhætta ríkissjóðs af ríkisábyrgðum, sem oft hafa verið veittar af lítilli fyrirhyggju, sýnir þó reynsla þessara allra síðustu ára ótvírætt, að mikla varfærni þarf að hafa varðandi veitingu ríkisábyrgða. Þótt með þessum hætti sé oft hægt að greiða fyrir mjög mikilvægum framfaramálum í þjóðfélaginu, verður jafnan að skoða með fullu raunsæi þá áhættu, sem ríkissjóður tekur á sig hverju sinni með veitingu ríkisábyrgða. Er líka reynt af hálfu stjórnar ríkisábyrgðasjóðs og rn. að veita fyllsta aðhald í þessum efnum, m.a. með því að veita ekki ríkisábyrgðir á handhafaskuldabréfum, sem um langt árabil hafa gengið kaupum og sölum og oft verið seld með verulegum afföllum, og með því að veita ekki ríkisábyrgðir, þegar fyrirtæki eru sjáanlega þannig stödd, að þau geti ekki staðið í skilum, enda þótt þau formlega kunni að eiga rétt til ríkisábyrgða.

Heildarmyndin af rekstrarreikningi ríkissjóðs árið 1968 er þessi:

Rekstrartekjur reyndust 6741 millj. kr., en rekstrargjöld 6907 millj. kr. Rekstrarhalli varð því 166 millj. kr. Lánahreyfingar inn umfram lánahreyfingar út fyrir ríkissjóð og A-hluta stofnanir voru 91.5 millj. kr. og lánajöfnuður því jákvæður, sem því nemur. Greiðslujöfnuður er því neikvæður, sem nemur 74 millj. kr. Halli á viðskiptastöðu á bankareikningum og sjóði ríkisféhirðis varð 315 millj. kr.

Við endanlega afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1969 lagði ég á það áherzlu, að teflt væri mjög tæpt varðandi afkomu ríkissjóðs á þessu ári. Vegna almennra fjárhagserfiðleika í þjóðfélaginu og óhjákvæmilegrar kjararýrnunar alls almennings var samt eftir atvikum talið rétt að taka þessa áhættu og afgreiða fjárl. án nokkurrar nýrrar tekjuöflunar, ef undan er skilin nokkur hækkun á hluta ríkissjóðs af umboðsþóknun viðskiptabankanna, sem, þegar til kemur, skilaði engum teljandi tekjuauka. Við venjulegar aðstæður hefði gengisbreytingin að vísu átt að auka mjög tolltekjur ríkissjóðs. En ef gengisbreytingin átti að ná tilgangi sínum, varð að koma til svo verulegur samdráttur í innflutningi, að heildartekjuaukning af þessum sökum mundi ekki nema meiru en sem svaraði útgjaldaauka ríkissjóðs vegna gengisbreytingarinnar. Hefur reyndin enda orðið sú, þótt sú niðurstaða hafi orðið mjög óhagstæð fyrir ríkissjóð, að hún hefur orðið þjóðarbúinu í heild mjög mikilvægur ávinningur og leitt til þess, að myndazt hefur á ný verulegur gjaldeyrisvarasjóður, sem 1. okt. nam 1528 millj. kr. Greiðsluafgangur samkv. fjárl. yfirstandandi árs nemur aðeins 10 millj. kr., sem að sjálfsögðu er aðeins nafnið eitt, þegar þess er gætt, að heildarniðurstöðutala fjárl. er tæpar 7100 millj. kr.

Strax í upphafi ársins voru tilraunir gerðar til þess að gera sem rækilegastar áætlanir til þess að fylgjast með innstreymi og útstreymi tekna og gjalda yfir árið, og hafa þær áætlanir verið endurskoðaðar öðru hverju jafnhliða því, sem allar tiltækar ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að koma í veg fyrir umframútgjöld og hraða innheimtu ríkistekna eftir föngum, þannig að ekki yrði um óhæfilegt útstreymi úr Seðlabankanum að ræða. Þessar áætlanir rn. hafa nokkurn veginn staðizt. En þar sem tekjur hljóta jafnan að koma seinna inn en sem svarar útgjaldaþörfinni, hlýtur meginhluta ársins eða jafnvel allt árið að verða um að ræða verulegan halla á greiðslustöðunni við Seðlabankann, enda þótt jöfnuður náist í árslok. Hefur enda svo farið, að yfirdráttur í viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum aðeins vegna rekstrar ríkissjóðs á yfirstandandi ári hefur komizt í 700–800 millj., en fer nú lækkandi og á að halda áfram að lækka til áramóta, þótt litlar líkur séu til, að þá takist algerlega að jafna hallann. Þótt reynt væri við afgreiðslu fjárlaga að áætla útgjöld ríkissjóðs það raunhæft, að ekki þyrfti að koma til umframgreiðslna, er auðvitað aldrei hægt með öllu að forðast slíkar greiðslur, enda sumar þeirra ófyrirsjáanlegar, þegar fjárlög eru afgreidd, og flestar þeirra lögbundnar, hvað sem fjárl. líður. Ekki verður á þessu stigi séð til hlítar, hverjar umframgreiðslurnar verða. En þó er þegar vitað um nokkra töluvert veigamikla liði, sem fara fram úr áætlun. Eru þar þyngstar á metunum launahækkanir opinberra starfsmanna samkv. niðurstöðum kjaradóms í kjölfar kjarasamninga á s.l. vori. Nema þær hækkanir 1200 kr. á hvern ríkisstarfsmann mánaðarlega í 3½ mánuð, en síðan vegna vísitöluhækkana 1550 kr. mánaðarlega í 4 mánuði, og þó gæti þessi fjárhæð orðið eitthvað hærri í desembermánuði. Áætlað er, að launahækkanir þessar muni auka útgjöld ríkissjóðs um nálægt 95 millj. kr. á þessu ári. Vegna hækkana á verði landbúnaðarvara er einnig vitað, að útflutningsuppbætur á landbúnaðarvörum muni reynast vanáætlaðar um 24 millj. kr. Enn fremur hefur komið í ljós, að jarðræktarframkvæmdir hafa vaxið svo stórfellt á s.l. ári, að jarðræktarstyrkir og framlög til framræslu, sem hvort tveggja er lögbundið, munu fara um 25 millj. kr. fram úr áætlun fjárl.

Fasteignamatið er nú búið að vera það lengi í smíðum af ýmsum ástæðum, að ég hef lagt höfuðáherzlu á, að því væri endanlega lokið á þessu ári. Ef það á að geta orðið, mun það leiða til umframútgjalda við fasteignamatið, sem geta numið allt að 13 millj. kr. Löggæzlan mun fara a. m. k. 7 millj. kr. umfram fjárlög, sem stafar af þeirri ástæðu, að fjárveitingar til löggæzlu voru lækkaðar með hliðsjón af hugleiðingum um sparnað á því sviði, sem ekki hefur enn tekizt að framkvæma. En það mál hefur hlotið allrækilega athugun og undanfarna mánuði verið í sérstakri könnun hjá undirnefnd fjvn. og hagsýslustofnuninni í samvinnu við dómsmrn. Varið hefur verið sérstaklega tveim millj. kr. til þess að geta haldið uppi stöðugri loðnuleit fyrir Norðurlandi, og vitað er um ýmsa minni útgjaldaliði, sem ekki skipta þó verulegu máli.

Það skal þó tekið fram, að ekki er fyrr en í lok ársins hægt að sjá til fullnustu, hvort hinir ýmsu rekstrarliðir ríkisstofnana standast áætlun og mjög óvarlegt væri að gera ekki ráð fyrir því, að ríkissjóður verði fyrir ýmsum viðbótaráföllum, þegar öll kurl eru til grafar komin. Er þá einn liður ótalinn, sem mun fara mjög mikið fram úr áætlun, en það eru vaxtagreiðslur. Yfirdráttarskuldir ríkissjóðs á aðalviðskiptareikningi í Seðlabankanum hafa mestan hluta ársins verið um 1000 millj. og raunar um skeið farið yfir 1300 millj. En í fjárl. er einungis gert ráð fyrir rúml. 10 millj. kr. til greiðslu á vöxtum af

lausaskuldum. Sennileg útgjöld á þessum lið mun hins vegar mega áætla nálægt 90 millj. kr. Þá er loks þess að geta, að allar horfur eru á, að afkoma ríkisábyrgðasjóðs verði einnig mjög erfið á þessu ári eins og á s.l. ári, þótt gera megi ráð fyrir, að innheimta reynist nú af ýmsum ástæðum eitthvað auðveldari en þá, en alvarlegasta hættan við ríkisábyrgðir er vegna þotu Flugfélagsins. Hefur ríkisábyrgðasjóður vegna hennar á þessu ári orðið að leggja út mjög verulegar fjárhæðir til viðbótar þeim 55 millj. kr., sem voru fallnar á ríkisábyrgðasjóð vegna þotukaupanna um síðustu áramót. Á vegum ríkisábyrgðasjóðs hafa verið gerðar mjög róttækar og víðtækar athuganir á hugsanlegum úrræðum til þess að bæta rekstrarafkomu Flugfélags Íslands í samráði við stjórn félagsins. Eru því miður ekki of bjartar horfur í því efni, en óumflýjanlegt er með öllu að koma málefnum Flugfélagsins í það horf, að létt verði af ríkisábyrgðasjóði þessum geigvænlegu útgjöldum, enda hefur stjórn Flugfélagsins fullan hug á að leita allra úrræða, til þess að svo geti orðið.

Ekki er vitað um nema einn útgjaldalið, sem horfur eru á, að verði undir áætlun svo að nokkru nemi, en það eru niðurgreiðslur á vöruverði innanlands. Er gert ráð fyrir, að útgjöld í því skyni verði um 50 millj. kr. lægri en fjárl. ráðgera vegna minnkaðrar neyzlu innanlands, einkum á kindakjöti. Gera verður þá ráð fyrir, að rekstrarútgjöld ríkissjóðs í ár muni a. m. k. verða 250–300 millj. kr. umfram áætlun fjárlaga og er þó líklegt, að sú áætlun sé of lág fremur en of há. Tekjumegin eru fyrirsjáanlegar nokkrar breyt. frá áætlun fjárl., og sýnast þó flestir tekjuliðir vera áætlaðir ótrúlega nærri sanni. Líklegt er, að aðflutningsgjöld verði 70–80 millj. kr. hærri en áætlað var í fjárl., en þar kemur á móti til frádráttar, að enda þótt leyfisgjald af bifreiðum væri lækkað allverulega, hafa gengisbreytingarnar tvær valdið svo stórfelldum samdrætti í bifreiðainnflutningi, að tekjur af innflutningsgjaldi bifreiða munu væntanlega verða rúmum 70 millj. kr. lægri en fjárl. gera ráð fyrir. Hins vegar getur söluskattur ársins orðið um 100 millj. kr. umfram áætlun fjárl. og horfur eru á, að hagnaður af rekstri Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins verði 75 millj. kr. hærri en fjárlagaáætlun. Vonazt er til, að önnur frávik varðandi hina ýmsu tekjustofna ríkissjóðs jafnist nokkurn veginn út. Tekjuhækkun umfram áætlun fjárl. gæti því orðið um 175 millj. kr. og þá halli ársins um 100 millj. kr., sem mér sýnist eftir öllum aðstæðum verði að teljast mjög viðunandi niðurstaða.

Í árslok 1968 var skuld á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands, sem nam um 540 millj. kr. Í árslok 1966 var innstæða á þessum reikningi, sem nam tæpum 100 millj. kr., þegar greiðsluhalli áranna 1964 og 1965 hafði verið jafnaður. Í árslok 1967 var skuld á reikningnum, sem nam tæplega 200 millj. kr., og um s. l. áramót, eins og ég áður sagði, 540 millj. kr. Í skjótu bragði kunna þessar tölur að koma mönnum spánskt fyrir sjónir og ýmsum reynast torvelt að skilja þessa skuldasöfnun, þegar reikningur ríkissjóðs 1967 sýnir neikvæðan greiðslujöfnuð 73 millj. kr. og reikningur 1968 74 millj. kr. til viðbótar, eða samtals 147 millj. kr. Þetta á sér þó eðlilegar skýringar, þegar betur er að gáð. Skattar eru samkv nýju l. um ríkisbókhald færðir til tekna, þegar þeir eru lagðir á, en talsverður hluti þeirra innheimtist ekki fyrr en árið eftir álagningu. Þannig má segja, að á sama tíma, sem ríkissjóður safnaði lausaskuldum á aðalreikningi í Seðlabanka, hafi hann safnað kröfum með sköttum, sem ekki hafði tekizt að innheimta vegna minni tekna hjá skattgreiðendum. Þannig getur orðið veruleg skuldasöfnun í Seðlabankanum, enda þótt rekstrarafkoma ríkissjóðs geti verið harla góð. Það má því með fullum rökum segja, að raunverulega hafi hagur ríkissjóðs síðustu tvö árin ekki versnað meira en sem nemur þeim 147 millj. kr., sem ríkisreikningar þessara ára sýna sem neikvæðan greiðslujöfnuð, enda þótt skuld á aðalviðskiptareikningi í Seðlabankanum hafi numið 540 millj. um síðustu áramót. Orsakir þeirrar skuldaaukningar eru auk hallans þrjár. Í fyrsta lagi var á árinu 1967 ráðstafað rúmum 200 millj. kr. af hinum reikningslega greiðsluafgangi ríkissjóðs 1966, sem réttlættist af þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að beita verðstöðvun til þess að koma í veg fyrir almenna kjararýrnun á árinu 1967 í trausti þess, að verðhrun sjávaraflans væri aðeins tímabundið fyrirbæri. Í öðru lagi hefur staða aðalviðskiptareiknings gagnvart innheimtufjárreikningum ríkissjóðs batnað allverulega. Og í þriðja lagi, sem ekki vegur minnst, eru hin nýju lagafyrirmæli um að færa til tekna hjá ríkissjóði öll álögð gjöld á árinu, enda þótt alltaf hljóti svo að vera, að verulegar fjárhæðir séu óinnheimtar um áramót.

Með hækkandi fjárl. má gera ráð fyrir vaxandi eftirstöðvum og því hækkandi yfirdrætti ríkissjóðs hjá Seðlabankanum, nema framfylgt verði þeirri stefnu í fjármálum ríkisins að gera ráð fyrir svo háum tekjum umfram útgjöld, að tekjumismununinn nægi að verulegu leyti a. m. k. til þess að standa undir rekstrarfjárþörfinni á hverjum tíma.

Þetta er einmitt sú stefna, sem ég tel að verði að fylgja í meginefnum, ef ríkisbúskapurinn á ekki að hafa óheilbrigð áhrif á efnahagskerfið. Og þótt afkoma ríkissjóðs samkv. ríkisreikningi hverju sinni leiði að sjálfsögðu glöggt í ljós efnahagslega stöðu ríkissjóðs, er það þó viðskiptastaðan í Seðlabankanum, sem skiptir meginmáli. Þótt reikningsstaða ríkissjóðs s. l. tvö ár sé mun betri en menn hefðu getað búizt við miðað við allt árferði, er skuldasöfnunin við Seðlabankann óheillavænleg staðreynd og það eitt viðunandi í þeim efnum, að í árslok sé ríkissjóður jafnan skuldlaus við Seðlabankann á aðalviðskiptareikningi sínum.

Nú er augljóst, að þessum málum verður ekki kippt í viðunandi horf í neinni skyndingu, nema árferði batni mjög verulega frá því sem er og horfur eru á í náinni framtíð. Engu að síður tel ég nauðsynlegt að byrja nú þegar að stefna að þessu marki, fyrst og fremst með því að stöðva frekari skuldaaukningu og annars vegar með því að afgreiða fjárl. af fyllstu varkárni og bæta með öllum tiltækum ráðum innheimtu ríkistekna, sem af skiljanlegum ástæðum hefur verið mjög erfið síðustu tvö árin vegna erfiðleika atvinnuvega og einstaklinga. Þess gætir svo hjá ædimörgum að láta kröfur ríkissjóðs sitja á hakanum og greiða heldur fyrr kröfur sveitarsjóða vegna frádráttarhæfni greiddra útsvara. Hins vegar hefur nú verið gerður samningur við Seðlabankann um 500 millj. kr. lán til 5 ára í því skyni að

greiða niður yfirdráttarskuldina á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs. Er í fjárlagafrv. 1970 gert ráð fyrir fyrstu afborgun, sem nemur 100 millj. kr. af þessu láni.

Innheimta ríkistekna nam 1. okt. í ár 66% af áætlun fjárlaga, en var 64.4% á sama tíma í fyrra. Útborganir námu 1. okt. 70.4% af áætlun fjárlaga, en voru 73.5% á sama tíma í fyrra.

Nú munu ef til vill einhverjir benda á, að á samdráttartímum sé nauðsynlegt að auka opinberar framkvæmdir, þótt það leiði til hallareksturs hjá ríkissjóði. Það er rétt, að á sama hátt og nauðsynlegt er, að ríki og sveitarfélög dragi úr framkvæmdum á þenslutímum, er nauðsynlegt, að þessir aðilar haldi uppi sem mestum framkvæmdum, þegar að þrengir um atvinnu og samdráttur er í framkvæmdum einkaaðila, því að vissulega er ríkisbúskapur í ýmsum löndum rekinn með halla, en aðstaða okkar litla þjóðfélags í þessum efnum er mjög sérstæð. Ríkar þjóðir jafna halla á ríkissjóði sínum með skuldabréfasölu eða lántöku á hinum almenna lánamarkaði í viðkomandi landi. Hér er lánsfé aftur á móti af svo skornum skammti, að ef ríkissjóður ætlaði í stórum stíl að afla sér fjár með þessum hætti, hlyti það að leiða til aukinna vandræða og samdráttar á öðrum sviðum í þjóðarbúskapnum.

Ríkissjóður hefur á síðustu árum tekið að jafnaði árlega nokkuð af lánum á almennum verðbréfamarkaði með útgáfu svokallaðra spariskírteina, og hygg ég, að ekki hafi verið hægt að ganga lengra í þeim efnum, enda stundum sætt gagnrýni á hinu háa Alþ. Þá hafa veruleg erlend lán verið tekin síðustu tvö árin til þess að vinna gegn atvinnuleysi og efla margvíslegar framkvæmdir í landinu, en fjáröflun til framkvæmda með þeim hætti að dæla óhóflega út fjármagni úr Seðlabankanum umfram aukningu innistæðufjár hjá bankanum hlyti, er til lengdar lætur, a. m. k. að leiða til aukinna vandræða í efnahagskerfinu og gera ókleift að koma á jafnvægi í utanríkisviðskiptum þjóðarinnar.

Ég vík þá næst að fjárlagafrv. fyrir árið 1970. Með frv. fylgir mjög ítarleg grg., þar sem annars vegar er gerð rækileg grein fyrir breyt. fjárlagafrv. frá fjárl. yfirstandandi árs og hins vegar raktar allar einstakar breyt. í smáatriðum og orsakir þeirra skýrðar. Ég mun því ekki hirða um að rekja fjárlagafrv. í einstökum atriðum, heldur fyrst og fremst reyna að skýra megindrætti þess og taka til athugunar ýmis einstök atriði, sem ástæða þykir til að vekja athygli á og skýra nánar en gert er í grg. frv.

Heildarútgjöld samkvæmt rekstrarreikningi nema 7.826.829.000 kr., en tekjur 8.082.147.000. Eru því tekjur umfram gjöld á rekstrarreikningi 255.318.000 kr. Heildarútgjöld á rekstrarreikningi í fjárl. yfirstandandi árs eru 7.000.607.000 kr. Nemur því hækkun rekstrarútgjalda 826.222.000 kr. eða 11.8%. Í þessu sambandi verður að hafa í huga, að fjárl. sýna nú alla gjaldheimtu á vegum ríkisins, og eru því meðtaldar mjög stórar fjárhæðir, sem l. samkv. renna til ákveðinna sjóða og verkefna, en ekki til ríkisrekstrarins í þrengri merkingu. Áætlað er að þessir tekjustofnar hækki um 229.845.000 kr. eða um 15.7% frá fjárl. yfirstandandi árs. Raunveruleg útgjaldahækkun ríkissjóðs að frádregnum þessum ráðstöfuðu tekjustofnum nemur því 596.377.000 kr. eða 10.8% miðað við fjárl. 1969. Lánahreyfingar út, þ. e. afborganir af lánum ríkissjóðs, nema samkv. frv. 187 millj. kr., og er það 97 millj. kr. hækkun frá fjárl. yfirstandandi árs. Þessi breyt. sýnir þó ekki, að baggi ríkissjóðs af almennum lántökum hafi þyngzt, heldur er hér meðtalin 100 millj. kr. afborgun af láni því, sem ég áður hef getið um, að tekið hafi verið í Seðlabankanum til þess að greiða upp í lausaskuldir ríkissjóðs við bankann. Lánahreyfingar eru neikvæðar um samtals 184.154.000 kr., og verður þá greiðsluafgangur samkv. fjárlagafrv. 71.164.000.

Áður en ég vík að því að skýra einstaka liði frv., þykir mér rétt að draga upp heildarmynd af því, hvernig umrædd 596.4 millj. kr. hækkun á útgjöldum ríkissjóðs skiptist á útgjaldaliði. Eftirtaldir rekstrarútgjaldaliðir hækka um samtals 312.2 millj. Rekstur barna- og gagnfræðaskóla hækkar um 55.3 millj. Rekstur mennta- og kennaraskóla hækkar um 24.2 millj. Rekstur Háskólans hækkar um 9.4 millj. Lánasjóður íslenzkra námsmanna hækkar um 11.7 millj. Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir hækka um 30 millj. Jarðræktarframlög hækka um 8 millj. Hafrannsóknastofnunin hækkar um 8.5 millj., sem stafar fyrst og fremst af rekstri hins nýja hafrannsóknaskips, sem væntanlegt er á árinu. Endurgreiðsla af lánum vegna orkurannsókna hækkar um 6.3 millj. Löggæzla hækkar um 9.7 millj. Framfærsla fávita hækkar um 7.9 millj. Framlög til lífeyrissjóða verkalýðsfélaganna nema 6.3 millj., og eru það ný útgjöld. Vextir af lánum ríkissjóðs fyrst og fremst vegna skuldaaukningar í Seðlabankanum nema um 32 millj. Framlag til ríkisábyrgðasjóðs hækkar um 10 millj. Landshafnalán hækka um 29.4 millj. Flugmál hækka um 9.4 millj. Nettóhækkun á mörgum öðrum liðum, sem hver um sig nemur litlum fjárhæðum, er 54.2 millj. Gert er ráð fyrir heildarhækkun á framlögum til verklegra framkvæmda, sem nemur 87.5 millj. kr. Framlög til hafnargerða hækka um 4.4 millj. Framlag Hafnabótasjóðs hækkar um 9 millj. Framlag til byggingar nýrrar veðurstofu nemur um 10 millj. Framlag til fæðingardeildar Landspítalans nýbyggingar nemur 10 millj. Framlag vegna byggingar hafrannsóknaskips nemur 28 millj. Framlög til byggingar barna- og gagnfræðaskóla hækka um 11.1 millj. Framlag til byggingar strandferðaskipa hækkar um 5 millj. Framlag til Kennaraskólans hækkar um 5 millj., og framlag vegna rafvæðingar í sveitum hækkar um 5 millj.

Helztu útgjaldaliðir, sem lækka frá fjárl. yfirstandandi árs, eru: Aukaframlag til Atvinnujöfnunarsjóðs, sem veitt var af sérstökum ástæðum á þessu ári, 50 millj. kr., aukaframlag vegna greiðslu skólakostnaðar, sem til féll í eitt skipti vegna hraðari greiðslna á kostnaðarhluta ríkissjóðs, um 34.5 millj. Niðurgreiðslur lækka um 18.3 millj., framlag til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins um 10 millj. fellur niður l. samkv. og aukaframlag vegna ræktunar, 5 millj., sem í síðasta sinn skyldi veitast á árinu 1969. Samtals nema þessir lækkunarliðir um 117.8 millj.

Nettóútgjaldahækkun vegna allra þessara liða, sem ég hef tilgreint, nemur 281.9 millj. kr., og eru þá ótaldir tveir útgjaldaliðir, sem hækka langmest og báðir tilheyra rekstrarútgjöldum ríkissjóðs og verða ekki umflúnir l. samkv. En það er annars vegar 174.2 millj. kr.

hækkun á framlögum ríkissjóðs til almannatrygginga, fyrst og fremst til sjúkratrygginga og nemur sú hækkun ein 3.2% af útgjaldahækkun ríkissjóðs á næsta ári, en hins vegar eru launahækkanir til opinberra starfsmanna, sem áætlað er að auki útgjöld ríkissjóðs á næsta ári um 140.2 millj., sem eru 2.5% af útgjaldahækkun fjárlagafrv. Nema þessir tveir liðir um helmingi alls útgjaldaauka ríkissjóðs á næsta ári eða 5.7% af 10.8% af heildarhækkun ríkisútgjalda samkv. frv.

Rétt er að vekja athygli á því, er menn bera saman áætluð útgjöld einstakra stofnana í fjárlagafrv. og fjárl. yfirstandandi árs, að sú nýbreytni er tekin upp í fjárlagafrv. nú, að nokkur launaútgjöld eru færð undir launalið viðkomandi stofnana. Er hér um að ræða launaskatt og skyldutryggingar starfsfólks, sem áður hafa verið færð á lið um önnur rekstrarútgjöld hjá viðkomandi stofnunum og hafa því ekki áhrif á heildarútgjöld stofnunarinnar til aukningar. Hins vegar eru nú færð til gjalda á hverja einstaka stofnun framlög hennar til lífeyrissjóða, en þau útgjöld voru áður á einum fjárlagalið á vegum fjmrn. Er þetta gert til þess að sýna réttari mynd af útgjöldum hverrar einstakrar stofnunar.

Þegar útgjaldahækkun hverrar einstakrar ríkisstofnunar eða tiltekinna málaflokka er skoðuð og borin saman við yfirlit það um útgjaldahækkanir ríkissjóðs, sem ég gaf hér á undan, verður einnig að hafa í huga, að ég greindi þar frá launahækkunum í einu lagi, því að hjá ýmsum stofnunum er meginhluti útgjalda launagreiðslur, þannig að þær sýna útgjaldaaukningu, en þær koma ekki fram í heildaryfirliti mínu. Dæmigert um þetta er, að áætlað er að útgjöld vegna Alþ. muni hækka um 11 millj. kr. Þessi hækkun er að hálfu leyti vegna launahækkana, en að hálfu leyti vegna halla á lífeyrissjóði alþm., og því voru þessar hækkanir ekki tilgreindar sérstaklega í yfirliti mínu.

Á síðasta þingi voru samþ. ný l. um Stjórnarráð Íslands, sem fela í senn í sér fjölgun ráðuneyta og ýmsar aðrar skipulagsbreytingar. Eiga l. þessi að taka gildi um næstu áramót, en þegar fjárlagafrv. var undirbúið, hafði ekki verið gengið endanlega frá skiptingu ráðuneyta samkv. hinum nýju l. og hvaða málaflokkar og stofnanir skyldu heyra undir hvert ráðuneyti. Má því gera ráð fyrir, að við meðferð fjárlagafrv. kunni að þurfa að gera töluverðar breyt. á flokkun þess og uppsetningu, en sú skipulagsbreyting á ekki að þurfa að leiða til verulegs útgjaldaauka fyrir ríkissjóð, því þótt nauðsynlegt sé og raunar hafi verið samkomulag á Alþ. við afgreiðslu umræddra laga um það að efla Stjórnarráðið og styrkja aðstöðu þess til að hafa yfirstjórn ríkiskerfisins með sem traustustum og bezt skipulögðum hætti, er ekki áformað af hálfu ríkisstj. að nota heimildir frv. þannig, að það leiði til teljandi útgjaldaauka ríkissjóðs á næsta ári.

Að venju er útgjaldaauki vegna fræðslumála annar ef ekki stærsti viðbótarbagginn, sem lendir á ríkissjóði á næsta ári, og er þó ólíklegt, að þar séu öll kurl til grafar komin með þeim till., sem er að finna í fjárlagafrv., en samkv. þeim nemur útgjaldahækkun vegna fræðslumála samtals 139 millj. kr. á næsta ári. Útgjaldaauki vegna rekstrar og byggingar barna- og gagnfræðaskóla nemur 94.2 millj. þar á meðal hækkun byggingarframlags um 11.1 millj. Má gera ráð fyrir, að ekki verði hjá því komizt að hækka byggingarframlögin allverulega frá þeirri upphæð. Þá er þess og að gæta, að menntamálin öll eru nú mjög í sviðsljósinu og hafa margar n. verið starfandi í sumar til þess að finna úrræði til lausnar margþættum vandamálum á sviði menntamála með það meginmarkmið í huga að tryggja öllum æskulýð viðhlítandi menntunarskilyrði og einkum í því sambandi að finna námsbrautir á sviði framhaldsmenntunar. Hefur í því sambandi verið ákveðið að gera tilraunir með lengingu gagnfræðanáms um 2 ár með mismunandi hætti á þeim stöðum, þar sem sveitarstjórnir telja sig reiðubúnar til slíks skólahalds. Er ekki gert ráð fyrir, að á næsta ári valdi þessi nýbreytni ríkissjóði miklum útgjöldum, en rétt er að benda á, að sveitarfélögin hafa mótmælt skyldu sinni til kostnaðarhlutdeildar í þessu námi. Það verður að sjálfsögðu að koma fjárhagsmálum á hreint, áður en út í þau útgjöld er ráðizt. Hinn mikli námskostnaður nemenda, sem verða að sækja framhaldsnám utan heimabyggðar sinnar, hefur oft komið til umr. hér á Alþ. Var á s.l. þingi skipuð n. til að athuga þetta vandamál og gera sér grein fyrir kostnaðarauka þessara nemenda. Niðurstöður þessara athugana lágu ekki fyrir, þegar fjárlagafrv. var undirbúið, en óhjákvæmilegt er að gera einhverjar ráðstafanir til þess að létta þennan vanda. Gæti þar ýmislegt komið til greina, sem ég skal ekki ræða á þessu stigi málsins, en fyrsta atriðið er að tryggja sem víðast heimavistaraðstöðu nemenda úr strjálbýlinu, og þá ekki aðeins við skóla utan Reykjavíkur, heldur einnig í Reykjavík. Sjálfsagt er í því sambandi að nota húsnæði, sem til er á viðkomandi stöðum, svo sem hótelrými, þar sem notkun hótela er lítil yfir vetrarmánuðina, eins og gert hefur verið á Akureyri við menntaskólann og áformað mun einnig að gera víðar, svo sem í Neskaupstað og á Sauðárkróki, þar sem kennsluhúsnæðið sjálft er til staðar. Eru áreiðanlega til fleiri staðir á landinu, þar sem slík lausn gæti verið heppileg og framkvæmanleg a. m. k. til bráðabirgða og e. t. v. til frambúðar. En stærsta átakið í þessum efnum er ráðgert hér í Reykjavík. Er áformað að breyta í stórt hótel stórhýsi, sem hefur verið lengi í smíðum við Suðurlandsbraut, á þann hátt, að húsið verði að sumrinu rekið sem venjulegt hótel, en að vetrinum verði það að mestu eða öllu leyti notað sem heimavist fyrir nemendur framhaldsskóla í borginni. Mundi þar fást heimavistarrými fyrir um 300 nemendur.

Framhaldsskólastigið, þ.e. menntaskólar, Tækniskólinn og Kennaraskólinn hafa undanfarið ár verið langstærsta vandamálið, sem á hefur knúið í fræðslumálum. Hefur mikið átak verið gert til þess að taka við sívaxandi fjölda nemenda, einkum í menntaskólana. Nýbyggingu við Menntaskólann á Akureyri er nú lokið og húsakostur hans því orðinn mjög bærilegur. Haldið hefur verið áfram í sumar framkvæmdum við Hamrahlíðarskóla. Á Laugarvatni hefur verið unnið nokkurn veginn eftir áætlun, en til viðbótar hefur svo vel til tekizt, að samið hefur verið við Reykjavíkurborg um að taka Miðbæjarskólann í Reykjavík undir skólahús fyrir nýjan menntaskóla, og er þar raunar um meira húsrými að ræða en sá skóli þarf á að halda. Hefði ella orðið algert öngþveiti við skólana í Reykjavík. Þá er gert ráð

fyrir að hefjast handa við nýbyggingu við Kennaraskólann. Húsakostur hans batnar raunar verulega við tilkomu Æfingaskólans. Aðsókn að Kennaraskólanum er hins vegar orðin óhófleg og óhjákvæmilegt að draga að einhverju leyti úr aðsókn að þeim skóla, þó að það hafi ekki þótt fært um sinn vegna vöntunar á öðrum námsleiðum. Þá hefur loks verið ákveðið að hefja á næsta hausti menntaskólanám á Ísafirði. Hefur þar um skeið að vísu verið starfræktur einn bekkur, en áformað er að bæta þar við einum bekk. Er auðið að gera þetta svo skjótt, þar sem skólahúsnæði er til staðar til bráðabirgða og einnig nokkur heimavistaraðstaða.

Það blasir nú við, að háskólanámið og annað framhaldsnám að loknu stúdentsprófi eða öðru framhaldsskólaprófi er langstærsta vandamálið, sem við verður að glíma næsta áratuginn. Ætla ég ekki að blanda mér í deilur og umr. um það mál, en aðeins vekja athygli á, að hér er um stórkostlegt fjárhagsmál að ræða, þótt ekki verði um verulega útgjaldaaukningu að ræða á næsta ári við Háskólann, en þó nemur fjárveitingarhækkun til hans um 11 millj. kr. Er þá gert ráð fyrir aukningu kennslukrafta í samræmi við þá 10 ára áætlun um eflingu Háskólans, sem ríkisstj. samþ. á sínum tíma og enn er í gildi, en augljóslega þarf nú gagngerðrar endurskoðunar við, þar eð þróun Háskólans hefur ekki orðið í samræmi við þá áætlun. Hefur raunar áætluninni nú þegar verið breytt varðandi læknadeildina, en þar hefur ríkisstj. fallizt á nýja og að því er virðist mjög vandlega unna áætlun læknadeildar um endurskipulagningu læknisfræðináms. Mun sú endurskipulagning að vísu ekki á næsta ári hafa í för með sér nema tæplega einnar millj. kr. kostnaðarauka, en mun smám saman á 6 árum valda kostnaðarauka, er nemur rúmum 5 millj. kr. Þá hefur einnig þurft að efla hina nýju náttúrufræðideild vegna aukinnar aðsóknar að þeirri deild, og í athugun hefur verið að taka upp þegar í vetur kennslu í þjóðfélagsfræðum og stjórnsýslu við núverandi deildir Háskólans. Það er ljóst, að á næstu árum verður stórlega að auka bæði húsrými Háskólans og kennslukrafta og taka upp nýjar kennslugreinar, þar eð gert er ráð fyrir, að á næstu 5 árum tvöfaldist tala háskólastúdenta og verði 1975 um 2500, en nái hámarki árið 1980 og verði þá orðin 4500. Gefur auga leið, hversu stórfelldra ráðstafana og fjárútláta er þörf til þess að mæta þessum vanda. Aftur á móti hefur sú nemendaaukningarbylgja, sem í nánustu framtíð gengur yfir menntaskóla og háskóla, náð hámarki nú á skyldunámsaldrinum og einnig nemendafjölgun vegna aukinnar námsþátttöku árganga, sem næst ná hámarki. Haustið 1971 fjölgar 7–14 ára börnum aðeins um 300, haustið 1972 um 100 og síðan fækkar börnum á þessum aldri frá og með 1975 og má reikna með um 600 barna fækkun árlega til 1980. Bygging barnaskóla ætti því ekki að vera vandamál næsta áratug. Árnagarður verður tekinn til notkunar fyrir Háskólann í haust, og bætist þá við verulegt nýtt húsrými. Endanlegar ákvarðanir hafa að öðru leyti ekki verið teknar um byggingu Háskólans næstu árin og verður væntanlega sett á laggirnar ráðgefandi n. um tímasetning og röðun þessara framkvæmda. Er ljóst, að Happdrætti Háskólans megnar ekki lengur að standa undir byggingu Háskólans, og því verða að koma til bein ríkisframlög. Fjárveitingar í þessu skyni hafa þó ekki verið teknar í fjárlagafrv. fyrir 1970, enda lágu till. háskólanefndar ekki fyrir, er gengið var frá fjárlagafrv., hins vegar er gert ráð fyrir í drögum þeim að framkvæmdaáætlunum ársins 1970, sem fylgja fjárlagafrv., að aflað verði 30 millj. kr. á árinu til byggingar í þágu Háskólans. Þá hefur ríkisstj. samþ. að stofna nýja deild við Tækniskólann, raftæknideild, og vafalaust má gera ráð fyrir bæði aukningu og endurskipulagningu í ýmsum greinum tæknináms.

Framlög til iðnskóla og héraðsskóla hækka nokkuð, og framlag til Lánasjóðs íslenzkra námsmanna hækkar um 11.7 millj. Er þá miðað við námsmannafjölgun og kostnaðarauka samkv. verðlagsaukningum auk áframhalds á þeirri aukningu lána, sem byrjað var á á yfirstandandi ári. Til framkvæmdar kom á þessu ári sú stöðlun skólahúsnæðis, sem nýju skólakostnaðarl. gera ráð fyrir og jákvæðast verður að telja í þeim l. Kom í ljós við athugun, að skólabyggingar víðs vegar um land hafa reynzt mjög mismunandi dýrar. Hefur verið reynt að meta þau mál raunhæft, og hygg ég, að eðlileg kostnaðartala á kúbikmetra hafi verið ákveðin, því að sannarlega hefur reynzt auðið að byggja gott skólahúsnæði innan þeirra kostnaðarmarka, en hins vegar verða sum sveitarfélög annaðhvort að greiða hærri kostnaðarhluta sjálf eða að leggja sig fram um að byggja ódýrara skólahúsnæði. Að því marki var einmitt stefnt með nefndu lagaákvæði. Aftur á móti hafa fleiri vandkvæði komið í ljós í sambandi við rekstrarkostnaðarákvæði skólakostnaðarl. Reynt hefur verið að fylgja þeirri meginreglu, að þótt ýmsum kostnaðarliðum sé nú skipt með öðrum hætti milli ríkis og sveitarfélaga en áður, þá verði heildarkostnaðarhlutdeild hvors aðila svipuð og samkv. hinum eldri l. Hafa þó sveitarfélögin samkv. nýju l. tvímælalaust fengið ýmis hlunnindi, og m. a. er það þeim mikils virði að fá nú skólakostnaðarhlutdeild ríkissjóðs greidda mun hraðar en áður var.

Utanríkisráðuneytið og kostnaður við utanríkisþjónustu hækkar samtals um 8.9 millj. kr. nettó og er þar um eðlilegar hækkanir að ræða. Fjölgað hefur um 2 starfsmenn í ráðuneytinu vegna samkomulags fjmrn. og utanrrn. um starfsmannafjölda sendiráðanna. Þá hefur einnig reynzt óumflýjanlegt að fallast á að bæta við 3 lögregluþjónum á Keflavíkurflugvelli í stað þess, að þar hefur oft verið rætt um möguleika til sparnaðar. Með þessu er ekki sagt, að sá möguleiki sé ekki til staðar með allvíðtækri endurskipulagningu löggæzlunnar á flugvellinum og nærliggjandi byggðarlögum. Það mál er nú einmitt til athugunar hjá undirn. fjvn. og hagsýslustofnuninni, en þessi fjölgun löggæzlumanna nú í sumar var óumflýjanleg vegna óhæfilegrar aðsóknar Íslendinga að ýmsum skemmtistöðum á flugvallarsvæðinu, sem fullkunnugt er af blaðaskrifum. Engin till. er gerð í fjárlagafrv. fremur en í fjárl. yfirstandandi árs um endurskipulagningu sendiráða, eða fækkun þeirra. Er orsökin sú sama og ég tilgreindi við framlagningu síðustu fjárl., að sérstök n. skipuð fulltrúum allra þingflokka hefur haft það mál til athugunar og hefur n. þessi nú endanlega lokið störfum og skilað frv. um utanríkisþjónustuna, sem lagt hefur verið fyrir Alþ. Þar er að vísu ekki að finna ákveðnar tölur um fjölda

og staðsetningu sendiráða, en ég vona, að einhver vísbending komi fram um það efni við meðferð málsins.

Fullnægt er á þessu ári fyrirmælum l. um framlag til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins að upphæð 10 millj. kr. og um framlag vegna sérstakrar aðstoðar við ræktun, sem nemur 5 millj. kr. Falla því þessi framlög niður úr fjárlagafrv. nú. Hins vegar er um að ræða verulegar hækkanir frá öðrum fjárl. til landbúnaðar, og vegur þar mest 30 millj. kr. hækkun á útflutningsuppbótum, sem miðuð er við núgildandi verðlag landbúnaðarafurða. Jafnframt hefur ekki þótt varlegt annað en að gera ráð fyrir 8 millj. kr. hækkun á jarðræktarframlögum miðað við þær geysimiklu jarðræktarframkvæmdir, sem urðu á næstliðnu ári og leitt hafa til mikilla umframgreiðslna á fjárveitingum í þessu skyni í fjárl. yfirstandandi árs. Þá er gert ráð fyrir, að framlengt verði lagaákvæði um 7.5 millj. kr. skerðingu framlaga til nýbýla, þar eð aðstaða sýnist ekki vera breytt á því sviði. Þess má geta, sem er mjög mikilvægt fyrir bændur, að ríkissjóður hefur tekið á sig að greiða lán, sem tekið var til bráðabirgða í Seðlabankanum vegna gengistaps Áburðarsölu ríkisins, sem nam um 40 millj. kr. Í sambandi við jarðræktarframlögin vil ég endurtaka það, sem ég gerði í fjárlagaræðu minni s. l. haust, að ég tel óumflýjanlegt að taka til endurskoðunar með hliðsjón af breyttum aðstæðum og nýrri tækni ýmsa jarðræktarstyrki. Hefur landbrh. fallizt á að taka þau mál til heildarendurskoðunar.

Enn eitt harðindaár hefur nú herjað á bændastétt landsins, þótt nú sé það í öðrum landshlutum en undanfarin 2 ár. Enginn veit enn þá til hlítar, hversu stórt vandamál hér er um að ræða, og því miður er það vafalaust ekki leysanlegt nema að nokkru leyti, enda þótt nægilegt fjármagn væri til staðar. Í fjárlfrv. eru af eðlilegum ástæðum ekki gerðar neinar till. um úrbætur á þessum vanda, því að í byrjun sept. var ekki vitað, hvað þessi vandi yrði mikill. En unnið hefur verið að könnun vandamálsins af harðærisnefnd, sem landbrh. skipaði, og mun málið koma til kasta Alþ. í einhverju formi, eftir að ríkisstj. hefur athugað niðurstöður nefndarinnar.

Á sviði sjávarútvegsmála hefur verið um miklar hækkanir að ræða vegna hafrannsókna, fyrst og fremst 28 millj. kr. aukin útgjöld vegna framlags til byggingarsjóðs hafrannsóknaskips, og jafnframt hækkað framlag til Hafrannsóknastofnunarinnar um tæpar 10 millj. kr., fyrst og fremst til rekstrar þessa nýja skips, sem væntanlega kemur til landsins á miðju ári. Er þá jafnframt gert ráð fyrir, að úr notkun verði tekið það skip, sem til þessa hefur unnið að rannsóknum. Hið nýja skip mun verða með þeim fullkomnustu á því sviði. Ekki er lagt til að taka upp að nýju neitt framlag til Fiskveiðasjóðs, þó að þess væri vitanlega nauðsyn vegna mikilla fjárþarfa sjóðsins, en án nýrrar tekjuöflunar fyrir ríkissjóð er þess ekki kostur. Það skal þó skýrt tekið fram, að gerðar verða ráðstafanir til þess að afla Fiskveiðasjóði á næsta ári nægilegs fjármagns til þess að standa straum af skuldbindingum sínum og til þess að greiða með viðunandi hætti fyrir skipasmíðum, en efling skipasmíða innanlands er nú eitt af hinum mikilvægustu viðfangsefnum til þess að tryggja atvinnuöryggi í landinu. Í því sambandi verður þó að hafa í huga, að ekki er nægilegt að smíða skip, heldur þarf að vera einhver eftirspurn eftir nýjum skipum og nýir kaupendur til staðar, þótt vel komi til greina að veita skipasmíðastöðvunum aðstoð til skipasmíða, þótt kaupendur séu ekki fengnir strax við upphaf smíðar hvers skips, eins og nú hefur verið gert. Gert er ráð fyrir, að óbreytt regla gildi um framlag til Aflatryggingasjóðs á næsta ári og gildir í ár, og mun frv. verða flutt á Alþ. um nauðsynlega breyt. á l. sjóðsins í þessu efni. Er þetta talið auðið án þess að stefna afkomu sjóðsins í hættu, því að vitanlega verður hann að geta staðið við hinar almennu skuldbindingar sínar. Hins vegar gegnir sérstöku máli með hin nýju útgjöld, sem á sjóðinn lögðust snemma á þessu ári, vegna samninga um hlutdeild sjóðsins í greiðslu fæðiskostnaðar skipverja á fiskiskipum. Var við þá samningsgerð gert ráð fyrir sérstakri fjáröflun til sjóðsins til að standa straum af þessum útgjöldum og talið, að 10–15 millj. kr. mundi á skorta til þess að ná endum saman. Er lagt til í fjárlagafrv. nú, að veitt verði sérstakt aukaframlag, 10 millj. kr., til Aflatryggingasjóðs í þessu skyni, en hins vegar sýna áætlanir, að horfur eru á, að halli sjóðsins vegna þessara nýju útgjalda verði allmiklu hærri, og verður þá að gera sérstakar ráðstafanir til þess að afla þess fjár, svo sem í upphafi var gert ráð fyrir, þegar samningarnir voru gerðir.

Gengisbreytingarnar leiddu til svo mikillar hækkunar á skuldum Rafmagnsveitna ríkisins, að rekstrarhalli þess fyrirtækis hefði sjáanlega orðið með öllu óviðráðanlegur, ef ekki hefðu komið til sérstakar ráðstafanir. Í þessu skyni var verðjöfnunargjald á rafmagni hækkað um helming og verður þó að gera margvíslegar fleiri ráðstafanir til þess að tryggja afkomu þessa fyrirtækis. Af þessum sökum er allur rekstrargrundvöllur Rafmagnsveitna ríkisins nú í heildarendurskoðun, og hefur Rafmagnsveitunum nú verið skipuð sérstök stjórnarnefnd. Til þess að styrkja hag Rafmagnsveitnanna væri mikil nauðsyn að geta dregið verulega úr rekstri dísilorkustöðva, en þær breyt. kosta mikið fé, og því miður hafa Rafmagnsveiturnar ekkert fé aflögu úr eigin rekstri til framkvæmda, heldur verður að fjármagna þær framkvæmdir að öllu leyti með nýjum lántökum. Í þeim drögum að framkvæmdaáætlun fyrir árið 1970, sem fylgja fjárlagafrv., er gert ráð fyrir að afla Rafmagnsveitum ríkisins 35 millj. kr. nýrra lána á næsta ári að viðbættum tollalánum. Væri án efa þörf meira fjármagns, en hér sem á öðrum sviðum verður að sníða sér stakk eftir vexti, og leiðir til lánsfjáröflunar eru nú sem fyrr mjög takmarkaðar. Framlög í fjárl. til rafvæðingar í sveitum hafa síðustu árin verið óbreytt, og hefur það leitt til minnkandi framkvæmda. Nauðsynlegt er að stefna að því að ljúka sem fyrst lagningu þeirra veitna, þar sem meðalfjarlægð milli býla er innan við 1.5 km. Er því lagt til að hækka framlagið til rafvæðingar í sveitum um 5 millj. kr. Það léttir og á Orkusjóði, að lagt er til að taka inn sérstaka fjárveitingu, 6.3 millj. kr., til greiðslu á framkvæmdalánum vegna sjóðsins.

Framlög til löggæzlu hækka um 11.2 millj. kr. og til embætta sýslumanna og bæjarfógeta um samtals 7.3 millj. kr. Er hér fyrst og fremst um launahækkanir að ræða. Hafa till. dómsmrn. verið lækkaðar um 5 millj.

í trausti þess, að frá næstu áramótum að telja geti komið til framkvæmda þær breyt. til sparnaðar í lögreglumálum, sem unnið hefur verið að og undirn. fjvn. hefur mælt með, að yrðu framkvæmdar. Rekstursкostnaður Landhelgisgæzlunnar hækkar ekki og er því um raunverulegan sparnað að ræða í rekstri þeirrar stofnunar.

N. hefur fyrir nokkru skilað áliti um endurskipulagningu fangelsismála. Endanleg ákvörðun hefur ekki verið tekin um fjárveitingar til framkvæmdar á þeim till., eins og þær liggja fyrir, en þó er gert ráð fyrir nýjum fjárveitingum til endurbóta í fangelsismálum. Í fjárl. yfirstandandi árs var veitt fé, til þess að hægt væri að flytja fangaklefa lögreglunnar í lögreglustöðina nýju úr Síðumúla, og nú er lagt til að veita 2.7 millj. kr. til rekstrar almenns fangelsis í Síðumúla. Þá er einnig lagt til að hækka framlag til Litla-Hrauns um 1 millj. kr. með það í huga, að hægt verði að hefjast handa um stækkun hælisins.

Lagt er til að hækka framlög til bygginga sjúkrahúsa um 10 millj. kr., og er þar um að ræða byrjunarframlag til nýbyggingar fæðingardeildar Landsspítalans. Eru framkvæmdir við þá byggingu að hefjast. Mun hún kosta mikið fé og er þess að vænta miðað við þann mikla áhuga, sem virtist vera til staðar í umr. um það mál á s. l. vetri, að myndarleg þátttaka verði í hinni almennu fjársöfnun, sem kvennasamtökin, af sínum alkunna dugnaði, hafa hrint af stað fyrir alllöngu til stuðnings þessari nauðsynlegu byggingu. Áfram verður unnið að því á næsta ári að taka fleiri deildir í Landsspítalanum í notkun, og er lagt til að verja 40 millj. kr. til þeirra framkvæmda, en undanfarin ár hafa framlög til sjúkrahúsabygginga verið stóraukin, þótt enn séu þar ýmis brýn verkefni óleyst, og þá ekki hvað sízt aðbúnaður geðsjúklinga. Þótt framlag til reksturs ríkissjúkrahúsanna beinlínis lækki í fjárlagafrv., er þar um mjög villandi mynd að ræða, sem stafar af hinni nýju löggjöf, sem sett var á síðasta þingi um ákvörðun daggjalda sjúkrahúsanna, en með þeim l. er að því stefnt, að daggjöldin séu ákveðin það há, að þau nægi til þess að standa undir reksturskostnaði sjúkrahúsanna. Leiðir þessi ákvörðun af sér stórkostlegar daggjaldahækkanir, sem koma svo fram í stórauknum útgjöldum sjúkratrygginganna, en ríkissjóður greiðir að hálfu tilkostnað sjúkrasamlaganna. Leiddi þessi breyt. af sér stórfellda hækkun á framlögum ríkissjóðs til sjúkratrygginga í fjárl. þessa árs, en þó mun hækkunin verða enn meiri á næsta ári vegna endurskoðunar á daggjöldum sjúkrahúsanna, sem nýlega hefur verið framkvæmd með hliðsjón af auknum tilkostnaði við rekstur þeirra. Hækka framlögin til sjúkratrygginganna um hvorki meira né minna en 180.7 millj. kr. Þótt hægt sé að færa ýmis góð og gild rök fyrir þessari nýskipan mála varðandi rekstur sjúkrahúsanna, einkum hvað snertir sanngjarnari dreifingu rekstrarkostnaðar milli sveitarfélaga, hefur þessi nýskipan einnig ýmsa annmarka í för með sér og þann stærstan, að hætt er við, að aðhald að sjúkrahúsum minnki. Hefur þegar komið til nokkurra árekstra og leiðinda út af því, að þau sjúkrahús, sem til þessa hafa lagt sig fram um að spara í rekstri, telja sig nú verða illa úti við ákvörðun daggjalda. Gert er ráð fyrir í l. að flokka sjúkrahúsin eftir þeirri þjónustu, sem þeim er ætlað að veita, en ekki eingöngu farið eftir reikningslegum tilkostnaði við þau hverju sinni. Er nauðsynlegt, að þeirri flokkun verði sem skjótast hrundið í framkvæmd, því að til þessa hefur daggjaldanefnd eingöngu orðið að styðjast við rekstursafkomu sjúkrahúsanna við ákvörðun daggjalda þeirra. Hefur daggjaldanefnd án efa reynt að leysa sitt vandasama viðfangsefni sem bezt af hendi, en sú hætta er á ferðum, að eyðslusemin verði verðlaunuð. Þessi nýja skipan gerir nauðsynlegt stóraukið eftirlit með rekstri allra sjúkrahúsa á landinu jafnframt því, sem styrkja þarf verulega framkvæmdastjórn ríkissjúkrahúsanna, og þyrfti raunar að vera sérmenntaður framkvæmdastjóri með víðtæku valdi við hvert hinna stærri sjúkrahúsa. Rækilegar viðræður hafa farið fram um þetta mikla vandamál milli fjmrn. og heilbrmrn., og hefur heilbrmrn. nú til athugunar ráðstafanir til úrbóta í þessum efnum. En rekstur og skipulagning sjúkrahúsa er sérgrein, og eru í sumum löndum starfandi sérstakir skólar, sem mennta menn til starfa á þessu sviði. Er áreiðanlegt, að það fé, sem varið yrði til að styrkja rekstrarstjórn og sem hagkvæmasta skipulagningu í starfi sjúkrahúsanna, mundi margborga sig, enda er hér um að ræða einn þann lið ríkisútgjalda, sem hækkar mest ár frá ári og mun óhjákvæmilega vaxa mjög á næstu árum með tilkomu nýrra sjúkradeilda og sjúkrahúsa.

Lögum samkv. er árlegt framlag til Gæzluvistarsjóðs, sem varið er til úrbóta vegna áfengissjúklinga, 7.5 millj. kr. Lagt er til í fjárl. að hækka þetta framlag um 1.5 millj. kr., og er þá fyrst og fremst höfð í huga sú brýna nauðsyn að bæta með einhverjum hætti aðbúnað heimilislausra drykkjumanna.

Í sambandi við atvinnuerfiðleikana á þessu ári og hinar miklu bótagreiðslur almannatrygginga þykir óumflýjanlegt að reyna að fylgjast betur með þeim málum, bæði skráningu atvinnulausra og framkvæmd bótagreiðslna, sem því miður er verulega ábótavant, því að óhætt er að fullyrða, að þessi mikilvæga aðstoð við atvinnuleysingja hefur verið óhóflega misnotuð. Hefur af þessum sökum verið sett sérstök vinnumáladeild í félmrn., og sérstakur fulltrúi ráðinn til þess að sinna þessum verkefnum.

Ýmsar breyt. verða á framlögum til almannatryggingakerfisins, þar meðtaldar atvinnuleysistryggingar, en frádráttarliðir koma þar nokkurn veginn á móti hækkunarliðum að undanskilinni hinni miklu hækkun framlags til sjúkratrygginga, sem áður hefur verið um rætt. Í sambandi við kjarasamninga verkalýðsfélaga og vinnuveitenda á s. l. vori var samkomulag um myndun lífeyrissjóðs fyrir verkafólk. Var í því samkomulagi gert ráð fyrir, að um nokkurt árabil tæki ríkissjóður á sig nokkrar kvaðir til þess að koma fótum undir rekstur sjóðsins. Er í fjárlagafrv. gert ráð fyrir fyrstu greiðslu í samræmi við þetta samkomulag, 6.3 millj. kr.

Aukaframlag var veitt til Atvinnujöfnunarsjóðs á þessu ári, 50 millj. kr., til þess að standa straum af sérstökum verkefnum, sem sjóðnum voru falin á þessu ári. Ekki er lagt til að endurnýja þessa fjárveitingu á næsta ári, en hins vegar má geta þess, að á næsta ári fer sjóðurinn að fá tekjur af skattgjaldi Álbræðslunnar í Straumsvík og er gert ráð fyrir, að þær tekjur nemi 30

millj. kr. á næsta ári. Munu þær tekjur fara síðan verulega hækkandi næstu árin, enda er í l. sjóðsins gert ráð fyrir, að tekjurnar af Álbræðslunni verði burðarásinn í eigin fjármyndun sjóðsins.

Á undanförnum árum hafa útgjöld vegna skattstofanna og embættis ríkisskattstjóra vaxið mjög mikið, þar eð í upphafi var vanáætluð starfsmannaþörf þessara embætta, ef þau áttu á viðhlítandi hátt að geta gegnt hlutverki sínu. Nú er svo komið, að þessi kostnaðaraukning er stöðvuð að frádregnum eðlilegum launahækkunum og sama er að segja um kostnað við tollgæzluna, sem hefur verið efld mjög verulega á undanförnum árum.

Framlag ríkissjóðs til ríkisábyrgðasjóðs hækkar um 8 millj. kr. og verður þá 101 millj. á næsta ári. Miðað við reynslu s. l. árs og þessa árs er hér um vanáætlun að ræða. En framlagið er ekki hækkað meira í trausti þess, að hagur ábyrgðaraðilanna fari batnandi, og þá fyrst og fremst þeirra, sem hafa verið þyngstur baggi á sjóðnum, svo sem Flugfélags Íslands og síldarverksmiðjanna, og jafnframt verði með þeirri endurskipulagningu, sem gert er ráð fyrir, að fari fram á fjármálum hafnargerðanna, tekið fyrir áframhaldandi vanskil hafnanna við ríkisábyrgðasjóð.

Vegna skuldar við Seðlabankann hækka vaxtagreiðslur um 32 millj. kr. Þar sem ekki var vitað um hækkun verðlagsuppbóta 1. sept. og 1. des., þegar gengið var frá einstökum launaliðum fjárlagafrv., er sérstakur liður á vegum fjmrn., 45 millj. kr., vegna þessara verðlagsuppbóta, og er gert ráð fyrir, að þessum launum verði skipt niður á einstakar stofnanir í meðförum fjárlagafrv. í þinginu.

Við afgreiðslu fjárlaga ársins 1969 er framlag til bifreiðakaupa ríkissjóðs lækkað úr 4 millj. í 2 millj. kr. Þessi lækkun var algerlega óraunhæf og vafalaust byggð á misskilningi, og er því lagt til, að fjárveiting á þessum lið verði á næsta ári 4 millj. kr. Hér er um það að ræða, að óumflýjanlegt er að endurnýja bifreiðakost ríkisins með eðlilegum hætti, því að það hefur enn meiri kostnað í för með sér fyrir ríkið að þurfa að hafa gamlar bifreiðir í notkun, og leiðir af sér óhóflegan viðhaldskostnað. Ríkið verður óhjákvæmilega að gera út og eiga verulegan fjölda bifreiða, svo að lækkun þessa fjárlagaliðs er að engu leyti lausn á vandanum varðandi hinar svokölluðu forstjórabifreiðir, sem er allt annars eðlis og endanlegar ákvarðanir liggja fyrir um, svo sem ég mun síðar víkja að.

Í sambandi við samþykkt vegáætlunar á síðasta þingi til næstu fjögurra ára varð samkomulag um, að ríkissjóður tæki að sér að annast greiðslu fastra lána, sem tekin hafa verið síðustu árin vegna ýmissa vegagerða. Veldur þessi ákvörðun ríkissjóði 21 millj. kr. útgjöldum á næsta ári. Undanskilin þessu samkomulagi var þó Reykjanesbraut, en þar er um alvarlegt vandamál að ræða, sem ekki verður lengi skotið á frest að leysa með einhverjum hætti, þar eð tekjur af veggjaldi og framlag frá Vegasjóði nægja engan veginn til að standa straum af vaxtagreiðslum vegna lána af Reykjanesbraut, hvað þá afborgunum. Hefur því síðustu árin árlega orðið að afla verulegra fjárhæða til þess að greiða afborganir og vexti af eldri lánum vegna vegagerðar þessarar og er lagt til, að svo verði einnig gert í framkvæmdaáætlun ársins 1970. Mismunandi úrræði geta komið til greina til lausnar á þessu vandamáli, en ég tel ekki hægt að leysa vandann á þann einfalda hátt, að ríkissjóður taki á sig að greiða hallann. Ríkissjóður hefur lagt út verulegt fé vegna hægri umferðar umfram tekjur af hinu sérstaka bifreiðagjaldi, sem á var lagt til þess að standa straum af þessum kostnaði. Voru þessi framlög ríkissjóðs innt af hendi með því skilyrði, að bifreiðagjaldið yrði framlengt, ef þess reyndist þörf, eins og má gera ráð fyrir í till. um það efni á þessu þingi.

Í lok síðasta þings var lögð fram lögum samkv. áætlun um hafnargerð næstu fjögur ár. Sú áætlun er ekki endanleg ákvörðun um hafnargerðir á þessu tímabili, svo sem er um vegáætlun, heldur er hér um leiðbeinandi áætlun að ræða. Þó er nauðsynlegt, að þessi áætlun sé í sem nánustu samræmi við þær fjárveitingar, sem hugsanlegt þykir að verja til hafnargerða ár hvert á umræddu tímabili. Samráð var haft milli samgmrn. og fjmrn., áður en þessi áætlun var lögð fram, og taldi ég auðið að beita mér fyrir fjárveitingum í samráði við áætlunina, og er till. í fjárlagafrv. um fjárveitingu til hafnargerða við þetta miðuð. Hins vegar hefur síðar komið í ljós, að við nánari athugun eru fleiri en þessar hafnarframkvæmdir, sem falla undir 75% greiðsluhluta ríkissjóðs, heldur en gert hafði verið ráð fyrir, þegar frá áætluninni var gengið. Þetta er mjög miður og skapar vandamál, sem ekki er tekin afstaða til í fjárlagafrv. Í fjárlagaræðu minni s. l. ár ræddi ég rækilega um nauðsyn þess að koma fjárreiðum hafnargerðanna á viðunandi grundvöll og koma í veg fyrir hin sífelldu vanskil margra hafnargerða við ríkisábyrgðasjóð. Benti ég á ákveðin úrræði til lausnar á þessum vanda og byggði þá fyrst og fremst á því, að heildaráætlun yrði gerð um útgjöld hafnargerðanna næstu árin og skuldir þær, sem nú hvíldu þegar á viðkomandi hafnargerðum, annars vegar og hins vegar greiðslugetu hafnarsjóða og viðkomandi sveitarsjóða. Og síðan yrði veitt aðstoð fyrir milligöngu Hafnabótasjóðs tímabundið til þess að brúa bil hugsanlegra tekna og gjalda. Hafa miklar umr. verið um þetta vandamál bæði milli rn. og í fjvn., og hefur nú orðið samkomulag um að fara í meginefnum þá leið, sem ég þá benti á. Eru af þessu tilefni framlög til Hafnabótasjóðs hækkuð um 9 millj. kr.

Verulegt vandamál hefur skapazt vegna erlendra lána, sem á undanförnum árum hafa verið tekin til hafnargerðanna á vegum ýmissa sveitarfélaga. Hefur orðið samkomulag um, að ríkissjóður taki á sig þann hluta gengishallans, sem leiðir af vangreiddum framlögum ríkissjóðs til viðkomandi hafnargerða, þannig að gengishallinn skiptist eftir sömu hlutföllum og framlagsskylda ríkis og sveitarfélaga til hafnanna.

Sameiginlegur rekstur allra ríkisskipa er nú þegar kominn til framkvæmda, og er fyrirsjáanlegt, að hann muni gefa góða raun, þannig að í heild sparist allverulegt fé á þessari skipulagsbreyt. Eru þó ekki enn komin til öll þau skip, sem gert er ráð fyrir, að lúti hinni sameiginlegu útgerðarstjórn. Lagt er til að verja 3.7 millj. kr. sérstaklega til rekstrardeildar ríkisskipa, en meiri lækkanir koma á móti á rekstrarkostnaði þeirra stofnana, sem skipin eiga.

Lengi hefur verið mikil þörf á að reisa nýtt hús fyrir

Veðurstofu Íslands. Voru fyrstu hugmyndir um það húsnæði mjög stórar í sniðum, en hafa nú verið endurskoðaðar, svo að endanlegar till. um húsnæði Veðurstofunnar verða að teljast miðaðar við hófsamlegar kröfur. Að því er nú komið, að annaðhvort verður Veðurstofan að hverfa með þjónustu sína úr Sjómannaskólanum eða skólinn verður að fá húsnæði annars staðar. Af atvinnuástæðum er einnig mjög æskilegt að geta ráðizt í þessar framkvæmdir nú. Er því lagt til að verja 10 millj. kr. til nýbyggingar húss fyrir Veðurstofu Íslands á næsta ári.

Við meðferð fjárlaga í þinginu má gera ráð fyrir, að taka þurfi upp sérstakt framlag, sennilega 11 millj. kr., til væntanlegs iðnþróunarsjóðs fyrir Ísland, sem Norðurlöndin sameiginlega hafa fallizt á að stofna til þess að greiða fyrir nauðsynlegum skipulagsbreyt. og nýjungum í innlendum iðnaði, ef Ísland gerist aðili að Fríverzlunarbandalaginu. Gert er ráð fyrir, að sjóður þessi muni nema um 1200 millj. íslenzkra kr., og er hlutur Íslands aðeins um 45 millj. kr., en framlög til sjóðsins mundu greiðast á 4 árum. Er hér að sjálfsögðu um mjög sérstæða velvild að ræða af hálfu Norðurlandaþjóðanna í okkar garð, en færa má þó þau rök fram af okkar hálfu, að viðskiptajöfnuður Íslands og hinna Norðurlandanna hefur á síðustu árum verið Íslendingum mjög óhagstæður.

Tekjuáætlun fjárlagafrv. er að sjálfsögðu, sem svo oft áður, háð mikilli óvissu, svo að ganga verður út frá ýmsum forsendum, sem ómögulegt er að vita, hvort standast í reynd. Má þó benda á, að tekjuáætlun fjárl. yfirstandandi árs sýnist ætla að standast ótrúlega vel, þótt ýmislegt hafi farið á annan veg en ætlað var. Hins vegar verður að hafa í huga, að hinir óhagstæðari þættir þróunarinnar í ár munu koma meira fram í viðskiptalífinu og þar af leiðandi hafa áhrif á stöðu ríkissjóðs á næsta ári. Gert var t. d. ráð fyrir því í þjóðhagsspánni fyrir yfirstandandi ár, að síldveiðarnar mundu gefa um 2000 millj. í útflutningsverðmæti. Tekjurnar verða væntanlega aðeins lítið brot af þeirri fjárhæð. Að vísu koma þar á móti nokkuð betri útkoma af öðrum veiðum, svo sem loðnuveiðum, en gert hafði verið ráð fyrir og batnandi verðlag, en það megnar þó engan veginn að jafna þetta tekjutap frá áætlun. Efnahagsstofnunin hefur eins og undanfarin ár gengið frá tekjuáætlun fjárlagafrv. og er áætlunin byggð á þjóðhagsspá stofnunarinnar, eins og hún var endurskoðuð eftir kjarasamningana í maí s.l. og með síðustu vitneskju um kauplags- og verðlagsbreyt. Er þar gert ráð fyrir, að atvinnuástand verði ekki lakara en það mun að jafnaði verða í ár, en það er byggt á þeirri forsendu, að síldveiðarnar bregðist ekki gersamlega í haust, heldur verði síldarafli ársins ekki minni en 1968, eða annar afli komi þá í hans stað.

Heildartekjur á rekstrarreikningi fjárlagafrv. eru áætlaðar 8 082.1 millj., sem er 985.6 millj. kr. hækkun frá fjárl. yfirstandandi árs. Af þessari fjárhæð eru fyrir fram ráðstafaðir tekjustofnar 229.7 millj., þannig að tekjuauki sá, sem til ráðstöfunar verður í sambandi við fjárlagaafgreiðslu, nemur 755.9 millj., eða 13.4% hækkun frá fjárl. yfirstandandi árs. Tekjuáætlun er sundurgreind svo rækilega í grg. með fjárlagafrv., að ég vil ekki eyða tíma í að ræða einstaka liði hennar, en aðeins nefna helztu breytingar.

Þrátt fyrir erfiðleika á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir því, að tekjuskattur hækki um 89 millj. kr. Er þá fyrst og fremst miðað við tekjuauka vegna launahækkana á þessu ári og fjölgunar skattgreiðenda, en jafnframt áætlað fyrir nokkurri hækkun skattvísitölu, er leiði til hækkunar persónufrádráttar. Meginhækkun teknanna er þó af innflutningi, en áætlað er, að aðflutningsgjöld hækki um 305.2 millj. kr. Er þá miðað við, að almennur vöruinnflutningur aukist um 6.2% frá spá frá 1969, en í þeirri spá var gert ráð fyrir um 18% minnkun innflutnings, sem sýnist ætla að verða raunhæf. Þá er jafnframt gert ráð fyrir því, að meðaltollur verði 27%, sem er nokkur hækkun frá því, sem meðaltollur sýnist ætla að verða í ár, en í ár hefur samdráttur í innflutningi hinna hærri tollflokka verið sérstaklega mikill. Miðað við reynslu yfirstandandi árs er hins vegar gert ráð fyrir verulegum samdrætti á tekjum af leyfisgjaldi af bifreiðum, þannig að sá tekjustofn lækki um 52.4 millj. miðað við fjárl. yfirstandandi árs. Áætlað er, að söluskattur til ríkissjóðs hækki um 201.6 millj. kr., og er þá gert ráð fyrir 8% aukinni söluskattsveltu. Þá er loks gert ráð fyrir, að hagnaður Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins vaxi enn um 133 millj. kr. Vegna stórvaxandi umferðar um Keflavíkurflugvöll er talið auðið að áætla 18.6 millj. kr. hækkun tekna af flugvellinum.

Svo sem tekið er fram í inngangsorðum grg. fjárlagafrv., var það meginsjónarmið haft í huga við ákvörðun ríkisútgjalda samkv. frv., að auðið yrði að afgreiða greiðsluhallalaus fjárl. án þess þyrfti að grípa til nýrrar skattheimtu á almenningi. Verður það sjónarmið að teljast sjálfsagt og eðlilegt við afgreiðslu fjárl. á þeim tímum, þegar almenningur verður að búa við kjaraskerðingu vegna versnandi viðskiptastöðu, sem allir vita nú um og viðurkenna, að er óumflýjanlegt að gera. Allir sanngjarnir menn munu raunar viðurkenna, að ótrúlega vel hafi tekizt að fleyta þjóðinni yfir erfiðleikatíma síðustu ára án meiri kjaraskerðingar miðað við þau stórkostlegu fjárhagsáföll, sem þjóðin hefur orðið fyrir og eru algerlega einsdæmi meðal þjóða, sem standa á svipuðu lífskjarastigi og við Íslendingar. Vegna þeirrar miklu nauðsynjar að forðast nýjar skattaálögur reynist óumflýjanlegt að synja um margvíslegar fjárveitingar, sem vissulega hefði verið æskilegt að geta sinnt til margháttaðra umbótamála.

Ég hef hér að framan greint frá helztu orsökum útgjaldahækkana ríkissjóðs og tel mig geta fullyrt með góðri samvizku, að þar hafi verið rækilega spyrnt við fótum gegn allri þeirri útþenslu í ríkiskerfinu, sem hægt er að komast hjá, að undantekinni þeirri aukningu á sviði menntamála og heilbrigðismála, sem ég geri naumast ráð fyrir, að menn gagnrýni nema þá fremur á þann hátt, að of skammt sé gengið. En þessir tveir útgjaldaliðir að viðbættum launahækkunum til opinberra starfsmanna, sem einnig eru óumflýjanleg útgjöld, nema meginhluta allrar útgjaldahækkunar ríkissjóðs á næsta ári. Auðvitað hefði verið æskilegt bæði vegna brýnnar þarfar og einnig vegna atvinnuástands að verja meiru fé til opinberra framkvæmda. En vert er þó að benda á, að í fjárlagafrv. eru hækkanir til verk-

legra framkvæmda ríkissjóðs um 90 millj. kr. Að auki má svo benda á, að fyrirhuguð er lánsfjáröflun til nokkurra mikilvægra framkvæmda á næsta ári innan ramma framkvæmdaáætlunar auk þess, sem mikilvægar ráðstafanir hafa verið gerðar á þessu ári til að afla verulegs fjármagns bæði til ríkisframkvæmda og til aðstoðar við atvinnulífið í landinu almennt, og unnið er nú að athugun á fjárþörf stofnsjóða atvinnuveganna á næsta ári og ráðstafanir munu verða gerðar til öflunar fjármagns til brýnustu framkvæmda á sviði atvinnulífsins.

Auk þess, sem á þessu ári hefur verið haldið uppi verklegum framkvæmdum í samræmi við fjárveitingar fjárl., hefur verið hafizt handa um byggingu Heyrnleysingjaskólans, sem var mjög brýnt viðfangsefni. Áfram hefur verið haldið með byggingu Hamrahlíðarskólans, sem gert hafði verið ráð fyrir að fresta á þessu ári. Samþ. hefur verið að veita stúdentum nægilega fjárhagsaðstoð af ríkisins hálfu, til þess að hafizt geti orðið handa um byggingu félagsheimilis stúdenta. Haldið hefur verið áfram byggingu tollstöðvarhússins í Reykjavík með viðbótarfjárveitingu. Hraðað hefur verið mikilvægum hafnarframkvæmdum á ýmsum stöðum á landinu með fyrirgreiðslu ríkisins um lánsfjáröflun. Gerðar hafa verið ráðstafanir til fjáröflunar fyrir Vegasjóð til þess að geta nú í haust og vetur haldið áfram vinnu við Austurveg og Vesturlandsveg. Í gangi er helmingsstækkun Kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn og gert er í framkvæmdaáætlun fyrir árið 1970 ráð fyrir fjáröflun, til þess að á næsta ári sé hægt að hefjast handa um stækkun Laxárvirkjunar og nýbyggingu við Áburðarverksmiðju. Áður hef ég nefnt byrjunarfjárveitingar á næsta ári til byggingar fyrir Veðurstofuna og nýbyggingar Fæðingardeildar Landspítalans. Gert er ráð fyrir verulegri aukningu vegagerðar á næsta ári, og fjár mun verða aflað til þess að efla skipasmíðaiðnaðinn auk þess, sem nýlega hefur verið skýrt frá mikilvægri aðstoð Seðlabankans í því skyni að hraða lánveitingu til íbúðabygginga víðs vegar um landið og stuðla þannig að verulegri atvinnuaukningu í byggingariðnaðinum. Á vegum atvinnumálanefndar ríkisins hefur á þessu ári verið ráðstafað um 340 millj. kr. til margvíslegra framkvæmda, sem stórbætt hafa víða atvinnuástand. Lánveitingar eru þegar hafnar af lánsfé því, sem aflað var á þessu ári til Norðurlandsáætlunar, en einmitt í þeim landshluta hefur atvinnuástand hlutfallslega verið lakast. Seðlabankinn hefur nú veitt um 150 millj. kr. í nýjum afurðalánum til iðnaðarins auk þess, sem Seðlabankinn fyrr á árinu veitti mikilvæga aðstoð til þess að koma útgerð og frystiiðnaði í fullan gang, en hún hefur skilað miklum árangri í þróttmikilli framleiðslustarfsemi það, sem af er árinu. Síðast en ekki sízt má benda á hið mikilvæga samkomulag um að hraða svo stækkun álbræðslunnar og næstu stórvirkjun í því sambandi, að framhaldsframkvæmdir hefjist þegar á næsta ári. Ég held því, að þegar allt þetta er haft í huga, sé ekki með nokkru móti hægt að halda því fram með neinni sanngirni, að ríkisvaldið hafi ekki augun opin fyrir þeirri höfuðnauðsyn að bægja frá böli atvinnuleysis og reyna að auka svo verklegar framkvæmdir hins opinbera, sem frekast er kostur, án þess annaðhvort að leggja nýjar auknar byrðar á þjóðfélagsþegnana eða taka upp stefnu í peningamálum, sem á skömmum tíma mundi gera að engu vonir okkar um viðreisn efnahagskerfis þjóðarinnar.

Með fjárlagafrv. fylgja nú eins og í fyrra drög að framkvæmdaáætlun ríkisstj. fyrir árið 1970. Ég legg áherzlu á, að aðeins er um drög að ræða og vitanlega verður síðar á þinginu leitað heimildar fyrir lántöku í sambandi við framkvæmdaáætlunina, svo sem gert var í fyrra, og þá endanlegar till. gerðar um þær framkvæmdir, sem auðið reyndist að afla fjár til. Hins vegar er með þessum drögum að framkvæmdaáætlun reynt að draga upp mynd annars vegar af hinum brýnustu viðfangsefnum, sem þarf að afla fjár til og hins vegar af möguleikum til lánsfjáröflunar. Um lánsfjáröflun er það að segja, að þar eru sömu leiðir hugsaðar og undanfarin ár, annars vegar PL-480 vörukaupalán og hins vegar útgáfa spariskírteina, en ætlunin er svo sem áður að afla fjár til framkvæmdasjóða atvinnuveganna fyrst og fremst með samningum við viðskiptabankana. Ég sé ekki ástæðu til að skýra einstaka liði framkvæmdaáætlunarinnar, en aðeins víkja að nokkrum atriðum.

Nýlega hefur Orkustofnun gengið frá mjög rækilegum áætlunum um heildarrannsóknir á vatnsorku landsins annars vegar og hins vegar hitaorku. Eru þessar áætlanir hvor tveggja hinar fróðlegustu og gagnlegustu til þess að geta gert sér grein fyrir þessum miklu viðfangsefnum, þar sem um okkar mikilvægustu náttúruauðlindir er að ræða. Samkv. áætlunum þessum er gert ráð fyrir að verja á næstu 5 árum mjög miklu fé til heildarrannsókna. En þótt þær rannsóknir séu hinar nytsömustu, orkar auðvitað tvímælis, hversu mikinn hraða eigi að hafa á rannsóknunum, bæði vegna fjárhagsgetu okkar og eins af þeirri ástæðu, að mörg þessara rannsóknarverkefna hafa því aðeins raunhæfa þýðingu á næstu árum, að við höfum möguleika á að koma upp iðjuverum, er hagnýti orkuna. Þessar viðamiklu áætlanir þurfa því nánari athugunar við, enda eru áætlunargerðirnar það nýjar, að ekki hefur unnizt tóm til að taka þær til rækilegrar athugunar í ríkisstj. En vafalaust geta hins vegar allir verið sammála um, að orkurannsóknum þarf að sinna í vaxandi mæli á næstu árum. Í þetta sinn er áætlað í framkvæmdaáætlun að verja 15 millj. kr. til orkurannsókna til viðbótar því fé, sem Orkusjóður kann að geta varið til þeirra mála. Þessi tala er fyrst og fremst sett á blað til þess að gera ljóst, að menn hafa augun opin fyrir mikilvægi þessa máls, en á þessu stigi byggist hún ekki á neinni sérstakri áætlun um framhald orkurannsókna, eða hvernig á þeim skuli tekið.

Inn í framkvæmdaáætlun koma nú tvö ný, stór viðfangsefni. Það er annars vegar Laxárvirkjun, sem áætlað er, að afla þurfi af ríkisins hálfu 50 millj. kr. lánsfjár til á næsta ári, en gert er ráð fyrir, að með stækkun Laxárvirkjunar verði eign ríkissjóðs í virkjuninni aukin úr 35% í 50%. Þá hefur verið ákveðið að hefjast handa um stækkun Áburðarverksmiðjunnar, sem nú er orðin algert ríkisfyrirtæki. Í fjárlagafrv. sjálfu er veitt fé til þess að leysa inn hlutabréf annarra hluthafa í Áburðarverksmiðjunni, en um það varð samkomulag, að þau yrðu greidd á fimm árum, en í fram-

kvæmdaáætlun er gert ráð fyrir að afla 70 millj. kr. til byggingarinnar sjálfrar. Áætlað er, að þessi stækkun Áburðarverksmiðjunnar kosti samtals um 220 millj. kr., en fyrsti áfangi Laxárvirkjunar kosti 287 millj. kr. Þá er í þriðja lagi nýtt í framkvæmdaáætlun næsta árs, að gert er ráð fyrir 30 millj. kr. fjáröflun vegna bygginga fyrir Háskóla Íslands. Hvort nauðsynlegt reynist, að þetta fé verði handbært á næsta ári til framkvæmda, er ekki sennilegt. En fjáröflunin er miðuð við þá framkvæmdaþörf, sem háskólanefnd telur, að verði í byggingarmálum Háskólans miðað við næsta 10 ára tímabil. Hef ég fyrr í ræðu minni vikið að þessu mikla viðfangsefni.

Ég hef fyrr í ræðu minni minnzt lítillega á fasteignamatið, sem mörgum og þ. á m. einnig mér sjálfum þykir hafa tekið óhóflega langan tíma að ganga frá. Í byrjun þessa árs lagði ég á það höfuðáherzlu, að fasteignamatið yrði tilbúið um mitt þetta ár, þannig að það geti tekið gildi um næstu áramót, og væri ég reiðubúinn til þess að veita umframfé, svo að það gæti staðizt. Því miður eru samt ekki allt of miklar horfur á, að þetta geti orðið að raunveruleika, og skal ég taka það skýrt fram, að drátturinn á fasteignamatinu og ef það getur ekki tekið gildi um næstu áramót, er ekki að kenna stjórnendum fasteignamatsins, heldur því, að fasteignamatið er nú unnið með allt öðrum hætti en áður hefur tíðkazt og er miklum mun fullkomnara, en jafnframt hefur komið í ljós, sem menn gerðu sér ekki grein fyrir í upphafi, að ótrúleg vanræksla hefur átt sér stað um skráningu fasteigna og réttinda yfir fasteignum víða hér um land um langt árabil. Er því hér í rauninni verið að vinna brautryðjendaverk, sem ég hygg, að reynist ómetanlegt. Nefna má, að t. d. eru til heil byggðarlög, þar sem engar lóðaskrár eru til, og starfsmenn fasteignamatsins hafa neyðzt til þess að taka að sér margs konar verkefni á þessu sviði, sem raunverulega er skylda sveitarstjórna lögum samkv. að sjá um. Allt þetta mun verða nánar skýrt, þegar fasteignamatið sér dagsins ljós, en taka þarf ákvörðun nú í vetur um framtíð fasteignamatsins og hvernig að því skuli unnið framvegis, því að þær aðferðir, sem fylgt hefur verið til þessa við fasteignamat, eru algerlega óviðunandi, enda núverandi fasteignamat fyrir langalöngu komið úr öllu sambandi við raunverulegt verðgildi fasteigna. Tryggja þarf hins vegar, að fasteignamat sé á hverjum tíma í sem nánustu samræmi við raungildi fasteignanna og er nú unnið að undirbúningi löggjafar um þetta efni, er gildi til frambúðar. Löggilding fasteignamatsins hefur hins vegar mjög víðtækar verkanir og eigi það ekki að leiða til stórfelldrar röskunar, þar sem ótal margt er miðað við fasteignamat, verða samtímis gildistöku þess að fara fram margvíslegar lagabreytingar. Í gildandi l. um hið nýja fasteignamat er svo fyrir mælt, að gjaldaviðmiðanir allar við fasteignamat skuli breytast á þann veg, að gjöldin hækki ekki. Viðhorf manna í þessu sambandi hafa breytzt töluvert frá því, að l. voru sett. M.a. hefur mat fasteigna til eignarskatts og eignarútsvars verið nífaldað, og þarf því að taka allt mál þetta til heildarathugunar. Hefur þegar verið hafin vinna á þessu sviði, annars vegar í fjmrn. í sambandi við skatta til ríkissjóðs, er miðast við fasteignamat, og hins vegar í félmrn. í samvinnu við Samband ísl. sveitarfélaga varðandi þau gjöld sveitarfélaga, sem miðast við fasteignamat. Verður þeim athugunum haldið áfram af fullum krafti og undirbúningi fasteignamatsins í heild, þótt ég efist um, að gildistakan geti orðið um næstu áramót, svo sem ég hefði vonað, m. a. vegna þess, að eftir að endanlega hefur verið frá matinu gengið, eru gildandi alllangir kærufrestir og verður síðan að úrskurða þær kærur, áður en matið getur tekið gildi. Merkilegar og mikilvægar athuganir og viðræður fara nú fram um launamál opinberra starfsmanna og þótt öldurnar hafi sýnzt hafa risið nokkuð hátt stundum og þá einkum s. l. vetur í sambúð ríkisins og opinberra starfsmanna, þá er þó sambúð opinberra starfsmanna og rn. sem betur fer engan veginn svo slæm sem sýnast kynni af þeim deilum og málarekstri. Ég tel þær aðgerðir fjmrn. að haga greiðslu vísitöluuppbóta til opinberra starfsmanna í samræmi við gildandi reglur á vinnumarkaðinum, þar til endanlegir kjarasamningar tókust s. l. vor, hafa verið réttar og óhjákvæmilegar, eins og öll málsatvik voru. Hins vegar tel ég jafneðlilegt, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja reyndi að leita réttar síns, sem það taldi vera fyrir hendi og að lokum krefjast úrskurðar kjaradóms um, hvenær vísitöluuppbæturnar skyldu taka gildi, enda þótt að öðru leyti tækjust auðveldlega samningar milli aðila um vísitöluuppbæturnar sjálfar og kjarasamningana í heild. Tel ég, að hvorugt þetta þurfi að leiða eða hafi raunar leitt til nokkurs fjandskapar milli forráðamanna opinberra starfsmanna og rn. Við úrskurð kjaradóms í þessum deilumálum hef ég ýmislegt að athuga engu síður en forráðamenn BSRB, en tel hvorki viðeigandi né neinum til gagns að gera þær aths. mínar hér að umtalsefni. Það, sem mestu máli skiptir, er, hvort tekst að ná samkomulagi um það allsherjarstarfsmat, sem unnið hefur nú verið að mánuðum saman en sem tekið hefur það langan tíma, að samkomulag varð um það milli rn. og BSRB að fresta um eitt ár kjarasamningum þeim, sem raunverulega hefðu átt að fara fram fyrir þessi áramót, í trausti þess, að starfsmatið verði þá tilbúið og á það hefði þá reynt til hlítar, hvort samkomulag gæti um það tekizt. Nú þegar liggja fyrir grundvallartill. þeirra manna, sem að starfsmatinu hafa unnið, um uppbyggingu þess, og hafa aðilar þessar till. eða ramma starfsmatsins, ef svo má segja, til athugunar hver fyrir sig. Svo sem alkunnugt er þá hefur sá vandi skapazt í sambandi við samtök opinberra starfsmanna, að háskólamenntaðir starfsmenn hafa langflestir klofið sig út úr Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og heimtað sjálfstæða samningsaðild. Ég hef ekki farið dult með, að ég teldi það mjög ógiftusamlegt, ef tveir og þá væntanlega síðar enn fleiri aðilar yrðu samningsaðilar af hálfu opinberra starfsmanna og mundi slíkt leiða til aukinna vandræða í samningum. Ég hef þess vegna lagt á það ríka áherzlu við Bandalag háskólamanna og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, að þeir gætu með einhverjum hætti komizt að samkomulagi um samaðild að kjarasamningum í framtíðinni. Þess vegna hefur verið fallizt á þá ósk Bandalags háskólamanna, að þeir hafi einnig aðild að því starfsmati, sem nú fer fram, og mun vafalaust endanleg afstaða til starfsmatsins ráða miklu um það, hvort einhver grundvöllur finnst fyrir samstarfi milli Bandalags háskóla-

manna og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja í framtíðinni um kjaramálin.

Um tveggja ára skeið hefur verið í fjárl. 1 millj. kr. fjárveiting til orlofsheimila opinberra starfsmanna á vegum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Á afmæli BSRB fyrir tveimur árum afhenti ríkið bandalaginu land undir orlofsheimili í samráði við stjórn bandalagsins. Við nánari athugun hefur stjórn bandalagsins ekki talið þetta land hentugt til byggingar orlofsheimila, en hefur í þess stað fest kaup á öðru landi. Stjórn BSRB hefur sótt á að fá ríkisframlag til orlofsheimila miðað við ákveðna prósentu af greiddum launum ríkisstarfsmanna. Á þessu stigi þykir ekki auðið að fallast á þá beiðni, enda þarf að athuga miklu nánar, hverjir skulu hafa ráðstöfunarrétt slíks fjár, m. a. hvort samtök ríkisstarfsmanna verði áfram ein heild eða deilist í fleiri hópa, en sanngjarnt þykir með hliðsjón af fyrirhuguðum orlofsheimilisframkvæmdum BSRB að hækka framlagið á næsta ári úr einni millj. í 2.5 millj.

Unnið hefur verið á þessu ári að hagsýslu- og hagræðingarverkefnum á mörgum sviðum í ríkisrekstrinum. Hef ég í fyrri fjárlagaræðum vikið að ýmsum þessara verkefna, sem hljóta að taka langan tíma, en ýmislegt er nýtt af nálinni, sem komið hefur til athugunar og þurft hefur að sinna á yfirstandandi ári. Fjögurra manna undirnefnd fjvn. undir forystu formanns n. hefur allt þetta ár unnið að athugun ýmissa þátta ríkisrekstrarins, þar sem nm. hefur helzt þótt tilefni gefast til athugunar með sparnaðarmöguleika fyrir augum. Hefur hagsýslustjóri og menn hans veitt n. alla tiltæka aðstoð og auk þess hefur hagsýslustofnunin sjálf unnið að ýmsum verkefnum, sem til hafa fallið eða henni hafa verið falin af ríkisstj. Sjálfur hef ég átt umræðufundi við undirnefnd fjvn. og sé ég ástæðu til þess að þakka nm. öllum fyrir það, með hvílíkum áhuga og samhug þeir hafa unnið að verkefnum sínum og vona ég einnig, að þeir hafi ekki ástæðu til að kvarta yfir því, að hagsýslustofnunin, rn. eða ég persónulega hafi ekki tekið ábendingum þeirra vel. Tel ég reynslu þeirra tveggja ára, sem undirnefndin hefur starfað, tvímælalaust hafa sannað það, að áfram eigi að halda þessari nánu samvinnu milli fjmrn. og fjvn. Alþ. og sú samvinna sé líklegasta leiðin til að fá fram komið nauðsynlegum skipulagsbreytingum og hagræðingu í ríkisrekstrinum, þar sem slíkt þykir nauðsynlegt og æskilegt.

Mér þykir rétt að víkja sérstaklega að bifreiðamálum ríkisins, af því að þau hafa stundum verið í brennipunkti, bæði í blöðum og einnig hér á hinu háa Alþ. Hefur ýmsum þótt seint ganga að koma þeim málum í fast kerfi, en ég tel þá, sem málið hafa krufið til mergjar, hafa komizt að raun um það, að hér er um viðfangsefni að ræða, sem er mjög flókið og erfitt úrlausnar, enda mundi það annars hafa verið leyst fyrir löngu, því það hefur verið á dagskrá í a. m. k. tvo áratugi. Mér þykir því vænt um að geta skýrt frá því, að endanleg niðurstaða er fengin varðandi frambúðarskipan bílamála ríkisins. Varð samkomulag um heildartill. í málinu milli hagsýslustofnunar og rn., undirn. fjvn. og bíla- og vélan. rn., og hefur ríkisstj. nú í meginatriðum fallizt á þessar till. Reglur um bílamálin verða birtar og skal ég því ekki rekja þær hér í einstökum atriðum, enda of umfangsmiklar til þess, en aðeins skýra frá því, að meginundirstöðurnar eru þær, að allir bílar í eigu ríkisins verði auðkenndir greinilega og óheimilt verði með öllu að nota þá bíla nema í þágu viðkomandi embættis eða stofnunar, en svo kallaðir forstjórabílar, eða bílar, sem hafa verið til einkanota tiltekinna embættismanna og greiddur af þeim allur kostnaður úr ríkissjóði, verði seldir viðkomandi starfsmönnum með sanngjörnum kjörum og síðan verði gerðir við þá og aðra ríkisstarfsmenn, sem þurfa á bíl að halda, fastir samningar um tiltekna bifreiðastyrki í samræmi við þær þarfir, sem viðkomandi starfsmaður er talinn hafa fyrir bifreið í sambandi við starf sitt. Er nú að mestu lokið mati, akstursmati opinberra starfsmanna af hálfu bíla- og vélanefndar og merking ríkisbíla er þegar hafin. Hins vegar munu allir gera sér ljóst, að það er stórkostleg hlunnindaskerðing að taka bifreið af starfsmanni, sem hefur haft ríkisbifreið og ríkið greitt af henni allan reksturskostnað, hvort sem slíkt má teljast, að hafi verið eðlilegt eða ekki. Í mjög mörgum tilfellum er hér einmitt um embættismenn ríkisins að ræða, sem gegna mjög veigamiklum og ábyrgðarmiklum stöðum, en eru illa launaðir og oft miklu verr en ýmsir undirmenn þeirra. Jafnhliða því, að embættismennirnir eru sviptir þessum mikilvægu hlunnindum tel ég því óumflýjanlegt, að launamál þeirra séu tekin til endurmats og því sé eðlilegt, að hlunnindamissirinn falli saman við þann tíma, þegar breytingar eiga að vera almennt á kjörum ríkisstarfsmanna. Nú er ég ekki með þessu að segja, að viðkomandi starfsmaður eigi að fá hlunnindamissinn bættan að fullu, slíkt þarf ekki að vera sanngjarnt, og einmitt gallinn á bifreiðaútgerð ríkisins til handa ýmsum embættismönnum sínum í dag er sá, að þar er um mikla mismunun að ræða og fjöldi embættismanna hefur ekki ríkisbifreið, sem hefði jafnvel meiri þörf fyrir hana starfs síns vegna, heldur en annar, sem hefur slíka bifreið á kostnað ríkisins. Það er því nauðsynlegt, að komi til heildarmats í hlutfalli við laun annarra starfsmanna, að hve miklu leyti hlunnindamissir sem þessi skuli bættur upp með beinum launabótum viðkomandi embættismönnum til handa. Af þessum sökum hefur verið ákveðið, að umræddar bifreiðareglur taki ekki gildi fyrr en 1. júlí 1970. En sú dagsetning er valin sökum þess, að í samningum milli fjmrn. og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja er gert ráð fyrir því, að hið endurskoðaða starfsmat og nýir launasamningar, sem á að vera lokið fyrir næstu áramót, skuli verka aftur fyrir sig til 1. júlí n. k.

Eitt þeirra verkefna, sem ríkisstj. hefur falið hagsýslustofnuninni og hefur sýnt sig að hafa mikla þýðingu, er gerð leigusamninga á vegum ríkisins og hefur svo verið fyrir mælt, að engir leigusamningar ríkisstofnana skyldu vera gildir nema hagsýslustjóri staðfesti þá. Hefur þetta í mörgum tilfellum leitt til þess, að tekizt hefur að ná hagstæðari leigusamningum og jafnvel að eldri leigusamningum hefur fengizt breytt til lækkunar, en það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að ná sem hagstæðustum leigukjörum fyrir ríkið og einnig, að samræmi sé í leigumálum ríkisins. Á sama hátt hefur það haft verulega þýðingu til samræmingar og létt vanda af einstökum ráðuneytum, að tveim trúnaðar-

mönnum á vegum fjmrn. var falið að úrskurða þóknanir fyrir öll nefndastörf, sem unnin eru á vegum ríkisins. Einnig þetta hefur stuðlað að samræmi og yfirleitt verið vel við unað, þó að stundum hafi sumum nm. þótt heldur naumt skammtað.

Verkstæðisrekstur ríkisins er mikið viðfangsefni og víðtækt, sem búið er að vinna að alllengi. Sérstök n. samdi rækilega skýrslu um þessi mál, og síðan hafa þau verið til athugunar, bæði í hagsýslustofnuninni og undirn. fjvn., og loks endanlegar till. komið til kasta ríkisstj. Viðfangsefnið var í rauninni tvíþætt. Annars vegar athugun á rekstri Landssmiðjunnar, sem sjáanlega hefur ekki að óbreyttum aðstæðum neinn starfsgrundvöll lengur, og hins vegar að athuga möguleika á að sameina hin mörgu verkstæði ýmissa framkvæmdastofnana ríkisins. Landssmiðjumálið var fyrir nokkru endanlega afgr. á þann veg, að Landssmiðjan skyldi starfa áfram fyrst og fremst að því takmarkaða verkefni að vera viðgerðarþjónustufyrirtæki fyrir skip ríkisins og ýmsar ríkisstofnanir, án þess að almennt væri haggað starfsemi annarra verkstæða framkvæmdastofnananna. Þótti við fyrstu athugun líklegt, að með þessu mætti tryggja framtíðarstarfsgrundvöll Landssmiðjunnar, en síðar hefur komið í ljós, að það er ógerlegt, og þótt ríkisstj. hafi ekki enn tekið endanlega afstöðu til þessarar niðurstöðu, sem sýnist ótvíræð, sýnist mér ekki annað vera fyrir hendi en annaðhvort leggja Landssmiðjuna niður eða þá greiða verulegan hallarekstur hennar úr ríkissjóði á hverju ári. Heildarathugun verkstæðismálanna er það langt komið, að sýnilegt virðist, að hagkvæmt sé að sameina ýmis verkstæði ríkisstofnana, og mun verða að því stefnt, að endanlegar ákvarðanir varðandi þessi mál verði teknar í vetur, en þær athuganir, sem þegar liggja fyrir, benda allar ótvírætt í þá átt, að með sameiningu verkstæða ríkisins og verkaskiptingu megi koma við verulegum sparnaði og bættri nýtingu tækja og vinnuafls. Virðist í rauninni rétt að stefna að því að koma á fót einni vélamiðstöð ríkisins, sem síðan leigi hinum einstöku ríkisstofnunum vinnuvélar, eftir því sem hentar hverju sinni. Íslenzka ríkið hefur ekki úr það miklu að spila eða einstakar opinberar stofnanir, hvort sem er á vegum ríkis eða sveitarfélaga, og raunar hafa þær heldur ekki leyfi til þess gagnvart almenningi að fara svo með fjármuni, sem því miður tíðkast of mikið enn í dag, að ekki er höfð nægileg samvinna til þess að tryggja það, að tvær eða fleiri opinberar stofnanir séu ekki að kaupa tæki eða annan búnað eða að sinna sömu verkefnum. Hefur því t. d. verið reynt að stuðla að því, að rannsóknarstofnanir atvinnuveganna hefðu um það samráð sín á milli, þegar um dýr tækjakaup er að ræða, hvort stofnanirnar gætu ekki sameiginlega notað slík tæki, og sams konar samstarfi hefur verið reynt að koma á á milli sjúkrahúsa, en þar er vitanlega mjög oft um dýr tæki að ræða.

Nú síðast hafa farið fram viðræður á milli fjmrh. og menntmrh. um það, hvort ekki væri auðið að koma á sérstakri skráningarmiðstöð bóka til þess að tryggja það, að hin ýmsu opinberu bókasöfn væru ekki að kaupa sams konar bækur hvert um sig í stað þess að vinna að því, að hið takmarkaða fjármagn til bókakaupa væri notað á þann veg að stuðla að kaupum á sem flestum tegundum bóka. Má hér einkum nefna ýmiss konar vísindarit, sem yfirleitt eru dýr, en margar stofnanir auk bókasafna hafa lagt kapp á að koma sér upp sérstökum bókasöfnum. Hlýtur slíkt samstarf um skiptingu verkefna á þessu sviði að vera öllum aðilum til gagns, því að vitanlega er aldrei hægt að kaupa nema lítinn hluta þeirra bóka, sem þörf væri á að fá til landsins. Ætlunin er, að ráðuneytin beiti sér fyrir slíkri bókaskráningu og eftirliti með innkaupum bóka, og er lagt til að verja fé til Landsbókasafnsins, er geri því kleift að ráða starfsmann, er hefði þessa skráningu og eftirlit með höndum. Hér er ekki um stórmál að ræða, en hefur þó sína þýðingu.

Á næstsíðasta þingi voru sett lög um embættisbústaði, þar sem ákveðið var, að ríkið hætti að byggja embættisbústaði í þéttbýli. Í framhaldi af þessari lagasetningu hefur húsameistara ríkisins verið falið að gera uppdrætti að hentugum embættisbústöðum með það í huga, að gerð embættisbústaða yrði stöðluð, en það ekki látið vera meira og minna eftir duttlungum þess embættismanns, sem af tilviljun er í viðkomandi embætti, þegar embættisbústaður er reistur, þannig að víða má benda á dæmi þess, að embættisbústaðir henta alls ekki almennt, þó að þeir hafi getað hentað vel viðkomandi embættismanni. Þetta merkir ekki, að allir embættisbústaðir geti verið nákvæmlega eins, heldur er höfð hliðsjón af mismunandi hlutverkum mannanna, sem í þeim búa. Það ætti tvímælalaust að geta orðið til sparnaðar og skynsamlegri nýtingar fjár, að aðeins væru reistar fáar gerðir embættisbústaða, og mundi það einnig létta vanda af viðkomandi ráðuneytum. Í l. um embættisbústaði er beinlínis svo fyrir mælt, að embættisbústaðir, sem losna á þéttbýlissvæðunum, skuli seldir með opinberu útboði, og hefur verð reynt að stuðla að því, að þeirri reglu verði yfirleitt komið á um sölu ríkiseigna. Eru nú í undirbúningi ákveðnar till., sem miða að því að koma fastri skipan á sölu hvers konar eigna ríkisins. Er nauðsynlegt að koma í veg fyrir það, að grunsemdir vakni um óeðlilega viðskiptahætti í sambandi við sölu ríkiseigna. Þá er í athugun, hvort ekki sé hagkvæmt fyrir ríkið að mynda eigin tryggingasjóð í stað þess að kaupa tryggingar á ríkiseignir fyrir mikið fé árlega. Bendir margt til, að sú skipan geti sparað verulegt fé, en þetta mál þarfnast þó rækilegrar könnunar.

Enn mun verða lagt fyrir Alþ. frv. það um skipan opinberra framkvæmda, sem áður hefur tvisvar legið fyrir þinginu án endanlegrar afgreiðslu. Á síðasta þingi var þó mikið unnið í þessu máli, leitað umsagnar margra aðila og margar eftirtektarverðar aths. og ábendingar komu fram frá ýmsum sérfróðum aðilum í þjóðfélaginu. Þótt ýmsar brtt. hafi þar komið fram, ber þó öllum saman um, að frv. í heild stefni mjög til bóta, og tel ég miklu varða, ef koma á viðunandi skipulagi og eftirliti á opinberar framkvæmdir, að frv. geti nú orðið að l. á þessu þingi.

Sérstök athugun hefur farið fram á rekstrargrundvelli Þjóðleikhússins á vegum hagsýslustofnunarinnar og menntmrn. í samráði við þjóðleikhússtjóra. Hefur sú athugun leitt til margra jákvæðra ábendinga, sem ættu að geta styrkt stöðu leikhússins, en á því er brýn þörf, og er fjárveiting til Þjóðleikhússins nú miðuð við þessa

athugun. Þá hefur sams konar grundvallarkönnun verið hafin á rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar, en fjárreiður hennar eru nú komnar í mikið óefni. Áður hef ég minnzt á heildarathugun, sem fram hefur farið og er raunar enn ekki lokið, á öllum rekstursgrundvelli Rafmagnsveitna ríkisins, og fram fer nú á vegum hagsýslustofnunarinnar og póst- og símamálastjórnarinnar heildarathugun á rekstri Pósts og síma, sem er orðin ein stærsta stofnunin í þjóðfélaginu og þarf því að leita allra úrræða, til þess að rekstur hennar geti verið með sem hagkvæmustum hætti. Þá hafa á árinu á vegum hagsýslustofnunarinnar í samráði við viðkomandi rn. farið fram athuganir á ýmsum atriðum í rekstri einstakra ríkisstofnana, enda þótt þar hafi ekki verið um heillegar athuganir að ræða, svo sem í sambandi við þær stofnanir, sem ég þegar hef nefnt. Það skal skýrt tekið fram, að þær tilteknu stofnanir, sem teknar hafa verið til sérstakrar athugunar nú, má ekki líta á sem einhverjar óreiðustofnanir, sem öðrum stofnunum fremur halda illa á sínum málum, heldur hefur athugunin oftast nær til komið vegna þess, að við sérstök vandamál hefur verið að glíma í viðkomandi stofnunum og það þótt sjálfsagt að kanna, með hverjum hætti þau væru farsælast leyst. Vitanlega verður haldið áfram heildarkönnun á öllum stofnunum ríkisins, eftir því sem tilefni gefst til, og vil ég láta það koma fram, að í öllum tilvikum hafa yfirmenn viðkomandi stofnana verið mjög fúsir til samstarfs um athugun á hagkvæmni í rekstri stofnana og raunar margir ríkisforstjórar oft leitað beinlínis til hagsýslustofnunarinnar um aðstoð eða leiðbeiningar varðandi ýmis atriði í rekstri sinna stofnana.

Þá tel ég rétt að víkja nokkuð að viðhorfi í skattamálum, en það viðfangsefni er í rauninni þrenns konar. Í fyrsta lagi skattalögin sjálf og álagningarreglur, í öðru lagi framtalaeftirlit og skattrannsóknir og í þriðja lagi sjálf innheimta hinna álögðu skatta. Í síðustu fjárlagaræðu minni skýrði ég frá því, að vegna ágreinings, sem oft væri uppi um skattálagningu hér á landi miðað við önnur lönd, hefði ég farið þess á leit við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, að hann veitti sérfræðilega aðstoð til þess að kanna íslenzka skattkerfið og benti á, hvað helzt færi þar aflaga og að hve miklu leyti kerfið væri annaðhvort lakara eða betra en í öðrum sambærilegum löndum. Þessi athugun var leyst af hendi bæði skjótt og vel, og snemma á þessu ári barst fjmrn. í hendur mjög ítarleg grg. frá sérfræðingum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Kom þar ýmislegt fróðlegt í ljós, sem hér skal ekki rakið að öðru leyti en því, að niðurstaða álitsins var sú, að skattar væru hér ekki þyngri, nema síður sé, en í mörgum öðrum sambærilegum löndum, þótt einstakar skatttegundir væru taldar hæpnar, svo sem aðstöðugjöld, og nauðsynlegt væri að stefna að því að fækka tegundum skatta. Nál. hefur síðan verið í sérstakri athugun í rn. og er nú verið að vinna að því að semja útdrátt úr skýrslunni, sem ég tel sjálfsagt, að verði afhentur hv. þm. til upplýsingar og fróðleiks, en jafnframt verði tekið til athugunar, að hve miklu leyti þessi skýrsla gefi ástæðu til breytinga á íslenzka skattkerfinu. Ég hef oft áður sagt, að slæmt væri að gera stöðugar breytingar á skattalögunum, og þær hafa því miður verið of tíðar og skapað vandræði í framkvæmd og álagningu skatta, þótt mér sé hins vegar vel ljóst, að það þarf að gera ýmsar lagfæringar á skattal., en þær breytingar væri rétt að bíða með, þar til fyrir lægi endanleg tillögugerð n. þeirrar, sem hefur haft að undanförnu til athugunar, hvort og þá með hverjum hætti skuli taka upp staðgreiðslukerfi skatta hér á landi. Lokaathugun þess máls hefur verið í höndum þingkjörinnar nefndar, þannig að fjmrn. eða ríkisstj. sem slík hefur ekki haft afskipti af gangi málsins, en hins vegar hefur formaður n. tjáð mér, að endanlegs álits hennar sé að vænta nú alveg á næstunni og kemur þá í ljós, hvaða breytingar á skattal. eru blátt áfram nauðsynlegar og óumflýjanlegar í sambandi við staðgreiðslukerfið sjálft, ef á að taka það upp. Í framhaldi af því taldi ég rétt, að framkvæmd væri heildarathugun skattal. að öðru leyti, og tek ég til athugunar með hliðsjón af reynslu síðustu ára, hvaða atriði væru almennt í skattalögum, sem þyrfti að breyta, og jafnframt að hve miklu leyti væri hægt að gera skattkerfið í heild einfaldara, m. a. með því að losna við ýmiss konar smágjöld, sem einmitt sérstök athugun hefur leitt í ljós, að kostar ríkið mikið fé að leggja á og innheimta. Í framhaldi af athugun Seðlabankans á ráðstöfun, sem gera þyrfti til að koma á kaupþingi og nauðsynlegum verðbréfamarkaði hér á landi, var á fyrra hluta þessa árs skipuð n. hinna færustu sérfræðinga í skattamálum og fjármálum til að athuga hina skattalegu hlið þessa vandamáls, þannig að stuðlað væri að aukningu eigins fjármagns fyrirtækja með því að örva almenning til þátttöku í atvinnurekstri, auðvelda sameiningu fyrirtækja og kanna, með hliðsjón af væntanlegri aðild Íslands að Fríverzlunarbandalaginu, hver væri skattaleg aðstaða fyrirtækja hér á landi, miðað við fyrirtæki í öðrum löndum Fríverzlunarbandalagsins, því að vitanlega er það forsenda þess, að íslenzk fyrirtæki hafi samkeppnisgrundvöll á hinum sameiginlega markaði, að skattalega svo sem á öðrum sviðum sé ekki verr að þeim búið en í samkeppnislöndunum. Gert er ráð fyrir, að sérfræðinganefnd þessi skili áliti um þetta mál nú fyrir næstu áramót, og mun þá ríkisstj. taka til athugunar, hvaða aðgerða sé þörf í þessum efnum.

Á þessu ári hefur markvisst verið haldið áfram að bæta og styrkja skatteftirlitið, þó að þar sé að sjálfsögðu mjög mikið starf eftir óunnið. Áherzla hefur verið lögð á það af hálfu skattrannsóknastjóra að koma hinum nýju bókhaldsl. í framkvæmd, svo sem honum var falið. Ber að fagna því, að fyrirtæki hafa yfirleitt tekið hinum nýju bókhaldsl. vel og gert sér grein fyrir því, að bókhald er ekki, eins og því miður svo margir hafa álitið, óþægileg skyldukvöð, m. a. vegna skattheimtu, heldur eitt hið þýðingarmesta tæki til þess að geta haft yfirsýn yfir rekstur fyrirtækja og komið við skynsamlegum stjórnunaraðgerðum og skipulagsbreytingum í tæka tíð. Þau áföll, sem ýmis fyrirtæki hafa orðið fyrir vegna skatteftirlitsins, hafa beinlínis oft stafað af því, að fyrirtækin hafa haft algerlega ófullnægjandi bókhald. Er því fullkomið bókhald fyrst og fremst hagsmunamál fyrirtækjanna, þótt það að sjálfsögðu einnig auðveldi skatteftirlit og skattframtöl. Og þótt skattsvik hafi hér á landi, því miður, verið allt of tíður löstur, þá trúi ég því ekki, að fyrirtæki vilji ekki almennt tíunda rétt, ef þeim á annað borð er veittur viðhlítandi starfsgrundvöllur.

Skatteftirlitið sjálft, bæði hjá skattstofunum og skattrannsóknadeildinni, hefur verið skipulagt og eflt með ýmsum hætti, sem ég tel ekki rétt að tíunda á opinberum vettvangi. Sérstakar ráðstefnur hafa verið haldnar á vegum fjmrn. með öllum skattstjórum landsins til að ræða úrræði til bættrar skattheimtu og skatteftirlits, og hefur ýmislegt jákvætt leitt af slíkum fundahöldum. Þá hefur einnig starf skatteftirlitsins verið bætt í framhaldi af viðbótarfjárveitingu til aukinna skattrannsókna, sem veitt var á síðasta þingi, en í heild mun áherzlan vera á það lögð varðandi skatteftirlit að vinna að slíkum málum á kerfisbundinn hátt og umfram allt að forðast það, að nokkru misrétti eða rangindum sé beitt. Hitt er annað mál, að frá þeirri meginstefnu verður ekki hvikað að beita öllum tiltækum ráðum til þess að uppræta skattsvikin, og því miður eru þau enn þá allt of víðtæk, þó að margt hafi áunnizt hin síðari ár. Í þessu sambandi má svo fullyrða, að þær 25.8 millj. kr., sem skattar voru hækkaðir um á grundvelli skattrannsóknadeildar frá 1. sept. 1968 til 30. sept. 1969 og er hæsta álagning til þessa á jafnlöngum tíma, sé einungis vísbending um þennan árangur. Skattstjórar taka upp að eigin frumkvæði og ljúka árlega vaxandi fjölda mála af þessu tagi, en senda einungis hin alvarlegu til meðferðar til rannsóknadeildar. Oft er rannsóknarmáli skattrannsóknadeildar sömuleiðis skotið heim í hérað til álagningar, svo að áðurgreind fjárhæð segir einungis hálfa sögu. Því miður hefur innheimta skatta versnað síðustu árin, sem vitanlega má fyrst og fremst rekja til verra fjárhagsástands, en tilhneigingin hefur því miður oft verið sú að láta kröfur ríkisins mæta afgangi og láta heldur t. d. skatta til sveitarfélaga ganga fyrir vegna frádráttarbærra útsvara. Einnig er því ekki að leyna, að ýmsir innheimtumenn hafa tekið innheimtu skatta, bæði tekjuskatta og söluskatta og jafnvel tolla, of lausum tökum á undanförnum árum. Er það að sjálfsögðu óviðunandi, að fólk búi ekki hvarvetna á landinu við nokkurn veginn sams konar aðgerðir og festu varðandi innheimtu opinberra gjalda. Yfirlit með ríkisreikningi leiðir glöggt í ljós, að innheimtu er mjög mismunandi háttað í hinum ýmsu innheimtuumdæmum, og hefur fjmrn. neyðzt til þess varðandi ýmsa innheimtumenn, að beina sérstökum kvörtunum til dómsmrn. varðandi slappleika í að uppfylla skyldur sínar á þessu sviði, en formlega heyra fógetarnir og sýslumennirnir að sjálfsögðu undir dómsmrn. og getur því fjmrn. ekki annað gert en að bera fram kvartanir, ef því þykir slælega að málum unnið. Hér er þó mjög misjafnt á komið um hina einstöku innheimtumenn, og eiga margir þeirra þakkir skilið fyrir dyggilega frammistöðu og framgöngu í innheimtu ríkistekna. Sérstaklega mikið ósamræmi hefur verið í innheimtu söluskatts, sem í langstærsta skattumdæminu, Reykjavík, skilar sér svo að segja 100% á réttum gjalddögum og mundi að sjálfsögðu geta skilað sér með sama hætti annars staðar á landinu, ef sömu aðferðum væri beitt við innheimtu, og í sannleika sagt er það fyrirtækjum ekki til neins góðs, þegar til lengdar lætur, að þau komist upp með að skila ekki söluskatti í ákveðnum gjalddögum. Til þess að kippa þessum málum í lag hefur fjmrn. nú gefið út bein fyrirmæli til allra innheimtumanna um að beita tafarlaust lokunarreglum, svo sem gert er hér í Reykjavík, ef söluskattur er ekki greiddur í tæka tíð, og taka slík fyrirmæli gildi nú í haust. Mun því verða fylgt fast eftir, að þessum fyrirmælum verði hlýtt, en þar sem því miður hafa á ýmsum stöðum safnazt gamlar söluskattsskuldir, verður að sjálfsögðu að gefa tækifæri til þess að semja um einhvern greiðslufrest á þeim. Hliðstæðar reglur voru fyrir nokkru settar á varðandi innheimtu tolla, en því miður hafði það tíðkazt í ýmsum tollumdæmum, að vörur væru afgreiddar án tollgreiðslna. Tilkynnti rn. fyrir alllöngu, að hinum þyngstu viðurlögum samkv. tollskrárl. yrði beitt, ef slíkt ætti sér stað, en hins vegar hefur verið gefinn kostur á að gera samninga um nokkurn greiðslufrest varðandi þau mistök, sem áður hafa átt sér stað í þessum efnum. Höfuðatriðið er að sjálfsögðu það, að koma þessum málum í lag, en ekki að gera svo harðar kröfur, að það beinlínis komi vissum fyrirtækjum fyrir kattarnef, enda má segja, að hér sé ekki aðeins um þeirra sök að ræða, heldur eins mikil linkind innheimtumanna.

Á síðustu tveimur þingum hafa verið samþ. þrjú lagafrv., sem eru allveigamikil, varðandi tollamál. Má fyrst nefna tollskrárbreytinguna á árinu 1968, sem fól í sér lækkun tolla á ýmsum vöruflokkum, er áætlað var, að næmi um 160 millj. kr. á ári. Í annan stað var samþ. víðtæk, formleg breyting á tollskránni á síðasta ári til samræmingar við Brüssel-tollskrána. Enda þótt ekki fælust í þeim breytingum tollalækkanir almennt, var þar um nauðsynlegar lagfæringar og skipulagsbreytingar að ræða. Í þriðja lagi var á síðasta þingi samþ. heildarlöggjöf um tollheimtu og tolleftirlit, sem felur í sér ýmsar nýjungar, sem tvímælalaust verður að telja til bóta, bæði fyrir tollgreiðendur og styrkir einnig tolleftirlitið. Allt er þetta þó smávægilegt miðað við það stóra viðfangsefni, sem við stöndum andspænis, ef Ísland gerist aðili að Fríverzlunarbandalaginu. Í sambandi við þær umr. hefur verið um það talað, að tollar á vörum frá Fríverzlunarbandalagslöndum yrðu smám saman lækkaðir á 10 árum, þar til þeir yrðu afnumdir með öllu. Hér er þó aðeins um verndartolla að ræða, en ekki fjáröflunartolla, það eru tollar, sem leggjast jafnt á innlenda og erlenda framleiðslu, eða tolla á vörum, sem ekki eru framleiddar hér á landi.

Að því hefur verið stefnt, að Ísland gæti orðið fullgildur aðili Fríverzlunarbandalagsins 1. janúar n.k., ef viðunandi samningar næst við bandalagið, og taki þá jafnframt gildi 30% lækkun á verndartollum og Fríverzlunarbandalagsvörum, en síðan yrði aðlögunartími án frekari tollalækkana í 4 ár, þar til næsta tollalækkun kæmi. Áætlað er, að þessi tollalækkun mundi lækka tolltekjur ríkissjóðs um 390 millj. kr., og verður þá að sjálfsögðu óumflýjanlegt að gera samstundis ráðstafanir til þess að afla þeirra tekna með öðrum hætti, því að svo sem fjárlagafrv. ber með sér og raunar þarf ekki að útskýra, getur ríkissjóður að sjálfsögðu ekki misst slíkan tekjustofn án þess að fá aðrar tekjur á móti. Enda þótt formlegar till. liggi enn ekki fyrir um þetta efni og ríkisstj. hafi ekki um það tekið endanlega ákvörðun, þá vil ég endurtaka það, sem ég raunar áður hef sagt í fjárlagaræðum, að ef kæmi til tollalækkana, annaðhvort vegna inngöngu Íslands í Fríverzlunarbandalagið eða af öðrum orsökum, því að sannast sagna er mikil

nauðsyn að lækka almenna innflutningstolla hér á landi, þá mundi eðlilegast að vinna þann tekjumissi upp með hækkun á söluskatti. Hefur beinlínis af þessum ástæðum verið þannig á málum haldið, að söluskattur hefur hér á landi ekki verið hækkaður í 5 ár, og er nú söluskattur hér langlægstur á Norðurlöndunum og enda þótt víðar væri leitað. Mundi söluskattur, enda þótt þyrfti að vinna upp nú umræddan tekjumissi vegna lækkunar aðflutningsgjalda, ekki þurfa að hækka meira en svo, að hann yrði áfram hóflegur miðað við Norðurlöndin og raunar fleiri lönd. Teldi ég jafnvel koma til álita að hækka söluskattinn eitthvað meira en svarar tollalækkununum til þess að geta í leiðinni afnumið ýmsa leiða sérskatta, sem ég hef áður vikið að og sem í senn gera skattkerfið flókið og eru kostnaðarsamir í álagningu og innheimtu. En ekki er tímabært að fullyrða neitt um það efni á þessu stigi málsins.

Ég tel ekki ástæðu til þess að ræða EFTA-málin að öðru leyti hér, enda mun viðskmrh. vafalaust gera þinginu grein fyrir þeim, þegar ástæða verður til. En svo sem kunnugt er, er einnig starfandi sérstök EFTA-nefnd, sem skipuð er fulltrúum allra þingflokka, þannig að allir flokkar hafa aðstöðu til þess að fylgjast með framvindu EFTA-málsins. Allt þetta ár hefur sleitulaust verið unnið að undirbúningi málsins, bæði með viðræðum við EFTA-ráðið í Genf og við einstakar ríkisstj. og sérfræðinganefndir og einnig hér heima við undirbúning á nauðsynlegum breytingum á tollalöggjöfinni, og jafnframt hefur á vegum iðnrekenda verið starfandi mikill fjöldi sérnefnda til að rannsaka aðstöðu hinna ýmsu þátta iðnaðarins, ef til EFTA-aðildar kæmi og sérfræðileg athugun á stöðu iðnaðarins færi fram á vegum iðnmrn. Allt til þessa hefur skynsamleg yfirvegun og raunhæft mat allra aðstæðna virzt ráða gerðum langflestra, ef ekki allra þeirra, sem nálægt málinu hafa komið, og þá ekki sízt þeirra, sem mestra hagsmuna hafa að gæta, bæði jákvætt og neikvætt, og er þess mjög að vænta, þar sem um svo stórfellt mál er að ræða og miklir hagsmunir í húfi, að slíkur andi gæti orðið ríkjandi einnig hér á hinu háa Alþ., þegar að því kemur að ráða málinu endanlega til lykta.

Í sambandi við lækkun tolla og hækkun söluskatts er eðlilegt, að komi upp í huga ýmissa spurningin um það, hvort við eigum ekki að fylgja fordæmi annarra þjóða og breyta söluskattinum í svokallaðan virðisaukaskatt. Fjmrn. hefur fylgzt mjög vandlega með þróuninni í þessum málum, auk þess sem það hefur verið rætt á fjmrh.-fundum núna síðustu árin, en aðdragandinn að virðisaukaskattinum hefur í ýmsum löndum verið mjög langur, t.d. í Svíþjóð, þar sem málið hefur verið á dagskrá í áratug, en nú er svo komið, að horfur eru á, að virðisaukaskattur verði innleiddur á öllum Norðurlöndum. Hann hefur þegar verið í gildi í Danmörku í rúmt ár, hefur nýlega verið lögfestur í Svíþjóð, er á lokastigi að hljóta lögfestingu í Noregi og var eitt af kosningamálum þar og Finnar hafa lokið heildarathugun málsins og liggur nál. til endanlegrar ákvörðunar hjá ríkisstj. landsins. Um síðustu áramót var virðisaukaskattur innleiddur í öllum löndum Efnahagsbandalagsins. Virðisaukaskattur mundi í reyndinni ekki hafa í för með sér miklar breytingar hér á Íslandi, af því að við höfum svo almennan söluskatt bæði á vörum og þjónustu. Hins vegar er því ekki að leyna, að virðisaukaskatturinn er ýmsum atvinnurekstri hagkvæmari heldur en söluskattur og leggst þyngra á neyzlu, og hefur skatturinn því af þeim sökum í ýmsum löndum mætt andstöðu frá almenningi. Það er þá einnig ljóst, að einmitt af þessum sökum getur það rýrt samkeppnisaðstöðu fyrirtækja, ef virðisaukaskattur er ekki í gildi í viðkomandi landi, og mun það hafa átt sinn þátt m. a. í því, að virðisaukaskatturinn var innleiddur samtímis í Efnahagsbandalagslöndunum og Danir urðu fyrstir til að innleiða hann Norðurlandanna, m. a. vegna viðskipta sinna við Efnahagsbandalagslöndin. Málið þarf því að skoðast rækilega niður í kjölinn einnig hér á landi og hefur þegar verið haft samband við danska fjmrn., sem hefur lofað að veita alla aðstoð varðandi upplýsingar um reynsluna í Danmörku af skatti þessum, en rétt þótti að bíða með að leggja málið fyrir hér, þar til sýnt væri, hver reynsla yrði af skattinum í Danmörku. Með hækkun söluskattsins hér á landi gæti orðið mikilvægara að innleiða virðisaukaskattinn, vegna þess að kerfið er þannig upp byggt, að það felur í sér traustara eftirlit með skattheimtunni, en hins vegar er kerfið það flókið að ýmsu leyti og margþætt, að það hefur í för með sér aukna fyrirhöfn fyrir greiðendurna og hin ýmsu fyrirtæki. Öll þessi atvik verður að sjálfsögðu að meta og ég tel rétt að stefna að því, að virðisaukaskattsmálið verði tekið til heildarathugunar hjá okkur á næsta ári og menn hafi gert sér grein fyrir kostum þess og göllum, þegar næsta þing kemur saman.

Herra forseti. Svo sem greinargerð mín um stöðu ríkissjóðs nú undanfarin tvö ár hefur leitt í ljós, hefur ríkissjóður verið með nokkurn rekstrarhalla á árinu 1967 og 1968 og verður það sennilega einnig í ár. Þessi rekstrarhalli er að vísu smávægilegur, miðað við hinar efnahagslegu aðstæður í þjóðfélaginu og hversu djarft hefur verið teflt varðandi afkomu ríkissjóðs til þess að reyna að íþyngja borgurunum sem minnst á erfiðleikatímum. Vegna erfiðleika í innheimtu ríkistekna og vaxandi veltufjárþarfar ríkissjóðs, er leiðir af hækkandi ríkisútgjöldum, hafa hins vegar myndazt svo miklar lausaskuldir við Seðlabankann, að þar er um hættulega þróun að ræða fyrir efnahagskerfið í heild. Við afgreiðslu þessara fjárl. verður því að sýna þá gætni, að umfram allt sé hægt að framkvæma þá lækkun lausaskulda, sem lagt er til í frv., og helzt að mynda nokkurn greiðsluafgang, sem geti orðið rekstrarfé ríkissjóðs, sem mundi koma atvinnulífinu í heild til góða í auknum útlánamöguleikum Seðlabankans og styrkja efnahagskerfið. Þróun efnahagsmála á yfirstandandi ári staðfestir ótvírætt, að efnahagsaðgerðir ríkisstj. hafi í öllum meginatriðum verið réttar, sem birtist í senn í batnandi gjaldeyrisstöðu, stórvaxandi innstæðum í lánastofnunum og nýjum þrótti, sem er að færast í atvinnulífið. Það er að vísu svo, að um stundarsakir getur jákvæð þróun þjóðarbúskaparins haft neikvæð áhrif á stöðu ríkissjóðs, og er þróunin í ár, þegar bæði hefur stórlega dregið úr innflutningi og viðskiptaveltu, glöggt dæmi þess. Þegar til lengdar lætur falla þó í sama farveg þróun þjóðarbúskapar og ríkisbúskapar í þrengri merkingu. Það er þegar orðið ljóst, að með skynsamlegum viðbrögðum tekst þjóðinni á ótrúlega skömmum

tíma að hefja sig upp úr þeirri miklu lægð efnahagslegra erfiðleika, sem hún hefur verið í um skeið. Og það er engum efa bundið, að þessir erfiðleikar, sem eru einstæðir meðal þróaðra þjóða, geta orðið okkur til góðs, ef við drögum af þeim rétta lærdóma. Þótt ekki sé rétt af mér að fella neinn dóm um stjórn ríkisfjármála á þessu tímabili, má benda á, að á þessu erfiðleikatímabili hafa ekki verið skert nein félagsleg hlunnindi þjóðfélagsborgaranna, heldur beinlínis með ríkisframlögum komið í veg fyrir kjaraskerðingu öryrkja og aldraðra og stórfelld aukning orðið á framlögum til heilsugæzlu og menntunar. Hins vegar hefur auðvitað reynzt óumflýjanlegt að beita öllu tiltæku aðhaldi um ríkisútgjöld og synjað um framlög til margvíslegra umbótamála, sem vissulega hefði verið æskilegt að sinna.

Ég lýk máli mínu með því að benda á þá staðreynd, sem ætti að vera öllum ljós, en því miður gleymist of oft, að ríkissjóðurinn er sameignarsjóður allrar þjóðarinnar, sem er lágmarkskrafa til okkar hvers og eins, að við umgöngumst, a. m. k. ekki með minni ráðdeild en okkar eigin fjármuni, og jafnhliða sérhverri kröfugerð okkar á hendur þessum sameignarsjóði verðum við annaðhvort að vera reiðubúnir að draga úr kröfugerð á öðrum sviðum eða mæta með jákvæðu hugarfari nýrri fjáröflun.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Enn er Alþ. komið saman til funda og við óbreyttir þm. höfum daglegt samneyti við 7 hæstv. ráðh. Kynni okkar af ráðh. nú í haust staðfesta betur en nokkru sinni fyrr þá mynd af ríkisstj., sem hefur verið að grópast æ fastar inn í vitund landsmanna síðustu árin. Þessir hæstv. ráðh. eru ekki aðeins fulltrúar stjórnarstefnu, sem hefur reynzt röng og háskaleg, sem hefur breytt góðæri í illæri og leitt atvinnuleysi yfir þúsundir heimila, heldur eru þeir einnig uppgefnir einstaklingar. Ráðh. eiga ekkert til af þeim krafti og þeirri einbeitni, sem mótaði þá í upphafi viðreisnartímabilsins, meðan þeir höfðu trú á því, að fræðikenningarnar mundu standast. Nú hefur sú trú verið frá þeim tekin, eins og skiljanlegt er, en ekkert hefur komið í staðinn. Æðstu valdhafar þjóðarinnar eru um þessar mundir vonsviknir menn og þreklausir. Þeir lifa samkv. þeirri meginreglu að láta hverjum degi nægja sína þjáningu. Þeir hafa ekkert yfirlit yfir viðfangsefni sín, heldur láta þeir vandamálin hrannast upp umhverfis sig og reyna þá loks að klóra sig út úr ógöngunum, þegar allt er komið í óefni. Þeir hafa ekki frumkvæði að lausn á nokkrum vanda, en láta undan þjóðfélagslegum þrýstingi, jafnt í skólamálum sem atvinnumálum. Til að mynda hefur allt það, sem gert hefur verið í atvinnumálum síðustu árin, átt upptök sín í verkalýðshreyfingunni, þótt hugmyndir hennar og kröfur hafi verið hagnýttar allt of illa og allt of seint. Þetta ásigkomulag hæstv. ráðh. mótar einnig það fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir til 1. umr.

Það er vandasamt verk að semja fjárlagafrv. um þessar mundir. Á síðustu árum hafa orðið þvílíkar sveiflur og kollsteypur í efnahagslífi Íslendinga, að hliðstæður verða ekki víða fundnar. Gjaldeyristekjur hafa dregizt stórlega saman eftir óviðjafnanleg happaár, gengi krónunnar hefur verið fellt tvívegis með tæplega árs millibili, verðbólgan hefur magnazt örar en nokkru sinni fyrr. Öll hafa þessi umskipti haft hin stórfelldustu áhrif á atvinnuvegi, eigna- og tekjuskiptingu og afkomu hvers manns í landinu að heita má. Alvarlegasti þáttur þessara breytinga er það stórfellda atvinnuleysi, sem hófst haustið 1967 og hefur nú staðið sem samfellt ástand í meira en eitt ár. Það verkefni, sem nú er brýnast allra verkefna og þjóðin þarf að einbeita sér að, er að hefja atvinnuvegi þjóðarinnar á nýjan leik til þeirra afkasta, að hverjum landsmanni bjóðist verk að vinna, auk þess sem nauðsynlegt er að endurskipuleggja allt menntakerfi þjóðarinnar, margfalda framlög til vísindarannsókna og tilrauna og búa þannig í haginn fyrir nýtt framfaraskeið í efnahagsmálum og atvinnumálum. Ef eitthvert vit á að vera í fjárlagasmíði, verða öll þessi atriði að vera snar þáttur fjárl. og allt baksvið þeirra. En því er ekki að heilsa um það fjárlagafrv., sem hér er til umr. Það er engu líkara en hæstv. fjmrh. og félagar hans hafi haft mjög takmarkaða hugmynd um þau vandamál, sem þjóðin á í höggi við um þessar mundir. Þetta frv. er eins og það sé samið í filabeinsturni án tengsla við fólkið í landinu. Tilgangur þess er ekki sá að breyta núverandi ástandi í þjóðfélaginu. Því er ekki ætlað að létta undir með þegnunum í erfiðri lífsbaráttu. Það er í öllum meginatriðum miðað við óbreytt þjóðfélagsástand. Það er meira að segja ein af forsendum þessa frv., að atvinnuleysi haldist á næsta ári jafnmikið og í ár. Í skýringum á bls. 147 segir svo, að tekjuáætlun sé byggð á þjóðhagsspá Efnahagsstofnunarinnar, en þar sé, eins og hæstv. fjmrh. sagði áðan, gert ráð fyrir, að atvinnuástand verði ekki lakara en það muni að jafnaði verða í ár. Atvinnuástandið á ekki að verða lakara, en það er gert ráð fyrir því, að það geti orðið jafn slæmt, að atvinnuleysingjahópurinn geti eftir áramótin á nýjan leik komizt yfir 6000 manna, að menn verði skráðir atvinnulausir einnig um mitt næsta sumar, að verkafólk haldi áfram að leita sér að atvinnu í nágrannalöndunum eða þiggi boð agenta um að flytjast til Ástralíu. Þannig eru hinar félagslegu forsendur þessa frv., sama þrekleysið, sem einkennir rn. öll. Í rauninni má segja, að þetta frv. sé í öllum meginatriðum sama frv. og lagt var fram í fyrra, tölunum fyrst og fremst breytt í samræmi við breytt verðlagsástand í landinu.

Þetta frv. er í rauninni ekki samið af mönnum með vilja og stefnu, heldur af köldum reiknivélum. Þetta er ómengað íhaldsfrv. En tölunum hefur verið breytt. Þær hafa allar verið hækkaðar í samræmi við þá stórfelldu verðbólguþróun, sem gengur yfir þjóðina ár hvert. Tekjur þær, sem ríkissjóður ætlar að sækja til þegnanna, hækka um tæpan milljarð, nánar tiltekið um 985.6 millj. kr. eða um 13.9%. Þetta eru 5000 kr. á hvert mannsbarn í landinu, yfir 20 þús. kr. á hverja meðalfjölskyldu fram yfir það, sem ríkissjóður sækir til þegnanna á þessu ári.

En hvernig eru launamenn búnir undir það að greiða þessa hækkun? Síðustu árin hefur raunverulegt kaup launamanna verið skert mjög tilfinnanlega. Jafnvel tekjulægsta fólk í landinu hefur verið neytt til þess að gefa eftir af vísitölubótum sínum, svo til allir verkamenn búa við mun lægri ráðstöfunartekjur vegna minnkandi atvinnu og þúsundir hafa haft reynslu af atvinnuleysi langtímum saman. Svo er nú sorfið að

launafólki, að fjölmargir hafa fulla ástæðu til þess að óttast, að þeir missi íbúðir sínar og eignir, eins og marka mátti af því, að hæstv. félmrh. sá þann kost vænstan að gefa út brbl. í sumar til þess að létta greiðslubyrði íbúanna í Breiðholti og forða því þjóðfélagslega hneyksli, að verkafólk þar yrði borið út úr nýfengnum íbúðum sínum. Hversu stórfelld tekjuskerðingin hefur verið að jafnaði má marka af því, að Jóhannes Nordal seðlabankastjóri greindi nýlega frá því, að gjaldeyrisstaðan hefði batnað að undanförnu sökum þess, að innflutningur, mestmegnis á neyzluvarningi, hefði um skeið minnkað um nær 20%. Þannig hafa landsmenn sparað við sig í innkaupum. Það eru þau heimili, sem þannig er ástatt fyrir, sem nú eiga enn að auka greiðslur sínar í ríkissjóð um rúmlega 20 þús. kr. á hverja meðalfjölskyldu. Og vissulega eru það fjölskyldurnar, sem standa undir fjárl. Yfir 80% af tekjunum eru aðflutningsgjöld og söluskattar. Í hvert skipti, sem húsmóðir réttir greiðslu fyrir nauðsynjavöru yfir búðarborð, er hún að greiða ríflegan skatt í ríkissjóð. En hver halda menn, að hlutur gróðafélaga sé? Niðurstöðutala fjárl. er nú rúmar 8000 millj. kr. Tekjuskattur félaga er hins vegar aðeins 86 millj. og eignarskattur félaga 33 millj. Þessir megingjaldaliðir félaga í ríkissjóð nema samtals 1½%. Ég staðhæfi, að í víðri veröld fyrirfinnst ekki nokkurt þjóðfélag, þar sem gróðaaðilar bera jafn sáralítinn hluta af tekjum ríkissjóðs.

En einsdæmin eru fleiri. Eins og ég sagði áðan, á tekjuöflun ríkissjóðs á næsta ári að verða yfir 8000 millj. kr., án þess að í frv. sé gert ráð fyrir nokkrum sérstökum ráðstöfunum til þess að leysa þau stórfelldu nýju vandamál, sem hrannazt hafa upp í efnahagsmálum og menntamálum. Þetta er óhemjulega há upphæð. Hún er hvorki meira né minna en þriðjungur af öllum þjóðartekjum Íslendinga. Ég efast um, að unnt sé að finna margar þjóðir í víðri veröld, þar sem upphæð fjárl. er jafnmikill hluti af þjóðartekjum, jafnvel ekki meðal þeirra þjóða, sem eyða hæstum fúlgum í herkostnað. Nú er það að vísu eðlilegt, að við verðum að eyða háum upphæðum í sameiginlegan kostnað, örfámenn þjóð í stóru landi, og sízt hef ég á móti því í meginatriðum, að hinn samfélagslegi þáttur þjóðarteknanna haldi áfram að vaxa. En slíkri tekjuöflun eru takmörk sett. Þar er það sjálf undirstaðan, sem sker úr, atvinnuvegirnir í landinu, framleiðslukerfið og þar með gjaldþol þegnanna. Ef atvinnuvegirnir eru of veikir, ef lagðar eru of þungar byrðar á þá, brotna þeir undan farginu, og þá kemur hugvitsamleg tölvuskipting á tekju- og gjaldaliðum fjárl. fyrir lítið. Þarna tel ég vera stórfelldustu veiluna í sambandi við fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. Þetta atriði þurfa alþm. fyrst og fremst að ræða, áður en frv. verður samþ.

Í frv. sjálfu eru vissulega mörg álitamál og deilumál, en ágreiningur okkar um þau atriði verður deila um keisarans skegg, ef undirstöður frv. standast ekki. Framleiðslukerfi okkar er grundvöllur þessa frv. og ef sú undirstaða bregzt, er tómt mál að deila um upphæðir til menntamála, félagsmála, heilbrigðismála og annarra þarfa. Þegar rætt er um vanda framleiðslunnar, er málsvörn ríkisstj. ævinlega sú, að þjóðin hafi orðið fyrir óviðráðanlegum ytri áföllum vegna minnkandi afla og lækkandi verðs á erlendum mörkuðum, útflutningstekjur þjóðarinnar hafi dregizt saman um helming frá árunum 1966–68. Þessar lýsingar voru áðan endurteknar í ræðu hæstv. fjmrh. En þetta er aðeins hluti af sannleikanum. Jafnmikilvæg er sú staðreynd, að á árunum 1962–1966 tvöfölduðust útflutningstekjur Íslendinga vegna metafla ár eftir ár og síhækkandi verðlags á útflutningsvörum okkar. Allir raunsæir menn vissu, að þessi höpp gátu ekki staðizt til frambúðar. Það, sem gerzt hefur á árunum eftir 1966, er ekki það, að einhver óumræðileg áföll hafi dunið yfir þjóðina, heldur hafa meðalár tekið við af einstökum happaárum, meðalár, sem stjórnarvöld verða alltaf að reikna með sem grundvelli í áætlunum sínum. Þegar ríkisstj. notar góðærin sem forsendu, fer henni eins og manni, sem unnið hefur stóra vinninginn í happdrætti og telur sig svo verða fyrir stóráfalli, ef hann vinnur ekki stóra vinninginn aftur næsta árið á eftir.

Á árabilinu 1962–1966 áskotnuðust þjóðinni gjaldeyristekjur umfram meðalár, sem námu á núverandi gengi nær 20 milljörðum kr. Á þessu sama árabili hélt ríkisstj. áfram að taka lán erlendis og flytja þá fjármuni inn í landið. Erlendar skuldir þjóðarinnar nema nú yfir 12000 millj. kr. eða rúmum 60 þús. á hvert mannsbarn í landinu, fjórðungi millj. á meðalfjölskyldu. Árlegir vextir og afborganir til útlanda eru 2260 millj. kr. eða sem svarar árslaunum 15000 verkamanna. Greiðslubyrðin er nær 16% af árlegum gjaldeyristekjum, en það er eitthvert hæsta hlutfall, sem um getur í nokkru landi heims. Hagfræðingar telja, að ef greiðslubyrðin fer yfir 10%, blasi við hætta á þjóðargjaldþroti. Ef þessir fjármunir, stórauknar gjaldeyristekjur og óhemjuleg erlend lán, hefðu að verulegu leyti farið til þess að efla framleiðslukerfið, hefði ástandið á Íslandi verið annað en nú. Þá hefðum við getað fengizt við meðalár án þess að lenda í efnahagslegum vanda. En raunin varð öll önnur. Á tekjuárunum miklu drógust ýmsar helztu atvinnugreinar Íslendinga saman, atvinnutækin úreltust og urðu miklu einhæfari en fyrr. Fjármunirnir fóru fyrst og fremst í þjóðfélagslega yfirbyggingu og skammsýna gróðafjárfestingu, sem orðið hefur baggi á þjóðfélaginu, en ekki lyftistöng. Þess gerist ekki þörf, að ég reki þróun einstakra atvinnugreina á þessu tímabili. Menn þekkja þá sögu. Hún hefur svo oft verið rifjuð upp, hvernig togaraflotinn hefur minnkað um meira en helming, hvernig bátaflotinn hefur orðið miklu einhæfari en áður og verr til þess fallinn að fullnægja þörfum fiskiðnaðarins, hvernig freðfiskframleiðslan minnkaði stórlega á Íslandi á sama tíma og hún margfaldaðist í nágrannalöndum okkar.

En e. t. v. er ástæða til þess að minna á nokkrar staðreyndir um iðnaðinn, vegna þess að stjórnarvöld reyna nú mjög að lýsa umhyggju sinni fyrir honum. Hæstv. iðnmrh. notar það mjög sem röksemd, að fjármunamyndun í iðnaði hafi aukizt stórlega á þessu tímabili. Vissulega er það rétt. En fjármunamyndun hefur ekkert þjóðhagslegt gildi nema hún sé notuð til framleiðslu. Vélar, sem ekki snúast, verksmiðjuhúsin standa auð og tóm, skautahöll í stað framleiðslu. Staðreyndir af þessu tagi sýna fjármunamyndun, sem er baggi á þjóðfélaginu, en ekki lyftistöng. Það er framleiðsla í iðnaði, sem sker úr, og vinnuaflsnotkun í þessari atvinnugrein gefur mjög skýra vísbendingu. Ég

skal nefna nokkur dæmi um það, hvernig ástatt var á því sviði 1967 eftir góðæristímabilið. Árið 1967 hafði vinnuaflsnotkun í fiskiðnaði dregizt saman um rúmlega 21% frá næstu árum þar á undan. Vinnuaflsnotkun í málmsmíði hafði minnkað um 16%, vinnuaflsnotkun í vefjariðnaði hafði minnkað um 10%, vinnuaflsnotkun í skógerð og fatagerð hafði minnkað um tæp 30%, vinnuaflsnotkun í pappírsiðnaði hafði minnkað um rúm 17%, vinnuaflsnotkun í skinna- og leðuriðnaði hafði minnkað um 21%. Í heild hafði vinnuaflsnotkun í iðnaði dregizt saman á árinu 1967 frá árinu 1965 um tæplega 9%. Ellefti hver maður, sem starfað hafði í þeirri atvinnugrein, hafði verið látinn hætta, vegna þess að iðnaður okkar stóðst ekki hömlulausa samkeppni við erlendan iðnvarning.

Það eru þessar staðreyndir, en ekki nein óvænt ytri áföll, sem eru meginskýringin á atvinnuleysinu, sem nú hefur verið samfellt í meira en ár og allir óttast, að muni enn magnast til muna á næstu mánuðum. Það eru þessar staðreyndir, sem valda því, að ástæða er til að spyrja hæstv. fjmrh., hvort framleiðslukerfið rísi undir því, að 8 milljarðar kr., þriðjungur þjóðarteknanna, renni í ríkissjóð. Það stoðar ekki að sakast um orðinn hlut, segja menn, og rétt er það. En hitt er jafnmikilvægt, að menn læri af reynslunni og kveði upp dóma sína á grundvelli hennar. En það, sem nú skiptir máli, er, að þjóðin sameinist um stórfellt átak til þess að efla atvinnuvegi sína, þann grundvöll, sem staðið geti undir sómasamlegum lífskjörum og vaxandi samneyzlu. En hver er forysta hæstv. ríkisstj. á því sviði? Ríkisstj. neitar enn sem fyrr að hafa nokkra forystu um nýsköpun atvinnuveganna, og var sú afstaða ítrekuð af hæstv. fjmrh. í ræðunni áðan. Ríkisstj. hafnar enn sem fyrr þeirri stefnu, að Íslendingar geri og framkvæmi áætlun um þá hagþróun, sem óhjákvæmileg er, ef þjóðin á að halda velli. Áhugi hæstv. ríkisstj. beinist allur að öðru. Framtíðarsýnir hennar eru bundnar við sívaxandi, erlendan atvinnurekstur á Íslandi. Áróðursmenn hennar tala um nýjar, erlendar alúmínbræðslur, einar 6–7 á næsta áratug, olíuhreinsunarstöð í eigu útlendinga, sjóefnaverksmiðju í eigu útlendinga o. s. frv. Og því er haldið fram, að reynslan hafi þegar staðfest, að sú stefna sé rétt að eftirláta útlendingum þróun atvinnulífs á Íslandi, alúmínbræðslan í Straumi sé órækur vitnisburður um það, þaðan drjúpi nú þegar 30 millj. inn á fjárlagafrv. næsta árs, eins og hæstv. fjmrh. tíundaði dyggilega í ræðu sinni hér áðan.

En hverjar eru staðreyndirnar um viðskipti Íslendinga við alúmínbræðsluna í Straumsvík? Ég veitti því athygli, að þegar Búrfellsvirkjun tók til starfa í haust og samningarnir við alúmínbræðsluna tóku gildi, kom ekki til þeirra hátíðahalda, sem tíðkazt hafa á Íslandi við slík tímamót. Það voru ekki lögð fram nein gögn um kostnað við virkjunarframkvæmdir, ekki greint frá því, hver yrði kostnaður á kwst. frá Búrfellsvirkjun, ekki rakið, hvað hin íslenzka virkjun hagnaðist mikið á viðskiptunum við hið erlenda fyrirtæki. Hér var auðsjáanlega um að ræða feimnismál, sem hæstv. ríkisstj. reyndi að fela bak við almennar staðhæfingar.

Ég hef aflað mér vitneskju um þessi feimnismál. Kostnaður við Búrfellsvirkjun hefur farið stórlega fram úr áætlun. Ekki stoðar að nota íslenzkar kr. í þeim samanburði vegna tveggja gengislækkana. Þá yrði hækkunin ekki minni en 150%. En sé reiknað í dollurum kemur í ljós, að í júnílok í sumar var byggingarkostnaður orðinn 25% hærri en reiknað hafði verið með. Fjárfesting í þessu fyrirtæki var orðin fjórðungi meiri en ætlað var, og það hefur raskað öllum áætlunum. Kostnaður við Búrfellsvirkjun og ráðstafanir, sem henni eru tengdar, eins og gasaflsstöðina, sem á að tryggja alúmínbræðslunni öruggt raforkumagn, er nú orðinn 3770 millj. kr. Reksturskostnaður er sem kunnugt er reiknaður 10% af þeirri upphæð og framleiðslumagnið á ári er 840 millj. kwst. Framleiðslukostnaður á kwst. er því, eins og nú standa sakir, 45 aurar. Og hvað greiðir svo alúmínbræðslan fyrir raforkuna? Hið samningsbundna verð er 22 aurar á kwst. Það verður að vísu bókfært í nokkur ár sem 26.4 aurar, en 4.4 aurar eru fengnir með því að lækka framleiðslugjald alúmínverksmiðjunnar í ríkissjóð um þá upphæð. Hið raunverulega verð er 22 aurar, aðeins helmingur af framleiðslukostnaði. Magnið, sem alúmínbræðslan fær, er ca. 530 millj. kwst. á ári. Greiðsla alúmínbræðslunnar fyrir þá raforku alla verður um 120 millj. kr. undir kostnaðarverði. Þessi met verða aðeins jöfnuð með því að láta íslenzka neytendur greiða þeim mun hærra verð fyrir raforku, sem þeir nota. Íslendingar verða á næsta ári að greiða 120 millj. kr. í eins konar útflutningsuppbætur með raforkunni til bræðslunnar í Straumi. Framleiðslukostnaður á raforku frá Búrfellsvirkjun lækkar til mikilla muna, þegar stöðin tekur til starfa með fullum afköstum. Þegar fullur vélakostur er kominn í raforkuverið og lokið er miðlunarframkvæmdum í Þórisvatni, verður heildarkostnaðurinn kominn upp í 4370 millj. kr. Raforkuframleiðslan verður þá 1680 millj. kw-stundir á ári og þá lækkar framleiðslukostnaðurinn á kw-stund í 26 aura. Engu að síður verður hann 4 aurum hærri en alúmínbræðslan greiðir. Þegar alúmínbræðslan verður komin í fulla stærð, á hún að fá um 1120 millj. kw-stundir á ári. Fjögurra aura tap á kw-stund jafngildir þannig á ári um 45 millj. kr. Þannig verður ástandið, eftir að framleiðsla Búrfellsvirkjunar verður orðin eins hagkvæm og hún getur orðið. Íslendingar eiga til frambúðar að greiða með raforkunni. Og í þessu dæmi er reiknað með því, að framleiðslan gangi eins vel og vonir standa til. Að ísamyndanir valdi engum truflunum á rekstri eins og ýmsir sérfræðingar óttast þó að verða muni. Þessar alvarlegu staðreyndir komu okkur Alþb.-mönnum ekki á óvart. Við vöruðum mjög við því, að þannig mundi fara, áður en samningarnir voru gerðir og færðum að því margvísleg rök í Þjóðviljanum og ræðum hér á þingi. En því miður var ekki tekið mark á aðvörunum okkar. En nú kemst enginn hjá því að taka mark á þeim staðreyndum, sem við blöstu. Fullyrðingar stjórnarvalda um hagnaðinn af því að eftirláta útlendingum að hagnýta orkulindir okkar hafa reynzt staðlausir stafir. Ekki aðeins flyzt arðurinn af orkuframleiðslunni úr landi, heldur verðum við að greiða stórfé með raforkunni. Þessi samningsgerð er eitthvert stórfelldasta stjórnmála- og fjármálahneyksli, sem gerzt hefur hér á landi. Sú ríkisstj., sem þannig hefur staðið að verki, hefur unnið sér svo mjög til óhelgi, að henni ætti ekki að vera vært í stjórnarráðinu stundinni lengur. Hefðu

hæstv. ráðh. pólitíska sómatilfinningu, ættu þeir að segja af sér tafarlaust. Ég trúi ekki öðru en þetta stórmál hafi verið rætt gaumgæfilega innan hæstv. ríkisstj. að undanförnu, og ég vil skora á hæstv. fjmrh. að gera í ræðu sinni hér á eftir grein fyrir niðurstöðunum af þeim umr.

Raunar er sitthvað fleira af fjármálatagi, sem hæstv. ráðh. mætti gera grein fyrir, þó að það sé smærra í sniðum en þessi ósköp. Fyrir nokkrum dögum var skýrt frá því í fréttum, að opnuð höfðu verið tilboð í undirbyggingu Vesturlandsvegar um Elliðaár og Ártúnsbrekku. Áætlun Vegagerðar ríkisins um kostnað af þessari framkvæmd nam 25 millj. kr., en lægsta tilboðið, frá Loftorku h.f., var hvorki meira né minna en 10 millj. kr. lægra eða tæpar 15 millj. Þetta eru afar fróðlegar staðreyndir, m. a. vegna þess, að á síðasta ári var samið um lagningu á öðrum hluta af þessum vegi. Það verk var hins vegar ekki boðið út, heldur fékk hernámsfyrirtækið Íslenzkir aðalverktakar það án samkeppni við aðra og var sú aðferð réttlætt með því, að Aðalverktakarnir hefðu getað lánað ríkissjóði fé. Íslenzkir aðalverktakar fengu framkvæmd sína greidda með svipuðum reikningsaðferðum og Vegagerð ríkisins notar og námu heildargreiðslur a. m. k. 30 millj. kr. Þær staðreyndir, sem nú eru komnar fram í dagsljósið, bera það með sér, að ef þetta verk hefði verið boðið út, hefði það trúlega fengizt unnið fyrir 17–18 millj. kr. Íslenzkir aðalverktakar fengu hins vegar einokunaraðstöðu og gátu hagnýtt hana til þess að ná aukalega í greiðslur, sem líkur benda til, að nemi 12–13 millj. kr. af almannafé. Fróðlegt væri, að hæstv. fjmrh. vildi skýra þetta dæmi um meðferð á fjármunum almennings.

Dæmin um hliðstæða óreiðu í fjármálum eru því miður fleiri en svo, að ég geti minnzt á þau hér á takmörkuðum tíma. Það hefur til að mynda lengi verið tímabært, að hæstv. fjmrh. gerði opinbera grein fyrir stuðningi ríkisins við verksmiðjuna Álafoss eða ölgerðina Sana á Akureyri eða fyrirrætlunum sínum um ríkisstuðning við Slippstöðina á Akureyri. Á þessum sviðum er um að ræða mjög óvenjulega fyrirgreiðslu, sem tímabært er að rakin sé opinberlega, svo að ljóst verði, hvort getsakir séu réttar, að hér sé verið að nota almannafé til óeðlilegrar pólitískrar fyrirgreiðslu. En eins og ég sagði áðan eru slíkar sakir, hversu alvarlegar sem þær eru, aðeins yfirborð þess meginatriðis, sem starf atvinnuveganna er. Framleiðslukerfið í landinu er undirstaða allra annarra athafna og nýsköpun atvinnuveganna er um þessar mundir langveigamesta viðfangsefni þjóðarinnar. Það verk verður því aðeins unnið, að til komi opinbert félagslegt frumkvæði, aðeins á þann hátt getur jafnlítið þjóðfélag og það íslenzka sameinað krafta sína til þeirra átaka, sem óhjákvæmileg eru.

Við Alþb.-menn höfum nýlega fært rök að því, að með markvissri nýsköpun í sjávarútvegi, iðnaði og landbúnaði væri hægt að tvöfalda gjaldeyristekjurnar á tiltölulega skömmum tíma og þá væri auðveldara að semja skynsamleg fjárlög og láta þau fullnægja fleiri þörfum. Ráðherrarnir segja, að krafa okkar sósíalista um félagslega forystu í atvinnumálum sé höft, en ekki er hægt að hugsa sér algerri öfugmæli. Voru það höft, þegar keyptir voru 32 nýir togarar í stríðslok að opinberu frumkvæði eða þegar farskipafloti, bátafloti og fiskiðnaður voru endurskipulögð á hliðstæðan hátt? Eru Sementsverksmiðja og Áburðarverksmiðja höft? Eru rafvirkjanir höft? Eru það höft, þegar almenningur hvarvetna um land leggur saman krafta sína til þess að starfrækja frystihús og báta? Félagsleg forysta í atvinnumálum felur að sjálfsögðu í sér aukið frelsi vegna þess, að hún gerir landsmönnum kleift að hagnýta orku sína og beina henni í sameiginlegan farveg, þegar þess gerist þörf. Hitt eru hins vegar höft, þegar menn hafna því, af trúnaði við pólitískar kreddur, að ríkisvaldið beiti sér fyrir nauðsynlegri atvinnuþróun, þar sem einstaklingar vilja ekki eða geta ekki leyst verkefnið. Það eru vaxandi höft, þegar togurum fækkar jafnt og þétt, og efnahagsgrundvöllur þjóðarbúsins þrengist. Það eru höft, þegar íbúðarhúsabyggingar detta ofan í þriðjung af þörfinni. Það eru höft, sem landsmenn mega ekki þola, þegar þúsundir manna fá ekki að nota starfsorku sína. Og það eru höft, sem kunna að reynast þjóðinni örlagarík, þegar erlendum auðfélögum er eftirlátið að hagnýta orkulindir okkar með svo furðulegum kjörum, að landsmenn eru skattlagðir stórlega í þágu útlendinganna. Það er þarna, sem andstæðurnar í íslenzkum stjórnmálum mætast. Félagslegur áætlunarbúskapur er eina leið þjóðarinnar, ef hún vill sjálf halda yfirráðum yfir atvinnuvegum sínum og tryggja þá hagþróun, sem gerir okkur kleift að halda til jafns við önnur þjóðfélög. Sú gróðahyggja, sem var kjarni viðreisnarinnar, leiðir hins vegar til þess, eins og reynslan hefur sannað, að þjóðin glatar í vaxandi mæli yfirráðum yfir atvinnuvegum sínum, en þeir lenda í höndum útlendinga, sem beita okkur afarkostum. Þess vegna snúast stjórnmálaátökin í landinu ekki aðeins um það, hvernig við eigum að haga málefnum þessa þjóðfélags, hvernig við eigum að skipta sameiginlegum aflafeng, hvernig við eigum að tryggja félagslegt öryggi. Það er í sívaxandi mæli tekizt á um efnahagslegt fullveldi þjóðarinnar, og í uppgjöf hæstv. ríkisstj. andspænis vandamálum atvinnulífsins birtist ekki aðeins stefna hennar, heldur og þau einkenni ráðh., sem ég vék að í upphafi máls míns, þreytan, þrekleysið og áhugaleysið.

Ég er sannfærður um það, að verulegur meiri hluti þjóðarinnar tekur undir mat mitt á ásigkomulagi hæstv. ráðh. Einnig talsverður hluti þeirra manna, sem kusu stjórnarflokkana 1967. En hvert er þá haldreipi ríkisstj.? Verulegur hluti landsmanna er því miður einnig haldinn þreytu og áhugaleysi. Það er furðulegt, hvað fólk hefur látið yfir sig ganga síðustu 2 árin í atvinnumálum og kjaramálum. Menn láta sér að verulegu leyti nægja að mögla hver í sínu horni, en hafa ekki haft þrótt og áhuga til þess að beita samtökum sínum þannig, að það breyti rás þjóðmálanna. Allt of margir ætlast til þess, að aðrir vinni verkin fyrir þá. Menn fara hörðum orðum um forystu verkalýðshreyfingarinnar og geta fært rök fyrir kenningum sínum, en gæta þess ekki, að trúnaðarmenn verkalýðsfélaganna fara með það vald eitt, sem verkafólk færir þeim í lifandi starfi og framtaki. Forystumenn geta aldrei orðið öflugri en samtökin sjálf. Menn segja, að Alþb. sé of veikt og þreklítið, en styrkur þess er á sama hátt kominn undir

stuðningi allra þeirra, sem vilja knýja fram breytt stjórnarfar. Það stoðar lítið að einblína á okkur, sem nú sitjum á þingi, meta ræður okkar og till. Það, sem fyrst og fremst vantar, er lifandi þátttaka fólksins sjálfs, raunveruleg þjóðarvakning. Menn knýja aldrei fram neinar breytingar, nema með því að taka þátt í baráttu, leggja eitthvað í sölurnar, og vilji menn breyta þjóðmálaástandinu og stjórnarstefnunni á Íslandi, ber þeim að horfast í augu við það af fullu raunsæi, að það getur aðeins, að þar getur aðeins eitt þjóðfélagsafl náð árangri, samtök launamanna og sá flokkur, sem nýtur mests fylgis í verkalýðssamtökunum, Alþb. Þeir, sem vilja breytta stjórnarstefnu, félagslega afstöðu og yfirráð landsmanna sjálfra yfir atvinnutækjum sínum, geta aðeins stuðlað að þeim breytingum með beinni eða óbeinni þátttöku í baráttu verkalýðssamtakanna og Alþb. Önnur öfl, sem duga, eru ekki tiltæk í þjóðfélaginu. Það er að vísu enginn hörgull á framagosum og lukkuriddurum, en árangur þeirra mun aðeins dreifa kröftum og verða þannig til þess að styrkja stjórnarflokkana sjálfa. Það, sem landsmenn þurfa nú á að halda, er annars vegar fullt raunsæi og hins vegar staðfastur stuðningur við sameiginleg markmið, þrátt fyrir ágreining um minni háttar atriði. Aðeins með slíkri baráttu verður unnt að hrekja atvinnuleysisvofuna úr landi og ná á nýjan leik hliðstæðum lífskjörum og tíðkast í grannlöndum okkar. Aðeins með slíkri sameiginlegri sókn verður unnt að tryggja yfirráð Íslendinga yfir auðlindum sínum og atvinnutækjum.

Sigurður Ingimundarson: Herra forseti. Eins og þegar hefur fram komið, hefur verið fylgt þeirri meginstefnu við gerð þessa fjárlagafrv. fyrir árið 1970, sem hér liggur fyrir til umr., að takmarka svo mjög útgjöld ríkissjóðs, að hægt verði að afgr. greiðsluhallalaus fjárlög án þess að leggja á nýja skatta. Heildarhækkun á rekstrarreikningi nemur rúmum 800 millj. kr. eða um 11.8%. Varla mátti með neinni sanngirni búast við minni hækkun í kjölfar nauðsynlegra efnahagsaðgerða til stuðnings útflutningsframleiðslunni á s. l. ári og þeirra verðlagsbreytinga, sem af þeim hlaut að leiða. Er raunar augljóst, að sparlega hefur verið á öllu haldið. Um helmingur af útgjaldaaukningunni rennur til menntamála, heilbrigðismála og tryggingamála, en hækkun á öðrum fjárlagaliðum er fyrst og fremst hækkun á launum opinberra starfsmanna og 90 millj. til aukinna opinberra framkvæmda. Er ánægjulegt til þess að vita, að unnt hefur verið að auka fjárveitingar til félags- og menntamála þrátt fyrir erfitt árferði.

Fjárlagafrv. fylgja drög að framkvæmdaáætlun ársins 1970 fyrir opinberar framkvæmdir, nemur sú áætlun 285 millj. kr. og hefur Seðlabankinn gert áætlanir um fjáröflun til þeirra framkvæmda. Er hér aðallega um að ræða fé til stækkunar áburðarverksmiðju, til Laxárvirkjunar og annarra raforkuframkvæmda og raforkurannsókna svo og til byggingarframkvæmda Háskólans, sem kemur til viðbótar því fé, sem háskólahappdrættið leggur fram.

Fjárlög verða að sjálfsögðu ekki rædd af neinni sanngirni, nema haft sé í huga almennt efnahagsástand og árferði hverju sinni, kemur þar bæði til greina árferði undanfarinna ára eða aðdragandi fjárlaganna svo og útlit og horfur. Eins og kunnugt er, lækkuðu útflutningstekjur þjóðarinnar um nærri helming á tveggja ára tímabili, árin 1966–1968, var um að ræða bæði verðfall á útflutningsframleiðslunni og aflabrest. Er hér um að ræða mesta efnahagsáfall þjóðarinnar á þessari öld og meira áfall en komið hefur fyrir nokkra aðra þróaða þjóð, ef undan eru skildar styrjaldarástæður. Þessi stórfellda tekjulækkun og minnkaða kaupgeta hjá þeim, sem að útflutningsframleiðslunni störfuðu, hlaut að hafa stórfelld samdráttaráhrif á allt atvinnulíf í landinu.

Hin mikla uppbygging atvinnulífsins á árunum fyrir 1967, hinn öflugi gjaldeyrisvarasjóður og hinar stórfelldu framkvæmdir við Búrfell og í Straumsvík drógu þó lengi vel úr því, að hin stórkostlegu áföll legðust á þjóðina af fullum þunga, eins og þau gerðu s. l. vetur. Það má kannske eftir á segja, að efnahagsaðgerðirnar hafi dregizt of lengi, vegna þess að menn gerðu sér vonir um að aflabresturinn og þó einkum hið mikla verðhrun á útflutningsframleiðslunni yrði ekki eins varanlegt eins og raun varð á.

Það hefur verið meginviðfangsefni ríkisstj. undanfarin misseri að ráða bót á því atvinnuleysi, sem af áföllunum stafaði. Stjórnarandstaðan hefur ýmist ekki viðurkennt, að um nein veruleg áföll hafi verið að ræða eða, þó að hún hafi stundum viðurkennt þau í orði, hún hefur a. m. k. ekki tekið neitt tillit til þess í málflutningi sínum og reynt að notfæra sér ástandið í áróðursskyni. Það leysir þó vissulega engan vanda að sniðganga staðreyndir og beita blekkingum. Margt orkar tvímælis, er gert er, og má um deila, en verður skýrara og hverjum manni auðskildara er frá líður. Í ljósi þess er rétt að athuga nokkru nánar atvinnumálin, sem hafa verið bragðbezta áróðursefni stjórnarandstöðunnar undanfarin misseri, og athuga nokkru nánar annars vegar, hvernig stjórnarflokkarnir og hins vegar, hvernig stjórnarandstaðan hefur staðið að þeim málum, þeirri vá, sem atvinnuleysið er.

Hinar róttæku efnahagsaðgerðir s. l. vetur, sem engum var að sjálfsögðu ljúft að framkvæma, voru eingöngu gerðar til þess að ráðast gegn atvinnuleysinu, til eflingar útflutningsframleiðslunni, sem allt atvinnulíf í landinu byggist á, og til þess að bæta gjaldeyrisstöðuna út á við. Stjórnarandstaðan reyndi á allan hátt að þvælast fyrir þessum nauðsynlegu aðgerðum og gera þær tortryggilegar, en hafði þó ekki upp á neitt annað að bjóða en almenn slagorð um aðrar leiðir, allsherjar endurskoðun á grundvelli atvinnulífsins, eflingu hinna þjóðlegu atvinnuvega o. s. frv.

Nú er liðinn hæfilegur tími til þess að fengizt hefur nokkur reynsla af áhrifum gengisbreytingarinnar og annarra ráðstafana, er henni fylgdu, á stöðu þjóðarbúsins. Um þetta atriði segir í nýútkomnu riti Seðlabankans, Fjármálatíðindum, að ekki fari á milli mála, að fyrstu áhrif gengisbreytingarinnar á greiðslujöfnuð og gjaldeyrisstöðu hafi verið mjög hagstæð. Kemst hann að þeirri niðurstöðu, að greiðslujöfnuðurinn fyrri helming þessa árs hafi verið hagstæður um 300 millj. kr., en var óhagstæður á sama tímabili í fyrra um 1000 millj. kr. Batinn á milli þessara fyrri árshelminga 1968 og 1969 nemur því hvorki meira né minna en 1300 millj. kr. og er þá reiknað á núverandi gengi bæði árin og

innflutningur til Búrfellsvirkjunar og álbræðslu dregin út úr bæði árin til þess að rugla ekki samanburðinum. Að vísu bendir Seðlabankinn á, að því miður hafi einn þáttur sjávarútvegsins algerlega brugðizt og á hann þar við Austurlandssíldina, telur hann, að af þeim sökum verði síðari árshelmingur töluvert óhagstæðari, en þó sé ástæða til þess að gera sér vonir um, að jafnvægi náist í viðskiptunum við útlönd á árinu í heild og sé þar um mjög mikilvæg umskipti að ræða í þjóðarbúskapnum eftir áföll síðustu tveggja ára.

Með tilliti til atvinnumála var markmið efnahagsaðgerðanna s. l. vetur fyrst og fremst það að ráðast gegn atvinnuleysinu, efling útflutningsatvinnuveganna með fyllstu nýtingu fiskveiðiflotans og fiskvinnslustöðvanna og bætt samkeppnisaðstaða iðnaðarins. Þessar aðgerðir báru strax mjög verulegan árangur í öllum byggðarlögum landsins. Í þeim byggðarlögum, sem byggja afkomu sína að mjög verulegu leyti á útflutningsframleiðslunni, fiskveiðum og fiskverkun, hvarf atvinnuleysið með öllu á nokkrum vikum, þó að sums staðar yrði að grípa til sérstakra ráðstafana, sem ég mun víkja að síðar. Á mestu þéttbýlissvæðunum, höfuðborgarsvæðinu og á Akureyrarsvæðinu, eða Akureyrar-Siglufjarðarsvæðinu, kom batinn hægar, en þó nokkuð jafnt og öruggt. Er það skiljanlegt, þar sem iðnaður vegna heimamarkaðar og margvísleg þjónustustörf eru verulegur hluti atvinnulífsins og verður að bíða eftir aukinni kaupgetu frá útflutningsstarfseminni og þeim, sem við hana vinna. Á Akureyri og Siglufirði kom einnig til staðbundinna og tímabundinna erfiðleika einstakra hlutfallslega stórra fyrirtækja, sem vantaði hráefni, t. d. til niðurlagningar og niðursuðu.

Þó að verulega drægi úr atvinnuleysinu, er leið á veturinn og vorið, voru margir uggandi um atvinnumöguleika hins stóra hóps skólafólks, um 8000 manns, sem bættist á vinnumarkaðinn á tiltölulega skömmum tíma. Þetta fór þó betur en á horfðist. Nokkrar sérstakar ráðstafanir voru gerðar og mun hafa rætzt úr fyrir flestum furðu vel, en hætt er þó við, að ýmsir hafi orðið tekjurýrari en oft áður. Sumaratvinna skólafólks er annars mál, sem athuga þarf mjög gaumgæfilega. Hætt er við því, að þróun atvinnulífsins, aukin vélvæðing og aukin iðnþróun geri það að verkum, að æ erfiðara verði að veita ört stækkandi árgöngum skólafólks fullnægjandi sumaratvinnu. Er að því mikil eftirsjá, þó að ekki komi til fjárhagserfiðleikar þessa æskufólks. Ef ekki tekst með einhverjum ráðum að tryggja þessu skólafólki örugga sumaratvinnu, kemur vel til athugunar að lengja árlegan skólatíma hjá einstökum hópum skólafólks, einkum langskólamönnum, og koma á námslaunakerfi og stytta þannig heildarnámstímann.

Í athyglisverðri skýrslu, sem Efnahagsstofnunin hefur nýlega gert í samráði við atvinnumálan. ríkisins um atvinnuástandið, kemur fram, að mánuðina maí-ágúst voru skráðir atvinnulausir á öllu landinu um 1,4% mannafla. Á sama tíma var skráð atvinnuleysi í Noregi nokkru minna eða um 0,8%, en á öllum hinum Norðurlöndunum meira, í Danmörku 1,7%, í Svíþjóð 2% og í Finnlandi um 2,8%. Út af fyrir sig er það ánægjulegt eftir hina miklu efnahagsörðugleika, sem yfir hafa gengið, að atvinnuleysi nú er ekki orðið meira en gerist hjá Norðurlandaþjóðunum, sem þó gera flestum ef ekki öllum þjóðum meira til þess að tryggja fulla atvinnu. Athugun Efnahagsstofnunarinnar er öll hin athyglisverðasta, hún beindist fyrst og fremst að samsetningu og eðli atvinnuleysisins í Reykjavík, á Akureyri og á Siglufirði. Allt er þetta nokkuð mismunandi eðlis og á rætur sínar að rekja til mismunandi ástæðna. Gefur þessi athugun vissulega nýjar upplýsingar og betri skilning á eðli málsins og gerir það viðráðanlegra að ráða bót á vandanum eftir eðli hans í hinum ýmsu tilvikum. Í Reykjavík er atvinnuleysið minna, en jafndreift eftir kyni og hjúskaparstétt, og virðist standa í sambandi við slaka vinnuaflseftirspurn í heilum atvinnugreinum, t. d. byggingariðnaði. Á Akureyri og einkum á Siglufirði er það meira og hlutfallslega miklu meira af konum en körlum, og stendur m. a. í sambandi við vöntun á hráefni til niðursuðu. Líklegt þykir, að tiltölulega ríflegar atvinnuleysisbætur geri það að verkum, að atvinnuleysisskráning er fastar sótt en áður tíðkaðist, m. a. af fólki, sem annars tæki aðeins tímabundinn og tilviljunarkenndan þátt í atvinnulífinu eða ætti við vanhæfni við vinnu eða aðlögunarerfiðleika að stríða, en þó að mikið hafi áunnizt til úrbótar á því atvinnuleysi, sem að steðjaði s. l. vetur, er vissulega enn við nokkurt atvinnuleysi að stríða í þeim byggðarlögum, sem ég nefndi sérstaklega, og minna um yfirvinnu og aukatekjur en á velgengnisárunum og mega margir illa við því. Það hlýtur því að vera höfuðviðfangsefni ábyrgra stjórnarvalda og raunar allra ábyrgra og velviljaðra stjórnmálamanna að vinna að lausn þessara mála án þess að láta flokkspólitíska áróður tefja fyrir og torvelda úrbætur. Það er raunar ánægjulegt til þess að vita, að ríkisstj. hefur átt mjög gott samstarf við verkalýðshreyfinguna og atvinnumálanefndir hinna ýmsu byggðarlaga og margt hefur verið vel gert og er verið að gera í samráði við þessa aðila og má í því sambandi nefna 340 millj. kr., sem ráðstafað hefur verið í samráði við fulltrúa hinna ýmsu byggðarlaga til stuðnings við gamlan og nýjan atvinnurekstur, sem vænlegur þótti til nokkurra varanlegra úrbóta að kunnugra manna yfirsýn. Í þessu sambandi má einnig nefna, að hraðað verður 440 millj. kr. fjárveitingu til húsnæðismála, sem mun auka atvinnu við byggingar mjög verulega, og nýjasta ákvörðun ríkisstj. er, að ákveðið hefur verið að hefja lánveitingar til skipasmíðastöðvanna til smíða á fiskiskipum, þó að ekki sé búið að selja þau fyrir fram. Undanfarin ár hafa risið hér upp skipasmíðastöðvar, sem tæknilega eru fullfærar um að byggja fiskveiðiskipin og hefur farið verulega fram um samkeppnishæfni á skömmum tíma. Föst og ákveðin verkefni fram í tímann eru þessari atvinnugrein eins og öðrum mikilvæg til þess, að til betra og hagkvæmara skipulags stefni, og skapar möguleika til nýrrar hagræðingar og aukinnar framleiðni. Þá má einnig nefna það, að tryggt hefur verið fjármagn til þess að halda áfram þeirri varanlegu vegabyggingu, sem byrjað er á. Allt á þetta eftir að auka atvinnu og skapa nýja kaupgetu, en það örvar aftur aðrar atvinnugreinar. En þrátt fyrir þetta allt og jafnvel þó að það dugi í bili til þess að bægja frá bráðasta voðanum, þá þarf þjóðin vissulega að hyggja vel að atvinnumálum sínum í náinni framtíð og liggja til þess ástæður, sem ég skal nánar gera grein fyrir.

Þjóðhagslega séð hefur sjávarútvegurinn verið okkar langsterkasta atvinnugrein það sem af er þessari öld og verður það vafalaust um langa framtíð enn. Í skjóli sjávarútvegs hafa landbúnaður og iðnaður tekið mjög örum þroska á tiltölulega skömmum tíma miðað við aðstæður og er ekki nema gott eitt um það að segja, svo lengi sem sjávarútvegurinn er þess umkominn. En það er nú einu sinni svo, að hinir samkeppnishæfustu atvinnuvegir leggja drýgstan skerf til lífskjara hverrar þjóðar, en styrkir og verndanir draga lífskjörin niður. Þar með er þó ekki sagt, að styrkir og vernd að vissu marki geti ekki átt á sér nokkurn rétt. Ég er t. d. þeirrar skoðunar, að það sé þjóðhagslega rétt að veita landbúnaðinum vernd svo langt fram í tímann sem ég sé, en svo ég taki ekki of djúpt í árinni tel ég það mikið *vafamál, hvort iðnaður, sem þarfnast við skulum segja* 40% tollverndar, skili nokkrum einasta eyri í vinnulaun í þjóðarbúið, því að engan veginn er víst, að verðmæti vinnunnar sé meira en einmitt þessi tollvernd. Og ég tel það mikið vafamál, að útfluttar mjólkurafurðir hafi staðið undir erlendum kostnaði við framleiðslu þeirrar vöru. Hvort tveggja skapar atvinnu en engin vinnulaun. Þeir, sem krefjast styrkja og verndar fyrir sívaxandi hluta þjóðarframleiðslunnar og jafnframt batnandi lífskjara, eru ekki sjálfum sér samkvæmir. Enginn mannlegur máttur getur veitt þeim þetta hvort tveggja, og því miður eru það nú einmitt sömu stjórnmálamennirnir, sem heimta hvort tveggja. Þetta stafar ekki af greindarleysi hjá þessum mönnum, þetta er blekking. Í reynd eru styrkir og vernd baggar, sem eru hengdir sitt hvoru megin á sjávarútveginn. Baggar, sem Brúnka getur borið stuttan spöl hverju sinni, þegar saman fer uppgripaafli og óvenjulega hagstætt útflutningsverð. Ef Brúnka staulast áfram í 2–3 ár, hafa menn sífellt tilhneigingu til þess að binda henni kannske 50% of þunga bagga miðað við venjuleg aflabrögð og verð. Ef eitthvað ber út af um aflabrögð eða verð, sligast Brúnka og menn verða að tína af henni baggana aftur, annað hvort í formi 50% gengisfellingar eða það sem verra er, í formi atvinnuleysis. Þetta er einfaldlega skýringin á *tíðari og stórfelldari gengisfellingum* en þekkjast í nokkru öðru nálægu landi. Það eru engir galdrar til í þessu efni. Ef menn vilja búa við góð og vaxandi lífskjör, þá þarf sívaxandi hluti þjóðarframleiðslunnar að vera samkeppnisfær án styrkja og verndar. Mörg helztu og djúpstæðustu ágreiningsmál stjórnarflokkanna og stjórnarandstöðuflokkanna undanfarin ár hafa einmitt verið vegna grundvallarstefnunnar í þessum málum. Grundvallarstefnunnar í því, hvernig byggja skuli upp framtíðarstefnuna í atvinnumálum, og hvergi hefur komið betur og skýrar í ljós, hverjir eru framfarasinnaðir og hverjir eru andófsmenn og afturhaldsmenn, og skal ég rökstyðja það nokkuð. Það ætti öllum að vera orðið ljóst, að atvinnuvegirnir eru of einhæfir og allar greinar þeirra meira og minna háðar þeim máttarstólpa, sem sjávarútvegurinn er. En þó að hann sé sterkur, þá hlýtur hann alltaf að vera sveiflubundinn, háður aflabrögðum, veðurfari og verðlagi, og ef eitthvað bjátar á hjá honum, þá er strax vá fyrir dyrum. Markmiðið hlýtur því að vera að leita allra ráða til þess að efla og koma upp nýjum samkeppnishæfum iðnaði fyrir heimamarkað og til útflutnings, sem verið gæti burðarás við hlið sjávarútvegs, styrkt þar með verðgildi krónunnar og bætt lífskjörin. Fyrir nokkrum árum gerði Efnahagsstofnunin áætlun um fjölgun fólks á vinnumarkaðinum á árabilinu 1965 til 1985. Er niðurstaðan sú, að atvinnufólki muni fjölga um 45% eða um 34 þús. manns á þessu 20 ára tímabili. Er það meira en tvöfaldur sá mannfjöldi, sem nú vinnur samtals í landbúnaði og fiskveiðum. Í landbúnaði starfa nú um 10 þús. manns og fer heldur fækkandi. Í fiskveiðum um 5500 manns, og er það um það bil nákvæmlega sami mannfjöldi og stundaði fiskveiðar hér árið 1910. Auðvitað geta orðið um það skiptar skoðanir, hvort auka megi fiskveiðar mjög verulega, frá því sem nú er, eða fjölga fólki í þeirri atvinnugrein. Efnahagsstofnunin telur það hæpið, að um geti orðið að ræða *stórfellda aukningu í fiskveiðum Íslendinga, og bendir í* því sambandi á þá staðreynd, að nýting margra fiskistofna í N-Atlantshafi sé í hámarki. Á það má einnig benda, að samkeppnisaðstaða Íslendinga hefur versnað, m. a. vegna stórkostlega aukinnar sóknar þjóða, sem áður stunduðu lítið fiskveiðar, og ekki síður vegna þess, að flestar þjóðir vernda sinn heimamarkað og víða eru veittir styrkir til fiskveiða í skjóli sterks iðnaðar, sem þá er að jafnaði yfirgnæfandi atvinnuvegur, t. d. eru gamlir keppinautar okkar, Norðmenn, farnir að styrkja fiskveiðar sínar talsvert til stuðnings vissum byggðarlögum. Vafalaust er hægt að nýta betur afla okkar en nú er gert og miðar alltaf nokkuð í þá átt, en þess er þó að gæta, að samkeppnisaðstaðan verður þeim mun verri sem fiskurinn er meira unninn, vegna þess að innflutningstollar markaðsbandalaganna vaxa að jafnaði með auknu vinnslustigi varnings. Af hinni miklu fólksfjölgun á vinnumarkaðinum, 34 þús. manns fram til ársins 1985, má gera ráð fyrir, ef byggt er á reynslu annarra þjóða, að um helmingur gangi til þjónustustarfa, en þó að sjálfsögðu að því tilskildu, að það takist að staðsetja hinn helminginn, um 17 þús. manns, við samkeppnishæf framleiðslustörf. Það er hér, sem vandinn liggur, og er vandséð, að um aðrar leiðir sé að ræða en að byggja upp samkeppnishæfa iðnaðarframleiðslu fyrir verulegan hluta þessa fólks. Það var því ekki þarflaus fyrirhyggja, þegar ríkisstj. strax á góðæristímabilinu hóf að huga að stórvirkjun og orkufrekum iðnaði. Það var liðin hálf öld síðan gáfaður stórhugi var kominn á fremsta hlunn með að hrinda slíkum stórvirkjum í framkvæmd. Ekki varð þó af þeim framkvæmdum og enn rann Þjórsá óbeizluð og ónýtt til sjávar í hálfa öld. Allar götur síðan hefur verið rætt og ritað um orku fallvatnanna sem eina aðalauðlind landsins og grundvöll iðnþróunar og oft á tíðum eins og nýting þessara verðmæta væri á næsta leiti. En sannleikurinn er bara sá, að það þjónar engum tilgangi að viðurkenna ekki staðreyndir, að stórvirkjanir ásamt uppbyggingu orkufreks iðnaðar eru svo stórfelld fyrirtæki fjárhagslega, tæknilega og ekki sízt sölutæknilega, að við höfum ekki verið þess umkomnir að gera það á eigin spýtur og höfum raunar oft og tíðum átt fullt í fangi við smávirkjanir til almenningsneyzlu. Nú er svo komið, að vatnsaflsvirkjanir geta átt í erfiðri samkeppni við kjarnorkuvirkjanir í náinni framtíð og gætum við þá hæglega misst af strætisvagninum. Það er góðra gjalda vert að vera varfærinn í þjóðernismálum, en hitt kann

stundum að orka tvímælis, hvort sé íslenzkum hagsmunum hollara að ala á minnimáttarkennd og einangrun og stuðla þannig að efnahagslegri afturför eða hitt að manna sig upp í það að halda til jafns við útlendinga og öðlast þá reynslu, sem er nauðsynleg í samskiptum við aðra aðila á tuttugustu öldinni. Norðmenn, tuttugu sinnum stærri þjóð en við, létu sér það lynda að leysa iðnþróunarmál sín í samvinnu við aðra aðila og gaf það góða raun. „Sjálfstæði er betra en kjöt", sagði Bjartur í Sumarhúsum. Hann var sjálfum sér samkvæmur, blessaður karlinn, og gerði ekki meiri kröfur til lífsins en sjálfstæðið leyfði, en eigi að síður rættust ekki draumar Bjarts. Þegar ríkisstj. hóf samninga um byggingu Álverksmiðjunnar í Straumsvík og undirbúningi að stórvirkjun við Búrfell, boðaði stjórnarandstaðan hagfræði Bjarts í Sumarhúsum, eins og oft fyrr og síðar, og taldi sig hafa til þess góða aðstöðu, þegar þjóðin bjó við betri lífskjör en nokkru sinni fyrr og þurfti ekki á slíku að halda þá stundina. Bygging álversins var þannig talin tilræði við hina þjóðlegu atvinnuvegi, sem skorti vinnuafl þá stundina, og alið var á þjóðerniskennd og tortryggni í garð þeirra manna, sem að samningsgerðinni stóðu. Stjórnarandstaðan lét sig hafa það að greiða atkv. á móti þessum framkvæmdum. Framsóknarmenn telja sig nú út af fyrir sig ekki hafa verið á móti Búrfellsvirkjun, en það er vægast sagt útúrsnúningur, því það vita allir, að 210 þús. kw. virkjun, nærri þreföldun á vatnsvirkjuninni, sem fyrir var, var ekki framkvæmanleg nema tryggð væri sala á verulegum hluta orkunnar strax. Byggingarframkvæmdir við Búrfell og í Straumsvík námu um 7 þús. millj. kr. Við þær unnu oftast talsvert á annað þúsund manns á árunum eftir áföllin og enn vinna í Straumsvík um 400 manns. Gjaldeyristekjur af framleiðslunni verða á fimmta hundrað þúsund kr. á næsta ári, og á árinu 1974 hátt í 800 millj. Nú verður varla um það deilt, hverjir voru framsýnir og hverjir skammsýnir í atvinnumálum ört vaxandi þjóðar. Allir sjá nú, hvaða afleiðingar það hefði haft, ef stjórnarandstöðunni hefði tekizt að koma í veg fyrir þessar framkvæmdir.

Svipuð þessu urðu átökin um Kísilgúrverksmiðjuna við Mývatn, enn boðaði stjórnarandstaðan hagfræði Bjarts í Sumarhúsum og tókst þó ekki að koma í veg fyrir framkvæmdir. Hvað er þetta? Mér er spurn: Hvað er þetta annað en íhaldssemi og afturhaldssemi, og íhaldssemi er engu betri, þó að hún kenni sig við róttækar vinstri stefnur og kemur raunar óorði á frjálslynda, framfarasinnaða og umbótasinnaða vinstri stefnu. Það er að sjálfsögðu ekki úr lausu lofti gripin sú málvenja, sem nú tíðkast austan járntjalds, að greina milli íhaldssamra og frjálslyndra kommúnista, og gæti verið gagnlegt að skilgreina nánar hinar ýmsu vinstri stefnur hér á landi. Og ekki yrði vandinn minni a. m. k. málfarslega séð, þegar tala þarf um afturhaldssama framsóknarmenn, en vissulega sitja þeir við stýrið í þeim flokki. Sóknin til samkeppnishæfrar iðnþróunar verður ekki vandalaus fyrir fjármagnssnauða smáþjóð og má búast við ýmsum vonbrigðum á þeirri leið, en hún er eigi að síður þjóðarnauðsyn, og þegar á heildina er litið er ekki ástæða til annars en bjartsýni. Ef hægt er að koma skriðunni af stað, öðlast þjóðin tæknilega og viðskiptalega reynslu og fær það sjálfstraust, sem henni er nauðsynlegt. Hvað leiðir af öðru og hvað styrkir annað. Af góðri reynslu frá Búrfelli og í Straumsvík skapast nýjar hugmyndir um stórkostlegar virkjanir á Austurlandi og Suðurlandi og andófsmennirnir bregða búi að Sumarhúsum. Sannleikurinn er sá, að ríkisstj. hefur haft fleiri og stærri framtíðarjárn í eldinum en nokkur önnur ríkisstj. Íslenzkur iðnaður hefur búið við nokkra og þó hóflega samkeppni um skeið og kemur út úr þeim átökum sterkari og djarfari en nokkru sinni fyrr. Þess sjást alls staðar merki. Fjárfesting í iðnaði hefur vaxið og talar það skýru máli og hún vex einmitt í þeim iðngreinum, sem hyggja á útflutningsframleiðslu og samkeppnishæfa framleiðslu fyrir innanlandsmarkað. Þjóðin hefur á að skipa mörgum raunsæjum, framsýnum forystumönnum í iðnaði, sem gera sér fyllilega ljóst hlutverk iðnaðarins í íslenzkum þjóðarbúskap. Iðnrekendur hafa komið sér upp útflutningsskrifstofu og þjóðinni er að skiljast, hvað hönnun á iðnaðarvarningi er. Með fárra daga millibili fáum við fjölmargar jákvæðar fréttir af þessari byrjunarviðleitni. Fullvinnsla okkar sérstæðu ullar flyzt inn í landið, sútun skinna flyzt inn í landið, útflutningur á pelsum og annarri fullunninni iðnaðarvöru úr skinnum er hafin. Fatnaðarsýning, sem nýlega var á ferð í Kaupmannahöfn, Þýzkalandi og London, telur sig hafa náð 100 viðskiptasamböndum og þarf þó að sækja í gegnum tollmúra markaðsbandalaganna, Fríverzlunarsamtakanna og Efnahagsbandalagsins. Málning er flutt út, umbúðir eru fluttar út, skipabygging flyzt inn í landið, Hafnfirðingar ætla að fara að smíða fiskibát fyrir Indverja, margvíslegur iðnaður er seldur til Færeyja og ólíklegt má telja, að Færeyingar kaupi af okkur iðnaðarvarning á dýrara verði en þeir geta fengið hann annars staðar. Þeir hafa verið meðlimir EFTA síðan 1968. Bendir þetta allt til þess, að við séum orðnir samkeppnisfærari um ýmsan iðnaðarvarning en margan grunar. Við höfum að vísu betri tök á því að selja vörur í Færeyjum en víða annars staðar, en þetta sýnir okkur þó einmitt það, að okkur vantar fyrst og fremst sölutækni á erlendum markaði, aukna og betri hönnun á hinum sérstæðu hráefnum okkar og umfram allt hugdirfsku til þess að horfast í augu við aðrar og stærri þjóðir en Færeyinga. Við skulum ekki gera of mikið úr öllum þessum fréttum, en við skulum heldur ekki gera of lítið úr þeim og umfram allt ekki draga úr kjarki þeirra manna, sem að þessari viðleitni standa. Ekkert af þessu hefði getað gerzt í Sumarhúsum. Vissulega hefði verið æskilegt að efla iðnaðinn meira en gert hefur verið og hægt hefur verið að gera í fjármagnssnauðu þjóðfélagi, sem hefur í mörg horn að líta, en það er fyrst og fremst fjármögnun, sem iðnaðurinn þarfnast. En athyglisvert er, að af umtalsverðri gagnrýni, sem stefna ríkisstj. hefur fengið í iðnaðarmálum, þá hefur hún ekki verið frá framámönnum iðnaðarmanna eða iðnrekenda, hún hefur verið frá Sumarhúsamönnum.

Ég gat þess áðan, að ríkisstj. hefur haft fleiri járn í eldinum en nokkur önnur ríkisstj. til þess að breikka grundvöll atvinnulífsins og móta framtíðarþróun þess. Auk Búrfells, Álverksmiðjunnar og Kísilgúrverksmiðjunnar, innlendra skipasmíðastöðva og sútunarverksmiðja er hafinn undirbúningur að stækkun Áburðarverksmiðjunnar. Í athugun og á rannsóknarstiginu eru

mörg stór verkefni. Má þar t. d. nefna sjóefnavinnslustöð á Reykjanesi og olíuhreinsunarstöð, þaravinnslu við Breiðafjörð, perlusteinsnámur á Austurlandi og leit og rannsóknir á málmgrýti og öðrum dýrmætum jarðefnum og umfram allt undirbúning undir stórkostlegri virkjanir en okkur hefur nokkru sinni fyrr dreymt um.

Herra forseti. Ég hef varið miklum hluta ræðutíma míns í atvinnumálin, sem ég tel vera mál málanna, ekki bara í dag, heldur einnig í náinni framtíð með tilliti til ört vaxandi árganga á vinnumarkaðinum, og skal ég nú fara að ljúka máli mínu. Niðurstaða mín er sú, að við verðum, fámenn og fjársnauð þjóð, að brjótast fram til nútíma iðnþróunar og byggja þannig upp nýjan burðarás við hlið sjávarútvegsins til þess að treysta gildi gjaldmiðilsins og tryggja jafnan og öruggan vöxt lífskjara. Þjóðin hefur nægt andlegt og líkamlegt atgervi og nógan manndóm til þess að halda til jafns við aðra, og hafi hún það ekki, þá getur hún heldur ekki búið við jafngóð kjör og aðrir. Hið langvarandi samstarf núverandi stjórnarflokka, sem annars eru um flest ólíkir, hefur byggzt á því, að þeir eru sammála um að haftastefna kreppuáranna frá fjórða áratugnum sé liðin saga og að hafta- og uppbótaleið eftirstríðsáranna hafi gengið sér til húðar. Og þeir eru sammála um það, að nútímaiðnþróun hljóti að vera lausnin í atvinnumálum ört vaxandi þjóðar. Í þessum grundvallaratriðum er staðfest hyldýpi milli núverandi stjórnarflokka og stjórnarandstöðu, Sumarhúsaandans, sem enn í dag hefði horft á Þjórsá renna óbeizlaða til sjávar í stað þess að mala þjóðinni betri lífskjör.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Við Sigurð Ingimundarson, hv. 1. landsk. þm. vil ég segja það, að honum væri hollt að lesa Alþt., til þess að hann gæti farið rétt með atkvgr. um Búrfellsvirkjunina. Ég vil líka segja honum það, að framsóknarmenn greiddu atkvæði um samninginn um álverksmiðjuna, en ekki verksmiðjuna sjálfa. Í samningnum var útlendu fyrirtæki gert hærra undir höfði heldur en íslenzku og skjóta á ágreiningsmálum undir erlendan dómstól. Við þetta vildum við ekki una. Hitt mun rétt hjá Sigurði Ingimundarsyni, hv. 1. landsk. þm., að þeir Alþýðuflokksmenn eiga ekki til í sínum fórum sjálfstæðiskennd Bjarts í Sumarhúsum. Þegar hv. alþm. höfðu virt fyrir sér fjárlagafrv., það er fyrir árið 1970, er hér liggur fyrir til 1. umr., varð einum þeirra að orði: „Það er eins og þetta fjárlagafrv. sé samið af mönnum, sem hafa verið lokaðir inni og ekkert samband haft við þjóðlífið.“ Þessi fáu orð eru rétt lýsing á efni fjárlagafrv. Það er nánast grg. um það, hvað það kostar þjóðina að halda uppi embættiskerfi í landinu og takmarkaðri þjónustu. Sá kostnaður kemur til með að hækka um nærri 1 milljarð kr. fyrir árið 1970 frá yfirstandandi ári. Þessar fullyrðingar mínar um frv. mun ég rökstyðja síðar, en mun fyrst víkja að ríkisbúskapnum, eins og staða hans er eftir að viðreisn hefur setið að völdum í einn áratug.

Fjárlög íslenzka ríkisins hafa nærri tífaldazt síðan 1958, þ. e. síðan áhrifa núverandi valdhafa fór að gæta og hækkun þeirra er 145% síðan 1965, að núverandi fjmrh. settist í valdastól. Ef sama þróun á sér stað til næstu aldamóta eins og orðið hefur síðustu 5 árin, þá liti myndin þannig út með 5 ára millibili: Árið 1975 yrðu niðurstöðutölur fjárlaga 19 milljarðar og 500 millj. kr., 1980 47 milljarðar og 200 millj., 1985 115 milljarðar, 1990 276 milljarðar, 1995 670 milljarðar og árið 2000 1620 milljarðar. Þannig mun talnaflóðið verða á næstu áratugum, ef jafnskefjalaus verðbólga ríkir í efnahagskerfi þjóðarinnar með 4 gengislækkunum á einum áratug, eins og verið hefur á áratugnum 1960–1970. En það er fleira, er vekur athygli í sambandi við ríkisbúskapinn, en hækkun fjárlaga, sem er þó ærið nóg áhyggjuefni. Á þessum sama áratug hafa tekjur fjárlaga farið ca. 3000 millj. kr. fram úr áætlun fjárlaga. Þar af um 430 millj. kr. árið 1967 og 410 millj. árið 1968. Þó er greiðsluhalli þessara tveggja ára um 150 millj. kr. og greiðsluhalli áratugsins um 400 millj. kr. Afborgun af skuldum hækkar frá yfirstandandi ári með hliðstæðum samanburði næsta ár um 120 millj. kr. og vaxtagreiðslur um 43 millj. kr. Jafnhliða þessari þróun í fjármálum ríkissjóðs hefur það gerzt, að framlög ríkissjóðs til verklegra framkvæmda, er voru á árunum 1950–1958 yfir 20% af heildarútgjöldum fjárlaga, eru nú um 7% áætlaðra útgjalda fjárlagafrv. fyrir árið 1970. Í framhaldi af þessu tel ég rétt að gera grein fyrir, með hvaða hætti fjármagn hefur fengizt til þeirra ríkisframkvæmda, er gerðar hafa verið á síðustu árum. Í vaxandi mæli hafa þær verið fjármagnaðar með lántökum og þar eru nú til staðar háar skuldafjárhæðir, og skulu nefndar hér nokkrar tölur frá síðustu áramótum, er sanna það. Skuldir Vegasjóðs voru þá um 500 millj. kr. Vegna hafna um 90 millj., vegna landshafna um 240 millj., vegna sjúkrahúsa og skóla um 80 millj. og flugmála um 100 millj. Þessar fjárhæðir, er hér hafa verið nefndar, eru 1000 millj. kr. Þessum fjárhæðum og fleirum verður framtíðin að skila ásamt vöxtum og gengisáhættu, jafnhliða því, sem verður að afla fjár til þeirra verka, er þá verða leyst. Þessi frásögn ætti að færa ykkur heim sanninn um það, að verðbólgan og útþensla ríkiskerfisins kostar þjóðina ærnar fjárhæðir, þar sem síhækkandi fjárlög og 3000 millj. kr. tekjur umfram þau hafa ekki nægt til þess að greiða kostnað við þau verkefni, er þjóðin greiddi áður af samtíma tekjum. Þeirri stefnu, að fjármagna ríkisframkvæmdir með lántöku, ætlar ríkisstj. að fylgja dyggilega áfram. Um það vil ég nefna eitt dæmi: Gerð hefur verið áætlun um uppbyggingu Háskóla Íslands, engin króna er þó veitt til þeirra framkvæmda í fjárlagafrv., heldur er þar heimild til 30 millj. kr. lántöku til þessa verks. Hver skyldi lánsfjárhæðin vera orðin, þegar verkinu er lokið, fyrst að það er hafið með lántöku?

Við framsóknarmenn höfum margoft lýst þeirri skoðun okkar, að alger stefnubreyting verði að koma til í ríkisbúskapnum, ef þar á að breyta um til batnaðar. Mér finnst þetta fjárlagafrv. góð sönnun þess, að við förum hér með rétt mál. Þrátt fyrir allt tal um sparnað og bætt vinnubrögð, er framkvæmdin í þá átt hin mesta handarbaksvinna, eins og framkvæmd sparnaðarlaganna sannar, sem hæstv. fjmrh. lýsti hér áðan, enda voru það fyrst og fremst sýndarlög. Sameiginlegur rekstur ríkisskipanna er gott dæmi um þessi vinnubrögð. Samstaða varð um það á milli þingflokka, að þetta skyldi gert, en nýr framkvæmdastjóri fylgdi með frá ríkisstj., er til framkvæmdanna kom. Um bifreiða-

mál ríkisins vil ég minna á það, að við fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjvn. lýstum því afdráttarlaust sem stefnu okkar í nál. fjvn. í fyrra, að við vildum með öllu leggja niður forstjórabíla. Það er því mikils virði, að samstaða hefur tekizt um þetta mál, og mestu máli skiptir nú, að framkvæmdin takist vel. Í framhaldi af þessu vil ég skýra frá því, að undirn. fjvn. vann að því í sumar ásamt hagsýslustjóra að gera athugun á l. um lögregluna. Við gerðum ákveðnar till. til breyt. á þeirri löggjöf, er miða að sparnaði. Framkvæmd þessa máls er nú í höndum valdhafanna. Ég vil minna á aðeins örfá atriði, er ég tel, að þurfi að athuga, er leitt gæti til sparnaðar. Þar vil ég nefna rekstur sjúkrahúsanna, véla- og viðgerðarverkstæði ríkisstofnananna, verkfræðiþjónustu ríkisins, húsaleigu, framkvæmd skattalaganna, hert eftirlit með söluskatti, að athugun verði gerð á því, hvort hagkvæmt sé að sameina Efnahagsstofnunina hagdeild Seðlabankans, rannsóknarstarfsemin verði endurskipulögð. Ýmsar stofnanir, sem ekki þjóna lengur þeim tilgangi, er þeim var upphaflega ætlaður, verði lagðar niður, svo sem Landnám ríkisins, og verkefni þau, sem þar eru eftir, gangi til Búnaðarfélags Íslands. Bankastarfsemin í landinu verði endurskoðuð með hagkvæmni fyrir augum. Allt eftirlit með ríkisstofnunum og ríkiskerfinu verði hert. Ég vil undirstrika það, að þegar málum ríkissjóðs er þannig komið, að fjárl. hækka um milljarða á milli ára vegna aukins reksturskostnaðar, en verklegar framkvæmdir ríkissjóðs, er áður voru greiddar af samtímatekjum, eru nú fjármagnaðar með lánsfé, engin ný verkefni fá fjárveitingu, stuðningur ríkissjóðs við atvinnuvegina minnkar hlutfallslega með hverju ári, þá er ríkissjóður þrátt fyrir þetta rekinn með halla ár eftir ár, og þó hafa tekjur hans farið 100 millj. kr. fram úr áætlun fjárlaga. Eitthvað er að í ríkisrekstrinum, um það verður ekki deilt. Ég endurtek: Breytt stjórnarstefna er það, sem koma þarf til að bjarga fjármálum ríkisins.

Í upphafi máls míns drap ég á það, að fjárlagafrv. fyrir árið 1970 kæmi ekki nálægt þeim vandamálum, sem hugur fólksins snýst nú um. Þessum orðum skal ég nú finna betri stað en orðið er. Atvinnumálin eru þau mál, sem fólkið í landinu ræðir mest um og hefur mestar áhyggjur af, og er það að vonum. Allt yfirstandandi ár hefur verið hér atvinnuleysi og er hér enn þá. Um síðustu mánaðamót voru um 900 manns atvinnulausir auk þeirra, er farnir eru úr landi í atvinnuleit, sem skipta hundruðum. Þó hafa aflabrögð verið góð á yfirstandandi sumri, ef síldveiðar eru undanskildar. Við fjárlagaafgreiðslu á s. l. hausti fluttum við fulltrúar Framsfl. í fjvn. ásamt hv. þm. Geir Gunnarssyni till. um 350 millj. kr. fjárveitingu til atvinnumála. Við óskuðum eftir samstarfi við stjórnarliða um málið, t. d. um heimild til lántöku, ef talin væri þörf á því. Ekki höfðu stjórnarliðar áhuga á lausn þessa mikla vandamáls. Enda þótt stjórnarliðar vildu í engu sinna till. okkar í fjvn. um fjárútvegun til atvinnumála, voru þeir knúðir til þess síðar að útvega fé og lána það til atvinnuveganna, álíka fjárhæð og við fjórmenningarnir lögðum til í fjvn. Auk þess sem að framan segir um afkomu atvinnuveganna, á það að vera öllum ljóst, að kaupgjald hér á landi er nú í algeru lágmarki. Það þýðir ekki að tala um góða eða örugga afkomu atvinnuveganna, nema þeir geti tekið á sig þá kauphækkun, sem hlýtur og verður að koma, ef afkoma þjóðarinnar á að vera í samræmi við afkomu þeirra þjóða, sem henni er tamast að bera sig saman við og almenningur getur við unað. Þessu verða allir hugsandi menn að gera sér grein fyrir. Þjóðin má ekki láta valdhafana blekkja sig, þó að afkoma hennar virðist hafa eitthvað batnað, en á meðan atvinnuleysi er viðloðandi getur enginn talað um öruggan bata hjá atvinnuvegunum. Hvernig er tekið á atvinnumálum í fjárlagafrv. ríkisstj. fyrir árið 1970? Það er gert með þeim hætti, að felldar eru niður 50 millj. kr., er veittar voru til atvinnumála í fyrra í gegnum Atvinnujöfnunarsjóð. Sá sjóður hafði fulla þörf fyrir þá fjárveitingu í ár og þó meira væri, til stuðnings við atvinnuvegina, enda þótt hann fái 30 millj. kr. frá álverksmiðjunni, eins og l. sjóðsins gera ráð fyrir. Atvinnumálan. ríkisins hefur nú yfir engu fé að ráða, svo að ekki er þar skjóls að leita þeim byggðarlögum og atvinnufyrirtækjum, er nú eiga í vök að verjast. Það á að vera þeim ljóst, er til atvinnumála þekkja, að mikið fjármagn þarf til stuðnings við atvinnuvegina og verklegar framkvæmdir ríkissjóðs, ef á að takast að útrýma atvinnuleysi. Í fjárlagafrv. er engin fjárveiting til aðstoðar bændum á Vestur- og Suðurlandi vegna hins mikla áfalls, sem þeir hafa orðið fyrir af völdum óþurrka á yfirstandandi ári. Það hefði þó ekki verið óeðlilegt. Þau dæmi finnast í fjárl. fyrri ára, að slík aðstoð væri veitt, þó að fjárl. væru þá lítið brot af því, sem nú er. Þá sorgarsögu er að segja af þessu fjárlagafrv., sem er að niðurstöðutölu um 8000 millj. kr. og hækkar nærri um 1000 millj. kr. frá árinu 1969, að þar er hvorki rúm fyrir aukinn stuðning við atvinnuvegi þá, sem nú starfa í landinu, né nýjungar, svo sem á sviði rannsókna. Von er, að þm. finnist, að fjárlagasmiðirnir hafi verið innilokaðir fjarri mannfólkinu, er þeir sömdu fjárlagafrv. Svo fjarri er það því, sem það þyrfti að vera til þess að leysa úr vandamálum þjóðarinnar.

Menntamál hafa verið í brennidepli í umr. þjóðarinnar í sumar. Þrátt fyrir fullyrðingar þær, er ég las nýlega í blaði menntmrh. um það, að þar væri allt í góðu lagi, þá er staðreyndin sú, að menntamálin eru ekki í lagi, það veit þjóðin. Til eru heil héruð, þar sem ekki er hægt að ljúka skyldunámi vegna skorts á skólahúsnæði, hvað þá lands- eða gagnfræðaprófi. Kennaranemum er nú í rauninni kennt úti á götum. Dyr Háskólans lokuðust í sumar, þó að ótti menntmrh. við harðfylgi nýstúdenta yrði þá til að hrinda þeim upp. Hvernig tekur fjárlagafrv. á þessum þýðingarmikla málaflokki? Fjárframlög til fjárfestingar í skólum hækka um 20 millj. kr. á gildandi fjárl. Helmingur þeirrar fjárhæðar er vegna ákvörðunar um byggingu barna- og gagnfræðaskóla, er tekin var í fyrra. Ný fjárveiting til allra skóla í landinu er því um 10–12 millj. kr. Þvílík framsýni! Ekki bendir þessi meðferð á fjárveitingu til menntamála til þess, að fjárlagasmiðirnir hafi komið út undir bert loft og heyrt rödd þjóðarinnar.

Heilbrigðismálin eru einn af þeim málaflokkum, sem þjóðin lætur sig miklu varða. Heil héruð eru læknalaus, læknastéttin berst fyrir nýskipan þessara mála, enda þótt sú skipan leysi ekki allan vanda og erfitt geti verið að koma henni við í einstökum héruðum sökum strjálbýlis og af landfræðilegum ástæðum, á hún þó mikinn

rétt á sér. Brýna nauðsyn ber til að hrinda þeirri nýbreytni í framkvæmd, þar sem hagkvæmast er og félagslegur áhugi er til staðar. Á síðasta Alþ. voru samþ. lög um læknamiðstöðvar, lög, sem voru spor í rétta átt. En til þess að þau megi að gagni koma þarf fjármagn. Ekki hefur þjóðinni tekizt að láta fjárlagasmiðina heyra rödd sína í þessu máli frekar en öðrum, engin fjárveiting er til læknamiðstöðva á þessu fjárlagafrv. Einn af athyglisverðustu atburðum, er ég hef kynnzt á setu minni á Alþ., er áhugi sá, er konur og kvennasamtök landsins sýndu á s. l. vetri, þegar þær heimsóttu Alþ. í sambandi við umr. um framkvæmdir við fæðingar- og kvensjúkdómadeild Landsspítalans. Þær hafa heldur ekki látið sitja við það eitt í þessu máli, konurnar, heldur staðið fyrir fjársöfnun til málsins með miklum dugnaði og skörungsskap. Þessi svo að segja einstæði áhugi þeirra og dugnaður hefur haft þau áhrif, að tekin er 10 millj. kr. ný fjárveiting til fjárfestingar við fæðingardeild Landsspítalans. Það er meira en gerist um aðra málaflokka. Er þetta framtak kvennanna gott dæmi um það, hvað hægt er að komast, jafnvel með seinfæra valdhafa, ef samstöðu og dugnaði er beitt.

Samgöngumálin eru eitt af mestu áhugamálum þjóðarinnar. Till. ríkisstj. að nýrri vegáætlun, er lögð var fyrir Alþ. á s. l. vetri, var þannig úr garði gerð, að með réttu mátti halda fram, að hætta ætti við nýlagnir í þjóðbrautum og landsbrautum. Framkvæmdir í hraðbrautum fyrir eigið fé Vegasjóðs voru einnig af mjög skornum skammti. Hins vegar tókst með sameiginlegu átaki þm. úr öllum flokkum að koma þessum málum út úr verstu kreppunni. Árangurinn af þeirri iðju var m. a. sá, að það örlar aðeins fyrir fjárveitingu til vegamála umfram ákveðna tekjustofna Vegasjóðs á þessu fjárlagafrv., þar sem er lítils háttar fjárveiting til greiðslu á afborgunum og vöxtum af vegalánum, sem knúin var fram við afgreiðslu vegáætlunar á s. l. vori. Hins vegar er það jafnljóst nú sem fyrr, að við komumst jafnseint áfram við gerð varanlegra vega og önnur verkefni í vegagerð, er nauðsyn ber til að leysa hið bráðasta, ef styðjast á að mestu við lánsfé, þótt það geti átt rétt á sér að takmörkuðu leyti til að hraða framkvæmdum. Risastórar fjárhæðir fara til vaxtagreiðslna, ef unnið er fyrir lánsfé, sem að öðrum kosti gætu farið til framkvæmda, mundi það og verða Vegasjóði ofraun að standa undir greiðslum vaxta og afborgana af slíkum lánum, ef honum væri það ætlað. Stórlán til vegagerða yrði því að öllu leyti að verða ríkislán. Hvernig sem þessi mál eru skoðuð, verður niðurstaðan alltaf á sama veg, aukið áfurkræft framlag til vegagerðar verður að koma til. Við framsóknarmenn höfum áður lýst þeirri skoðun okkar og stefnu, að vegagerðin ætti rétt á því að njóta í ríkara mæli en nú er þeirra tekna, er umferðin skilar til ríkissjóðs, enda er engin leið eðlilegri til þess að bæta úr fjárþörf vegagerðarinnar. Því er hins vegar haldið fram, að hér sé eingöngu um ábyrgðarleysi af okkar hendi að ræða, þar sem ríkissjóður geti ekki af þessum tekjum misst vegna annarra þarfa. Því er til að svara slíkum staðhæfingum, að ríkissjóður hafði ekki tekjur til þess að mæta útgjaldaþörfum á s. l. ári, hann vantaði tekjur, er svaraði kostnaði við rekstur gagnfræðaskóla, svo dæmi sé nefnt, – átti að hætta þeirri starfsemi þess vegna? Nei, vegagerðin í landinu er eitt af verkefnum ríkissjóðs, eins og t. d. rekstur gagnfræðaskóla, þess vegna verður ríkisstj. á hverjum tíma að leysa það verkefni. Ég vil til viðbótar þessu varpa fram þeirri spurningu til þeirra, sem telja sig svo ábyrga: Hvernig var hægt að leggja vegi fyrir ríkisfé hér áður fyrr, þá var einnig hægt að nota fé í önnur verkefni, – áður en umferðin fór að gefa af sér tekjur, – fyrst að við höfum ekki ráð á því nú að nota til vegagerðar megnið af því fé, sem frá umferðinni kemur? Ástæðan til þess, að við lögðum vegi á fyrri hluta þessarar aldar, var sú, að þá ríkti hér athafnasöm ríkisstj., stjórnarstefna, sem skapaði úrræði í fjármálum ríkissjóðs, þó að möguleikar væru þá harla litlir, miðað við það sem nú er. Ég vil í þessu sambandi undirstrika það, að við framsóknarmenn teljum þá stefnu ranga, er fylgt er í fjármálum ríkisins. Við teljum, að það úrræðaleysi, er henni fylgir, svo sem þetta fjárlagafrv., sanni, að stefnan er röng, og við ranga fjármálastefnu má ekki miða getu ríkissjóðs.

Ég vil málstað framsóknarmanna til aukins stuðnings um meira fé til vegagerðar minna á það, að það eru tvær ríkisstofnanir í þessu landi, sem fylgja þessari stefnu í uppbyggingu sinna stofnana, þ. e. Landssíminn og sjónvarpið. Forstjóri Landssímans hefur að engu haft þær tilraunir ríkisstj. til að ná til þeirra tekna, er Landssíminn aflar, heldur notar þær eingöngu til reksturs og uppbyggingar í stofnuninni sjálfri. Hann hefur meira að segja verið það harður í horn að taka í vörn sinni við ásókn ríkissjóðs í fjármuni Landssímans, að hann hefur komið í veg fyrir, að söluskattur væri lagður á tekjur Landssímans. Með þessum hætti hefur Landssímanum tekizt að byggja kerfi sitt upp með undraverðum hraða og þannig lagt grundvöll að miklum tekjum stofnunarinnar í framtíðinni. Ég hef ekki heyrt því haldið fram, að það væri ábyrgðarleysi af forstjóra Landssímans að láta stofnun sína njóta þeirra fjármuna, sem hún aflar, þó að á því sé smjattað á opinberum vettvangi af ráðamönnum þjóðfélagsins og það jafnvel þeim, er sízt skyldi, að það sé eingöngu um ábyrgðarleysi af hálfu okkar í stjórnarandstöðunni að ræða, er við gerum till. um að sækja vegafé til ríkissjóðs af því fé, sem umferðin færir honum. Ég spyr: Hvernig hefðum við byggt upp sjónvarpið í þessu landi nú, ef þessi stefna, að stofnunin nyti tekna þeirra, er hún óbeint aflar, hefði ekki fengizt viðurkennd og verið fylgt í framkvæmd? Sem fyrr hefur rödd þjóðarinnar ekki náð til þeirra, er fyrir fjárlagagerð standa. Er því ekki von, að þessu stórmáli sé sinnt í fjárlagafrv. þessu, nema að því leyti, sem það var knúið fram með sameiginlegu átaki þm. Það átak og samstaða kvennanna um fæðingardeildina færir okkur heim sanninn um það, að við þurfum hvort tveggja í senn samstöðu og dugnað til að hrinda þessu þjóðþrifamáli í framkvæmd og minna má þá menn á það, sem tekið hafa að sér félagslega forystu um umbætur í samgöngumálum, að meta það verkefni meira en þjónkun sína við pólitíska valdamenn.

Ég vil einnig taka það fram í sambandi við vegamálin, að mikla nauðsyn ber til að marka ákveðna stefnu um, hvort fara á í 1. áfanga frá malarvegi til steinsteyptra vega eða hvort olíumöl og malbik á að brúa það bil fyrst um sinn, sem ég tel eðlilegast til þess að

hraða umbótum veganna. Er nauðsynlegt, að Alþ. marki stefnu þar um nú þegar. Ég vil, áður en ég skil við þennan þátt í ræðu minni, minna á það, að með sölu Esju úr landi leggst niður einn þáttur í samgöngumálum þjóðarinnar, sem eru hringferðirnar í kringum landið. Ég spyr: Er það að skapi þjóðarinnar, að þær leggist niður?

Raforkumálum er heldur ekki sinnt í þessu fjárlagafrv. nema með hangandi hendi. Engin stefna er mörkuð, hvenær þeim skuli lokið.

Það eru fleiri málaflokkar, sem þjóðin hefur áhuga fyrir, en þeir, sem ég hef þegar getið, sem einnig hafa farið fram hjá garði fjárlagasmiðanna. Sá málaflokkur, sem ég ætla nú að víkja að, eru skattamál. Nú í þrjú ár hefur sama skattvísitala gilt þrátt fyrir ákvæði skattalaga um gildi hennar sem mælikvarða á verðlag.

Tvær stórfelldar gengisbreytingar hafa verið framkvæmdar á þessum árum með öllum þeim verðlagshækkunum, sem þeim fylgja. Það er því með öllu óskiljanlegt, hvað því veldur, að persónufrádráttur til skatts skuli ekki hafa verið hækkaður. Það vekur undrun, að í fjárlagafrv. fyrir árið 1970 er gert ráð fyrir honum lítið breyttum, þar sem áætluð er 10% hækkun á tekjuskatti. Við það getur þjóðin ekki unað, að lagðir séu háir skattar á nauðþurftatekjur, eins og nú er gert. Persónufrádráttur verður að breytast í samræmi við breyttan framfærslukostnað. Auk þess þarf að breyta framkvæmdum við úrvinnslu skattaframtala, m.a. með því að taka upp útdráttarreglu.

Það sama er að segja um skatta á atvinnufyrirtæki. Í verðbólguþjóðfélagi sem okkar verður sú regla að gilda, að afskriftir séu miðaðar við endurkaupsverð. Með öðru móti er fyrirtækjum með öllu gert ókleift að endurnýja sig. Eitt af því, sem hefur verið óskabarn núv. valdhafa, er skattur á skatt ofan á atvinnufyrirtæki landsins, sem nemur nú orðið háum fjárhæðum. Væri þörf hreingerninga þar til stuðnings við atvinnuvegina. Minni kröfur en að afskriftir miðist við endurkaupsverð geta fyrirtækin ekki gert til stjórnvalda, enda hefur skattbyrði og vaxtakostnaður átt verulegan þátt í lélegri afkomu íslenzkra atvinnufyrirtækja á síðari árum.

Herra forseti. Í ræðu minni hér að framan hef ég leitt rök að því, að fjárlagafrv. er mjög fjarlægt þjóðlífinu. Örlar þar hvergi á því, að gerð sé tilraun til að takast á við vandamál þjóðarinnar eða ryðja nýjum verkefnum braut. Enn fremur er það augljóst, að ríkissjóður er að komast í sjálfheldu, þar sem hann er rekinn með greiðsluhalla, eins og áður hefur verið rakið. Það sannar það, sem ég hef áður sagt, að ekki verður um deilt, að stefnubreyting verður að koma til. Sú stefna, sem koma þarf, er, að ríkisvaldið taki forystu um atvinnuuppbyggingu í landinu með áætlunargerð og með því að veita atvinnufyrirtækjum aðgang að fjármagni á hagkvæman hátt með stofn- og rekstrslánum. Aðstoð verði veitt bæjar- og sveitarfélögum, sem taka að sér forystu um stofnun atvinnufyrirtækja með þátttöku almennings. Skattakerfinu verði breytt og viðurkennd verði eðlileg endurnýjun atvinnufyrirtækja fyrir eigið afskriftafé, að fé verði ekki dregið út úr atvinnurekstri til annarra nota, að ríkið taki beinan þátt í atvinnurekstri í sambandi við þau verkefni, sem eru stærri en svo, að einstök fyrirtæki eða byggðarlög ráði við þau.

Stefnan í atvinnumálum á að miðast við það, að fyrirtækjum sé gert kleift að greiða laun, sem séu sambærileg við launatekjur hjá þeim þjóðum, sem eðlilegt er, að við berum okkur saman við, enda er það forsenda þess, að byggð haldist og fólki fjölgi í landinu. Við eigum ekki að miða viðskipti okkar við aðrar þjóðir eða afkomu atvinnuveganna við það, að vinnuafl okkar sé ódýrara en með öðrum þjóðum gerist. Við þurfum hins vegar að keppa að því að auka kaupgetu og þar með viðskiptalíf og tekjur ríkissjóðs og velmegun þjóðarinnar. Ný stefna í ríkisbúskapnum verður að miða við það að tengja fjárlög ríkisins aftur við þjóðlífið með beinni þátttöku ríkissjóðs í þeim verkefnum, sem ríkissjóði ber að annast. Aðalreglan verður að vera sú, að þau verkefni verði greidd af samtímatekjum. Til þess að það megi verða, verður að velja verkefnin eftir gildi þeirra fyrir þjóðfélagið, en ekki taka þau þá fyrst til úrlausnar, er í vandræði er komið, eins og nú er gert. Það þarf að skapa sterkt aðhald í ríkisrekstrinum. Það verður að leggja niður úreltar stofnanir, sameina aðrar, þar sem það hentar, og taka upp breytt vinnubrögð. Ég endurtek það, sem ég hef áður sagt á opinberum vettvangi, að áhrif ríkisrekstursins eru svo veigamikil í lífi þjóðarinnar, að takist að skapa þar aðhald og sterkt viðskiptalegt siðgæði, þá mun þess gæta í þjóðlífinu yfirleitt.

Eitt mesta vandamál, sem íslenzkur landbúnaður á nú við að stríða, er kal í túnum. Ræktuð lönd, sem kalin eru, skila ekki arði, þó að til þeirra hafi miklu verið kostað með dýrum áburði, vegna þess að rót plöntunnar er slitin frá jarðveginum og nær ekki að sækja þangað næringu. Fjárlagafrv. fyrir árið 1970 hefur á sér mörg einkenni kals. Sambandið á milli þjóðarinnar og ríkisins er að rofna, þar er að verða rótarslit. – Góða nótt.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það verður nú ekki mikið sagt á 15 mínútum, enda gerist þess naumast þörf að ræða mikið ræður hv. stjórnarandstæðinga. Hv. þm. Magnús Kjartansson talaði mikið um þreytta menn, bæði í upphafi og endi sinnar ræðu. Það var bæði epilogus og prologus. Ég veit ekki, hvort starfsemi þeirra Alþb.-manna á að vera til andstæðu við þessa þreyttu menn, en ég held, án þess að ég ætli nú að meta neitt þreytu mína eða minna kollega, að það verði að sýna sig, hvað gert er og ekki gert og þjóðin að meta það, og þá held ég, að ég vildi heldur fyrir minn flokk a. m. k. biðja um þá þreytu heldur en þá vaxtarverki, sem eru í Alþb., sem maður veit ekki frá degi til dags, hvað er klofið í marga flokka. Og eitthvað sýnist vera bogið við hugsjónir þeirra manna, sem þannig er ástatt með, því að þeir hafa ekki nokkur tök á að samræma skoðanir sínar um það, hvernig eigi að snúast til baráttu gegn þessum þreyttu mönnum.

Það var dálítið fróðlegt að heyra sama ræðumann tala um það, að þetta frv., sem nú lægi hér fyrir, væri ómengað íhaldsfrv., þegar þess er gætt, að um meira en helmingur allrar hækkunar á þessu frv. er til tryggingamála annars vegar og fræðslumála hins vegar. Það er kannske íhald, en einhvern tímann hefði maður nú haldið, að sú kenning kæmi ekki úr þeirri átt. 90 millj. kr. til viðbótar eru til almennrar uppbyggingar og svo er

að lokum það, sem á vantar, til að greiða uppbætur á laun opinberra starfsmanna lögum samkv. Varla ætlazt hann til, að það sé svikizt undan því.

Það var mottó beggja þessara hv. þm., að það hefði gleymzt að hugsa um atvinnulífið í þessu fjárlagafrv. Það er rétt, að engir styrkir eru til atvinnuveganna, en það byggist einfaldlega á því, að tekið hefur verið upp kerfi með efnahagsráðstöfunum ríkisstj., sem gerir ráð fyrir því, að atvinnuvegirnir geti starfað styrkjalaust, og þess vegna eru ekki veittir styrkir. Það er hins vegar nauðsynlegt að hafa aðhald um ríkisútgjöld til þess að leggja ekki nýja bagga á atvinnuvegina, og með þessu frv. er leitazt við að forðast það.

Það er alveg rétt hjá hv. þm., að framleiðslukerfið er undirstaðan að því, að þetta fjárlagafrv. eða önnur geti staðizt. Það gerum við okkur ljóst, og ég gerði grein fyrir því í minni framsöguræðu, með hve margvíslegum hætti unnið væri að því að reyna að efla undirstöður atvinnulífsins. En það hljómaði svo dálítið kollhúfulega, þegar hv. þm. eyddi meginhluta sinnar ræðu í það að fjargviðrast yfir þeim ósköpum, að skyldi hafa verið ráðizt í virkjun Þjórsár við Búrfell með sölu til Álbræðslunnar í huga, þar sem jafnvel hans eigin menn hafa verið að hneykslast yfir að undanförnu, að það væri eiginlega dæmalaust, að þetta veitti þó ekki nema 500 manns atvinnu. En hvað ætli væri um okkar atvinnulíf, ef þessu væri ekki sinnt? Nei, þessir ágætu menn verða að opna sín eigin augu. Það erum ekki við, sem erum úr sambandi við fólkið og þróunina. Það erum ekki við, sem neitum að gera áætlanir um hagþróun. Það hafa aldrei verið gerðar fleiri áætlanir um hagþróun á Íslandi heldur en síðustu árin. En það er hagþróun, sem byggist á raunhæfri uppbyggingu, en ekki einhverjum fjarstæðum spekúlasjónum um uppbyggingu, sem ekki er neinn grundvöllur undir, þó að það sé hægt að setja sér til gamans á blað, að það gefi þetta og þetta marga milljarða kr., sem er algerlega út í hött.

Ég skal nú ekki mikið tala um minnkun togaraflotans, sem hv. þm. Magnús Kjartansson minntist á, en ég held, að það væri fróðlegt, að hann spyrði flokksbróður sinn og ég held formann í einni deild Alþb., hv. þm. Lúðvík Jósefsson, hvernig stóð á því, að hann gleymdi að láta smíða togarana, sem hann ætlaði að láta smíða, þegar hann var sjútvmrh.

Varðandi það atriði, að það sé einstæð hæð fjárlaga hér á Íslandi, þá er það mikill misskilningur. Það hefur verið reiknað út og athugað, að Íslendingar taka mun minna til opinberra þarfa af þjóðartekjum heldur en margar aðrar þjóðir, sem eru okkur nálægar, þ. á m. bæði Svíar og Þjóðverjar, sem taka mun hærri prósentutölu. Óhæfilegar, erlendar skuldir minntist hv. þm. einnig á. Ég hef oft á það bent áður, að hér er ekki um að ræða neinar óhæfilegar, erlendar skuldir. Meginhluti allra þeirra lána, sem tekin hafa verið síðustu árin, hafa verið tekin til þess að undirbyggja nýja framleiðslu í landinu, sem á komandi árum á eftir að stórauka okkar gjaldeyristekjur, þannig að baggi okkar af þessum skuldum mun ekki verða tilfinnanlegur og engin hætta að taka slík lán, sem miða að því að byggja upp nýja framleiðslu í landinu. Hv. þm. Magnús Kjartansson sagði, að tekjuskattur félaga væri sáralítill, en þó ætti þetta, skildist mér, að hlynna að auðmönnum. Það hefur ekki verið breytt tekjuskatti félaga og ástæðan til þess, að tekjuskattur félaga er svona lítill, stafar þá væntanlega af því, að það er ekki meiri arður, sem félögin hafa. Og það er áhyggjuefni út af fyrir sig, að félögin skuli ekki hafa meiri tekjuskatt, því að það sýnir, hve afkoma þeirra er léleg og hve þessir erfiðleikar allir að undanförnu hafa gengið nærri þeim.

Hv. þm. Halldór E. Sigurðsson kom hér fram sem rödd þjóðarinnar, sú rödd að því leyti, að þar átti að vera eitthvað fyrir alla. Það átti að byggja vegi og taka allar tekjur af umferðinni til þess að byggja vegina, – annað var fjarstæða. Það átti að hækka persónufrádrátt, það átti að auka afskriftir fyrirtækja og það átti að auka framlög til alls konar sjóða, það átti að efla verklegar framkvæmdir og ég held, sannast sagna, að fátt af þessu hafi gleymzt að telja upp, sem hljómaði fallega fyrir fólkið. Hins vegar var það fráleitt, sem hafði þó verið reynt að gera, að taka lán til þess að hrinda áleiðis framkvæmdum, og allt var þetta á eina bókina lært. Ég satt að segja skil ekki og ég held ekki, að þetta sé rödd þjóðarinnar. Ég held, að þjóðin skilji allt of vel, að það verður að vera samræmi í þessum hlutum. Hv. þm. vill ekki hærri skatta, en hann vill miklu meiri framkvæmdir. Hvernig á að samrýma þetta jafnframt því, sem hann fordæmir skuldasöfnun ríkisins og að við höfum verið með yfirdrátt við Seðlabanka? Ég fæ ekki skilið þetta og ég held, að það séu fáir af þjóðinni, nema kannske í hans eigin þrönga hring í Framsfl., sem skilja svona speki. Ég held, að menn verði að læra það og það er furðulegt, að jafnreyndur maður og hv. þm. skuli ekki gera sér grein fyrir því, að svona boðskap er ekki hægt að flytja, þetta er út í hött. Auðvitað er það ánægjulegt, að við getum byggt meira af vegum, ef við höfum peninga til þess, og það mátti ekki einu sinni taka lán til þeirra. Og það er vissulega æskilegt, að við getum stórhækkað meira skattvísitölu. Það er nú rangt að vísu, að hún hafi verið óbreytt í þrjú ár, heldur aðeins tvö ár, og það er fyrirhugað nú eftir frv., eins og það liggur fyrir, að hækka skattvísitölu. Og það væri vissulega ágætt að auka afskriftir fyrirtækja, þó að ég viti ekki, hvernig það fellur saman við stefnu samherja hans, hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar, þegar hann segir, að það sé allt of lítið, sem atvinnureksturinn greiðir í skatta. En þetta getur bara ekki farið saman. Hv. þm. gerði sér það til dundurs, sem var út af fyrir sig ósköp skemmtilegt, að komast að þeirri niðurstöðu, að fjárl. yrðu komin upp í 1000 milljarða árið 2000. Mér skildist þá eftir því að dæma, að hann reiknaði með, að það yrði sama stjórn til ársins 2000, því að varla ætla þeir að halda áfram á sömu braut með þessa þróun. Svona hugvekjur geta kannske verið gaman fyrir þá, sem hafa gaman af að setja saman svona púsluspil, en ekki er þetta nú sérlega uppbyggilegt, þegar verið er að tala um jafnalvarlegt mál og efnahagsþróun og fjármál íslenzka ríkisins. Hann minntist á það, að þetta frv. til fjárl. hafi verið samið af mönnum, sem ekkert samband hafa haft við þjóðlífið, en þessir hv. þm., þeir hafi haft þetta mikla samband. Ég læt mönnum eftir að dæma það.

Ég hef ekki heyrt af ræðum þessara hv. þm., að neitt af því, sem er í núv. fjárlagafrv., eigi ekki að standa þar,

né heldur hef ég heyrt nein rök fyrir því, utan fullyrðingar út í hött, að þar eigi að standa eitthvað, sem þar sé ekki, og það er ekki rétt að taka það alvarlega, nema þeir sömu hv. þm. segi, hvað á að fella út eða hvort á að leggja á nýja skatta. En það er forðazt sem heitan eldinn, þannig að ekkert af þessu er í rauninni hægt að taka alvarlega.

Þegar hv. þm. Halldór E. Sigurðsson talar um og breiðir úr sér um sparnað, þá vil ég vekja athygli á því, að þessi hv. þm. hefur verið í sparnaðarnefnd nú í 2 ár, og ég veit ekki til, að það hafi gerzt nein stórvirki í sambandi við hans störf. Ég sagði í fjárlagaræðu minni áðan, að ég þakkaði honum og fulltrúa Alþb. þar fyrir það að hafa þar staðið drengilega að þeim athugunum, sem gerðar hafa verið á einstökum atriðum. En það hafa ekki komið nein ný sannindi frá þessum ágætu mönnum, og það er ekkert, sem frá þeim hefur komið, sem bendir til neinnar gerbyltingar í rekstrarkerfi ríkisins. Allt, sem hv. þm. taldi upp hér áðan, voru málefni, sem hafa verið í athugun, og flest þeirra hafa komið til að frumkvæði ráðuneytisins.

Varðandi það, sem hv. þm. Halldór E. Sigurðsson sagði um Atvinnujöfnunarsjóð. Hann veit það mæta vel, að ástæðan til þess, að sú fjárveiting er felld niður, er sú, að 30 millj. af því, sem fór til sjóðsins nú í ár, var til þess að taka þátt í stuðningi við hraðfrystihúsin, til húsa, sem Fiskveiðasjóður gat ekki leyst samkv. löggjöf um það efni varðandi þessa aðstoð, sem sett var fyrir tveimur árum, og þessari aðstoð er nú lokið. Og þess vegna var þessi upphæð felld út, því að þetta var eins skiptis aðstoð. Þá skil ég ekki í hv. þm. að halda því fram, að það væri ekki ætlunin að hjálpa bændum á Suðurlandi, þó að það stæði ekki í fjárlagafrv. Ég tók það skýrt fram áðan, að ástæðan til þess, að það stæði ekki þar, væri beinlínis sú, að það hafi ekki legið fyrir neinar endanlegar niðurstöður um það, hversu mikil þessi aðstoð þyrfti að vera. En ég tók það skýrt fram, að þessi aðstoð mundi verða veitt.

Hann taldi það ákaflega fráleitt að selja Esju. Esja er ónýtt skip, og það er kannske framfarastefna Framsfl. að gera út skip, sem eru að því komin að sökkva. En stefna ríkisstj. hefur verið sú að byggja ný skip og setja í staðinn fyrir Esju. Og það er það, sem verið er að gera.

Varðandi fsp. hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar um kostnað við Þjórsárvirkjun, þá hef ég ekki tölur um það atriði hér og ég býst varla við, að hann geri ráð fyrir því. Því verður áreiðanlega hægt að svara á öðrum vettvangi, því að ég býst við, að maður lesi þennan kafla ræðu hans í Þjóðviljanum einhvern næstu daga og þá sé hægt að koma við svörum við þeim fullyrðingum. Um Ártúnsbrekkuna er það að segja, að það er mjög gleðilegt og sýnir hversu pósitívt það er að bjóða út verk. Það er rétt, að það var samið við Íslenzka aðalverktaka um hluta af verkinu. Hvort það hefur haft í för með sér tap eða ekki, þori ég ekki að fullyrða um, en eins og sakir stóðu þá var ekki talið, að aðrir aðilar gætu tekið að sér það verk miðað við allar aðstæður, vélakost, sem til þess þurfti, og fé, sem þurfti að tryggja sér í því sambandi. Það var mat þeirra manna, sem að því stóðu þá. Hvort það hefur verið hægt að fá það með einhverju móti eða öðrum hætti skal ég ekki fullyrða um. Ég hef ekki kannað það mál til hlítar. En það er hins vegar skoðun mín, að það eigi almennt að bjóða út verk og það hefur sýnt sig nú einmitt síðasta árið aðallega, þegar spennan fer að minnka á vinnumarkaðinum hjá verktökunum, að þá eru tilboðin með allt öðrum hætti og miklu lægri en áður.

Varðandi dylgjur hv. þm. um það, að það væri verið með einhverjum pólitískum hlunnindum að halda uppi þremur fyrirtækjum, Álafossi, Sana og Slippstöðinni á Akureyri, þá er það mesti misskilningur. Ég hef sagt hér í Alþ. frá þeim atriðum varðandi bæði Álafoss og Slippstöðina, sem ég býst við, að hv. þm. hafi hlustað á. Og þar er um það að ræða að bjarga mjög þýðingarmiklum fyrirtækjum, en ekki að þar sé neitt skandalamál á bak við. Um Sana er það að segja, sem rétt er og má segja, að sé eða hafi verið óhæfa, að það hafði verið dregið að innheimta þar tollaskuldir eða framleiðslugjaldsskuldir, sem höfðu safnazt fyrir, en ríkið hefur ekki lagt þar fram eitt né neitt fé, heldur er spurningin um það, sem unnið er að, hvernig sé hægt að tryggja það að ná þessum peningum frá þessu fyrirtæki, en tapa ekki fénu.

Nei. Ég held, að við komumst ekki langt áleiðis með að leysa okkar vandamál, hvorki varðandi setningu fjárl. né lausn annarra vandamála, ef hv. stjórnarandstæðingar læra ekki að umgangast staðreyndir betur heldur en þeir gerðu í þessum ræðum sínum hér og reyna ekki að viðurkenna þau grundvallarlögmál, sem uppbygging atvinnuvega og efling framtaks og framfara hér á þessu landi byggist á. Staðreyndirnar sýna það, eins og ég sagði í minni frumræðu, að við höfum á ótrúlega skömmum tíma tekið að rétta við eftir geysilega erfiðleika í okkar atvinnulífi og það liggja þegar fyrir ljósar staðreyndir þess, sem eru öllum almenningi ljósar, og ég hygg miklu ljósari þjóðinni heldur en þeim, sem telja sig hér tala í umboði þjóðarinnar, að þar hefur verið rétt stefnt. Það er þegar farið að skila þeim árangri í alhliða þrótti og nýrri blóðgjöf til atvinnuveganna á öllum sviðum, að það er sannarlega gleðilegt. Ég er ekki að gera meira úr því en ástæða er til. Það eru ábyggilega margir erfiðleikar, sem þarf að yfirstíga, en þeir verða ekki yfirstignir með því fádæma óraunsæi og tali út í loftið, sem að því er ég fæ séð gerir ekki annað en reyna að þóknast einhverjum, sem ekki hugsa allt of djúpt og reyna ekki að kryfja hlutina til mergjar, það leysir ekki þjóðfélagsvandamálin, og ef hv. stjórnarandstæðingar ætla að komast til valda fyrir árið 2000, þá held ég, að þeir verði að taka upp aðrar kenningar heldur en þeir beita nú, jafnvel þótt við kunnum að vera þreyttir menn, sem sitjum í ráðherrastólunum nú. Það er engin nauðsyn, að við sitjum þar, það geta aðrir samherjar okkar setzt þar, og ég held, að þeir munu gera það og það muni verða haldið áfram á þeirri sömu braut, sem mörkuð hefur verið, því að það eru meira að segja líkur til þess að tryggja þá velmegun, sem ég veit, að við erum allir sammála um, að við viljum tryggja okkar þjóð. Hún verður ekki tryggð með tali út í loftið, heldur með verkum og athöfnum, þar sem byggt er á raunhæfum grundvelli og réttum skilningi á öllum staðreyndum.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, um leið og ég býð góða nótt, að óska þess, að efnahagsmál okkar megi öll þróast í þá átt, að þau geti orðið til þess að undirbyggja það,

að íslenzka þjóðin geti búið við sambærileg lífskjör og aðrar þróaðar þjóðir búa við. Það hlýtur að vera stefna og það er skylda allra þeirra, sem um stjórnvöl halda, hvaða flokkum, sem þeir tilheyra, að starfa að slíku. Það vill núv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar gera, og það er vissulega með þeim vilja, sem hún gengur til starfa.

Ég legg svo til, herra forseti, að þessari 1. umr. um fjárlagafrv. verði frestað og því verði vísað til fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 6. fundi í Sþ., 22. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 20. fundi í Sþ., 8. des., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Jón Árnason: Herra forseti. Við þessa umr. fjárlagafrv. sér fjvn. ekki ástæðu til að gera aths. við frv., en leggur til, að málinu verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Afbrigði um frestun útvarpsumr. leyfð og samþ. með 46 shlj. atkv.

Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Sþ., 9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 144, 156 og 157, 145, 154, 155, 158, 161, 162, 165).

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Fjvn. hóf athugun sína á fjárlagafrv. þann 15. okt. s. l. og segja má, að n. hafi unnið sleitulaust að afgreiðslu málsins síðan. Alls hefur n. rætt fjárlagafrv. á 32 fundum sínum, en auk þess hafa einstakir nm. starfað í undirn. til athugunar á sérstökum málaflokkum frv. Hefur það einkum beinzt að þeim málaflokkum, sem fjalla um fjárveitingar til verklegra framkvæmda, svo sem nýbyggingu skóla og íþróttamannvirkja, hafnarframkvæmdir og lendingarbætur, nýbyggingar sjúkrahúsa, læknabústaða og heilsuverndarstöðva. Segja má, að stór hluti af því fé, sem árlega er veitt í fjárl. til verklegra framkvæmda í landinu, falli undir þessa þrjá málaflokka.

Þá hefur n. nú sem fyrr átt ágætt samstarf við forstöðumann fjárlaga- og hagsýslustofnunar fjmrn., dr. Gísla Blöndal, en hann hefur setið flesta fundi n. og veitt henni mikilsverðar upplýsingar og aðstoð. Þá er þess að geta, svo sem fram kom í framsöguræðu hæstv. fjmrh. fyrir fjárlagafrv., að á s. l. sumri var að hans ósk starfandi undirnefnd fjvn., sem í átti sæti einn maður frá hverjum þingflokki. Vann sú n. ásamt með fjárlaga- og hagsýslustofnuninni að ýmsum athugunum varðandi fjárlagagerðina með það fyrir augum að koma á betra skipulagi í ríkisrekstrinum og auknum sparnaði. Er ekki að efa, að þessi nýbreytni í vinnubrögðum við samningu fjárlagafrv. er til bóta og ætti að tryggja nánari samvinnu milli fjárlaga- og hagsýslustofnunar fjmrn. og fjvn., sem verður að teljast æskilegt. Undir athugun n. á fjárlagafrv. hefur hún átt þess kost að eiga viðræður við forstöðumenn hinna ýmsu ríkisstofnana, en með því hefur n. aflað sér ýmissa upplýsinga varðandi ríkisreksturinn í heild, sem gert hefur n. auðveldara en ella að meta þá nauðsyn, sem fyrir hendi er hverju sinni, þegar um það er að ræða að skipta takmörkuðu fjármagni milli einstakra verkefna þjóðfélagsins.

Svo sem jafnan áður, hefur n. borizt fjöldi erinda frá einstaklingum, samtökum og stofnunum, sem flest hafa falið í sér beiðnir um fjárhagslega aðstoð eða fyrirgreiðslu í einu eða öðru formi. Hafa nm. eftir föngum reynt að kynna sér þessi málefni og komið til móts við aðila eftir því, sem tök hafa verið á. N. er þó ljóst, að í sumum tilfellum hefur orðið að synja fjárbeiðnum til *málefna, sem vissulega verðskulda að hljóta fjárhagslegan stuðning*, en takmarkað fjármagn hins opinbera hefur ráðið úrslitum um afgreiðslu mála. Enn sem komið er hefur n. ekki unnizt tími til að ljúka að fullu afgreiðslu sinni á nokkrum liðum fjárlagafrv. Má þar nefna liðina nýbyggingu iðnskóla, fyrirhleðslur, eftirlaun og heiðursstyrki o. fl., auk einstakra erinda annarra, sem bíða afgreiðslu 3. umr.

Um heildarafgreiðslu fjárlagafrv. náðist ekki samkomulag innan n. og hefur minni hl. skilað séráliti. Varðandi brtt. á þskj. 154 varð hins vegar full samstaða innan n. og flytur hún því till. sameiginlega.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka meðnm. mínum ágætt samstarf í n. við afgreiðslu málsins og vona, að enda þótt leiðir nm. hafi ekki að öllu leyti legið saman, þá hafi afgreiðsla málsins í heild í n. verið með þeim hætti, að allir hafi mátt við una.

Varðandi tekjubálk fjárlagafrv. er það að segja, að meiri hl. n. gerir engar brtt. við þessa umr. málsins. Það er alkunna, að nú standa fyrir dyrum viðræður um aðild Íslands að EFTA, Fríverzlunarbandalagi Evrópu. Samþykki Alþ. þáltill., till. þá, sem ríkisstj. hefur nú lagt fyrir Alþ. um aðild Íslands að EFTA, leiðir af því, að gera verður margvíslegar breytingar á tekjustofnum fjárlagafrv. Meiri hl. n. telur því rétt að fresta til 3. umr. að bera fram brtt. við tekjubálk frv. Hins vegar vill meiri hl. n. taka það skýrt fram, að hann telur með öllu óverjandi að afgreiða fjárlagafrv. með greiðsluhalla, og mun því miða till. sínar við 3. umr. málsins við það, að svo verði eigi.

Þá verður í stuttu máli gerð grein fyrir brtt. fjvn. við gjaldabálk frv. Þar er fyrst lagt til, að við liðinn 201, Alþingi, komi nýr liður, til útgáfu Alþingishátíðarkantötu dr. Páls Ísólfssonar, að upphæð 280 þús. kr. Er ætlað að verja þessari upphæð til að kosta vandaða útgáfu á þessu verki, en svo sem kunnugt er gaf dr. Páll Ísólfsson Alþ. umrætt handrit.

Næst koma brtt., sem falla undir fjárlagaliði við forsrn. og menntmrn. Kemur þar fyrst till. n. um fjárveitingu til Handritastofnunar Íslands, gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 2.5 millj. kr. Þegar fyrsta fjárveiting til Handritastofnunar Íslands var veitt í fjárl. 1964, var gengið út frá því, að hluti ríkissjóðs við byggingu Árnagarðs vegna Handritastofnunar mundi nema um 10 millj. kr. En það er um 30% af áætluðum heildarkostnaði byggingarinnar. Fjárveitingar til Handritastofnunar nema nú samtals um 16 millj. 80 þús. kr. frá upphafi, þegar með er talin sú fjárveiting,

sem hér er lögð til. Hér er þó ekki um endanlega fjárveitingu að ræða, og gera má ráð fyrir, að jafnháa upphæð verði að taka í fjárlög fyrir árið 1971. Þá er lagt til, að tekinn verði inn nýr liður við Náttúrufræðistofnun Íslands, að upphæð 65 þús. kr., til kaupa á ljósmyndavinnuáhöldum Tryggva Samúelssonar. – Til Menntaskólans á Akureyri er lagt til, að liðurinn laun hækki um 460 þús. kr., en það er vegna vanáætlunar í fjárlagafrv. – Til Kennaraskóla Íslands hækkar launaliður um 1923 þús. kr. og önnur rekstrargjöld um 307 þús. Stafar þessi hækkun af auknum nemendafjölda, miðað við það, sem gert var ráð fyrir við samningu fjárlagafrv. – Til Fræðslumyndasafns er till. um fjárveitingu að upphæð 250 þús. kr., sem er nýr liður. Það er ætlað til tilrauna með skólasjónvarp í eðlisfræði á vegum Fræðslumyndasafnsins í samvinnu við Skólarannsóknir. Hefur Fræðslumyndasafnið á s. l. sumri athugað möguleika á slíku skólasjónvarpi, þ. e. að senda fræðslumyndir beint til skóla og nemenda. Hefur mál þetta verið rætt við ýmis skólayfirvöld og fengið góðar undirtektir. Með þessari upphæð ætti að vera hægt að hefja umræddar tilraunir með skólasjónvarp í þessari umræddu námsgrein. – Þá er lagt til að hækka fjárveitingu til Vélskóla Íslands, en samkv. till. n. hækkar launaliður um 946 þús. kr. og önnur rekstrargjöld um 160 þús. Er þessi viðbótarkostnaður vegna óvenjumikillar aðsóknar að Vélskólanum nú á þessu hausti. – Þá er lagt til, að fjárveiting til Iðnskólans í Reykjavík hækki um 300 þús., en það er vegna kaupa á nýrri prentvél handa prentdeild Iðnskólans, sem flytur nú í betra húsnæði. Hér er um helming af kostnaðarverði prentvélarinnar að ræða, þar sem félagssamtök prentsmiðjueigenda munu leggja fram hinn helming andvirðisins. – Til héraðsskólans á Núpi hækkar fjárveiting um 250 þús. kr. Hækkar liðurinn annar kostnaður sem þessu nemur. Er hér um að ræða vanáætlun við gerð fjárlagafrv. – Fjvn. leggur til, að fjárveitingar til nýbygginga héraðsskólanna hækki um 600 þús. kr. og verður þá upphæðin samtals 16.7 millj. kr. Um skiptingu á upphæðinni samkv. till. n. vísast til þess, sem fram kemur á þskj. 154. – Til byggingarframkvæmda gagnfræðaskóla, barnaskóla og íbúða fyrir kennara og skólastjóra er lagt til, að fjárveiting hækki samtals um 61 millj. 105 þús. kr., og verður þá fjárveiting til þessara skólabygginga á næsta ári samtals að upphæð 206 millj. 806 þús. kr.

Einn af þeim fjárlagaliðum, sem hvað mest hafa hækkað á s. l. áratug, er framlag til nýbyggingar skóla og íþróttamannvirkja. Á árinu 1959 eru heildarfjárveitingar til þessara framkvæmda 23 millj. 177 þús. kr. En samkv. till. þeim, sem ég hef nú lýst, verða fjárveitingar til byggingar skóla og íþróttamannvirkja samtals að upphæð 297 millj. 830 þús. kr. Til þess að gera þennan samanburð raunhæfan, ber að sjálfsögðu að leggja til grundvallar verðgildi peninganna, miðað við hvort árið sem er. Í nóvember 1959 er byggingarvísitala samkv. upplýsingum Hagstofu Íslands 132 stig. En samkv. sömu upplýsingum er byggingarvísitalan nú 428 stig eða hækkun, sem nemur 312%. Til þess að fjárveiting nú væri að sama verðgildi veitt og veitt var á árinu 1959, þyrfti upphæðin að vera um 72 millj. 312 þús. kr. Hér er því um rúmlega 312% hækkun á fjármagni að ræða, þegar tekið er tillit til þeirrar hækkunar, sem átt hefur sér stað í byggingarkostnaðinum á þessu tímabili.

Þá er lagt til, að liðurinn 772, Lánasjóður íslenzkra námsmanna, hækki um 1.5 millj., en jafnframt er við 6. gr. frv. brtt. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að ábyrgjast fyrir lánasjóðinn 6 millj. kr., og kem ég að þeirri till. síðar. – Lagt er til, að liðurinn náms- og fræðimenn hækki um 10 þús., en það er hækkun á styrk til Félags íslenzkra stúdenta í Kaupmannahöfn. – Þá er lagt til, að fjárveiting til Þjóðminjasafnsins hækki um 75 þús. kr. og gangi upphæðin sem byggingarstyrkur til verbúðar í gömlum stíl, sem ákveðið hefur verið að byggja í Bolungarvík. – Til almenningsbókasafna er lagt til, að liðurinn 02, til bæjar- og héraðsbókasafna, hækki um 150 þús., og er þá gert ráð fyrir að verja 100 þús. kr. af þeirri upphæð til geymsludeildar amtsbókasafnsins á Akureyri, en 50 þús. kr. gangi til endurbóta bókasafnsins á Ísafirði. – Þá er næst till. varðandi liðinn 882 listir, framlög, og er lagt til að hækka þann lið um 1 millj. kr. Fjvn. mun taka þessa till. til nánari athugunar á milli umr. og vil ég því leyfa mér að taka þessa till. aftur við þessa umr. – Til tónlistarskóla er till. um hækkun að upphæð 78 þús. kr., en það er sú upphæð, sem talið er, að sé vanáætluð í frv. Verður þá heildarupphæð til tónlistarskólanna 7 millj. 828 þús. kr. og skiptist á milli 38 tónlistarskóla, en ríkissjóður greiðir, svo sem kunnugt er, ⅓ af reksturskostnaði skólanna. – Þá er lagt til, að liðurinn vísinda- og fræðimenn hækki um 50 þús. kr., og skal upphæðinni verja sem styrk til dr. Sigurðar Jónssonar til rannsókna á þörungagróðri við strendur Íslands. Svo sem kunnugt er, hefur dr. Sigurður Jónsson unnið við þessi rannsóknastörf á undanförnum árum og fengið til þess styrk frá fleiri aðilum. Alls hafa komið út 30 ritgerðir eftir dr. Sigurð Jónsson um þessi rannsóknastörf og sjávarlíffræðirannsóknir hans hér við strendur. – Þá er lagt til, að fjárveiting til Jöklarannsóknafélags Íslands hækki um 40 þús. kr., en það er vegna ársþings Alþjóðajöklarannsóknarfélagsins, sem haldið verður í samvinnu við Jöklarannsóknafélag Íslands hér á landi í júnímánuði n. k., og er gert ráð fyrir, að umrætt ársþing verði haldið í héraðsskólanum að Skógum undir Eyjafjöllum. – Þá er lagt til, að fjárveiting til Íþróttasambands Íslands hækki um 200 þús. kr. – Undir liðnum 899 ýmislegt eru nokkrar till. um auknar fjárveitingar. Kemur þar fyrst till. um hækkun til blindrastarfsemi að upphæð 250 þús. Gert er ráð fyrir, að 100 þús. kr. af þessari upphæð sé varið til styrktar við nám erlendis í blindrakennslu, og 150 þús. kr. er ætlað til útgáfustarfsemi fyrir blinda. – Til Skáksambands Íslands er till. um 50 þús. kr. hækkun og til alþjóðaskákmóta er hækkun um 25 þús. kr. – Til Þjóðdansafélags Reykjavíkur hækkar fjárveiting um 7 þús. – Til Leikfélags Reykjavíkur er till. um hækkun fjárveitingar að upphæð 250 þús. kr. og til Bandalags ísl. leikfélaga um 50 þús. – Þá er lagt til, að Stjórnunarfélag Íslands hljóti fjárveitingu að upphæð 100 þús. kr. til námskeiðahalds, en það er sama upphæð og félagið hafði á fjárlögum yfirstandandi árs. – Til Svifflugfélags Íslands er till. um 100 þús. kr. fjárveitingu, og er það einnig sama fjárupphæð og félagið hlaut í fjárl. yfirstandandi árs. – Þá eru till. um fjárveitingar til

minnismerkja um Jón Eiríksson konferenzráð, Guðmund góða og Ara fróða að upphæð 25 þús. kr. til hvers minnismerkis. – Til Blaðamannafélags Íslands er till. um 100 þús. kr. fjárveitingu til námskeiðahalds. – Til Hlíðardalsskóla rekstrarstyrkur að upphæð 200 þús. kr. – Til kirkjutónlistarmóts, sem halda á í Reykjavík á næsta ári, er lagt til, að fjárveiting hækki um 75 þús. kr., og verður sá liður samtals að upphæð 125 þús. kr. – Kristján Jósepsson frá Vopnafirði hefur unnið merkt starf með því að koma upp vísi að íslenzku dýrasafni. Hefur þetta safn nú að undanförnu verið til sýnis hér í Miðbæjarskólanum. Leggur fjvn. til, að Kristjáni Jósepssyni verði veittur styrkur á fjárl. að upphæð 50 þús. kr. Þá hefur Skátafélagið í Hafnarfirði haft forgöngu um það á undanförnum árum að koma þar upp vísi að sjódýrasafni og leggur fjvn. einnig til, að sædýrasafnið í Hafnarfirði hljóti 50 þús. kr. styrk í fjárlögum.

Koma þá næst brtt. n. við fjárlagaliði, sem falla undir utanrrn. Er þar fyrst till. um fjárveitingu til sendiráðsins í Osló, að hún verði hækkuð um 19 þús. kr. vegna hækkunar forvaxta í Noregi. Þá er lagt til, að fjárveiting til sendiráðsins í London, launaliður, hækki um 115 þús. kr. Til sendiráðsins í Bonn er hins vegar lagt til, að fjárveiting hækki um 436 þús. kr., en það er vegna gengishækkunar þýzka marksins á s. l. hausti.

Þá koma brtt. n. við fjárlagaliði, sem falla undir atvmrn. Er þar fyrst till. um hækkun fjárveitingar til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, tilraunastöðin að Skriðuklaustri. Fjárveiting hækkar um 150 þús. kr. vegna viðhalds á íbúðarhúsinu. Þá er lagt til, að fjárveiting vegna verðlagsnefndar landbúnaðarafurða hækki um 196 þús. kr. Það er vegna aukins kostnaðar við svokallaða Sexmannanefnd. Verður þá heildarfjárveiting til verðlagsnefndar landbúnaðarafurða 700 þús. kr. – Til Kvenfélagasambands Íslands hækkar fjárveiting um 100 þús. kr. og til Sambands norðlenzkra kvenna, sem er nýr liður, er till. um 50 þús. kr. – Fulltrúaráð Sjómannadagsins í Reykjavík og Hafnarfirði stóðu sem kunnugt er fyrir sjávarútvegssýningunni Íslendingar og hafið. Nokkur greiðsluhalli varð vegna sýningarinnar, en með hliðsjón af því, að nokkrar opinberar stofnanir, sem þátt tóku í þessari sýningu, hafa enn ekki greitt sín þátttökugjöld telur fjvn. rétt að verða við óskum fulltrúaráðsins um fjárbeiðni og leggur því til, að tekin verði upp fjárveiting að upphæð 250 þús. kr. vegna sjávarútvegssýningarinnar Íslendingar og hafið. – Þá koma næst till. um hækkaðar fjárveitingar til Bændaskólans á Hvanneyri. Lagt er til, að liðurinn viðhald hækki um 150 þús., en það er vegna viðhalds á einum kennarabústað, og liðurinn önnur rekstrargjöld er lagt til, að hækki um 100 þús. kr. vegna aukins kostnaðar við upphitun skólahúsnæðis. – Til Bændaskólans á Hólum er till. um fjárveitingu að upphæð 900 þús. kr., til byggingar íþróttahúss. Svo sem kunnugt er brann íþróttahúsið að Hólum á s. l. ári, og er nú unnið að byggingu nýs íþróttahúss þar á staðnum. Þessi upphæð, sem hér um ræðir, er talið, að vanti til viðbótar vátryggingarfé hússins til þess að standa undir byggingarkostnaði nýja hússins. – Til byggingar húsmæðraskóla utan kaupstaða er lagt til, að fjárveitingar hækki samtals um 440 þús. kr., en um skiptingu á upphæðinni vísast til þess, sem fram kemur í brtt. fjvn. á þskj. 154. – Til Verzlunarskóla Íslands var farið fram á verulega hækkun á fjárveitingu. Var það gert m. a. vegna fjölgunar í skólanum. Nú munu stunda nám í Verzlunarskóla Íslands um 660 nemendur, en það er 51 nemanda fleira en var á s. l. skólaári. En auk þess hefur rekstrarkostnaður skólans aukizt verulega. Fjvn. hafði gert till. um það, að fjárveiting til skólans mundi hækka um 1200 þús. kr., en hún mun taka þessa till. sína til nánari athugunar á milli umr. og vil ég því leyfa mér að taka þessa till. aftur nú við þessa umr. Ef þessar 1200 þús. kr. hefðu komið til viðbótar því, sem er í fjárlagafrv., hefði heildarframlag til skólans numið 5 millj. 390 þús. eða sem næst 8000 kr. á hvern nemanda í skólanum. – Þá er lagt til, að fjárveiting til Samvinnuskólans að Bifröst hækki um 350 þús. kr., og verður þá heildarfjárveiting til Samvinnuskólans 1 millj. 710 þús. kr. Og með tilliti til þess nemendafjölda, sem er við nám í Samvinnuskólanum, verður þessi heildarfjárveiting til skólans þannig, að hún nemur um 22 þús. kr. á hvern nemanda. – Við liðinn 999 ýmislegt eru tvær brtt. Til tækninýjunga er lagt til, að fjárveiting hækki um 150 þús. kr. og framlag vegna skólabáts er lagt til, að hækki um 500 þús. kr. og verður þá samtals 600 þús. Gerð hefur verið kostnaðaráætlun um reksturskostnað skólaskips, sem áætlað er, að verði rekið að sumarlagi um þriggja mánaða skeið. Heildarkostnaður við útgerðina er gert ráð fyrir, að verði um 2 millj. 600 þús. kr. Loforð hefur fengizt frá borgarsjóði Reykjavíkur og Fiskimálasjóði um framlag, sem ætti að nægja til viðbótar þessari fjárveitingu, til þess að rekstur skólabátsins yrði þar með tryggður.

Þá koma næst brtt. n. við fjárlagaliði, sem falla undir dóms- og kirkjumálarn. Er þar fyrst till. um fjárveitingu til aðalskrifstofunnar, að hún hækki um 675 þús. kr. Er það vegna væntanlegra sveitarstjórnarkosninga, sem fram eiga að fara á komandi sumri. Upphæðin skiptist þannig, að laun hækka um 525 þús. og annar kostnaður um 150 þús. kr.

Þá koma næst brtt. n. við fjárveitingar til ríkisspítalanna, en vegna daggjaldahækkana, sem þar hafa átt sér stað, verða verulegar breytingar á rekstrarliðum ríkisspítalanna í heild. Af hækkun daggjaldanna leiðir, að útgjöld ríkissjóðs til sjúkratrygginga hækka um 72 millj. kr., en á móti kemur að halli á rekstri sjúkrahúsa ríkisins lækkar um ca. 50 millj. kr. og verður því um nettóútgjaldaaukningu á fjárl. að ræða, sem nemur 22 millj. kr. Fjvn. átti ítarlegar viðræður við forstöðumenn ríkisspítalanna og hinna einstöku deilda þeirra. Var það álit n. að athuguðu máli, að ekki yrði hjá því komizt að auka starfslið sjúkrahúsanna og hinna einstöku deilda þeirra. Með hliðsjón af því leggur n. til, að launaliður ríkisspítalanna hækki samtals um tæplega 5 millj. kr. og er þá gert ráð fyrir, að verði unnt að ráða nýtt starfsfólk til þessara stofnana, sem nemur samtals um 52 nýjum starfsmönnum.

Koma þá næst brtt. fjvn. við liðinn 381 til sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva og læknisbústaða annarra en ríkissjúkrahúsa. Lagt er til, að fjárveitingar hækki um 13 millj. og 6 þús. kr., og verður þá heildarupphæðin til nýbygginga undir þessum lið um 62 millj. 425 þús. kr. Um skiptingu á fjárveitingunni milli hinna

ýmsu framkvæmda vísast að öðru leyti til þess, sem fram kemur í till. n. á þskj. 154. Til ríkisspítala eru hins vegar fjárveitingar til nýbygginga samkvæmt fjárlagafrv. 51 millj. 875 þús. kr., og samtals verður þá upphæðin 114 millj. og 300 þús. kr. Fyrir 10 árum voru fjárveitingar undir þessum málaflokki samtals 9 millj. 690 þús. kr., og ef lögð er til grundvallar sú hækkun byggingarkostnaðar, sem átt hefur sér stað, þyrfti fjárveiting nú að vera að upphæð um 30 millj. 233 þús. kr. til þess að vera til jafns við það, sem veitt var í fjárl. 1959. Hér er því raunverulega um 269% hærri fjárveitingu að ræða, þegar lagt er til grundvallar raunverulegt verðgildi peninganna eða aukinn byggingarkostnaður.

Við liðinn 399 ýmis heilbrigðismál eru nokkrar brtt. Lagt er til, að veittar verði 150 þús. kr. vegna kostnaðar við þing hjúkrunarkvenna á Norðurlöndum, sem haldið verður hér í Reykjavík í júlí n. k. Umrædd samtök hjúkrunarkvenna eiga hálfrar aldar afmæli og verður þess minnzt sérstaklega í sambandi við þingið. Gert er ráð fyrir, að allt að 800 erlendar hjúkrunarkonur verði þátttakendur í móti þessu. – Þá er einnig nýr liður: 320 þús. kr. til Náttúrulækningafélags Íslands, það er byggingarstyrkur fyrir heilsuhælið í Hveragerði, en það er sama upphæð og er í fjárl. yfirstandandi árs.

Koma þá næst brtt. n. við liðinn 401 þjóðkirkjan. Lagt er til, að liðurinn 03 kirkjuþing hækki um 100 þús. kr., liðurinn 06 til útgáfustarfsemi um 18 þús. kr., liðurinn 10 sumarbúðir þjóðkirkjunnar hækki um 190 þús. og er þá gert ráð fyrir, að þeirri upphæð verði varið til styrktar sumarbúðum þjóðkirkjunnar, sem í ráði er, að komið verði upp við Eiðavatn í Eiðaþinghá, en á undanförnum árum hefur þjóðkirkjan á Austurlandi rekið sumarbúðir í barnaskólahúsinu á Eiðum. – Næst kemur till. n. um fjárveitingu að upphæð 250 þús. kr. til byggingar minningarkapellu um séra Jón Steingrímsson, en hana er verið að byggja að Kirkjubæjarklaustri. Fyrir þremur árum, eða á 175 ára ártíð séra Jóns Steingrímssonar, bundust Skaftfellingar samtökum um að minnast hans á veglegan hátt. Má sérstaklega geta þess, að bændur um 100 talsins í V.-Skaftafellssýslu lofuðu að gefa eitt haustlamb hver næstu 6 árin í byggingarsjóð minningarkapellunnar. Telur fjvn. sjálfsagt að veita þessu málefni nokkurn stuðning, og gerir ráð fyrir, að alls verði veitt í þessu skyni um 500 þús. kr., og sé þessi upphæð, sem hér um ræðir, 250 þús. kr., fyrri greiðsla. – Þá leggur n. til, að fjárveiting til Hallgrímskirkju í Reykjavík verði hækkuð um 280 þús. kr., og verður þá heildarfjárveiting samtals 1 millj. kr.

Lagt er til, að liðurinn 971 gæzluvistarsjóður, 04 Vernd, hækki um 50 þús. kr. – Liðurinn 981 bindindisstarfsemi hækki um 50 þús. kr., en það er vegna halla á bindindisþingi, sem haldið var á s. l. ári.

Þessu næst koma brtt. n. við fjárlagaliði, sem falla undir félmrn. Þar kemur fyrst brtt. n. um Tryggingastofnun ríkisins. Eins og ég hef áður skýrt frá, hækka framlög til sjúkratrygginga um 72 millj. kr., en það er í beinu sambandi við hækkun daggjalda á sjúkrahúsum, og verður þá liðurinn framlög til sjúkratrygginga samtals að upphæð 868.7 millj. kr.

Þá er lagt til, að inn komi nýr liður, vatnsveitur aðrar, að upphæð kr. 320 þús. Er hér um að ræða fjárveitingar til þeirra aðila, sem hafa ekki aðstöðu til að fá vatn til býla sinna frá samveitum og þurfa að leggja í kostnaðarsamar framkvæmdir við vatnsöflun. Er þetta svipuð upphæð og varið hefur verið í þessu skyni á undanförnum árum. – Þá er lagt til, að fjárveiting til Bjargráðasjóðs hækki um 5 millj. kr., en það er með hliðsjón af frv. til l. um breyt. á l. um Bjargráðasjóð, sem nú liggur fyrir Alþ. og gert er ráð fyrir, að nái fram að ganga.

Liðurinn 999 ýmis framlög. Við hann eru nokkrar brtt. Er þar fyrst lagt til, að liðurinn 02 elliheimili hækki um 400 þús. kr. Er hér um fjárveitingar að ræða til styrktar á rekstri 13 elliheimila, sem starfrækt eru í landinu. Hefur þessi fjárlagaliður lengi staðið óbreyttur og verið sem svarar 60 þús. kr. á hvert elliheimili. Er hér um nokkra úrbót að ræða varðandi rekstur elliheimila, verði till. þessi samþ. – Þá er lagt til, að fjárveiting til Sumargjafar verði hækkuð um 200 þús. kr., en það er vegna reksturs fóstruskóla félagsins. – Til Rauða kross Íslands er lagt til, að fjárveiting hækki um 105 þús. kr. og til Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra og lamaðra er till. um byggingarstyrk að upphæð 1 millj. og 500 þús. – Til Geðverndarfélags Íslands er einnig till. um byggingarstyrk að upphæð 2 millj. kr. Er hér um að ræða till. um fjárveitingar til umræddra félaga til jafns við það, sem veitt er í fjárl. yfirstandandi árs. – Til Bandalags íslenzkra skáta er lagt til, að fjárveiting hækki um 50 þús. kr. – Til Ungmennafélags Íslands hækkar fjárveiting um 200 þús. – Til Æskulýðssambands Íslands um 50 þús. – Til æskulýðsnefndar Austur-Húnavatnssýslu 25 þús. kr. – Til sjúkraflugs er lagt til, að fjárveiting hækki um 250 þús. kr., og verður þá liðurinn samtals 750 þús. – Þá er lagt til, að fjárveiting til byggingar dagheimila fyrir börn verði 600 þús. kr., en um skiptingu á upphæðinni er vísað til sérstaks lista, sem fram kemur á þskj. 154.

Við 4. gr. 106 fjmrn. er ein brtt., við 999 ýmislegt. Lagt er til, að liðurinn viðfangsefni 10 vísitöluuppbætur á laun að upphæð 45 millj. kr. verði felldur niður, en upphæðinni 45 millj. 701 þús. kr. hefur þegar verið jafnað niður á ýmsa launaliði í frv.

Við fjárlagaliði, sem falla undir samg.- og iðnmrn., hefur n. gert nokkrar brtt. Koma þar fyrst till. um hækkun á fjárveitingu til hafnamála. Lagt er til, að framlag til hafnarmannvirkja og lendingarbóta hækki um 8 millj. 850 þús. kr., og verði þá 78 millj. og 50 þús. Um sundurliðun á þeirri upphæð vísast til sérstaks lista á þskj. 154. Þá er lagt til, að liðurinn hafnarframkvæmdir, eftirstöðvar framlaga, hækki um 12.4 millj. og verði þá samtals að upphæð 25.2 millj., til ferjubryggna er lagt til, að fjárveiting hækki um 750 þús. og til sjóvarnargarða um 585 þús. kr. Verði þessar till. fjvn. samþ., hækkar framlag til hafnarmannvirkja og lendingarbóta samtals um 22 millj. 585 þús. kr., og verður þá heildarfjárveiting til hafnamála og lendingarbóta 169 millj. 435 þús. kr.

Eitt af því, sem undirn. fjvn. kynnti sér sérstaklega á s. l. sumri, þegar hún vann að undirbúningi fjárlagafrv., var staða hafnanna gagnvart ríkissjóði, og þá reyndi n. einnig að gera sér grein fyrir fjárhagslegri getu viðkomandi sveitarfélaga, hvað snertir viðbótarframlag til hafnanna. Það var einróma álit nm. og fjvn. í heild,

að ekki yrði komizt hjá því að breyta núverandi vanskilum hafnanna við ríkisábyrgðasjóð í föst lán til langs tíma. Og til viðbótar að gera sérstakar ráðstafanir um fjárhagslega aðstoð fyrir vissar hafnir, þannig að hjálpa þeim yfir tímabundna erfiðleika. Með það fyrir augum mun framlag það, sem er í fjárlfrv. til Hafnarbótasjóðs, hafa m. a. verið hækkað upp í 17 millj. kr. Og fjárveiting til greiðslu á eftirstöðvum á framlagi ríkissjóðs, svokallað halafé, er nú till. um, að hækki til viðbótar um 12.4 millj. kr., og verður þá þessi liður samtals að upphæð 22.5 millj. Þá hefur orðið að samkomulagi, svo sem fram kom í framsöguræðu hæstv. fjmrh., að ríkissjóður tæki á sig rúmlega helming af því fé, sem hefur fallið á hafnirnar vegna gengislækkana á árunum 1967 og 1968. Hluti ríkisins í gengistapinu verður 57.5% af upphæðinni og er gert ráð fyrir, að sú upphæð verði greidd til hafnanna á sama tíma og lánin endurgreiðast, en hér er um mismunandi langan tíma að ræða eða allt upp í 12 ár í sumum tilfellum. Ógreitt framlag ríkisins vegna fyrri hafnarmannvirkja, þegar nýju hafnal. tóku gildi, mun hafa numið um 118 millj. kr. Nú er gert ráð fyrir, að þessar eftirstöðvar verði greiddar að fullu á næstu fjórum árum. En varðandi nýjar framkvæmdir, sem á áætlun eru fyrir næsta ár, er hins vegar gert ráð fyrir því, að ríkissjóður greiði að fullu sitt framlag, eins og nýju hafnal. gera ráð fyrir.

Það er eins með hafnargerðir, vegi og skólabyggingar í okkar landi, verkefnin virðast ótæmandi, og þrátt fyrir stóraukin framlög vantar enn mikið á, að allir fái óskir sínar uppfylltar. Til þess að gera sér nokkra grein fyrir þeirri þróun, sem átt hefur sér stað við fjárframlög hins opinbera s. l. áratug til hafnarmannvirkja og lendingarbóta, má á sama hátt og ég hef áður gert varðandi skólabyggingar og byggingar sjúkrahúsa leggja til grundvallar fjárframlög og byggingarkostnað samkvæmt byggingarvísitölunni. Kemur þá í ljós, að hér er einnig um stórauknar fjárveitingar að ræða, því að fyrir 10 árum var fjárveiting til hafnarmannvirkja og lendingarbóta um 14 millj. 205 þús. kr., en það svarar til þess, að fjárveiting í ár væri 44 millj. 320 þús. kr. til þessara framkvæmda. En samkvæmt till. fjvn. verður fjárveitingin hins vegar samtals 167 millj. og 300 þús. kr. eða raunveruleg hækkun miðað við verðgildi, sem nemur 277%. Þessar heildarfjárveitingar, sem nú eru á fjárl. til þessara málaflokka, sem ég hef sérstaklega gert að umtalsefni, nema því fram yfir það, að peningarnir séu umreiknaðir í núverandi verðgildi, til skólanna um 312%, til sjúkrahúsanna 269% og til hafnarmannvirkja og lendingarbóta um 277%.

Þá er lagt til, að liðurinn 351 ferðamál hækki um 100 þús. kr. Er upphæðinni ætlað að mæta kostnaði ferðamálaráðs vegna ferðamálasérfræðings á vegum Sameinuðu þjóðanna, sem hingað er væntanlegur á komandi sumri. – Við liðinn Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins er lagt til að hækka fjárveitingu um 529 þús. kr., en auk þess hækka tekjur stofnunarinnar um 640 þús. kr. eða samtals um 1169 þús. kr. Útskýrist upphæðin þannig, að til launahækkana er lagt til að verja 919 þús. kr. og annar kostnaður, útgáfustarfsemi hækkar um 250 þús. kr. Þá er till. um, að tekinn verði upp nýr liður undir 499 iðja og iðnaður, framlög: Til útflutningsskrifstofu Félags ísl. iðnrekenda 3 millj. kr. Gera má ráð fyrir stóraukinni starfsemi í þessum efnum, ef Ísland gerist aðili að Fríverzlunarbandalaginu, EFTA, og er því talið rétt að verða við þessari beiðni Félags ísl. iðnrekenda. – Þá er till. um fjárveitingu til Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum, að hún hækki um 150 þús. kr.

Þá er brtt. við liðinn 108, viðskmrn. Lagt er til, að liðurinn 03 vörusýningar erlendis hækki um 1 millj. kr., og verður hann þá samtals 1.5 millj. Telja verður, að hér sé um lágmarksupphæð að ræða, svo mikið sem það er undir slíkri starfsemi komið, að okkur takist að finna nýja markaði fyrir útflutningsframleiðsluna, því að segja má, að útflutningsframleiðendur séu oftast ekki aflögufærir með fjármagn í þessum efnum.

Loks koma svo brtt. n. við 6. gr. frv., en þar er lagt til að heimila ríkisstj. eftirfarandi: Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af dælustöð ásamt tilheyrandi tækjum, sem Vestmannaeyjakaupstaður hefur flutt inn til landsins til að auka flutningsgetu neðansjávarvatnsleiðslu milli lands og Eyja. Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af þremur dísilrafstöðvum, sem rafveiturnar á Húsavík, Siglufirði og Sauðárkróki hafa fest kaup á hjá Fosskraft h. f. Að endurgreiða KFUM og K aðflutningsgjöld af vinnuskálum, sem félögin hyggjast kaupa af Fosskraft og nota fyrir sumarbúðir. Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af notaðri sjúkrabifreið, sem brezka sendiráðið fyrir hönd Southamptonháskóla hefur gefið Slysavarnafélagi Íslands. Að endurgreiða Ingimar Ingimarssyni sérleyfishafa aðflutningsgjöld af almenningsbifreið til fólksflutninga. Að endurgreiða væntanlegan tekjuskatt af Henrik Steffens verðlaunum, sem próf. Magnús Már Lárusson hefur hlotið. Að ábyrgjast lán að upphæð 1 millj. kr. fyrir Náttúrulækningafélag Íslands vegna byggingarframkvæmda í Hveragerði. Að ábyrgjast allt að 14 millj. kr. lán fyrir Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, vegna byggingar orlofsheimilis að Munaðarnesi. Að verja 1200 þús. kr. af tekjum af malarnámi í landi Vífilsstaða til byggingar húsnæðis á Vífilsstöðum fyrir hjúkrunarkonur. Að leggja fram sem hlutafé í Slippstöðinni h. f. á Akureyri 10 millj. kr., enda nemi heildarhlutafé í fyrirtækinu eigi lægri fjárhæð en 30 millj. kr. Að selja fasteignirnar Hvol á Eyrarbakka og Lónshús í Garði. Að selja öll útihús á jörðinni Baldurshaga í Mýrahreppi í A.-Skaftafellssýslu. Að taka allt að 20 millj. kr. lán til byggingar fæðingar- og kvensjúkdómadeildar Landspítalans. Að lána allt að 10 millj. kr. vegna endurnýjunar og sölu bifreiða, er forstöðumenn og aðrir starfsmenn ríkisstofnana hafa haft til umráða, í samræmi við væntanlega reglugerð um bifreiðamál ríkisins. Að gera makaskipti við Reykjavíkurborg á lóðum í Reykjavík þannig, að ríkisstj. afsalar Reykjavíkurborg lóð þeirri, sem er eign ríkisins á svæði, sem afmarkast af Hverfisgötu, Ingólfsstræti, Sölvhólsgötu og Kalkofnsvegi (Arnarhóli), rúmlega 10 þús. fermetra að stærð, sneið af lóð Stjórnarráðsins við Lækjartorg, um 965 fermetra að stærð, og sneiðum af lóðum Landsbókasafnshússins og Þjóðleikhússins í samræmi við skipulag Hverfisgötu, um 270 fermetra að stærð. Á móti afsalar Reykjavíkurborg til ríkisstj. lóð, um 38 þús. fermetra að stærð, til viðauka við núverandi eignarlóð Lands-

spítalans, og er sú viðbótarlóð innan landssvæðis, sem afmarkast af Hringbraut, Miklatorgi, Snorrabraut, Eiríksgötu og Barónsstíg. Það er óskað eftir heimild þessari vegna samninga, sem í ráði er að gera við Reykjavíkurborg um aukið landrými fyrir Landsspítalann og læknadeild háskólans. En auk þess lóðarsvæðis, sem borgin afsalar sér ríkinu til eignar, norðan Hringbrautarinnar, er gert ráð fyrir, að spítalinn fái til afnota fyrir bílastæði núverandi götustæði við Hringbraut milli Miklatorgs og Laufásvegar og um 14 ha leigulóð sunnan Hringbrautarinnar. Einnig er gert ráð fyrir, að ríkið láti gera nýja götu frá tjarnarenda að Snorrabraut í stað þess hluta Hringbrautar, sem færi til afnota fyrir Landsspítalann. Sú lausn lóðarmála, sem hér er í stórum dráttum lýst, er forsenda þess, að um nokkrar verulegar frekari byggingarframkvæmdir geti orðið að ræða við Landsspítalann og að möguleikar séu á byggingu fyrir læknakennslu í sambandi við spítalann. Jafnframt er talið, að með þessari lausn málsins sé séð fyrir lóðarrými fyrir byggingar Landsspítalans og að við stofnanir í tengslum við hann bætist bæði heilbrigðisstofnanir, rannsóknar- og kennslustofnanir um langa framtíð. Þá er lagt til að heimila að hefja byggingu nýs stjórnarráðshúss á árinu 1970 og undirbúa nauðsynlega fjáröflun, til þess að unnt sé að ljúka byggingu hússins með eðlilegum hraða. Að ábyrgjast allt að 6 millj. kr. lán vegna Lánasjóðs íslenzkra námsmanna.

Verði þessar till., brtt. fjvn., sem ég hef nú greint frá, samþykktar, verða niðurstöður á greiðsluyfirliti ríkissjóðs sem hér segir: Gjöld verða 7985 millj. 139 þús. kr., en tekjur eru óbreyttar 8082 millj. 147 þús. kr. Verða þá tekjur umfram gjöld 97 millj. og 8 þús. kr. Lánahreyfingar út og inn eru óbreyttar, þannig að mismunur verður eftir sem áður 184 millj. 154 þús. Greiðslujöfnuður á rekstrarreikningi eru eftirstöðvarnar 97 millj. og 8 þús. kr. og af lánahreyfingum út, mismunur 184 millj. 154 þús. kr. Verður því greiðsluhalli á greiðsluyfirlitinu sem nemur 87 millj. 146 þús. kr.

Herra forseti. Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir þeim brtt., sem fjvn. hefur leyft sér að flytja við þessa umr. málsins. Ég vænti, að till. hljóti samþykki hv. alþm. og legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. *vísað til 3. umr.*

Frsm. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Fjvn. starfar með öðrum hætti en aðrar n. Alþ., þar sem fyrstu tvo mánuði þingsins eða rúmlega það eru daglega fundir, svo að samskipti nm. þeirra, sem í fjvn. eru á hverjum tíma, verða því meiri heldur en önnur samskipti þm. yfirleitt.

Mér er það bæði ljúft og skylt að þakka formanni fjvn. og öðrum nm. fyrir samstarfið í n., það sem af er þessu þingi. Enda þótt það fari svo sem fyrr, að leiðir skilji, þegar að afgreiðslu fjárl. kemur, þá er það ekki vegna þess, að innan n. hafi ekki verið reynt að leita að sameiginlegum leiðum innan þeirra takmarka, sem eru á milli stjórnarsinna og stjórnarandstöðu.

Ég vil líka leyfa mér f. h. okkar í minni hl. að færa hagsýslustjóra þakkir fyrir samstarfið við hann, því að undan því höfum við á engan hátt að kvarta og sem fyrr hefur hann látið okkur í té þær upplýsingar, sem við höfum beðið um, og hefur verið hið ánægjulegasta samstarf hans við n. Ég vil líka segja það í sambandi við þessa fjárlagaafgreiðslu, að mér finnst, að fjvn. hafi á margan hátt haft meiri áhrif á hana en oft áður.

Eins og form. n., frsm. meiri hl. gerði grein fyrir, eru fluttar sameiginlega till. frá n. í heild, og eigum við í minni hl. aðild að þeim till. Eins og venja hefur verið, er sú aðild bundin þeim fyrirvara, að við höfum fyrirvara við einstakar till. og við till. í heild, en ég vil hins vegar um það segja, að þær eru flestar með þeim hætti, að við eigum auðvelt með að fylgja þeim, þó að við hefðum hins vegar kosið, að lengra hefði verið gengið í sumum málaflokkum, eins og ég mun síðar víkja að. En við því er ekki að segja, því að þar var meiri hl. bundinn innan þeirra vébanda, sem meirihlutastefnan markaði honum. Ég held því, að um þessar till. megi segja, að fæstar þeirra orki tvímælis.

Eins og kom fram í ræðu þeirri, sem ég flutti við 1. umr. fjárlaganna, gagnrýndi ég það – og síðar í sjónvarpsviðtali, sem við fulltrúar flokkanna áttum um fjárlagafrv., – að litlu væri varið hlutfallslega til verklegra framkvæmda, eins og það er orðað í daglegu tali, og sérstaklega benti ég þar á skólabyggingarnar í landinu, sem mjög er sótt á. Ég minnist þess, að í sjónvarpsþættinum kom það fram hjá hæstv. menntmrh., að hér yrði mikið úr bætt, og var það viðurkenning á réttmæti gagnrýninnar, því að meiri hluti þess fjár, sem væri tekjuafgangur á fjárlagafrv., mundi ganga til skólabygginga.

Nú vil ég segja það, að í þessum málum hefur verið unnið verulega af hálfu fjvn., og ég vil leyfa mér að þakka það, sem áunnizt hefur í því, og ég tel, að n. eigi meiri þátt í því en hæstv. ríkisstj., hvað tókst þó að koma þeim málum áfram. Hins vegar skortir allmikið á það, að það sé komið upp í fyrirheit hæstv. menntmrh. um, að meiri hluti af þeim 255 millj. kr., sem voru umfram tekjur á fjárlagafrv., gengi til skólamála, því að skólabyggingarnar hafa verið hækkaðar um 61 millj., eins og fram hefur komið í ræðu form. fjvn. Ég vil segja það, að ég tel, að fjvn. hafi unnið dyggilega að því að reyna að fá auknar fjárveitingar í skólamálin, og hafi tekizt að koma þeim lengra heldur en ríkisstj. hæstv. ætlaðist þó til. En þrátt fyrir það, þó að nokkuð hafi áunnizt í þessu, þá er það afskaplega langt frá því, að þessum málaflokki sé sinnt sem skyldi. Ég tók eftir því í ræðu hv. 2. þm. Vesturl. áðan, að þegar hann gerði grein fyrir þessu, þá gerði hann samanburð á því, sem áður hafði verið til skólamála, og því, sem nú væri, og taldi, að sá samanburður væri verulega hagstæður. Ég hef líka tekið eftir því í umr., að hæstv. menntmrh. hefur vitnað í tölur í þessu sambandi og m. a. talað um samtímistölur, þ. e. tölur, sem væru jafngildar því, sem hann vitnaði til. Nú er mér ekki kunnugt um það, hvernig sá útreikningur er fundinn. Hv. 2. þm. Vesturl. vitnaði hins vegar í byggingarvísitöluna í þessu sambandi. Hún er ekki einhlít um þetta, því að fleiri samanburðaratriði koma þar til greina, stundum hef ég leyft mér að vitna í hækkun fjárlaganna, sem hefur orðið veruleg á þessu tímabili. Þess er líka að geta, að fólksfjölgun í landinu hefur orðið veruleg á þessum árum, sem vitnað var til, svo að það verður að taka inn í

þann samanburð, sem á að gera, ef hliðstætt er. Við megum heldur ekki gleyma því, að við lifum á öld hraðans. Það er allmikil breyting orðin í okkar veröld og á okkar landi á 10–12 síðustu árum. Þessi öld, sem er oftast kölluð atómöld, hefur krafizt mikils í sambandi við skóla og menntun og okkar þjóð kemst ekki hjá því frekar en aðrar þjóðir að taka tillit til þess. Þegar við erum að gera samanburð á skólamálum eða hvernig ríkið stóð að framkvæmdum í skólamálum fyrir 12 árum og það stendur nú, þá verðum við líka að meta það, hver ásóknin er til framkvæmdanna og þörf fyrir þær. Í sambandi við fjárlagaundirbúning nú munu hafa legið fyrir um 60 umsóknir til nýrra skólabygginga. Það eru aðeins 20 framkvæmdir, sem eru teknar þannig, að þær eru settar á framkvæmdastig. Hinar fá ýmist byrjunarframkvæmdir eða liggja alveg utan dyra. Þessu verðum við að gera okkur grein fyrir, að þannig er ástandið í þessu, og þó að við kunnum að nefna hér nokkuð háar tölur þar um, þá er þörfin miklu meiri heldur en þær tölur, sem við getum nefnt. Og það er við þessi verkefni, sem við verðum að miða. Við minnumst öll þess, hvað hefur gerzt á þessu ári í að knýja fram breytingar í skólamálum. Það þarf ekki að rekja fyrir mönnum átökin, sem urðu um aðsóknina að læknadeild háskólans. Nemendurnir, sem stóðu við dyrnar og ekki átti að opna fyrir, voru ekki að spyrja um það, hvort hefði verið veitt svo og svo miklu fé til þessara mála á síðustu árum, heldur vildu þeir fá að komast inn í læknadeildina og fá að njóta þar náms. Hins vegar var það mat þeirra, sem þar stjórnuðu málum, að það væri ekki hægt að veita þeim nám í læknadeild háskólans, af því að það væri ekki rúm fyrir þá. Við vitum það líka, að þær skyndiráðstafanir, sem hafa verið gerðar í sumar, eins og það að ákveða hér menntaskóla í Reykjavík á haustmánuðum eða seinni part sumars, sem tók svo til starfa eftir 1–2 mánuði frá því, að hann var ákveðinn, þær voru ekki gerðar í gamni eða að nauðsynjalausu. Þetta var gert af því, að það var ekki í raun og veru hægt að komast fram hjá því. Þetta sannar okkur það, að þessum málum hefur ekki verið sinnt með þeirri framsýni og fyrirhyggju, sem nauðsyn bar til að gera og raunverulega var krafizt. Þó að byggður hefði verið annar menntaskóli í Rvík., Menntaskólinn við Hamrahlíð, þá leysti það ekki vandann í dag, þó að það hafi leyst að einhverju leyti vandann, sem var til staðar, þegar hann var byggður. Þannig hrannast upp verkefnin. Við vitum það líka, að gagnfræðadeildirnar, sem voru settar á stofn í haust með nokkurra daga fyrirvara, þær voru heldur ekki að nauðsynjalausu stofnaðar. Það var heldur ekki af því, að fyrirhyggja hafði verið sýnd í málinu. Það var af þeirri einföldu ástæðu, að málið var að fara í sjálfheldu og algert strand, og það varð að finna einhverja leið út úr þessu. Við skulum ekki vera að blekkja okkur með því, þó að það hafi verið hækkaðar fjárveitingar til þessa málaflokks, sem ég endurtek, að fjvn. vann vel og dyggilega að, að nú yrði gert, að þar hafi neinu verið fullnægt, sem á var sótt og þörf var fyrir. Enda vitum við það, að það eru enn heil héruð, sem ekki geta komið sjálfsögðu skyldunámi frá með eðlilegum hætti. Við eigum mjög mikið óunnið í skólamálunum og verðum að veita í það stórum fjárhæðum nú á næstu árum til þess að komast fram úr raunverulegri sjálfheldu, sem við erum í. Það var líka eitt af því, sem lá fyrir og eðlilegt hefði verið í sambandi við það, þegar ný skólakostnaðarlög eru nú að öllu leyti búin að taka gildi, þá hefði verið að mörgu leyti eðlilegt að ljúka við greiðslur á eldri skólaframkvæmdum á árinu 1970. Hins vegar var það svo, að það var ekki framkvæmanlegt nema á kostnað nýrra framkvæmda og það var mat þeirra, sem um fjölluðu, að það væri ekki hægt að draga svo úr þeim, að þessar 50 millj., sem raunverulega vantaði til þess að gera það upp, væri hægt að greiða á þessu ári. Og ég verð að segja það, að miðað við það, að ekki var hægt að fá meiri fjárveitingu, þá var þessi stefna rétt.

Ég vil líka segja það og hef sagt það áður í sambandi við skólakostnaðarlögin, að ég tel, að það orki mjög tvímælis, þegar verkefnin eru svo yfirgnæfandi eins og þau eru nú, að ætla sér að greiða skólabyggingar upp á þrem árum. Þetta verður til þess, að færri skólabyggingar komast að og færri verkefni eru til lausnar í það og það skiptið. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að við höfum að sjálfsögðu takmarkaða getu til þess að leysa þessi verkefni. Það er knýjandi og við verðum að offra þeim geysistórum fjárhæðum og ég dreg það mjög í efa, að sú stefna sé rétt, að við eigum að greiða að öllu leyti skólabyggingar á þremur árum, ef við hefðum getað lokið því á 5 árum fullkomlega, þá hefði ég getað vel sætt mig við það og teldi, að það hefði verið skynsamlega að farið. En þetta hefur nú verið talið gott mál og mikið af því gumað, en við verðum alveg að gera okkur grein fyrir því, að það þýðir, að við neitum fleiri skólabyggingum um fjárveitingu vegna þess, að við höfum hagað málunum á þennan veg og fjárþörfin er alveg geysileg.

Í sambandi við skólamálin hefði mig langað til að koma hér að fsp. til hæstv. menntmrh. Því miður er hann ekki hér á fundi, en ég vona, að einhverjir af hans stuðningsmönnum . . . (Gripið fram í.) Það er vafalaust, en ég held, að ég verði að treysta á það, að stuðningsmenn hans komi þessu til hans. Það var í ræðu, sem hæstv. menntmrh. flutti hér 19. nóvember s. l. í sambandi við aðstöðumun til náms, að hann komst m. a. svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá spurði hv. þm. um, hvort vænta mætti till. frá ríkisstj. um að bæta aðstöðu þeirra nemenda, sem þurfa að búa utan heimila sinna meðan á námi stendur. Það er í menntmrn. unnið að tillögugerð í sambandi við þetta vandamál, og mun hún áreiðanlega koma til kasta Alþ., áður en fjárlög verða afgreidd. Þessari tillögugerð er ekki lokið enn. Það er svo stuttur tími síðan þessari víðtæku athugun var lokið, að endanlega hefur ekki tekizt að ljúka því verki. Ríkisstj. í heild hefur því ekki fjallað um þær hugmyndir, sem uppi eru, en hún mun gera það á næstunni og þá eflaust hafa samband og samvinnu við fjvn. um það, hvernig á þessum vanda skuli tekið."

Það, sem hér er um að ræða, er í sambandi við n., sem er að vinna að því í sambandi við þáltill., sem afgreidd var hér á síðasta þingi, sem upphaflega var flutt af hv. þm. Ingvari Gíslasyni og fleirum þar um. Það, sem ég vildi því spyrja um, er, hvort þess sé ekki að vænta, að till. komi frá hæstv. menntmrh. eða hæstv. ríkisstj. um þetta efni. Um fjárveitingu til þess að jafna þessa

aðstöðu, eins og er fyrirheitið í þessum ræðukafla, sem ég las hér upp áðan. Þetta mál hefur ekki verið til meðferðar í hv. fjvn. M. a. geri ég ráð fyrir því, að það sé beðið þar eftir þessari tillögugerð, sem hæstv. ráðh. hét þarna. Nú langar mig að biðja hans samherja og stuðningsmenn að koma þessu á framfæri, og vænti þess að fá upplýsingar um þetta mál hér við þessa umr.

Annar málaflokkurinn, sem ég vil gera að umtalsefni og vék að við 1. umr. fjárl., að betur þyrfti á að taka heldur en þar var gert, eru sjúkrahús og læknabústaðir. Nú hefur þessi málaflokkur einnig fengið nokkra leiðréttingu í höndum fjvn. og ber að fagna því, sem það nær. Hjá því verður ekki komizt, að við tökum á læknaskipunarmálunum með meiri festu en gert hefur verið. Það er nú á allra síðustu árum, sem læknahéruð eru farin að verða læknislaus, og það kannske samliggjandi héruð, svo að næstum því má segja, að um landshluta sé að ræða. Hér er um mjög mikið alvörumál að ræða, sem hefur verið nokkuð til umr. á hv. Alþ. í vetur, en betur má, ef duga skal. Ég hef ekki getað tekið undir það, þegar margir, sem um þessi mál hafa fjallað, hafa mjög vikið að hinum ungu læknum fyrir þátt þeirra í þessum málum. Ég held, að við verðum að gera okkur grein fyrir því, að á þessu sviði sem öðrum í þjóðfélaginu hefur orðið geysilega mikil breyting. Margir af okkar ungu læknum eru ábyggilega mjög færir og efnilegir menn og miklir dugnaðarmenn og hlífa sér ekki við vinnu, en við skulum gera okkur alveg grein fyrir því, að í okkar þjóðfélagi er það liðin tíð, að menn séu hugsaðir til starfa allan sólarhringinn eða mjög langs vinnutíma. Öll barátta í þá átt að koma mönnum til meiri þroska hefur m. a. gengið í þá átt að stytta þeirra vinnutíma. Héraðslæknirinn er þannig settur, að hann hefur í raun og veru aldrei frítíma. Vinnutími margra héraðslækna er langt yfir það sem með öðrum stéttum gerist. Við skulum vera fúsir að játa það, að þessu verður að breyta eins og öðru. Og það er eins með okkar ungu héraðslækna, að það eru rök frá þeirra hendi, að þeir verða að viðhalda sínu námi og geta ekki orðið eins og afgreiðslumenn til annarra stærri stofnana. Mér er það fullkomlega ljóst, að hér er vandamál á ferðinni, sem þarf að taka á með skynsemi og festu. Við höfum nokkrir hv. þm. flutt hér á Alþ. till. um það, að kandidatar yrðu látnir vera lengur í héruðum en áður hefur verið ákveðið, áður en þeir fengju sín bréf upp á það, að þeir væru fullgildir læknar. Ég er alveg sannfærður um það, að þessi till. er skynsamleg. Þessir menn hafa gott af því að vinna úti í héruðunum og kynnast því. Ég er líka jafnsannfærður um það, að það er skynsamleg till., sem læknarnir hafa verið með, um að koma upp læknamiðstöðvum og vinna fleiri saman. Á því máli þarf að taka með framsýni og festu. Það þarf að byggja það félagslega upp og það þarf að byggja það fjárhagslega upp, og ég fagna því, að það er þó lítill vottur á þessu fjárlagafrv. nú við 2. umr., sem eru 3 millj. til læknamiðstöðvar á Egilsstöðum. En við þurfum, hv. alþm., að gera okkur grein fyrir því, að við getum ekki þolað það og unað því og megum ekki þola eða una við það, að ástandið í læknaskipunarmálum verði með þeim hætti, sem það er nú. Það er með öllu óviðunandi, að fólk í mörgum héruðum nái ekki til læknis nema í gegnum flugvél eða mjög langa vegalengd. Þetta öryggisleysi geta engir íbúar búið við og það eiga engir að búa við það. Þess vegna verðum við að leggja þessi mál niður fyrir okkur. Þau verða ekki leyst með einum hætti. Læknamiðstöðvarnar duga ekki til þess. Þær geta hentað vel sums staðar, en annars staðar ekki. Þess vegna verður að gera það upp við sig skipulega, hvar þær eiga að vera og byggja þær upp með eðlilegum og skipulögðum hætti, en sníða svo hinum þættinum jafnframt stakk.

Ég vil segja það í sambandi við heilbrigðismálin, að eins og ég tók fram við 1. umr. fjárl., þá fagna ég því, hvað áunnizt hefur með viðbótarbyggingu við Landsspítalann. Ég segi það enn og aftur, að sá áhugi, sem kvennasamtökin sýndu á því máli í fyrravetur og hafa sýnt í sumar, er lofsverður og hefur rutt málinu verulega braut. Með þessu fjárlagafrv. er tryggð fjárveiting upp á 10 millj. og 20 millj. ábyrgð eða lánsheimild, svo að hægt er að vinna fyrir 30 millj. á næsta ári og er það talið, að muni nægja til þess að gera húsið fokhelt. Þetta er allt góðra gjalda vert, þar sem þetta stefnir í rétta átt, og ég held, að hv. alþm. geti verið ánægðir með þær umr., sem fóru hér fram í fyrravetur og hafa hraðað þessu máli verulega. Stórverkefni bíða þar í sambandi við heilbrigðismálin, eins og fram hefur komið, m. a. geðverndardeild við Landsspítalann, sem er stórt mál og þarf að leysa fyrr en seinna. En eins og fram kemur á þessu fjárlagafrv., er heimild til þess að breyta eða gera makaskipti á lóðum hér milli ríkisins og Reykjavíkurborgar, sem m. a. gengur í það eða miðar að því að tryggja Landsspítalanum lóðarviðbót, þótt ég kunni ekki að segja, hvort það muni nægja til langrar framtíðar. Á vissan hátt er sú lóð ekki eins æskileg og kostur hefði verið og æskilegt hefði verið, m. a. það, að hún gengur nokkuð nærri flugvellinum, þó að ég kunni ekki skil á því, hvort hér er of nærri honum gengið til þess að þetta geti rekizt á. Enn fremur verð ég að segja það, að það kemur í ljós við þessa framkvæmd, sem maður hefur svo sem oft undrað sig á áður, að umferðarmiðstöðin skuli hafa verið staðsett þar sem hún er nú staðsett, því að hún lendir í raun og veru inn á þessu svæði, sem Landsspítalinn kemur til með að ná til. En úr vöndu er að ráða í sambandi við þetta mál, ef það á að tengjast þeim byggingum, sem nú eru fyrir hendi, og við það er þessi aðgerð miðuð.

Næsti málaflokkurinn, sem ég vil víkja að í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna og sem mikið var til meðferðar í fjvn., eru hafnamálin. Hafnamálin eru, eins og að líkum lætur, stór málaflokkur í okkar landi, enda eru hafnir undirstaða undir okkar aðalatvinnurekstri, svo að það er ekki að undra, þó að verulegir fjármunir gangi til þeirra. Nokkur hækkun varð á fjárveitingum til hafna í meðferð fjvn., m. a. var framkvæmdafé hækkað um nokkrar millj., en enn fremur voru til meðferðar í n. þeir erfiðleikar, sem höfðu skapazt hjá höfnunum vegna þeirra gengistryggðu lána, sem hafnirnar hafa tekið á undanförnum árum. Hér er um stórar fjárhæðir að ræða, og það varð niðurstaða n., að ríkissjóður tæki 57½% af gengistapi hafnanna og verður það greitt jafnhliða því, sem afborgun og vaxtagreiðslur falla til af þessum lánum, sem gengistryggð eru. Vegna þess arna hækkaði fjárveiting til hafnanna um einar 6 millj. kr. og þá var einnig gerð sú breyting að greiða

hala þann, sem ríkið átti vangreitt við hafnirnar frá fyrri árum, það er ákveðið að greiða hann á 4 árum og er fyrsta greiðslan af fjórum á árinu 1970. Inn á þetta mun fara einhver fjárhæð, sem vangreidd er frá árinu 1968 og sem að vísu samkv. hafnalögunum átti að greiðast að fullu við uppgjör nú en ekki var rúm fyrir og verður tekið á þennan hátt. Þá er á þessu fjárlagafrv. nokkur hækkun til Hafnabótasjóðs. Eins og hv. þm. er kunnugt af fjárlagafrv. sjálfu, því að það breyttist ekki í n., í sambandi við þá fjárlagaliði, sem ég hef hér nefnt og allir hafa hækkað í meðförum n., að ég held um ca. 80 millj. kr., þá vil ég segja það, að þó að ég vilji ekki gera lítið úr því, sem ávannst í n., og verkum hennar, þá er staðreyndin þessi, að hér er um 1% eða tæplega það að ræða af heildarútgjöldum fjárl., og eftir þessa breytingu eru framlög ríkisins til verklegra framkvæmda ekki nema ca. 8–9%. Það er þessi þróun fjárlagafrv. og undangenginna fjárl., sem ég hef oft og mörgum sinnum gagnrýnt hér á hv. Alþ. og geri enn. Í þessa átt hefur stefnt og fer óðfluga inn á þá braut, að verklegar framkvæmdir verða minni og minni hluti af útgjöldum fjárlagafrv. Þetta hefur leitt til margra annarra hluta og m. a. þess, að til þess að gera hlut verklegra framkvæmda ekki eins rýran eins og sjálft fjárlagafrv. gerir hefur verið horfið að því ráði að taka lán til framkvæmda, m. a. ríkisframkvæmda. Þessi lán geta komið til með að verða og eru þegar orðin ríkissjóði alldýr. Ef við tökum aðeins hafnarframkvæmdirnar í landinu, hækkuðu lán landshafnanna við gengisbreytingarnar 1967 og 1968 um 79 millj. kr. og lán annarra hafna, þeirra, sem ég gat um áðan, um 134.4 millj. kr., svo að samtals hækka hafnalán um 213 millj. kr. vegna gengisbreytinga. Þetta verður annars vegar ríkissjóður og hins vegar byggðarlögin að greiða. M. a. er þetta einn þáttur af þeirri stefnu að rýra hlut verklegra framkvæmda á fjárl. Og ef við hverfum að vegamálunum, gerðist það hjá þeim í sambandi við vegamálin á árunum 1967–1968, að skuldaraukning Vegasjóðs nam 108 millj. kr. vegna gengistaps. Hér er um stórar fjárhæðir að ræða, sem dregur úr vegagerðinni í landinu á næstu árum. Þessi stefna að fjármagna ríkisframkvæmdir að verulegu leyti með lánum er á engan hátt breytt í þessu fjárlagafrv. T. d. er á því tekin upp fjárveiting til nýbygginga hjá Háskóla Íslands. Sú fjárveiting er samkv. áliti n., sem skipuð var til að athuga stöðu háskólans og gera till. um úrbætur á sviði þeirra mála. Það er gert ráð fyrir því á þessu fjárlagafrv. að heimila ríkisstj. lántöku að 30 millj. kr., sem er það, sem þarf að leggja til þess verks á árinu 1970 umfram það, sem happdrættisfé hrekkur til. Í áliti háskólanefndar er það skýrt tekið fram og við því varað að fjármagna háskólaframkvæmdirnar með lánsfé, þrátt fyrir það er það gert.

Mörg fleiri verkefni mætti nefna hér, sem nauðsyn hefði verið að veita aukið fé til eða fjármagna á annan hátt, ef ekki er hægt, að ríkissjóður geti staðið að fleiri greiðslum. Þar vil ég nefna stórmál eins og rafmagnsframkvæmdirnar, sem eftir er að dreifa út um héruðin. Það er ekki orðið stærra verk en það, að vel má ljúka því á tveimur árum með viðráðanlegum hætti. Nú mun þess verða freistað að reyna að ná um þetta mál samkomulagi í fjvn. á milli umr., svo að ég ætla ekki að fara langt út í það að sinni, en þetta er mál, sem þarf að leysa nú á næstu tveimur árum. Ég vil líka nefna verkefni eins og það, sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins hefur haft. Hann hefur nú tvö stór verkefni, sem brýn nauðsyn væri að veita fé til í gegnum hann. Þar á ég annars vegar við sláturhúsabyggingarnar í landinu, sem eru geysifjárfrekar framkvæmdir, og ef á að fullnægja löggjöfinni um sláturhúsabyggingar, verður að aðstoða þær með fé frá Framleiðnisjóði. Ég vil líka nefna heyverkunarmálin, sem nú hafa verið mjög til umr. á þessu sumri eftir þá miklu og erfiðu reynslu, sem þjóðin hefur af óþurrkunum á því. Þessi verkefni og fleiri nefni ég aðeins til að minna á þau, þeim er á engan hátt sinnt í þessu fjárlagafrv., þó að það sé yfir 8 milljarðar. Þá mun ég nú ekki ræða frekar um það, sem ég kalla verklegar framkvæmdir.

Það þætti víst að fara aftan að siðunum að ræða um fjárlagafrv. án þess að víkja þar eitthvað að sparnaði. Og ég verð að segja það, þegar ég minnist þeirra umr., sem ég heyrði hér á mínum fyrstu þingárum, bæði meðan vinstri stjórnin var og á fyrstu árum viðreisnarstjórnarinnar, um sparnað, þá kemur mér í hug atvik, sem ég man frá nokkuð löngum tíma. Það var einn góður og gegn embættismaður, sem þótti aðgætinn með fé og sparsamur, og hann var í hópi, þar sem ég og fleiri vorum að ræða um framkvæmd, og einhver komst svo að orði, að það yrði nú að gera þetta verk með myndarskap og mætti ekki standa að því með allt of miklum sparnaði. Þá sagði þessi ágæti embættismaður – það var á stríðsárunum, sem þetta átti sér stað: „Það þýðir ekki orðið að tala um sparnað. Maður verður sér til skammar, ef maður fer að ræða um sparnað.“ Mér er nú næst að halda það, að þessi hugsun hafi nú verkað meira á valdhafana heldur en yfirlýsingar þeirra um sparnað og hagkvæmni í ríkisrekstrinum. Sparnaður sá, sem ég ætla að ræða að þessu sinni, er ekki nýjar sparnaðartillögur. Ég ætla heldur að minna á það, að á árinu 1968 voru afgreidd lög, nr. 5 það ár, og þau voru um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda. Þetta var gert í sparnaðarskyni og þetta voru margir töluliðir, það eru hér á forsíðu einir 24, og nú langar mig til þess að bera reynsluna saman við fyrirheitin, sem þarna voru gefin. Ég leyfði mér við umr. um þetta mál hér á hv. Alþ. að halda því fram, að nokkur hluti af þeim till., sem þarna væru gerðar, væri sýndarmennska. Þetta þóttu að sjálfsögðu stór orð og nú ætla ég að athuga, hvernig þetta hefur staðizt. Ég hef þá annars vegar fyrir mér þetta þskj. frá 1968, fyrirheitin um sparnaðinn, og hins vegar ríkisreikning þann, eða hluta af ríkisreikning, rekstrarreikning ríkissjóðs, sem lagður var fram hér við 1. umr. fjárlaga á hv. Alþ. Og þá vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér úr grg. þessa frv. um þessa sparnaðarliði. Það verður fyrst fyrir mér stjórnarráðið. Þar segir svo:

„Lagt er til að lækka heildarfjárveitingu til stjórnarráðs um 2 millj. kr., lækka fjárveitingu til endurnýjunar ríkisbifreiða um 1 millj. kr. og draga úr kostnaði við utanríkisþjónustuna um 3 millj. kr. Er ætlunin að fækka allverulega starfsliði sendiráðanna.“

Nú skulum við kynna okkur, hvað reynslan segir um þetta. Á fjárlögum fyrir árið 1968 var gert ráð fyrir til stjórnarráðsins, þ.e. til aðalskrifstofu stjórnarráðsins,

en þar átti að spara á allmörgum liðum, það kemur fram hér í þessum reikningi yfirlit um það, hvað átti að spara þar, og ég get nú ekki farið að lesa það allt upp, en það voru sem sagt 2 millj. í heild, sem út úr þessu átti að koma. Og þegar búið var að draga þær frá, þá var fjárveitingin til stjórnarráðsins 68.5 millj. kr. En samkvæmt ríkisreikningnum er greitt til stjórnarráðsins 80.8 millj. kr. til aðalskrifstofunnar, eða 12.3 millj. kr. meira heldur en gert var ráð fyrir samkvæmt sparnaðarfrv. Og ég hef kynnt mér það nokkuð um risnuna, sem vitnað er til hér í 1. gr. frv., því að þar segir: Stjórnarráð og risna ráðh., sem átti að lækka, umrædd risna var árið 1967 um 3.3 millj. kr., en 1968 um 4 millj. Hækkunin er að vísu ekki nema 700 þús. kr., en það átti að lækka þetta um 1 millj. eða tvær, svo að þar skýtur nú skökku við. Þannig er reynslan af þessu, að í staðinn fyrir það, að til aðalskrifstofu stjórnarráðsins átti að lækka um 2 millj., þá hækkar það frá fjárlögum um 10 millj. og er eftir þessa breytingu um 12 millj. kr.

Þá kem ég að utanríkisþjónustunni, hún átti að lækka um 3 millj. kr. með því að fækka starfsliðinu. Til sendiráðanna var á fjárl. 1968 áætlað 40 millj. 978 þús. kr. Lækkunin átti að vera 3 millj., svo að eftir standa 37 millj. 978 þús. Reynslan, sem reikningurinn sýnir, er, að greitt er vegna þess arna 50 millj. og 200 þús. Hækkun umfram þessa áætluðu tölu eftir sparnaðinn er 12.2 millj. kr. Það er nokkurs virði að setja upp í lagafrv. og láta afgr. hér á hv. Alþ. frv. og l. um sparnað í utanríkisþjónustunni, setja það í blöð og sjónvarp, hvernig að þessu skuli farið, og greiða svo 12 millj. kr. meira en sparnaðurinn gerir ráð fyrir. Þetta var það, sem ég leyfði mér að kalla óraunhæft og sýndarmennsku, og ég tel mig hafa sannað það, að svo hefur verið.

Ég held áfram með þetta og þá kem ég að fiskmati og fiskeftirliti, sem var áætlað 16.9 millj. kr. lækkaði um 3 millj., átti að vera 13.9. Niðurstaðan í reikningnum er 17.9 eða 4 millj. fram yfir það, sem áætlað var. Þannig var reynslan í þessu. Það segir þó í þessu merkilega þskj. hér, sem ég var að vitna til hér áðan, eða grg. þess um fiskmatið, að það sé búið að gera ráðstafanir, það sé verið að endurskoða þetta og það sé verið að gera ráðstafanir til þess að koma því í framkvæmd.

Þá kem ég næst að löggæzlunni í landinu. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta, í grg. frv. frá 1968:

„Lagt er til að lækka framlag til löggæzlu á Keflavíkurflugvelli um 2 millj. kr. og til almennrar löggæzlu um 6.8 millj. kr., er svarar til ca. 5% heildarkostnaðar við dómgæzlu og lögreglustjórn. Þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til lækkunar útgjalda á Keflavíkurflugvelli, en ákveðin niðurstaða liggur ekki enn fyrir um það, hvernig hagað verði umræddum niðurskurði hins almenna löggæzlukostnaðar."

Og nú skulum við taka löggæzlukostnaðinn í landinu fyrst fyrir. Hann var áætlaður upphaflega í fjárlögunum 79.4 millj. kr. Lækkunin var 6.8 millj. kr. eða 72.6 millj., en niðurstaðan í reikningnum er 88.9 millj. kr., eða hækkunin, frá því að búið er að gera þessa lækkun, er 16.3 millj. kr. Hvers virði er það nú fyrir hv. Alþ. og fyrir íslenzku þjóðina að fara að setja slík l., eins og þessi sparnaðarl., eða fyrirheit um 6.8 millj. kr. lækkun, en greiða svo 16.3 millj. umfram það, sem áætlað er, eða 10 millj. umfram lækkunina? Ég get ekki skilið, að þjóðin hafi gagn af því eða Alþ. sóma af því að afgr. mál á þennan hátt. Þetta eru staðreyndirnar um sparnaðinn í löggæzlu. Nú skulum við taka Keflavíkurflugvöll. Þar var áætlað, það segir hér, að það sé búið að gera ráðstafanir til að draga úr þessum kostnaði. Það var áætlað, að kostnaðurinn við löggæzlu þar yrði 18.9 samkvæmt frv. Hann var svo lækkaður, en reynslan sýnir, að hann fer 2.6 millj. fram úr því, sem gert er ráð fyrir. Og það er fleira, sem kom fram í þessu ágæta þskj., en m. a. var eitt af því, sem þar var ákveðið, að lækka framlag til ríkisábyrgðasjóðs um 10 millj. kr. Þá var búið að fella gengið í nóvember og gera ráðstafanir vegna sjávarútvegsins þá nokkrum mánuðum seinna, og segir svo hér í þessu þskj., með leyfi hæstv. forseta, þskj. frá 1968:

„Vegna hinnar nýju aðstoðar við sjávarútveginn ætti einnig að mega gera ráð fyrir betri skilum ríkisábyrgðarlána, og þykir því fært að lækka áætlað framlag til ríkisábyrgðasjóðs um 10 millj. kr."

Og hvað segir svo reynslan eftir þessa aðstoð við sjávarútveginn og uppbyggingu atvinnuveganna? Það var upphaflega áætlað 84 millj. til ríkisábyrgðasjóðs. Það var lækkað um 10, svo að eftir standa 74. En reikningurinn skilar 157.9 millj. kr., eða 83.9 millj. kr. umfram það, sem gert var ráð fyrir eftir að þessi hækkun hafði farið fram. Mikils virði hefur nú þessi sparnaðartill. reynzt þingi og þjóð. M. a. var gert ráð fyrir því með skólamálin, að það mundi vera hægt að lækka til þeirra og m. a. reksturskostnaðinn. Ég hélt því fram hér í umr. við þetta mál, að þetta væri ekki framkvæmanlegt, vegna þess að sá kostnaður, sem var greiddur á árinu 1968, féll til á árinu 1967, og ef hann reyndist lægri, þá mundi þetta skila sér fyrir ríkissjóð, hvort sem áætlunin væri breytt eða ekki. Reynslan hefur svo sýnt það, það átti að lækka þarna um 11.6 millj. kr., en reikningurinn sýnir 14.4 millj., sem það fer fram úr þeirri áætlun, svo að upphaflega áætlunin stenzt sæmilega. Ef sparnaðarviðleitnin með þessar 11.6 hefði verið látin eiga sig, þá hefði þetta verið með eðlilegum hætti. Í þessum liðum, sem ég hef hér talið, átti að spara um 40 millj. kr., og það þótti alls ekki sanngjarnt, þegar ég hélt því fram, að hér hafi verið um óraunhæfa áætlun að ræða. En það átti að spara tæpar 40 millj. kr., en umframgreiðsla er 145.9 millj. kr. á þessum liðum eða umfram sparnaðinn er hann 108.4 millj. Þetta segi ég, að sé sýndarmennska í sparnaði. Og mér finnst þetta enn þá fráleitara, þegar sjálft fjmrn. gerir slíkar áætlanir. Ég verð líka að segja það, að ég hef litið svo á, að áætlanir, sem hagsýslustofnunin gerði um greiðslur, væru traustari heldur en oft áður, vegna þess að það er heil stofnun, sem hefur starfslið í að vinna í þessu. En ef ég fer að bera saman reikninginn frá 1968, þá er hagsýslustofnunin að undirbúa fjárl. 1967 og einnig 1968 og þá sé ég á smáembættum, eins og sumra sýslumanna, að þar fara greiðslur um 50% fram úr áætlun, um 50% fram úr áætlun. Og meira að segja er til dæmi um 155% fram úr áætlun, sem gerð er rétt fyrir áramótin fyrir það ár, sem þessar greiðslur féllu til. Eitthvað er hér að, annaðhvort er þetta mál ekki unnið eins vel og við í stjórnarandstöðu höldum, að það sé gert, eða að þessir embættismenn fá meira frjálsræði fyrir framkvæmdir í sínum embættum heldur en almennt gerist og á að vera.

En hér eru nokkur dæmi um útgjöld hjá sýslumannaembættum og t. d. vil ég nú geta þess, að síðan 1965, síðasta árið, sem Björn Sveinbjörnsson var sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógeti í Hafnarfirði, til ársins 1968 eða árið '68 hafa útgjöld við embættið hækkað úr 3.8 millj. kr. í 10.2, eða 166% á þessum 3 árum. Þetta embætti það fer það ár á hálfa aðra millj. fram úr áætlun. Þetta gerist svo samhliða því, sem verið er að tala um sparnað og hagkvæmni, betra skipulag og betra eftirlit með ríkisrekstrinum. Ég get ekki neitað því, að þessi dæmi eru það sláandi, að þau falla ekki inn í slíkar yfirlýsingar eða frásagnir.

Sparnaður, sem var framkvæmdur árið 1968, var þessi: Fjárveiting, sem átti að ganga til menntaskólanna, var 25.6 millj. kr. Þær voru allar felldar niður samkvæmt l., en uppbyggingin var fjármögnuð með vísitölutryggðum lánum. Og hvað kostar það svo ríkissjóð, hver er kostnaðurinn við það að hafa tekið þau lán? Hægri handar umferðin, sá skattur féll inn í ríkiskerfið þá, því að hann var felldur niður með þessum l., en bifreiðaeigendur eru núna að greiða. Landsspítalafjárveitingin, 37 millj., féll niður raunverulega líka árið 1968, það var fjármagnað með vísitölutryggðum lánum. Finnst hv. alþm., þegar er verið að fjalla um mál Landsspítalans og menntaskólanna núna, að það hafi verið mikil framsýni í því árið 1968 að leggja niður fjárveitingar ríkisins til þeirra framkvæmda. Ég sé heldur ekki, að það hefði verið eðlismunur á því, þó að yfirdráttarskuldin á Seðlabankanum hefði hækkað um þetta, því að hún er þó ekki einu sinni vísitölutryggð, sem spariskírteinin eru þó. Svo tókst að reyta svona smáfjárhæðir eins og eina millj. af Kennaraskólanum, sem ætluð var honum til að koma sér upp bókasafni. Eru nú hv. alþm. og er hæstv. ríkisstj. sérstaklega ánægð með að hafa 1 millj. af þessari stofnun, sem er svo gersamlega vanrækt? Hún verður raunverulega að kenna sínum nemendum úti á götu, þar sem nemendurnir geta ekki komið til náms í skólann nema annan hvern dag, eins og er þar í sumum bekkjardeildum. Það féll niður þá til byggingar safnahúss 1 millj. og til stjórnarráðsins, sem betur fer á að hefja það aftur. Þetta mál sýndi það reyndar strax, að það var ekki á neinn hátt ánægjulegt, enda hefur reynslan sannað það. Og svo féllu auðvitað alveg niður fjárveitingar eins og til Aflatryggingasjóðs 11 millj. og Fiskveiðasjóðs 30 millj. Ekkert af þessu sýnir á nokkurn hátt neina framsýni eða neinn raunverulegan sparnað.

Við í minni hl. flytjum ekki neinar sérstakar sparnaðartill. við þetta fjárlagafrv. Mér finnst, að m. a. reynslan, sem ég var að segja frá áðan, sanni það, að til þess að út í það sé farið þurfi að vinna að málum með verulegum undirbúningi og nokkuð hefur verið gert af því nú síðustu sumrin, að undirn. fjvn. hefur unnið að því að kanna ýmsa málaflokka, sem ég vona, að geti síðar meir staðizt það að geta dregið úr útgjöldum ríkissjóðs eða komið málum þar betur fyrir, og ég hef áður sagt það, að ég tel, að ef á að vinna raunverulega að sparnaði og betra skipulagi hjá ríkinu, þá verði að gera það á þann hátt. Ég held, að það séu ýmis verkefni, sem þurfi að kanna, hvort ekki mætti betur fara. Ég skal vel játa það, að ég hef ekki það í höndunum, að ég geti sannað, að svo sé. En í mínum huga er það svo, að það færi betur á því, að verkfræðingar þeir, sem vinna á vegum ríkisins, ynnu í einni stofnun heldur en eins og nú er, að einn sé hjá vitamál, annar hjá vegamál, þriðji hjá Pósti og síma, fjórði hjá flugmálum o. s. frv. Ég held, að við gætum með þessum hætti bæði unnið verk betur og hagnýtt þessa starfskrafta betur, ef þetta væri þannig, að þeir ynnu saman að þessum málum. Það yrði að vera einhver deildaskipting, en það er mín skoðun, að þannig mætti koma þeim málum betur fyrir heldur en nú er, því að það er líka misjafnt, hvað mikið er um að ræða í hverjum þessara málaflokka. Ég vil líka segja það, að ég tel, að það verði að fara að taka mjög á málum eins og hér hafa verið, t. d. framkvæmdum í sambandi við útboð. Það vakti verulega athygli í haust, þegar útboð þau, sem komu í veginn hér innan við Elliðaárnar, urðu svo langt undir því, sem vegagerðin hafði gert ráð fyrir. Ég hef í raun og veru saknað þess, að af hálfu vegagerðarinnar skuli ekki hafa verið gerð grein fyrir því, í hverju þessi mismunur aðallega lægi eða á hvern hátt það væri hægt að skýra hann. Vegagerðin er stofnun, sem ég virði og met mikils, og það væri mjög illa farið hjá okkur, ef hún yrði lömuð eða kannske meira en það. En slík gagnrýni, sem hún hefur orðið fyrir í sambandi við þetta og mun verða, gerir það að verkum, að það verður að taka á þessum málum með mikilli festu. Ég hef alltaf talið, að það væri eðlileg gagnrýni, sem vegagerðin varð fyrir í fyrrahaust, þegar hún ráðstafaði vegspottanum á Vesturlandsvegi til verktaka alveg án útboðs, og raunverulega veit ég það, að vélar vegagerðarinnar stóðu verkefnalausar í húsi skammt frá því, þar sem þessar vinnuvélar voru að vinna. Það er ekki nema tvennt til hjá þessum ríkisfyrirtækjum, annaðhvort verður þetta að vera framkvæmt af þeim sjálfum eða þá að útboð komi til. Og ég tel það mikla nauðsyn, að einmitt slíkir aðilar geri sér grein fyrir, hvernig þeir vinna þetta og séu ekki jafnberskjaldaðir fyrir sinni gagnrýni eins og þeir raunverulega eru nú. Það er mín skoðun, að til þess að það sé hægt að draga úr kostnaði við ríkisrekstur þá þurfi að fækka stofnunum með því að sameina þær og gera ýmsar skipulagsbreytingar. Sparnaður eins og sá, sem ég var að vitna hér til áðan, þegar tínd voru til 1–200 þús. af hverju rn., hefur enga þýðingu, nema sé til þess að sýnast eins og þar hefur komið fram. Það er aðeins með þeim hætti að fækka stofnunum og breyta skipulagi, sem hægt er að hugsa sér sparnað í ríkisrekstrinum, og ég hef þá skoðun, að það sé framkvæmanlegt.

Eitt af því, sem einkennir þetta fjárlagafrv. og hefur gert nú við afgreiðslu fjárl. tvö síðustu árin og ég gagnrýndi nokkuð fyrir 1. umr. fjárlagafrv., er það, að ekki er rúm fyrir ný verkefni í fjárlagafrv., þó að það hafi hækkað um nærri milljarð á síðasta ári og sé yfir 8 milljarðar. Á öld hraðans og tækninnar og alls þess, sem menn tala daglega um, þá er annað óhugsandi en það verði að vera rúm fyrir ný verkefni á fjárl. ríkisins.

Rannsóknastofnanir og rannsóknastarfsemi í okkar landi er mjög ung. Því miður er ekki sú festa á skipulagi rannsóknastarfseminnar, sem þarf að vera. En fjármagnið, sem þessar stofnanir hafa yfir að ráða, er líka afar takmarkað. Og það er mikil nauðsyn að auka þar við. Ég vil í sambandi við þetta geta þess, að á fundi hjá fjvn. gat framkvæmdastjóri rannsóknaráðsins, Stein-

grímur Hermannsson, hugmyndar, sem hann var með í sambandi við rannsóknamálin, sem var þess efnis, að stofnaður verði sérstakur sjóður, sem veitti mönnum greiðslu fyrir ákveðið verk, og það væri bundið því, að þeir skiluðu þessum verkum, til þess að þeir gætu notið þess framlags, sem sjóðurinn veitti. Ég held, að hér sé um athyglisverða till. að ræða. Eins og ég sagði áðan, þá þarf meiri festu í þessi rannsóknamál okkar og það er höfuðatriðið í þeim, að það, sem rannsakað er, og þær niðurstöður, sem nást í gegnum rannsóknina, komi fyrir almenningssjónir og hægt sé að nýta þá þekkingu, sem þar fæst. Ég vil í sambandi við rannsóknamálin víkja aðeins að kalrannsóknum. Eins og kunnugt er þá hefur kal valdið landbúnaði gífurlegu tjóni nú 3 síðustu árin. Hér er um mjög stórt mál að ræða, sem verður að reyna að leita lausnar á, því að allir vona, að lausnin sé finnanleg. Í sambandi við það hefur komið fram, að ýmislegt hefur verið gert í kalrannsóknum hér á landi, en niðurstöður af því, sem gert hefur verið, hafa ekki verið birtar eða þær teknar saman á einn eða annan hátt. Þetta kom fram í rannsóknum, í frásögnum hjá vísindamönnum þeim, forstöðumönnum atvinnudeildar landbúnaðarins, sem komu til okkar á fund í fjvn. Það, sem mestu máli skiptir í þessu, er í raun og veru að ná því saman, sem gert hefur verið, og vita, hvort hægt er að byggja á því frekari rannsóknir. Í þetta mál hefur verið skipuð sérstök n. Nú finnst venjulegum leikmanni eins og mér, að eðlilegra hefði verið, að atvinnudeildin eða sú deildin, sem sér um rannsóknir á landbúnaði, hefði fengið þetta verkefni og hún hefði ákveðið ákveðna menn í það. Nú hefur þessi n., sem skipuð er til þess að fjalla um kalrannsóknir, leitað til fjvn. um fé til starfsins. Hún er skipuð af ríkisstj. og er á hennar vegum og auðvitað er það ríkisstj. að fjármagna það verk á þann hátt, sem hún telur nytsamlegastan, og er ekki hægt hjá því að komast, fyrst þessi leið var valin. En þetta sýnir, hvað þessi mál eru í lausu lofti og linlega á þeim tekið, að þannig skuli vera að þessu staðið, að svo geysilega miklu máli eins og kalrannsóknirnar eru.

En það, sem mestu máli skiptir í sambandi við okkar vandamál í íslenzku þjóðfélagi nú og þetta fjárlagafrv. gengur að mesu leyti fram hjá, það eru atvinnumálin. Ég sýndi fram á það við 1. umr., að það væru meira að segja felldar niður fjárveitingar, sem veitt var til atvinnumála á yfirstandandi ári, að þær væru ekki teknar með í þetta fjárlagafrv. Á vegum ríkisins er hægt að standa að atvinnuvegum eða standa að því að auka atvinnu með tvennum hætti.

Í fyrsta lagi er hægt að gera það með því að veita fé úr ríkissjóði til verklegra framkvæmda, þótt í verulegum mæli sé, eða útvega það, og í öðru lagi með því að styðja atvinnuvegina og hafa forystu um atvinnuuppbyggingu í landinu. Á vegum núverandi hæstv. ríkisstj. er algert stefnuleysi um forystuna í atvinnumálum og það, sem hún hefur gert þar, hefur verið unnið fyrst og fremst utan Alþ., og hún hefur verið knúin til þess í samningum, sem að sumu leyti hafa farið fram um önnur efni. Ríkisstj. hefur ekki sinnt atvinnumálum þjóðarinnar svo sem skyldi, eins og dæmin sanna, sem ég nefndi hér áðan, um Fiskveiðasjóð, Framleiðnisjóð og Aflatryggingarsjóð o. fl., og því hefur farið sem farið hefur um atvinnumál hér á landi, að atvinnuleysi er orðið hér verulegt. Við fjárlagaafgreiðslu á s. l. ári fluttum við í minni hl. fjvn. till. um að verja til atvinnumála 350 millj. kr. Við lýstum því yfir, að við værum til samstarfs um það, hvernig þessa fjár yrði aflað, að hverju leyti það yrði tekið með lántöku eða á annan hátt, og ef því hefði verið sinnt, þá hefðum við ekki sett það fyrir okkur. Þessi till. var felld og ekki talin vera þörf fyrir hana eða á neinn hátt framsýni í að koma fram með hana, heldur kvað við þann tón, sem oft er nú uppi hér gagnvart okkur í stjórnarandstöðunni, að það væri ábyrgðarleysi. En hver var svo reynslan? Það hefur kannske verið liðinn mánuður eða tæplega það, þá var ríkisstj. sjálf búin að semja við verkalýðsfélögin, sem á dögum vinstri stjórnarinnar var talið til glötunar, þá var ríkisstj. sjálf búin að semja um þetta mál, hún samdi að vísu um 300 millj., en bætti við á milli 40–50 síðar. Og hún setti sjálfa sig í það að fá að láni þetta fé, sem hún þannig samdi um. Það, sem skilur á milli okkar og hæstv. ríkisstj., er það, að við vildum láta afgr. þetta mál á hv. Alþ. Við vildum láta Alþ. móta stefnuna í málinu og gangast fyrir því, sem síðar varð, að ríkið varð að útvega fé, við fjárlagaafgreiðslu í des., en ríkisstj. samþ. það með verkalýðsfélögunum í janúar og lét svo Alþ. samþ. það síðar, þegar til framkvæmdanna kom. Nú höfum við gert till. um svipaða fjárhæð til atvinnumála. Við treystum nú á það, að hæstv. ríkisstj. hafi nú breytt um skoðun frá í fyrra, að hún vilji nú ganga að málinu með eðlilegum hætti og láta Alþ. afgr. það nú þegar við fjárlagaafgreiðslu, eins og venja á að vera um fjármál. Við erum, eins og við vorum í fyrra, reiðubúnir til samstarfs um málið og að laga það í hendi, til þess að samstaða geti komið um það, sem ég treysti hv. fjvn. til þess að geta unnið að. Við höfum gert ráð fyrir því, að fjvn. hefði áhrif á það, hvernig þessu fé er ráðstafað. Við munum einnig taka það til ath., ef mönnum sýnist annað geta verið eðlilegt, og við teljum eðlilegt, að Atvinnujöfnunarsjóður hafi framkvæmd á þessu máli, en að sumu leyti hefði mér fundizt það geta komið til mála, að hann lánaði það, en ég geri það ekki að neinu atriði, né framkvæmd málsins, ef hægt er að fá samstöðu um málið í heild. Við vitum það allir hv. alþm., að það hefur verið atvinnuleysi á landinu allt þetta ár og það er núna vaxandi. Og það verður að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir áframhaldandi atvinnuleysi. Alþ. er rétti aðilinn til þess að gera ráðstafanir gegn því og við eigum í sambandi við fjárlagaafgreiðslu að taka málið til afgreiðslu.

Nú mun ég ekki frekar en hv. 2. þm. Vesturl., frsm. meiri hl. fjvn., ræða hér um tekjuhlið fjárlagafrv., því að það liggur í loftinu, að það geti orðið gerbreyting á því, hvernig hún skuli uppbyggð. Það skiptir líka verulegu máli, hvernig að því máli verður staðið. Það er stór þáttur í því vandamáli, sem hv. Alþ. var að fjalla um hér í gær, hvernig staðið verður að tekjuöflun ríkissjóðs, eftir að þær breytingar verða gerðar, ef af EFTA-aðild verður. Í sambandi við frv. það, sem ég og fleiri flytjum hér á hv. Alþ., um afnám söluskatts af nauðsynlegustu matvælum og þjónustugjöldum, þá benti ég á það, að málið væri mjög brýnt nú ef að því ráði yrði horfið að gera söluskatt að meiri tekjustofni fyrir ríkissjóð heldur en nú er. Það skiptir stórkostlegu máli fyrir alla neyt-

endur í þessu landi, hvort söluskattur á kjötvöru, á fisk og á smjör verður hækkaður eða hvort hann verður felldur niður. Það er með öllu óhugsandi, að hæstv. ríkisstj. láti sér detta í hug að hækka söluskattinn á þessum vörum.

Það mundi hafa þær afleiðingar, sem ekki verða séðar fyrir, bæði í sambandi við kaupkröfur og annað og svo í sambandi við sölu á þessum vörum, eins og kjöti hér innanlands. Þess vegna skiptir það meginmáli í sambandi við tekjuöflunina, hvernig hæstv. ríkisstj. ætlar sér að standa að henni. Ég verð líka að segja það, að nauðsynjavörur eins og olía til húsakyndingar, rafmagn og hitaveitugjöld, þetta er að minni hyggju allt undir sama hatti og þessar nauðsynjavörur eru gjöld, sem hvert eitt einasta heimili í landinu verður að greiða, og það skiptir því meginmáli, að ekki sé hækkaður söluskattur á þeim. Ég vil því treysta því, meðan ekki er annað sýnna, að til þess arna verði tekið og ekki stefnt að því að hækka söluskatt á þessum nauðsynjum heldur verði horfið að því ráði að fella hann niður, eins og frv. okkar gerir ráð fyrir, og ég treysti því einmitt, að í sambandi við þessa fjárlagaafgreiðslu komi það í ljós. Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða frekar tekjuhlið frv.

En í sambandi við till. okkar vil ég bæta því við, að eitt af því, sem við gerum ráð fyrir, er, að það verði varið fjárhæð til aðstoðar við togarakaup. Við framsóknarmenn höfum lagt fram frv. hér í Ed. um þetta mál, og hér er um mikið stórmál að ræða. Í sjónvarpsviðtali við forstjórann fyrir Bæjarútgerð Akureyrar kom það greinilega fram, að það fyrirtæki treysti sér ekki til að endurnýja flota sinn, og svo mun vera með önnur fyrirtæki í þessu landi, og þess vegna hefur farið eins og farið hefur, að togaraútgerðin hefur gengið saman og við, þessi mikla fiskveiðiþjóð, eigum ekki aðra togara en gamla. Hér er um að ræða stórt verkefni, sem ekki virðist neinn ráða við nema ríkið sjálft, og við leggjum til, að ríkið láti þessa fjármuni af hendi til togarakaupa. Við höfum ekki á þessu stigi málsins farið frekar út í það, hvernig að þeim tekjum verði staðið, því að það er okkur öllum ljóst, að fleiri en ein leið er þar til, og það er ekki það, sem við erum að berjast um, heldur hitt, að staðið verði fyrir því, að togarar verði keyptir til landsins. Við höfum einnig gert ráð fyrir því í þessum till. okkar, að fé verði varið til þess að halda uppi vinnu fyrir skólafólk í landinu á vegum atvinnumálanefndar ríkisins. Var lánuð allnokkur fjárhæð á yfirstandandi ári sveitarfélögum gegn jafnháu framlagi frá þeim, og við gerum ráð fyrir því, að sami háttur verði á hafður. Þá höfum við einnig gert ráð fyrir því í þessum till. okkar, að þeir, sem njóta launagreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins, fái nokkra hækkun á þeim vegna aukinnar dýrtíðar. Enn fremur er lánsheimild vegna byggingar íbúðarhúsa.

Ég hef þá í máli mínu hér að framan skýrt þau aðalatriði, sem ég vildi koma að í sambandi við þetta fjárlagafrv. En að lokum vil ég, herra forseti, benda á þetta, sem niðurstöðu af því, sem ég hef hér sagt: Í fyrsta lagi: viðreisnarstefnan hefur gengið sér til húðar, það sannar getuleysi ríkissjóðs og hallarekstur hans, sem er þrátt fyrir hækkun fjárl. og gífurlegar umframtekjur, sem verið hafa undanfarandi ár, og að fjármögnun verklegra framkvæmda er gerð með lánsfé. Því aðeins verður hægt að koma ríkissjóði út úr fjármálakreppu þeirri, sem hann er nú í, að breytt verði um stefnu, þar sem skipulag og félagshyggja stjórni aðgerðum og forysta í atvinnumálum ráði ferðinni. Með þeirri stefnu getur ríkissjóður aftur farið að valda verkefnum sínum og hafa þau áhrif í málefnum þjóðfélagsins, sem nauðsyn ber til að hann hafi.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Það fjárlagafrv., sem hér er til umr., er afgr. að nýafstöðnu 10 ára afmæli viðreisnarstjórnarinnar.

Þegar litið er yfir það 10 ára tímabil, er ljóst, að ytri áhrif hafa ekki valdið fjórum gengislækkunum á þeim áratug, heldur er sú þróun dómur um, hvernig stjórnarflokkunum hefur tekizt að stjórna efnahagsmálunum, hvernig þeim hefur tekizt að efna aðalloforð sitt við kjósendur við upphaf stjórnarferils síns, að stöðva verðbólguna. Heildarupphæð fjárl. fer nú í fyrsta sinn yfir 8 þús. millj. kr. og hækkar um rúmlega 1000 millj. á afmælisárinu einu saman. Má segja, að þar sé stjórnarstefnunnar minnzt á viðeigandi hátt með því nýja meti, sem í því felst. Ber þá að hafa í huga, að þetta met er sett án þess að um sé að ræða hinn sérstaka talnavöxt, sem jafnan á sér stað á því ári, sem gengislækkun er framkvæmd, hækkanirnar vegna síðustu gengislækkunar komu fram þegar á fjárl. ársins 1969, en svo mögnuð er verðbólguvélin, að jafnvel á árinu eftir sjálft gengislækkunarstökkið ná hækkanir á niðurstöðutölum fjárl. nýju hámarki. Fjárl. hafa þannig og niðurstöðutölur þeirra á undanförnum árum speglað áhrifin af þeirri vísvitandi stjórnleysisstefnu, sem ráðið hefur í innflutnings-, gjaldeyris- og fjárfestingarmálum, og sú krafa, sem í tekjuhlið frv. felst um hærri skattheimtu af þjóðinni en nokkru sinni fyrr, samtímis geigvænlegu atvinnuleysi hjá verkafólki og síminnkandi kaupmætti launa, er ömurlegur dómur um stjórnarstefnu síðustu ára. Enda er nú svo komið, að þessar afleiðingar stefnu sinnar, sem eru síminnkandi laun hérlendis miðað við verðgildi erlends gjaldeyris, eygja stjórnarflokkarnir nú sem helzta framlag Íslendinga á heimsmarkaðinum og telja nú tímabært að bjóða útlendingum að njóta afrakstursins með rekstri fyrirtækja hér á landi og með kaupum á ódýrum afurðum á Íslandi, ódýrum í krafti lægri launa en þekkjast annars staðar í norðanverðri Evrópu.

Á meðan þjóðin bjó við sífellda aflaaukningu og verðhækkanir á sjávarafurðum má segja, að unnt hafi verið að velta áhrifunum af verðbólgustefnunni á undan sér. Með þeim ytri aðstæðum, sem þá ríktu, gafst útflutningsatvinnuvegunum færi á að jafna að talsverðu leyti hin neikvæðu áhrif verðbólgustefnunnar, enda lét ríkisstj. vaða á súðum í trausti þess. Eftirspurn eftir vinnuafli hélzt meðan þessara ytri aðstæðna naut við, þrátt fyrir að verðbólgan hefði ella leitt til samdráttar í útflutningsframleiðslunni og í framhaldi af því til beinnar kreppu í efnahagslífinu. Á þeim árum gátu ríkisstjórnarflokkarnir því látið það eftir sér, atvinnuástandsins vegna, að mæta sívaxandi tekjukröfum ríkissjóðs, m. a. með endurteknum niðurskurði á framlögum til verklegra framkvæmda, en til þessa var gripið á mestu uppgripaárum, sem þjóðin hefur lifað. Árið 1965 voru framlög til verklegra framkvæmda á fjárl.

skorin niður um 20% að krónutölu og enn meir að raungildi, og framlögin þannig skert tekin inn í fjárl. næsta árs. Árið 1967 var upphæðin enn skorin niður um 10% að krónutölu í vaxandi dýrtíð. Þegar að því kom, að tók fyrir sífellt batnandi ytri aðstæður, hækkun afurðaverðs og aukinn afla, og þjóðin tók að nýju að búa við meðalárferði, urðu útflutningsatvinnuvegirnir varnarlausir gegn áhrifum verðbólgustefnunnar. Áhrif þessarar stefnu komu nú ómenguð fram, og kreppan skall þegar yfir í mynd stórfellds atvinnuleysis. Síðan hefur vítahringur minnkandi kaupgetu, sem veldur samdrætti í neyzlu og í framhaldi af því enn minnkandi eftirspurn eftir vinnuafli, mótað atvinnu- og efnahagslífið, og nú er svo komið, að hinar síendurteknu gengislækkanir ríkisstj. á undanförnum árum hafa aukið svo stórkostlega afborganir og vexti af lánum, sem tekin hafa verið í auknum mæli til verklegra framkvæmda vegna niðurskurðar á beinum framlögum ríkissjóðs, að þær fjárhæðir, sem nú eru veittar til verklegra framkvæmda og ella gætu dregið úr atvinnuleysinu, fara í æ ríkari mæli til þess að greiða gengistöpin, hækkanir á afborgunum og vöxtum erlendra lána. Þær upphæðir, sem skattgreiðendur, sem búa við sífellt lægri kaupgetu, eru krafðir um, renna hlutfallslega í æ minna mæli til nýrra framkvæmda, en í þeim mun stærri stíl til þess að greiða gengistöpin. Skuldirnar hækka, jafnvel þó að milljónafúlgur fari til greiðslu afborgana, því að taka verður ný lán til þess að standa skil á gengistöpunum. Hlutfallslega meira og meira af fjárveitingunum fer til þess að greiða vegna fortíðarinnar, en þeim mun minna kemur að notum til nýrra framkvæmda og atvinnuaukningar, þegar þörfin er þó brýnni en nokkru sinni fyrr. Þetta er eitt höfuðmarkið, sem stjórnarstefna undanfarinna ára setur á fjárlagafrv. nú. Má benda á þessa þróun með nokkrum dæmum: Á næsta ári er gert ráð fyrir framkvæmdum við landshafnir fyrir 8 millj. kr. Til þeirra framkvæmda allra saman eins og þær leggja sig verður að taka nýtt lán, en framlag úr ríkissjóði á fjárl. til landshafna, 45.5 millj. kr., á sama tíma allt til greiðslu afborgana og vaxta og gengistapa, þar af eru vextirnir 20 millj. kr. Þessi þróun snertir að sjálfsögðu ekki einungis hafnir ríkisins sjálfs, heldur er staðreyndin sú, að gengislækkunarferill ríkisstj. hefur hert svo að fjölmörgum sveitarfélögum í sambandi við fjármál hafnasjóða þeirra, að um algert þrot hefur verið að ræða og óhjákvæmilegt hefur reynzt, að ríkissjóður legði einnig í því efni stórfé af mörkum til að létta þar bagga undangenginna gengislækkana. Erlend hafnalán, önnur en lán landshafna, munu nema rúmlega 250 millj. kr. á núverandi gengi. Gengistapið á árunum 1967 og 1968 er um 134 millj. kr. Af þessu gengistapi mun ríkissjóður taka að sér að greiða um 76 millj. kr. jafnóðum og gengistapið fellur til greiðslu með afborgunum lánanna. Þessi upphæð, sem óhjákvæmilegt er að inna af hendi úr ríkissjóði og landsmenn munu vera skattlagðir um á næstu árum, fer ekki til nýrra framkvæmda eða atvinnuaukningar, heldur er hér enn verið að axla bagga verðbólgustefnu og gengislækkana undanfarinna ára.

Þegar vegáætlun var lögð fram s. l. vor, var öllum þm. ljóst, að gengislækkunarpólitíkin hafði leikið Vegasjóð svo, að samkvæmt áætluninni, eins og hún var lögð fram, var í raun ekki um neinar nýjar framkvæmdir að ræða við landsbrautir og þjóðbrautir, þrátt fyrir þá brýnu þörf, sem er á sérstökum nýjum átökum í þeim málum. Fjárhæðirnar áttu svo til eingöngu að renna til greiðslu á afborgunum og vöxtum og gengistöpum. Þetta varð til þess, að óhjákvæmilegt var að auka enn tekjur Vegasjóðs með sérstakri hækkun á gjöldum á ökutæki. Enn fremur varð að ákveða, að ríkissjóður tæki að sér að greiða stærri hlut af lánum Vegasjóðs en gert hafði verið ráð fyrir í vegáætlun. Auk þess sem 23.3 millj. kr. fara úr Vegasjóði á næsta ári til endurgreiðslu lána, er gert ráð fyrir 21 millj. kr. greiðslu úr ríkissjóði á árinu 1970 þar til viðbótar í sama skyni. Þessar fjárhæðir fara til greiðslu á hluta af lánum, sem tekin voru til framkvæmda á mestu uppgripaárunum, þegar framlög úr ríkissjóði voru á hinn bóginn markvisst skorin niður. Ég hélt því fram áðan, að jafnvel hækki skuldir vegna einstakra framkvæmda, sem lokið er við, þrátt fyrir að milljónafúlgur fari til greiðslu á afborgunum af lánum vegna þessara framkvæmda. Afborganir af lánum vegna Reykjanesbrautar nema á næsta ári 26.6 millj. kr. Þar til viðbótar koma vextir og gengistap 31.8 millj. kr., eða samtals 58.4 millj. kr. á árinu. Upp í þessa greiðslu koma 22.4 millj. kr. frá Vegasjóði, þar með talið veggjald. Þá vantar 36.6 millj. kr. Sá mismunur verður greiddur með nýju láni. Þannig að til þess að greiða lánið til Reykjanesbrautar niður um 26.6 millj. kr. verður að taka nýtt lán að upphæð 36.6 millj. vegna gengistaps og vaxta. Skuldin hækkar um 10 millj. kr. á árinu. Þannig er ástatt í vega- og hafnamálum að loknum mestu uppgripaárum í sögu þjóðarinnar, en hvarvetna blasa við óleyst verkefni, að ekki sé minnzt á þörfina á stórátökum í mennta- og heilbrigðismálum, en verðbólgu- og gengislækkunarpólitík ríkisstj. á þessum árum veldur því, að greiðslur skattborgaranna fara í æ ríkari mæli til að greiða skuldir og gengistöp frá gósenárunum. Á því hefði því verið brýnni þörf nú en nokkru sinni fyrr, að unnt hefði verið að nýta sem allra mest af fjármagninu til raunverulegra nýtra framkvæmda, til þess að hamla á móti því geigvænlega atvinnuleysi, sem herjað hefur í landinu eftir að þjóðin býr nú við meðalárferði að nýju. Það er því skoðun okkar í minni hl. fjvn., að ekki sé unnt að sætta sig við afgreiðslu fjárl. nú á þann veg, sem frv. gerir ráð fyrir, að svo lítill hluti ríkisteknanna fari til nýrra framkvæmda og öflunar nýrra atvinnutækja. Okkar aðaltill. til breyt. á frv. er því sú, að 350 millj. kr. verði sérstaklega varið til atvinnuaukningar. Þar af verði 120 millj. kr. varið til smíði togara og þá gert ráð fyrir, að auk ríkisábyrgðar á lánum verði þeim, sem eignast skipin, veitt veruleg upphæð til að greiða niður verð skipanna í þeim tilgangi að bæta rekstrargrundvöll þeirra.

Eitthvert mesta og afdrifaríkasta tilræði ríkisstj.-flokkanna við atvinnulífið í landinu er sá algeri skilningsskortur og vanmat, sem ráðamennirnir hafa sýnt togaraútgerðinni, og hversu aðgerðarlausir þeir hafa horft á togaraflotann grotna niður og hverfa. Á því lægra stig sem rekstur togaranna kemst, þeim mun erfiðara verður að hefja hann til þess vegs, að hann sé samkeppnisfær við flota þeirra þjóða, sem stefnt hafa í

þveröfuga átt við okkur í þessum efnum á undanförnum árum með stórfelldri byltingu í togaraútgerð. Það atvinnuleysi, sem nú þjakar verkafólk víða um land, má þjóðin með engu móti þola. Það er nóg og vaxandi eftirspurn eftir fiskafurðum okkar og engin rök fyrir því, að atvinnuleysið þyrfti að fyrirfinnast í landinu, ef rétt hefði verið á málum haldið á undanförnum árum. Ef togaraflotinn væri hlutfallslega jafnstór og hlutfallslega jafnnýtízkulegur og hann var, þegar bezt lét, væri hér ekkert atvinnuleysi, þjóðartekjurnar stórum hærri og lífskjörin betri en í dag. Þótt ekki hefði nema litlum hluta þess gjaldeyris, sem á undanförnum árum hefur verið sóað í einskisnýtt verzlunar- og bankahúsnæði og alls konar fánýtt glingur, í staðinn verið varið til að afla nýtízku togara, þá horfðu atvinnumálin öðru vísi við í dag en nú. Eins og málum er háttað á ýmsum stöðum í landinu eru togarar jafnvel það eina, sem getur tryggt nokkurn veginn stöðuga atvinnu og skynsamlega nýtingu þeirra fiskvinnslustöðva, sem til eru þar og mikil verðmæti eru bundin í. Samkvæmt till. okkar í minni hluta fjvn. um sérstaka fjárveitingu til atvinnuaukningar er gert ráð fyrir, að ríflega 200 millj. kr. verði til viðbótar því fé, sem til togarasmíði færi, ráðstafað af fjvn. í samráði við atvinnumálanefnd viðkomandi sveitarstjórnar til nýrra framleiðslutækja. Hér er um að ræða ráðstöfun, sem er óhjákvæmilegur liður í aðgerðum til að rjúfa þann vítahring, sem atvinnulífið í landinu er komið í: Samdrátturinn og atvinnuleysið veldur minnkandi kaupgetu og minni kaupgeta enn frekari samdrætti. Hér verður að koma til frumkvæði ríkisstj. um öflun nýrra atvinnutækja, sem auðveldaði þjóðinni að brjótast út úr vítahringnum og bæta lífskjörin. En á því er enginn vafi, að hin lágu laun almennings og stórýrnun kaupmáttar launa er einn grundvallarþáttur þeirrar uppdráttarsýki, sem nú markar atvinnulífið. Atvinnuleysið hefur ekki sízt verið áberandi í byggingariðnaðinum með þeim afleiðingum m. a., að fjöldi iðnaðarmanna hefur leitað úr landi til að afla sér lífibrauðs. Stórfelld lækkun á tölu íbúða, sem hafin var bygging á á þessu ári hvarvetna um land er uggvænlegur fyrirboði um frekari samdrátt í byggingariðnaði. Ráðstafanir til þess að flýta útborgun húsnæðismálalána með því að nota tekjur næsta árs fyrr en ella hefði verið eru góðra gjalda verðar, en duga skammt og koma niður á útlánum næsta árs, ef ekki er frekar að gert um auknar lánveitingar úr húsnæðismálakerfinu. Þess vegna flytjum við, sem skipum minni hl. fjvn. till. um, að ríkisstj. verði heimilað að taka allt að 100 millj. kr. að láni til að endurlána til íbúðarbygginga á næsta ári. Þegar atvinnuleysið er til í landinu verður afgreiðsla fjárl. ríkisins að markast af aðgerðum til þess að ráða niðurlögum þess. Á það teljum við í minni hl. fjvn. skorta, og því eru þessar brtt. fluttar.

Það fer ekki á milli mála, að í verðhækkanaflóði undanfarinna ára hafa brýnustu nauðsynjavörur hækkað meir en allt annað. Þessu veldur vísvitandi stefna stjórnarflokkanna, sem birzt hefur í álagningu söluskatts á þessar vörur og lækkun niðurgreiðslna. Þeim mun bágari sem hagur þjóðfélagsþegns er, einstaklings eða fjölskyldu, þeim mun stærri hluti tekna fer til greiðslna á þeim vörum, sem mest hafa hækkað. Þetta fólk, þar er ekki sízt um að ræða stórar barnafjölskyldur og lífeyrisþega, hefur því goldið þessarar stefnu alveg sérstaklega. Aðrar ráðstafanir, svo sem lækkun tekjuskatts hefur á hinn bóginn komið hinum tekjuhæstu að mestu gagni. Þegar viðreisnarstjórnin hóf göngu sína með gengislækkun og álagningu söluskatts á nauðsynjavörur, voru greiðslur almannatrygginga hækkaðar að marki, en þróunin á verðlagi brýnustu lífsnauðsynja vegna stjórnarstefnunnar hefur valdið því, að kaupmáttur tryggingabóta hefur síðan hrapað ár frá ári. Kaupmáttur tryggingabóta er nú lægri gagnvart ýmsum hinna algengustu nauðsynjavara en hann var, ekki aðeins árið 1960, heldur einnig áður en hækkun bótanna fór fram. Skal ég nú draga fram nokkur dæmi um það. Hjón með fjögur börn fengu árið 1959 fjölskyldubætur með tveimur börnum, samtals 391 kr. og 46 aura á mánuði, en fá í dag bætur með öllum börnunum samtals 1452 kr. á mánuði. Árið 1959 kostaði eitt kg af nýjum fiski 2 kr. og 86 aura, en nú 28 kr. Fyrir mánaðarfjölskyldubætur með fjórum börnum fengust því árið 1959 199 kg af fiski, en nú í dag aðeins 52 kg. Árið 1959 fengust 132 l af mjólk fyrir þessar fjölskyldubætur, nú 102 l. Árið 1959 fengust 108 kg af hveiti fyrir þessar fjölskyldubætur, nú 68 kg. Árið 1959 fengust 290 kg af kartöflum fyrir mánaðarfjölskyldubætur með fjórum börnum, nú 80 kg. Árið 1959 fengust 47.2 kg af smjörlíki fyrir fjölskyldubæturnar, nú 25.8 kg. Breytingin hefur orðið enn óhagkvæmari hjá stærri fjölskyldum en hér hefur verið miðað við, en ekki eins óhagstæð, ef fjölskyldan hefði verið minni. Og er það enn eitt dæmið um, hvernig að hefur verið staðið. Ef miðað er við ellilífeyrisþega, er sama upp á teningnum um kaupmátt ellilífeyris gagnvart brýnustu nauðsynjavörum. 1959 var ellilífeyrir 835 kr. og 90 aurar á mánuði, en nú er hann 3416 kr. Fyrir mánaðarellilaun var hægt að kaupa eftirtalið magn af vörum, annars vegar árið 1959 hins vegar á þessu ári: Af mjólk 283 l 1959, en 241 l nú. Af fiski 292 kg 1959, 122 kg nú. Af hveiti 230 kg 1959, 160 kg nú. Af kaffi 24.1 kg 1959, 21.9 kg nú. Af smjörlíki 101.7 kg 1959, en 59.5 kg nú. Og fyrir hver 10 kg af kartöflum, sem hægt var að kaupa fyrir ellilífeyrinn 1959, er hægt að kaupa 3.1 kg nú. Þessar tölur sýna, að kaupmáttur tryggingabóta hefur hrapað stórkostlega gagnvart þeim vörum, sem miklu máli skipta í neyzlu fólks með lágar tekjur, hvort sem um er að ræða árið 1960 eða 1959. Það er því fyrir löngu óhjákvæmilegt að hækka bætur almannatrygginga. Því verður að vísu ekki að öllu leyti komið í kring með breyt. á fjárl. einum, en til þess að leggja áherzlu á nauðsynlega lausn þessa máls, höfum við, sem skipum minni hl. fjvn. flutt till. um 75 millj. kr. lið á fjárl. til uppbóta á greiðslum úr lífeyristryggingum almannatrygginga og sjúkra- og slysadagpeninga. Hér er aðeins um að ræða 5% hækkun þessara bóta, ef einungis kæmi til greiðsla þessi frá ríkissjóði, en væri gert ráð fyrir því, að ákvörðun yrði tekin um samsvarandi hlut annarra þeirra, sem undir greiðslum bóta almannatrygginga standa, næmi hækkunin um 13–14%. Krafan er ekki sett hærra en þetta, þó að þörfin sé brýn, í trausti þess, að sé farið svo vægilega í sakirnar, séu meiri líkur á, að meiri hl. hv. Alþ. geti fallizt á að samþ. till.

Þótt fjölmargar frekari brtt. þyrfti að sjálfsögðu að

gera til bóta á fjárlagafrv. flytjum við, fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í fjvn., ekki nema þessar fáu till., sem við höfum hér gert grein fyrir. Þetta gerum við til að undirstrika skyldur ríkisvaldsins til sérstakra aðgerða gegn atvinnuleysinu, sem er glæpsamlegt af hverri ríkisstj. að líða. Við látum flutning minni till., sem vissulega eiga rétt á sér, liggja milli hluta að þessu sinni, og ég endurtek það, sem ég áðan sagði, að þegar atvinnuleysi fyrirfinnst í landinu, hvað þá þegar það er fyrir hendi í jafn ríkum mæli og víða um land og nú, þá verður afgreiðsla fjárl. ríkisins að markast af aðgerðum til þess að ráða niðurlögum þess, en það er einn höfuðgalli fjárlagafrv., að það miðar ekki að lausn þessa mikilvæga verkefnis.

Frsm. samvn. samgm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Samkv. till. samvn. samgm. er lagt til, að heildarfjárveiting til flóabáta og vöruflutninga verði á árinu 1970 14 millj. 910 þús. kr., en það er 1290 þús. kr. hærra en á yfirstandandi ári.

Flóabátaferðirnar hafa á þessu ári verið reknar með svipuðum hætti og undanfarin ár. Það er sameiginleg skoðun innan samvn. samgm., að nauðsyn beri til þess, að endurskoðað verði fyrirkomulag á rekstri og ferðum einstakra báta. Í þessu sambandi má benda á það, að undanfarin 2 ár a. m. k. hefur staðið yfir endurskoðun eða heildarathugun á samgöngum um Hvalfjörð, en þeirri endurskoðun eða athugun er ekki enn þá lokið. Hins vegar verður afkoma þess skips, sem heldur uppi ferðum á milli Reykjavíkur og Akraness og Borgarfjarðarhéraðs, stöðugt óhagkvæmari og hefur n. ekki komizt hjá því að leggja til, að hækkaður verði verulega styrkur til ferðanna á milli Akraness og Reykjavíkur. Enn fremur hefur n. lagt til, að hækkaður verði verulega styrkur til Djúpbátsins, en styrkirnir til þessara tveggja báta fela í sér aðalhækkanirnar, sem n. gerir till. um. Að öðru leyti hafa framlög til flóabátanna víðs vegar við strendur landsins tiltölulega lítið hækkað. Hins vegar leggur n. til, að fjölgað verði verulega styrkjum til snjóbifreiða, aðallega á Austfjörðum.

Um rekstrarafkomu hinna einstöku flóabáta vill samvn. samgn. taka eftirfarandi fram, og verður þá aðeins stiklað á fáum atriðum: Lagt er til, að útgerð flóabátsins „Drangs" á Akureyri fái óbreyttan rekstrarstyrk, eins og hann fór fram á, en hins vegar flytur n. till. um, að þessi bátur fái ríkisábyrgð fyrir allt að 1.5 millj. kr. láni vegna lengingar bátsins, enda verði þær tryggingar fram boðnar, sem metnar verða gildar. Þessi bátur hefur annazt ferðir um Eyjafjörð og til Sauðárkróks og Grímseyjar og víðar. Farsvæði hans, eða ferðir hans hafa breytzt verulega við það, að akvegasamband hefur skapazt við Siglufjörð og Ólafsfjörð, en óhjákvæmilegt er að halda þó uppi ferðum nokkurn veginn reglubundnum við þessa staði að vetrarlagi. Skipulag þessara ferða er allt í deiglunni. Útgerðarmaðurinn telur, að skipið verði töluvert rekstrarhæfara eftir fyrirhugaða lengingu, sem gert er ráð fyrir, að nemi um 4 metrum.

Þá er lagt til, að styrkur til Strandabáts verði óbreyttur, en þessi bátur annast ferðir frá Hólmavík og allt til nyrztu byggðar Strandasýslu.

Þá er nokkur vandi á höndum með flugferðir til Grímseyjar. Tryggvi Helgason flugmaður á Akureyri hafði haldið þessum ferðum uppi þar til 10. maí á s. l. vori, en þá var þessum áætlunarferðum hætt, og síðan hefur aðeins verið farið leiguflug til Grímseyjar. Var talið óhjákvæmilegt, að til þess að sæmilegu öryggi yrði komið á í sambandi við Grímsey, þá yrði styrkur til Grímseyjarflugs hækkaður úr 80 þús. kr. í 200 þús. kr. Grímseyingar hafa, eins og kunnugt er, algera sérstöðu um samgöngur, og ríkir áreiðanlega almennur skilningur á því að styðja beri þá í hvívetna til þess að halda skaplegu sambandi við meginlandið. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að „Drangur" haldi framvegis uppi ferðum til Grímseyjar.

Styrkur til Flateyjarbáts á Skjálfanda er lækkaður um 10 þús. kr., en Flateyingar eru nú fluttir úr sinni eyju og eru þar aðeins að sumarlagi, og er þá nauðsynlegt að halda uppi áætlunarferðum milli eyjar og lands.

Þá eru veittar 65 þús. kr. til snjóbifreiðar í Dalvíkurlæknishéraði, og er það hækkun um 15 þús. kr. frá því, sem er á yfirstandandi ári.

Af Austfjarðasamgöngum er það að segja, að þær eru með mjög svipuðum hætti og áður. Lagt er til, að styrkur til Mjóafjarðarbáts hækki um 15 þús. kr., og ennfremur er lagt til, að 5 snjóbifreiðar í þessum landshluta verði nú styrktar á þessum lið fjárlaga.

Á yfirstandandi ári voru veittir styrkir til tveggja snjóbifreiða, annarrar, sem fer yfir Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar og má segja, að sé lífæð Seyðfirðinga, þegar snjóalög eru þung austur þar. Það var talið nauðsynlegt að hækka styrk til þessarar snjóbifreiðar um 80 þús. kr., upp í 280 þús. kr. Enn fremur er lagt til, að veittur verði styrkur til snjóbifreiðar um Fagradal, og var ekki farið fram á hækkun styrkjar til þeirrar bifreiðar. Þá er lagt til, að teknir verði upp 3 smástyrkir til snjóbifreiða á Austfjörðum. Í fyrsta lagi til snjóbifreiðar, sem annast mun ferðir milli Eskifjarðar og Neskaupstaðar um Oddsskarð, í öðru lagi, að snjóbifreið læknishéraðanna á Fljótsdalshéraði verði veittur 75 þús. kr. styrkur og loks, að 65 þús. kr. styrkur verði veittur til ferða snjóbifreiðar milli Borgarfjarðar og Egilsstaða. En Borgfirðingar eiga jafnan við mikla erfiðleika að etja, þegar akvegasamband rofnar, sem gerist oft snemma á vetri.

Suðurlandssamgöngur eru í svipuðu horfi og áður. Lagt er til, að styrkur til vöruflutninga til hinna hafnlausu byggðarlaga í V.-Skaftafellssýslu verði hækkaður um 50 þús. kr. og að óbreyttur verði styrkur til Öræfa og til vatnadreka við Skeiðará, sem kvað vera hið þarfasta tæki og menn láta mjög vel af sem öryggistæki austur þar.

Faxaflóasamgöngur eru einnig í svipuðu horfi og áður, að öðru leyti en því, að „Akraborg" hefur nú framkvæmt þá skipulagsbreytingu á ferðum sínum, að skipið hefur ferðir sínar á Akranesi að morgni, og er sú breyting talin gefast mjög vel. Út af fyrir sig var ekki sótt um hækkaðan rekstrarstyrk til þessa báts, en hins vegar fór fram allýtarleg flokkun og viðgerð á skipinu og óskaði Skallagrímur h. f. eftir 500 þús. kr. styrkhækkun vegna þessarar viðgerðar. Féllst n. á að leggja til, að styrkurinn til skipsins yrði hækkaður um 400 þús. kr. Eins og ég sagði, þá er í gangi heildarathugun á

samgöngunum um Hvalfjörð og samvn. samgm. leggur mikla áherzlu á, að þeirri athugun verði lokið hið allra fyrsta, þannig að einhver botn fáist í það, hvort nauðsynlegt er að halda þessum flóabátaferðum óbreyttum eða hvort aðrar ráðstafanir verða gerðar til þess að halda uppi nauðsynlegum og öruggum samgöngum milli Reykjavíkur og Borgarfjarðarhéraðs og kaupstaða og kauptúna í héraðinu.

Um Breiðafjarðarsamgöngur er það að segja, að lagt er til, að rekstrarstyrkur til Flateyjarbáts á Breiðafirði verði óbreyttur á næsta ári, eða 475 þús. kr. Þessi bátur heldur uppi ferðum milli eyjanna, fyrst og fremst vestureyja á Breiðafirði, og sveitanna í Austur-Barðastrandarsýslu, sem eru án akvegasambands mikinn hluta vetrar.

Þá er lagt til, að styrkur til vetrarflutninga yfir Kleifaheiði verði óbreyttur, en gera má ráð fyrir því, að lokið verði gerð upphleypts vegar yfir þessa heiði á næstu tveimur til þremur árum, og ætti þá að verða mögulegt að fella þennan styrk niður.

Forráðamenn „Baldurs" í Stykkishólmi fóru fram á óbreyttan rekstrarstyrk og varð n. við þeirri ósk, hins vegar báðu þeir um meðmæli með því eða báðu um það, að þeim yrði veitt ríkisábyrgð fyrir 2 millj. kr. láni vegna lengingar á skipinu, það mun eiga að framkvæma á því svipaða lengingu og á norðanbátnum „Drang", en nokkru dýrari. Varð n. við þeirri ósk og flytur á sérstöku þskj. till. um, að ríkisstj. verði heimilað að ábyrgjast allt að 2 millj. kr. lán fyrir eigendur flóabátsins „Baldurs" vegna lengingar bátsins, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar. En sama máli gegnir um þennan bát og Akureyrarbátinn, að eigendur hans, sem eru byggðarlögin við sunnanverðan Breiðafjörð, telja, að hann verði miklu rekstrarhæfari og rekstur hans þar með hagkvæmari eftir þá lengingu, sem fyrirhuguð er.

Styrkur til Langeyjarnesbáts er óbreyttur. Hins vegar er lagt til, að styrkur verði veittur, 50 þús. kr., vegna viðgerðar á bátnum.

Fyrirkomulag Vestfjarðasamgangna, flóabáta, er hið sama og áður. Djúpbáturinn h. f. á Ísafirði heldur uppi ferðum um Ísafjarðardjúp og til kauptúnanna í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Verkefni bátsins hafa minnkað nokkuð og flutningar vegna stöðugt þverrandi mjólkurframleiðslu, sem fyrst og fremst sprettur af óhagstæðu árferði í sveitum s. l. tvö, þrjú ár. Rekstur bátsins hefur gengið erfiðlega og hann fór fram á verulega styrkhækkun, en n. féllst á að leggja til, að styrkur til Djúpbátsins yrði hækkaður um 400 þús. kr.

Rekstrarstyrkur til ferða snjóbifreiðar yfir Botnsheiði lækkar um 50 þús. kr. Þessu samgöngutæki var á s. l. ári veittur 150 þús. kr. styrkur, sem var í raun og veru stofnstyrkur. Nú sótti hreppsnefnd Suðureyrarhrepps í Vestur-Ísafjarðarsýslu um 100 þús. kr. rekstrarstyrk, og féllst n. á að verða við þeirri beiðni, ekki sízt vegna þess, að læknislaust er nú bæði á Suðureyri og Flateyri og þessi snjóbifreið heldur uppi ferðum milli Suðureyrar og Ísafjarðar fyrst og fremst, en einnig stöku sinnum yfir til Flateyrar, þegar á þarf að halda. Rekstrarstyrkir til þriggja smábáta á Vestfjörðum, Dýrafjarðarbáts, Patreksfjarðarbáts og Skötufjarðarbáts er lagt til, að verði óbreyttir.

Eins og ég sagði í upphafi, þá er það till. samvn. samgm., sem stendur einróma að nál., sem hér liggur fyrir, og þeim tillögum, sem hér liggja fyrir, að heildarfjárveiting til flóabáta og vöruflutninga verði á árinu 1970 tæpar 15 millj. kr., og er það 1290 þús. kr. hærra en á árinu 1969.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að mæla með því, að brtt., sem samvn. samgm. flytur, verði samþykktar.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú leitast við að lengja ekki þessar umr., þó að vissulega margt hafi verið sagt, sem gæfi tilefni til nokkuð langra umræðna af minni hálfu, sér í lagi sú mikla þrumuræða, sem hv. frsm. minni hl. fjvn. flutti, sem að vísu er í dálítið svipuðum dúr og nokkrar ræður, sem hann hefur flutt undanfarin ár svona með dálitlum svipbrigðum séð, en ég skal reyna að forðast að lengja tíma með umr. um það efni.

Ég vil leyfa mér fyrst að nota tækifærið til að þakka fjvn. fyrir mjög vasklega og ágæta afgreiðslu fjárlagafrv. nú til 2. umr. Það hefur tekizt fyrr en stundum áður að ljúka þeirri afgreiðslu, vegna þess að oft hafa veigamiklir liðir orðið eftir til 3. umr. Það þótti hins vegar rétt, að reyna að stefna að því, að við 2. umr. sæjust öll þau útgjöld, sem máli skipta og þá væri vitað um, og reynt yrði að ná samkomulagi fyrir þá umræðu um þá liði, sem alltaf er erfiðast við að fást, þ. e. hina ýmsu framkvæmdaliði, og þá fyrst og fremst fjárveitingar til skólabygginga og hafnargerða, sem jafnan hefur verið erfiðast við að fást. Þetta hefur n. gert, og ég verð að láta í ljós ánægju mína yfir því að tekizt hefur að ná samstarfi, að mér skilst, innan n. allrar varðandi þessa vandasömustu liði, fjárveitingar til þessara tilteknu, verklegu framkvæmda, og hefur það kannske valdið einhverju hjá hv. minni hl. n., ef hann hefur talið, að ég hafi verið neyddur til þess að fallast á tillögur þær, sem meiri hl. gerði í þessu efni, og er þeim að sjálfsögðu ekki of gott að ímynda sér það, ef það er einhver huggun í þeirra raunum. En ég skýrði frá því að vísu í fjárlagaræðu minni, að það væri vitað mál, að það þyrfti varðandi skólana að taka upp fjárveitingar til nýrra skóla, því að það væri í rauninni ekkert svigrúm til þess í fjárlagafrv., eins og það var lagt fram. Það kom á daginn, að framkvæma þurfti mjög víðtæka athugun á þeim till., sem höfðu komið frá menntmrn. varðandi skiptingu fjár til þeirra skóla, sem voru á framkvæmdastigi og sem kostuðu mikla vinnu og erfiði hjá n. að komast til botns í. En mér var í upphafi ljóst, að ekki yrði hjá því komizt að taka upp allverulegt fé til nýrra skóla einnig, og miðað við það skipulag, sem nú er á skólabyggingum, þar sem hin nýju lög gera ráð fyrir því, að ekki séu nú sem áður teknar smáupphæðir í svo og svo marga skóla, heldur eftir vissu skipulagi unnið, svo sem lögin mæla fyrir um, þá auðvitað var þetta erfiðara, ekki sízt vegna þess, að það liggur ekki enn fyrir áætlun sú um skólabyggingamál, sem gert er ráð fyrir í lögunum, að sé gerð og er brýn nauðsyn og ætlunin hjá menntmrn. að vinna að nú á næsta ári, þannig að fyrir afgreiðslu næstu fjárl. liggi þetta fyrir. Það er eðlilegt, að þm. eigi erfitt með að sætta sig við að bíða með sína skóla, þegar þeir ekki geta bent á, að þeir komi á tilteknu ári, en hér er mun óheppilegra ástand í

þessum efnum heldur en í vegamálum, þar sem gerð er áætlun, þar sem vitað er, að þeir fái sinn veg eftir eitt, tvö eða þrjú ár, og þess vegna er það mikils virði, og ég álít, að að öðrum kosti verði skólamálin óviðráðanleg, ef ekki er hægt að koma þessu kerfi á, að þessi skólabyggingaáætlun verði gerð.

Varðandi hafnamálin þá var það einnig svo, að það hefur verið unnið í samvinnu milli rn. og fjvn. að því að framkvæma ákveðna till., sem ég lýsti í fyrra í minni fjárlagaræðu og endurtek aftur nú í haust, að ég teldi nauðsynlegt að gera, það væri að koma fjármálum hafnanna á traustan grundvöll, og þess vegna teldi ég æskilegt, jafnvel þó að það kostaði töluvert auknar fjárveitingar, að unnið yrði á þessum grundvelli. Um þetta hefur nú náðst algert samkomulag. Tel ég það gleðiefni, að það hefur tekizt, þannig að hægt sé að vinna þá kerfisbundnara að þessum verkefnum í framtíðinni.

Fjárlagafrv. til 2. umr. er með allverulegum halla eða um nær 90 millj. kr. halla, sem ekki er gerð nein till. um, hvernig eigi að brúa, en ég vil taka það fram hér, að ég geri ráð fyrir því, að við umr. um tollskrána og meðfylgjandi frv. um söluskattshækkun, sem vænta má, að verði rædd hér í Alþ. á fimmtudag í þessari viku, þá mun ég gera grein fyrir því, hvernig þessi mál öll standa og hvaða tekjuöflunarráðstafanir verði gerðar til þess að jafna tekjumissi vegna aðildarinnar að EFTA og þeirra tollalækkana, sem af henni leiðir, og jafnframt til þess að jafna þann halla, sem er nú á fjárlagafrv., og eru þó þar ekki öll kurl til grafar komin, svo sem ég mun lítillega víkja að síðar.

Gagnrýni sú, sem hér hefur komið fram frá hv. talsmönnum minni hl., er, auk þess að hér sé slæm stjórn í landi, – en ég bjóst nú ekki við að heyra frá þeim annað en svo væri, – aðallega í því fólgin, að það hefði verið með endemum illa haldið á fjármálastjórninni. Með hliðsjón af hinni miklu hækkun fjárl. undanfarin ár hefði framkvæmdafé ekki hækkað í sama mæli og fjárl. hafi hækkað yfir höfuð. Um þetta held ég, að við hv. 3. þm. Vesturl. höfum átt orðræður um nokkurt árabil, og sennilega frá því, að ég kom í þetta sæti mitt hér, og hafa skoðanir okkar í þessu efni ekki alveg farið saman og fara víst ekki saman enn. Ég held nefnilega, að það fjárlagafrv. liti ákaflega einkennilega út, ef við gerðum ráð fyrir því, að allir útgjaldaliðir fjárlaga gætu hækkað hlutfallslega jafnt og það sé ekki tekið tillit til þess, þegar koma til alveg ný útgjöld. Ég nefni aðeins sem dæmi, að á þessu tímabili hefur komið til mjög stór útgjaldaliður hjá ríkissjóði, sem eru útflutningsuppbætur á landbúnaðarvörur, sem nú nema á 4. millj. kr. Ég tek þetta aðeins sem dæmi, en ekki til að finna að þessum útgjaldalið út af fyrir sig. Vitanlega hefði verið ógerlegt jafnhliða þessum lið, eða þessari hækkun fjárl., að hækka þá alla aðra liði fjárl., framkvæmdaliði fyrst og fremst vafalaust, og væntanlega hefði það leitt til hækkunar á einhverjum öðrum liðum, þannig að það hefði alltaf verið hægt að halda í horfinu varðandi þetta efni og að verklegar framkvæmdir væru ætíð sama hlutfall af fjárl. Þetta er auðvitað gersamlega út í hött, vegna þess að það eru alltaf að koma inn í fjárl. nýir og nýir þjónustuliðir, ný og ný löggjöf, sem Alþ. er að samþykkja. Við sjáum afleiðingarnar nú t. d., og því er ég heldur ekki að sjá eftir, en aðeins bendi á, að sá útgjaldaliður ríkissjóðs, sem nú veldur mestum útgjöldum, eru sjúkratryggingarnar, sem hækka útgjöld ríkissjóðs um yfir 200 millj. kr. af þeirri heildarhækkun, sem nú er. Hvernig í ósköpunum ætti að mæta þessum hækkunum, sem leiða af gildandi löggjöf um þjónustu við borgarana, með því að það sé alltaf samtímis hægt að hækka hlutfallslega jafnmikið alla útgjaldaliði, sem eiga að heita verklegar framkvæmdir, og jafnvel fleiri liði, því að mér skilzt nú, að það sé fundið að því jafnframt, að það hafi ekki verið haldið í horfinu með ýmislegt annað, tryggingar og eitt og annað? Auðvitað væri þetta mjög skemmtilegt og æskilegt, en þetta er bara ekki hægt, þetta hefur aldrei verið gert, hverjir sem hafa verið í stjórn, og ég minnist þess, að ég hef haft æðilengi afskipti af fjármálum hér á Íslandi og það meðan Framsfl. fór með stjórn þeirra mála, og það var venjulega eftir gengisbreytingar hjá þeim ágæta flokki, að þá var stöðvuð hækkun verklegra framkvæmda, vegna þess að það var ekki í senn hægt að hækka verklegar framkvæmdir með hliðsjón af gengisbreytingunni og mæta þeim kostnaðarauka, sem af henni leiddi. Þetta held ég, að megi sjá í gegnum gengisbreytingar, sem gerðar hafa verið í þeirra tíð.

Það var sannað hér af hv. form. fjvn., sem vitanlega skiptir höfuðmáli í þessu sambandi, að framkvæmdafé til opinberra framkvæmda, sem við köllum svo, hefur margfaldazt, miðað við fast verð. Það er auðvitað rétt, að það var eðlilegt, að þetta fé hækkaði eitthvað miðað við fjölgun fólks í landinu og auknar tekjur ríkissjóðs, þannig að mér dettur ekki í hug að halda því fram, að þetta út af fyrir sig sé eitthvað óeðlilegt. En þegar sífellt er verið að klifa á þessu, að það sé alltaf gengið á hlut verklegra framkvæmda, þá er þetta mikill misskilningur. Og það hefur verið sagt, að núna síðustu 10 árin, og er sérstaklega vikið að afmæli viðreisnarstjórnarinnar í því sambandi, þá hafi þetta verið sérstaklega slæmt. Þetta er einnig mikill misskilningur, vegna þess að hlutfall verklegra framkvæmda á fjárlögum hefur verið sízt hærra áður heldur en það er nú og hækkanirnar á þessum framlögum næsta áratuginn á undan. Ef menn hafa gaman af að leika sér að tölum, þá geta þeir skoðað það sér til fróðleiks, hvort þar muni hafa verið um að ræða meiri hækkanir heldur en eru nú eða að framkvæmdafé til hafnargerða, skólabygginga og sjúkrahúsa t. d. hafi á því tímabili hækkað hlutfallslega meira en nú, miðað við heildarupphæð fjárl. Og ég skal þar aðeins nefna til fróðleiks tvær tölur, t. d. um hafnargerðirnar: 1950 var varið til þeirra 6.1 millj. af 262 millj. kr. rekstrarútgjöldum fjárl., 1959 er varið til þeirra 15 millj. af 964 millj. heildarupphæð fjárl. og ég held, að ef þetta er skoðað með hliðsjón af því, sem gerzt hefur nú í þeim efnum, þá sé það síður en svo í óhag þeirri stjórn, sem hefur farið með völd í landinu síðari árin. Jafnvel þó að við tökum barnaskólana og gagnfræðaskólana, þá var 1950 varið 3.4 millj. kr. til þeirra af 262 millj. kr. heildarrekstrarútgjöldum, en 1959 12.7 millj. af 964 millj. rekstrarútgjöldum, og sleppi ég þá alveg því, að á árunum 1958 og 1959 voru fjárl. aðeins helmingurinn af því, sem er tekið í págu ríkisins, því að útflutningssjóði var haldið utan við og hann var jafnhár 1959 eins og fjárl. sjálf, og þó að menn

vilji segja sem svo, að það hafi verið óeðlilegt að taka hann til samanburðar, hann samsvari gengisbreytingu, þá má benda þó á í því sambandi, að þá var búið að koma á þann sjóð einnig niðurgreiðslunum, sem eiga þó ekkert skylt við það, heldur beinlínis tekið út af fjárl., til þess að fjárl. sýndu ekki eins háa upphæð. Og það má jafnan benda á og tala um þessa óskaplegu skelfingu í hlutföllum, hvað hlutfallslega fjárl. hafi hækkað mikið á undanförnum árum. Fjárl. voru 262 millj. 1950, en voru um 1000 millj. 1959, þau voru 1960 1380 millj., sambærileg tala 1970 í fjárlagafrv. núna er 6100 millj., vegna þess að inn í fjárl. nú eru teknar 1700 millj. kr., sem er hin sérstaka fjáröflun, sem gengur aðeins í gegnum ríkissjóðinn og var byrjað að taka inn í fjárl. fyrir tveimur árum og að sjálfsögðu ber að halda utan við þessar samanburðartölur. Þetta nefni ég aðeins í fróðleiksskyni, en ekki af því, að það skipti öllu máli. Það, sem skiptir meginmáli, þegar við erum að skoða fjárl. og viljum skoða þau af einhverju raunsæi og án þess að vera með pólitískar ýfingar, er auðvitað þetta: Hverju er eytt í fjárlagafrv. eða fjárl., sem ekki ætti að eyða? Hvað er það, sem við getum tekið þarna út úr og lagt til hliðar til annarra hluta? Það er kjarni málsins, og það þýða auðvitað ekki óljósar fullyrðingar um það efni. Ég hef ekki enn þá heyrt frá þessum ágætu talsmönnum minni hlutans eitt einasta orð í þessa átt annað en það eitt, að þeir afgreiða málið ósköp einfaldlega með því að segja, að þetta sé ekki hægt. Ef félagshyggjan fengi að ráða, svo að ég vitni nú í hv. 3. þm. Vesturl., þá átti þetta aldeilis að breytast, því þá á að vera hægt að verja ekki 100 millj., heldur milljörðum til aukinna framkvæmda í þjóðfélaginu, án þess að það komi við nokkurn. Það verður ekkert smáræðis dýrðarríki, sem upp rennur, þegar sú stund kemur, að þessir ágætu menn taka við stjórninni.

Varðandi hina löngu lesningu hv. 3. þm. Vesturl., sem er jafnframt endurskoðandi ríkisreikninga, um sparnaðarlögin frá 1968, þá ætla ég nú ekki að fara að gera þau sérstaklega hér að umtalsefni, ekki vegna þess, að ég vilji ekki gjarnan um þau ræða, heldur vegna þess, að ég álít, að ríkisreikningur sé ekki hér á dagskrá, hann kemur hér væntanlega á dagskrá, þegar hann hefur lokið endurskoðun hans innan tíðar, þá mun hann koma hér á dagskrá með venjulegum hætti, þannig að þá verður hægt að ræða hann. Ég gerði í stórum dráttum grein fyrir afkomu ársins 1968 í fjárlagaræðu minni í haust og sé enga ástæðu til að endurtaka það. Varðandi einstök atriði, sem hann líka taldi, þá má nú finna á því ýmsar skýringar, sem ég skal játa, að ég hef ekki í minni mínu allar nú. Ég man, að hann gerði lítið úr þeim sparnaði, þegar það frv. var flutt, þannig að það er engin breyting í því efni frá hv. þm. En það eru nú ýmsar skýringar, sem munu koma á daginn, þegar á að fara að athuga það nánar, sem hann tiltók og verður auðvitað að hafa hliðsjón af, þegar það er metið, hvort útgjöld hafa farið fram úr áætlun eða ekki. Ég tel það t. d. ákaflega hæpið, þegar tiltekið er, hvaða dómsmálastjórn hafi farið fram úr áætlun, að taka þar útgjöld vegna hægri umferðar, sem að vísu endurgreiðist með sérstökum hætti aftur, en er bókfært á útgjöld á þetta ár, jafnvel þó að tekið sé lán. Sýslumanninn í Hafnarfirði hefur hv. þm. haft á heilanum í nokkur ár, og það eru líka til skýringar á því, sem ég ætla ekki að fara að orðlengja hér um. Það má lengi tala um þetta, og ég skal ekki fara að þreyta menn í því efni nú. Ég tók það fram strax, þegar þetta frv. var flutt, að það mætti gera ráð fyrir, að töluvert af þessum sparnaði yrði ekki raunhæft, en þetta væri fyrst og fremst flutt í trausti þess, að unnt væri að veita þarna aðhald. Ég tók það t. d. greinilega fram, bæði um lögreglustjórnina og dómsmálastjórnina, að það væri ekki að vænta þessa sparnaðar á þessu ári, en þetta væri stefnumarkandi, og þetta mál hefur verið til meðferðar m. a. hjá þeirri undirnefnd, sem hv. þm. á sæti í, að gera ákveðnar tillögur í þessu efni. Sama var að segja um fræðslumálastjóraembætti, ég benti á það, að ekki mundi verða raunhæfur sparnaður í því, fyrr en væri búið að koma þar á skipulagsbreytingu og koma því inn í menntmrn., að það væri stefnumörkun, sem ætti að horfa til aukins sparnaðar, þegar þar að kæmi, þannig að 30–40 millj. kr. af þessum sparnaði væri hæpið, að mundu skila sér á þessu ári, og ég hygg, að það fari nokkuð nærri lagi, þegar málið er skoðað niður í kjölinn. Sannleikurinn er líka sá, að 1968 fóru fjárl. hlutfallslega ekki mikið fram úr áætlun, þegar teknar eru þær sérstöku heimildir til útgjalda, sem veittar voru á því ári vegna sjávarútvegsins og ég tel jafngilda fjárl. Þá fóru fjárl. í heild ekki nema 225 millj. kr. fram úr áætlun og af þeirri upphæð voru um 120 millj. á tveimur liðum, annars vegar vaxtakostnaður vegna yfirdráttar í Seðlabankanum og hins vegar útgjöld vegna ríkisábyrgðasjóðs. Að sjálfsögðu er rétt, að það var skakkt metið hjá mér, að hagur sjávarútvegsins mundi batna á því ári. Hann versnaði enn stórlega og leiddi til þessara aukaútgjalda, ég held, að það geti ekki talizt neitt sukk, það varð að greiða þessi gjöld og ekki um annað að ræða en að bíta í það súra epli, ef svo má segja.

Varðandi svo allan þennan mikla sparnað, þá er gott og blessað að heyra um hann talað ár eftir ár. Ég beitti mér fyrir því fyrir tveimur árum að koma á samvinnu milli fjvn. og fjmrn. til þess að kanna þessi mál niður í kjölinn og þar eiga allir flokkar sæti, að undanteknum nýja flokknum, sem mér skilst, að sé nýhlaupinn af stokkunum, en hann á nú ekki mann í fjvn., en aðrir flokkar eiga þar sæti og ég held, að menn hafi starfað þar saman af hógværð og raunsæi og löngun til að láta gott af sér leiða. En ég hef ekki heyrt, að það hafi komið þar fram, að menn hafi fundið púðrið, sem sagt, að menn hafi þar fundið einhver töfraráð til þess að lækka stórkostlega útgjöld ríkisins, þannig að það væri hægt að móta þá stefnu, sem er mikið talað um hér af þessum ágætu mönnum, að það ætti að vera hægt að auka í stórum stíl útgjöld til verklegra framkvæmda. Allt það, sem þeir hafa bent á, hefur vissulega verið tekið til athugunar og engir árekstrar orðið í því efni enn þá, og ég efast ekki um, að það er fram sett af velvilja. En þess vegna er svolítið þreytandi að heyra enn þá talað um það, að menn verði sér til skammar, ef þeir eigi að tala um sparnað, nema því aðeins, að hv. þm. ætli að lifa eftir þeirri reglu og haldi, að hann verði sér til skammar, ef hann talar um sparnað, – ég veit það ekki. En mér finnst ósköp leiðinlegt og þreytandi að hlusta á svona tal, vegna þess að ég held, að það sé ábyggilega vilji allra að spara. Mér dettur ekki í hug, að ég sé að tína í

menn neina veraldarinnar vizku í því efni, en ég áleit, að þetta væri spor í rétta átt á sama hátt og ég áleit, að væri spor í rétta átt að setja hagsýslustofnunina á laggirnar, og hvað sem menn um það segja, þá er ég í engum efa um það, að það hefur sparað ríkinu stórfé, vegna þess að þó að útgjöld hafi hækkað, þá skulum við ekki halda, að það geti ekki hafa verið um að ræða beinlínis stórfelldan sparnað af þeirri einföldu ástæðu, að það er í mörgum tilfellum, sem útgjöld gátu hafa hækkað mun meira, ef ekki hefði verið komið við hagkvæmari vinnubrögðum og aðhaldi. Þetta held ég sannast sagna, að við ættum að leggja niður deilur og karp um, vegna þess að það er ástæðulaust.

Það vilja allir spara, bæði stjórn og stjórnarandstaða, en það er ekki eins þægilegt og menn halda, vegna þess að það verður ekki sparað í stórum stíl, nema með því að skera niður þá þjónustu, sem þjóðfélagið veitir borgurum sínum. Þetta vitum við. Við verðum að borga opinberum starfsmönnum þeirra laun, það þýðir ekkert annað en að beygja sig fyrir því. Og ég efast um, að það sé hægt í stórum stíl að fækka opinberum starfsmönnum. Ég veit að vísu, að það er hægt að gera það að nokkru marki, og benti á það í minni fjárlagaræðu, en ég skal jafnframt játa, að varlega hefur verið farið í það á þessu ári, þó að væri hægt að finna úrræði til að fækka um nokkra tugi manna, vegna þess ástands, sem hefur verið í atvinnumálum. En að það velti á milljónatugum, ég tala nú ekki um milljörðum, ef mætt yrði öllum þeim kröfum, sem uppi eru og hv. frsm. minni hl. sagði, að ætti að vera auðvelt að gera með breyttri stefnu, það held ég, að sé barnalegt að álíta eða tala um, að sé nokkur alvara á bak við. Það er allt of augsýnileg blekking til þess.

Ég skal aðeins víkja að þeim brtt., sem hér hafa komið fram frá minni hl. Ég sé ekki ástæðu til að ræða sérstaklega ræðu hv. 6. landsk. þm. þar sem hún var að mestu leyti endurtekning á því, en þó í mildara formi, sem aðalfrsm. hafði haldið fram. En eitt atriði vakti að vísu athygli mína í ræðu hans. Hann talaði um það, að lækkun tekjuskatts kæmi hinum efnameiri mest til góða, og það vakti athygli mína vegna þess, að hér var til umræðu um daginn frv., þar sem það var lagt til af hálfu Framsfl. að lækka tekjuskattinn enn þá um nálægt 300 millj. kr. með hækkun á skattvísitölu um 40 stig til viðbótar því, sem gert er ráð fyrir að hækka hana, sem mundi leiða af sér þessa skattalækkun, sem vissulega kemur fyrst og fremst þeim til góða, sem betur eru settir í þjóðfélaginu, en það kom mér undarlega fyrir sjónir, að einn af þessum flokksbræðrum hv. 6. landsk. þm., sem ég held, að sé flokksbróðir hans enn þá, lýsti því yfir, að hann styddi mjög eindregið þetta frv. Að öðru leyti vil ég ekki gera það að umtalsefni.

Varðandi bætur almannatryggingana vil ég upplýsa það hér út af þeirri till., sem hér liggur fyrir, að það mál er í sérstakri athugun. Hins vegar er það alls ekki svo, að bætur almannatrygginga hafi síðustu 10 árin rýrnað svo stórkostlega. Það vill svo til, að ég hef hér fyrir mér samanburð um það, sem gerður hefur verið af sérstakri n., sem í eiga sæti mjög fróðir menn undir forystu ráðuneytisstjórans í félmrn., þar sem athugað er, hvað vísitala framfærslukostnaðar hefur hækkað frá því í apríl 1959 þangað til í nóvember 1969, og hún hefur hækkað þá um 284.3 stig, en elli- og örorkulífeyrir einstaklinga hefur á því tímabili hækkað um 332%, barnalífeyrir um 270%, fullur ekkjulífeyrir um 312% og ekkjubætur um 286%, en fæðingarstyrkir, ég hef ekki prósentutölu þeirra hér, en þeir hafa hækkað um mun meira, heldur en sem hér segir. Fjölskyldubætur hafa ekki hækkað að fullu í hlutfalli við þetta, en það er nokkuð flókið mál, því að á þessu tímabili hafa orðið á þeim skipulagsbreytingar, en það er talið af n., að það sé ekki rétt, að fara að gera viðtækar breytingar á þeim bótum, nema því aðeins að taka til heildarendurskoðunar skipulag þeirra bóta og allt það kerfi, sem verið hefur til umræðu, eins og hv. þm. vita, um eins til tveggja ára skeið, að gera þar viðtækar breytingar á, en jafnframt er þess að gæta, að fjölskyldubæturnar eru ekki venjulegur þáttur tryggingakerfisins, heldur er þar um að ræða beinar greiðslur úr ríkissjóði, sem inntar hafa verið af höndum eftir því, hvernig árað hefur hverju sinni. Það hefur verið reynt að halda fremur í horfinu með lífeyrinn og það, sem honum hefur fylgt, en hér á sínum tíma var því ekki að leyna, að fjölskyldubætur voru nokkuð notaðar til þess að borga niður vísitölu og var þá gagnrýnt töluvert, að það skyldi vera gert. Nú er það að vísu úr sögunni, vegna þess að síðan vísitalan breyttist er ekki jafnauðvelt um vik og ekki eins ódýrt að greiða niður vísitölu með hækkun fjölskyldubóta, þannig að sú aðferð er úr sögunni. En ég vildi láta það koma fram hér, að það er gert ráð fyrir því, að lífeyrisbæturnar verði hækkaðar sem nemur þeirri hækkun, sem orðið hefur hjá láglaunafólki á kaupgjaldi þess. Það hefur orðið nokkur rýrnun á þessum bótum, þó að þær hafi hækkað, þegar 10 ára tímabil er tekið. Það var rýrnun núna tvö síðustu árin, vegna þess að þær höfðu hækkað fram til þess tíma mun meira heldur en framfærsluvísitalan hafði hækkað. En það er gert ráð fyrir því að hækka bæturnar núna þannig, að bótaþegar verði jafnsettir varðandi uppbætur á þessar bætur sínar eins og láglaunafólk fær nú.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða mikið till. um 350 millj. kr. Um það mætti margt segja, en ég held, að höfuðvandamál okkar atvinnuvega sé ekki endilega í því fólgið, að það vanti 350 millj., heldur sé kjarni málsins sá, að við búum þannig að okkar atvinnuvegum núna, sem vissulega hafa náð sér mjög á strik, ekki síst útgerðin, að ekki verði lagðar á þá nýjar byrðar, sem eyðileggja þennan grundvöll, sem þeir eru nú að komast á. Það eru ekki lánveitingar, en ef þetta á að veitast sem styrkir, þá hefur það nú líka sínar hættur í för með sér, hvernig á á 5 árum að halda, en það er eitt atriði í þessu, sem er vissulega vandamál, og það eru togarasmíðarnar innanlands. Ég skal ekki út í þá sálma fara hér, enda er það ekki mál, sem beint heyrir undir mig. En ég held, að menn verði mjög alvarlega a. m. k. að íhuga, hvaða afleiðingar það hefur varðandi annan atvinnurekstur í landinu, ef ríkið á að fara að borga beinlínis niður togarana, og hversu hagkvæmt það geti talizt. Ástæðan auðvitað til, að togaraflotinn hefur grotnað niður, sem hann vissulega hefur óhæfilega mikið gert, er einfaldlega sú, sem allir vita, að önnur útgerð hefur verið mun hagkvæmari og menn hafa þess vegna farið yfir í aðra útgerð í stórum stíl, en ekki rekið

togara, sem alls ekki hafa borið sig, þó að þeir hafi fengið verulegan styrk. Hvort menn eiga að fara út í stóreflingu á togaraflotanum og leggja til þess ríkisstyrk, það skal ég ekkert fullyrða um á hvoruga hliðina á þessu stigi, en ég held, að það mál þurfi allt miklu meiri skoðunar við, áður en er farið að slá því föstu, að það skuli gert, enda vakna þá líka spurningar um, hvað eru togarar og hvað eru ekki togarar. Og koma þá ekki kröfur úr öðrum áttum? Við vitum, að það eru önnur atvinnufyrirtæki til, sem má segja, að geti haft vissa þjóðfélagslega þýðingu, en það er auðvitað alltaf þægilegra að reka fyrirtæki, ef menn geta fengið gefins svo og svo stóran hluta stofnkostnaðarins, þegar þeim er hleypt af stokkunum. Og það kynni fleirum en togaraeigendum að detta í hug að fara fram á það. Ég tel því ekki mögulegt að fallast á þessa till. eins og hún liggur fyrir, en vildi varðandi tryggingabæturnar láta þetta koma fram hér og jafnframt benda á það, að mikill meiri hl. þeirrar hækkunar fjárlagafrv. nú, eins og það liggur fyrir frá fjvn., er hækkun á fjárfestingarframlögum beinum, þannig að það eru rúmar 100 millj. af þessum 170–180 millj., sem um er að ræða, sem ganga til verklegra framkvæmda beinlínis, og að öðru leyti er um að ræða útgjaldaliði, sem ég álít, að fjvn. hafi metið rétt, að væri óumflýjanlegt að taka upp, svo sem enn stórfellda hækkun vegna sjúkratryggginganna, sem þýðir ekkert annað en beygja sig fyrir og er reikningsleg staðreynd.

En það eru nokkur atriði enn eftir, sem ég skal ekki fara út í hér, sem fjvn. mun taka til nánari athugunar og hefur jafnframt í athugun hjá ríkisstj. fyrir 3. umr., en ég vil aðeins að lokum endurtaka það, sem ég áðan sagði, að ég reikna með því, að þegar gerð verður grein fyrir tollafrv., sem ég vonast til, að verði á fimmtudaginn, geti ég gefið heildaryfirlit yfir það, hvaða stefnu ríkisstj. hyggst fylgja varðandi tekjuöflun og hvernig þau málefni öll standa, og þá jafnframt, með hvaða hætti verði jafnaður hallinn á fjárlagafrv., eins og það kemur nú við 2. umr. og mun eiga eftir að hækka eitthvað útgjöldin við 3. umr.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Við 1. umr. fjárl. gerði ég fjárlagafrv. nokkuð að umtalsefni, bæði tekjuhlið þess og útgjaldabálk, benti sérstaklega á það, að frv. væri í ákaflega lausum tengslum við þau vandamál, sem blöstu við í þjóðfélaginu, við atvinnuástandið, við ástandið í húsnæðismálum og ástandið í tryggingamálum, svo að nokkur dæmi séu nefnd. Þessi atriði hafa ekki breytzt í meðförum fjvn. Meiri hl. hennar hefur ekki fallizt á þau sjónarmið. Hins vegar hefur hv. minni hl. n. flutt hér brtt. um fjármagn til atvinnumála og til uppbóta á greiðslur á lífeyristryggingum, og enn fremur um lán til Byggingarsjóðs ríkisins. Ég tel þessar brtt. mjög veigamiklar; ef þær yrðu samþ., mundi frv. breytast mjög til bóta. En eins og það er, er eins og ég sagði áðan ekkert tillit tekið m. a. til þeirrar staðreyndar, að skráðir atvinnuleysingjar á Íslandi eru fleiri nú en þeir hafa nokkurn tíma verið áður um þetta leyti árs.

Eins og stundum áður ber þetta mál þannig að, að okkur er ekki fullkomlega ljóst við þessa 2. umr., hvernig fjárl. eiga að samþykkjast að lokum. Hæstv. fjmrh. gat þess hér áðan, að gerðar yrðu mjög verulegar breytingar á tekjuhlið frv. með nýjum lagabálki um tolla annars vegar og hins vegar um söluskatt. Frá þessu var okkur greint í gær við 1. umr. um aðild Íslands að EFTA, því að þá greindi hæstv. viðskmrh. frá því, að niðurfelling á tollum mundi nema 500 millj. kr. og taka yrði samsvarandi upphæð með hækkun á söluskatti. Nú bætir hæstv. fjmrh. við nýrri vitneskju. Hann segir, að ætlunin sé að jafna halla, sem er kominn á fjárl., um 90 millj. kr., með hækkun á söluskatti einnig. Og hæstv. ráðh. bætti því við, að þó væru ekki öll kurl komin til grafar. Nú trúi ég naumast öðru en hæstv. ráðh. viti, hvað ríkisstj. ætlar að gera till. um mikla hækkun á söluskatti, og ég sé ekki nokkra ástæðu til þess, að hæstv. ráðh. sé að leyna okkur þessari vitneskju. Mér finnst, að það sé einföld skylda hans að skýra okkur frá því nú við þessa 2. umr., hvaða till. ríkisstj. hugsar sér að gera um breytingar á söluskatti. Hvað verða þetta miklar upphæðir umfram þær 590 millj., sem þegar er búið að nefna? Er t. d. ætlunin að hækka lífeyrisbætur almannatrygginga og jafnvel fjölskyldubætur með hækkun á söluskatti? Hæstv. ráðh. sagði, að þau mál væru í sérstakri athugun, og talið væri, að hækka þyrfti a. m. k. lífeyrisbæturnar, en þegar hæstv. ráðh. gerir till. um breytingar á söluskattinum, þá hlýtur hann að hafa einhverja hugmynd um, hversu miklar þessar breytingar verða. Og ég tel, að hæstv. ráðh. hefði átt að greina Alþ. frá þessu einnig. Raunar var allt tal þessa hæstv. ráðh. um ástand almannatrygginganna mun dauflegra en yfirlýsingar, sem birzt hafa í öðru aðalmálgagni ríkisstj., Alþýðublaðinu. Ég las þar forystugrein fyrir nokkrum dögum, þar sem á það var lögð þung áherzla, að það væri ekki nokkur leið að afgreiða fjárlagafrv. að þessu sinni nema fyrir lægi sú örugga vitneskja, að bætur almannatrygginga yrðu hækkaðar til mjög mikilla muna. Það var talið, að þetta væri alveg sérstök krafa Alþfl., og þar var raunar borin fram sú till., að upphæð til þess að hækka bætur almannatrygginga yrði fengin með því að draga úr útflutningsuppbótum á landbúnaðarvörur. Nú má vera, að þetta viðhorf Alþfl. sé breytt, eftir að hæstv. viðskmrh. er farinn að telja það EFTA til ágætis, að hægt sé að auka útflutning á landbúnaðarvörum með aðild að því bandalagi, en engu að síður hlýtur stefna Alþfl. að vera sú, sem fram kom í forystugreininni, að þessar bætur verði að hækka til mikilla muna.

Umtal hæstv. ráðh. um málefni togaraútgerðarinnar voru furðulega neikvæð. Hann sagði, hæstv. ráðh., að það mál þyrfti allt meiri athugunar við. Nú veit ég ekki betur en hæstv. ríkisstj. sé búin að vera með málefni togaraútgerðarinnar í athugun í heilan áratug og í alveg sérstakri athugun síðan fyrir kosningar 1967. Þá birti hæstv. ríkisstj. vegna kosninganna yfirlýsingar um það, að til stæði á hennar vegum að beita sér fyrir endurnýjun togaraflotans. Skipuð var sérstök nefnd, sem hefur síðan staðið í því að láta teikna og teikna, og ég hafði satt að segja ímyndað mér, að sveitarstjórnarkosningarnar á næsta ári kynnu að geta leitt til þess, að hæstv. ríkisstj. léti verða úr einhverjum framkvæmdum, jafnvel að við fengjum að sjá þó ekki væri nema einn eða tvo togara. En þessi ummæli hæstv. ráðh. drógu mjög úr þessum hugmyndum mínum, því að mál hans

allt var ákaflega neikvætt um þau atriði. Hann taldi öll tormerki á því, að ríkissjóður legði fram sérstakt fjármagn til þess að tryggja endurnýjun togaraflotans, og taldi, að það væri mjög háskalegt fordæmi. Ég vil minna hæstv. ráðh. á það, að hann og samráðh. hans hafa ekki verið ámóta smeykir við að leggja fram fjármuni, ef aðrir eiga í hlut. Þar á ég við hið erlenda fyrirtæki í Straumi. Ríkisstj. gaf eftir lögboðin gjöld, sem nema hundruðum millj. kr., til þess að erlendir aðilar kæmu þessu fyrirtæki á laggirnar. Og eins og nú standa sakir, verða Íslendingar að greiða stórfelldar upphæðir með raforku til þessarar verksmiðju. Þarna er ekkert hik að leggja fram fjármuni í þágu erlendra aðila. En þegar röðin kemur að innlendum atvinnurekstri, þá er hér annað hljóð í hæstv. ráðh.

Ég vil minna hæstv. ráðh. á það, að það er mjög algengt orðið, þegar um er að ræða framkvæmdir, sem kosta mikið fjármagn, að lagðar eru fram af opinberu fé upphæðir til þess að greiða niður stofnkostnað slíkra fyrirtækja. Annars staðar er vafalaust um að ræða miklu stærri fyrirtæki en togaraútgerð á Íslandi, en út frá okkar smáu sjónarmiðum eru togarakaup býsna mikið fyrirtæki. Og ég held, að við eigum ekki að kasta frá okkur þeirri hugmynd.

Að öðru leyti ætlaði ég ekki að ræða hér almennt um fjárl., ég gerði það við 1. umr. eins og ég gat um áðan, en minnast aðeins nokkrum orðum á örfáar brtt., sem ég flyt hér ásamt öðrum þm. eða einn.

Á þskj. nr. 158 er brtt., sem ég flyt ásamt hv. þm. Jóni Skaftasyni, um hækkun á framlögum til Landsspítalans þess efnis, að fjárfestingarliður Landsspítalans hækki um 10 millj. kr. og sú upphæð renni sem fyrsta framlag til byggingar geðdeildar. Þessi till. er flutt í áframhaldi af umr., sem varð hér á þingi fyrir skömmu. Ég spurði þá hæstv. heilbrmrh. um fyrirætlanir hæstv. ríkisstj. á sviði geðverndarmála. Og í þeim umr. var minnt á ákaflega alvarlegar staðreyndir. Læknar telja, að nú sé þörf á Íslandi fyrir 600 sjúkrarúm handa geðsjúklingum. Í sjúkrahúsum þeim, sem ætluð eru fyrir geðlækningar, eru hins vegar aðeins sjúkrarúm fyrir 232 sjúklinga, 200 á Kleppi og 32 á Borgarspítalanum. Það hefur verið sett miklu fleira fólk inn á Klepp en upphaflega var til ætlazt og gerðar ýmsar bráðabirgðaráðstafanir aðrar, þannig að á sjúkrahúsum dveljast nú 300–400 menn, sem þurfa á læknismeðferð að halda vegna geðsjúkdóma. En utan sjúkrahúsa eru enn 200–300 menn, sem þurfa að vera á sjúkrahúsi. Þarna er um algert neyðarástand að ræða vegna þess, að geðsjúkdómar eru langalgengustu sjúkdómar nú á Íslandi og víðar, og það hefur verið mikill skortur á skilningi á þeim sjúkdómum til skamms tíma. Hér er um að ræða mál, sem taka verður föstum tökum. En í svari hæstv. heilbrmrh. við fsp. minni kom það fram, að ekki hefur verið tekin nein ákvörðun um næstu framkvæmdir. Hæstv. ráðh. sagði, að fyrirhugað væri á sínum tíma að byggja sérstaka deild við Landsspítalann fyrir 90–100 sjúklinga, en hann fékkst ekki til að segja neitt um það, hvenær ætti að hefjast handa um þá framkvæmd. Hæstv. ráðh. bar því við, að fjárveitingar skorti og hann talaði þá eins og hann oft talaði um áður, að það sé ekki nóg fyrir hv. alþm. að flytja fögur orð hér úr ræðustóli, þeir verði að tryggja ráðh. fé til þess að framkvæma.

Þessi till. er flutt í því skyni, að hæstv. ráðh. verði tryggð byrjunarfjárveiting í þessum tilgangi, og ef hæstv. ráðh. fæst til þess að beita sér fyrir þessu máli innan flokks síns og innan stjórnarflokkanna, þá ætti að vera öruggur mikill þingmeirihl. fyrir því. Hitt má vel vera, að annarlegar og undarlegar framkvæmdir í sjúkrahúsamálum gleypi á næstunni upphæðir, sem þyrftu að renna til heilsugæzlunnar sjálfrar. Í brtt. meiri hl. fjvn. er greint frá makaskiptum við Reykjavíkurborg, þar sem Reykjavík fær Arnarhól, en ríkissjóður fær viðbótarlóð kringum Landsspítalann. Þar á meðal stendur til að gera Hringbrautina, sem nú er, að eins konar bílastæði fyrir Landsspítalann, en ríkissjóður tekur á sig í staðinn að gera nýja Hringbraut. Mér er tjáð, að sú framkvæmd muni kosta ekki minna en 40 millj. kr. Hæstv. fjmrh. leiðréttir mig, ef þetta er ekki rétt, 40 millj. kr. Og meðan ríkissjóður stendur í vegagerð til þess að tryggja bílastæði með þessum tilkostnaði, þá finnst kannske hæstv. ráðh., að hann hafi lítið fé til þess að sinna sjúku fólki.

Þetta er til marks um átakanlegt skipulagsleysi, sem einkennir ýmsar framkvæmdir á Íslandi. Landsspítalinn er 50 ára, en enn er ekki búið að ganga endanlega frá skipulagi á þessari lóð. Þar hefur verið byggt í skipulagsleysi endalaust, þangað til málin eru komin í þennan harða hnút, að það verður að leggja af eina af aðalgötum Reykjavíkur til þess að tryggja bílastæði fyrir spítalann og leggja nýja braut í staðinn. En þetta tel ég ákaflega einkennilegar framkvæmdir í heilbrigðismálum, ef hægt er að kalla þetta heilbrigðismál.

Önnur till., sem ég flyt og ekki er enn búið að prenta, er brtt. við till. fjvn. við liðinn á bls. 8, til sjúkrahúsa, sjúkraskýla o. s. frv., þ. e. liðurinn, sem heitir Reykjavík. Þarna er gert ráð fyrir, að Reykjavík fái undir þessum lið 24 millj. kr., en ég legg til, að þessi upphæð verði hækkuð upp í 40 millj. kr. Ástæðan fyrir þessari till. er sú, að ríkissjóður er í mjög mikilli vanskilaskuld við Reykjavík, og ég flyt þessa till. sem þm. Reykv., því að þessi vanskilaskuld er algerlega ótæk. Hæstv. ráðh. hristir höfuðið, en um síðustu áramót skuldaði ríkissjóður Reykjavík vegna Borgarsjúkrahússins 98.6 millj. kr. Á næsta ári gerir Reykjavíkurborg ráð fyrir því að greiða vegna Borgarsjúkrahússins til þess að fullgera þann áfanga, sem nú er verið að vinna að, 30 millj. Og á móti á að koma jafnhá upphæð úr ríkissjóði. Þá yrði heildarskuld ríkissjóðs komin upp í 128.6 millj. kr. Og á móti kemur svo framlagið á fjárl. En þessi tala, 24 millj., sem þarna stendur, er mjög villandi, því að ríkissjóður tók einu sinni 40 millj. kr. lán til þess að stytta þennan langa skuldahala. Hann verður nú að greiða í vexti og afborganir af þessu láni 14 millj. kr., þannig að raunverulegt framlag til þess að grynnka á þessari skuld er aðeins 10 millj. kr. Með þessu móti hækkar skuldin á næsta ári, en lækkar ekki. Ríkissjóður skuldar Reykjavík ýmislegt fleira. Það er einnig um að ræða vanskilaskuldir á fleiri sviðum. Um síðustu áramót voru vanskilaskuldir ríkissjóðs vegna skóla í Reykjavík yfir 10 millj. kr. og skuld Íþróttasjóðs við Reykjavík var um síðustu áramót 34.7 millj. kr. Að sjálfsögðu eru vanskil af þessu tagi algerlega ótæk. Þau gera sveitarfélögunum mjög erfitt fyrir að framkvæma þau verkefni, sem þau

þurfa að framkvæma, og ég tel ekki, að ríkið hafi nokkra heimild til þess að setja sveitarfélögunum þannig stólinn fyrir dyrnar.

Þá flyt ég hér ásamt hv. alþm. Jónasi Árnasyni og Sigurði Grétari Guðmundssyni litla till. í sambandi við listamannalaun. Að þessu sinni gerist sá atburður í fyrsta skipti í mörg mörg ár, að framlög til listamanna eru hækkuð. Um það hafa verið fluttar till. árlega svo lengi, sem ég man eftir mér, en núna um mjög langan tíma hafa þær ævinlega verið felldar. Nú er þessi upphæð allt í einu hækkuð um 1 millj. kr. og ég er ekki frá því, að þar megi þakka sérstaklega forystugrein, sem birtist í Morgunblaðinu fyrir nokkrum dögum. En þá var talað mjög harkalega við hv. fjvn. og hæstv. ríkisstj. um það, að það væri ótækt með öllu að láta þessa fjárhæð standa óbreytta. Það er sannarlega gott, ef Morgunblaðið getur hrifið á þann veg, og væri betur, að það beitti áhrifum sínum oftar til skynsamlegrar kröfugerðar. Engu að síður finnst mér þessi hækkun ekki vera fullnægjandi. Það er engan veginn þannig, að hún nægi til þess að vega upp þá raunverulegu lækkun, sem orðið hefur á listamannalaunum að undanförnu, og þaðan af síður til þess að koma til móts við vaxandi áhuga á þessu sviði. Þess vegna flytjum við hér till. um það, að sá nýi liður, sem upp var tekinn í fyrra og heitir starfslaun listamanna verði hækkaður úr 440 þús., sem n. gerir till. um, upp í 1 millj. Ég held, að þessi aðferð, sem þarna var tekin upp, starfslaun listamanna, sé mjög skynsamleg, og að þessi aðferð geti á margan hátt gert meira gagn, ekki sízt ungum listamönnum, heldur en þessir almennu listamannastyrkir. Það væri ekki hægt að kalla það háa fjárveitingu, á þessum tímum þegar háar tölur tíðkast mjög, þó að gert sé ráð fyrir, að 1 millj. verði veitt í þessu skyni.

Í annan stað leggjum við til, að almennu listamannalaunin, sem úthlutað verður af nefnd, verði hækkuð úr 4 millj. 229 þús. upp í 6 millj. Þessi hækkun, sem ég talaði um áðan um 1 millj., næstum því helmingur hennar rennur til heiðurslauna listamanna. Þar er um að ræða hækkun til hvers manns um 25 þús. og auk þess er bætt við tveimur frá því, sem var í fyrra, þannig að í þetta fara 450 þús. kr. Þessi till. um hækkun á almennu listamannalaununum mundi fela það í sér, að það yrði á svipaðan hátt rýmra um eins og í þessum heiðurslaunaflokki, þannig að þetta getur ekki heldur talizt neitt óeðlileg tillögugerð.

Mig langar að lokum að minnast hér aðeins á tvö atriði önnur, þó að ég geri engar till. um þau. Í heimildarlið við fjárl. er ríkisstj. veitt heimild til að endurgreiða væntanlegan tekjuskatt af Henrik Steffens verðlaununum, sem Magnús Már Lárusson prófessor hefur hlotið. Ég vakti athygli á þessu máli fyrr á þessu þingi, þegar ég flutti hér sérstakt frv. um skattfrelsi heiðursverðlauna, þar sem lagt var til, að sett verði um það almenn regla, að menn, sem fengju án umsóknar slík heiðurslaun, væru undanþegnir opinberum gjöldum. Hæstv. fjmrh. sagði þá í ræðu, að hann væri sammála þessari hugsun minni. En vandinn væri sá að finna orðalag, sem dygði til þess að afmarka þá, sem þarna ættu að koma til greina. Ég vona, að þessi aðferð að setja þessa heimild inn á fjárlög þýði ekki, að hæstv. ráðh. hafi gefizt upp við það verkefni að finna orðalag um þetta einfalda atriði. Ég held, að okkur sé algerlega óhjákvæmilegt að búa til einhverja slíka reglu. Dæmi af þessu tagi munu áreiðanlega koma árlega og jafnvel oft á ári og það er ekki nokkur aðferð að vera endalaust að setja það inn í fjárlög hverju sinni, hvernig að skuli farið. Enda geta stundum komið upp leiðindaatvik, ef menn njóta mismunandi hylli hér á Alþ. Þarna verður að vera skýlaus regla, sem allir geta gengið að sem vísri. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að ítreka þá ósk mína til hæstv. ráðh., að hann hugi að þessu máli.

Ég vil einnig víkja hér að öðru heimildarákvæði, að hefja byggingu nýs stjórnarráðshúss á árinu 1970 og undirbúa nauðsynlega fjáröflun, til þess að unnt sé að ljúka byggingu hússins með eðlilegum hraða. Í þessu sambandi langar mig til að minna á annað hús, sem stundum hefur verið rætt um hér á Alþ. Fyrir 12 árum var tekin um það einróma ákvörðun af Alþ. að sameina Landsbókasafn og Háskólabókasafn og byggja nýtt hús yfir þau bókasöfn. Þessari efnisákvörðun var hins vegar ekki fylgt eftir með neinum fjárveitingum fyrr en 1967, en þá komst í fyrsta skipti inn á fjárlög fjárveiting til byggingar slíkrar bókhlöðu. Hún var að vísu aðeins ½ millj. og sú upphæð hefur staðið óbreytt síðan, en engu að síður fólst í því ný ákvörðun um fjárveitingar í þessu skyni.

Eins og allir vita, hefur verið mjög vaxandi áhugi á þessu máli á undanförnum árum og margir ágætir menn tekið undir hugmyndina um byggingu þjóðarbókhlöðu. Nefnd, sem skipuð var af Alþ. til þess að fjalla um það, hvað Íslendingar gætu gert til hátíðabrigða á 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar, komst að einróma niðurstöðu um það, að benda á það sem meginverkefni að byggja nýja bókhlöðu. Það yrði aðalverkefni Íslendinga af þessu tilefni, og ég veit, að n. hefur sent hæstv. ríkisstj. till. sínar um þetta efni fyrir alllöngu. Mér er einnig kunnugt, að það hefur verið nokkur skriður á þessu máli, ýmiss konar undirbúningur. Hér voru nýlega tveir erlendir sérfræðingar til þess að kynna sér vandamál okkar og búa í haginn fyrir tillögugerð um þetta mál. Hitt sýnist vera algerlega augljóst, að ef unnt á að vera að framkvæma þá hugmynd að tengja byggingu bókhlöðu við 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar, þannig að einhver myndarlegur áfangi væri kominn af stað 1974, yrði algerlega óhjákvæmilegt að taka um það ákvörðun á þessu þingi. Nú þykist ég vita og veit raunar, að hæstv. ráðh. hafa fullan skilning á þessu máli, en ég vildi beina því til hæstv. fjmrh. og fjvn., hvort ekki gæti af þessu ástæðum verið skynsamlegt að taka inn á heimildarlið einhvern lið hliðstæðan þessari heimild um stjórnarráðshús. Nú má það vel vera, að það sé unnt að vinna samtímis að tveimur jafnstórum verkefnum og stjórnarráðshúsi og bókhlöðu. Ég veit ekki, hvað menn hugsa sér í því efni. Ef það væri hægt, er það auðvitað prýðilegt. Hitt vil ég segja hreinskilnislega, að ef á að gera upp á milli þessara bygginga þannig að hefjast yrði handa um aðra á undan hinni, þá tel ég það algerlega ótvírætt, að bókhlaðan ætti að koma á undan. Ég þekki rökin fyrir nauðsyn þess að byggja stjórnarráðshús og get fallizt á þau. En hin nauðsynin er miklu meiri. Hún er líka í tengslum við þau verkefni, sem nú eru hvað brýnust á Íslandi, að stórauka hér rannsóknir og vísindastarfsemi.

Það er hreinlega ekki hægt án þess að bókasafnsmálum okkar sé komið í nútímahorf. Ég vil sem sé ítreka þessa fsp. mína til hæstv. ráðh.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Það eru aðeins örfá orð. Fyrst í sambandi við það, sem hv. þm. sagði varðandi skattlagningu heiðursverðlauna til háskólarektors, að ég hefði ekki hugsað mér þetta sem neina varanlega lausn þess máls, heldur aðeins að það yrði þó tryggt í þetta skipti, að það yrði ekki skattlagt. Þetta snertir auðvitað ekki nema ríkisskattana, en ég hef jafnframt haft samband við bæjaryfirvöld í Hafnarfirði, þar sem háskólarektor er búsettur, um það, að þeir legðu heldur ekki útsvar á þessi verðlaun, en það er alveg rétt hjá hv. þm., að vitanlega er það engin frambúðarlausn á málinu, og ég tel ekki, að við eigum að gefa það upp á bátinn að finna einhverja viðhlítandi lausn til frambúðar í þessu efni, það er ósköp óskemmtilegt að staðaldri að vera með nöfn einstakra manna í þessu sambandi, það skal ég fúslega játa.

Varðandi seinna atriðið, á ég þar við byggingu stjórnarráðshúss, þá vil ég taka það fram, að í þessu felst engin yfirlýsing um það, að bókhlaðan eigi að bíða. Það er til töluvert fjármagn til þess að hefjast handa um byggingu stjórnarráðshúss, það liggja fyrir endanlegar teikningar af þessu húsi, og m. a. með hliðsjón af því atvinnuástandi, sem menn eru nú nokkuð hræddir um, að sé erfitt í byggingariðnaðinum, þá þótti það ekki óskynsamlegt að hefjast nú handa um þessa byggingu. Orðalag heimildarinnar, sem þarna er leitað eftir, er vísvitandi með þessum hætti, til þess að það liggi ljóst fyrir, að vilji Alþ. komi fram, þó að að vísu megi segja, að hann hafi komið fram fyrir alllöngu síðan í þáltill., sem þá var samþykkt. En það er langur tími síðan liðinn og þótti því eðlilegt að fá endurnýjaðan þennan vilja þingsins. Það er ekki talið, að þurfi að taka lán á þessu ári til þess að halda þessu verki áfram með eðlilegum hraða, þó að það kunni að þurfa að gerast að einhverju leyti á næsta ári. En það þykir hins vegar nauðsynlegt, að menn marki stefnu í þessu efni. Varðandi þjóðarbókhlöðu þá er það rétt, að það hefur verið orðað sem ein hugmynd frá þjóðhátíðarnefndinni, að þetta verði gert, það er stórmál og það liggur ekki svo vel undirbúið fyrir, að hægt sé að slá föstu, með hvaða hætti verði að því unnið, hvað stórt verkefni hér er um að ræða og hvernig menn geti hugsað sér að fjármagna það, og enda þótt það verði ekki tekin upp nein heimild í sambandi við það mál í fjárlögum nú, sem ég tel líka hæpið, þar sem málið er ekki komið það langt áleiðis, þá er það að sjálfsögðu opið að gera það síðar á þessu þingi, ef nauðsynlegt reynist, m. a. í sambandi við væntanlegt frv., sem hér verður flutt að venju vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar ríkisstj. fyrir árið 1970, en ég vil aðeins, að það liggi skýrt fyrir, þannig að það valdi engum misskilningi, að með þessari till. er ekki verið að úrskurða um það, að stjórnarráðshús skuli sitja fyrir þjóðarbókhlöðu.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að ræða það fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, í heild, enda hafa fjvn.-menn minni hl. dregið glöggt fram megineinkenni þess, svo glöggt, að ég hef engu þar við að bæta. En ég vil í tilefni af meðferð þessa máls láta í ljós furðu mína yfir því, að það skuli ekki hafa tekizt hjá hæstv. ríkisstj. í tæka tíð að reikna út þá tollalækkun, sem fyrirsjáanlega leiðir af inngöngu Íslands í Fríverzlunarsamtök Evrópu. Ég hlýt að verða að gagnrýna þau vinnubrögð, ég vil segja það tómlæti og andvaraleysi, sem lýsir sér í því að hafa ráðgert... (Gripið fram í.) Ég kem að því, hvað ég á við með þessu. Það hefur verið yfirlýst stefna ríkisstj. í marga mánuði, að við skyldum tengjast þessu bandalagi, og vitað mál, að til þess að svo geti orðið verður strax í upphafi, strax í marz að fara fram 30% tollalækkun á varningi, sem fluttur er til landsins frá þessum löndum að minnsta kosti. Ég álít, að þetta dæmi hefði átt að vera búið að reikna, þegar fjárlagafrv. var lagt fram, og að minnsta kosti, þegar frv. fer til 2. umr. og þegar aðalatkvæðagreiðsla um það á að fara fram, en það skilst mér að sé á morgun. Því hefur verið lýst yfir jafnframt, síðast nú í þessum umr., að það tekjutap, sem fyrirsjáanlegt er fyrir ríkissjóð af þessum ráðstöfunum, verði unnið upp með hækkun söluskatts. Það er augljóst, að slík kollsteypa í innheimtu ríkisteknanna, eins og þessi breyting verður, þegar hún er komin í kring, og verður talsverð strax, en mjög mikil, þegar allt er um garð gengið, hún hlýtur að setja mjög mikil mörk sín á okkar þjóðfélag. Hér í þessari umr. hafa verið birtar glöggar tölur um það, hvernig afkoma launafólks hlýtur að vera, miðað við verðlag og kaupgjald í landinu. Sá samanburður laut að vísu aðeins að tryggingabótum, en ég hygg, að í Tímanum fyrir nokkrum dögum hafi verið gerður svipaður samanburður hvað varðar launatekjur annars vegar og ýmsa kostnaðarliði hins vegar. Nú liggur það að mínum dómi alveg ljóst fyrir, ja, það hefur að minnsta kosti ekki annað komið fram enn, að þær breytingar í innheimtu ríkistekna, sem ráðgerðar eru, hljóti enn að auka á þennan mun og gera þessa aðstöðu fólksins að miklum mun erfiðari. Og ætlar Alþ. ekki að hafa áhrif á þessa þróun, eða kemur það ekki fjárlögunum við?

Form. fjvn. sagði hér í ræðu sinni áðan, að að hans dómi og væntanlega hæstv. ríkisstj. einnig væri ekki unnt að afgreiða fjárl. með greiðsluhalla, en sagði jafnframt, að aukin fjáröflun hlyti að bíða eftir frv. ríkisstj. um söluskatt og svipuð ummæli skilst mér, að hæstv. fjmrh. hafi viðhaft hér í ræðu í dag, sem ég gat því miður ekki hlýtt á. En þetta ber þá svo að skilja, að bæði tollatapið eigi að vinna upp með söluskatti og auk þess þann skakka, sem er á fjárlagafrv. eins og það nú er, eftir að fjvn. hefur skilað því til 2. umr. Það þýðir m. ö. o. það, að í tilefni af þessari breytingu ætlar ríkissjóður að innheimta meiri tekjur en hann lætur. Þetta þýðir þá það, að erlendur fatnaður og ýmiss konar varningur, sem álitinn hefur verið óþarfari heldur en margt annað og tollaður hærra vegna þess, hann á að lækka, en matvælin og aðrar nauðsynjar eiga að hækka, ekki bara sem nemur tollalækkunum heldur líka þeim mismun, sem orðinn er á fjárlagafrv. Á þá nýja þjóðfélagið að vera svona? Ég hygg, að margur spyrji þeirrar spurningar. En ef það á ekki að vera svona, eða nýja þjóðfélagið á ekki að miðast við það, að ríkistekjurnar innheimtist fyrst og fremst af lífsnauðsynjum fólksins, þá sýnist mér, að þrennt komi til greina. Í fyrsta lagi

að hafa söluskattinn mismunandi, – er það ráðgert? Í öðru lagi: Á að undanþiggja ýmsa vöruflokka nýja söluskattinum eða kannske öllum söluskattinum eða, í þriðja lagi, á að bera uppi þennan mismun með auknum bótum úr almannatryggingum? Ég held, að alþm. þurfi að vita þetta áður en að þeir greiða atkvæði um fjárl., jafnvel þó við 2. umr. sé. Og fyrr en þetta liggur fyrir, tel ég, að Alþ. viti ekki, hvaða fjárl. það er að samþykkja.

Ég tel vera komið alveg nóg af því, að alls konar ráðstafanir séu gerðar án þess að Alþ. komi þar nærri. Og ég held, að það væri skynsamlegri stefna og raunar sjálfsögð og sú stefna, sem alltaf hefði átt að vera viðhöfð, að fjárveitingar og fjármagnsgreiðslur úr ríkissjóði færu um hendur Alþ. og væru skv. ákvörðunum þess, en ekki eins og tíðkazt hefur upp á síðkastið í vaxandi mæli, að mál eru látin óafgreidd, þingi slitið eða frestað og þá farið að taka ákvörðun um stórfelldar greiðslur úr ríkissjóði, án þess að Alþ. komi þar nokkurs staðar að og hafi nokkuð um það að segja. Ég geri alveg ráð fyrir því, að svar við þessum athugasemdum sé það, að þetta verði allt saman klárt við 3. umr. Nú, það er náttúrlega betra en ekki, en ég hlýt að endurtaka það, sem ég sagði áðan, að ég tel það óskiljanlegan undirbúning á fjárl. að ætla sér það vitandi vits að ganga til svo stórfelldra breytinga og hafa ekki tilbúinn útreikning á því, hvað það kosti, og hafa ekki tilbúna útreikninga á því, hvernig eigi að bera það uppi. Eftir hverju var beðið? Var beðið eftir því, að Alþ. samþykkti þáltill.? Ef það er, þá spyr ég: Verður það búið, þegar fjárlög verða afgreidd, eða er einhver beygur í ríkisstj.-mönnum um það, að kannske nái till. ekki fram að ganga? Ef svo er, þá mætti kannske segja, að vinnubrögðin væru skiljanleg.

En eins og ég sagði hér í upphafi þessa stutta máls, þá ætlaði ég ekki að taka þátt í almennum umr. um fjárl., en ég tel, að þessar athugasemdir megi koma fram. Það hefur verið mín skoðun, að allir liðir fjárl. eigi að liggja fyrir, sem allra flestir a. m. k., þegar við 2. umr., þegar aðalatkvgr. um málið fer fram, og a. m. k. svo stórfelldar breytingar eins og þær, sem hér um ræðir. En ég hef á þskj. 158 flutt eina litla brtt., og ég ætla, herra forseti, að leyfa mér að gera í mjög stuttu máli grein fyrir henni.

Með l. frá 19. maí 1964 um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra var gæzluvistarsjóði ákveðið árlegt framlag 7½ millj. kr. af tekjum Áfengisverzlunar ríkisins af áfengissölu. Árið 1964, þegar þessi l. voru sett, þá nam þetta framlag um það bil 2.3% af þessum gjaldstofni, tekjum áfengisverzlunarinnar. Sjóðurinn fær nú enn þá þessar 7½ millj. kr. á ári af tekjum áfengisverzlunarinnar, en tekjustofninn hefur hækkað úr 320 millj. kr. í 580 millj. kr. á árinu 1968 og þessi tekjustofn er ráðgerður í fjárlagafrv. því, sem hér liggur fyrir, 812 millj. kr. En enn þá á gæzluvistarsjóðurinn að fá 7½ millj. kr. Framlagið á næsta ári nemur þá 0.9% af áætluðum tekjum áfengisverzlunarinnar og ég get þess hér í leiðinni, að ef hins vegar sama prósenta gilti um framlagið á næsta ári eins og gilti 1964, þegar framlagið var fyrst upp tekið, þá ætti þessi sjóður að fá 18 millj. 676 þús. kr. á næsta ári. Ég hygg, að það sé ekki fjarri lagi, að hér sé mestmegnis um dýrtíðaraukningu að ræða, ef þetta ætti að haldast í hendur, þá vantar gæzluvistarsjóð 11 millj. kr. á næsta ári til þess að vera jafnvel settur og hann var, þegar l. um hann voru sett. Ég veit, að öllum hv. þm. eru kunnug verkefni þessa sjóðs, ég þarf ekki að eyða mörgum orðum að því að lýsa því, en það er fyrst og fremst að reisa og reka hæli fyrir drykkjusjúklinga. Þessi mál hafa það mikið verið rædd hér á hv. Alþ., að ég skal stytta mál mitt mjög um það, en ég vil þá aðeins minna á, að á síðasta þingi flutti ég ásamt hv. 4. þm. Sunnl., Birni Fr. Björnssyni, frv. til l. í Ed., þar sem gert var ráð fyrir því, að gæzluvistarsjóður fengi framvegis 2½% af tekjum áfengisverzlunarinnar, sem mundu þá vera á næsta ári 20 millj. kr.

Þetta frv. hlaut enga afgreiðslu í Ed., því var vísað til n. og það kom það aldrei. Ég ætla nú að spara mér alla gagnrýni á þau vinnubrögð nú, af því að tíminn er naumur, en vitanlega eru slík vinnubrögð algerlega fráleit og lýsa því tómlæti, sem maður skyldi ekki trúa að óreyndu, að væri fyrir hendi á Alþingi Íslendinga í þessum málum og málefnum þeirra manna, sem þarna eiga um sárt að binda og góðs af að njóta. Ekki bara sjúklinganna sjálfra, heldur ekki síður þess fólks, sem þeim stendur næst og býr við þetta böl, sem ég geri ekki tilraun til þess að lýsa með orðum.

Á s. l. vetri var talsverð hreyfing á málefnum þessara umkomuleysingja, ég hygg, að þá hreyfingu megi að nokkru leyti a. m. k. rekja til umræðna, sem fram fóru í borgarstjórn Rvíkur þá um þessi mál. Í þeim umr. tóku þátt fulltrúar allra flokka, sem þar eiga sæti, og talsmenn þessara flokka, læknar, sálfræðingar, prestar og kennarar auk annarra voru á einu máli um það, að þessi mál mættu ekki lengur bíða og þau fáheyrðu tíðindi, vil ég segja, gerðust, að allir flokkar í borgarstj. Rvíkur sameinuðust í tillögugerð, þar sem gert var ráð fyrir því, að félagsmálaráði borgarinnar væri falin sérstök framkvæmd þessa máls og m. a. yrðu teknir upp samningar við hæstv. ríkisstj. um það að bæta úr þessu ástandi, og ég fékk þau svör, þegar ég gekk eftir afgreiðslu á því frv., sem ég minntist hér á áðan, að það væri ekki talið heppilegt að breyta lögunum, en það mundu verða gerðar aðrar ráðstafanir, sem að gagni mættu koma í þessu efni. Og ég hygg, að félagsmálaráð borgarinnar eða fulltrúar þess hafi líka gengið á fund ríkisstj. og fengið nokkra áheyrn, a. m. k. rámar mig í það að hafa lesið það í Morgunblaðinu, að vel hefði verið undir málaleitanina tekið og það mundu verða gerðar verulegar ráðstafanir, eftir því sem skilja mátti, til þess að laga þetta ástand. Nú, svo kemur fjárlagafrv. fyrir almannasjónir, og vissulega er það rétt að hæstv. ríkisstj. hefur fengið einhverja bakþanka af því að kannske væri nú ekki alveg nægjanlega fyrir þessum málum séð, því að til viðbótar við 7½ millj. úr gæzluvistarsjóði hefur verið látið af hendi rakna, eftir því sem athugasemdir segja, þó að mér sýnist nú tölur benda til annars, 1½ millj. kr. til aukinna byggingarframkvæmda í þessum þýðingarmiklu sjúkrahúsmálum. Ég tel þetta algjörlega ófullnægjandi afgreiðslu og ég er alveg sannfærður um það, að það var ekki þessi meðferð, sem borgarstjórnin í Reykjavík ætlaðist til, að málaleitan félagsmálaráðs fengi hjá hæstv. ríkisstj. Vissulega skiptir það engu máli, hvort fjármagnið er fyrst flutt í ríkissjóð og síðan þaðan til gæzluvistarsjóðs, eða hvort

farið væri að þeirri leið, sem upphaflega var ráðgerð, að gæzluvistarsjóður fengi beint fjármagn sitt frá áfengisverzluninni, það skiptir engu máli, ég er ekki að ræða um það, heldur hitt, að ég tel þessa fjárhæð allt of litla, og ég hygg, að reynslan verði sú, að hún geri lítið betur en að standa undir þeim heimilum, sem þegar eru rekin, og kosta þau, en það er fyrst og fremst drykkjumannaheimilið í Gunnarsholti eða Akurhóli, sem ég hygg að það heiti. Ég var alltaf að vona það, meðan á meðferð fjvn. stóð á fjárlagafrv., að þá yrði nú munað eftir þessum lið, það yrði látið eitthvað meira af hendi rakna í þessu skyni heldur en raun bar vitni, og ég talaði um það við flokksbræður mína í n., að þeir gleymdu ekki þessu. Ég hygg, að þeir hafi ekki gert það, en nú eru brtt. fjvn. komnar fram og þar er ekki varið neinu fjármagni í þessu skyni og engin till. um það gerð. Þess vegna vil ég nú ráðast í það, þó að ég sé ekki þeirrar skoðunar, að til mikils sé að flytja brtt. við fjárlagafrv. og ætli mér ekki að gera það, þá vil ég samt gera tilraun til þess að vekja á ný máls á þessu atriði og heyra það og sjá endanlega, hvort ekki sé einhver vilji fyrir hendi til þess að bæta aðstöðu þessa sjóðs, því að ef þetta verður látið óbreytt standa, þá verður ástandið í þessum málum eins og það er og versnandi, það er alveg víst. Ég held, að ekki þurfi verulegar fjárhæðir til þess að laga hér eitthvað til, ég sé jú það, að fjvn. hefur tekið til greina 50 þús. kr. hækkun til félagsins Vernd, sem er félag áhugamanna, sem starfar að þessum málum, það er gott, að þeir fá viðurkenningu, en þetta mál leysir ekki Vernd, og þetta mál leysa ekki félög áhugamanna, þó að þau séu allra góðra gjalda verð. Áhugamenn hafa að vísu með nokkrum styrk ráðizt í það að reisa drykkjumannahæli í Víðinesi, þar er rekstur góður, mjög til fyrirmyndar og hælið alltaf fullt. Það getur tekið við 25 sjúklingum, það er langur biðlisti þar, og sjáanlegt, að það getur ekki meira í bili a. m. k. Reykjavíkurborg hefur tekið gamla Farsóttahúsið til afnota fyrir drykkjumenn, sem hvergi eiga höfði sínu að að halla. Það tekur á móti 10 mönnum á hverri nóttu, það er mannúðarstarfsemi, það er ekki sjúkrahús, þar er enginn læknir, sem þar getur komið til. Ég hygg, að allir séu út af fyrir sig ánægðir yfir því, að það heimili skuli hafa verið sett á stofn, en það breytir ekki því vandamáli, sem ég er hér að reyna að gera grein fyrir.

Ég skal ekki þreyta ykkur, hv. þm., á lengri ræðuhöldum um þetta, þó að vissulega mætti margt um þetta segja, meira heldur en ég hef gefið mér tíma til í þessari stuttu ræðu, en ég flyt þessa till. í trausti þess, að hv. þm. sjái það eins og ég, að þetta ástand getur ekki varað, það er til skammar fyrir þjóðfélagið að láta það vera eins og það er.

Ég ætla svo, herra forseti, að láta þessari ræðu lokið, ég mun gera tilraun til þess að fá atkvgr. um till. frestað, þannig að hún bíði til 3. umr., og það geri ég í þeirri einlægu von, að hv. fjvn., hæstv. ríkisstj. og allir, sem hér eiga hlut að máli, vilji koma til móts við þessa litlu málaleitan.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt nokkrum öðrum framsóknarmönnum að flytja brtt. við 6. gr. Því miður er þessi brtt. ekki komin úr prentun, en það kemur kannske ekki að sök, því að þetta er ekki langt mál. Eins og ég sagði er það nýr liður við 6. gr., að greiða Framleiðnisjóði landbúnaðarins 20 millj. kr. Eins og hv. alþm. vita, þá fluttum við nokkrir framsóknarmenn hér fyrr á þinginu frv. um breytingu á framleiðnisjóðslögunum. Ástæðan var sú, að skv. lögunum átti greiðslan að falla niður nú fyrir árið 1970. Við vonuðum, að hæstv. ríkisstj. mundi taka þetta mál upp, ekki sízt vegna þess ástands, sem hefur skapazt nú í landbúnaðinum, m. a. af völdum þess tíðarfars, sem var á liðnu sumri. Þessi von hefur enn brugðizt, og vildum við því ekki láta það hjá líða að taka málið upp hér. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þessa till., því að það eru aðeins örfáir dagar síðan ég flutti þetta mál hér í þinginu og rakti þá ástæðurnar fyrir því að allverulegu leyti. Ég vil geta þess, að þetta var þá afgreitt til n., og n. er búin að vísa þessu máli til umsagnar ýmissa aðila, þannig stendur það.

Það voru fyrst og fremst tvö höfuðverkefni, sem fyrir okkur vakir að vinna að með þessari fjárveitingu, eins og kom fram í ræðu minni um daginn. Það er í fyrsta lagi að styrkja tilraunir með ýmsa heyverkun og reyna að fá samanburð á slíkum verkunum. Við sáum það, hversu illa bændastéttin er við slíku tíðarfari búin sem var s. l. sumar, og slíkt má ekki endurtaka sig. Það er ekki bændastéttin ein, sem hefur sína hagsmuni þarna, það er þjóðin öll, það eru hagsmunir þjóðarinnar allrar, að þessi mál verði leyst á sæmilegan hátt. Í öðru lagi þá vakir það fyrir okkur, að farið verði að gera eitthvað í því að endurbyggja og endurbæta sláturhúsin í landinu, það er mikil þörf á því.

Það var nú gleðilegt að heyra í hæstv. menntmrh. hér í gær, en hann er nú ekki hér viðstaddur, þannig að ég verð nú víst að fresta því að ræða við hann um landbúnaðarmálin, en það kom fram í hans ræðu, að hann var allt í einu farinn að eygja möguleika á því að flytja út landbúnaðarafurðir, og það má segja, að það séu mikil tímamörk hjá þessum manni, hæstv. menntmrh., að hann skuli vera farinn að eygja það. En þar sem hann er ekki hér viðstaddur, þá ætla ég nú ekki að ræða þessi mál í þetta sinn, heldur að reyna að geyma það þangað til hann verður viðstaddur.

Ég vonast til þess, að þessi till. okkar nái fram að ganga, ég veit, að hv. þm., hvar í flokki sem þeir standa, hljóta að viðurkenna þörfina á því, og í trausti þess, að fjvn. athugi málið, þá mun ég óska eftir því, að ekki verði greidd atkv. um till. við þessa umr., heldur verði því frestað til 3. umr. og till. verði athuguð á meðan og athugað, hvort hægt er að fá eitthvert samkomulag um afgreiðslu á henni í nefndinni.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég á nú heldur bágt með að tala hér fyrir þeim brtt., sem ég hef lagt hér fram og ekki er búið að útbýta enn þá, hefði nú eiginlega viljað fara fram á það við forseta að fresta því, að ég talaði fyrir þeim brtt., sem ég ætlaði eingöngu að tala hér fyrir, þar til þeim verður hér útbýtt. Ég óska því eftir að fá að taka til máls, þegar till. hefur verið útbýtt.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Það er hér einn liður í brtt. hv. fjvn., sem mig langaði til að víkja aðeins að. Hann er lítill og lætur ekki mikið yfir sér, á bls. 6,

merktur o, nýr liður 55 til íslenzks dýrasafns 50 þús. kr. Mér er kunnugt um tilefni þessa. Það er Vopnfirðingur, Kristján Jósefsson frá Síreksstöðum, einhleypur maður, sem hefur fengið áhuga fyrir því að koma upp safni yfir öll íslenzk dýr. Hann er kominn þarna nokkuð áleiðis með þetta starf, og einmitt um þessar mundir mun vera opin, a. m. k. á sunnudögum, sýning á þessu safni hér úti í Miðbæjarbarnaskólanum. En þetta er allkostnaðarsamt fyrir hann. Hann er einhleypur maður og hefur varið sínum tekjum núna um tveggja til þriggja ára skeið algerlega í þetta áhugamál sitt, og í raun og veru gengið þar mikið lengra heldur en það. Ég vil aðeins nefna það svona til upplýsingar um þann kostnað, sem af þessu leiðir, að á sýningunni er uppstoppuð hryssa með folaldi, og mér er sagt, að hún hafi kostað um 90 þús. kr., þessi eini gripur. Þetta er gips og þess vegna mjög varanlegt. Á því má sjá, að þarna eru talsverðir fjármunir lagðir fram. Nú kann að vera, að menn greini eitthvað á um þetta eða telji misjafnlega mikla skynsemi í þessu, en ég hef nú séð þetta safn og það hefur haft þau áhrif á mig, að mér er allmikið áhugamál, að það væri komið svolítið betur til móts við hann en með þessum 50 þús. kr. Ég flyt ekki neina till., en mig langar aðeins til þess að beina því til hv. fjvn. við þessa umr., að hún tæki þessa till. aftur og athugaði svolítið nánar á milli umr., hvort það væri ekki hægt að hækka þetta eitthvað ofurlítið.

Ég vil bæta þessu við með þennan Kristján Jósefsson. Hann er algerlega ómenntaður nema barnaskólamenntaður, og er þess vegna algert náttúrubarn, og ég álít, að þessi starfsemi sé eiginlega mjög virðingarverð og ástæða til þess að hlynna að þessari viðleitni Kristjáns. Nú býst ég við, að hann fái nokkurn stuðning út úr þessum sýningum, en eins og ég nefndi með kostnaðinn af því að koma upp t.d. aðeins hryssu með folaldi, þá má mönnum vera það ljóst, að hann leggur í þetta allmikla fjármuni. Ég held, að það sé ætlun hans að ánafna þetta safn, þegar hann er búinn að koma því á stofn, annaðhvort ríkinu eða þá Reykjavíkurborg, sem sagt að koma því í þá vörzlu, að það geti orðið til gagns um langa framtíð, m.a. til upplýsingar og kannske nothæft við kennslu. Ég held, að þetta sé þess virði, að það væri athugað, hvort það væri ekki hægt að koma svolítið betur þarna til stuðnings.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vildi gera hér grein fyrir nokkrum brtt., sem ég stend að að flytja hér við fjárl. Það er í fyrsta lagi nokkrar brtt., sem við flytjum hér þm. úr Austurlandskjördæmi. Ásamt mér eru flm. að þeim till. Páll Þorsteinsson, Vilhjálmur Hjálmarsson og Eysteinn Jónsson.

Þessar till. okkar eru í fyrsta lagi um, að tekinn verði upp nýr liður til skólabygginga, fjárveiting til gagnfræðaskólabyggingar í Neskaupstað, en þar er um að ræða 2. áfanga, og varið verði í því skyni 2.5 millj. kr. Þessu máli er þannig varið, að alllangt er síðan gert var ráð fyrir því að leggja í 2. áfanga byggingar við gagnfræðaskólann í Neskaupstað. Tvívegis áður hefur verið veitt í þessu skyni nokkurt fé á fjárl., eða ½ millj. kr. í hvort skipti, en í bæði skiptin var fjárveitingin bundin við það að vera til undirbúnings, en ekki var um að ræða heimild til þess að hefja framkvæmdir. Nú var þess enn óskað, að hægt væri nú að fá leyfi til þess að hefja framkvæmdir við þennan áfanga, en í till. fjvn. er ekki gert ráð fyrir því að veita þá heimild enn. Enn er gert ráð fyrir því að veita til gagnfræðaskólabyggingarinnar í Neskaupstað undirbúningsfjárveitingu í þriðja sinn, en það tel ég og við, sem að þessari till. stöndum, aldeilis ófullnægjandi, þar sem skólinn er þannig fullsetinn og tvísett í skólann og fyrirsjáanlegt á næsta vetri, að þá verður skólinn vegna fjölmennis að leita í annað húsnæði. Og þá er hart að geta ekki fengið leyfi til þess að byrja á 2. áfanga þessarar byggingar. Við vonum það, að við nánari athugun gæti fengizt samkomulag um að taka upp þessa fjárveitingu.

Í öðru lagi flytjum við, þessir sömu menn, till. um það, að á þeim lið í till. fjvn., sem gerir ráð fyrir áframhaldandi fjárveitingu til gagnfræðaskólans í Neskaupstað sem undirbúningsfjárveitingu, en það eru 400 þús., þar verði aðeins um orðalagsbreytingu að ræða, fjárveitingin haldi áfram, en við liðinn komi aths. um að þarna sé um byrjunarfjárveitingu að ræða til heimavistarbyggingar við skólann, en heimavist hefur þegar verið sett á stofn við skólann, að vísu í leiguhúsnæði, en með þessu yrði veitt samþykki til þess, að þarna yrði byggð heimavist við skólann, þegar nægileg fjárveiting lægi fyrir.

Í þriðja lagi flytjum við sömu þm. till. um það, að tekin verði upp fjárveiting til sundlaugarbyggingar við barnaskólann á Reyðarfirði, 1 millj. kr., og þá gert ráð fyrir því, að um framkvæmdaheimild verði að ræða.

Og í fjórða lagi flytjum við till. um það, að tekinn verði upp nýr liður til barnaskólabyggingar á Búðum í Fáskrúðsfirði og þar verði einnig um framkvæmdaheimild að ræða, 2 millj. kr. En ástandið í skólamálum á Búðum í Fáskrúðsfirði er þannig, að það er orðin brýn þörf á því að hefjast handa um byggingu skólahúsnæðis, og heimamenn þar hafa lagt mikla áherzlu á það að fá leyfi til þess að hefja þessa byggingu.

Þá flytjum við sömu þm. till. um það, að veitt verði til Sambands austfirzkra kvenna 50 þús. kr., og er það til samræmis við hliðstæða fjárveitingu, sem ætluð er í till. fjvn. til Sambands norðlenzkra kvenna. En Samband austfirzkra kvenna hefur starfað af miklum dugnaði og okkur þykir full ástæða til þess, að ef teknar eru upp fjárveitingar á annað borð til fjórðungssambanda kvenna, þá fái Samband austfirzkra kvenna hliðstæða viðurkenningu eins og Samband norðlenzkra kvenna.

Og í sjötta lagi flytjum við svo till. um það, að veitt verði fé til hafnarmannvirkja í Borgarfirði eystra, 4 millj. 650 þús. kr., en það er til samræmis við hafnaráætlun þá, sem fyrir liggur og fjárveitingar eru almennt miðaðar við, en mikil þörf er á í Borgarfirði að ráðast í þessa framkvæmd, og heimamenn hafa tengt miklar vonir við það, að staðið yrði við þessa hafnalagaáætlun. Okkur þykir því ástæða til að koma fram með till. um það, að veitt verði fé til þessara framkvæmda í samræmi við það, sem gert hafði verið ráð fyrir í hafnaáætluninni.

Þá flyt ég hér nokkrar aðrar till. með ýmsum öðrum þm., m.a. flyt ég hér þrjár till. með Steingrími Pálssyni og Jónasi Árnasyni. Fyrsta till. er um það að hækka rekstrarstyrki til sjómannaheimila úr 50 þús. kr. í 500 þús. kr. Ég hef flutt hliðstæða till. hér á undanförnum

þingum. Ég tel, að þessi fjárveiting sé allt of lág til þess að mæta fyrirliggjandi óskum og það sé full sanngirni í því að hækka þessa fjárveitingu.

Í öðru lagi leggjum við til, að hækkuð verði fjárveiting til humar- og rækjuleitar úr 1 millj. 822 þús. í 2 millj. 822 þús. kr. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um þessa till. Ég veit, að mörgum þm. er það vel ljóst, að mikið hefur verið leitað eftir því víða, að rækilegri leit færi fram á möguleikum til bæði humar- og rækjuveiða við landið en gert hefur verið, og okkur sýnist full þörf á því að hækka þessa fjárveitingu um 1 millj. kr.

Í þriðja lagi leggjum við til, að liðurinn fiskileit og veiðarfæratilraunir verði hækkaður úr 775 þús. kr. í 3 millj. 775 þús., eða um 3 millj. kr. Þessi liður er beinlínis lækkaður á fjárl., og það mun vera gert með þeirri skýringu, að þegar rannsóknaskipið Bjarni Sæmundsson kemur í notkun sé eðlilegt, að þessi liður lækki nokkuð, til fiskileitar og veiðarfæratilrauna, því þessi starfsemi mun að nokkru leyti færast yfir á rekstur skipsins. Ég álít og við flm., að ekki eigi að lækka þennan lið, það sé þvert á móti þörf á því að hækka hann og störf rannsóknaskipsins Bjarna Sæmundssonar eigi að miðast við annað en beina fiskileit, og að ég tali nú ekki um veiðarfæratilraunir. Það eigi að vinnast með öðrum hætti og það eigi ekki að draga úr þessum rekstri, heldur eigi að auka hér verulega við frá því, sem verið hefur.

Þá flyt ég hér eina till. enn með sömu þm. um það, að tekinn verði upp nýr liður til stuðnings við fullvinnslu á sjávarafla, og liðurinn orðist þannig: „Til stuðnings við niðursuðu- og niðurlagningariðnað og aðra fullvinnslu sjávarafurða til útflutnings 50 millj. kr.“ Þessi till. er í fullu samræmi við till., sem við höfum flutt hér áður, Alþb.-menn, um það, að við teljum brýna þörf á því, að frá ríkisvaldsins hálfu komi verulegur stuðningur fram, til þess að unnt sé að byggja hér upp nútíma fiskiðnað, þar sem um er að ræða fullvinnslu á ýmsum afurðum sjávarútvegsins, og við álítum, að það ætti að taka upp á fjárl. fjárveitingu sem þessa, sem síðan yrði ráðstafað á sem heppilegastan hátt, en það teldi ég, að gæti sérstaklega komið fram í því að ráða til lengri eða skemmri tíma sérfræðinga, sem gætu leiðbeint við uppbyggingu í þessari iðngrein og að einhverju leyti til markaðsöflunar.

Þá flyt ég hér till. ásamt Sigurði Grétari Guðmundssyni og Jónasi Árnasyni um nokkra hækkun á fjárveitingu til Íþróttasjóðs, eða úr 5 millj. kr. í 10 millj. kr. Hér er um að ræða sams konar till. og ég hef staðið að að flytja nokkur undanfarin ár. Ég veit, að allir hv. þm. gera sér fulla grein fyrir því, að Íþróttasjóður er í miklum fjárskorti eða býr við fjárskort, og hann þarf á miklu meiri fjárveitingu að halda heldur en honum er ætluð á fjárlagafrv., ef hann á að geta sinnt sínu verkefni.

Þá flyt ég hér tvær till. með þeim Steingrími Pálssyni og Jónasi Árnasyni, um hækkun á fjárveitingum til Félagsheimilasjóðs úr 9 millj. kr. í 15 millj. kr. og hækkun á framlagi til sumardvalarheimila og dagheimila úr 900 þús. kr. í 2 millj. kr. Það þarf heldur ekki að fara mörgum orðum um þessar till. Ég veit, að öllum þm. er ljóst, að hér er um mikið nauðsynjamál að ræða, og fyllilega þess virði, að lagt sé fram meira fé en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. í þessu skyni.

Þá flytjum við Sigurður Grétar Guðmundsson hér tvær till. varðandi byggingarmál. Önnur er um það, að fjárveiting til Byggingarsjóðs verkamanna verði hækkuð úr 15.1 millj. kr. í 30.1 millj. kr., en hin er um það, að fjárveiting til útrýmingar heilsuspillandi íbúða hækki úr 18 millj. kr. í 30 millj. kr. Á því er enginn vafi, að það er brýn þörf á því, að ríkið leggi Byggingarsjóði verkamanna til meira starfsfé en verið hefur um skeið, því að það má segja nánast, að þetta byggingarkerfi hafi verið óvirkt að mestu að undanförnu sökum fjárskorts, og það er í rauninni alveg óviðunandi. Og það er það sama að segja um liðinn til útrýmingar heilsuspillandi íbúða. Þar hefur verið um ónóga fjárveitingu að ræða, til þess að hægt væri að sinna fyrirliggjandi beiðnum, en það er vitanlega sjálfsagt að reyna að vinna að því af fullum krafti að losna við þessar heilsuspillandi íbúðir.

Ég hygg þá, að ég hafi gert hér grein fyrir öllum þeim till., sem ég er flm. að eða stend með öðrum að flutningi að, og vænti þess, að þessar till. nái fram að ganga.

Frsm. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það eru nokkur atriði, sem ég vildi gera að umtalsefni úr ræðu hæstv. fjmrh., sem hann flutti hér áðan, þó að þau verði ekki mörg. Hæstv. ráðh. minntist á það, að eitt af því, sem ég hefði haldið fram í mínum ræðum í sambandi við fjárlög, væri hlutfall verklegra framkvæmda, hversu mjög það hefði rýrnað á hinum síðari árum, og benti ráðh. á máli sínu til stuðnings, að ekki væri hægt að gera ráð fyrir því, að alltaf væri sama hlutfall til hvers málaflokks í fjárl. frá ári til árs. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh. Það er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að sama hlutfall verði til hvers málaflokks frá ári til árs, en hins vegar, þegar um svo marga og stóra málaflokka er að ræða eins og verklegar framkvæmdir, þá er það áhugamál þm. yfirleitt, að þetta hlutfall haldist nokkuð. Og ég hygg, að það hafi yfirleitt gert það í íslenzkum fjárl., því að í okkar landi hefur uppbyggingin verið svo mikið atriði í þjóðfélaginu. Það hefur alltaf verið brennandi áhugi þm. fyrir því, að það hlutfall héldist. Ég vil líka benda á það í því sambandi, að einmitt núna á þessu tímabili, sem ég hef oft gert að umtalsefni, hafa sumir framkvæmdaflokkar, eins og vegirnir, alveg fengið sérstaka tekjustofna, sem ekki voru til staðar áður og einmitt hafa áhrif á það, sem við hæstv. fjmrh. erum að deila um. Hins vegar er það rétt hjá hæstv. ráðh., að það hefur ekki raunhæfa þýðingu, þó að við deilum um þetta ár eftir ár, sem við gerum, en hitt held ég samt, að með því að halda þeirri gagnrýni uppi, þá hafi þó nokkuð áunnizt um þessar framkvæmdir, og ég get endurtekið það, sem ég sagði hér í fyrri ræðu minni, að mér finnst, að fjvn. hafi staðið fastar í ístaðinu um framkvæmdafé nú heldur en áður hefur verið, og ég met það að verðleikum og þakka það, eins og ég sagði í ræðu minni hér í dag.

Þá vék hæstv. ráðh. að sparnaðarmálunum, sem ég ræddi að vísu lítið um, og því, sem ég vék að í sparnaðarlögunum frá 1968. Ég minnist þess ekki, að það kæmi fram í minni ræðu í sambandi við tal mitt um sparnað, að ég talaði um sukk. Það er ekki við mig að sakast, þótt hæstv. ráðh. sé að gera mér upp þau orð, að ég tali um sukk, þegar ég bendi á veilur, sem eru í

sambandi við fjárl. Það, sem ég fyrst og fremst var að gagnrýna í dag, var það sama og ég gagnrýndi 1968. Ég hélt því fram þá, að sparnaðarlögin frá 1968 væru óraunhæf. Sparnaðartill. mundu ekki skila sér að öðru leyti en því, er varðaði þá gjaldstofna, sem voru felldir til framkvæmda eins og menntaskólanna, sjúkrahúsanna, sem ég nefndi í dag, og öðrum þeim var mætt með lánum, og svo var reytt saman eins og 1 millj. í Kennaraskólann, sem voru felldar niður. Hitt hefur sýnt sig, að hin áætlunin stóðst ekki. Um það þurfum við ekkert að deila. Ég er ekki að halda því fram, að það hafi verið sukk eða þess háttar, heldur held ég hinu fram, að þessi áætlun hafi verið óraunhæf. Það lá í augum uppi, að sá sparðatíningur, sem þá var gerður, mundi ekki skila sér, og það hefur sannazt. Ég get líka sagt það, að *ég er nú alveg viss um það, að þegar* embætti eins og smásýslumannsembætti fara um 50% fram úr áætlun fjárlaga á einu ári, þá er eitthvað að, annaðhvort í aðhaldi eða undirbúningi. Ég tel mig þekkja til sumra þessara embætta, að það hafi ekkert komið þar upp, sem breytti þessu dæmi, svo að það þurfi að vera eins og þar sýnir sig.

Ég skal ekki vera að þreyta menn með því að tala um sýslumannsembættið í Hafnarfirði, sem hæstv. ráðh. hélt, að ég væri búinn að fá á heilann. Ég hugga hann með því, að það hefur a. m. k. ekki verkað mikið á mitt heilabú. Ég veit, að þetta er skýranlegt, að embættiskostnaður hafi hækkað um 166% á þrem árum og hann fari nærri 2 millj. fram úr áætlun á þessu ári. Þetta er allt skýranlegt, mér dettur ekki annað í hug. En hitt er annað mál, hvort hefði verið hægt að koma þessu við á ódýrari hátt. Mér finnst, að a. m. k. hafi verið þrengt mikið að þeim, sem á undan var, fyrst breytingin þurfti að vera svona ör og mikil.

Út af þessum sparnaði talaði hæstv. ráðh. um það, að hann væri nú orðinn leiður á þessu. En áður en ég vík að því ætla ég að víkja að því, sem hann sagði um dómgæzluna, kostnaðinn við hina almennu dómgæzlu, sem fór verulega fram úr áætlun. Ég minnist þess, að einmitt í umr. um þetta mál 1968 hélt ég því fram eða dró það í efa, að það væri hægt að draga úr löggæzlunni einmitt það ár, sem hægri umferðin var upp tekin. Það voru mín orð þá, að mér sýndist, að þessi áætlun væri óraunhæf. Það, sem ég var svo að gera í dag, var að benda á það, að það hefði sýnzt vera óraunhæft. En ég get vel tekið undir það með hæstv. ráðh., að það mátti einmitt gera ráð fyrir meiri kostnaði það árið vegna breytingarinnar yfir í hægri umferð. En út af því, sem hæstv. ráðh. sagði um þetta tal mitt um sparnað og þess háttar, þá er ég alveg sannfærður um það og þori að ganga undir athugun á því máli, að ég hef aldrei náð því að halda hér eins mikla sparnaðarræðu og hæstv. ráðh. hefur gert. Ég hef aldrei komið með eins margar ábendingar í 10 ára stjórnarandstöðu, þar sem ég hef talað fyrir hönd minni hl. fjvn., ég hef aldrei komið með aðra eins upptalningu á sparnaðarfyrirheitum eins og hæstv. fyrirrennari hans í fjmrh.-embættinu og hæstv. ráðh. sjálfur, þá formaður fjvn., gerði í upphafi viðreisnar. Og ég minnist þess líka frá mínum fyrstu árum hér, að hæstv. núv. fjmrh. taldi, að fyrirrennara hans, sem þá var fjmrh., hv. 1. þm. Austf., skorti ekkert nema viðsýni og kjark til þess að koma sparnaði í framkvæmd, það þyrfti ekki annað. Þetta voru sterkari orð heldur en ég hef notað. Ég hef aldrei haldið fram eins miklu sparnaðartali eins og hæstv. ráðh. og hans samherjar gerðu í upphafi valdatímabilsins og áður en það byrjaði. Ég hef hins vegar haldið því fram, að til þess að það væri hægt að ná sparnaði í ríkisrekstrinum yrði að gera skipulagsbreytingar, og það held ég, að sé hægt að gera, en það þarf að vinna þær skipulega upp, og það yrði ekki gert nema með fækkun á stofnunum og öðru slíku.

Þá vék hæstv. ráðh. að störfum okkar í undirnefnd fjvn. Um þau störf verð ég að segja það, að ég held, að við í stjórnarandstöðunni höfum gert lítið af því að reyna að hagnýta þau nokkuð til pólitísks framdráttar. Og ég veit ekki annað en að ég hafi lagt það af mörkum *til starfa í þeirri n., sem ætlazt hefur verið til af mér,* og hafi ekki hikað neitt við að taka ákvörðun með meiri hl. um breytingar, sem mér var fullkomlega ljóst, að áttu óvinsældum að fagna og ég hef orðið fyrir og er einnig ljóst, að hæstv. ríkisstj. reyndi að hagnýta sér sem sitt mál. Þetta vildi ég segja um þetta, og ég hef orðið dálítið hissa á því, að hæstv. fjmrh. hefur verið að nota þessi störf til þess að vera með hnútukast eins og þetta. Svo var einnig með grein, er birtist í Morgunblaðinu í sumar, sem ég sá ekki nokkurt tilefni til. Í sambandi við þetta mál vil ég minna hv. alþm. á það, að hér í fyrrahaust, það mun hafa verið í nóvember, var hér til umr. fsp. til hæstv. fjmrh. frá hv. þm. Jóni Ármanni Héðinssyni, hv. 5. landsk. þm., þar sem hann spurði, hvernig liði málinu um bílarekstur ríkisins, þ. e. forstjórabílana. Þið munið það allir, hv. þm., að þetta mál kom hér inn á dagskrá út af fsp., sem við fulltrúar Framsfl. í fjvn. fluttum og hv. þm. Ingvar Gíslason var 1. flm. að. Það er ekki fyrr en eftir að þeirri fsp. var svarað og þær umr., sem þá fóru fram hér á hv. Alþ., sem fór að ganga í því máli. Það er staðreynd. Það er alveg sama, þótt hæstv. fjmrh. hristi höfuðið, þetta er staðreynd. Og þegar hæstv. fjmrh. talaði hér í fyrra og svaraði hv. þm. Jóni Ármanni Héðinssyni, þá hafði hann ekki tilbúnar till. og þá talaði hann ekki um það, sem síðar hefur svo orðið, að taka bílana af forstjórunum. Í nál. okkar í fjvn. fyrir jólin í fyrrahaust lýstum við því afdráttarlaust yfir, að við mundum vilja standa að því. Síðan hefur málið náð fram að ganga.

Ég hafði ekki hugsað mér að fara að gera að umræðuefni störf okkar í undirnefnd, þó að hæstv. ráðh. hafi hvað eftir annað gefið tilefni til þess. En ég lít svo á, að við þurfum að starfa að þessum málum, ná samstöðu um þau, og í málum jafnviðkvæmum og þessum erum við í stjórnarandstöðunni ekki að hika við að taka á okkur vandann. En ég kann ekki almennilega við það, að svo sé hæstv. fjmrh. alltaf með þetta: Þið eruð ekki með púðrið. Ég lít svo á störf okkar í undirnefnd fjvn., að forystan hljóti að vera þar frá ríkisstj. og hennar mönnum. Og frá þeim hefur verið lagt fyrir okkur verkefni, sem við höfum unnið að, s. s. lögreglumálin. Við unnum að þeim í sumar og það er sem sé meginþáttur þess starfs að fá samstöðu um þau verkefni, sem ríkisstj. m. a. er að vinna að til lausnar á betra skipulagi og sparnaði. Þannig hef ég litið á þetta. Ég vil endurtaka það, að ég kann ekki við annað, ég lít ekki þannig á það, að það eigi að vera okkar hlutverk í þeirri nefnd að

hafa þar forystu. Við höfum ekki hagað þannig vinnubrögðum og ég tel ekki, að við eigum að gera það. Við eigum hins vegar að starfa að þessum málum eins og fyrir okkur er lagt, og ég tel, að við höfum gert það.

Svo vék hæstv. ráðh. að atvinnumálunum og till. okkar þar um. Hann taldi, að þær væru ekki tímabærar og ekki þörf á þeim. Var ekki það sama sagt í fyrra? Þær voru ekki tímabærar eða þörf á þeim þá. En hver var reyndin? Staðreyndin er þessi, að það er enn þá atvinnuleysi í landinu. Og staðreyndin er sú, að það er vaxandi. Staðreyndin er líka sú, að það hljóta að verða gerðar ráðstafanir til þess að draga úr atvinnuleysinu og losna við það. Allt annað er svo fjarlægt, að það getur ekki verið, að hæstv. ríkisstj. láti sér detta í hug, að öðru vísi verði að málinu unnið. Þess vegna er það, að það vantar enn þá fjármagn. Það vantar fjármagn til þess að leysa úr atvinnumálum. Það vitum við hæstv. ráðh. Hitt er svo annað mál, að það hefur verið stefna hæstv. ríkisstj. að vinna ekki að lausn þessa máls þannig að afgreiða það hér í þinginu. Hún hefur verið vön að semja um þetta úti í bæ og koma svo með það í þingið á eftir. Og auðvitað gerir hún það alveg eins nú, en þörfin fyrir þessa fjármuni er til staðar og auðvitað verður á vegum ríkisins leitað eftir því að ná til þeirra.

Þá er það um togarakaupin. Mér er það vel ljóst, að þetta með togarana er vandamál. Ef togaraútgerð hefði gengið vel hér á Íslandi, og það hefði verið mikill hagur af því að reka togara, þá hefði einkafjármagn ekki látið standa á sér. Þetta vitum við báðir, hæstv. ráðh. og ég. Og vandamálið væri ekki til staðar, ef togaraútgerðin hefði gengið svo vel, að það væri verulegur hagnaður af því að reka þessa togara. En vandamálið er vegna þess, að það hefur ekki gengið þannig, að það hafi verið verulegur hagnaður af því. Hitt er annað mál, að íslenzka þjóðin að minni hyggju getur ekki látið sér til hugar koma að hætta við togaraútgerð. M. a. er ástæðan til þess, hvað þetta gengur illa, sú, að við höfum ekki endurnýjað flotann. Hann er orðinn gamall og úreltur. Aðrar þjóðir hafa byggt sína togara og miða þá við nútímakröfur og nútímatækni. Það gæti orðið til þess, að það væri hægt að reka þá. Við vitum það líka, að vegna stórfelldra gengisbreytinga, sem hafa gengið hér yfir ár eftir ár, er stofnkostnaðurinn við togarakaup geysilegar fjárhæðir. Þetta gerir það að verkum, að hér er um vandamál að ræða, og ég trúi því ekki, að hæstv. fjmrh. telji, að það eigi að hætta við togaraútgerð á Íslandi. Eins og nú er, virðist ekki vera áhugi fyrir því, ekki til fjármagn hjá einkaframtakinu eða félögunum í landinu, sem að atvinnurekstri standa, og þess vegna er það okkar skoðun og okkar till., að ríkisvaldið verði að koma til til þess að fjarlægja þetta vandamál og komast yfir þá erfiðleika, sem nú eru, aðstoða við að komast yfir þá erfiðleika, sem nú eru til staðar með þessi miklu atvinnutæki okkar sem togararnir eru.

Þá sagði hæstv. ráðh., að þessi gagnrýni okkar væri þreytandi og leiðinleg, og því getur maður nú gert ráð fyrir, að svo sé. Hitt er annað mál, að það er nú svo með þátttökuna í stjórnmálunum, að þingræðið byggist á því, að stjórnarandstaðan haldi uppi gagnrýni, og við verðum líka að sætta okkur við það í stjórnarandstöðu, að það sé ekki alltaf gert mikið með það, sem við leggjum til. Það er kallað óraunhæft ábyrgðarleysi og annað því um líkt. Þetta heyrum við svo af hendi þeirra, sem ráða í landinu, og þeir verða því að sætta sig við það, að við höfum ýmislegt við þeirra störf að athuga. Nú skal ég ekki fara að þreyta þm. miklu lengur eða halda þessari ræðu miklu lengur áfram en orðið er. En vegna þess að hæstv. ráðh. talar um leiðinlega gagnrýni, þá vil ég samt bæta því við, hvað sem menn kunna um það að segja, að staðreyndin er sú, að fjárlög hafa hækkað á þessu tímabili með miklu meiri hraða og stórfelldari en nokkru sinni fyrr. Þetta tímabil hefur gefið miklu meiri umframtekjur heldur en nokkur önnur ríkisstj. hefur búið við. Verklegar framkvæmdir, sem áður voru fjármagnaðar með samtímatekjum, hafa nú að verulegu leyti verið gerðar með lánsfé. Framtíðin verður að borga bæði framkvæmdina og gengistöpin á lánunum. Ofan á þetta bætist svo það, að ríkissjóður hefur verið rekinn með halla ár eftir ár, og hann er nú í verulegum fjárhagsþrengingum. Þetta er staðreynd. Svo geta menn haldið því fram, ef þá langar til, að það sé ekki ástæða fyrir stjórnarandstöðu að gagnrýna það, að svona hafi farið um fjármál ríkisins á mestu góðærum, sem yfir íslenzkt þjóðfélag hafa gengið.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Það voru aðeins nokkur atriði, sem ég tel mig þó verða að minnast á og leiðrétta. Í fyrsta lagi vildi ég segja það varðandi atvinnumálatill., sem hv. þm. gerði enn hér að umtalsefni og ég hafði sagt áðan, að væri ekki tímabær, að með því átti ég ekki við, að horfinn væri allur áhugi fyrir því að halda áfram því starfi að halda uppi fullri atvinnu í landinu. Það var gert samkomulag um það við stéttarfélögin í fyrra, að atvinnumálanefndirnar og atvinnumálanefnd ríkisins starfaði til tveggja ára, og það hefur verið fullur kraftur á því starfi, og að sjálfsögðu verður það að skoðast með hliðsjón af niðurstöðum þeirra aðila og nánara samkomulagi, hvað þörf verður að gera í þessum efnum. En á þessu stigi liggur ekkert fyrir um það, hvaða fjármagns verður þörf í því sambandi og hvort þarf að afla þess með þessum hætti eða má afla þess með öðrum hætti, og ég sé ekki, að Alþ. sé gerð nein óvirðing með því á nokkurn hátt, þó að till. um það kynni að koma fram síðar, ef þörf væri á. Það kom til kasta Alþ. á s. l. ári eða á árinu í ár að ákveða um það fé, sem aflað var þá til atvinnumálanefndanna, þó að það væri ekki beinlínis í sambandi við fjárlög, þannig að auðvitað segir ekki sú afstaða, sem ég lýsti á þessu stigi málsins, til um það eða gefur neina ábendingu í þá átt, að minni áhugi sé fyrir því en áður var nema síður sé að reyna með öllum ráðum að halda uppi atvinnu, en það, sem ég sagði og lagði ríkasta áherzlu á áðan og vil endurtaka, er það, að auðvitað er grundvallaratriðið það, að atvinnufyrirtækin geti haft þann starfsgrundvöll, að þau geti starfað með fullum þrótti, eins og hefur orðið reyndin á, þegar leið á árið, m. a. fyrir tilverknað atvinnumálanefndanna og ýmsa aðstoð ríkisstj. eftir öðrum leiðum, og það vitanlega veltur þar af leiðandi mest á því, hvernig verður um það efni nú á næstu mánuðum.

Varðandi það, að fjárlög hafi hækkað með meiri hraða en áður hefur þekkzt, þá benti ég á það áðan og

skal ekki fara að endurtaka það, að þetta er ekki rétt. Þau hafa ekki hækkað með meiri hraða. Tölurnar eru að vísu stærri og krónurnar fleiri, en á árunum 1950–1960 hafa fjárlög hækkað mjög svipað og ekki minna frá ári til árs. Það skiptir ekki meginmáli, eins og ég sagði, að vera að karpa um þetta, en þetta er nú einu sinni svo, og þegar hv. þm., sem er talnaglöggur maður, skoðar það, þá mun hann komast að raun um, að sú er reyndin.

Varðandi þreytandi og leiðinlega gagnrýni, þá vil ég ekki, að það misskiljist, sem ég átti við með orðum mínum um það hér áðan. Auðvitað dettur mér ekki annað í hug en það sé bæði réttur og skylda stjórnarandstæðinga að gagnrýna. Og eðlilegt er, að maður eins og hv. 3. þm. Vesturl., sem er mjög fróður maður af langri reynslu um fjármál ríkisins, komi fram með ýmsar skoðanir og gagnrýni. En það, sem ég átti við, var það, að mér finnst það þreytandi og leiðinlegt að þurfa sífellt að vera að karpa um atriði, sem eru svo fjarstæð öllu sennilegu og eru ekki nein venjuleg gagnrýni, heldur fullyrðingar algerlega út í hött, eins og að segja það í nál., að hægt sé með skynsamlegri stjórnarstefnu, eins og það er orðað, að útvega jafnvel milljarða króna í viðbót í tekjur fyrir ríkið, án þess að það þurfi þá að koma fram sem nýjar álögur á þjóðina. Svo átti ég einnig við, að ósköp er þreytandi að hlusta á tal um það, að hægt sé að spara og hægt sé að spara í stórum stíl, án þess að það komi þá fram hugmyndir í þá átt. Ég vil taka það skýrt fram, svo að það valdi engum misskilningi, enda held ég, að ég hafi sagt það í ræðum mínum að undanförnu, að ég tel, að samvinna við undirnefnd fjvn. hefði verið góð og n. hefði lagt sig fram í sínu starfi. En það er auðvitað ekki hægt að ætlast til þess, þó að það sé sjálfsagt, að rn. hafi forystu um tillögugerð, að ekki komi till. einnig úr öðrum áttum og þá frá öðrum nm., ef þeim finnst ástæða til. En að sjálfsögðu er það rétt hjá hv. þm., að það er skylda rn. að leggja málefni fyrir n., og það held ég, að hafi verið gert óspart, eftir því sem tilefni hafi gefizt til, og eins og ég sagði, þá vill svo vel til, að báðir undirnefndarmenn úr stjórnarandstöðuliðinu eru mjög reyndir menn í fjármálum og þekkja þar vel til, þannig að þeim ætti að vera það mjög innan handar að koma með ábendingar í þessa átt.

Ég vil taka það skýrt fram, að það hefur aldrei verið að fyrra bragði, að ég hafi farið að reyna að notfæra mér í málflutningi, að þessir hv. þm. væru í þessari n., og þess vegna farið að storka þeim með því, að þeir hafi ekki komið með till., heldur hefur það ætíð verið þannig, ef það hefur verið gert, og ég hef aðeins gert það af gefnu tilefni, að ég hef bent á, að hv. þm., – fyrst og fremst er það hv. 3. þm. Vesturl., sem hefur mest látið á því bera, – ættu þarna sæti og hefðu þarna allt árið um kring aðstöðu til þess að koma með sínar ábendingar, sem ég skal játa, að áður var mjög erfitt, meðan menn höfðu ekki lengri tíma en meðan fjvn. starfar að undirbúningi fjárl.

Þetta vildi ég aðeins, að kæmi fram, til þess að menn misskildu það ekki þannig, að ég ætlaði mér að nota þessa n. sem eitthvert skálkaskjól. Því fer víðs fjarri, og ég mæli mig ekki undan neinni ábyrgð, en ætlast þá líka til rökstuddra till. á móti frá þeim aðilum, sem gagnrýni halda uppi.

Um bílamálin langar mig aðeins til þess að segja það að lokum, að það er auðvitað algerlega út í hött hjá hv. þm., að fsp., sem hér var flutt í fyrra, hafi komið bílamálunum af stað. Ástæðan til þess, að ég gat svarað fsp. án nokkurs undirbúnings að segja mátti, var beinlínis sú, að það var búið að afla allra gagna um þetta mál. Og þegar hv. þm. og minni hl. fjvn. kom með þessa ábendingu í sínu þskj. í fyrra, nál. um bílamálin, þá voru þessar till. eða drög að þeim, að vísu með mismunandi úrræðum, búnar að liggja fyrir fjvn. í allmargar vikur til athugunar, þannig að það var alveg vitanlegt, hvaða skoðanir voru uppi í þessu efni. Hitt benti ég á, að þetta væri ekki einfalt mál og það skipti máli, að við reyndum að ná samstöðu um það. Sú samstaða hefur náðst og út af fyrir sig get ég látið mér það alveg í léttu rúmi liggja, þó að hv. 3. þm. Vesturl. eigni sér eða einhverjum fyrirspyrjanda hér í þingi, að eitthvað hafi gerzt í málinu. Það hefur fengizt niðurstaða í málinu og ég tel miklu skipta, að um það hefur orðið samstaða, þannig að það er höfuðatriði og kjarni þessa máls.

Ég sé svo hvorki ástæðu, herra forseti, til að lengja þessar umr. né hefja neinar orðahnippingar aftur við hv. þm., enda gaf hann ekki að öðru leyti neitt tilefni til þess í sinni ræðu.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Í sambandi við ummæli hæstv. fjmrh. í tilefni af því, sem ég sagði hér áðan um kaupmátt tryggingabóta annars vegar árið 1959 og hins vegar árið 1969, þá vildi ég aðeins taka það fram, að hann miðar samanburð sinn við vísitölu framfærslukostnaðar, en ég við raungildi bóta til kaupa á ákveðnum tilteknum vörutegundum, og þá ber okkur að sjálfsögðu ekki saman. Þá er spurningin sú, hvort er raunhæfari viðmiðunargrundvöllur gagnvart því fólki, sem hér er um að ræða. Það má t. d. vel vera, að fjölskyldubætur og ellilífeyrir hafi haldið mjög vel kaupmætti sínum gagnvart grammófónsplötum, myndavélum, dönskum tertubotnum eða öðrum eftirlætisvörum fólks, sem hefur úr meiri launum að spila en þarf til brýnustu neyzlu einnar saman, og ég efast reyndar ekkert um, að bæturnar hafa haldið verðgildi sínu gagnvart þessum vörum og ýmsum fleiri. En ég sýndi hins vegar fram á, að kaupmáttur tryggingabóta gagnvart nokkrum algengustu neyzluvörum, fiski, mjólk, smjörlíki, kartöflum, hveiti og kaffi, hefur hrapað alveg stórkostlega síðan 1959. Og fleiri slíkar vörur hefði mátt nefna.

Sú staðreynd sýnir, hvað hefur verið að gerast gagnvart bótaþegum. Ég tel það fjarri öllu lagi, að það geti talizt eðlilegt að miða mat á breytingum raungildis tryggingabóta við almenna framfærsluvísitölu, sem mun vera byggð á skiptingu útgjalda hjá fjölskyldu, sem hafði um 240 þús. kr. tekjur á árunum 1964 eða 1965, – ég man ekki nákvæmlega hvort árið þetta var. Þeir, sem hafa vilja til að viðhalda a. m. k. raunverulegum kaupmætti tryggingabóta og vilja ekki nota samanburð byggðan á almennri framfærsluvísitölu sem skálkaskjól til að minnka smátt og smátt bæturnar, hljóta fyrst og fremst að láta sig skipta kaupmátt bótanna gagnvart brýnustu neyzluvörum. Það eitt er raunhæft að meta kaupmátt bóta við kaup á þeim vör-

um, sem það fólk, sem hefur tryggingabætur einar að lifa á, kaupir. Því miður er þróunin óumdeilanlega sú, að raunverulegur kaupmáttur bótanna út frá þessu sjónarmiði hefur lækkað eins hrapallega eins og ég greindi áðan. Samanburður byggður á útgjöldum fjölskyldu með 20 þús. kr. mánaðartekjur á árinu 1964 eða 1965 er í rauninni út í hött. Það vona ég, að hæstv. ráðh. sjái. Menn mega ekki hengja sig í einhverja mælistiku, sem sé jafngild til að mæla alla hluti. Það getur orðið til þess, að svo fari, sem farið hefur í stjórnartíð viðreisnarstjórnarinnar, að þeir, sem verst eru settir í þjóðfélaginu, verði sífellt verr settir. Það er vissulega ástæða til að láta reikna út sérstaka vísitölu tryggingabóta, sem væri byggð á útgjaldaskiptingu bótaþega en ekki fólks, sem hefur að meðaltali 20 þús. kr. tekjur á mánuði. Eg vonast til þess, að þegar að því kemur, að tryggingabætur verða endurskoðaðar, hendi það ekki hæstv. fjmrh. eða aðra í mati á þörf bótaþega til hækkunar á bótum að miða við svo óraunhæfan matsgrundvöll á þróun kaupmáttar tryggingabóta sem vísitala framfærslukostnaðar hlýtur að vera í þessu sambandi.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Ég verð nú að láta í ljósi nokkurn harm vegna þess, að allur búningur fjárl. nú, fjárlagafrv., er með þeim hætti, að það er miklu minni þátttaka af þm. hálfu í afgreiðslu þeirra heldur en áður var, og auðvitað er þetta ekki búningurinn einn, heldur líka það, að búið er að færa mörg af þeim störfum, sem þm. eru kosnir til að inna af höndum sem fulltrúar fólksins víðs vegar á landinu, þetta er komið inn í embættismannakerfið hjá stjórnvöldunum og þaðan verður því ekki haggað og þm. eru komnir með nokkuð bitra reynslu af því, að þetta er allt saman svo fast í skorðum, að það er næsta lítil uppskera af því að reyna að koma hér fram till., sem falla utan við þetta kerfi. Þó kemur það öðru hverju fyrir, að svo augljós glöp hafa orðið á vinnubrögðum, að ekki verður hjá því komizt að freista þess að leiðrétta þau með brtt. Af því tilefni leyfi ég mér við afgreiðslu þessara fjárl. við þessa umr. að bera fram eina og aðeins eina till. Hún er þannig, að inn komi nýr liður í upptalningu þeirra nýrra skólabygginga, sem leyfðar verða á fjárlagaárinu 1970, en það er barnaskóli í Vestmannaeyjum, viðbygging við barnaskóla í Vestmannaeyjum. Bæjarstjórn Vestmannaeyja og fræðsluráð staðarins svo og fjölmargir áhugamenn um skólamál hafa unnið að því alllengi að koma því í kring, að þessi skóli fengi fjárveitingu og þar með leyfi til þess að á honum yrði byrjað. Það þarf ekki mörgum orðum um það að fara, að íbúatala Vestmannaeyja fer síhækkandi og barnafjöldinn eykst einnig. Sá húsakostur, sem barnaskólinn býr við og raunar gagnfræðaskólinn líka, er þegar orðinn allt of þröngur og gerðar hafa verið teikningar af viðbyggingu við barnaskólann og reyndar fyrr heldur en næsta árs fjárlög gefa tilefni til, þó að ekki hafi úr orðið. Þetta er ekki stór bygging. Hún er upp á 4 fullgildar kennslustofur og tvær minni, og áætlun á kostnaði við þetta er nú ekki nema rösklega 6 millj. kr., þannig að ríkið mundi verða útgjaldaskylt fyrir rúmum 3 millj., en sveitarfélagið stendur sjálft undir hinum helmingnum. Forráðamenn úr Vestmannaeyjum eru búnir að koma hingað og ræða við þm. og valdamenn í skólakerfi landsins og hafa alls staðar fengið góðar undirtektir, svo að ég hlýt að ætla það, að þessi fjárveiting, sem til þess arna þarf, sem mundi vera svona um 1.1 millj. kr., hafi frekar af vangá orðið eftir við þær fjárlagatill., sem hér hafa verið gerðar, heldur en hitt, að það sé raunverulega ætlunin að neita Vestmannaeyingum um þessa brýnu þörf. Ég verð að segja það fræðsluyfirvöldum og fjvn. til hróss, að þau hafa í mörgum atriðum tekið vel undir þær till., þegar augljóst var, að einhver verulegur áhugi var fyrir því að hefja framkvæmdir, enda þótt þær væru meira og minna erfiðar sökum þess, hve þær eru fjárfrekar. Þess vegna vil ég ekki að óreyndu ætla, að hér sé um stefnumið að ræða, þegar Vestmannaeyingum er neitað um viðbyggingu við barnaskóla sinn, heldur hafi hér orðið á mistök máske vegna þess, að samtímis hafa Vestmannaeyingar sótt um að fá að byggja sundlaug, sem þeir einnig þurfa, en reyndar er barnaskólaþörfin miklum mun brýnni. Sundlaugin er inni á fjárlagatill. frá fjvn., en skólinn því miður ekki, og þess vegna hef ég leyft mér að flytja hér till. um skólann í þeirri von, að hér fáist nauðsynleg leiðrétting.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 161, 162, 165, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 22. fundi í Sþ., 10. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 1, n. 144, 156 og 157, 145, 154, 155, 158, 161, 162, 165).

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 154,1–17.3. A. 9 samþ. með 48 shlj. atkv.
– 162,I. 1 tekin aftur.
– 154, 17. 3. A. 10 samþ. með 56 shlj. atkv.
– 165 tekin aftur.
– 154, 17. 3. A. 11–B. 3 samþ. með 56 shlj. atkv.
– 162, I. 2 tekin aftur.
– 154, 17.3. C. – 4.14 samþ. með 56 shlj. atkv.
– 162, I. 3 tekin aftur.
– 154, 17. 4. 15–21 samþ. með 57 shlj. atkv.
– 161, I felld með 31:13 atkv.
– 154, 22. a–b tekin aftur.
– 162, II. a tekin aftur.
– 154, 22. c tekin aftur.
– 162, II. b tekin aftur.
– 154, 22. d tekin aftur.
– 154, 23–24 samþ. með 53 shlj. atkv.
– 161, II felld með 31:24 atkv.
– 154, 25 samþ. með 51 shlj. atkv.
– 161, III felld með 31:16 atkv.
– 154, 26 a–n samþ. með 51 shlj. atkv.
– 154, 26. o tekin aftur.
– 154, 26. p–30 samþ. með 51 shlj. atkv.
– 161, IV felld með 31:20 atkv.
– 154, 31–33 samþ. með 55 shlj. atkv.
– 162, III tekin aftur.
– 161, V felld með 30:21 atkv.

– 154, 34–45 samþ. með 54 shlj. atkv.
– 154, 46 tekin aftur.
– 155, 1 felld með 32:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BFB, BJ, BP, EðS, EÁ, EystJ, GeirG, SGG, GíslG, HS, HV, IG, MHG, JSk, JónasÁ, KGuðj, LJós, MK, ÓlJ, PÞ, SE, SV, SP, VH, ÞÞ.

nei: AuA, AJ, BGr, BK, BBen, BGuðm, BrS, EggÞ, EmJ, FÞ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÞG, PJ, PS, SB, SI, StG, SvG, SvJ, BF.

Brtt. 154, 48–56 samþ. með 52 shlj. atkv.
– 162, IV felld með 31:16 atkv.
– 154, 57–66 samþ. með 52 shlj. atkv.
– 161, VI felld með 32:16 atkv.
– 154, 67–69 samþ. með 50 shlj. atkv.
– 161, VII. 1 felld með 32:20 atkv.
– 154, 70 samþ. með 55 shlj. atkv.
– 161, VII. 2 felld með 32:24 atkv.
– 154, 71–79 samþ. með 58 shlj. atkv.
– 145, 1 samþ. með 58 shlj. atkv.
– 154, 80. 1–22 samþ. með 56 shlj. atkv.
– 162, V tekin aftur.
– 154, 80. 23–32 samþ. með 53 shlj. atkv.
– 154, 81–88 samþ. með 53 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 154, 89–91 samþ. með 56 shlj. atkv.
– 158, II felld með 32:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, SGG, GíslG, HS, HV, IG, MHG, JSk, JónasÁ, KGuðj, LJós, MK, ÓlJ, PÞ, SE, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BFB, BJ, BP, EðS, EÁ, EystJ.

nei: GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÞG, PJ, PS, SB, SI, StG, SvG, SvJ, AuA, AJ, BGr, BK, BBen, BGuðm, BrS, EggÞ, EmJ, FÞ, BF.

Brtt. 154, 92–96 samþ. með 54 shlj. atkv.
– 158, I tekin aftur.
– 155, 2 felld með 32:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EðS, EÁ, EystJ, GeirG, SGG, GíslG, HS, HV, IG, MHG, JSk, JónasÁ, KGuðj, LJós, MK, ÓlJ, PÞ, SE, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BFB, BJ, BP.

nei: BrS, EggÞ, EmJ, FÞ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÞG, PJ, PS, SB, SI, StG, SvG, SvJ, AuA, AJ, BGr, BK, BBen, BGuðm, BF.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Þar sem ég veit ekki betur en væntanlegar séu till. frá ríkisstj. varðandi auknar lífeyrisgreiðslur og þær till. komi til 3. umr. og séu að sumu leyti kannske hagkvæmari heldur en það, sem hér er lagt til, þá segi ég nei.

Brtt. 161, VIII felld með 31:19 atkv.
– 154, 97 samþ. með 55 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 154, 98–99 samþ. með 55 shlj. atkv.
– 145, 2 samþ. með 50 shlj. atkv.
– 154, 100. o tekin aftur.
– 154, 100. a–n, p–r samþ. með 55 shlj. atkv.
– 155, 3 felld með 32:27 atkv.
– 162, VI tekin aftur.
6. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Sþ., 16. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 172, 176, 177, 185).

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Fjvn. hefur milli umr. tekið til nánari athugunar og afgreiðslu nokkur erindi, sem n. hafði ekki að fullu lokið athugun sinni á fyrir 2. umr. málsins. Þá hefur nú verið lokið við að gera hér grein fyrir þeim breytingum, sem verða á tekjubálki frv., en það er bein afleiðing í sambandi við hækkun söluskattsins, eins og nú er gert ráð fyrir, en það er hækkun úr 7½% í 11%. Nemur sú hækkun, sem af þessu leiðir, alls um 760 millj. kr., en þar frá dregst hluti sveitarfélaga, sem rennur í Jöfnunarsjóð, en hann er 8% af söluskattsupphæðinni, og verður þá nettóhækkun til ríkissjóðs um 700 millj. kr. Hins vegar er gert ráð fyrir, að fyrirhuguð lækkun á aðflutningsgjöldum muni fela í sér lækkun á tekjum, sem nemur 377.5 millj. kr. Þar af lækka greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um 19.5 millj., þannig að nettólækkun á tekjum ríkissjóðs vegna þessa verður um 360 millj. kr. En auk þess er lagt til, að liðurinn innflutningsgjald af bifreiðum og bifhjólum falli niður, en hann var að upphæð 50 millj. kr.

Lagt er til, að liðurinn vitagjald hækki um 1 millj., en vitagjaldið hefur staðið óbreytt um nokkur undanfarin ár, svo sem fram kemur í till. meiri hl. n. við gjaldabálkinn og sem ég mun síðar koma að. Verður þessari hækkun vitagjaldsins varið til hækkunar á gjaldfærðum stofnkostnaði vitanna. Verði þessar brtt., sem meiri hl. fjvn. hefur leyft sér að bera fram við tekjubálk frv., svo sem fram kemur á þskj. 176, samþ., leiðir af því, að nettótekjur ríkissjóðs hækka um 291 millj. kr.

Um þær brtt., sem meiri hl. fjvn. flytur á þskj. 176 og 177, er það að segja, að innan n. náðist ekki samstaða um afgreiðslu þeirra. Hins vegar varð um þær brtt., sem meiri hl. flytur og eru við gjaldabálk frv., fullt samkomulag innan n., þó að þær séu fluttar af meiri hl. einum.

Ég mun þá næst gera grein fyrir þeim brtt., sem falla undir gjaldabálk frv., og kemur þar fyrst till. um hækkun á fjárveitingu til Háskóla Íslands. Launaliðurinn hækkar um 250 þús. kr. og er þá gert ráð fyrir, að fjölgað verði starfsliði við háskólann um einn bókavörð. Næst koma till., sem falla undir fræðslumálaskrifstofuna. Er þar fyrst till. um hækkun, sem nemur 500 þús. kr., og undir viðfangsefni kemur nýr liður, til námskeiðahalds fyrir kennara, sama upphæð. Liður þessi, sem af vangá hafði fallið niður, er í fjárl. yfirstandandi árs að upphæð 300 þús. kr. Þá er lagt til, að inn komi nýr liður að upphæð 10 millj. kr., og skal upphæðinni verja til að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms. Hér er um algera nýjung

að ræða, en málefni, sem oft hefur verið rætt um, þó að ekki hafi komið til framkvæmda fyrr. Það er álit fjvn., að þessi fjárveiting, sem hér um ræðir, geti bætt nokkuð úr þeim mismun, sem nú á sér stað milli nemenda varðandi námskostnaðinn.

Þá gerir n. till. um skiptingu á fjárveitingu milli iðnskóla, sem í byggingu eru nú. Heildarupphæðinni, sem er í fjárlagafrv. 7.2 millj. kr., er skipt þannig, að lagt er til, að Iðnskólinn í Reykjavík fái 4 millj. 399 þús. kr., Iðnskólinn á Akureyri 1 millj. 333 þús., Iðnskólinn í Vestmannaeyjum 833 þús. og Iðnskólinn í Hafnarfirði 635 þús.

Næst er till. um hækkun á fjárveitingu til þjóðgarðsins á Þingvöllum. Lagt er til, að liðurinn gjaldfallinn stofnkostnaður hækki um 1½ millj. kr., og verður þá heildarupphæðin á þessum lið um 1600 þús. kr. N. barst erindi frá Þingvallanefnd varðandi áætlun um ýmsar framkvæmdir, sem talið er nauðsynlegt, að gerðar verði til umbóta á þjóðgarðinum. Voru nm. á einu máli um, að ekki væri unnt að komast af með lægri upphæð í þessu skyni en hér er lagt til.

Þá er lagt til, að liðurinn til ísl. listkynninga erlendis hækki um 100 þús. kr., og verður þá samtals 350 þús. Er till. þessi við það miðuð, að unnt verði að veita nokkrum listamönnum í málaralist stuðning til þess að koma á íslenzkri myndlistarsýningu í Kaupmannahöfn, sem fyrirhugað er, að haldin verði vorið 1971. Lagt er til, að liðurinn listkynning í skólum hækki um 100 þús. kr., en auk þess er till. um, að liðurinn, svo sem segir á þskj. 176, listkynning í skólum og námskeið í listiðnaði verði þannig orðaður. Fær fjárveitingin með þessu orðalagi nokkuð víðtækara starfssvið en áður hefur verið. Þá er flutt á ný till. n. um hækkaða fjárveitingu við liðinn listir, framlög. Heildarupphæðin hækkar um 1 millj. svo sem áður var lagt til. Hins vegar verður sú breyting á liðnum starfslaun listamanna, að hann hækkar um 45 þús. kr. frá því, sem áður var lagt til. Er hér aðeins um leiðréttingu að ræða til samræmis við þá hækkun starfslauna, sem ríkisstarfsmenn fá. Að öðru leyti er till. óbreytt varðandi tilgreinda 10 listamenn, sem hljóta hver um sig 125 þús. kr., en aðrir liðir breytast eins og ég hef nú gert grein fyrir.

Eins og fram hefur komið, hefur verið unnið að því um nokkurt skeið, að efnt verði til listahátíðar hér í Reykjavík, og er ætlunin, að hátíðin fari fram í júnímánuði n. k. Aðilar að þessari listahátíð er fyrirhugað að verði auk menntmrn. og Reykjavíkurborgar ýmis félög og stofnanir. Hafa þessir aðilar þegar fyrir nokkru kosið sérstakt fulltrúaráð. Það er augljóst mál, að verði til þessarar listahátíðar stofnað þarf til að koma verulegt fjármagn frá ríkissjóði og Reykjavíkurborg. N. leggur því til, að tekin verði upp fjárveiting í þessu skyni að upphæð 750 þús. kr.

Þá kemur næst till. um fjárveitingu til stuðnings við íslenzkt dýrasafn. Meiri hl. endurflytur till. n. um óbreytta fjárhæð, 50 þús. kr. Það er álit nm., að enda þótt hér sé um merkilegt mál að ræða, þurfi áður en til þess kemur að veita meira fjármagni til þessa dýrasafns, að ákveða stöðu safnsins með tilliti til framtíðarinnar.

Við 1 02 400 er tillaga um nýjan lið, stofnframlag til Fríverzlunarsamtaka Evrópu, að upphæð 1200 þús. kr. Upphæð þessi skiptist þannig, að 50 þús. kr. er stofnframlag, sem er greitt aðeins í eitt skipti, en 1150 þús. kr. er hins vegar áætlað sem ársframlag fyrir árið 1970.

Þá koma brtt., sem falla undir 1 03, atvmrn. Eru þar fyrst brtt., sem falla undir Rannsóknastofnun landbúnaðarins eða rannsóknir. Undir liðinn 206 03 er lagt til, að fjárveiting hækki um 500 þús. kr. Er fjárveitingu þessari ætlað að standa undir kostnaði við rannsóknir á gróðurfari beitilanda. Á undanförnum þremur árum hafa rannsóknir þessar hlotið styrk frá vísindadeild NATO, sem nemur verulegum upphæðum. Á yfirstandandi ári er styrkur þessi 10 þús. dollarar. Rannsóknir þessar er nú talið, að séu vel á veg komnar, og hafi þegar haft hagnýta þýðingu. Því er lagt til, svo sem ég hef áður sagt, að umrædd fjárveiting verði samþykkt, svo að hægt verði að ljúka þessum framkvæmdum.

Hinn 7. ágúst s. l. skipaði landbrh. samstarfsnefnd sérfræðinga frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Búnaðarfélagi Íslands ásamt fyrrv. landnámsstjóra, Pálma Einarssyni. Skyldu þeir vinna að verkefnum, sem verða mættu til að forða tjóni af kali og grasbresti í framtíðinni. Þessi umræddu verkefni voru skilgreind þannig: 1. Safna saman gögnum, sem fyrir liggja nú þegar um kal og kalrannsóknir í landinu. 2. Gera till. um varnir gegn kali og grasbresti af völdum kals. 3. Að athuga, á hvern hátt sé heppilegt að endurrækta skemmd tún, þar sem kal er fyrir hendi og arfavöxtur ríkjandi. Þessi n. tók þegar til starfa á s. l. sumri, m. a. við að kanna þau gögn, sem fyrir liggja um kal og kalrannsóknir í landinu. Hér er um merkilegt nauðsynjamál að ræða, og því talið rétt að leggja til, að upp verði tekin fjárveiting að upphæð 500 þús. kr. til að standa undir kostnaði við þessar rannsóknir nefndarinnar.

Næst kemur till. við liðinn 230 03, skógræðsla. Lagt er til, að liðurinn hækki um 750 þús. kr. Samkv. upplýsingum skógræktarstjóra var talið óhjákvæmilegt að draga verulega saman starfrækslu við uppeldi plantna í skógræktarstöðvunum að Vöglum og í Norðtungu, ef ekki kæmi til viðbótarframlag við það, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Það er því talið rétt að leggja til, að framlag til Skógræktar ríkisins vegna skógræðslu hækki svo sem hér er lagt til eða um 750 þús. kr.

Fram hefur komið í umr. á yfirstandandi þingi, þegar rætt var um Landgræðslu ríkisins og þá sérstaklega í sambandi við þátttöku sjálfboðaliða í landgræðslustarfinu, að mikill almennur vilji virðist vera fyrir því, að nægilegu fjármagni verði varið til landgræðslunnar, svo að unnt verði að hagnýta þann áhuga og framboð sjálfboðaliða, sem nú er fyrir hendi í þessum efnum. Hér er því fyrst og fremst um þá kostnaðarliði að ræða, sem vita að kaupum á tilbúnum áburði og fræi til sáningar. Með hliðsjón af þessu er lagt til, að fjárveiting til Landgræðslu ríkisins í þessu skyni verði hækkuð sem nemur 1½ millj. kr.

Þá eru næst till. n. um fjárveitingar og skiptingu á fjármagni, sem veitt er til fyrirhleðslna víðs vegar um landið. Heildarupphæðin hækkar um 50 þús. kr. frá því, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., en að öðru leyti vísast til sérstaks lista um skiptingu milli einstakra framkvæmda svo sem fram kemur á þskj. 176. Í fjár-

lagafrv. er lagt til að verja til landþurrkunar fjárveitingu að upphæð 480 þús. kr. Um skiptingu á upphæðinni vísast til þess, sem fram kemur í sérstöku yfirliti á þskj. 176.

Þá er till. um, að fjárveiting til Efnarannsóknastofu Norðurlands hækki um 100 þús. kr., og verður hún þá samtals 250 þús. Þessi umrædda rannsóknastofa hefur frá upphafi unnið að mestu leyti að þeim verkefnum, sem lúta að efnagreiningu á jarðvegi og rannsóknum, er snerta áburðarþörf. Nú mun hins vegar í ráði, að þessi rannsóknastofa færi út kvíarnar og taki fyrir fjölbreyttara verksvið. Með hliðsjón af því hafa forstöðumenn stofnunarinnar farið fram á aukið fjármagn, það, sem hér um ræðir.

Við Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sem tók til starfa á yfirstandandi ári, er ný deild, svo kölluð áhafnadeild. En til hennar var stofnað samkv. breyt. á l. nr. 77 frá 28. apríl 1962. Hlutverk deildarinnar er að greiða fæðiskostnað sjómanna á fiskiskipum. Árlegar tekjur eru samkv. umræddum lögum 1% af fob-verði útfluttra sjávarafurða. Samkv. áætlun, sem sjóðsstjórnin hefur látið gera um tekjur og gjöld deildarinnar á árinu 1970 var augljóst, að á mundi skorta a. m. k. 15 millj. kr. til þess að áhafnadeildin gæti staðið við sínar skuldbindingar. Í fjárlagafrv. er fjárveiting til deildarinnar 10 millj. kr., og er því lagt til að hækka þessa fjárveitingu um 5 millj. kr., svo sem fram kemur á þskj. 176.

Við bændaskólann á Hvanneyri er 1 brtt. Lagt er til, að liðurinn önnur rekstrargjöld hækki um 150 þús. kr. Upphæð þessari er ætlað að standa undir kostnaði við rannsóknastörf, sem eru á vegum skólans. – Þá er lagt til, að fjárveiting til Garðyrkjuskólans á Reykjum, gjaldfærður stofnkostnaður, hækki um 500 þús., og verður þá samtals 2.3 millj. kr.

Lagt er til, að fjárveiting til Verzlunarskóla Íslands hækki um 1 millj. 676 þús. kr. Till. n. við 2. umr. var hækkun um 1200 þús. Sú till. var tekin aftur við þá umr. og þess óskað, að n. kynnti sér betur rekstrarþörf skólans. Að athuguðu máli komust nm. að þeirri niðurstöðu að fjárveiting til skólans þyrfti að hækka um a. m. k. 476 þús. kr. umfram það, sem áður getur. Á þskj. 176 er því um misprentun að ræða, og till. verður því leiðrétt á sérstöku þskj.

Næst er brtt. við liðinn 1 04 382, fávitar, framfærsla. Lagt er til, að fjárveiting hækki um 4½ millj., en það er vegna hækkaðra daggjalda viðkomandi sjúkrahúsa og hæla. – Við lið 1 04 471, kirkjubyggingasjóður, er till. um hækkun á fjárveitingunni um 500 þús. kr., og verður þá samtals framlag til kirkjubyggingasjóðsins 2 millj. kr.

Næst kemur till. um aukið framlag til Atvinnujöfnunarsjóðs og nemur upphæðin 30 millj. kr. Er þessari upphæð, sem hér um ræðir, ætlað að mæta kostnaði vegna sérstakra atvinnuörðugleika. Eru þá sérstaklega hafðir í huga erfiðleikar togaraútgerðarinnar og línubátanna.

Samkv. upplýsingum, sem fjvn. bárust frá Alþýðusambandi Íslands, hafa Norðurlöndin, Noregur, Danmörk og Svíþjóð, um alllangt skeið rekið félagsmálaskóla í Genf. Ber hann heitið Norræni lýðháskólinn í Genf. Fyrsti skólastjóri þessa skóla var hinn mæti maður Halvard Lange. Alþýðusamband Íslands telur, að fyrir hendi sé áhugi hjá nágrannaþjóðunum á, að Ísland gerist einnig aðili að þessu norræna menningarstarfi. Ef úr þessu verður, mundi íslenzk verkalýðshreyfing öðlast rétt til þess að senda nemendur á námskeið skólans. N. þótti rétt að verða við ósk Alþýðusambands Íslands um þetta efni, og leggur því til, að tekin verði upp fjárveiting til Norræna lýðháskólans í Genf að upphæð 120 þús. kr., en það er sú upphæð, sem hefur verið farið fram á.

Þá koma brtt. við liðina 1 06 382, eftirlaun samkv. launalögum, 1 06 383, styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn 0 10 laun, og vísast þar til sundurliðunar á sérstöku yfirliti, sem er aftast í þskj.176, og liðurinn 1 06 384, styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur og börn, vísast þar einnig til sundurliðunar, sem er í sérstöku yfirliti aftast í þessu sama þskj., en samtals nemur hækkun á þessum þremur útgjaldaliðum frá því, sem er í fjárlagafrv., 2 millj. 303 þús. 70 kr.

Þá kemur næst brtt. við liðinn 1 07 211, vegagerð 0 94 til einstaklinga, heimila og samtaka. Lagt er til, að liðurinn hækki um 85 þús. kr., en það er vegna eftirlauna fyrrv. vegaverkstjóra.

Svo sem ég áður hef greint frá, var lagt til, að tekjur af vitagjaldi verði hækkaðar um 1 millj. kr., en þá er gert ráð fyrir, að vitagjald hækki sem þessu nemur. Hér er hins vegar lagt til samkv. till. meiri hl. n., að liðurinn 1 07 332 05, vitabyggingar, hækki um 1 millj. kr., og verður þá samtals 2.6 millj. kr.

Þá er lagt til, að inn verði tekinn nýr liður við 4. gr., 1 07 406 iðnþróunarsjóður, að upphæð 11 millj. kr. Er hér um að ræða ¼ hluta af væntanlegu framlagi Íslendinga til þessa sjóðs, því að alls er gert ráð fyrir, að Ísland leggi fram 44 millj. kr. Næst er lagt til, að inn komi nýr liður við 1 07 499, iðja og iðnaður. Framlag til að stuðla að nýjungum í iðnaði. Upphæð þeirri, sem hér greinir, er ætlað að varið verði sem framlagi til tækninýjunga og hönnunar eftir nánari reglum, sem iðnmrh. setur. Gert er ráð fyrir, að styrkir eða lán af þessari fjárveitingu verði við það miðuð að styðja að eflingu útflutningsiðnaðar og nýrri iðnþróun innanlands.

Við liðinn 1 08 201, niðurgreiðslur á vöruverði, er lagt til, að fjárveiting hækki um 30 millj. kr. og verður þá samtals að upphæð 582 millj.

Á þskj. 177 eru nokkrar brtt., sem meiri hl. n. ber fram og eru við ýmsa liði fjárlagafrv. Kemur þar fyrst till. um að hækka bótagreiðslur tryggginganna um samtals 97 millj. kr., en það er öll upphæðin, einnig það, sem kemur frá hinum tryggðu og atvinnurekendum, sveitarfélögum og ríkissjóði. En samkv. till. meiri hl. n. er hér hins vegar um hækkun á fjárveitingu úr ríkissjóði að ræða, sem nemur samtals 58.6 millj. Þessi upphæð, 58.6 millj., skiptist þannig á tryggingaliði, að 37 millj. kr. verða auknar fjölskyldubætur, en það svarar til þess, að hækkun fjölskyldubóta, sem ríkissjóður greiðir, verði 50 millj. á ársgrundvelli. Eftirstöðvarnar, 21.6 millj., verða þá til aukningar á ellilífeyri og öðrum líftryggingum og svarar þessi upphæð til þess, að heildarupphæð á auknum líftryggingum nemi 60 millj. kr. á ársgrundvelli, en ríkissjóður greiðir svo sem kunnugt er samkv. lögum 36% af heildarbótunum.

Á sama þskj. eru brtt. við framlög til landshafna í

Þorlákshöfn, Keflavík, Njarðvík og Rifi, sem samtals fela í sér hækkun fjárveitinga úr ríkissjóði, sem nemur 3 millj. kr. Um sundurgreiningu á upphæðinni milli hinna ýmsu liða, vaxtagreiðslur og afborganir lána, vísast að öðru leyti til þess, sem fram kemur á þskj.

Þá er á þskj. 177 einnig brtt. við liðinn 2 07 371, flugmál og flugumferðarstjórn. Nemur hækkun fjárveitinga samtals 4 millj. 900 þús. kr. Skiptist upphæðin þannig, að 1.9 millj. kr. er vegna alþjóðaflugumferðar, en 3 millj. eru aukið framlag til fjárfestingar eða stofnkostnaðar.

Þá eru till. við 6. gr. Aftan við gr. bætast nýir liðir: Að ábyrgjast allt að 40 millj. kr. lán fyrir Byggingarsjóð verkamanna, að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. lán fyrir Orkusjóð til jarðborana á Krýsuvíkur- og Tröllladyngjusvæðinu. Þá er endurflutt till. fjvn., sem tekin var aftur við 2. umr. málsins, um að heimila makaskipti við Reykjavíkurborg á tilteknum lóðum og lóðaspildum. Við 2. umr. málsins var þess óskað, að till. væri tekin aftur til 3. umr., svo að þm. gæfist betri tími til að athuga málið. Fjvn. fékk allar þær upplýsingar um málið, sem óskað var, og enn fremur skipulagsuppdrætti af öllu þessu umrædda svæði. Hér er því till. endurflutt þannig, að heimila ríkisstj. að gera makaskipti við Reykjavíkurborg á lóðum í Reykjavík þannig, að ríkisstj. afsalar Reykjavíkurborg lóð þeirri, sem er eign ríkisins á svæði, sem afmarkast af Hverfisgötu, Ingólfsstræti, Sölvhólsgötu og Kalkofnsvegi (Arnarhóli), rúmlega 10 þús. fermetrar að stærð, sneið af lóð Stjórnarráðsins við Lækjartorg, um 965 fermetrar að stærð, og sneiðum af lóðum Landsbókasafnsins og Þjóðleikhússins í samræmi við staðfest skipulag Hverfisgötu, um 270 fermetrar að stærð. Á móti afsalar Reykjavíkurborg til ríkisstj. lóð, um 38 þús. fermetra að stærð, til viðauka við núverandi eignarlóð Landsspítalans, og er sú viðbótarlóð innan landssvæðis, sem markast af Hringbraut, Miklatorgi, Snorrabraut, Eiríksgötu og Barónsstíg. Þá kemur d-liður: Að heimila, að fengnum meðmælum fjvn., byrjunarframkvæmdir við barnaskóla á Akureyri, í Vestmannaeyjum og við gagnfræðaskóla í Neskaupstað, ef ósk kemur um það frá hlutaðeigandi sveitarfélögum. Hér er ekki um viðbótarfjárveitingu að ræða. Hins vegar getur það orðið hagstætt fyrir viðkomandi aðila til þess að hagnýta fjármagn, sem fyrir hendi er, og líka fyrir umræddar framkvæmdir, að slík heimild, sem hér um ræðir, sé fyrir hendi. Ég tel einnig rétt, að það komi fram við þessa umr., varðandi stækkun barnaskólans á Fáskrúðsfirði og stækkun sundlaugar á Reyðarfirði, að það er álit n., þó að hún sé ekki vön að gefa slíkar yfirlýsingar, að þessar tvær framkvæmdir séu meðal þess, sem hafi forgang um byrjunarframkvæmdir á árinu 1971. Loks er lagt til að heimila að selja húseignir Heyrnleysingjaskólans að Stakkholti 3 í Reykjavík, en þskj. með þeirri brtt. á hefur ekki enn þá borizt eða verið útbýtt.

Eins og ég hef áður gert grein fyrir, er gert ráð fyrir því, að tekjur ríkissjóðs hækki um 290 millj. kr. frá því, sem gert var ráð fyrir, þegar fjárlagafrv. var lagt fram. Á móti þessu hafa komið stórir nýir útgjaldaliðir, sem sumir miða sérstaklega að því að létta undir með þeim, sem erfiðast eiga, og það er gert með því m. a. að auka bótagreiðslur frá Tryggingastofnuninni og með niðurgreiðslum á vöruverði. Ef stiklað er aðeins á því stærsta, sem lagt hefur verið til, hækkun útgjalda samkv. till. fjvn. og meiri hl. fjvn., sem eins og ég hef áður skýrt frá varð samstaða um innan n., þá vil ég að lokum benda sérstaklega á eftirtalda liði:

Það er lagt til, að niðurgreiðslur á vöruverði hækki um 30 millj. kr. Það er lagt til, að auknar fjölskyldubætur nemi um 37 millj. kr., auknar lífeyristryggingar nemi um 21.6 millj., til Atvinnujöfnunarsjóðs, til atvinnutryggingar í landinu fari 30 millj. kr., til að jafna aðstöðu nemenda úr strjálbýli 10 millj. kr., til að efla útflutningsiðnað og iðnþróun í landinu tæplega 15 millj. kr., til áhafnadeildar Aflatryggingasjóðs um 5 millj. kr.

Þessir fáu liðir, sem ég hef nú nefnt, eru þannig með till. til hækkunar, sem nema samtals um 148.6 millj. kr. Áður hafði n. flutt till., sem fólu í sér hækkanir, sem námu samtals um 158 millj. kr. En þar voru stærstu liðir varðandi hækkanir til verklegra framkvæmda, svo sem til nýbygginga skóla, nýbygginga hafna og sjúkrahúsa, en till. fjvn., sem snertu aðeins þessa þrjá framkvæmdaliði námu í upphafi samtals til hækkunar yfir 100 millj. kr.

Herra forseti. Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir þeim brtt., sem meiri hl. fjvn. hefur leyft sér að bera fram við 3. umr. frv. til fjárl. fyrir árið 1970. Verði þessar brtt. samþykktar, skapast grundvöllur fyrir því, að fjárlög fyrir árið 1970 verði afgreidd greiðsluhallalaus.

Frsm. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Við 2. umr. fjárlagafrv. gerði ég grein fyrir afstöðu minni hl. til fjárl. og fjármála ríkissjóðs yfirleitt. Að þessu sinni mun ég ekki fara út í almennar umr. um fjármál ríkisins eða stjórnmál, heldur aðeins víkja að þeim þætti fjárlagaafgreiðslunnar, sem hér er nú til meðferðar.

Eins og fram kom í ræðu hv. 2. þm. Vesturl., frsm. meiri hl., er aðild okkar að tillögugerð við þessa umr., þ. e. útgjaldatill., með svipuðum hætti og var gerð grein fyrir við 2. umr. málsins, þ. e., að við höfum óbundnar hendur gagnvart einstökum till. og málinu í heild, þó að við höfum fylgt flestum till. fram. Hins vegar hefur meiri hl. að sjálfsögðu markað stefnuna og stendur einn að tillögugerð í sambandi við tekjuáætlun fjárl. Eins og augljóst er af tillögugerðinni og fram kom í ræðu hv. 2. þm. Vesturl., frsm. meiri hl. fjvn., hækkar tekjuhliðin um 290 millj. kr. Að því sem séð verður mun þetta láta nokkuð nærri, að hækkun á tekjuáætlun fjárl. nemi þeim fjárhæðum, sem ganga til verklegra framkvæmda og til þeirra liða flestra, sem hv. 2. þm. Vesturl. gerði hér sérstaklega að umtalsefni í lok ræðu sinnar. Önnur hlið hækkunar fjárl. frá fyrra ári er því hækkun á rekstrarkostnaði og öðrum liðum, sem ekki eru færðir undir verklegar framkvæmdir.

Af þeim till., sem hér eru til meðferðar, vil ég vekja athygli á till. um aðstoð við námskostnað vegna nemenda, sem ekki búa í því þéttbýli, þar sem skólarnir eru settir. Á síðasta Alþ. var hér til meðferðar þáltill., sem þeir voru flm. að hv. 1. þm. Vestf., Sigurvin Einarsson, og hv. 3. þm. Norðurl. e., Ingvar Gíslason, og var sú till.

samþ. með einhverjum breytingum, sem gerðar voru á henni í þeirri n. þingsins, sem hún fór til. Þetta mál hefur því verið til athugunar í mþn. síðar, en þáltill. gerði ráð fyrir því, að málið gengi til mþn. Í umr., sem orðið hafa um þetta mál á hv. Alþ. í vetur, hefur það komið fram, að unnið er nú að því að gera till. um framkvæmd þessa máls, og í þessu skyni var þessi 10 millj. kr. fjárveiting tekin. Nú má um það deila, hvort þessi 10 millj. kr. fjárveiting er sú fjárveiting, sem nægir til þess að mæta þessum útgjöldum, þegar að þeim kemur, sem mun verða á þessu ári, að ég geri ráð fyrir seinni hluta ársins, en þá vil ég segja það, að það er ekki frá mínum bæjardyrum séð höfuðmálið, heldur hitt, að farið er nú inn á þessa braut, og þegar verður búið að vinna það með eðlilegum hætti, verður auðvitað séð fyrir fjárveitingu til þess að koma því í framkvæmd. Ég fagna því, að þetta mál hefur náð þetta fram að ganga, þó að, eins og ég segi, mér sé ljóst, að hér er um lága fjárhæð að ræða að þessu sinni. En hér er um mikið stórmál að ræða, og frá sjónarmiði almennings er þetta líka réttlætismál, og því er till. mjög í rétta átt. Enda þótt n. hafi ekki skilað áliti, sú, sem að þessu máli vinnur, þá er málið komið á þennan rekspöl og er það gleðiefni.

Um till. okkar á þskj. 187 vil ég segja það, að þær eru mjög í samræmi við það, sem við lögðum til við 2. umr. þessa máls. Við lögðum þar höfuðáherzluna á það að búa sig undir átökin við það atvinnuleysi, sem nú er í landinu, og gerum enn á ný till. þar um. Sú breyting er þó á okkar till. frá því síðast, að við lækkum fjárhæðina niður í 200 millj. í hámarki, þar sem gert er ráð fyrir að heimila ríkisstj. að taka lán allt að 200 millj. kr., og leggjum til, að atvinnumálanefnd ríkisins fái málið til meðferðar og afgreiðslu, sem verði gert í samráði við atvinnumálanefndir héraðanna. Við þóttumst verða varir við það við 2. umr., að sumir töldu, að það væri rangt að láta fjvn. hafa afskipti af þessu, og ég get eftir atvikum, eins og ég þá sagði, fallizt á, að nóg er til af alls konar aðilum í því að annast lánveitingar á sviði atvinnumála á þessum litlu fjárhæðum, sem við höfum til þess að lána, og við leggjum því til, að þessi fjárhæð gangi inn í þann farveg, sem þegar er til staðar, að atvinnumálanefnd ríkisins ákveði, hverjum lána skuli, og Atvinnujöfnunarsjóður muni svo sjá um framkvæmdirnar. Ég held, að það geti enginn á okkur deilt fyrir það, að við séum að búa hér út nýtt „apparat" í þessu sambandi, og heldur geti enginn á okkur deilt vegna þess, að fjárhæðin sé óeðlilega mikil, því að hér er gert ráð fyrir því, að þetta sé allt að 200 millj. kr., sem n. fengi þar heimild til þess að fá að láni, en ef að hennar mati þyrfti minna til að fullnægja þörfinni, svo að hægt væri að útrýma atvinnuleysinu, þá er ekkert því til fyrirstöðu, að það geti líka orðið minna. Ég vil líka segja það í sambandi við þessa till., að við gerum ráð fyrir því, að þeirri stefnu verði haldið, sem gert var í fyrra, að lánað verði á vegum atvinnumálanefndar ríkisins vegna atvinnu skólafólks og unglinga út um landið með sama hætti og gert var á yfirstandandi ári. Ég vildi því vona, að það gæti orðið samstaða um þessa till., því að hún er eins hófleg eins og hægt er að hugsa sér. Ef ekki þarf að grípa til fjárins, þá fer það eins og með aðra heimild, sem ekki þarf að nota, en ef þarf að nota það, er heimildin til staðar og þeir aðilar eiga um að fjalla, sem gera það nú samkv. l. um atvinnumálanefnd ríkisins. Þess vegna er það nú von okkar, að hv. Alþ. sjái sér fært að samþykkja þessa hófsömu till. og hún nái fram að ganga, þannig að hún verði framkvæmd, því að ég sé ekki, að hjá atvinnuleysi verði komizt og það í vaxandi mæli, nema til aðgerða verði gripið.

Þá höfum við endurflutt till. um lánsheimild vegna Byggingarsjóðs ríkisins til húsnæðismála, nokkru lægri fjárhæð heldur en síðast var.

3. till., sem við flytjum, og eina till., sem er útgjaldatill., er að hækka framlög til rafvæðingar í sveitum um tæpar 24 millj. kr. Við hefðum gjarnan viljað gera stærra átak í þessum málum, en að þessu sinni gerum við það ekki í þeirri von, að síðar á þessu þingi megi takast samstaða um að leysa þetta mál á farsælan hátt. Það er okkar skoðun og ég held, að ég fari þar rétt með, að það sé skoðun fleiri og m.a. núv. hæstv. raforkumálaráðh., að hér sé ekki um stærra mál að ræða heldur en um 150 millj. kr. til framkvæmda, og mundi verða auðvelt að leysa þetta mál á tveimur árum. Við leggjum því til, að þessi fjárveiting verði hækkuð, en að öðru leyti berum við ekki fram frekari till. í sambandi við þetta né önnur mál við þessa fjárlagaafgreiðslu. Og ég treysti því, að okkar hófsemi verði metin réttilega og samstaða náist um till. okkar, sem við höfum hér flutt.

Eins og fram kom í ræðu hv. frsm. meiri hl., er hér þó nokkuð af till. á því þskj., sem meiri hl. hefur lagt fram, þskj. 176. Meðal þeirra till., sem þar eru, er till. um makaskipti ríkisins og Reykjavíkurborgar. Ég verð að játa það, að þegar þetta mál var fyrst lagt fyrir í fjvn., var það nú svo, að ég gat nú ekki gert mér fullkomlega grein fyrir því, hvað hér væri raunverulega á ferðinni, og ræddum við það þá nokkuð og að minni ósk var frestað afgreiðslu málsins við 2. umr. Við fórum fram á það að fá kort af því landi, sem skipta ætti, eða þeirri lóð, sem Landsspítalinn fengi, og varð formaður fjvn. við þeirri ósk okkar. Ég verð að segja það eins og er, að eftir því sem ég hugsa þetta mál meira og reyni betur að átta mig á því, þá verður það mér torræðara. – Nú er mér það ljóst, að hér er ekki um mál að ræða, sem menn skiptast í flokka um eftir stjórnmálaskoðunum, heldur eru önnur viðhorf látin ráða. Og ég er ekki enn þá búinn að átta mig á því, hvaða nauðsyn hefur borið til og hversu hyggilegt það er að taka inn í þetta mál, eins og gert er, tilfærsluna á Hringbrautinni. Mér er það fullkomlega ljóst, að Landsspítalinn þurfti meira lóðarrými, og satt að segja er ég oft hissa á því, að í okkar ágætu höfuðborg, sem hefur haft betri aðstöðu heldur en nokkurt annað bæjar- eða sveitarfélag á landinu til þess að vinna sín skipulagsmál og haft til þess færari menn heldur en nokkurt annað sveitarfélag, hvað mér finnst samt, að séu mörg dæmi um skammsýni í sambandi við skipulagsmálin. Þetta mál sýnist mér vera eitt þeirra, sem hefur verið nokkuð þröngur stakkur skorinn. Ég verð að segja það, að ég varð nú dálítið undrandi á því, þegar ég heyrði það í hádegisfréttum á sunnudaginn, að búið væri að ganga frá þessum samningi, og mér leikur forvitni á að vita, hvaða ástæða var til þess að hraða þessu, hvort það breytti nokkuð, þó að það væri vikunni seinna heldur en fyrr, t. d. um næstu helgi, heldur en áður en Alþ. gekk frá

málinu. En við þá frásögn frá þessum atburði stóð málið meira í mér heldur en áður, því að þar var nokkuð skýrt frá því, hvað hér væri að gerast. Og m.a. tel ég mig hafa heyrt það rétt, að það er gert ráð fyrir því, að undir þá nýju Hringbraut, sem á að gera samkv. þessum samningi, á að gera göng, þannig að það á nokkur hluti af byggingu Landsspítalans að vera sunnan hinnar nýju Hringbrautar og það á að tengja þann hluta við núverandi lóð með undirgangi undir nýju Hringbrautina. Ef þetta er rétt skilið, leikur mér hugur á að vita, hvort ekki var hægt að leysa málið með því að gera þennan gang undir núverandi Hringbraut. Mér er það ljóst, að hér er mikið fjárhagsmál á ferðinni. Við eigum afar mikið ógert í málefnum okkar heilbrigðisstofnana og þurfum að byggja þar mikið, og af því, sem ég hef heyrt, – ég skal játa það, að ég hef ekki sannreynt, hvort það er rétt, – þá mun kostnaðurinn við breytingu á Hringbrautinni verða 30–40 millj. kr. Nú vil ég spyrja: Er þá gert ráð fyrir göngunum undir nýju Hringbrautina eða er það með, ef þessar tölur hafa við einhver rök að styðjast? Mér er það ljóst, að þessi fjárupphæð hlýtur að verða tekin af þeim fjárveitingum, sem ganga til þess að byggja upp þessar heilbrigðisstofnanir, og 30 millj. er sama fjárhæð og á á árinu 1970 að verja til þess að gera kvensjúkdómadeildarhúsið fokhelt. Hér er um geysilega mikla fjárhæð að ræða. Þess vegna vildi ég nú leyfa mér að spyrja um það, hvort ekki væri hægt að tengja þessar lóðir tvær sunnan Hringbrautar eins og nú er og núverandi Landsspítalalóð með þeirri viðbót, sem hægt var að láta henni í té hérna megin Hringbrautar, væri ekki hægt að tengja þetta saman með undirgangi undir núverandi Hringbraut. Og hver er ástæðan fyrir færslu Hringbrautar? Eru það byggingar, sem ekki var hægt að koma fyrir innan núverandi Hringbrautar. Ég hef heyrt talað um það, að við það, að núverandi Hringbraut yrði lögð niður, yrði sú gata tekin undir bílastæði á lóð Landsspítalans. Það sjá náttúrlega allir, að það eru ekki rök fyrir færslunni, því að þó að Landsspítalinn þurfi bílastæði, þarf hann ekki að leggja 30–40 millj. kr. í það að gera bílastæði, enda mundi sú Hringbraut vera allt annars eðlis heldur en þó að hefðu verið lagðir fjármunir í að gera bílastæði, því að þau þarf ekki að byggja eins og mikla umferðargötu. Þess vegna verð ég að segja það, að ég er nú ekki enn þá fullkomlega sáttur við það, að við séum hér á réttri leið, og það hefði þurft að gera þetta mál með þeim hætti, sem hér er stefnt að. Og ég leyfi mér því að spyrja um það, – ég ætlaði nú að spyrja hæstv. heilbrmrh. um það, en hann er ekki hér í hv. d., en vonast þá til, að hæstv. fjmrh. geti leyst úr því, – hver séu höfuðrökin fyrir því, að þessa stórfelldu breytingu þarf að gera, fyrst hugsunin er, að byggingar Landsspítalans séu beggja megin Hringbrautar eftir sem áður. Ég hef ekki enn þá fengið samhengi í það, en mér er það fullkomlega ljóst, að hér er stórt fjárhagsmál á ferðinni og okkur veitir hreint ekki af því að hagnýta vel þá fjármuni, sem við notum til heilbrigðismálanna, því að svo mikið eigum við þar vangert.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 187, 188, 189, sem var útbýtt á fundinum, leyfð og samþ. með 37 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég ætla að segja hér. Ég hef enga ástæðu til þess að gera sérstakar aths. við þá mjög hógværu ræðu, sem hv. frsm. minni hl. fjvn. flutti hér áðan. Hann ræddi þær till., sem þeir flytja, og eðli málsins samkv. gerði hann grein fyrir þeim. Ég vil nota tækifærið fyrst til þess að endurtaka þær þakkir, sem ég flutti við 2. umr. til fjvn. fyrir ágæta samvinnu um framgang og frágang þessa fjárlagafrv. Það skal játað, að það hefur hækkað allverulega í meðförum n., en það hefur verið gert í fullu samráði við mig, þannig að ég ber þá á því jafnmikla ábyrgð og hv. fjvn., að slíkt hefur gerzt, og tel fullkomlega vera hægt að gera grein fyrir þeirri nauðsyn, sem lá að baki flestum eða öllum þeim breytingum. Frekar sé ég ekki ástæðu til þess að gera að umtalsefni einstök atriði í þessum till.

Hv. þm. vék hér að till. um 10 millj. kr. framlag til þess að jafna aðstöðu nemenda úr strjálbýli, og það er rétt, sem hann sagði, að endanlegar ákvarðanir hafa ekki verið teknar um það, með hvaða hætti þetta verður gert, og þess vegna er fjárveitingin höfð með þessum óvenjulega hætti og gengið út frá því, að henni verði ekki ráðstafað fyrr en niðurstöður hafa fengizt um það, hvaða reglur verði um það settar, hversu haga skuli þessari aðstoð, en að sjálfsögðu var nauðsynlegt að gera ráð fyrir einhverri fjárveitingu í þessu skyni og fjárveitingin þarna fyrst og fremst sett til þess að marka afstöðu Alþ. til málsins í heild.

Hv. þm. vék sérstaklega að till. um heimild ríkisstj. til handa til þess að gera makaskipti við Reykjavíkurborg í sambandi við lóðamál Landsspítalans. Varðandi það atriði, sem hann minntist á, að það hefði verið óviðkunnanlegt, að ríkisstj. eða fulltrúar hennar hefðu undirritað samning við Reykjavíkurborg, áður en þetta mál var endanlega afgert hér, þá vil ég láta það skýrt koma fram, að sú undirskrift var gerð með fyrirvara um síðara samþykki Alþ., þannig að það var á engan hátt gert með þeim hætti, að það væri verið að óvirða Alþ. Það er ekkert óvenjulegt, að undirskriftir slíkar eigi sér stað með þessum hætti, og það var, eins og ég segi, beinlínis tekið fram í því skjali, sem við undirrituðum, að undirskriftir okkar væru háðar því, að Alþ. endanlega staðfesti þennan samning með samþykki sínu við afgreiðslu fjárlaga.

Ég skal alveg játa það með hv. þm., að við fyrstu sýn vafðist einnig nokkuð fyrir mér, hvort hér væri um hagkvæman samning að ræða eða ekki. Að vísu mun það nú hafa verið svo, að af hálfu borgarinnar er því haldið fram, að ríkið hafi hlunnfarið borgina, en við getum látið það liggja á milli hluta. Það, sem hér er fyrst og fremst um að ræða, er sú upphæð, sem hv. þm. gat um, að það mundi kosta ríkið að færa Hringbrautina, og þetta var sérstaklega athugað í rn. og hafði ég aðstöðu til þess af hálfu fjmrn. að setja menn til athugunar á þessu máli. Það eru allmargir mánuðir síðan endanlega var frá þessu gengið, en hins vegar var talið rétt að kanna einmitt þessi fjárhagslegu atriði og skoða teikningar og skipulagsuppdrætti, sem þarna höfðu verið gerðir. Það var hins vegar sammæli allra þeirra, sem um þetta höfðu fjallað, bæði af hálfu háskólans, Landsspítalans og rn., að eftir atvikum væri hér um skynsamlega ráðstöfun að ræða og í rauninni

ekki verið að eyða hér neinu fé í óþarfa vegna þess einfaldlega, að það var að sjálfsögðu óumflýjanlegt að tengja saman núverandi Landsspítalalóð og athafnasvæði það, sem verður sunnan Hringbrautar, hvort sem hún liggur á þeim stað, sem hún er, eða verður færð. Og það varð ljóst, miðað við það, hvernig Hringbrautin liggur nú, að það yrði mjög kostnaðarsamt að gera þær breytingar, þá undirganga og aðrar breytingar, sem gera þyrfti á Hringbrautinni, þannig að það mundi undir öllum kringumstæðum, þegar allt væri samanlagt, verða sízt óhagkvæmara eða dýrara að ráðast í þá færslu Hringbrautarinnar, sem gert er ráð fyrir samkvæmt samningnum. Þetta var ástæðan til þess, að á það var fallizt, að ríkið tæki á sig þarna kostnað, sem er dálítið erfitt að segja um, hversu mikill verður, en vel getur orðið allt að þeim fjárhæðum, sem hv. þm. hér nefndi. Það skal hins vegar skýrt tekið fram, að það er ekki gert ráð fyrir því, að þetta greiðist nú að sinni. Það tekur lengri tíma að greiða þetta og þessi tilfærsla Hringbrautarinnar þarf ekki að gerast í skyndingu, þannig að ekki þarf að nota það fjármagn, sem er nauðsynlegt til uppbyggingar, til þess að greiða þennan kostnað fyrr en að því kemur, að þessi framkvæmd á sér stað. En kjarni málsins er sem sagt sá, að það þurfti alla vega að tengja þessi athafnasvæði Landsspítalans saman beggja vegna Hringbrautar og það hefði kostað það mikið fé að breyta Hringbrautinni eins og hún er og að gera þau tengigöng, sem þar hefði þurft að gera, miðað við allar aðstæður, að hitt var að öllu athuguðu talið hagkvæmara. Þetta er kjarni málsins. Ég sé svo ekki, herra forseti, ástæðu til þess að lengja þessar umr. að sinni og ekki ástæðu til þess að ræða sérstaklega aðrar till., sem fram hafa komið, en vildi aðeins varðandi till. þær, sem endurteknar eru í nokkuð öðru formi frá hv. minni hl., segja það, sem ég raunar sagði við 1. umr. fjárl., að við 2. umr. fjárlfrv., þar sem gert var ráð fyrir beinu framlagi ríkissjóðs til atvinnuveganna, – það var í nokkuð öðru formi eftir ráðstöfun fjvn. að það kæmi að sjálfsögðu til álita, hvort þyrfti að afla einhvers fjár í þessu sambandi eða ekki, en væri ekki á þessu stigi á þann rekspöl komið, að hægt væri að gera það dæmi upp. Og ég er enn þeirrar skoðunar, að það sé ekki rétt við afgreiðslu fjárl. nú að slá þessu máli föstu, hvorki til né frá. Eins og ég hef áður skýrt frá, þá munu hér koma til meðferðar eftir áramótin frv. í sambandi við framkvæmdaáætlun ríkisins á árinu 1970, svo sem venja hefur verið, og þá munu liggja fyrir upplýsingar um það, hvaða fjárþörf annars vegar er fyrir hendi í sambandi við ýmsar framkvæmdir ríkisins. Það er minnzt á allmargar þeirra í drögum að framkvæmdaáætlun, sem fylgir fjárlagafrv. nú í upplýsingarskyni. Vel getur þar fleira komið til mála, og jafnvel einhverjar lántökur í því sambandi, sem hér er af hálfu minni hl. orðað, og skal ég ekkert um segja. En það er að sjálfsögðu nauðsynlegt, að þetta mál verði þá allt skoðað í heild, fjáröflunin fyrir árið 1970 og hvaða möguleikar eru fyrir hendi til þess að afla fjár til þessara ýmsu framkvæmda, þannig að ég hefði talið það æskilegast, að hv. minni hl. hefði ekki haldið þessu máli svo ákveðið fram nú, heldur látið það bíða til meðferðar þess frv., þegar það kemur, en a.m.k. þá tel ég ekki vera möguleika til þess að samþ. þetta í því formi, sem það nú er, og að eðlilegt svigrúm fáist til þess að kanna málið einmitt þangað til það frv., sem ég gat um, kemur til meðferðar hér á Alþ. varðandi lánamál ríkisins almennt á næsta ári. Og á að sjálfsögðu alveg sama við varðandi þá till. um 90 millj. kr. lán vegna Byggingarsjóðs ríkisins. Það er aðeins ein fjárveitingartill. í þessu og það má segja, að það sé hógværlega að verið, en það er framlag til rafvæðingar í sveitum. Svo sem hv. þm. var kunnugt, þá var það framlag hækkað um 5 millj. kr. nú í fjárlagafrv. og miðað við allar aðstæður og atvik öll. Það er auðvitað um margt, að þó að það hafi hækkað, eru frammi óskir hjá mönnum um, að hefði verið hækkað meira til ýmiss konar framkvæmda, og ég vil síður en svo gera lítið úr þörfinni, sem hér er um að ræða, en þá engu að síður tel ég ekki mögulegt að hækka það framlag meira heldur en gert er ráð fyrir í frv. eins og það liggur fyrir.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Forsetar Alþ. hafa leyft sér að flytja brtt. á þskj. 185 við frv. til fjárl. fyrir árið 1970 um að ríkisstj. verði heimilað í samráði við þingforseta að ráða listamann til þess að gera málverk af lýðveldisstofnuninni á Þingvöllum 17. júní árið 1944 og verja nauðsynlegu fé í því skyni. Það mun sameiginleg skoðun allra hv. alþm., að sá atburður sé einn hinn merkasti í sögu Alþ. og íslenzku þjóðarinnar. En löng barátta lá að baki þeim sigri, sem vannst með lýðveldisstofnuninni. Stefnufestu þjóðarinnar sjálfrar og glæsilega forystu mikilla leiðtoga ber hæst í sögu þessarar löngu baráttu. Okkur, sem nú lifum, ber skylda til þess að hafa þessa sögu í heiðri. Þess vegna fer vel á því, að hinn sögulegi atburður, sem gerðist á Lögbergi 17. júní 1944 sé ekki aðeins skráður í bók og blöð heldur einnig í liti og list. Fagurt málverk af lýðveldisstofnuninni varðveitir minninguna um frelsistökuna með sínum sérstæða hætti fram um aldirnar. Ég treysti íslenzkum listamönnum til þess að vinna þetta verk með sæmd. Málverkið af þjóðfundinum 1851, sem prýtt hefur sali þingsins hátt í 2 áratugi, er merkilegt brautryðjandaverk og listamaðurinn, sem vann það, Gunnlaugur heitinn Blöndal, hefur með því vísað veginn til framtíðarinnar.

Alþ. hefur oft vanrækt sjálft sig að því er varðar starfsaðstöðu og rækt við sögu sína og tákn þeirra miklu minninga, sem tengdar eru við störf þess og baráttu. Nefna má, að það er ekki vansalaust, að þingið skuli ekki eiga eitt einasta málverk frá Þingvöllum, þar sem fundir þess voru þó haldnir í tæp 900 ár. Úr þessu verður að bæta. Málverkið af þjóðfundinum verður að marka þáttaskil í þessum efnum. Næst kemur málverk frá Lögbergi 17. júní 1944. En vel færi einnig á því, að kristnitakan árið 1000 yrði fest í liti og minningunni um speki og framsýni Þorgeirs Ljósvetningagoða þar með sýndur verðugur sómi. Söguleg málverk af Alþ. 1904, þegar heimastjórn var fengin, og af sambandslagaþinginu 1918 eru einnig sjálfsögð.

Einhverjir kunna að segja, að í þessu gamla og þrönga þinghúsi sé lítið rúm fyrir listaverk. En því er þar til að svara, að bygging nýs þinghúss hlýtur að vera á næsta leiti. Ákvörðun um staðsetningu þess verður ekki slegið á frest öllu lengur.

Kjarni málsins er, að þótt Alþ. hafi verið og sé

önnum kafið við efnahagslega og menningarlega uppbyggingu hins íslenzka þjóðfélags getur það ekki lengur látið undan fallast að sýna aukna rækt við elztu og sögufrægustu stofnun þjóðarinnar.

Að svo mæltu leyfi ég mér, fyrir hönd okkar flm. þessarar till., að mælast til þess við hv. þingheim, að hann veiti henni brautargengi.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég flyt eina brtt. við fjárlagafrv., en því miður er ekki búið að útbýta því þskj., en þar sem hún er mjög einföld í sniðum þá tel ég, að það komi ekki að sök. Á síðasta þingi fluttum við nokkrir þm. Framsfl. till. til þál. um námskostnað, sem hér hefur verið drepið nokkuð á í þessum umr. Till. var að vísu breytt nokkuð í n., en hún var þó samþ. og þar með ákveðið, að ríkisstj. skyldi m. a. láta rannsaka, hver væri aðstöðumunur nemenda, sem verða að vista sig langtímum saman utan heimila sinna við nám, og hinna, sem sækja nám frá heimilum sínum og hafa þar alla vist.

Út af þessu máli hafa orðið allverulegar umr. í landinu á yfirstandandi ári. Þetta mál hefur verið mjög rætt á fundum víðs vegar um land og það hefur verið rætt í blöðum. Og það er svo að sjá, að það sé einhugur mikill um málið í heild að hlaupa undir bagga með þessum nemendum, sem búa við svo erfiðar aðstæður og þá öllu heldur foreldrar og forráðamenn þeirra, því að það eru engar öfgar, að ýmsir verða að hætta við að hugsa til náms fyrir utan skyldunámið einmitt vegna þess kostnaðar, sem orðinn er því fylgjandi að dvelja fjarri heimili sínu. Á þessu þingi hefur þetta mál borið á góma á tvennan hátt. Í fyrsta lagi flutti hv. 9. þm. Reykv. frv. um fjárhagsaðstoð við þessa nemendur í landinu, hins vegar kom fram fsp. frá hv. 2. þm. Vestf. um það, hvað liði þeirri rannsókn, sem ríkisstj. var falið með þáltill. frá því í fyrra. Í frv. hv. 9. þm. Reykv. er lagt til, að sú fjárhagsaðstoð, sem verði veitt þessum skólanemendum, sem verði að búa fjarri heimilum sínum, nemi um 25 þús. kr. á nemanda. Því frv. var vísað til menntmn. og þar er það enn án þess að hafa verið tekið fyrir til umr. og skal ég greina frá, hvers vegna það hefur ekki verið gert enn, þar sem mér er kunnugt um það, af því að ég á sæti í þeirri n. Þegar fsp. hv. 2. þm. Vestf. var til umr., þá fórust menntmrh. m.a. orð á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Á vegum menntmrn. hefur farið fram mjög ýtarleg rannsókn á því, hver er kostnaður ríkisins við skólahald á nemanda."

Og enn fremur sagði hann:

„Hér er um að ræða margar og flóknar till. og ég sé ekki ástæðu til á þessum vettvangi að gera hinu háa Alþ. grein fyrir einstökum atriðum, en er að láta ganga frá niðurstöðum og talnaverkinu öllu í aðgengilegu formi og mun síðan láta alla hv. alþm. fá þann bækling, þegar hann hefur verið fjölritaður."

Og enn fremur sagði hæstv. ráðh.:

„Ég eyði ekki frekar tíma hins háa Alþ. í að skýra frá tölum um þetta efni, en ítreka, að fjölrituð skýrsla um þetta, þar sem allar upplýsingar eru gefnar, sem eru á reiðum höndum, mun berast alþm. í hendur innan örlítils tíma."

Síðan hæstv. ráðh. sagði þetta er liðinn tæpur mánuður, því að þetta var 19. nóvember, en það bólar ekkert á þessum bækling eða þessari skýrslu og menntmn. hefur engar upplýsingar fengið um þessa rannsókn og bíður alltaf með óafgreitt þetta frv., sem til hennar var vísað af þessum ástæðum. En því aðeins rek ég þetta nú, að til þess að gera till. um fjárstuðning við þessa nemendur í landinu, sem ég nefndi, er alveg óhjákvæmilegt að fá að vita, svona nokkurn veginn, hvað þeir munu vera margir. Nú hefur hæstv. ríkisstj., eða meiri hl. fjvn., sjálfsagt að tilhlutan hæstv. ríkisstj., fallizt á að leggja til við Alþ., að veittar verði 10 millj. kr. í þessu skyni. Ég met það mjög mikils, að fjárveiting fer af stað. Það er viðurkenning á þörfinni og það boðar, að sjálfsagt verði betur gert síðar. Þetta er mikils virði, en hins vegar álít ég, að þær 10 millj. í þessu skyni sé svo lítil upphæð, ef skólanemendur eiga að njóta þess nokkurn veginn allir, sem hafa hliðstæðan rétt á því, hún sé svo lítil, að það sé varla á nokkurs manns færi að skipta henni. Ég geri varla ráð fyrir því, að hv. fjvn. eða hæstv. ríkisstj. ætli sér að skipta þessari upphæð til einhverra örfárra nemenda, kannske í einhverjum tveimur til þremur skólum. Það get ég ekki skilið. Hafi henni nú dottið í hug, hæstv. ríkisstj., að þetta væri sæmilegt til þess að fullnægja hugmynd hv. 9. þm. Reykv., sem nefndi í sinni framsöguræðu 5–10 millj., þá geta menn séð, hvað þetta muni geta fallið í margra hlut. Ef hver þeirra ætti að fá svona að meðaltali 25 þús., sem er sannarlega full þörf á, því að þessi kostnaðarmismunur er ákaflega mikill, þá reiknast mér til, að það séu í hæsta lagi 400 nemendur í landinu, sem gætu hlotið þessa fjárhagsaðstoð, en í Kennaraskólanum einum voru 500 nemendur í fyrra utan af landi. Á þessu geta menn nú bara séð, hversu þetta er auðvelt. Ef aftur á móti gerð er áætlun um þennan fjölda nemenda í skólum landsins yfirleitt, sem verða að dvelja fjarri heimilum sínum, þá er það óneitanlega ákaflega erfitt fyrst maður fær ekkert að vita um þessa rannsókn, sem hefur þó verið framkvæmd, og þar ættu þessar upplýsingar að liggja. Ég hef ásamt félögum mínum í Framsfl. sumum leitazt við að gera einhverja áætlun um þetta, hvað þessir skólanemendur eru margir, og ég undirstrika það, að það er ákaflega erfitt, þegar maður hefur engin gögn í höndum. En ég er hræddur um, að þeir séu aldrei færri en eitthvað milli 6–7 þús., þ.e.a.s. í öllum skólum landsins nema háskólanum, – nemendur í háskólanum hafa sérstaka aðstöðu í þessum efnum, þar sem þeir hafa námsstyrki og námslán annars staðar frá. En ef þetta reyndist nú rétt, ef það reyndist rétt, t.d. að þessir skólanemendur í landinu væru 6500, hvað yrði nú í hlut að meðaltali af 10 millj.? Mér sýnist, að það yrði þá í kringum 1500 kr. Það mundi varla duga til þess að borga ferðakostnað nemenda heiman frá sér og heim. Og búið. Mér finnst þetta svo lág upphæð, að það sé ekki hægt að sætta sig við hana, þó að ég meti mikils að þó var tekin einhver upphæð til í þessu skyni í till. hæstv. fjvn.

Af þessum ástæðum er það, sem ég hef leyft mér að flytja þá brtt., að þessi upphæð hækki í 25 millj. Ég veit, að það er alls ekki fullnægjandi, en ég held, að það verði þá heldur hægt að skipta þessu á skynsamlegan hátt, ef það verður þannig hækkað, heldur en þessari upphæð, sem hér er. Eins og fram hefur komið hér í

umr. þá veit enginn enn, hvernig á að skipta þessu eða hverjir eiga að gera það. En það er alveg sama, hverjir eiga að gera þetta, þeir hljóta að eiga í miklum erfiðleikum, þegar upphæðin er svona lág. Og þar sem þetta mál hefur fengið mjög góðar undirtektir hjá mönnum í öllum flokkum og fær það yfirleitt alls staðar um landið, sem ég hef spurnir af, þá vona ég nú, að hv. þm. sjái sér fært að hækka þessa upphæð að þessu sinni upp í 25 millj. þó að það sé fjarri því, að nálgast það að vera fullnægjandi til þess að jafna aðstöðumun þessara nemenda, því að það hljóta menn að sjá, að hann verður ekkert jafnaður og ekkert í námunda við það með þessu, sem nú er í till. hv. fjvn.

Ég skal, herra forseti, ekki orðlengja þetta frekar. Þetta er ákaflega einfalt mál og ákaflega aðkallandi og nýtur stuðnings, ég held allra manna, ef maður hittir einhvern mann og á þetta er minnzt, svo að það verður áreiðanlega vel séð, ef hv. Alþ. sæi sér fært að hafa þetta aðeins ríflegra, og ég tel mig ekki hafa sýnt mikla frekju í þeirri brtt., sem ég flyt.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil fyrst taka fram, að við fjórir þm. Austf. fluttum við 2. umr. till. um aukin framlög til skólabyggingar á Fáskrúðsfirði, til skólasundlaugar á Reyðarfirði og til gagnfræðaskólabyggingar í Neskaupstað. Við flytjum þessar till. ekki aftur við 3. umr., með sérstöku tilliti til þess, að í framsöguræðu sinni gat hv. frsm. og formaður fjvn. um, að fjvn. hefði mikinn hug á að beita sér fyrir fjárveitingu einmitt til þessara framkvæmda á næstu fjárl., þannig að þær gætu þá tekið fullan skrið. Og sérstök heimild er einnig tekin inn varðandi gagnfræðaskólann í Neskaupstað í till. fjvn. þannig vaxin, að mögulegt er gert að fara af stað með þá byggingu á næsta ári, ef hægt verður að leysa byrjunarerfiðleika í sambandi við fjármál hennar. Í trausti þess, sem þarna hefur komið fram, flytjum við ekki þessar till. nú við 3. umr.

Þá kem ég að því, að ég flyt hér ásamt þremur öðrum þm. till. á þskj. 188 og fjallar hún um það, að Ríkarður Jónsson verði í hópi þeirra, sem heiðurslaun fá á fjárl. Ríkarður Jónsson er einn af fremstu brautryðjendum okkar í höggmyndalist og liggja eftir hann mikil afreksstörf í þeirri grein, sem ómetanlegt gildi hafa fyrir þjóðina. Þá hefur Ríkarður Jónsson með verkum sínum hafið til aukins vegs hina fornu listgrein, tréskurðinn, með þeim hætti, að þjóðkunnugt hefur verið áratugum saman. Störf Ríkarðar Jónssonar eru annars svo alkunn og viðurkennd, að ég mun ekki auka neinu við þekkingu hv. þm. á þeim með því að mæla fleiri orð um þetta, en það er von okkar flm., að sem flestir hv. þm. fallist á að sýna listamanninum þann sóma að bæta honum í þann fríða hóp, sem sérstök laun eru ætluð á 4. gr. fjárl.

Svo vil ég áður en ég fer í sæti mitt minna á, að ég tók áðan fram í fyrir hv. þm. Vestf., þegar hann mælti fyrir till., sem forsetar þingsins flytja um að gera málverk af atburðinum á Þingvöllum 1944, þegar lýðveldi var sett á fót, og málverk af kristnitökunni, og sagði í því sambandi, að rétt væri að hafa í huga hinn glæsilega þátt Þorgeirs Ljósvetningagoða í því máli öllu saman. Ég skaut þá inn í „og Síðu-Halls", og gerði það mjög svo af ásettu ráði, og ætla að koma því inn í þingtíðindin, hvers vegna ég gerði það. Ekki dettur mér í hug að draga neitt úr þeirri sæmd, sem Þorgeir Ljósvetningagoði á að njóta fyrir þátt sinn í lausn kristnitökumálsins, en ég vil, að menn geri sér grein fyrir því, að kristnitakan var ekki eins manns verk. Ég tel engan vafa á því, að séu heimildir grandskoðaðar og eðli málsins athugað, kemur í ljós, að kristnitakan var samningamál á milli flokka á Alþ. Íslendinga og aðalsamningamennirnir voru tveir. Annars vegar Síðu-Hallur, fyrir kristna flokkinn, og hins vegar Þorgeir Ljósvetningagoði, fyrir heiðna flokkinn, og það er ekkert um að villast, að það, sem Þorgeir Ljósvetningagoði lagði fram, var niðurstaðan af þeim samningaviðræðum, sem átt höfðu sér stað, þar sem þessir tveir menn voru aðal oddvitarnir en höfðu svo að sjálfsögðu samráð við sína flokksmenn. Um þetta tel ég ekki þurfa að efast, en ég greip fram í vegna þess, að ég hef oft orðið var við einmitt þann skilning, að kristnitakan – sjálf ákvörðunin – hafi verið eins manns verk, verk Þorgeirs Ljósvetningagoða. Vitanlega var hún hans verk og annarra manna, – sennilega tveggja manna verk mest, þessara tveggja manna. En það kom í hlut Þorgeirs Ljósvetningagoða að segja þessa gerð upp. Ég legg áherzlu á að koma þessu inn í þingtíðindin, vegna þess að ég álít, að það málverk, sem að sjálfsögðu á að gera af kristnitökunni, eigi að bera einmitt þetta með sér og að það sé mjög þýðingarmikið. Ég hygg, að hér geti varla verið um misskilning að ræða á því, sem fram fór. Eftir þeirri reynslu, sem ég og aðrir hafa af því, hvernig farið er með vandamál á þingum, þá hlýtur þetta að vera kjarni málsins varðandi meðferð þess. Ég legg áherzlu á, að þessu verði ekki gleymt. Þá vil ég lýsa því yfir, að ég er mjög mikill stuðningsmaður þess, að komið verði upp þeim sögulegu málverkum, sem hv. þm. ræddi um, og sjálfsagt einhverjum fleirum.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég vil fyrst við þessa 3. umr. minna á till., sem ég flutti við 2. umr. þessa máls, um aukið framlag til gæzluvistarsjóðs, 5 millj. kr. Ég tók þessa till. aftur við 2. umr., áður en atkvgr. fór fram, í þeirri von, að hv. fjvn. mundi eitthvað líta á þetta mál. Sú von hefur brugðizt, engar till. hafa verið gerðar um hækkun fjárveitingar í þessu skyni, og kemur þá mín till. að sjálfsögðu til atkv. nú við þessa umr. Ég hef ekki enn gefið upp alla von um það, að einhver leiðrétting fáist á þessum málum, en ég ætla ekki að endurtaka þann rökstuðning, sem ég flutti hér við 2. umr. um þá brýnu nauðsyn, sem á því er að gera gæzluvistarsjóði auðveldara að rækja það mikilvæga hlutverk, sem honum er fengið, að byggja lækningaheimili fyrir drykkjusjúklinga. En það, sem ég ætla að segja hér í aðeins örfáum orðum, er það, að á því þskj., sem búið er að samþ., að komi til afgreiðslu hér, án þess að því hafi verið útbýtt, hef ég ásamt hv. 5. þm. Vestf. flutt örlitla brtt. við fjárl. Þessi till. er ákaflega einföld og ég hygg, að það komi þá ekki að sök, þó að þm. hafi ekki skjalið fyrir framan sig, þegar hún er rædd, en till. er um það, að Þjóðdansafélagi Reykjavíkur verði veittur ofurlítill utanfararstyrkur, 105 þús. kr., eins og félagið hefur farið fram á í bréfi til fjvn. 29. okt. s.l., án þess að hafa fengið áheyrn hjá þeirri hv. n.

Hér í borginni er, eins og ég hygg, að flestum hv. þm.

sé kunnugt, starfandi mjög fjölmennur félagsskapur, sem nefnist Þjóðdansafélag Reykjavíkur. Félagið hefur lagt mikið af mörkum bæði í fé og þó einkum í vinnu félagsmanna til að kanna og safna efni, sem ella hlaut að glatast íslenzkri menningu að meira eða minna leyti, eða var lítt þekkt og óaðgengilegt. Þannig má t.d. nefna viðhafnarbúninga þjóðarinnar á liðnum öldum, leiki hennar og dansa. Þjóðdansafélag Reykjavíkur hefur látið gera allmarga slíka búninga eftir vandlega athugun heimilda, þjóðbúninga frá ýmsum tímum, og þessir búningar eru bæði mikilsverð þjóðleg erfð og vinsælt skoðunarefni auk þess gildis, sem þeir hafa fyrir félagið sjálft í starfi þess. Félagið hefur einnig fest kaup á fágætum gripum tilheyrandi þessum búningum, þegar þess hefur verið kostur. Tvær konur, Sigríður Valgeirsdóttir og Minerva Jónsdóttir, hafa lengi unnið að söfnun leikja og dansa með stuðningi frá Þjóðdansafélagi Reykjavíkur. Árangur starfs þeirra er bók, sem kom út 1959, Þjóðdansar I, og Gamlir dansar, sem kom út árið 1968. Þessar konur hafa ferðazt um landið í þessu skyni og safnað efni, sem mundi glatast með þeirri kynslóð, sem nú er að hverfa. Sýning þjóðdansa, innlendra og erlendra, er væntanlega sá hluti félagsstarfseminnar samt, sem kunnastur er. Á bak við stærri sýningar félagsins liggur gífurlegt starf margra félagsmanna og þær kosta einnig óhemjumikið fé. Stórfelldur halli varð á sýningum félagsins í Þjóðleikhúsinu vorið 1969, þegar það sýndi þar ýmsa dansa, þrátt fyrir það, að húsið var því sem næst fullskipað áhorfendum í þau þrjú skipti, sem sýningarnar fóru fram, og öll vinna félagsmanna var ókeypis. Það sýnir, hversu mikill kostnaður fylgir starfsemi þessa félags. Vonlaust er, að sýningarferðir út um land geti borið sig, þó hafa slíkar ferðir verið nokkrum sinnum farnar og þær hafa notið gífurlegra vinsælda, en félaginu væri mikil nauðsyn á því að hafa meira bolmagn til þessarar þjónustu við landsbyggðina. Þjóðdansafélag Reykjavíkur hefur kostað miklu til kynningar íslenzkra þjóðdansa erlendis við góðan orðstír, og einnig til gagnkvæmrar fyrirgreiðslu við þjóðdansaflokka frá öðrum þjóðum, sem hingað hafa komið, einkum Norðurlöndunum.

Ég skal ekki eyða tíma þingsins til þess að fara frekar yfir starfsemi þessa félags, sem ég hygg, að sé hin merkasta og hafi notið tiltölulega mjög lítils opinbers stuðnings, en það má geta þess, að undanfarin ár hefur Þjóðdansafélag Reykjavíkur haft á fjárl. 7 þús. og síðan 8 þús. kr. árlegan styrk, sem nú hefur verið hækkaður í 15 þús. kr. Einnig hefur Reykjavíkurborg sýnt þessu félagi nokkurn stuðning og ég hygg, að það hafi verið 15 þús. kr. nú s.l. ár. Þegar hafður er í huga ýmis annar styrkur, sem opinberir aðilar veita, án þess að ég ætli að fara að gera neinn samanburð á því hér, þá hygg ég, að þetta félag hafi verið mjög létt á fóðrum, sérstaklega þegar þess er gætt hversu miklu menningarlegu hlutverki félagið hefur gegnt og gegnir, því að það er víst, að í rótleysi nútímans þá er þjóðleg erfð eitt af því, sem við þurfum vel að geyma. Þetta félag hefur unnið merkt starf í því. Nú er ráðgert, að þetta félag taki þátt í þjóðdansamóti Norðurlanda, sem haldið verður í Stokkhólmi á komandi sumri. Slík mót eru haldin þriðja hvert ár. Þátttaka í þessum mótum hefur alltaf verið mjög mikil og það er talið, að um 5000 manns muni sækja þetta mót, og er þá miðað við reynslu s.l. ára. Tvívegis hefur Þjóðdansafélag Reykjavíkur sótt slík mót, 1963 og 1966, og þegar félagið hefur sótt um utanfararstyrki til ríkissjóðs, það var árið 1955 vegna alþjóðaþjóðdansamóts í Osló og 1963 vegna Norðurlandamóts, þá greiddi ríkissjóður sem svaraði ¼ hluta ferðakostnaðar. Sú beiðni, sem hér liggur fyrir og ég hef leyft mér að gera hér till. um, er einmitt um sams konar fyrirgreiðslu ¼ hluta ferðakostnaðar þess hóps, sem ráðgert er að senda á þetta mót, 30 manns. Reykjavíkurborg hefur nokkuð komið til móts við félagið og veitt sérstaklega 25 þús. kr. utanfararstyrk af þessu tilefni.

Ég leyfi mér að skírskota til þess, sem ég hef hér sagt um starfsemi félagsins og gildi þess starfs, sem þar er haldið uppi, og fara fram á það við hv. alþm., að þeir taki þátt í þessari kynningu þjóðlegrar menningar og erfða, sem félagið ætlar sér að sýna frændum okkar á Norðurlöndum á n.k. sumri, með því að verða við því að taka þátt í ferðakostnaðinum að þessu leyti og ætla 105 þús. kr. styrk af þeim 8000 millj. kr. fjárl., sem hér á að taka til endanlegrar afgreiðslu í dag eða á morgun.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég er hér flm. ásamt 2 þm. öðrum að fjórum till. á þskj. 185. 1. till. fjallar um það að hækka framlag til Iðnskólans í Reykjavík úr tæpl. 4.4 millj. kr. í 6 millj. kr. Eins og hv. þm. er kunnugt, voru á þingi 1963 sett ný iðnfræðslul. sem vafalaust voru mjög til bóta og stefndu í rétta átt, en hins vegar hefur framkvæmdin ekki gengið eins hratt og skyldi. Í þessum l. var gert ráð fyrir því að koma upp við iðnskólana sérstökum verknámsdeildum, sem skyldu að vissu leyti leysa af hólmi nám iðnnema hjá meisturum, þannig að þeir, sem stunduðu nám í 8 mánuði í verknámsdeild, skyldu fá nám sitt stytt hjá meisturum í eitt ár. Þetta var tvímælalaust spor í rétta átt, bæði á þann veg, að þetta tryggði eða tryggir tvímælalaust betri menntun iðnnema, auk þess sem sú kvöð styttir það að vinna mjög lengi fyrir takmarkað kaup hjá meistara. Hér við Iðnskólann í Reykjavík er framkvæmd iðnfræðslulöggjafarinnar að þessu leyti ekki komin lengra en það, að það er tekin fyrir nokkru til starfa sérstök deild fyrir málmsmiði eða málmsmíðadeild, en í innréttingu er húsnæði, sem á að vera fyrir trésmíðadeild og fyrir verknámsdeild bifvélavirkja og rafvirkja. Stjórnendur iðnskólans munu að þessu sinni hafa sótt um 12 millj. kr. fjárveitingu til ríkis og bæjar og mér skilst, að sú fjárveiting ætti að nægja til þess að gera þessar tvær deildir starfhæfar, þ. e. verknámsdeild fyrir trésmíðanema og verknámsdeild fyrir bifvélavirkja og rafvirkja. Samkvæmt þessu ætti framlag ríkisins að vera um 6 millj. kr. eða helmingur þess, sem stjórnendur iðnskólans hafa farið fram á. Hins vegar er í till. hv. fjvn. ekki gert ráð fyrir hærri fjárveitingu en 4.4 millj. kr. Það er þess vegna sem við flm. leggjum það til, að þessi fjárveiting verði hækkuð í 6 millj. Hér er svo hóflega í sakirnar farið og jafnframt um svo mikið nauðsynjamál að ræða, að við treystum því, að hv. alþm. fallist á þessa till. Það er búið að halda margar snjallar og fagrar ræður um það hér á Alþ. í sambandi við EFTA-málið og mörg önnur mál, hve

mikilvægt það sé að auka iðnmenntunina, því að hún sé ein mikilvægasta undirstaðan að aukinni iðnþróun í landinu og þess vegna treystum við flm. á það alveg sérstaklega, að þessari till. verði vel tekið.

Tvær næstu till., sem við flytjum, þremenningarnir, eru um að hækka framlagið til eflingar iðnþróunar, úr 2.5 millj. kr. í 5 millj. kr., og að hækka framlagið til að stuðla að nýjungum í iðnaði, úr 2.5 millj. kr. í 5 millj. kr. Eins og sést á því, hvernig þessir liðir eru orðaðir í fjárl., þá er ætlazt til, að það fé, sem er veitt samkvæmt þeim, verði notað með nokkuð mismunandi hætti til eflingar iðnaði og nýjum iðngreinum í landinu. Það liggur nú ljóst fyrir, að þörf er fyrir stóraukið fjármagn í þessum efnum, ef úr aðild að EFTA verður, sem gert er ráð fyrir, að verði samþ. innan fárra daga hér á Alþ. Ef við eigum að standast þá raun, sem þessari aðild mun fylgja, þá er óhjákvæmilegt, að við gerum stórt átak til þess að auka iðnþróunina og bæta aðstöðu iðnaðarins á margvíslegan hátt, og þess vegna er það tvímælalaust, að þó að við flm. förum hér fram á verulega hækkun, eða helmingshækkun þessa framlags, þá þyrfti það að vera miklu meira, ef rétt væri. En við töldum ekki líklegt, að öllu meiri hækkun en þetta mundi fást fram og stilltum þess vegna till. okkar svo í hóf sem raun ber vitni. En vegna þess viljum við vænta þess, að þessar till. hljóti góðar undirtektir hjá hæstv. fjmrh. og þingmeirihl.

Fjórða og seinasta till., sem við flytjum, er á þá leið, að tekinn verði upp nýr liður til námskeiða fyrir iðnverkafólk, 500 þús. kr. Það hefur oft verið vikið að því, m.a. í sambandi við EFTA-umræðurnar, hve nauðsynlegt það væri að veita iðnverkafólki okkar meiri þjálfun og aðstöðu til þess að öðlast meiri menntun í sínu starfi. Það hefur nokkuð verið rætt um þetta, m.a. í sambandi við iðnskólana og talað um að taka þar upp námskeið fyrir iðnverkafólk, og sérstaklega mun það hafa verið athugað í því sambandi að efna til námskeiðs fyrir starfsfólk í fataiðnaði. Hins vegar hefur ekkert framlag verið veitt til þessarar starfsemi sérstaklega á fjárl. Ég hygg, að í þeim rekstrarkostnaði, því yfirliti yfir rekstrarkostnað, sem stjórnendur iðnskólans hafa sent til menntmrn., hafi verið gert ráð fyrir nokkru framlagi til slíks námskeiðahalds, en það ekki verið tekið upp í fjárl. né till. fjvn. um þetta efni. Þess vegna leggjum við þremenningarnir til, að þessi nýi liður verði tekinn upp, námskeið fyrir iðnverkafólk, og varið verði til hans ½ millj. kr. Það er að sjálfsögðu ekki há upphæð, en þó sennilega nógu há upphæð til þess að unnt ætti að vera að hefja þessa starfsemi á þessu ári. En till. okkar er að sjálfsögðu þannig skorin við nögl, að við væntum þess, að þá verði auðveldara að fá hana samþ. hér á Alþ. og hún finni náð fyrir augum hæstv. fjmrh. og hæstv. stjórnarmeirihluta. Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þessar till. að sinni, en vænti þess, að þær fái góðar undirtektir hjá hv. alþm.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Ég hef veitt því athygli, að á þskj. 154, við 2. umr. málsins, hefur orðið nokkur misprentun við 4. tölulið. Undir liðnum „Ferjubryggjur" stendur: Kleifar í Kollafirði lokagreiðsla, en átti að standa Kleifar í Kollafirði og orðið lokagreiðsla að falla niður, þar sem hér er ekki um lokagreiðslu að ræða. Ég vænti, að þessi orðalagsbreyting verði leiðrétt við prentun fjárl.

Út af ræðu hv. 11. þm. Reykv. varðandi fjárveitingu til Þjóðdansafélagsins, vill fjvn. leyfa sér að flytja sérstaka skriflega till., sem hún óskar eftir, að forseti leiti afbrigða fyrir, en till. er þannig, að við 4. gr. 1 06 999 komi nýr liður, sem verður þá töluliður 57: Til Þjóðdansafélagsins, vegna utanferðar, 50 þús. kr.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 196, 198, 199, 200, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Á þskj. 196 ber ég fram ásamt 1. þm. Austf., 5. þm. Austf. og 4. þm. Austf. eina litla brtt. og vil ég leyfa mér að gera grein fyrir henni með örfáum orðum.

Fjárl., sem nú er fjallað um, eru mjög yfirgripsmikil, og hv. fjvn. vannst ekki tími til að bera fram till. um nokkra þætti fjárlagafrv. fyrr en nú við 3. umr. Þannig er því farið um fjárveitingar til fyrirhleðslna. Það var fyrst á fundi í gær, að því þskj. var útbýtt, þar sem sundurliðun á þessum fjárveitingum liggur fyrir. Það mun mörgum finnast, að þær fjárveitingar séu of smáar, miðað við þau verkefni, sem leysa þarf af hendi í þessu efni, en út í það ætla ég ekki að fara. Ég veit, að hv. fjvn. hefur gert sitt bezta að taka tillit til þeirra erinda, sem fyrir henni lágu, og hefur reynt að gæta þar jafnræðis, eftir því sem kostur var á. En við að athuga þessar till. þá virðist okkur flm. brtt. á þskj. 196, að það hafi fallið niður liður, sem við teljum mjög nauðsynlegt, að komi inn í þennan kafla um fyrirhleðslur. Það er fyrirhleðsla við Skarðsá í Breiðdal. Þetta er ekki stórt verk, en þó þess eðlis, að dómi okkar flm. þessarar till., að full þörf er á, að það verði unnið á næsta ári. Þeir, sem þarna eiga hlut að máli heima í héraði, fóru þess á leit við okkur þm. Austf., að fjárveiting yrði tekin upp í þessu skyni í fjárl. ársins 1969, en það erindi barst okkur þá mjög seint í hendur, og hafði það áhrif á, að það tókst ekki að taka þetta upp í fjárlög þessa árs. Þó að þessi liður hafi ekki komið inn í fyrirhleðslukaflann í till. fjvn., þá viljum við vænta þess, að þessi litla till. okkar mæti góðum skilningi hér við lokaafgreiðslu málsins.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Hv. fjvn. hefur nú flutt skriflega brtt., sem búið er að samþykkja að taka hér á dagskrá með afbrigðum um það, að til Þjóðdansafélags Reykjavíkur verði veittar 50 þús. kr. vegna utanfararstyrks á þjóðdansamót, sem halda á í Stokkhólmi á þessu sumri, og í tilefni af þeim tillöguflutningi vil ég lýsa því yfir fyrir mína hönd og hv. 1. þm. Vestf., að brtt. okkar á þskj. 189, II, þar sem gert var ráð fyrir 105 þús. kr. fjárveitingu í þessu skyni, er tekin aftur. Jafnframt vil ég færa fjvn. þakkir okkar fyrir að hafa tekið málaleitan okkar til greina. Þó að ég hefði að vísu kosið, að hægt hefði verið að koma til fulls til móts við hana, þá met ég þessa fjárveitingu og lít á hana sem viðurkenningu á starfi þessa félags, sem ég reyndi að gera grein fyrir í örstuttu máli við umr. hér fyrr í dag.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 25. fundi í Sþ., 17. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 172, 176, 177, 185, 187, 188, 189, 196, 198, 199, 200).

ATKVGR.

Brtt. 185,I. 1 samþ. með 32 shlj. atkv.
– 176, 1 samþ. með 31 shlj. atkv.
– 185,I. 2–4 samþ. með 31 shlj. atkv.
– 176,2–5 samþ. með 32 shlj. atkv.
– 189,I felld með 31:25 atkv.
– 176,6 samþ. með 42 shlj. atkv.
– 185,II felld með 31:27 atkv.
– 176,7–10 samþ. með 38 shlj. atkv.
– 188,I samþ. með 35:17 atkv.
– 188,II felld með 31:18 atkv.
– 176, 11–12 samþ. með 54 shlj. atkv.
– 189,II tekin aftur.
– 200 samþ. með 51 shlj. atkv.
– 176,13 samþ. með 33:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MÁM, PJ, PS, SB, SI, StG, SvG, SvJ, AuA, AJ, BGr, BK, BBen, BGuðm, BJ, BrS, Eggþ, EmJ, FÞ, GuðlG, EKJ, GÞG, HV, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, BF, MB.

nei: SP, EðS, GeirG, SGG, GíslG, IG, MG, KGuðj, LJós, MK.

ÓlJ, PÞ, SE, SV, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BP, EÁ, EystJ, HS, JSk greiddu ekki atkv.

3 þm. (ÞG, BFB, JónasÁ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Þar sem innganga í Fríverzlunarsamtök Evrópu hefur ekki verið samþykkt á þingi, segi ég nei.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Ríkisstjórn Íslands hefur á hverjum tíma heimild til þess að standa undir þeim greiðslum, sem Alþ. kann að leggja landssjóði eða ríkissjóði á herðar, eftir að fjárlög eru afgreidd, og inngangа Íslands í EFTA hefur alls ekki verið samþykkt. Því segi ég nei.

Brtt. 176, 14–18. c. 25 samþ. með 42 shlj. atkv.
– 196 samþ. með 49 shlj. atkv.
– 176, 18. c. 26–20 samþ. með 45 shlj. atkv.
– 189, III felld með 30:23 atkv.
– 176,21 samþ. með 44 shlj. atkv.
– 189,IV felld með 30:20 atkv.
– 187,1 felld með 30:27 atkv.
– 176,22–23 samþ. með 42 shlj. atkv.
– 188, III. 1 samþ. með 38 shlj. atkv.
– 176,24–26 samþ. með 45 shlj. atkv.
– 185, III. 1 samþ. með 36 shlj. atkv.
– 176,27–28 samþ. með 49 shlj. atkv.
– 185,III. 2 samþ. með 41 shlj. atkv.
– 176, 29–33 samþ. með 43 shlj. atkv.
– 189,V felld með 30:17 atkv.
– 198 felld með 31:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KGuðj, LJós, MK, ÓlJ, PÞ, SE, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, BJ, BP, EðS, EÁ, EystJ, GeirG, SGG, GíslG, HV, MHG.

nei: JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, PJ, PS, SB, SI, StG, SvG, SvJ, AuA, AJ, BGr, BK, BBen, BGuðm, BS, Eggþ, EmJ, FÞ, GuðlG, EKJ, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, BF.

JSk, ÁB, BGuðbj, HS, IG greiddu ekki atkv.

3 þm. (JónasÁ, ÞG, BFB) fjarstaddir.

Brtt. 176,34 samþ. með 39 shlj. atkv.
– 185,IV. 1–2 felld með 30:26 atkv.
– 176,35 samþ. með 47 shlj. atkv.
– 185,IV. 3 felld með 31:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BJ, BP, EðS, EÁ, EystJ, GeirG, SGG, GíslG, HS, HV, IG, MHG, JSk, KGuðj, LJós, MK, ÓlJ, PÞ, SE, SV.

nei: StG, SvG, SvJ, AuA, AJ, BGr, BK, BBen, BGuðm, BrS, Eggþ, EmJ, FÞ, GuðlG, EKJ, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, PJ, PS, SB, SI, BF.

3 þm. (BFB, JónasÁ, ÞG) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ríkisstj. hefur þetta mál til athugunar. Á þessu stigi er ekki tímabært að ákveða fjárveitingu, og segi ég því nei.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ríkisstj. hefur þegar ákveðið að skipa n. til þess að vinna að undirbúningi mála, svo sem aukinni fræðslu iðnverkafólks, endurhæfingu iðnverkafólks og sérstakra bóta til iðnverkafólks, sem komið er á vissan aldur eða yfir vissan aldur og þarf að hætta störfum vegna breytinga í iðnaðinum, og hugsar sér að leggja till. um þetta fyrir Alþ., sem kemur saman eftir áramótin, að svo miklu leyti sem það þarf að koma til kasta Alþ., bæði efnislega og einnig í sambandi við fjárveitingar, og er því ekki tímabært að ákveða fjárveitingar nú í þessu sambandi, og segi ég nei.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vísa til yfirlýsingar hæstv. iðnmrh., tel enda, að hér sé um of lága fjárhæð að ræða, og segi því nei.

Brtt. 176,36 samþ. með 46 shlj. atkv.
– 189,VI felld með 28:23 atkv.
– 177,1–5 samþ. með 42 shlj. atkv.
– 199 samþ. með 40:7 atkv.
– 176,37 samþ. með 35 shlj. atkv.
– 185,V samþ. með 46 shlj. atkv.
– 187,2 felld með 31:25 atkv.
– 188,III. 2 samþ. með 37 shlj. atkv.
– 189.VIII felld með 30:19 atkv.
– 189.VII, til vara, felld með 32:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BJ, BP, EÁ, EystJ, SGG, GíslG, HS, HV, IG, JSk, KGuðj, LJós, MK, ÓlJ, PÞ, SE, SV, SP, MHG.

nei: SvG, SvJ, AuA, AJ, BGr, BK, BBen, BGuðm, BrS, EðS, Eggþ, EmJ, FÞ, GuðlG, EKJ, GÞG, IngJ,

JóhH, JónÁ, JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, PJ, PS, SB, SI, StG, BF.
GeirG greiddi ekki atkv.
3 þm. (BFB, JónasÁ, ÞG) fjarstaddir.

Skipting lögboðinna og ólögboðinna eftirlauna og styrktarfjár með áorðnum breytingum (sjá þskj. 176) samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 210).

4. Norðurlandasamningur um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði.

Á 19. fundi í Ed., 27. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að láta öðlast gildi samkomulag milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breyt. á Norðurlandasamningnum frá 6. febr. 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð [104. mál] (stjfrv., A. 124).

Á 20. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 21. fundi í Ed., 4. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, er um það að öðlast megi lagagildi samkomulag milli Norðurlandanna – Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar – um breytingu á Norðurlandasamningi um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð. Ákvæði þau, sem hér er um að ræða, eiga að koma til endurskoðunar á eldri ákvæðum í sambandi við endurskoðun hjúskaparlöggjafarinnar, sem staðið hefur yfir undanfarið ár á milli Norðurlandanna. Þau eru einkum í sambandi við lýsingu og reglur í sambandi við stofnun hjúskapar og loks eru samræmd ákvæði í sambandi við slit hjúskapar. Aðaltilgangurinn er sá, að samræma reglur Norðurlandanna á þessu sviði, eins og á svo mörgum öðrum sviðum, sem unnið hefur verið að á undanförnum árum.
Ég hygg, að þetta mál ætti ekki að valda neinum ágreiningi, og leyfi mér að leggja til, herra forseti, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 124, n. 169).
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 26. fundi í Ed., 15. des., var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Með frv. þessu er lagt til að heimila ríkisstj. að staðfesta samkomulag milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð. En það samkomulag, sem tekizt hefur um breytingar á þessum samningi, varðar einkum könnun hjónavígsluskilyrða, lýsingu, hjónavígsluna sjálfa og ógildingu hjúskapar. Ýtarleg grein er gerð fyrir efni þessa samkomulags í aths. við frv. og sé ég ekki ástæðu til að rekja það frekar. Frv. var vísað til allshn. og var n. sammála um að mæla með því, að frv. hljóti samþykki.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 25. fundi í Nd., 15. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 26. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 124, n. 201).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Frv. þetta er um heimild fyrir ríkisstj. til þess að láta öðlast gildi samkomulag milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð. En það samkomulag, sem tekizt hefur um breytingar á þessum samningi, er um endurskoðun hjúskaparlöggjafarinnar, einkum í sambandi við lýsingu og reglur við stofnun hjúskapar. Enn fremur hafa verið samræmd ákvæði um slit hjúskapar. Ýtarleg grein er gerð fyrir nánara efni þessa samkomulags í aths. við frv., sem ég sé ekki ástæðu til þess að rekja frekar.
N. hefur haft frv. til athugunar og er sammála um að leggja til, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 213).

5. Bjargráðasjóður Íslands (hækkun framlaga til sjóðsins).

Á 20. fundi í Ed., 2. des., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 82 29. des. 1967, um Bjargráðasjóð Íslands [106. mál] (stjfrv., A. 129).

Á 21. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem liggur fyrir, hefur að geyma tvær meginbreyt. Í fyrsta lagi er lagt til, að framlag sveitarfélaga og ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs verði hækkað um 100% eða tvöfaldað. Gjaldið er nú 25 kr. á hvern íbúa, sem sveitarfélögin greiða af til sjóðsins. Ríkissjóður leggur jafnháa fjárhæð fram eins og samanlögð framlög sveitarfélaganna eru á hverju ári. Gjaldið hækkar þannig úr 25 kr. á íbúa í kr. 50.

Svo sem kunnugt er starfar Bjargráðasjóður í þremur deildum, þ.e. sameignadeild, séreignadeild og afurðatjónadeild. Samkv. núgildandi lögum er heimild fyrir Bjargráðasjóðsstjórn að lána fé frá einni deild til annarrar. Með frv. þessu er lagt til, að sjóðsstjórninni sé heimilt að lána þannig fé frá einni deild til annarrar án vaxtagreiðslu. Samkv. núgildandi lögum er skylt að greiða vexti af slíku fé.

Samkvæmt l. nr. 8 frá 1961 var gjald Bjargráðasjóðs aðeins 5 kr. á íbúa. Með l. nr. 82, 1967 var gjaldið *tvöfaldað og hækkað úr 5 kr. í 10 kr. á hvern íbúa.* Ástæðan til þessarar hækkunar var hið afar mikla kal, sem orðið hafði á Austurlandi og olli því, að fóðuröflun í þeim landshluta varð hverfandi lítil, svo að grípa þurfti í þessum landshluta til róttækrar aðstoðar, sem Bjargráðasjóður gat þá með engu móti innt af höndum án mikillar aukningar á tekjum sjóðsins. Með l. nr. 84 1968 var gjaldið enn hækkað úr kr. 10 í kr. 25. Enn var ástæðan fjárþrot Bjargráðasjóðs til þess að veita aðstoð vegna einstakra harðinda af völdum íss og kulda í stórum landshlutum norðanlands og á Norðausturlandi. Nú er sem sagt lagt til, að gjaldið verði enn hækkað úr kr. 25 í kr. 50 vegna harðæris og óþurrka á síðasta sumri eins og öllum er í fersku minni. Að þessu sinni herjaði ólánið á stærri hluta landsins en nokkru sinni fyrr, þar eð hér var um að ræða landsvæði frá Fáskrúðsfirði vestur og norður til Skagafjarðarsýslu.

Nú liggur fyrir athugun sérstakrar n., sem starfað hefur á vegum landbrn. undanfarin 2 ár, á ástandinu. Nefnd þessi kallast harðærisnefnd og er það áreiðanlega sannnefni. Samkv. athugun hennar er þörf aðstoðar *nú samtals um 80 millj. kr., sem skiptist í* vaxtalaus lán til 7 ára að fjárhæð tæplega 76 millj. kr. og heyflutningastyrki, sem áætlaðir eru um 5 millj. kr. Sem fyrr hefur Bjargráðasjóður ekki fé til þessarar aðstoðar, sem talið er lágmark þess, sem veita verður, svo að landbúnaður leggist ekki með öllu niður í þeim sveitum, sem harðast urðu úti. Harðærisnefnd leggur til, að vandinn verði leystur með lántökum Bjargráðasjóðs með venjulegum útlánavöxtum. Hefur nefndin og landbrn. útvegað nauðsynleg lán honum til handa. Öll harðærislán, sem Bjargráðasjóður hefur veitt til þessa, eru til 5 ára og vaxtalaus. Nú er lagt til, að harðærislánin verði til 7 ára. Afborgunarlaus næstu 2 árin, en greiðist síðan á 5 árum og að sjálfsögðu vaxtalaus þann tíma. Það er þess vegna augljóst, að sjóðurinn getur ekki innt hlutverk sitt af hendi án stóraukinna tekna, eins og lagt er til, að hann fái með frv. þessu, ef það verður að lögum.

Frv., sem liggur fyrir, er samið af harðærisnefnd. Í aths. við frv. segir m. a. svo: „Framlög til Bjargráðasjóðs hafa ekki hækkað til samræmis við verð- og kauphækkanir í landinu. Verði frv. þetta að l., verður framlag á íbúa svipað og það var, fyrst þegar l. voru sett, sé miðað við tímakaup verkamanna.“

Svo virðist sem við búum nú við árferði, sem er verulega harðara en það árferði, sem ríkt hefur hér um 40–50 ára skeið, og ekki sé ástæða til að vænta bata í framtíðinni á því sviði. Samkvæmt því verður í framtíðinni að gera ráð fyrir nauðsyn aðstoðar sem er hlutverk Bjargráðasjóðs að veita. Þessi endurtekna tekjuaukning sjóðsins er því ekki að ófyrirsynju.

Að lokum er rétt að gera stutta grein fyrir styrkjum og lánum, sem Bjargráðasjóður hefur orðið að veita s.l. þrjú ár eða árin 1967–1969. Hér verður greint á milli harðærislána, sem veitt voru að till. harðærisnefndar, og annarra lána. Árið 1967 voru veittar í harðærislán 10060000 kr. Önnur lán 7101000 kr. eða samtals á árinu 1967 17161000 kr. Á árinu 1968 var veitt í harðærislán 5767750 kr. Í önnur lán á því ári 2988500 kr. eða samtals á árinu 1968 8756250 kr. Á yfirstandandi ári, árið 1969 til 1. des., hafa verið veitt í harðærislán 16145000 kr. og í önnur lán á þessum 11 mán. ársins 3593100 kr. eða samtals á árinu 19738100 kr. Á þessum þremur árum hafa þannig verið veitt í harðærislán 31972750 kr., og í önnur lán 13682600 kr. eða samtals alls á þessum þremur árum 45654350 kr. Við harðærislánin á þessu ári eiga eftir að bætast um 25 millj. kr. vegna óáranar á þessu ári. Í byrjun næsta árs er gert ráð fyrir rúml. 50 millj. kr. vegna þessarar óáranar. Öðrum lánum á árinu 1969 má skipta í tvo flokka. Í fyrsta lagi vegna óveðurstjóna, vatnsflóða, bruna og skriðufalla, 2114200. Og í öðru lagi vegna búfjársjúkdóma 1478900 kr. eða samtals 3593100 kr. Styrkveitingum 3 síðustu ára má hins vegar skipta í 3 flokka. Í fyrsta lagi heyflutningastyrkir 9869656 kr. Í öðru lagi styrkir vegna veiðarfæratjóns af völdum hafíss við Norðurland á árinu 1968 1760000 kr. og í þriðja lagi aðrir styrkir 632765 kr. eða samtals 12261788 kr. Hér við er svo þess að geta, að heyflutningastyrkir vegna ársins 1969 verða greiddir og nema þeir um 3.5 millj. til viðbótar áðurnefndri fjárhæð.

Ég tel, herra forseti, ekki þörf á að rekja efni þessa frv. öllu frekar, en legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv., ég hygg félmn. frekar en fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 129, n. 194, 195, 214).

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Frv. það til l. um breyt. á l. um Bjargráðasjóð Íslands, sem liggur fyrir til 2. umr., hefur heilbr.- og félmn. haft til athugunar og mælir einróma með, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem n. flytur á þskj. 195. Ég sé raunar á nál., að þau mistök hafa orðið, að fallið hefur niður nafn eins nm., Axels Jónssonar, en hann hafði tekið sömu afstöðu til málsins og við aðrir nm.

Um frv. sjálft þarf ég ekki að fara mörgum orðum. Hæstv. félmrh. kynnti efni þess rækilega, þegar frv. var lagt fram í þessari hv. d., og þarf ég engu við það að bæta. Hins vegar er rétt að skýra í stuttu máli þá brtt., sem n. flytur, en hún gerir ráð fyrir því, að þau lán, sem Bjargráðasjóður Íslands tekur til þess að endurlána vaxtalaust, skuli undanþegin stimpilgjöldum og ríkisábyrgðargjöldum. Þau lán, sem svo stendur á um, eru jafnan veitt aðilum, sveitarfélögum eða einstaklingum, sem orðið hafa fyrir áföllum af völdum náttúruhamfara, sem tryggingar taka ekki til, og væri því með öllu óeðlilegt að hafa gjöld af slíkum lánum tekjuaukandi fyrir ríkissjóð, og um leið til kostnaðarauka fyrir þá aðila, sem aðstoðarinnar þurfa við. Það er rétt að geta þess um leið, að þessi breyt. er ráðgerð í samráði við þær stjórnardeildir, sem málið snertir. Brtt. er flutt af heilbr.- og félmn., sem eins og áður sagði leggur einróma til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem er að finna á þskj. 195.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 195 (ný 2. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 214).

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 33. fundi í Nd., 19. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr. og var frv. á þskj. 214 útbýtt á fundinum.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. – Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta um Bjargráðasjóð Íslands hefur Ed. afgr. með shlj. atkv., en frv., eins og það liggur nú fyrir, hefur að geyma tvær meginbreytingar. Í fyrsta lagi er lagt til, að framlag sveitarfélaga og ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs verði hækkað um 100% eða tvöfaldað. Gjaldið er nú 25 kr. á hvern íbúa, sem sveitarfélögin greiða af til sjóðsins. Ríkissjóður leggur jafnháa fjárhæð fram eins og samanlögð framlög sveitarfélaganna eru á hverju ári. Gjaldið hækkar þannig úr kr. 25.00 á íbúa í kr. 50.00.

Svo sem kunnugt er starfar Bjargráðasjóður í þremur deildum, sameignadeild, séreignadeild og afurðatjónadeild. Samkv. núgildandi l. er heimild fyrir Bjargráðasjóðsstjórn að lána fé frá einni deild til annarrar. Með frv. þessu er lagt til, að sjóðsstjórninni sé heimilt að lána þannig fé frá einni deild til annarrar án vaxtagreiðslu. Samkv. núgildandi l. er skylt að reikna vexti af slíku fé, en hér er lagt til, að heimilt sé að lána á milli deilda og reikna ekki vexti af því fé, sem þannig er lánað.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er samið af harðærisnefnd, en í aths. við frv. segir m.a. svo: „Framlög til Bjargráðasjóðs hafa ekki hækkað til samræmis við verð- og kauphækkanir í landinu. Verði frv. þetta að lögum, verður framlag á íbúa svipað og það var, fyrst þegar l. voru sett, sé miðað við tímakaup verkamanna."

Svo virðist sem við búum nú við árferði, sem er verulega harðara en það árferði, sem ríkt hefur hér um 40–50 ára skeið, og ekki sé ástæða til þess að vænta sérstaks bata í framtíðinni á því sviði. Samkv. því verður í framtíðinni að gera ráð fyrir nauðsyn aðstoðar, sem er hlutverk Bjargráðasjóðs að veita. Þessi síendurtekna tekjuaukning sjóðsins er því ekki að ófyrirsynju.

Að lokum er rétt að gera stutta grein fyrir styrkjum og lánum, sem Bjargráðasjóður hefur orðið að veita sl. 3 ár eða árin 1967–1969. Hér verður greint á milli harðærislána, sem veitt hafa verið samkv. till. harðærisnefndar, og annarra lána. Á árinu 1967 voru harðærislán 10060000 kr. Önnur lán á því sama ári 7101000 kr., samtals 17161000 kr. Á árinu 1968 voru veitt harðærislán 5767750 kr. og önnur lán á því sama ári 2988500 kr. eða samtals veitt frá sjóðnum 8756250 kr. Á yfirstandandi ári til 1. des. höfðu verið veitt harðærislán 16145000 og önnur lán á þessu tímabili 3593100 eða samtals til 1. des. á þessu ári 19738100 kr. Við harðærislán á þessu ári eiga eftir að bætast um 25 millj. kr. vegna óáranar á þessu ári. Í byrjun næsta árs er gert ráð fyrir rúmlega 50 millj. kr. vegna þessarar óáranar. Öðrum lánum á árinu 1969 má skipta í tvo flokka. Vegna óveðurstjóna, vatnsflóða, bruna og skriðufalla 2114200 kr. Vegna búfjársjúkdóma 1478900 kr. eða samtals 3593100 kr. Styrkveitingum þriggja síðustu ára má skipta í þrjá flokka. Í fyrsta lagi heyflutn.styrkir, sem nema 9869656 kr. Í öðru lagi styrkir vegna veiðarfæratjóns af völdum hafíss fyrir Norðurlandi 1760000 og í þriðja lagi aðrir styrkir 632765 kr. eða samtals 12261778 kr. Hér við er svo þess að geta, að heyflutningastyrkir vegna ársins 1969 verða greiddir og nema þeir um 3.5 millj. kr. til viðbótar áðurnefndri upphæð.

Ég tel ekki, herra forseti, þörf á því að ræða þetta frv. frekar. Það var, eins og ég sagði, afgr. ágreiningslaust í hv. Ed., og ég vil vænta þess, að svo verði einnig hér, og

ef þess væri nokkur kostur, væri, vegna framkvæmda á l., mjög æskilegt, að hægt væri að ljúka afgreiðslu þess, áður en þinghlé verður.

Ég legg til, að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 30:1 atkv.

Á 34. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 129, n. 216).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft frv. það, sem liggur fyrir, til athugunar. Hæstv. félmrh. gerði grein fyrir frv. í framsögu áðan, og sé ég því ekki ástæðu til þess að rekja það efnislega, en n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.

2.–3. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 36 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 217).

---

6. Verðlagsmál.

Á 29. fundi í Nd., 18. des., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. um verðlagsmál, nr. 86 frá 31. des. 1968 [136. mál] (stjfrv., A. 211).

Á 29. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. – Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Efni þessa frv. er mjög einfalt. Í því felst það, ef samþ. yrði, að umboð verðlagsnefndar, þeirrar n., sem fer með verðlagsákvörðun samkv. gildandi l., yrði framlengt um eitt ár eða til ársloka 1970. Mér þykir mjög miður og bið hæstv. forseta og hv. þdm. raunar velvirðingar á því, að þetta frv. skuli ekki hafa verið lagt fyrir þingið fyrr en í gær. Það verður að segja hverja sögu eins og hún gengur, að hér er við okkur í viðskmrn. að sakast. Því hafði ekki verið veitt athygli fyrr en í gær, að ákvæði gildandi l. um valdsvið verðlagsnefndar er tímabundið og valdsvið hennar rennur út um næstu áramót. Með hliðsjón af því, að þessi ákvæði, sem hér er gert ráð fyrir að framlengja, voru samþ., að því er ég bezt man með shlj. atkv. á síðasta þingi, vona ég, að þetta komi ekki að sök. Hér er m.ö.o. ekki um lagaákvæði að ræða, sem neinum ágreiningi hafa valdið í hinu háa Alþ., þegar þau voru sett.

Með hliðsjón af því, hvað efni málsins er einfalt, og ég vona, að sú eining, sem um þetta atriði ríkti á síðasta þingi, gildi enn, vildi ég leyfa mér að mælast til þess, til þess að spara þm. tíma, að málið þurfi ekki að ganga til n. Að sjálfsögðu hef ég ekkert á móti því, að það geri það, ef einhver óskar eftir því, en það mun þá vera fjhn., sem um málið fjallaði nú eins og áður. En í trausti þess, að hér sé ekki nú frekar en áður um neitt ágreiningsmál að ræða, geri ég ekki till. um nefndarskipun, en óska þess, að hið háa Alþ. afgreiði þetta frv., áður en það fer í jólaleyfi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 30. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Efni þessa frv. er mjög einfalt. Í því felst það eitt, að umboð verðlagsnefndar, sem skipuð er samkv. gildandi l. um verðlag, verði framlengt frá 1. janúar n.k. til ársloka 1970. Á síðasta þingi var með shlj. atkv. gerð sú breyting á skipun verðlagsnefndar, að hún skyldi skipuð fulltrúum neytenda annars vegar og framleiðenda og seljenda hins vegar með viðskmrh. í viðskmrn. sem oddamann. Það var ákveðið þá, að þessi skipan skyldi tímabundin og renna út við þau áramót, sem nú eru í vændum. Mér þykir mjög miður, að þetta frv. skuli koma jafnseint fyrir og það kemur, og biðst afsökunar á því. Í þeim efnum er við enga að sakast nema okkur í viðskmrn., sem veittum því ekki athygli fyrr en í fyrradag, að lögin hefðu verið tímasett á síðasta þingi.

Með hliðsjón af, að sú skipan, er tekin var upp í fyrra

á verðlagsnefnd, var ágreiningslaus í hinu háa Alþ., leyfi ég mér að gera mér von um, að þm. fallist á, að þetta frv. hefði greiðan gang í gegnum Alþ. á síðustu dögum þess.

Hv. Nd. varð við ósk minni um þetta efni og samþykkti frv. við þrjár umr. á þrem fundum, sem haldnir voru hver á eftir öðrum síðdegis í gær, og féllst á, að málinu yrði ekki vísað til n. í hv. Nd. Ég vil leyfa mér að mælast til við hv. Ed., að hún fallist á sams konar málsmeðferð, þ. e. a. s. að málinu verði ekki vísað til n., heldur afgreitt héðan í dag í trausti þess, að hér sé ekki að neinu leyti um ágreiningsmál að ræða. Ef hv. þd. óskar eftir því, að málinu verði vísað til n., hef ég að sjálfsögðu ekkert á móti því, og það yrði þá um allshn. að ræða.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 220).

---

7. Húsnæðismálastofnun ríkisins (stjfrv. um íbúðir framkvæmdanefndar).

Á 1. fundi í Ed., 13. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins [2. mál] (stjfrv., A. 2).

Á 3. fundi í Ed., 16. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 26. júní s.l. Eins og segir í hinum prentuðu forsendum þessara brbl., þá fela þau í sér ákvæði um linun á útborgun á þeim hluta þeirra lána, er á umræddum húsum hvíla, sem á að teljast til greiðslu fólksins sjálfs, en það á að hafa til þess tiltekinn tíma, allt að 3 ár. Hvort tveggja kom til, annars vegar það, að nokkuð hafði dregizt að ákveða, hverjum skyldi gefinn kostur á að eignast þessar íbúðir, þannig að fólki hafði ekki gefizt ráðrúm til þess að greiða sinn hluta, þ.e.a.s. 20% af kostnaðarverðinu, á þeim tíma, sem upphaflega var hugsaður til þess – a.m.k. eitt og hálft til tvö ár áður en fólkið flutti inn í íbúðirnar – og svo hitt, að verulega hafði brugðið til hins verra á hinum almenna vinnumarkaði – en hér var að meginhluta verkafólk, sem átti hlut að máli – svo vart þótti hægt að ætlast til þess, að það gæti innt þessar greiðslur af hendi á svo skömmum tíma sem hin upphaflegu ákvæði l. gerðu ráð fyrir. Þess vegna voru umrædd brbl. sett í samráði við forystumenn þess fólks, sem umræddar íbúðir á, og talin því til mjög mikilla bóta. – Forystumenn þessa fólks gera sér góðar vonir um, að með gildistöku l. hafi því verið gert kleift að standa í skilum í framtíðinni.

Þetta er meginefni þessa frv., og ég tel ekki ástæðu til, nema eitthvert sérstakt tilefni gefist, að fara um það fleiri orðum. Málið var nokkuð rætt á opinberum vettvangi, þegar brbl. voru sett, en ég hef þó hvergi heyrt nein andmæli gegn því, nema síður sé. Flestir, sem kynntu sér málið, töldu, að þessi ráðstöfun hefði verið nauðsynleg.

Ég legg því til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 17 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 114, 113).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er flutt til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út á s.l. sumri, en aðalefni þessara brbl. var að breyta lánakjörunum á 1. áfanga hinna svonefndu Breiðholtsíbúða til hagsbóta fyrir kaupendur. Þessu frv. var vísað til heilbr.- og félmn. og hefur n. athugað það og varð sammála um, að mæla með samþykkt þess, þó með breytingu á fyrirsögn frv., en í fyrirsögn þess hafði aðeins verið vísað til heildarlaganna um Húsnæðismálastofnun ríkisins, en láðst hafði að vísa einnig til þeirra breytinga á þessum heildarlögum, sem voru þó forsendur fyrir byggingu þessara svonefndu Breiðholtsíbúða, þar sem kveðið var á um hin sérstöku lánakjör til þeirra. Einstakir nm. áskildu sér þó rétt til þess að flytja brtt. við frv. eða styðja brtt., er fram kynnu að koma.

Upphaf þessa máls má rekja til yfirlýsingar, sem ríkisstj. gaf út um húsnæðismál hinn 9. júlí 1965, en í þessari yfirlýsingu segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir meðlimir verkalýðsfélaga, sem fá kost á að kaupa nær 200 íbúðir á ári, sem að framan greinir, skulu eiga kost á allt að 80% lánum út á verðmæti íbúðanna að meðtöldu gatnagerðargjaldi. Útborgun sé þannig hagað, að 5% greiðast ári áður en inn er flutt, en síðan 5% á ári í 3 ár. Lán húsnæðismálastjórnar út á íbúðir þessar sé afborgunarlaust, meðan á útborgunartíma stendur."

Þetta ákvæði var síðan lögfest, að vísu ekki orðrétt, en mjög svipað efnislega. Það var síðan lögfest með lögum frá því í des. 1965, l. nr. 97 frá 27. des. Þegar svo

kom að því, að 1. áfangi Breiðholtsíbúðanna var byggður og það þurfti að fara að beita þessu ákvæði, kom í ljós, að það var ekki heppilegt að skipta þannig lánunum, að útborguninni væri ekki lokið, þegar íbúðarkaupandinn flytti inn. Eftir að hann hafði fengið íbúðina afhenta og afsal fyrir henni, þá var hann eiginlega með tvenns konar skuldir. Annars vegar þurfti hann að greiða 5% á ári tvö fyrstu árin og auk þess að borga stóra lánið. Þá var þetta auðvitað mjög erfitt fyrir íbúðarkaupandann, að þurfa fyrstu tvö árin að borga 5% af íbúðarverðinu hvort ár og auk þess að greiða vexti af stóra láninu til húsnæðismálastjórnar, þó að hann þyrfti ekki að borga afborganir á meðan. Þetta kom auðvitað mjög illa við þetta fólk, og það sýnir náttúrlega eftir á, að það væri miklu æskilegra að hafa þetta alveg á hreinu, þannig að útborgun sé lokið, þegar kaupandinn fær íbúðina afhenta og þá taki bara eitt lán við. Þegar svo ofan á þetta bættist, að fólkið átti auðvitað við erfiðleika að etja, eins og aðrir, af völdum þeirra efnahagsörðugleika, sem hér hafa steðjað að, minni atvinnu og lægri tekna, þá var þetta sérstaklega þungbært og þurfti að gera ráðstafanir til þess að létta undir með greiðslu þessara 5% í 2 ár, eftir að inn var flutt. Því voru gefin út þessi brbl., en í þeim segir, að lán þau, sem íbúðareigendum höfðu verið veitt samkv. 2. mgr. c-liðar 7. gr. l. og eiga að greiðast upp á árunum 1969–1970, sem sagt þessi tvennu 5%, skuli greiðast upp með jöfnum afborgunum á næstu 6 árum, 1970–1975, og er það auðvitað aðgengilegra fyrir fólkið að fá þessu dreift á fleiri ár. Reynslan, sem af þessu hefur fengizt, leiðir hugann að því, á hvern hátt sé eðlilegast að standa að lánveitingum út á íbúðir til láglaunafólks. Kemur þá í ljós, að ef mjög há lán eru veitt út á íbúðir, svo sem 80–90%, þá er alltaf einhver hluti af þessu fólki, jafnvel í venjulegu árferði, sem á erfitt með að standa undir þessu, því að auðvitað verður þungi afborgana og vaxta þeim mun meiri því hærra sem lánið er. Af þessu má ályktа, að það sé æskilegt, að grípa í sumum tilfellum til þeirra ráða, að leysa húsnæðisvandamál þess fólks, sem á við erfiðust kjör að búa, með leiguíbúðum, húsaleigustyrk eða einhverju þess konar, en það sé mjög örðugt að hjálpa því á þann hátt, að veita mjög há lán út á íbúðirnar. Þetta er e.t.v. miklu stærra mál og ég skal ekki fara að gera það hér að umtalsefni, aðeins drepa á, að þessi reynsla, sem af þessu hefur fengizt, vekur mann til frekari hugleiðinga um þetta efni.

Tveir af hv. nm. í heilbr.- og félmn. hafa flutt hér brtt. við frv., sem fram kemur á þskj. 113. Hún er í tvennu lagi. A-liður þeirrar brtt. hljóðar á þá leið, að í staðinn fyrir „nýr stafliður“ komi nýir töluliðir. Vissulega getur þessi till. verið sjálfstæð og er hún eiginlega sjálfsögð, því að þegar um tölustaf er að ræða, er réttara að kalla þetta tölulið heldur en staflið. Þess vegna er þessi leiðrétting í alla staði eðlileg. En það er b-liður þessarar brtt., sem ég vildi gera frekar að umtalsefni, en þar segir, að aftan við gr. skuli koma nýr tölul., svo hljóðandi:

„Heimilt skal veðdeild Landsbanka Íslands að veita lántakanda gjaldfrest í eitt ár, ef hlutaðeigandi hefur orðið fyrir fjárhagslegum áföllum vegna atvinnuleysis eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum.“

Hér er að vísu aðeins um heimild að ræða til handa veðdeildinni, ef þetta yrði samþ. Ég bar þetta undir forstöðumann veðdeildarinnar, hvort það væri æskilegt að fá slíka lagaheimild, og spurði hann, hvernig háttað væri innheimtu hjá veðdeildinni, þegar um það væri að ræða, að menn lentu í vanskilum vegna fjárhagslegra örðugleika. Forstöðumaðurinn taldi, að í þeim tilfellum, þegar sannanlega væru slíkar ástæður fyrir hendi, þá væri vægilega á þessu tekið og menn fengju þá í reynd nokkurn gjaldfrest, til þess að reyna að afla sér fjár, og þeir tækju yfirleitt vægilega á því eftir öllum atvikum. – Hann myndi aldrei til þess, að í slíkum tilfellum hafi ein einasta íbúð verið sett á nauðungaruppboð. Hins vegar var forstöðumaðurinn heldur andvígur því að gera þetta beinlínis að lagaheimild, af óttanum við það, að þá mundu nú e.t.v. fleiri fara að sækja um slíkan gjaldfrest heldur en hefðu fyllstu ástæðu til og það væri alltaf hætta á misnotkun og óhæfilega mikilli ásókn í slíkan gjaldfrest, ef þetta væri beinlínis sett í lög. Hans niðurstaða varð því sú, að þarna hefði fólk ekki undan neinu að kvarta í sambandi við innheimtuaðgerðir veðdeildarinnar, en hins vegar, ef beinlínis væri farið að setja þetta í lög, væri hætta á misnotkun. Þetta vildi ég láta koma hér fram.

Ég ítreka þá afstöðu heilbr.- og félmn. að mæla með því, að þetta frv. verði samþ. með þeirri breytingu við fyrirsögn frv., sem ég gat um áðan, en að öðru leyti hafa nm. óbundnar hendur til að flytja brtt. eða styðja till., sem fram kunna að koma.

Björn Fr. Björnsson: Herra forseti. Ég er fyllilega samdóma hv. frsm. heilbr.- og félmn. um það, sem hann hefur sagt um nauðsyn þess að aðstoða það láglaunafólk innan verkalýðsfélaganna, sem er að kaupa eða hefur keypt íbúðir, sem framkvæmdanefnd byggingaráætlunar í Reykjavík hefur látið reisa. Fjárhagsörðugleikar þessa fólks eru miklir og íbúðirnar eru dýrar. Í sambyggingunum kostar t.d. 90 fermetra íbúð 1 millj. 132 þús. kr. Við þetta bætast svo 3 promill af brunabótaverði, en brunabótaverð er væntanlega mun hærra en kaupverðið. Mér er tjáð, að kaupendur þessara íbúða telji, að seljandi, þ. e. a. s. húsnæðismálastofnunin, eigi að greiða þetta gjald, og enn fremur, að út af þessu atriði megi kannske búast við, að málsókn verði hafin fyrir dómstólum. Önnur gjöld koma einnig hér til greina, sem kaupendur verða að greiða ásamt með kaupverðinu, t.d. stimpilgjald. Það bætist einnig við og skiptir það þá þúsundum ásamt þinglýsingargjaldinu. Gjöldin, stimpilgjöld og þinglýsingargjöld, af fjögurra herbergja íbúð eru nánast um 26 þús. kr. Þetta er sannarlega allveruleg viðbót við aðrar greiðslur fyrir ómagamargt fólk og það, sem tekjulægst er í þjóðfélaginu, ekki síst ef atvinnuleysi kemur svo einnig til. Ef þjóðfélagið vill búa að þessu leyti vel í haginn fyrir fátækasta fólkið, og það ber þjóðfélaginu að sjálfsögðu skylda til, þá verður eðlilega að haga lánskjörum og kaupverði á íbúðum með þeim hætti, að því verði undir eðlilegum kringumstæðum talið kleift að standa undir kostnaði við íbúðareign. Ef halda á áfram að aðstoða í þessu efni, sem ber að gera og fáir efast um, þá verður að taka upp annað og sérstakt lánakerfi. En hvernig því kerfi skuli hagað, er ég ekki reiðubúinn að

gera grein fyrir nú. Það mál þarf gaumgæfilegrar athugunar við eins og svo margt annað í sambandi við húsnæðismálalöggjöfina í heild. Ég vil geta þess í sambandi við þetta mál, að húsnæðismálastjórnin hefur þegar gefið út afsal fyrir flestum ef ekki öllum umræddum íbúðum. En mér er tjáð, að þessum afsölum hafi alls ekki, eða a. m. k. mjög fáum, verið þinglýst enn þá, og það er að sjálfsögðu vegna örðugleika fólksins við að greiða tilskilin gjöld. En hvað sem því líður, þá verður að telja eðlilegt, að þær breytingar, sem frv. getur um, og eru staðfesting á brbl. frá því í sumar, nái fram að ganga. En eins og ég drap á hér áðan, tel ég það höfuðnauðsyn, að rannsakað verði, hvað sé frekar og fram yfir það, sem í frv. greinir, hægt að gera til þess að létta sem mest og sem haganlegast má verða þessu fátæka fólki og auðvelda því íbúðareign meir en nú er. En það eru fleiri, sem þarf að líta til. Margt af því fólki, sem hefur fengið hin venjulegu húsnæðismálalán að undanförnu, berst einnig í bökkum fjárhagslega. En þá tekur fyrst steininn úr, þegar við bætast veikindi eða atvinnuleysi eða aðrir erfiðleikar. Þess vegna höfum við hv. 1. þm. Vesturl. leyft okkur að flytja brtt. við það frv., sem hér liggur fyrir. Þessi brtt. er á þskj. 113 og er m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„*Heimilt skal veðdeild Landsbanka Íslands að veita* lántakanda gjaldfrest í eitt ár, ef hlutaðeigandi hefur orðið fyrir fjárhagslegum áföllum vegna atvinnuleysis eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum."

Okkur þykir eðlilegt, að slík heimild sé til staðar í lögum, og ekki ætti það að saka, ef til þessarar heimildar þyrfti sem sjaldnast að grípa. Hv. frsm. vék lítillega að þessari till. og hafði leitað sér umsagnar forstöðumanns veðdeildarinnar. Forstöðumaðurinn átti að hafa sagt, að þetta mundi valda nokkurri örtröð hjá þeim uppi í veðdeildinni og skapa þeim minni vinnufrið heldur en ella og auk þess væru þeir yfirleitt góðir við þetta fólk, sem ætti í erfiðleikum með greiðslur, og létu bíða að ganga til aðgerða eins og uppboðssölu. Ég hygg, að ekki sé rétt að veðdeildin krefjist ekki uppboðssölu, þegar um vanefndir á greiðslum er að ræða. En yrði þessi heimild í okkar brtt. samþ., þá mundi fresturinn verða lengri en eitt ár, og við teljum það mjög til bóta. Ef meiri ágangur og örtröð verður í veðdeildinni vegna slíkrar heimildar, þá sýnir það bara þörfina fyrir að greiða fyrir þessu fólki. Þess vegna tel ég, að við ættum enn fremur að greiða atkv. okkar þessum brtt. Og ég tel, að veðdeildinni ætti ekki að verða skotaskuld úr því að meta það, hverjir umsækjendur um þennan greiðslufrest ættu að njóta slíkrar heimildar. Og ég þekki frá mínu starfi í héraði í sambandi við húsnæðismálalánin, að hefði slík heimild verið til staðar í lögum, hefði það komið sér mjög vel fyrir lántakandann, sem heimildin á annað borð hefði náð til.

Efni þessarar brtt. okkar lætur ekki mjög mikið yfir sér, en er að dómi okkar flm. mjög sanngjarnt og gæti orðið nokkuð til hagræðis þeim lántakendum, sem við stundarerfiðleika eiga að etja.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Hér eru aðeins örfá orð. Það frv., sem hér um ræðir, er staðfesting á brbl., sem ríkisstj. sá sig tilneydda til þess að setja vegna fjárhagsörðugleika þess láglaunafólks, sem íbúðirnar við Breiðholt voru byggðar fyrir. Það er vissulega full ástæða til þess og allt rétt, sem hv. frsm. sagði um það, að það er auðvitað ofviða þessu fólki að greiða stuttu lánin, eða fimm plús fimm %, á svo skömmum tíma sem ráðgert var, til viðbótar við vextina af háa láninu. Og hv. frsm. sagði það réttilega, að eins og nú hagar til, væri það mjög mikil spurning, hvort hægt væri að gera því skóna yfirleitt, að ýmsu af þessu láglaunafólki tækist að eiga sína eigin íbúð, hvort þessi mál þyrfti ekki að leysa með öðru móti, með leiguíbúðum, húsaleigustyrkjum eða e. t. v. einhverju enn öðru. Nú er það vitað, að nokkuð er gert af því að leysa þessi mál, hér í Reykjavík a. m. k., með leiguíbúðum, þar sem ég hygg, að Reykjavíkurborg leigi einstaklingum ýmsar íbúðir, þ. á m. í Breiðholtshverfi, en selji ekki og hafi af því nokkurn kostnað. En þetta finnst mér leiða hugann að því, hvort ekki sé nauðsynlegt fyrir Íslendinga að gera sér grein fyrir því í raun og veru, hvort við eigum að gefast upp í glímunni við það vandamál, að hlutfallið milli launa og húsnæðiskostnaðar sé þannig, að það sé stór hópur fólks í landinu, sem sé gengið út frá að geti ekki átt sitt eigið húsnæði. Ég hygg, að allir flokkar, nema e. t. v. Alþb., hafi haft það sem stefnuskráratriði að vilja stuðla að því, að sem allra flestir einstaklingar *gætu búið í eigin íbúðum*, og reynslan *sýnir* það, að langflestir landsmanna vilja eiga sitt eigið húsnæði. Nú hefur það komið fram, að fjöldi þeirra getur það ekki vegna þess, að launin eru of lág, og vegna þess, að húsnæðið er of dýrt, eða réttara sagt, hlutfallið milli byggingarkostnaðarins og launanna er svo óhagstætt, að þetta verður mörgum ofviða. Hér er þó verið að tala um fólk í starfi. Hér er ekki verið að tala um öryrkja og annað fólk, sem af einhverjum ástæðum hefur ekki venjulegar tekjur. Hér er verið að tala um það fólk, sem hefur venjulegar tekjur, verkamenn og iðnaðarmenn og aðra launþega. Mér finnst þetta vera mjög alvarlegur hlutur, þegar það er orðið viðurkennt af opinberri hálfu, að þetta fólk geti raunverulega ekki átt sínar eigin íbúðir. Nú væri e. t. v. hægt að halda því fram, að þessar íbúðir í Breiðholtinu væru t. d. óeðlilega stórar, þannig að þetta fólk gæti átt íbúðir, ef þær væru bara minni. Ég hef heimsótt fólk í nokkrum íbúðum þarna, og ég get ekki meint, að þessar íbúðir séu óhæfilega stórar. Ef við tökum t. d. tveggja herbergja íbúðirnar, þá eru þar hjón með tvö börn í tveimur herbergjum. Það þýðir náttúrlega það, að svefnherbergið er aðeins eitt. Getum við gert öllu minni kröfur? Í fjögurra herbergja íbúð kom ég um daginn. Þar eru hjón með fimm börn. Þarna er stofa og svefnherbergi hjóna og tvö lítil herbergi fyrir fimm börn. Eigum við að fara neðar í kröfugerðinni? Ég get nefnt mörg fleiri dæmi. Ég kom þarna í margar íbúðir, og niðurstaðan verður nokkurn veginn sú sama. Ég vildi vekja athygli á þessu, því þetta er mjög háskaleg þróun, ef við þurfum að viðurkenna það, að svo sé komið, að laun þessa fólks dugi ekki til þess að standa undir því að eiga svona íbúðir jafnvel þó að 80% af byggingarkostnaðinum sé lánað til 33 ára. Og nú á að lána 10% í viðbót til 6 ára. Annað hvort hlýtur að vera, að launin hérna eru of lág eða þessar íbúðir eru of dýrar. Nú ætla ég ekki að gera verð þessara íbúða, sem mér finnst geysilega hátt, eftir að hafa skoðað þær, að umtalsefni hér né ástand þeirra, sem mér finnst satt

að segja hrikalegt. Ég geri það kannske síðar og við annað tækifæri.

Erindi mitt hingað nú var ekki að benda á þetta, þó að ærin ástæða væri til, heldur hitt, sem ég hef áður sagt, að það er ömurleg staðreynd, ef það þarf að viðurkenna það hér, að fólk, sem hefur fulla atvinnu, hafi svo lág laun, að það geti ekki staðið undir þessum litlu íbúðum, sem ég hef hér verið að lýsa, þó að það fái 80% lán til 33 ára og 10% til 6 ára.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 19. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Ed., 2. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 113 felld með 10:9 atkv.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 114 (ný fyrirsögn) samþ. með 19 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 97 27. des. 1965, um breyt. á l. nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Á 21. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 128).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Við 2. umr. um þetta mál viku tveir hv. þdm., þeir 11. þm. Reykv. og 4. þm. Sunnl., að íbúðunum í Breiðholtshverfinu, verðlagi þeirra og gæðum, og komu þar fram tvö atriði, sem ég vil ekki láta hjá líða að mótmæla.

Hv. 11. þm. Reykv. sagðist hafa skoðað nokkrar íbúðir þarna í Breiðholtinu og sagði, að sér fyndist ástand þeirra „satt að segja hrikalegt", eins og hann orðaði þetta. Ég tel fjarri öllu lagi, að þarna sé rétt með farið. Auðvitað geta menn þegar þeir skoða sama hlut, litið hann misjöfnum augum, en það er alveg rétt, sem þessi hv. þm. sagði, að það kemur innan tíðar till. fyrir Sþ., þar sem sérstaklega verður vikið að þessum málum. Ég vil þess vegna ekki, frekar en hann, fara að gera þau mjög að umtalsefni núna, heldur bíða eftir því. En þegar sú till. kemur fram, mun ég gera það að minni till., að sú n. í þinginu, sem fær þá væntanlegu þáltill. til meðferðar og umsagnar, fari upp í Breiðholt og skoði þessar íbúðir rækilega, þannig að það fari ekkert á milli mála, hvernig þessar íbúðir líta út og hvernig þær eru að gæðum, en ekki sé verið að hlaupa eftir umsögnum hvers og eins, heldur verði þetta skoðað rækilega. Sízt skal ég mæla gegn því. En ég tel, að ástandi íbúðanna sé algerlega rangt lýst með þessum orðum.

Annað var það, sem kom þarna fram um þessar Breiðholtsíbúðir. Það var það, sem hv. 4. þm. Sunnl. sagði. Hann sagði, að þessar íbúðir væru dýrar og nefndi sem dæmi, að 90 fermetra íbúð kostaði kringum 1132 þús. kr. Við þetta vil ég gera aths. Auðvitað geta menn haft sínar skoðanir á því, hvað þeim finnst dýrt og hvað ódýrt, en það á a. m. k. að fara rétt með tölur og staðreyndir. Í opinberri yfirlýsingu eða tilkynningu, sem framkvæmdanefndin gaf út í maímánuði 1968, var greint frá verði á íbúðunum og þar er sagt, að stærsta tegund íbúðanna, stærri gerðin af fjögurra herbergja íbúðunum, kosti 1132 þús. kr. Það er rétt með þá tölu farið. En í tilkynningunni er þetta sundurgreint þannig, að byggingarkostnaður sé 1 millj. 97 þús. en vextir á byggingartímanum 35 þús. Þetta er sundurgreint vegna þess, að í vísitölu byggingarkostnaðar eru vextir ekki reiknaðir, og almennt manna á milli, þegar verið er að bera saman, eru þeir ekki teknir með í reikninginn, þó að það sé vissulega rangt. Þess vegna er þetta sundurgreint. En látum það vera. Samanlagt eru þetta 1132 þús. En þessi íbúð er ekki 90 fermetrar, eins og hv. þm. sagði, heldur er hún 104 fermetrar, og í þessari tilkynningu er alveg skýrt tekið fram, hvernig þeir fermetrar eru reiknaðir. Þar segir, að framangreindar stærðir íbúðanna í fermetrum miðist við brúttófermetramál hverrar íbúðar fyrir sig, að stigapalli meðtöldum, en í þessum fermetrafjölda er ekki reiknað með sérgeymslu í kjallara og ekki heldur með hlutdeild íbúðarinnar í sameign, þ.e. anddyri, barnavagnageymslu, þvottahúsi og kjallara. Þessi íbúð er sem sagt 104 fermetrar og vitanlega gefur það mönnum ranga hugmynd um verð slíkra íbúða, ef þær eru sagðar miklu minni heldur en þær eru.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Hv. 3. landsk. þm. hefur gert að umræðuefni hér ummæli, sem ég lét falla við 2. umr. málsins um ástand íbúðanna í Breiðholti, og átaldi eða vildi ekki fallast á það orðalag, sem ég notaði, um að ástandið væri hrikalegt. Það er auðvitað rétt, sem hann sagði, að menn geta haft misjafnar skoðanir á þeim kröfum, sem til íbúða skal gera. Það er ekki nema sjálfsagt, að ég reyni af þessu tilefni að finna þessum orðum einhvern stað og gera þá að umtalsefni nokkra þá missmíði, sem ég sá á þessum íbúðum. Ég tek það náttúrlega fram, að ég er ekki lærður maður í byggingarfræðum, og það má vera, að einhverjum finnist, að þetta eigi að vera svona. En ekki fannst mér það á fólkinu, sem býr í íbúðunum, að það væri ánægt með ástand þeirra.

Ég ætla að telja hér upp örfá atriði, til þess að finna þessum orðum nokkurn stað, svo að menn álíti ekki, að ég hafi sagt þetta bara út í loftið eða eftir sögusögn annarra. Ég vil þá í fyrsta lagi nefna, að í mörgum þessara íbúða, sem ég kom í, er ekki hægt að opna glugga í svefnherbergi. Ég hygg, að það brjóti í bága við heilbrigðissamþykkt Reykjavíkurborgar. Í staðinn fyrir opnanlegan glugga er loftventill, sem íbúarnir segja, að sé frosinn fastur mestallan veturinn, þannig að loftræstingin í herberginu er engin. Þetta álít ég óneitanlega nokkurn galla, hvernig sem hv. 3. landsk. þm. kann að líta á það.

Í öðru lagi vil ég greina frá því, að í mörgum íbúðum eru veggplötur í baðherbergjum dottnar af í stórum stíl, þannig að veggurinn er þar ber. Þennan galla hefur framkvæmdanefndin margsinnis reynt að lagfæra án árangurs, því að þetta bara getur ekki tollað. Ég álít það mikinn galla á nýrri íbúð, að í baðherbergi sé steinveggurinn ber og plötunum sé stillt upp við hliðina á

veggnum. Ég efast um, að það samrýmist kröfum um hollustuhætti, að hafa það þannig.

A. m. k. í tveimur íbúðum, sem ég kom í, hefur parketgólfið sigið um allt að heilum cm. Það tel ég leiðan galla á íbúð. Og mér heyrðist á fólki, sem þar býr, að það teldi það líka. Í einni íbúðinni, sem ég kom í, hafði gleymzt að einangra útvegg að verulegu leyti. En að vísu var búið að lagfæra það, það skal viðurkennt. Í tveimur samliggjandi íbúðum, sem ég kom í, hafði verið gerð prufa á því, hvað hljóðeinangrunin væri góð milli svefnherbergisveggjanna. Það komu menn frá framkvæmdanefndinni til þess að kynna sér þetta af eigin raun og fólkið, sem bjó þarna, sagði mér, að þeim hefði heldur brugðið, þegar það heyrðist á milli herbergjanna, sem talað var í hálfum hljóðum, hvað þá í venjulegri raddhæð, að ég tali nú ekki um, eins og komið getur fyrir, að rómurinn væri eitthvað hækkaður. Mér heyrðist þetta vera talinn galli þarna, og ég mundi telja þetta galla á minni íbúð. Ég veit ekki, hvað öðrum finnst um það.

Geymslurnar í öllum íbúðunum eru þannig, að þær eru ekki mannheldar. Þetta eru rimlabásar með lélegum læsingum fyrir, og útbúnaðurinn er þannig, að það er hægt fyrir hvern, sem vill, að fara út um þær og inn að vild. Mér fannst það á íbúunum, að þeir teldu þetta lélegan frágang og það hefði t. d. reynzt þeim erfitt fyrir jólin í fyrra, að geyma jólaölið og annað slíkt fyrir áleitnum ungmennum eða einhverjum, sem girntust það.

Ég hef oft séð miklar sprungur í húsum; steinsteyptum veggjum og samskeytum. En önnur eins sprungulistaverk og sjá má í Breiðholti hygg ég, að sé erfitt að finna. Og það má satt að segja þakka fyrir, að veggirnir standast á. Stigarnir hafa lent þarna, að því er virðist af handahófi, frá 5 og upp í 25 cm frá veggjum. Þetta tel ég mjög mikinn galla. Herbergjunum er skipt í sundur með skápum, og ætla ég sízt að lasta það. Það sparar rými. En sums staðar er samsetningin á þessum skápum þannig, að það er alveg óþarfi að hafa ljós nema í öðru herberginu, því að birtan er næg úr hinu.

Ég ætla ekki að fara að tíunda þessa galla á Breiðholtsíbúðunum hér sérstaklega við þessa umr., vegna þess, eins og fram kom hjá hv. 3. landsk. þm., að sérstök umr. verður um það í Sþ. Ég hefði vel getað beðið eftir þeirri umr., en með því, að þeim ummælum, sem ég lét hér falla við 2. umr. um þetta mál, hefur verið lýst sem algerlega út í hött, þá vildi ég ekki una því að öllu.

En ég skal, til þess að tefja ekki framgang þess máls, sem hér um ræðir, láta þessa stuttu lýsingu nægja að sinni til þess að finna áðurgreindum orðum stað. En ég mun að enn frekar gefnu tilefni reyna að vanda betur lýsingarnar næst þegar ég tek til máls.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef nú einhvern grun um það, að hv. þdm. hafi verið boðið þarna upp í Breiðholt í sérstöku augnamiði í fylgd með Stefáni Valgeirssyni, til þess einmitt að sýna honum alla galla, sem þar væru finnanlegir. Og mér er sagt, að einhver trésmiður hafi verið þeirra leiðsögumaður. Það, sem menn verða að gera sér grein fyrir, þegar um þetta er rætt, er, hvað þarna er um margar íbúðir að ræða. Þarna eru 312 íbúðir í blokkum. Ekki gat nú hv. þm. um fjölda þeirra íbúða, sem hann hefði skoðað. Þess vegna er náttúrlega hægt að hafa þetta eins og Vísir. Það er alveg rétt, að það komu fram talsverðir gallar í einu stigahúsi. Þar eru 8 íbúðir af 312. En þá sló blaðið því einfaldlega föstu, að gallarnir, sem þar fyndust, hlytu að koma eins fram á hinum íbúðunum. Það var þeirra einfalda ályktun.

Hv. þm. hefur sjálfsagt skoðað þessar íbúðir með svipuðu hugarfari og blaðamennirnir frá Vísi. En einu sinni var það nú þannig, að maður nokkur hætti við að kaupa íbúð af einhverjum persónulegum ástæðum. Þá kom það í Vísi, að þessi íbúð væri svo gölluð, að maðurinn hefði gengið frá henni. Framkvæmdanefndin bauð þá blaðamönnum frá öllum blöðum að skoða þessa íbúð, en minna fór fyrir þessum göllum, þegar blaðamenn Vísis áttu að fara að benda á þá á staðnum. Þess vegna þurfa menn að kynna sér vel einstök atriði. Hv. þdm. sagði að í tveimur íbúðum af 312 væri parketgólfið sigið um 1 cm. Ekki er nú hægt að telja, að þetta séu hrikalegir gallar á Breiðholtsíbúðum, og það er alveg furðulegt, þó að hv. þdm. minntist ekki á það, það skal ég viðurkenna, að þegar þessir rógberar Breiðholtsíbúðanna tala um marrið í gólfunum, þá minnist enginn á það, að parketgólf getur sparað íbúðareiganda tugi þúsunda í gólfteppum. Það er ekki minnzt á það af þessum mönnum. En það er hins vegar verið að býsnast yfir, ef það marrar einhvers staðar í parketinu. Eins og aldrei fyrr hafi verið byggð íbúð á Íslandi, sem fótatak heyrist í. Ég er alveg viss um, að ef það ætti að líta á hugtakið „galli á íbúð" frá sama sjónarmiði og gagnrýnendur Breiðholtsíbúðanna gera yfirleitt, t. d. eins og gert er í Vísi, þá væri engin ógölluð íbúð til á Íslandi. Það byggi enginn maður í gallalausri íbúð.

Víkja skal að fleiri atriðum, sem hv. þdm. var að benda á. Hann var að tala um veggplötur í baðherbergjum eða veggflísar. Það er alveg rétt, þarna var notað ónýtt lím og menn skilja það ekki, hvers vegna þetta hefur ekki lagazt. Það er út af fyrir sig rétt, þetta hefur komið fram, en það er ómögulegt að tala um það, að íbúðir séu stórgallaðar af þessum sökum. Einnig að það séu rimlar í geymslum. Þetta er víða annars staðar í Breiðholtinu. Þar er byggt mikið af íbúðum, einmitt íbúðum í blokkum, sem eru kannske af svipaðri gerð og framkvæmdanefndarblokkirnar. Þess vegna er furðulegt, að þessir menn, sem hafa áhuga á því, að íbúðir séu gallalausar — og vissulega eru þeir allrar virðingar verðir — þeir hafa aðeins áhuga á íbúðunum, sem framkvæmdanefndin hefur byggt. Það eru aldrei sendir neinir fréttamenn til að skoða íbúðirnar, sem meistararnir hafa byggt eða byggingarsamvinnufélögin og aðrir þarna í nágrenninu. Það höfðu engir áhuga á því, þótt þar fyndust gallar. En ef það kemur fyrir einhver galli í íbúðum framkvæmdanefndar, þá er það allt saman blásið út. Hér var t. d. verið að tala um fyrirkomulag skápa. Það er ekki rétt, eins og hv. þdm. sagði, að skáparnir væru óþéttir. Nú er algengt í íbúðum í dag, að það eru ekki hafðir þröskuldar undir innihurðum. Ef það kemur ljós inn undan hurðinni, er þá hægt að tala um, að það sé galli á íbúðinni? Þetta er fyrirkomulagsatriði, þannig að sumt af þessu er auðvitað þannig, að menn vildu kannske hafa fyrirkomulagið eitthvað öðru

vísi. En það er allt annað en að um galla á íbúð sé að ræða.

Ég tel þess vegna, þó það sé rétt, að það hafi komið fram gallar þarna á íbúðum og sérstaklega á einu stigahúsi, að þá megi ekki, þegar þetta er rætt og metið, horfa framhjá því, að þarna er um að ræða tilraunir og þarna er verið að reyna ýmislegt nýtt. Það er auðvitað hættara við að komi fram gallar þegar prófaðar eru nýjar byggingaraðferðir í fyrsta skipti og það kom greinilega í ljós á þessum 6 blokkum, sem byggðar voru þarna, að það voru fleiri gallar á fyrstu blokkinni en þeirri síðustu. Síðustu blokkina fékk Reykjavíkurborg og ég hef ekki heyrt minnzt á, að það hafi nokkur einasti galli komið þar fram. Hv. þdm. hefur kannske ekkert skoðað hana, því að hann hefur vitað að þar var engan galla að finna. Hann hefur ekki haft neinn áhuga á því.

Ég fullyrði það, að þetta orðalag, sem hv. þdm. viðhafði, um að ástand íbúðanna þarna væri hrikalegt, gefur algerlega villandi mynd af gæðum íbúðanna í Breiðholti, og vissulega vænti ég þess, að hv. þdm. fái tækifæri til að ganga sjálfir úr skugga um það, hvernig það er.

Björn Fr. Björnsson: Herra forseti. Aðeins fáein orð. Það má vel vera, að það hafi skolazt lítillega til hjá mér því ég er ekki með handrit og ennfremur ekki með þá nákvæmu skýrslu, sem ég hafði um þessi mál, þegar ég ræddi um brtt., sem ég bar fram við 2. umr. málsins og var felld, en ég vildi með þeim tölum, sem ég nefndi þá, vekja athygli á því, hver dýrleiki væri á þessum íbúðum. Ég fór alls ekki út í það, hvernig húsnæðið lítur út, því ég hef ekki komið þarna upp eftir svo lengi. En það er sjálfsagt að hafa þær tölur, sem réttar eru, og það skiptir ekki öllu máli, hvort munar þarna 5 eða 6 fermetrum. Heldur er kostnaðurinn allt of mikill, og er okkur öllum kunnugt um það, bæði framsóknarmönnum og öðrum þdm., að hér þarf að ráðast á garðinn og lækka þennan kostnað. Í raun og veru er það höfuðkjarni þessa máls. Við framsóknarmenn höfum borið fram margar till. í sambandi við lausn á húsnæðismálunum, og það verður sannarlega fróðlegt að sjá það, sem kemur frá húsnæðismálastjórn um lausn á þessum mikla vanda, sem við er að glíma. Hitt er allt annað mál, að það dugir náttúrlega ekki að vera hér í hv. deild að stæla um það, hvort íbúðirnar eru nærfellt óíbúðarhæfar eða bara með sæmilegu móti. Ég skil heldur ekki í öðru en við getum fengi nægilega færa menn til að líta á þessar íbúðir, og fara þá gagngert í þetta og skoða hvernig ástandið er. Það ættum við þm. einnig að gera. Fara upp í Breiðholtshverfi og ganga úr skugga um það, hvernig þessum málum er varið.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að gera þetta frekar að umtalsefni að sinni, en ég vil bara bæta því við, sem ég gleymdi áðan, að í raun og veru er margt gott við þessar íbúðir. Ég vil gjarnan láta það koma fram líka, að t. d. teikningarnar eru að mörgu leyti vel heppnaðar. Það hefur tekizt að fá mikið út úr þessu rými. En hitt sný ég ekki aftur með, að framkvæmdin hefur tekizt í mörgum tilfellum hrapallega illa. Ég get ekki á mér setið að staðfesta það. Það er ekki fyrirkomulagsatriði, eins og hv. 3. landsk. þm. sagði, að skápahurðirnar lafa, svo það er margra millimetra bil á milli stafs og hurðar. Það hefur ábyggilega ekki verið ætlunin, ég trúi því ekki. Þetta hefur bara tekizt svona. Ég vil svo endilega styðja það, að þdm. séu ekki að hafa mín orð eða Stefáns Valgeirssonar eða einhverra enn annarra manna fyrir því, hvernig ástand Breiðholtsíbúðanna er, heldur kynni sér það af eigin raun. Ég vil svo aðeins segja það, að þó að ég færi þarna í fylgd með Stefáni Valgeirssyni og byggingarmeistara utan úr bæ, þá skemmdum við ekki íbúðirnar. Þær voru svona þegar við komum.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Mér finnst mér nú varla sætt í mínu sæti, þegar rætt er um þá meintu galla, sem taldir eru vera á umræddum Breiðholtsíbúðum, og allan þann ljóta dóm, sem kollegar mínir í byggingarstétt fá þar fyrir sín vinnubrögð.

Ég hygg, að ég hafi átt þess tvisvar sinnum kost að ganga í gegnum þessar íbúðir og skoða þær, og ég hef áður haft nokkur kynni af byggingariðnaðarvinnu hér á landi og kröfum fólks til íbúðabygginga. Ég tel að þarna hafi að meginhluta verið vel staðið að verki. Það er, eins og kom fram í umr. hér áðan, sjálfsagt hægt að finna galla á hverri einustu íbúð í landinu, ef beinlínis er eftir þeim leitað. Ég hef orð erlendra manna þar um, að hvergi nokkurs staðar séu opinber lán veitt til jafn fullkominna íbúða eins og hér á landi, og miða þeir þá við íbúðir í sínu heimalandi. Enn fremur tel ég nauðsynlegt, að það komi hér fram einu sinni enn, að þær tilraunir, sem gerðar hafa verið á Norðurlöndunum á framleiðslu íbúða, hafa leitt í ljós, að þar hefur það tekið frá 4 og upp í 6 ár, að koma byggingarkostnaðinum niður. Þar er bæði þjálfun starfsfólks á háu stigi og öll aðstaða til þessarar vinnu, sem þarf að samlagast fólkinu og byggingariðnaðarmálunum, og þar hefur það samt tekið þennan tíma. Það er því ekkert að furða, þegar um er að ræða jafnmikla byltingu í byggingaraðferðum og þarna er reynt að viðhafa í fyrsta sinni, að á fyrsta áfanga kunni að koma fram einhverjir gallar. Ekki er nema eðlilegt, að svo sé. Í þessu máli finnst mér aðalatriðið, að menn læri af reynslunni, og þá sérstaklega þeir, sem hafa byggt þessar íbúðir, og kunni betur til slíkra verka næst. Ég efast þess vegna ekki um, út frá þeirri reynslu, sem ég hef af íslenzkum byggingariðnaði, að þeir muni kynnast þessu starfi þann veg, að þeir verði þess umkomnir að afgreiða íbúðirnar bæði betri og ódýrari, þegar þeir hafa fengið til þess nægan tíma.

Ég lagði á það mikla áherzlu, þegar frv. um þessar framkvæmdir var hér til umr. fyrir tveimur árum, að menn mættu ekki búast við of skjótum árangri eða að byggingarkostnaðurinn lækkaði, svo að nokkru verulegu næmi, fyrr en eftir að hæfilegur þjálfunar- og aðlögunartími að þessum nýju verkefnum hefði fengizt. Ég tel nauðsynlegt, að þetta komi fram, til þess að hér sé ekki verið að tala um málið, eins og það sé einsdæmi í veröldinni, að einhverjir ágallar finnist á slíkum íbúðum.

Ég ítreka það, sem ég hef eftir erlendum mönnum, kunnugum þessum málum, að þeir hafa heldur vítt okkur fyrir það, að við leggjum of mikið í íbúðir yfirleitt og gerum þær of vandaðar, með hliðsjón af því, að næstu kynslóðir muni vilja hafa þær á annan veg, og þá

sé dýrt að rífa svo vandaðar íbúðir niður, eins og við höfum séð byggðar á undanförnum árum. Það sama á við um Breiðholtsíbúðirnar. Ég hygg, að það, sem þar mætti helzt að finna, væri það, að íbúðirnar væru í stærra lagi, a. m. k. í þessum fyrsta áfanga. Ég held það ætti að reyna í framtíðinni að draga úr stærð þeirra og auka heldur þann fjölda, sem byggður er.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 22. fundi í Nd., 10. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 36. fundi í Nd., 13. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Ed., þar sem ég hygg, að það hafi verið samþ. ágreiningslítið eða ágreiningslaust. Frv. er til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 26. júní 1969, en tilefni þeirra er það álit, að fjárhagsörðugleikar láglaunafólks innan verkalýðsfélaganna, sem keypt hefur íbúðir þær, sem framkvæmdanefnd byggingaráætlunar í Reykjavík hefur látið byggja á vegum ríkisins, séu almennt svo miklir, að yfirvofandi sé innan skamms nauðungarsala á íbúðunum, ef lánakjörum þessum verður ekki breytt til hagsbóta fyrir þetta fólk. Breytingin, sem brbl. fela í sér, er sú, að lán, sem íbúðareigendum hafa verið veitt, samkv. 2. mgr. c-liðar 7. gr. l., og eiga að greiðast upp á árunum 1969 og 1970, skulu greiðast upp með jöfnum afborgunum á næstu 6 árum, 1970—1975, með gjalddaga 1. nóvember ár hvert — í fyrsta sinn 1. nóvember 1970. Jafnframt skulu vextir af lánunum lækka í 5%. Til viðbótar því, sem í gr. segir og í forsendunum fyrir brbl., er eiginlega litlu við að bæta, og þetta frv. er flutt til þess að mæta þeim óskum, sem fram hafa komið um frestun lánanna.
Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 28 shlj. atkv.

Á 40. og 41. fundi í Nd., 22. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 42. fundi í Nd., 26. jan., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 128, n. 250, 251).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er sent þessari hv. d. frá Ed., þar sem það hlaut einróma afgreiðslu. Frv. er til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út 26. júní 1969. Efni þess, samkv. 1. gr., er að lengja þau lán, sem hvíla á tilteknum framkvæmdum ríkisins í Breiðholti, en samkv. samningum þar um hafði verið gert ráð fyrir, að hin tilgreindu lán yrðu greidd upp á árunum 1969 og 1970. Með brbl. er gert ráð fyrir, að þau greiðist með jöfnum afborgunum á næstu 6 árum, eða á árunum 1970—1975, og að vextir af þessum lánum lækki í 5%. Þetta er, eins og fram kom í umr. í hv. Ed., samkomulag við þá aðila, sem þarna eiga hlut að máli, og er talið, að með þessu sé þeim gert kleift að standa í skilum með þær skuldbindingar, sem þeir tóku á sig, þegar þeir keyptu íbúðir í hinu tiltekna hverfi, Breiðholti. Heilbr.- og félmn. þessarar d. fékk frv. til athugunar og mælir hún með, að það verði samþ. Einn nm., Jón Kjartansson, hefur skrifað undir frv. með fyrirvara. Eftir að n. hafði afgreitt málið frá sér, kom fram hér í d. brtt. við það, en þó má segja, að efni þeirrar till. sé mun almennara, og snerti ekki nema að takmörkuðu leyti efni þeirra brbl., sem frv. þetta er staðfesting á. N. sem slík hefur ekki haft aðstöðu og ekki tekið afstöðu til þeirrar till., sem hér liggur fyrir, en mælir hins vegar með, eins og ég tók fram, að frv. verði samþ. óbreytt.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu síðasta þingmanns, sem talaði hér fyrir hönd heilbr.- og félmn., þá varð n. sammála um það að mæla með því, að þetta frv. yrði samþ., því að það er mjög til bóta fyrir alla lántakendur, sem eiga hlut að máli og byggt hafa í Breiðholti. Ég sé ekki ástæðu til að fara að hefja hér miklar umræður um Breiðholtsbyggingarnar, sem væri þó kannske freistandi í sambandi við þetta frv., sem liggur hér fyrir. Það hefur verið rækilega gert í þessari hv. d. af þdm., og væri einungis verið að lengja þingtímann, ef ég færi að endurtaka það, sem þar hefur komið fram. En hins vegar vil ég leyfa mér að vekja athygli á því, að ég hef leyft mér, ásamt hv. 9. þm. Reykv., að bera fram brtt. á þskj. 251 við þetta mál. Er breytingin við 1. gr., og leyfi ég mér að lesa hana upp, með leyfi hæstv. forseta:
„a. Í stað „nýr stafliður" komi: nýir töluliðir.
b. Aftan við gr. komi nýr töluliður, sem verði hinn 4., svo hljóðandi:
Heimilt skal veðdeild Landsbanka Íslands að veita lántakanda gjaldfrest í 2 ár, ef hlutaðeigandi hefur orðið fyrir fjárhagslegum áföllum vegna atvinnuleysis eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum".
Í umr., sem fram fóru um þetta mál í Ed., og samkv. upplýsingum, sem hafa verið lagðar fram í þessu máli, þá hefur verið skýrt frá því, að Landsbankinn hafi farið vægilega í sakirnar við að innheimta afborganir og vexti hjá þeim aðilum, sem líkt stendur á hjá, eins og þeim, sem hér er talað um í frv. Það er það, ef menn hafa orðið fyrir atvinnuleysi eða alvarlegum veikindum, þá verði frestað að innheimta umsamdar afborganir og vexti, en við flm. teljum að það sé eðlilegra, að eins og málum er háttað verði þetta gert að lagaákvæði, í stað þess að það sé vegið og metið niðri í Landsbanka, hvort aðstæðurnar séu eins og sagt er og hvort þessi á að fá frest eða ekki. Þannig verði ákvæði í l., sem heimili það að fresta afborgunum og vöxtum, ef óviðráðanlegar orsakir hamla greiðslugetu lántakenda.

ATKVGR.
Brtt. 251 felld með 19:13 atkv.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 27. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 288).

8. Ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

Á 29. fundi í Sþ., 12. jan., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu [138. mál] (stjfrv., A. 221).

Á 33. fundi í Ed., 13. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta þarf ekki langa framsögu. Það skýrir sig sjálft, enda ekki stórt að vöxtum. Sá kostnaðarhluti útgerðar, sem dragast átti frá óskiptu samkvæmt l., sem afgr. voru héðan á fyrri hl. s. l. árs, var ákveðinn þá 17%, en samkvæmt eindreginni ósk beggja deiluaðila nú um áramótin, þ. e. a. s. útgerðarmanna og sjómanna, skal þessi kostnaður nú vera 11%, eða lækka um 6%. Þetta er meginefni þessa frv. og er flutt til staðfestingar á þeirri yfirlýsingu, sem ríkisstj. gaf við þá samningagerð, en mér var tjáð í gær af einum helzta forsvarsmanni sjómanna, að mikill meiri hluti, nánast meginhluti þeirra aðila, sem í deilu stóðu um þessi áramót, hefði nú þegar samþ. þá samninga, sem gerðu ráð fyrir fullnægingu á þessu ákvæði, eða þessari yfirlýsingu, sem ríkisstj. gaf. Að öðru leyti tel ég ekki þörf að skýra málið nánar, nema sérstakt tilefni gefist til.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 26. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 221, n. 237 og 238).

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Eins og fram kemur í grg. fyrir máli þessu, tengdust kjarasamningar sjómanna og útvegsmanna fiskverðsákvörðun að þessu sinni með þeim hætti, að sjómenn óskuðu endurskoðunar á kostnaðarhlutdeild fiskkaupenda, svo sem það var ákveðið með l. nr. 79 frá 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu. Þegar það svo lá fyrir í Verðlagsráði sjávarútvegsins, hver hækkun fiskverðs gæti orðið með hliðsjón af þeirri hækkun, sem átt hafði sér stað á sjávarafurðum í markaðslöndunum, náðist svo sem kunnugt er samkomulag um það milli samningsaðila að óska eftir því, að breyt. yrði gerð á l., sem hér er lögð til, en það er, að kostnaðarhlutdeildin, sem er tekin af óskiptum afla, lækkar úr 17% í 11%.

Sjútvn. hefur rætt mál þetta á tveim fundum sínum og hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með þeirri breyt., sem fram kemur á þskj. 237. Er hér um bráðabirgðaákvæði að ræða, sem talið er nauðsynlegt að sett verði með tilliti til þeirra lágmarksákvæða, sem sett voru á árinu 1969 og hafa gildistíma fram á yfirstandandi ár. Eftir því sem n. er kunnugt um, mun þetta bráðabirgðaákvæði aðeins ná til endurskoðunar á lágmarksverði á rækjum, en samningar um rækju munu ná til júlíloka á yfirstandandi ári, og ef ekki kæmi til nein endurskoðun á því verði, eftir að þessi l. koma til framkvæmda, mundi af því leiða, að rækjuverðið mundi lækka frá því, sem samið var um á s. l. ári eins og það er samkvæmt þeim samningum, sem ég hef vísað til. En það er ekki meiningin, heldur að endurskoðun fari fram og gerðar verði nauðsynlegar breytingar með hliðsjón af því, sem þetta nýja frv. tekur til um það ákvæði, það er hlutdeildarkostnaðinn í fiskverðinu. Enda þótt sjútvn. sé sammála um að mæla með samþ. þessa frv. með þeirri breyt., sem ég hef nú skýrt frá, undirrituðu tveir nm. nál. með fyrirvara, þeir hv. 1. þm. Norðurl. v. og hv. 1. þm. Vestf. En hv. 5. þm. Reykn. tjáði sig samþykkan frv. einnig með umræddum breytingum, en óskaði samt sem áður að skila séráliti um málið, svo sem hann hefur gert og sem sjá má á þskj. 238.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta frv., en vil leyfa mér að leggja til, að það verði samþ. með þeirri breyt., sem n. leggur til, og frv. að lokinni þessari umr. verði vísað til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. og formaður sjútvn. hefur þegar skýrt frá, er ég út af fyrir sig meðmæltur þeirri breyt., sem felst í frv., sem hér er um að ræða, á l. nr. 79 frá 31. des. 1968 um ráðstafanir í sjávarútvegi.

Hins vegar kaus ég að skila sérstöku nál. til þess að leggja á það ríka áherzlu, að ég er mjög andvígur þeirri löggjöf frá 31. des. 1968 og tel hana mjög rangláta, enda þótt á henni verði gerð sú tiltölulega litla breyt., sem í þessu frv. felst. Ég skal í megindráttum vísa til þess nál., sem ég hef leyft mér að leggja fram og er á þskj. 238, og mun þess vegna ekki fjölyrða um þá löggjöf, en vil aðeins minna á, að hún er að mínum dómi hið mesta víti til varnaðar. Hún sýnir, að það getur verið og er varhugavert, þegar embættismenn eru látnir ráða of miklu við undirbúning viðkvæmrar löggjafar, þegar þar eru látnir ráða, að því er virðist öllu, bankastjórar, hagfræðingar og aðrir slíkir, oft sprenglærðir menn, en menn, sem eru auðsjáanlega, eins og dæmin sanna, vanari því að umgangast tölur og vélar heldur en lifandi fólk. Glöggt dæmi um þetta eru þau átök, sem urðu fyrir nokkrum dögum, einmitt í sambandi við tiltölulega nýja löggjöf héðan frá Alþ. um verðjöfnunarsjóð og þó einkanlega um framkvæmd þeirrar löggjafar.

Sú löggjöf, sem með þessu frv., sem nú liggur fyrir d., er lagt til að gerð sé nokkur breyting á, var sett í sambandi við breyt. á gengi ísl. krónu haustið 1968. Einn þáttur þessarar löggjafar var að raska mjög svo stórlega hlutaskiptafyrirkomulagi, sem gilt hefur á íslenzkum bátaflota bæði við síldveiðar og ýmsar aðrar veiðar. Með þeim l. var ákveðið, að greiða skyldi í stofnfjár-

sjóð fiskiskipa 20% af brúttósöluverði afla og einnig skyldi greiða af óskiptu 10%, sem rynni til útgerðarmanna til þess að standa straum af kostnaði. – Ég bið afsökunar. Ég fer hér ekki nákvæmlega með réttar tölur. Það voru 10% í fyrsta lagi og svo 17% af fiskverði, sem að jafnaði var tekið, áður en hlutaskipti fóru fram til þess að standa straum af ýmsum útgerðarkostnaði og til þess að greiða í stofnfjársjóð fiskiskipa. Sem sagt, það voru að jafnaði 27%, sem tekin voru samkvæmt l. þessum af óskiptu, og gat þó farið allt upp í 37% alls landaðs aflaverðmætis, sem þannig var tekið, áður en farið var að skipta sjómönnum út úr aflahlutnum.

Nú er ætlunin að gera lítils háttar breytingu á þessari löggjöf, þannig að í staðinn fyrir að taka 17% af fiskverði, áður en hlutaskipti fari fram, er nú ráðgert, að verði tekin 11%. Ég er að sjálfsögðu fylgjandi þeirri breytingu. En ég vil leggja á það áherzlu, að eftir sem áður skulu tekin samkvæmt löggjöfinni frá í fyrra 21–31% af óskiptum afla, áður en farið er að skipta sjómönnum þeirra aflahlut.

Ég legg á það áherzlu, að ég tel þessa löggjöf frá síðasta ári mjög rangláta og hið eðlilega sé, að sjómenn og útgerðarmenn sitji eins og áður við sama borð, að því er snertir réttinn á verðmætinu fyrir aflann, og það eigi að sjálfsögðu ekki að vera löggjafaratriði, heldur samningsatriði eins og löngum hefur verið, hvernig svo aftur á móti skiptahlutföllin á milli þeirra eru.

Það mun hafa komið fram í fyrra í sambandi við löggjöfina, sem þá var sett, að það væri nauðsynlegt að gera lagabreytingu, að dómi flm. frv. vegna þess, að sjómenn hefðu verið svo óbilgjarnir í samningum, að því er snerti skiptahlutföllin. Í því sambandi vil ég þó minna á það, að þeir höfðu ekki verið óbilgjarnari en svo, að þessi skiptahlutföll höfðu breytzt mjög verulega þá á allmörgum undanförnum árum, m. a. vegna breyttrar hagkvæmni um borð og breyttra veiðiaðferða, svo sem þegar hringnót var tekin upp á sínum tíma við síldveiðar í stað hinna gömlu og mannfrekari veiðiaðferða með tveimur nótabátum.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál. Ég er fylgjandi þeirri breyt., sem þetta frv. gerir ráð fyrir, og sömuleiðis þeirri brtt., sem n. flytur og ég tel eðlilega. En ég vildi ekki og gat ekki látið þetta tækifæri ónotað til þess að mótmæla hinum mjög svo ranglátu lögum frá í fyrra — þeim lögum, sem nú er verið að breyta lítils háttar.

Bjarni Guðbjörnsson: Herra forseti. Við 1. þm. Norðurl. v. og ég höfum ritað undir nál. með fyrirvara, og byggist það á því, að við erum út af fyrir sig samþykkir þeirri breyt., sem er verið að gera á lögum frá því í des. 1968 um ráðstafanir í sjávarútvegi, en viljum nota þetta tækifæri til þess að leggja áherzlu á það, að þegar það mál var til umr. í d., greiddum við framsóknarmenn atkv. gegn þeirri breyt., sem þá var samþ., og vorum eindregið á móti málinu. Sú breyt., sem þá var gerð, var, eins og komið hefur fram í umr., að tekið var af óskiptum afla og greitt fyrst 10% í stofnfjársjóð fiskiskipa og 17% af fiskverði sem þátttaka í útgerðarkostnaði. Við töldum, að fyrir þann tíma hefðu sjómenn orðið fyrir það mikilli skerðingu á kjörum sínum á undanförnum árum, að það bæri sízt að ráðast á garðinn þar til lækkunar, enda hygg ég, að það sé svo, að ef íslenzka þjóðin hefur ekki efni á að launa sínum sjómönnum sæmilega, þá veit ég ekki, hverjir ættu að geta fengið sæmileg laun, því hvað sem um annað verður sagt, verður sjávarútvegurinn um ókomna ártugi undirstöðuatvinnuvegurinn, og það hlýtur að vera kappsmál, að sá atvinnuvegur gangi sem bezt. Við vorum, eins og ég sagði áðan, andvígir þeirri lagasetningu og viljum leggja áherzlu á það hér, enda þótt við teljum þá breyt., sem gert er ráð fyrir í þessu frv., vera til bóta, þar sem hlutfallið, eða 17%, eru færð niður í 11% sem þátttaka í útgerðarkostnaði. Ákvæði til bráðabirgða kemur fram í brtt., og það snertir eins og frsm. gat um eingöngu verðlagningu á rækju. Ég hygg, að verðlagningunni á rækjunni sé þannig háttað, að hún gildi til 30. ágúst 1970 og greitt hafi verið 10 kr. verð fyrir rækjuna. Ef þetta ákvæði til bráðabirgða hefði ekki verið, hefði rækjuverðið í heild hækkað til sjómanna, en mér finnst, að rækjuverðið þurfi að vera 10.50 kr. í staðinn fyrir 10 kr. til þess að halda óbreyttu verði, 12.70 kr. á kg.

Ég endurtek það, að við munum greiða atkv. með þessari breyt., enda þótt eins og ég gat um áðan, við höfum upphaflega verið á móti þessu máli, en við teljum, eins og málum er háttað nú, þessa breyt. vera þó heldur til bóta.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 237 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 26. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 267).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 44. fundi í Nd., 27. jan., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 29. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 267, n. 292 og 293).

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir um breyt. á l. nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu, er aðeins tvær örstuttar gr. 1. gr. hljóðar á þessa leið: „Í stað orðanna „17%“ í 1. málsgr. 3. gr. laganna komi: „11%“. Og 2. gr. hljóðar á þessa leið: „Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til

greiðslu kostnaðarhlutdeildar samkvæmt 3. gr. laganna frá og með 1. janúar 1970."

Í meðförum hv. Ed. var svo bætt við ákvæði til bráðabirgða, sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Af þessu tilefni skal Verðlagsráð sjávarútvegsins endurskoða lágmarksverð, sem gilti á árinu 1969 með gildistíma fram á árið 1970. Hið endurskoðaða lágmarksverð skal taka gildi frá og með 1. janúar 1970."

Þannig stendur á þessu bráðabirgðaákvæði, að um einstakar sjávarafurðir mun hafa verið ákveðið verð á s. l. ári, sem átti að gilda fram á þetta ár. Þarna mun vera um að ræða síld veidda við Norðurland og Austurland, en verð á henni átti að gilda, að því er mig minnir, til loka þessa mánaðar, og í öðru lagi er þarna um að ræða verð á rækju, en verð á henni átti að gilda til 31. ágúst þessa árs. Hvað fyrra atriðið, síldina við Norður- og Austurland snertir, hefur þetta enga praktíska þýðingu, en varðandi rækjuna verkar þetta þannig, að skiptaverðið breytist til hækkunar úr 10 kr. pr. kg í 10.50 kr. En það, sem útgerðin fær þá fyrir rækjuna, mun verða 12.70 kr. Í sjútvn. þessarar hv. d. var í sjálfu sér enginn efnislegur ágreiningur um þetta frv., en einn hv. nm., hv. 4. þm. Austf., skilar þó séráliti. Í því kemur þó fram, að hann er fylgjandi frv. út af fyrir sig. Ég vil vekja athygli á því, að með þeim samningum, sem frv. þetta byggist á milli útgerðarmanna annars vegar og sjómannasamtakanna hins vegar, verður sú breyting ein á l. um ráðstafanir í sjávarútvegi, að sú kostnaðarhlutdeild, sem útgerðin fékk af óskiptu, lækkar úr 17% í 11%, þ. e. a. s. þetta frv. hefur aðeins áhrif á 3. gr. laganna, en ekki á 4. gr. Í 3. gr. eru eingöngu ákvæði, er lúta að því, þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn. Ákvæði varðandi sölu afla erlendis eru aftur á móti í 4. gr. l., og þetta frv. hefur engin áhrif á þá gr. Sú breyt. á 3. gr., sem hér er fjallað um, leiðir til þess, að fiskverðshækkun til skipta verður um 15%, og mér skilst, að þrátt fyrir það, að útgerðin slaki til á þeim kostnaðarhluta, sem hún hefur fengið ein, sé hækkunin, sem til hennar rennur, um 6%. Vegna þess að þetta hefur eingöngu áhrif, ef landað er hérlendis, en ekki, þegar afli er seldur í erlendri höfn, ætti þessi breyting út af fyrir sig að stuðla að því, að íslenzk fiskiskip legðu meiri áherzlu en áður á að skila aflanum til vinnslu hér á landi. Það stendur þannig á, að ekki hefur, þrátt fyrir samkomulagið um fiskverðið, verið hægt að birta auglýsingu um fiskverðið, meðan hæstv. Alþ. hefur ekki afgr. þessa breyt. og er beðið með birtingu fiskverðsins eftir því, að þetta frv. verði að lögum.

Ég vil þess vegna leyfa mér að beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, að 3. umr. um þetta mál fari fram þegar að lokinni þessari umr., þannig, að ekki þurfi að verða frekari dráttur á því, að auglýsing um fiskverðið verði birt. Ég hygg, að ég þurfi svo ekki að fara fleiri orðum um þetta mál, en fyrir hönd meiri hl. sjútvn., og raunar fyrir hönd allrar n., mæli ég með því, að frv. verði samþ.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Með frv. þessu er gert ráð fyrir því að gera minni háttar breyt. á l., sem sett voru í desembermánuði 1968 að lokinni síðustu gengislækkun. Sú löggjöf var mjög umdeild og hefur leitt til allmikilla deilna á milli sjómanna og útvegsmanna og stöðvana í sjávarútvegsframleiðslu. Þegar þau l. voru sett, var það afstaða mín og okkar Alþb.-manna, að við vorum andvígir þessari lagasetningu og töldum, að með henni væri farið inn á mjög óeðlilega braut, en gert var ráð fyrir því, að samningum þeim, er í gildi höfðu verið milli sjómanna og útvegsmanna, yrði breytt með l. og samkomulaginu milli útvegsmanna og sjómanna um hlutaskiptakjör var raskað í grundvallaratriðum sjómönnum í óhag.

Með þessu frv. er gert ráð fyrir því að slaka nokkuð til á því óréttlæti, sem þá var samþ. í þessum l., og ég get því fyrir mitt leyti verið með því að samþykkja þetta frv., af því að það leiðréttir nokkuð þá ágalla, sem eru á gildandi löggjöf, en vil þó nota tækifærið til að undirstrika það, að ég tel, að í frv. sé um allt of litla breyt. að ræða og enn þá sé hér um hættulegt deiluefni að ræða milli sjómanna og útvegsmanna varðandi launakjör sjómanna og allar líkur séu til þess, að þetta leiði enn til endurtekinna átaka sjómanna og útvegsmanna og framleiðslustöðvana vegna þeirra óeðlilegu ákvæða, sem ég tel vera í þessari löggjöf og grípur inn í launakjörin.

Í fsp.-tíma á Alþ. í gær voru gefnar býsna athyglisverðar upplýsingar, sem snerta þetta mál. Þá var frá því skýrt, að talið væri, að afborganir og vextir, sem til falla á árinu 1969 af togurum í landinu, mundu nema 31.5 millj. kr. Hins vegar var upplýst, að greiðslur til Fiskveiðasjóðs samkvæmt þeim l., þessum umdeildu l., sem ég hef gert að umtalsefni, mundu verða samtals 124 millj. M. ö. o. er á þennan hátt gert ráð fyrir því að taka af óskiptu aflaverðmæti togaranna upphæð, sem nemur 124 millj. kr. í því skyni, að þetta eigi að fara til þess að borga afborganir og vexti af skipunum, sem skipverjum, sem ekki eiga beina aðild að rekstri útgerðarinnar, kemur ekki við út af fyrir sig. Þessi upphæð er tekin af óskiptum aflahlut í því skyni, að það eigi að borga með þessu afborganir og vexti, sem þó er ekki nema 31.5 millj. kr. Hér er auðvitað augljóslega verið að blekkja, og það er verið að raska þeim samningsgrundvelli, sem við hafði verið miðað, og það er verið að skila á þennan hátt til útgerðarinnar allverulegum hluta af framleiðsluverðmætinu, án þess að það eigi að koma undir almenn skipti. Sama er að segja varðandi önnur fiskiskip, þó að tölurnar líti nokkuð öðru vísi út.

Með þeim upplýsingum, sem voru gefnar á Alþ. í gær, var frá því skýrt, að talið væri, að afborganir og vextir af stofnlánum annarra fiskiskipa en togara mundu nema á árinu 1969 um 302 millj. kr. Hins vegar var upplýst, að samkvæmt þessum l. mundi verða greidd til Fiskveiðasjóðs vegna afborgana og vaxta annarra fiskiskipa upphæð, sem nemur 304 millj. kr. eða nokkru hærri upphæð en sem nemur öllum afborgunum og vöxtum þessara fiskiskipa.

Nú er það svo, að í framkvæmd verður þetta auðvitað þannig, að af einstökum fiskiskipum er tekið samkvæmt lögunum miklu meira en sem nemur öllum afborgunum og vöxtum af stofnlánum þeirra, en af öðrum verður auðvitað tekið eitthvað minna, því að þau hafa ekki fiskað jafnmikið. Í reyndinni verður þetta því þannig, að skipverjar eru á þennan hátt látnir standa undir þessum reksturskostnaði skipanna, sem þeir

höfðu þó ekki samið um í sínum kjarasamningum, en það verður þannig að vera samkvæmt þessum ósanngjörnu l.

Það var einnig upplýst á Alþ. í gær, að það ákvæði l., sem fjallar um, að það skuli renna beint til útgerðarmanna 17% af lönduðu aflaverðmæti, án þess að sú upphæð komi til hlutaskipta, muni nema um 391 millj. kr. á árinu 1969. Það er því mjög sennilgt, að á þennan hátt hafi verið tekið af skipverjum á öðrum fiskiskipum en togurum í kringum 200 millj. kr. af þeirra kauphluta samkvæmt því hlutaskiptafyrirkomulagi, sem í gildi hafði verið, ef maður reiknar með því, að skipshöfnin sem heild með aukahlutum eigi í kringum helming aflaverðmætisins, sem mun vera mjög nærri lagi, þegar meðaltalið er tekið. Þessi atriði eru þess eðlis, að ég er þeim andvígur og tel, að þetta sé ósanngjarnt og það sé mjög hætt við því, að þetta leiði til endurtekinna átaka á milli sjómanna og útvegsmanna og framleiðslustöðvana.

Eins og menn vita varð framleiðslustöðvun vegna þessara l. í byrjun vetrarvertíðar árið 1969, og allt útlit var einnig á því, að svo færi að þessu sinni, þó að samkomulag yrði um að falla frá stöðvun einmitt með því, að slakað var nokkuð til á ákvæðum l. á þann hátt, sem gert er nú ráð fyrir að staðfesta með þessu frv.

Afstaða mín er sem sagt sú, að ég er, eins og við Alþb.-menn höfum lýst yfir, þeirrar skoðunar, að sjómenn og útgerðarmenn eigi í frjálsum samningum að ákveða launakjör sjómanna, og Alþ. eigi ekki að grípa inn í slíka samningagerð án þeirra vilja. Með tilliti til þessa er afstaða okkar til þessara l., sem sett voru í desembermánuði 1968, óbreytt. Við teljum, að þarna sé um ósanngjörn l. að ræða, en þar sem hér er um það að ræða að draga nokkuð úr því misrétti, sem felst í l., get ég út af fyrir sig fallizt á að greiða þessu frv. atkv. Það breytir ekki afstöðu minni til meginlaganna.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 315).

---

9. Tollskrá o. fl.

Á 22. fundi í Nd., 10. des., var útbýtt:
Frv. til l. um tollskrá o. fl. [123. mál] (stjfrv., A. 167).

Á 23. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það um nýja tollskrá, sem hér liggur fyrir hv. d., er afleiðing af fyrirhugaðri aðild Íslands að Fríverzlunarbandalagi Evrópu og má því segja, að það sé að nokkru leyti fylgiplagg með till. þeirri, sem ríkisstj. hefur lagt fram á Alþ. um aðild að EFTA. Í grg. frv. eru því gerð rækileg skil hvaða meginbreytingar felast í frv., og með hliðsjón af því, að tími er nú naumur, — en nauðsynlegt er að koma þessu frv. áleiðis, þannig að það geti orðið afgreitt áður en þinghlé hefst — þá mun ég reyna að stytta mjög mál mitt hér við þessa umr. og aðeins gera grein fyrir höfuðatriðum frv., og jafnframt, eins og ég skýrði frá við 2. umr. fjárl., gera grein fyrir fjárhagsdæminu, eins og það liggur fyrir, því að jafnhliða þessu frv. verður útbýtt hér nú frv. til l. um breytingu á l. um söluskatt, sem felur í sér þær ráðstafanir, sem ríkisstj. hyggst gera til þess að jafna þessi met.

Það er alllangt síðan hafizt var handa um breytingu á tollskránni, eða raunar snemma á þessu ári, en það gefur auga leið, að það var ekki auðið að vinna nema viss undirbúningsverk í því sambandi, fyrr en umr. um EFTA þokaði það áleiðis, að ljóst yrði, hvaða skilyrði þyrfti að uppfylla í sambandi við tollamál, til þess að þeir aðildarsamningar næðust. Þar sem fram hafa komið raddir um það, að það sé óverjandi, hvað þetta frv. um tollskrána kemur seint fram, þá vildi ég láta þetta koma fram: að af hálfu rn. hefur undirbúningsvinna að þessu máli verið í gangi með mjög eðlilegum hætti og var hafin snemma á þessu ári, en það þurfti að gera flokkun á EFTA-vörunum sérstaklega, og það varð því að vera ljóst, hverjar þær vörur væru, áður en hægt var að ganga frá frv. endanlega. Auk þess hefur verið lögð á það rík áherzla við undirbúning málsins, að hafa um það samstarf fyrst og fremst við samtök iðnrekenda, sem málið varðar langmest, og hafa óskir af hálfu þeirra um ýmiss konar breytingar, og það veigamiklar, verið að berast alveg fram til síðustu stundar að segja má, þannig að ógerlegt var að ganga frá málinu fyrr en þau atriði öll höfðu verið grandskoðuð. Með þessu er ég ekki að bera neinar sakir á samtök iðnrekenda. Það var eðli málsins samkv., að þeir þurftu að íhuga sitt mál. Það hafa verið athuganir í gangi í allt sumar um aðstöðu iðnaðarins og því eðlilegt, að þeir óskuðu eftir því, að þessi skoðun færi fram.

Það var tollamálanefnd fjmrn., sem er fastanefnd og sem í eiga sæti fulltrúar bæði frá fjmrn. og frá viðskmrn. og frá ýmsum hagsmunasamtökum, þ. á m. frá Félagi ísl. iðnrekenda og Verzlunarráði Íslands, sem kannað hefur allt þetta mál og haft á hendi alla vinnu við það í einstökum atriðum, þó að meginlínurnar hafi að sjálfsögðu verið lagðar af ríkisstj. í sambandi við undirbúninginn að EFTA. Það er öllum hv. þdm. mjög kunnugt, hversu aðflutningsgjöld eru stórkostlegur hluti af tekjum íslenzka ríkisins og miklu meiri hluti heldur en í tekjum nokkurra nálægra landa, því að það er gert ráð fyrir því, miðað við fjárlagafrv., eins og það liggur fyrir nú, að um 30% af heildartekjum ríkissjóðs séu tekjur af aðflutningsgjöldum. En í öðrum löndum mun þetta vera innan við 10%, alls staðar sem við þekkjum til, og víða ekki nema 2—3%.

Það komu vitanlega fram ýmsar óskir um það, að gera breytingar á tollskránni almennt og þá sérstaklega

lækka hæstu tollflokka, sem að hefur verið stefnt með tollalagabreytingum síðustu ára. Þetta þótti ekki fært að gera, og í rauninni er ekki svigrúm til þess, nema að framkvæma þá viðbótarhækkun á söluskatti, sem ekki var talið gerlegt að gera nú, heldur yrði að takmarka hækkun hans sem mest við það, sem óumflýjanlegt væri vegna aðildarinnar að EFTA. Hitt er ljóst mál, að það verður ekki svo lengi áfram haldið að gera jafnmikinn mun á tollum, eins og hér er gert, því að þegar menn tala um hátollavörur, verða menn að horfast í augu við það, að hér er auðvitað í fjöldamörgum tilfellum langt í frá, að um neinar lúxusvörur sé að ræða, þó að það hafi verið flokkað undir þennan flokk, heldur vörur, sem eru mjög mikilvægar í notkun hverrar fjölskyldu í landinu, svo sem ýmiss konar heimilisbúnað og búsáhöld og ótal margt annað, sem er í óeðlilega háum tollflokkum. Að sjálfsögðu verður innan tíðar að reyna að lækka þessa hæstu tolla, þó að það hafi verið gert allverulega með þeim tollalagabreytingum, sem gerðar hafa verið á undanförnum árum.

Meginbreytingin í þessu frv., sem raunar hefur verið gerð grein fyrir í sambandi við aðildina að EFTA, er sú, að allar vörur, sem fluttar eru frá EFTA-löndum og eru af EFTA-uppruna, eru lækkaðar um 30% í samræmi við samninginn, sem náðst hefur við EFTA-löndin. En af hálfu iðnrekenda var lögð mikil áherzla á það, að almenna reglan varðandi hráefni yrði sú, að þau yrðu lækkuð að meðaltali um 50%, og má segja, að þeirri meginreglu sé fylgt. Þess ber þó að geta, að í ýmsum tilfellum er þetta ekki gert, bæði vegna þess, að það er um blandaðar vörur að ræða, sumt er hráefni og annað er selt á almennum markaði, sem notkunarvara til annars en iðnaðar, og enn fremur og þó veigameira atriði er það, að við athugun á aðstöðu iðnaðarins sjálfs kom í ljós, að það var ekki hægt að framkvæma þessa tollalækkun alls staðar, þar sem um margþættan iðnað var að ræða, svo sem fataiðnað. Þetta er ekki vegna andstöðu af hálfu rn., heldur vegna þess, að það var ekki hægt, þar sem voru kannske 4 greinar iðnaðar, þar sem hver tekur við af annarri. Það er allt frá lopabandi og upp í föt, og þetta skiptist í 4 flokka. Þá var ekki hægt að ná saman endum, nema með því að lækka hráefnin minna heldur en til stóð, og var það gert í fullu samráði við iðnrekendur.

Þá er það, eins og menn sjá, meginstefna frv., að það eru almennt ekki lækkaðar vörur nema frá EFTA-löndum, og það er í samræmi við EFTA-samkomulagið. Þess vegna kemur inn í tollskrána sérstakur EFTA-tollur, sem mun verða í notkun framvegis á þeim vörum, sem eru EFTA-vörur, og til þess að gera mönnum auðveldara um samanburð, er einnig sett inn í frv., sem að sjálfsögðu verður tekið út úr l., við hvern einasta tollflokk, hver núv. tollur er, þannig að þetta auðveldar mönnum ákaflega allan samanburð. Hins vegar er það að segja um hráefnin, að þau eru almennt lækkuð, eins og ég sagði, um 50%, og eru þau lækkuð frá öllum löndum hvaðan sem þau eru keypt. Þá hafa almennt verið lækkaðir tollar á iðnaðarvélum, sem hafa verið háðar miklu hærri tollum heldur en vélar í flestum greinum landbúnaðar og sjávarútvegs. Er gert ráð fyrir, að þessar vélar iðnaðarins fari almennt niður í 7% toll, sem er mjög veruleg lækkun. Mundi þá verða fullt samræmi milli véla allra atvinnuveganna að þessu leyti.

Þetta eru þær tollalækkanir, sem sérstaklega snerta aðildina að EFTA, en hins vegar hefur í sambandi við þetta mál þótt óumflýjanlegt að ganga til móts við óskir iðnaðarins að öðru leyti. Það er í tveimur efnum, sem meginmáli skipta. Annars vegar það, að vélatollalækkunin gildi fyrir þær vélar, sem fluttar hafa verið inn frá því að gengisbreytingin nú í lok árs 1968 var gerð og verði þá endurgreiddur mismunurinn af þeim tollum iðnaðarvéla, sem sérstök heimild er veitt til. Og í annan stað verði einnig endurgreiddur tollur af hráefni til iðnaðarins, sem keypt er eftir 1. desember og fram til 1. marz n. k. Það er gert til þess að ekki þurfi að verða nein stöðvun á innflutningi iðnaðarvarnings, en hins vegar er ljóst, að ógerlegt yrði að hafa á markaðnum vöru, sem framleidd væri þannig úr ódýrara hráefni heldur en á að koma til eftir þennan tíma. Þetta eru þau meginatriði í fljótu bragði, sem snerta aðildina að EFTA.

Ég vil hins vegar geta tveggja atriða, sem skipta miklu máli í þessu sambandi. Í fyrsta lagi er sérstakt heimildarákvæði, sem sett er inn í sambandi við nýjan iðnað, sem kynni að verða settur á laggirnar nú á næstunni. Þar er gefin heimild til að fella niður gjöld af vélum og tækjum, sem þarf til þessara nýju iðngreina, ef þar er um veigamikinn iðnað að ræða, annað hvort útflutningsiðnað eða iðnað, sem keppir við ótollverndaðan innflutning. Í öðru lagi vil ég benda á það, að heimild mun verða notuð svo ríflega sem kostur er á, — sem hefur raunar verið í gildandi tollskrá, en verður raunhæfari núna — til að endurgreiða í ýmsum tilfellum tolla af vörum, sem almennt eru í hærri tollflokki, en eru notaðar til framleiðslu á öðrum vörum, og á þá ekki hér sízt hlut að máli vélaiðnaðurinn í landinu, vegna þess að það er ljóst, að þessi almenna lækkun á vélum hefur þau áhrif, að aðstaða vélaiðnaðarins innanlands verður mjög erfið. En hins vegar eru margir hlutir, sem fara í vélar, sem hafa almennt notagildi, og er því ógerlegt að lækka almennt, heldur verður að hafa þessa aðferð, sem er hér heimild í tollskránni til að endurgreiða vörur og hráefni í slíkum tilvikum, til þess að ekki skapist þarna misræmi og ekki verði hindruð samkeppnisaðstaða járnvöru- og vélaiðnaðarins að þessu leyti.

Það eru í rauninni ekki nema tvær veigamiklar tollabreytingar, sem gerðar eru utan EFTA-aðildarinnar. Það er annars vegar í sambandi við pappír og bókagerð. Það hefur lengi verið vandamál og áður að því vikið í sambandi við tollskrárbreytingar, að nauðsynlegt væri að laga það, vegna þess að íslenzk bókagerð hefur, ef svo má segja, öfuga tollvernd. Þ. e. a. s. það eru ótollaðar innfluttar bækur, en hins vegar töluverður tollur á pappír og því, sem til prentverks þarf. Sömuleiðis hafa verið mörg vandamál í sambandi við umbúðaiðnaðinn, ýmsir erfiðleikar á framkvæmd þess, að hann geti verið með eðlilegum hætti og árekstrar, og þetta mál allt er tekið til meðferðar nú og heildarlausnar, sem við teljum vera endanlega á þessu vandamáli. Þetta hefur að vísu kostað mjög mikið fé eða samtals þessar vörur og lækkun, sem gerð hefur verið jafnhliða á rafhitunartækjum, til þess að auðvelda það, að hægt væri að taka upp rafhitun húsa, sem hefur mikið verið um rætt og er að sjálfsögðu mikilvægt at-

riði. Þau eru færð niður í sama tollflokk og olíukyndingartæki. Og í þriðja lagi hefur komið í ljós, sem skiljanlegt er, að það er ómögulegt að aðgreina timbur, sem er notað af iðnaðinum, og annað timbur, sem fer almennt til húsbygginga og annarra nota, þannig að það þótti óumflýjanlegt að framkvæma heildarlækkun á timbri, og er sú lækkun 30%. Þetta allt kostar um 40 millj. kr., þannig að þarna er töluvert, sem ríkið missir af tekjum, en þótti hins vegar óumflýjanlegt að framkvæma.

Þá eru taldar upp ýmsar aðrar breytingar, sem þarna eru gerðar meira til samræmingar. Það eru auðvitað stöðugt að koma upp í sambandi við tollskrána meiri og stærri vandamál, sem þurfa úrlausnar við, og hafa þau eftir atvikum verið tekin hér til meðferðar, auk þess sem ný mál koma upp. Nefni ég þar t.d. minkaræktina, sem margir hafa áhuga á. Það hefur verið mjög hár tollur á innfluttum minkum, en til þess að koma þessari atvinnugrein á, þótti óumflýjanlegt að fella niður þennan toll. Þá nefni ég aðeins sem dæmi, að það hefur verið í lögum heimild til þess að lækka öll gjöld af heilum, innfluttum dráttarbrautum, sem er mjög einkennilegt ákvæði og erfitt að skilgreina, og hefur í framkvæmd reynzt nánast lítt gerlegt að túlka þetta af neinni skynsemi, og þess vegna hefur þessi heimild verið útvíkkuð, svo að hún væri framkvæmanleg.

Aðrar heimildir, sem hér eru nákvæmlega tilgreindar, bæði í hinni sérstöku grein, sem heimildirnar felast í og svo í grg., eru þannig að hér er tiltekið alveg sérstaklega hvaða atriði það eru, sem hér hafa orðið fyrir breytingum, þannig að mönnum á að vera mjög auðvelt að bera þetta saman. Ég held ekki, herra forseti, að varðandi tollskrána sjálfa, nema fsp. berist um það, sé ástæða til að ég reki þetta nánar. Það er að sjálfsögðu margt, sem mætti segja til skýringar frekar, en það tæki allt of langan tíma, og verð ég að láta nægja að drepa á þessi meginatriði, en ætla þá að leyfa mér að víkja næst að því, hvaða áhrif þetta hefur á tekjur ríkissjóðs og hvernig það heildarvandamál stendur.

Í frv. sjálfu er þess getið, að á heils árs grundvelli sé gert ráð fyrir, að tekjutapið verði 495 millj. kr. Á EFTA-vörunum sérstaklega 245 millj., vegna lækkana á hráefnum og vélum 180 millj. og lækkana á öðrum vörum 40 millj. kr. Við þetta bætist svo endurgreiðsla á vélatollum, sem er ekki gott að segja hver er, en við höfum við lauslega athugun talið, að mundi verða um 25 millj. kr. af vélum, sem innfluttar eru eftir að gengisbreytingin varð og fram til gildistöku þessara l., og endurgreiðsla af hráefnum, sem við höfum áætlað, að yrði um 15 millj. kr., þannig að þetta næmi þá alls 505 millj. kr., að viðbættum tekjumissi á tveimur mánuðum ársins 1970, en við gerum ráð fyrir, að stöðvun verði þá á innflutningi þessara vara að verulegu leyti. Við höfum áætlað, að sá tekjumissir næmi um 30 millj. kr. Við það er miðað, vegna þess að fyrri talan er miðuð við innflutninginn 1969, en þær 30 millj., sem hér hafa bætzt við, er sú aukning innflutnings, sem áætlað er í fjárlagafrv. fyrir árið 1970, að eigi sér stað á því ári, þannig að sjálfsögðu verður þá að draga frá, hvað lækkunin á EFTA-vörunum, sem þar er gert ráð fyrir, mundi nema miklu. Þetta yrðu sem sagt 535 millj. kr.

En hér eru ekki öll kurl til grafar komin, og verður því að bæta við þessa upphæð allstórum fjárhæðum. Í fyrsta lagi er þess að geta, að ákveðið hefur verið að greiða niður söluskattshækkunina á kjöti og smjöri. Það er ekki söluskattur á mjólk, þannig að það hefur ekki áhrif á hana, en það verður greidd niður verðhækkunin á kjöti og smjöri, sem er áætlað, að muni kosta um 30 millj. kr. Þá er gert ráð fyrir því, að fella niður leyfisgjald bifreiða að fullu. Það er nú 60%, en gert er ráð fyrir, að leyfisgjaldið verði fellt niður. Það hefur verið tiltölulega lítill bílainnflutningur á þessu ári, miklu minni en var áður, og tekjur af þessu gjaldi í ár verða sennilega ekki nema um 35 millj. kr., en í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því aftur á móti, sem sennilega ekki hefði verið óraunhæft, þó að gjaldinu hefði verið haldið, að 50 millj. kr. tekjur yrðu af þessu gjaldi árið 1970. Við hins vegar reiknum með því, að þetta hafi ekki áhrif og ég geri ekki ráð fyrir neinum tekjumissi í sambandi við þessa niðurfellingu, heldur mundi þetta skila sér í auknum bílainnflutningi, þannig að þessar 50 millj. gengju þá út og inn og hefðu ekki áhrif á dæmið. Þá er gert ráð fyrir því að hækka ellilífeyri og þær bætur, sem fylgja þeim lífeyri, þannig að það yrði haft sem viðmiðun, sem samið var um við verkalýðsfélögin á s. l. ári, þ. e. a. s. 8800 kr. á manninn og það hvernig ákvörðuð eru laun hans, þannig að bættur verði upp sá munur, sem nú er á ellilífeyri og skyldum bótum og þeim launum, sem verkafólk hefur fengið með þessum samningum. Þarna er töluverður munur á. Eins og ég gat um í ræðu minni við fjárlagaumr., þá hafa þessar bætur í heild haldið fullkomlega verðgildi sínu, miðað við framfærsluvísitölu yfir 10 ára tímabil, en kaupmáttur þeirra hefur lækkað verulega og dregizt aftur úr seinni partinn á þessu ári. Það er fyrst nú á þessu ári, sem það er, en miðað við að koma þessu fólki aftur í sömu aðstöðu, hvað þetta snertir hlutfallslega, þá mundi það kosta um 54 millj. kr. á eins árs grundvelli. En það er að sjálfsögðu ekki nema hluti af þessu, sem ríkið þarf að standa undir, því að það skiptist með eðlilegum hætti lögum samkv. milli hinna ýmsu aðila.

Þá eru enn óleyst ýmiss konar vandamál. Í fyrsta lagi að jafna 87 millj. kr. halla, sem er á fjárlagafrv. við 2. umr., og sömuleiðis hafa verið geymdir ýmsir liðir, sem enn hefur ekki verið tekin afstaða til. Iðnþróunarsjóðurinn t. d., hann fær 11 millj. kr. framlag af Íslands hálfu á þessu ári, verði aðildin að EFTA raunhæf, og þá upphæð í 4 ár, og svo eru ýmsir aðrir liðir, sem skipta nokkrum millj. Þetta eru stærstu liðirnir, sem ég hef hér talið, og munu koma til meðferðar fyrir 3. umr. Verður að sjálfsögðu í dæminu í heild, þegar það er gert upp, að reikna með þessu. En mér þykir ekki ósennilegt, að alls muni þessar hækkanir á útgjöldum fjárlaga geta farið upp undir 250 millj. kr. og er þá innifalinn í því sá 87 millj. kr. halli, sem þegar er kominn fram. En dæmið í heild mundi þá líta þannig út, að tekjumissirinn plús fjárlagavandamálið mundi kosta um 780 millj. kr. á árinu 1970.

Ég hef hér tekið þetta dæmi brúttó, til þess að það yrði auðveldara til samanburðar við þær tölur, sem notaðar hafa verið, svo ekki sé hægt að segja, að það sé verið að villa um fyrir mönnum, og þetta gerir málið skiljanlegra. En við gerum ráð fyrir því, enda þótt hér verði að sjálfsögðu töluverð röskun á öllu við það að

breytingar verða, eftir að tveir mánuðir ársins eru liðnir, að það dragi mjög úr innflutningi fyrstu tvo mánuðina, sérstaklega á öllum þeim vörum, sem tollabreytingar verða á, og ekki komi til neinn innflutningur að ráði á þeim tíma, nema þá hráefnum, sem heimilt er að endurgreiða tolla af. Hitt væri áhætta, sem menn leggja naumast í, en það eru engu að síður gert ráð fyrir því í okkar dæmi, að innflutningurinn skili sér til fulls á þessum 10 mánuðum, og við höfum talið vera gerlegt að gera ráð fyrir auknum innflutningi, að nokkru vegna tollalækkananna, sem næmi 30 millj. kr. auk þess, sem eru unnir upp þessir tveir mánuðir, þegar stöðvun yrði að verulegu leyti á innflutningi EFTA-vara. Þá höfum við jafnframt gert ráð fyrir því, að hugsanlegt væri, án þess að maður viti nokkuð um það, að a. m. k. fyrst mundi töluverður innflutningur verða á þessum vörum frá öðrum löndum en EFTA-löndum, en ekki allur innflutningurinn færast þar yfir, og hef ég gert ráð fyrir, að það gætu orðið um 60 millj. kr. Og í þriðja lagi, að það gæti orðið einhver innflutningur EFTA-vöru í janúar og febrúar, sem ég hef gert ráð fyrir, að gæti numið um 35 millj. kr. Þetta mundu verða 125 millj. kr. samtals.

1% viðbót við söluskatt gefur ríkissjóði nettó á ársgrundvelli 220 millj. kr., miðað við þá viðskiptaveltu, sem reiknað er með í fjárl. 1970. En þar er að sjálfsögðu við þann vanda að glíma, að söluskatturinn með núverandi innheimtuaðferðum mundi ekki skila sér nema fyrir tvo ársfjórðunga, þannig að annað hvort yrði hér að koma til stórkostleg hækkun söluskatts, til þess að ekki yrði stórhalli á árinu, eða þá að það verður að breyta fyrirkomulagi á innheimtu söluskatts að einhverju leyti og innheimta hann hraðar, eins og ég mun ræða nánar í sambandi við söluskattsfrv., sem að sjálfsögðu er mjög æskilegt að geta gert af mörgum ástæðum, ekki síst eftir að hann hækkar, eins og nú er gert ráð fyrir. Þess vegna hef ég áætlað nokkuð djarft fyrir innheimtu á söluskatti á árinu, til þess að ná saman endum, gerandi ráð fyrir, að hægt væri að framkvæma þessar breytingar. En till. um hækkun á söluskatti er sú, að gert er ráð fyrir, að hann hækki um 3.5%, þ. e. a. s. úr 7.5% í 11%. Söluskattur hefur hér ekki verið hækkaður í 5 ár, og, eins og ég hef oftlega áður vikið að, er það beinlínis vegna þess, að gert hefur verið ráð fyrir því, að tollabreytingar stæðu fyrir dyrum og þá yrði óumflýjanlegt að fara inn á þá braut að breyta söluskattinum, til þess að vega upp það fjárhagsvandamál, sem þá skapaðist. Þessar tölur ganga nokkurn veginn upp, eins og menn sjá, þannig að það er ekkert svigrúm til þess að auka útgjöld ríkissjóðs með neinum hætti, hvorki með auknum tollalækkunum né heldur með auknum útgjöldum, fremur en þeim, sem ég hef hér gert grein fyrir, og ég get fullvissað hv. þm. um það, að það hefur verið reynt af fullum heiðarleika og svo sem beztu menn hafa getað áttað sig á, að gera sér grein fyrir því, hvernig þetta dæmi allt saman kæmi út. Ég skal taka það sérstaklega fram hér, að það er ekki ætlunin að breyta hluta sveitarfélaga af söluskatti og verðtolli. Svo sem mönnum er kunnugt, fá sveitarfélögin í sinn hlut 5% af verðtolli og 8% af söluskatti, þannig að hér mundi geta orðið um að ræða 30—40 millj. kr. tekjuaukningu fyrir sveitarfélögin, en bæði með hliðsjón af því, að það er gert ráð fyrir, að nokkrar álögur verði á þau lagðar með bjargráðasjóðsfrv., sem hér liggur fyrir, og í öðru lagi vegna hækkunar á ellilífeyri, sem fellur einnig nokkuð á sveitarfélögin, þá hefur ekki þótt ástæða til þess að vera að hagga þessum tölum, þar sem þær skipta ekki meginmáli.

Ég held, herra forseti, að ég hafi mál mitt ekki lengra að sinni, nema sérstakt tilefni gefist til, en er að sjálfsögðu reiðubúinn til að svara fsp., ef þess er óskað. Ég vildi leyfa mér að fara þess á leit, að lögð yrði áherzla á að hraða þessu máli. Það er, eins og ég sagði, óumflýjanlegt margra hluta vegna að fá það afgreitt, áður en jólaleyfi hefst. Það er búið að vinna í þessu mjög vendilega, eins og ég sagði, í samráði, þó að ekki kunni þar allir að vera á einu máli. Það verður aldrei svo. En þetta mál hefur verið skoðað mjög rækilega niður í kjölinn og sérstaklega verið höfð mjög náin samvinna við iðnrekendur. Ég er ekki með þessu að segja, að þeir séu ánægðir með allt, sem hér stendur. Eftir atvikum hygg ég það þó vera, að það hefur verið gengið til móts við allar þeirra meginóskir, við þessar breytingar hér. Að öðru leyti er hér um að ræða mörg tæknileg atriði, og ef menn ætluðu að fara að setja sig inn í þau öll, sem ég hygg, að hafi nú aldrei verið gert hér sérstaklega, þá er það geysileg vinna, sem í því er fólgin. Það kann að þykja óbilgirni að ætlast til, að þetta sé gert með þessum hætti, en það mundi skapa mjög mikil vandræði viðskiptalega að hafa tollskrána opna, án þess að menn hafi fullkomna vissu um það, hvernig tollar endanlega verða. Það þarf ekki að útskýra það fyrir hv. þdm. hvaða öryggisleysi það mundi skapa í viðskiptalífinu, ef það ætti að standa svo, jafnvel fram í febrúar. Þess vegna vildi ég leyfa mér að fara fram á það við hv. fjhn. þessarar hv. d., að hún taki frv. þetta til meðferðar strax að umr. lokinni og jafnframt, að samvinna verði höfð, eins og raunar alltaf hefur verið venja með mál eins og tollskrá, milli fjhn. beggja d., þannig að n. gætu upp úr næstu helgi skilað áliti sínu um frv. Sérfræðingar þeir, sem að þessu hafa unnið, eru að sjálfsögðu reiðubúnir til samstarfs og að veita n. upplýsingar, eftir því sem hún telur þörf á vera, jafnframt því, sem ég að sjálfsögðu er reiðubúinn til þess að leggja þar til mitt lið, eftir því sem óskað verður.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Eins og kom greinilega fram í þeirri ræðu, sem hæstv. fjmrh. var að ljúka við að flytja, þá er hér um mjög flókið og yfirgripsmikið mál að ræða. Það gefur mér tilefni til þess, áður en ég vík að málinu sjálfu, að minnast nokkrum orðum á fyrirhuguð vinnubrögð hér á Alþ. Það er nú orðið stuttur tími, ekki nema fáir dagar, þangað til jólafríið á að hefjast, en bersýnilegt, að á þeim tíma er ætlazt til, að Alþ. afgreiði mjög mörg stór og veigamikil mál. Þar er í fyrsta lagi um fjárl. að ræða, en eftir er 3. umr. fjárl. og sá undirbúningur, sem þarf að fara fram í fjvn. í sambandi við hana. Mér skilst, að enn sé eftir að athuga og fara yfir annan aðalþátt fjárl., tekjuáætlunina, og það er að sjálfsögðu ekki lítið verk.

Í öðru lagi á eftir að fara fram athugun á ýmsum veigamiklum útgjaldaliðum, sem bersýnilega þarf að

hækka frá því, sem fjárlagafrv. gerir nú ráð fyrir, og nefni ég sérstaklega í því sambandi almannatryggingarnar. Það er alveg augljóst mál, enda var það játað í ræðu hæstv. ráðh. hér áðan, að nú er svo komið með bætur almannatrygginga, að þær eru orðnar óhæfilega lágar og eru orðnar miklu rýrari að kaupmætti heldur en þær voru fyrir tveimur til þremur árum síðan. Það var nýlega upplýst í blaði þess ráðh., sem fer með tryggingamálin, að kaupmáttur ellilífeyris og barnalífeyris hefði lækkað um 11% síðan árið 1967, og raunverulega hefði orðið enn meiri lækkun á fjölskyldubótum, þegar miðað væri við lengri tíma. Af þessu sést, að þennan málaflokk, almannatryggingarnar, þarf að athuga alveg sérstaklega fyrir 3. umr. fjárl. og gera þær leiðréttingar á honum, að þar fáist eðlilegar bætur á. Þegar fjárl. sleppir, er ætlazt til þess, að einnig á þessum fáu dögum, sem eftir eru til jóla, afgreiði þingið EFTA-málið, svo sérlega stórt mál. Ég held, að margir geri það að stærra máli heldur en það raunverulega er. En það er eigi að síður mjög margbrotið mál og þarfnast víðtækrar athugunar, og Alþ. hefur raunverulega ekki haft það til meðferðar nema í 4—5 daga, því að það var fyrst í síðustu viku, sem þau gögn voru lögð fram hér á Alþ., sem veittu þm. aðstöðu til þess að átta sig á þessu máli. Og það er ljóst af þeim umr., sem hafa farið fram og líka þeim skýrslum, sem hafa verið lagðar fram, að það er enn þá ótal mörgum spurningum ósvarað í sambandi við það mál, áður en eðlilegt er, að Alþ. taki endanlega afstöðu til þess, og þess vegna vildi ég segja, að þetta mál eitt væri ærið verkefni fyrir Alþ. fram að jólum, ásamt því að afgreiða fjárlögin. Og ég vildi raunar segja, að tíminn fram að jólum væri of stuttur til þess að afgreiða EFTA-málið ásamt fjárl.

Við þetta bætist svo, að hér í gær voru til meðferðar tvö frv., sem eru tengd EFTA-málinu og fela í sér mjög veigamikla breytingu á l. um iðjuleyfi og verzlunarleyfi. Þar er m. ö. o. gert ráð fyrir þeirri veigamiklu breytingu, að í sambandi við þær leyfisveitingar verði nú tekið upp eins konar fjárfestingareftirlit. Það er, að annað hvort lögreglustjóri í viðkomandi umdæmi eða ráðh., sem með þessi mál fer, láti fara fram athugun á því, áður en slík leyfi eru veitt, hvort það séu eðlileg starfsskilyrði fyrir nýtt fyrirtæki í viðkomandi atvinnugrein. Hér mun vera höfð til fyrirmyndar löggjöf, sem stjórn Alþfl. í Noregi setti á sínum tíma, til þess að koma í veg fyrir, að óeðlilega mikil fjárfesting ætti sér stað við stofnun nýrra fyrirtækja. Ég er þeirrar skoðunar, eins og ég lýsti hér í umr. í gær, að ég er því sammála, að slík fjárfestingarhöft séu tekin upp í einhverju formi, og það sé rétt að hafa hömlur á því, að ekki sé stofnað til nýrra fyrirtækja í atvinnugreinum, þar sem þegar eru nóg fyrirtæki fyrir. En þetta mál er eigi að síður þannig vaxið, að það er eðlilegt, að Alþ. gefi sér nokkurn tíma til að íhuga það. Og ef það á nú að bæta athugun og afgreiðslu þessara mála við störf Alþ. fram að jólum, til viðbótar EFTA-málinu og fjárlagafrv., þá verð ég að segja, að það sé nú komið meira en nóg verkefni fyrir Alþ. á þessum tíma.

Ég vil í framhaldi af þessu segja það, þegar þetta er athugað, að ég álít það með öllu óverjandi af hæstv. ríkisstj. að fara fram á það við Alþ., að til viðbótar áðurnefndum málum afgreiði það fyrir jól það stóra og yfirgripsmikla frv., sem hér liggur fyrir, frv. að nýrri tollskrá. Þetta frv. er upp á rúmlega 200 síður, og það grípur ákaflega víða inn í, bæði í atvinnurekstur og verzlun, og það felur í sér mjög veigamiklar breytingar á tollskránni frá því, sem nú er. Það er að sjálfsögðu ekki hægt fyrir Alþ. að afgreiða mál, svo að nokkurt vit sé í, nema það fái mjög rúman tíma til þess að fjalla um það. Það er ekki nóg í þessu sambandi, að Alþ. geti kvatt á sinn fund eina dagstund þá sérfræðinga, sem að þessu máli hafa unnið, eins og hæstv. ráðh. var að bjóða upp á, heldur þurfa þær nefndir, sem um þetta mál fjalla, að hafa aðstöðu til þess að kveðja á sinn fund ýmsa fulltrúa atvinnuveganna og verzlunarinnar, til að gera sér fulla grein fyrir því, hvort þær breytingar séu réttmætar og eðlilegar, sem hér er verið að gera, og hvort hér sé ekki einhverra lagfæringa þörf frá því, sem frv. gerir ráð fyrir. Mér sýnist líka, að það mæli með því, að Alþ. hafi ekki neitt sérstaklega hraðan á í þessu máli, að ekki er ætlazt til þess, að þessi lög taki gildi fyrr en 1. marz n. k. hvort eð er, og þess vegna sé alveg ráðrúm til þess fyrir Alþ. að hafa málið til meðferðar nokkra daga eða vikur eftir að það kemur saman aftur eftir jólafríið, og það gæti þá komið saman þeim mun fyrr til þess að ljúka þessari afgreiðslu.

Ég vil vænta þess, að við nánari athugun geri hæstv. ríkisstj. sér grein fyrir því, að hún fer fram á allt of mikið við þingið, ef hún ætlast til þess, að hér verði eðlileg vinnubrögð, vinnubrögð sem Alþ. eru samboðin, að það sé of mikið að ætlast til þess, að nú fyrir jólin afgreiði þingið þetta frv. til viðbótar öðrum stórmálum, sem ég hef minnzt á og gert er ráð fyrir að nái fram að ganga, áður en jólafríið byrjar. Ég tel líka líklegt, að um afgreiðslu þeirra mála, sem ég minntist á áðan, þó að þau séu stór og veigamikil, mundi nást alveg samkomulag um það við stjórnarandstöðuna, að þau næðu fram að ganga fyrir jólafríið, þrátt fyrir það, að það sé kannske ekki eðlilegt í sambandi við þá vinnu, sem Alþ. ætti að leysa af höndum í sambandi við slík mál, þó með því að taka tillit til allra aðstæðna, eins og þær eru nú fyrir hendi. En ég held, að það geti aldrei orðið í góðu samkomulagi við stjórnarandstöðuna og mundi mjög breyta vinnubrögðum hér á þingi þá daga, sem eftir eru fram að jólafríinu, ef stjórnin legði kapp á það og reyndi að knýja það fram, að þetta stóra mál yrði einnig afgreitt fyrir jólin, ásamt þeim málum, sem ég hef hér áður nefnt.

Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því, að á seinustu þingum hafa skapazt alveg ný vinnubrögð af hálfu hæstv. ríkisstj. í sambandi við störf Alþ. Ef við lítum til dæmis fram til þeirra ára, sem hin ágæta bók hæstv. forsrh., Deildir Alþingis, fjallar um eða nær til, þá sér maður, að það var yfirleitt háttur ríkisstj. að leggja öll hin veigameiri stjórnarfrv. fram í þingbyrjun, til þess að Alþ. gæfist kostur á að hafa sem rýmstan tíma til þess að íhuga slík mál. Nú er, því miður, sá háttur á hafður í allt of mörgum tilfellum, — þó að það sé ekki alltaf, ég skal taka það fram — að veigamestu stjórnarfrv. koma ekki fram fyrr en eftir dúk og disk og oftast í þann mund, sem verið er að fresta störfum Alþ. fyrir jólin ellegar þegar því er að ljúka á vorin. Þetta þýðir það, að Alþ. getur mjög sjaldan íhugað þessi mál svo sem vera skyldi og því ber, samkv. því, sem stjórnar-

skráin ætlast til. Ég veit, að hæstv. forsrh. er þetta alveg sérstaklega vel kunnugt, vegna þeirrar miklu athugunar, sem hann gerði á þingsögunni fram að þeim tíma, þegar hans ágæta rit, Deildir Alþingis, kom út.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um þetta öllu sterkari orðum að þessu sinni eða ræða meira um þetta atriði, vegna þess að ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. taki þessi tilmæli til greina. En það yrði líka tækifæri til þess síðar, ef ekki verður á þessi tilmæli fallizt, að ræða þetta atriði nánar.

Ég skal þá víkja nokkrum orðum að því frv., sem hér liggur fyrir, en að sjálfsögðu verður það mjög ófullkomið, sem ég segi um þetta efni, sökum þess, að þetta mál var fyrst lagt fram hér í d. í gær, og það er vitanlega enginn tími til þess að íhuga frv., sem er upp á 200 bls. og jafn yfirgripsmikið og þetta er og kemur jafn víða við, svo að vel sé á svo stuttum tíma, svo að það, sem ég minnist á, mun aðeins ná til meginatriða. Aðalefni þessa frv. fjallar um lækkun tolla og það mjög verulega. Ég skal ekki ræða um það á þessu stigi, hve réttmætar eða eðlilegar þessar tollalækkanir eru, en þær eru hins vegar óhjákvæmilegar, vegna þeirrar stefnu ríkisstj., að gera Ísland að aðila í EFTA. En það verður, finnst mér, fyrst og fremst að íhuga í sambandi við þessa tollabreytingu, hvernig tollarnir hafa lagzt á skattþegnana eða þá, sem greiða þá, og með hvaða hætti og hvernig þeim álögum, sem eiga að koma í staðinn, verður háttað. Þeir tollar, sem þetta frv. fjallar um og gert er ráð fyrir að lækki, eru yfirleitt lagðir á dálítið mismunandi, eftir því, um hvaða vörur er að ræða. Tollarnir eru háir á þeim vörum, sem eru taldar miður nauðsynlegar, en aftur lágir á þeim vörum, sem eru taldar nauðsynlegri, þannig að þeim hefur verið hagað með það fyrir augum, að þeir kæmu sem réttilegast við hina almennu neyzlu eða við almenning, ef svo mætti segja, en væru þyngri á þeim, sem hafa efni á því að kaupa sér varning, sem ekki er almennt talinn nauðsynlegur. Þó að enn hafi ekki verið formlega lagt fram frv. um það, hvernig ríkisstj. hyggst afla tekna í staðinn, þá skilst mér á því, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan, — eða það mun vera komið fram, þó að það hafi ekki verið komið á borðið áðan, þegar ég kvaddi mér hljóðs, — að í þeirri tekjuöflun, sem ríkisstj. gerir ráð fyrir að komi í staðinn fyrir tollalækkunina, muni gert ráð fyrir hækkun söluskatts, sem leggst nokkurn veginn jafnt á allar vörur. Þessi breyting hefur það í för með sér í reynd, að álögur munu lækka á ýmsum vörum, sem eru taldar miður nauðsynlegar, en hins vegar hækka á vörum, sem hafa verið og eru taldar nauðsynlegar.

Mér finnst, að með þessu sé stefnt í ranga átt, og við öflun hinna nýju tekna hefði átt að reyna að fylgja sömu reglu og áður gilti um tollana, þannig að nýju álögurnar legðust tiltölulega þyngst á þær vörur, sem eru taldar miður nauðsynlegar, en léttar á hinar, sem eru nauðsynlegar. Þetta atriði er þannig vaxið að mínum dómi, að það leggur Alþ. alveg sérstaka skyldu á herðar að íhuga þessi mál nánar og hvort það er ekki hægt að finna leið, sem tryggi það, að hinar nýju álögur leggist á með nokkuð svipuðum hætti og tollarnir áður gerðu, og hvort það séu ekki til leiðir til að ná samkomulagi milli ríkisstj. og stjórnarandstöðu um slíka tekjuöflun. Ég er ekki tilbúinn að fullyrða um það á þessu stigi, hvaða leiðir væru æskilegastar og beztar í þessu sambandi. Á því atriði þarf einmitt að fara fram ýtarleg athugun. Ég álít, að það væri heppilegast, að hún gæti farið fram með þeim hætti, að það væri um það samvinna á milli ríkisstj. og stjórnarandstöðu, það yrði leitað eftir því, hvort þessir aðilar gætu ekki fundið sameiginlegan grundvöll hvað þetta mál snertir. En að sjálfsögðu verður ekkert tækifæri til þess, ef á að hraða málinu svo mikið, að það nái afgreiðslu fyrir jólin. Og þetta er ein af ástæðunum til þess, að ég tel það eðlilegt, að afgreiðslu þessa máls verði frestað fram að framhaldsþingi og athugað um möguleika á samkomulagi og samstarfi milli ríkisstj. og stjórnarandstöðu um þetta atriði.

Það má vel vera, að það séu ýmsir erfiðleikar á því að hafa söluskatt mismunandi, en það getur verið hægt að hugsa sér þessa framkvæmd með þeim hætti, sem hæstv. ráðh. virðist gera ráð fyrir í sambandi við vissar landbúnaðarvörur, eins og smjör og kjöt, að fleiri neyzluvörur yrðu greiddar niður, þannig að þær þyrftu ekki að hækka, þó að til almennrar söluskattshækkunar kæmi. En ég álít, að þar sé farið inn á mjög athyglisverða braut, og ég vil í því sambandi segja það, að ég mundi telja eðlilegt, að þær niðurgreiðslur, sem eru fyrirhugaðar á smjöri og kjöti, yrðu enn víðtækari, t. d. gengið a. m. k. það langt, að allur söluskatturinn á þessum vörum yrði greiddur niður. Nú er það kunnugt og veldur bændum sérstökum áhyggjum, að mikill samdráttur hefur orðið í kjötsölunni innanlands seinustu misserin, sem er eðlilega vegna þess, að kaupgeta almennings hefur minnkað, en þessar vörur hafa hækkað mjög mikið í verði. Þess vegna gæti það orðið til þess að örva sölu þessara vara, ef niðurgreiðslur kjötvaranna yrðu auknar.

Mér virðist eftir því, sem segir í grg. frv., að þar sé gert ráð fyrir þeirri meginstefnu varðandi verndartollana, að þeir lækki um 30%. Aftur á móti lækki hinir svonefndu efnistollar um 50% og tollar á vélum til iðnaðarins lækki yfirleitt niður í 7%. Það kom fram hér í umr. áður fyrr, að ríkisstj. ætlaði sér ekki að ganga lengra í sambandi við efnistollana en að lækka þá tiltölulega um sömu upphæð og verndartollana, eða um 30%. Ég sé, að hér hefur verið horfið frá þeirri stefnu og þeir lækkaðir nokkru meira, og mér finnst rétt að láta það koma fram, að mér finnst rétt af hæstv. ríkisstj. að hafa gert það. En hins vegar hefði hún átt að mínum dómi að ganga lengra í þessum efnum. Ég hefði talið nauðsynlegt fyrir iðnaðinn, sem á nú að mæta aukinni samkeppni, að efnistollarnir hefðu verið felldir niður að mestu eða öllu. Og ég óttast það, að þegar ekki er lengra gengið í því að lækka efnistollana heldur en hér er gert ráð fyrir, verði niðurstaðan sú, að með þessum tollabreytingum verði í reynd meiri verðlækkun á innfluttum vörum en innlendum. Í sambandi við sumar iðngreinar, þá er erlenda efnið, sem þær kaupa eða þurfa til framleiðslunnar, ekki það mikið, að 50% af efnistolli nægi til þess að vega á móti 30% tolllækkun á innfluttri vöru. Ef það verður niðurstaðan, að efnistollarnir og vélatollarnir verði ekki lækkaðir meira heldur en hér er lagt til, þá tel ég, að það sé óhjákvæmilegt að iðnaðurinn fái einhverjar frekari bætur í staðinn, til þess að tryggja það, að hann standi hér

nokkurn veginn á ekki lakari grundvelli gagnvart innfluttum vörum en hann gerði áður. Og þetta væri m. a. hægt að gera, og ætti að gera, með því að gera breytingar á skattalögum, sem bættu aðstöðu iðnaðarins frá því, sem nú er.

Ég vil þess vegna beina þeirri fsp. til hæstv. fjmrh., — ég get beðið á meðan hæstv. ráðh. þarf að ræða við sína starfsbræður, – ég ætlaði að spyrja hæstv. ráðh. að því, í framhaldi af því, sem ég sagði um verndartollana og efnistollana, hvort ekki megi vænta breytinga á skattalögum, sem bættu aðstöðu iðnaðarins frá því, sem nú er. Ég hefði talið eðlilegt, að slíkt frv. væri einmitt látið fylgja till. um EFTA-aðild, því mér skilst hálft í hvoru, að iðnaðinum hafi verið gefið fyrirheit um þetta. (Gripið fram í.) Ja, það má vel vera. En þá er gott að fá upplýsingar um það. En það hlýtur mönnum að vera ljóst, að í sambandi við EFTA-aðild og þá lækkun svokallaðra verndartolla, sem verður í sambandi við hana, þarfnast iðnaðurinn margs konar bættrar aðstöðu frá því, sem nú er, ef hann á að standast þá samkeppni, sem af lækkun verndartollanna hlýzt. Og mér finnst nú satt að segja, að fram að þessu hafi komið allt of takmarkaðar upplýsingar um það, hvað ríkisstj. hyggst gera í þeim efnum.

Ég kem þá að þeirri áætlun um tekjurýrnun, sem talið er, að hljótist af breyt. á tollskránni. Það kemur nú ekki í ljós í grg., á hvaða grundvelli þeir útreikningar eru byggðir, fullkomlega, en þó sýnist mér að innflutningsáætlunin, sem fjárl. fyrir 1970 eru byggð á, sé lögð hér til grundvallar. En mér sýnist, að það sé ekkert tillit tekið til þess, að lækkun verndartollanna hlýtur að leiða af sér aukinn innflutning á þeim vörum, sem þessi lækkun nær til. En það held ég að öllum hljóti að vera ljóst, að a. m. k. til að byrja með hlýtur lækkun verndartollanna að hafa þau áhrif að innflutningur eykst á þessum vörum. Og það leiðir að sjálfsögðu til þess, að tolltekjur af þeim aukast og verða jafnvel meiri heldur en nemur þeirri tekjurýrnun, sem hlýzt af tollalækkuninni. Ég held því, að tekjurýrnun ríkisins vegna þeirra tollalækkana, sem felast í þessu frv., verði ekki eins mikil og áætlað er í grg. þessa frv. Og þess vegna þurfi ekki eins mikla hækkun söluskattsins hennar vegna og hæstv. fjmrh. gerir ráð fyrir. Hitt má vel vera, og kom reyndar fram í ræðu hæstv. fjmrh. hér áðan, að hann telji sig þurfa á hækkun söluskattsins að halda af öðrum ástæðum en þessari tollalækkun. Og mér er þess vegna nær að halda, að hin mikla ráðgerða hækkun á söluskattinum, sem mun felast í því frv., sem hefur verið lagt fram í deildinni meðan ég er að halda mína ræðu, sé fyrst og fremst sprottin af öðrum ástæðum heldur en því frv., sem ég er hér að ræða um. En ég er ekki viss um heldur, hvort þar er um eðlilegar forsendur að ræða. Ég held að sú tekjuáætlun, sem er nú í fjárl.-frv., sé lægri heldur en eðlilegt er. Eins og nú horfir með íslenzkt atvinnulíf, þar sem verðlag á útflutningsvörum fer mjög hækkandi og þar sem óhjákvæmilegt verður að telja, að verulegar kauphækkanir verði á næsta ári, þá held ég að veltan í landinu, ef svo mætti segja, hljóti að verða meiri á næsta ári heldur en gert er ráð fyrir í tekjuáætlun fjárl. og þar af leiðandi verði tekjur ríkisins mun meiri heldur en fjárl. gera nú ráð fyrir. Ég sagði það áðan, þegar ég byrjaði að ræða um þetta frv., að það hefði verið takmarkaður tími til þess að undirbúa ræðu um það, svo að fullnægjandi mætti telja, vegna þess hve málið er yfirgripsmikið og stutt síðan málið kom fram, og ég mun þess vegna láta þetta nægja nú að sinni. Ég treysti á það, að hæstv. ríkisstj. komi þannig til móts við Alþ. og móts við stjórnarandstöðuna, að hún knýi það ekki fram, að þetta stóra mál verði afgr. fyrir jólafríið ásamt öðrum stórmálum, sem þegar er ákveðið að nái fram að ganga á þeim tíma. En ef hæstv. ríkisstj. ætlar hins vegar að gera alvöru úr þeim, ég vil segja óþinglegu vinnubrögðum, að knýja þetta stórmál fram, eiginlega athugunarlaust af Alþ. hálfu, fyrir jólafríið, þá má hún vænta þess, að það verði einhver önnur vinnubrögð upp tekin í sambandi við málið.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég hef áður vakið athygli á því, að ég tel alveg fráleitt að standa að undirbúningi tollalagabreytingar á þann hátt, sem gert er nú að þessu sinni og jafnan áður hefur verið gert hér eða æðioft. Undirbúningsstörfin eru alltaf höfð þannig, þegar stendur til að breyta tollalöggjöfinni, að ríkisstj. skipar einhverja menn til þess að endurskoða tollalagabálkinn. Hún vinnur í málinu og stjórnarflokkarnir að sjálfsögðu, og síðan er komið með tollalagabreytingar í mjög flóknu formi fyrir Alþ. og farið fram á það, að málið verði afgr. á Alþ. á örstuttum tíma. Þessar vinnuaðferðir eru alveg forkastanlegar og verður að leggja þetta niður. Það hlýtur að enda með þeim ósköpum, að það verður torveldað að koma fram tollalagabreytingum á stuttum tíma, ef svona er staðið að málinu. Ef ríkisstj. vill fá tiltölulega fljóta afgreiðslu á svona máli, eins og þessu, í þinginu, þá verður hún að sætta sig við það að gefa a. m. k. fulltrúum frá þingflokkunum tækifæri til þess að fylgjast með undirbúningi málsins að einhverju leyti. Ég hef æ ofan í æ bent á þetta og farið fram á þetta. Það kemur svo gjarnan fram í skýrslum frá fjmrh. eins og nú, að það hefur verið allmikið unnið að þessum undirbúningi af ýmsum mönnum, það hefur verið haft mikið samráð við iðnrekendur, mikið samráð við kaupsýslumenn, en alþm. eru settir í þá stöðu, að þeir taka hér við þykkri og margslunginni bók, sem þeir hafa enga aðstöðu til þess að lesa alla, hvað þá að þeir hafi almennilegt tækifæri til þess að geta flutt þar sínar brtt., og er farið fram á það að málið verði afgr. á örskömmum tíma í þinginu. Ég skil það mætavel, að það eru ýmis rök, sem liggja til þess, að fjmrh. fer fram á það að svona mál liggi ekki mjög lengi hjá þinginu. Það eru nokkrar ástæður til þess. En ef þeir eiga að geta farið fram á það við þingið, að það afgr. málið fljótlega, þá verða þeir að fallast á þessi sjónarmið mín, að standa öðruvísi að undirbúningi málanna en þeir hafa gert. Ég vek athygli á þessu enn einu sinni.

Hér er auðvitað um mjög stórt mál að ræða. Hér er verið að hefja þá miklu breytingu að leggja að verulegu leyti niður tolltekjur ríkissjóðs og breyta tekjuöfluninni í grundvallaratriðum. Við vitum, að hinar ýmsu neyzluvörur almennings hafa verið skattlagðar til ríkissjóðs á mjög mismunandi hátt. Sumar hafa verið í hópi þeirra vara, sem kallaðar hafa verið hátollavörur og innheimtur hefur verið hár tollur af. Það hefur

gjarnan verið litið á það þannig, að þar væri um þær vörur að ræða, sem tæpast væru nauðsynlegar, og jafnvel allt upp í það að vera lúxusvörur. Því hefur verið innheimt hærra gjald af þeim en ýmsum öðrum. Og nú er sem sagt stefnt að því að breyta þessu, fella niður tollinn að miklu eða öllu leyti og færa síðan skattheimtuna yfir á hinn almenna söluskatt, sem á að leggjast með nokkurn veginn sama þunga á allar vörur, hinar daglegu lífsnauðsynjar jafnt og hinar. Það gefur auðvitað auga leið, að þm. verða ekki allir á eitt sáttir um þessa breytingu, og það hljóta að koma hér fram mismunandi sjónarmið, varðandi þessa breyt. og ýmsar till. lútandi að málum, ef eitthvert svigrúm gefst þá til þess að koma þar till. að. Ég álít því, að það hefði verið mjög æskilegt ef hæstv. fjmrh. hefði getað fallizt á það, að þetta mál hefði fengið að fara í athugun í þn. og það hefði ekki verið afgr. nú fyrir jól, fyrir þinghlé, heldur hefði verið hægt að geyma það, þar til þing kæmi saman aftur. Mér sýnist satt að segja, að eins og á er sett með verkefni þessa fáu daga, sem eftir eru til jóla, þá verði mjög erfitt að koma þessu máli í gegn, þannig að nokkur mynd eigi að teljast á.

Ég sem sagt beini þessu til hæstv. ráðh. enn einu sinni, að hann athugi það, hvort ekki er hægt að hafa þennan hátt á. Að öðru leyti þá ætla ég mér ekki að fara hér út í neinar almennar umr. um þetta stóra mál. Málið þarf að fara til n. með eðlilegum hætti og vera unnið þar, og það, sem ég segi hér um málið, verður því stutt að þessu sinni, en ég geri það í fullu trausti þess, að það gefist þá líka nægur tími í þeirri n., sem fær málið til athugunar, til þess að fjalla þar um það, fá upplýsingar um málið, og á þann hátt verði hægt að koma fram þeim brtt., sem menn óska eftir að flytja. Að öðru leyti vil ég lýsa því yfir sem skoðun minni og okkar Alþb.-manna, að við erum því andvígir að fella niður tollana á þann hátt, sem hér er lagt til, með því að taka upp söluskatt í því formi í staðinn, sem hæstv. ráðh. lýsti hér yfir að ætlunin væri að gera.

Við teljum að það komi fyllilega til athugunar að stefna að því að lækka innflutningstolla í ýmsum greinum og skipa þeim málum hjá okkur á líkan hátt og gert er í ýmsum nágrannalöndum okkar. En það þarf auðvitað að gerast stig af stigi, en jafnhliða og það er gert, þá verður að koma sér saman um það, hvernig á að haga skattheimtu ríkisins í staðinn. Og það er auðvitað mikið og flókið mál. En við getum ekki fyrir okkar leyti staðið að því að fella niður tolla að því marki, sem hér er um að ræða, einkum og sérstaklega af hátolluðum varningi, en taka í staðinn upp jafnan söluskatt, sem leggst á brýnustu lífsnauðsynjar. Við álítum það, að jafnvel þó að út úr slíku dæmi sé hægt að fá það, að kaupgjaldsvísitalan eða verðlagsvísitalan breytist ekki verulega, þá sé þarna eigi að síður um að ræða álögutilflutning láglaunafólki mjög í óhag. Það er enginn vafi á því, að flestar þær vörur, sem hafa verið í 65–90% tollflokki, hafa verið þess eðlis að þær eru yfirleitt sjaldan keyptar af almenningi í landinu eða láglaunafólki, a. m. k. alls ekki daglega, og það er ekki hægt að líkja þeim á neinn hátt við ýmsar brýnustu lífsnauðsynjar, sem nú er ætlunin að hækka verðið á með hækkuðum söluskatti, eins og t. d. fiski, sem menn kaupa svo að segja daglega og er ein aðaluppistaðan í daglegri neyzlu fátækra manna í landinu og alls almennings. Við erum sem sagt andvígir þessari stefnu, sem þarna kemur fram, í sambandi við þetta tollalækkunarfrv. og það frv., sem því raunverulega fylgir, sem er söluskattsfrv.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð að sinni. Ég veit að tími þessa þingfundar er senn á enda, og ég er ekki á móti því að málið fari til n. og verði þar athugað, en í trausti þess, að það fái þar fulla og eðlilega athugun og þinginu gefist síðan eðlilegt tóm til að fjalla um það, þá lýk ég hér máli mínu að þessu sinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 24. fundi í Nd., 12. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 27 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 22. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 167, n. 245, 256 og 259, 236, 246, 257, 260).

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft til athugunar frv. til l. um tollskrá o. fl. Í n. hefur ekki orðið samstaða um útgáfu nál., og gefur meiri hl. út nál. á þskj. 245, en minni hl. gefur út 2 nál. á þskj. 256 og 259. Meiri hl. fjhn. leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem ég flyt í mínu nafni á þskj. 236 og 246.

Eins og fram kemur í nál. meiri hl., styðja fulltrúar minni hl. ýmsar af þeim brtt., sem þar eru fluttar, og þess vegna er þessi háttur á hafður, að ég flyt þær sem formaður n., en ekki meiri hl. sérstaklega, þar sem minni hl., eins og ég sagði áðan, styður allflestar af þessum brtt. Til ráðuneytis við athugun frv. voru þeir Jón Sigurðsson ráðuneytisstjóri og Björn Hermannsson deildarstjóri í fjmrn., en þeir eiga báðir sæti í tollskrárnefnd. Áður en jólaleyfi var gefið, sendi n. frv. fjölmörgum aðilum til umsagnar og óskaði eftir, að umsagnir væru komnar hér til þingsins 11. janúar og var svo. Auk þess bárust ýmsar og nokkuð margar aths. frá einstökum aðilum, sem bentu á ýmislegt í þessu frv. og óskuðu eftir, að á frv. væru gerðar breytingar í samræmi við þær ábendingar, sem þeir komu með.

Eins og fram kemur í aths. við frv., er hér um að ræða breytingar, sem leiða af þeirri samþykkt Alþ., að veita ríkisstj. heimild til þess að Ísland gerist aðili að Fríverzlunarsamtökum Evrópu, EFTA. Breytingarnar á tollskránni eru fólgnar í því að samræma tollskrána við þá samninga, sem gert er ráð fyrir, að Ísland geri í sambandi við inngöngu í EFTA. Þó hafa að sjálfsögðu ýmis atriði, sem menn hafa tekið eftir og eru til leiðréttingar, verið tekin upp, og við athugun á frv. hafði n. fyrir sér meginsjónarmið frv. og eru brtt. í samræmi við það. Þó, eins og ég gat um, eru teknar upp eða gerðar brtt. til samræmingar og leiðréttingar, og ég mun gera grein fyrir þeim hér á eftir.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fara að fjalla um einstakar greinar frv. að öðru leyti en því, sem viðkemur

þeim brtt., sem fluttar eru. Flestallar brtt. eru við 1. gr. frv., en í henni eru flokkaðar niður í upp undir 100 flokka þær vörur, sem um er að ræða, og þar settur sá tollur, sem um innflutning á þeim gildir, samkvæmt Brüsselsamþykktinni. Það hafa verið gerðar smávægilegar leiðréttingar á milli flokka, en að eiginlega öllu leyti er flokkaskipan sú hin sama og er í þeirri tollskrá, sem í gildi er í dag.

Ég mun þá gera grein fyrir þeim brtt., sem ég flyt við 2. gr. frv., en þær brtt. eru á tveimur þskj., þskj. 236 og 246, og byrja á brtt. við 5. kafla 1. gr. Við þennan kafla eru 1. og 2. brtt. á þskj. 246, og þar er samræming á tolli, þ. e. a. s. á hráefni. Hann er samkv. till. n. færður úr 30% í 15% í stað þess, að gert er ráð fyrir því í frv., að hann sé færður úr 30% í 21%. Hér er haft í huga það sjónarmið, sem er reynt að stefna að, þó að það sé ekki að öllu leyti, að hráefni lækki í tolli um 50%.

Þá er næst brtt. við 12. kafla frv. Þar er um að ræða hráefni, sem gert er ráð fyrir, að notað verði til blöndunar í skepnufóður, en hefur lítið verið notað hér til slíks, og gert ráð fyrir, að tollurinn fari í 0% í stað þess, að í frv. er lagt til, að hann verði óbreyttur, eða 20%.

Þá er brtt. nr. 2 á þskj. 236 við 15. kafla frv. Þar er lagt til, að það verði lækkun á baðmullarfræsolíu úr 10% í 7%, en í frv. er gert ráð fyrir, að þar verði ekki um að ræða neina tollalækkun.

Þá er næst 3. brtt. á þskj. 236 við 18. kaflann. Þar er um það að ræða að færa toll niður um 50%, niður í 20% í stað 40%, en í frv. er gert ráð fyrir, að hann fari aðeins niður í 30%. Síðan er brtt. á þskj. 236 nr. 4 við 20. kafla. Það er, að ytri tollurinn lækki á tómatpuré, sem er notað í sambandi við niðursuðuiðnað, í 50% úr 80% og EFTA-tollurinn í 35% úr 55%, eins og gert er ráð fyrir í frv., að hann verði. Þá er 3. brtt. á þskj. 246 við 21. kafla. Það er að búa til nýtt nr., þar sem gert er ráð fyrir, að súputeningar nr. 21.05.00, súputeningar og súpur innfluttar verði með 100% ytri tolli og 70% EFTA-tolli. Hér er um það að ræða, að fyrir ekki löngu síðan var hér sett á stofn fyrirtæki, sem framleiðir slíkar súpur, og þá er gert ráð fyrir því, að hráefnið, sem innflutt er í sambandi við það, verði í 70% tolli, sé það flutt inn í 5 kg umbúðum eða stærri, eins og í greininni stendur.

Þá er næst 5. brtt. á þskj. 236. Það er við 22. kafla. Þar er leiðrétting á EFTA-tolli. Í frv. er gert ráð fyrir, að hann sé 21%, en hér er lagt til, að hann verði 18%. Þessu næst er brtt. 6 á þskj. 236, brtt. við 29. kafla. Það er að kljúfa upp nr. 29.01.20. Hér er um að ræða, að efnið acetylen verði í 25% EFTA-tolli og 35% ytri tolli, en önnur efni verði með 15% ytri tolli. Hér er um að ræða tæknilega, efnafræðilega breytingu, sem sérfræðingar tollskrárnefndar hafa bent á, að æskilegt væri, að gerð yrði.

Þá er 7. brtt. á þskj. 236 við 35. kafla 1. gr. Þar er um að ræða hækkun frá því, sem gert er ráð fyrir í frv. Í frv. er gert ráð fyrir, að umrætt efni fari í 21% toll, en það er talið eðlilegra, að hér verði um að ræða 30% ytri toll. Hins vegar enginn EFTA-tollur í þessu tilfelli. Við 36. kafla er brtt. frá n. Þar er um að ræða nr. 36.01.00 og 36.05.00. Í fyrra tilfellinu er um að ræða púður til sprengiefnaframleiðslu, og þar gert ráð fyrir því, að lækka tollinn úr 35% í 18% og samsvarandi með flugelda, sem eru í 36.05, að tollurinn á þeim verði 50% ytri tollur og 35% EFTA-tollur.

Síðan koma nokkuð mörg nr., sem eru brtt. við 37. kafla, allt frá 10. brtt. og að 19. brtt. Hér er um að ræða vörur til ljósmynda- og kvikmyndagerðar, og gert er ráð fyrir því, að þær lækki úr 70% tolli í 35% toll.

Þá er 19. brtt. á þskj. 236. Það er við 39. kaflann, nr. 39.01.02. Þar er gert ráð fyrir, að tollur lækki úr 30% í 15%, í stað þess að í frv. er gert ráð fyrir að tollurinn lækki aðeins í 21%. Er hér verið að lækka tollinn í samræmi við 50% sjónarmiðið. Þá er einnig sams konar breyting fólgin í 20. brtt. Í 21. brtt. er um að ræða nánari skilgreiningu á því, hvað í þessu númeri felst. Við 39. kaflann eru einnig fleiri brtt., nr. 22 við 39.04.01. Þar er sams konar brtt. og áður, þ. e. a. s. efnistollur lækki um 50%, niður í 15% í staðinn fyrir 21%, eins og gert er ráð fyrir í frv. Í 23. brtt. er um að ræða nánari útskýringu á texta. 24. brtt. er um að lækka toll í 15% í stað 21%. 25. brtt. er skýringaratriði á texta. 26. brtt. er um að lækka ekki aðeins í 21%, heldur 15%. 27. brtt. er skýringaratriði í texta.

Síðan koma brtt. við 40. kafla, á þskj. 236 og 246. 28. brtt. er um, að í staðinn fyrir eitt nr., pípur og slöngur úr toggúmmíi, komi tveir flokkar: Pípur og slöngur fyrir háþrýsting, a. m. k. 20 kg/cm^2, þær lækki úr 35% í 7%, en aðrar úr 35% í 25%, eins og frv. gerir ráð fyrir. 4. till. á þskj. 246 er við sama kafla, nr. 40.01.02, og er um lækkun á efni til skósólagerðar. Gert er ráð fyrir því, að það lækki úr 30% í 10% í staðinn fyrir 21% í frv. Brtt. nr. 29 á þskj. 236 við nr. 40.14.03 felur í sér hækkun til leiðréttingar, að tollur á burstahausum verði áfram 35% í stað þess, að gert er ráð fyrir í frv., að hann lækki niður í 25%.

Við 42. kafla er brtt. nr. 5 á þskj. 246. Þar er um að ræða skógerðarefni og lagt til, að tollurinn verði 10% í stað 35%. Í frv. er gert ráð fyrir, að tollurinn verði 25%. Þá er í 6. og 7. tölul. á þskj. 246 gert ráð fyrir því, að tollur á kjöttunnum og tollur á síldartunnum og hlutum til þeirra verði 0. Þá er brtt. nr. 8 á þskj. 246. Þar er átt við efni til skósmíðaiðnaðar og gert ráð fyrir því að það lækki úr 35% í 7% í staðinn fyrir að frv. gerir ráð fyrir því, að það verði 35% ytri tollur og 25% EFTA-tollur, en hér er honum sleppt og gert ráð fyrir því, að ytri tollur verði 7%.

Þá eru brtt. á þskj. 236 nr. 30 og 31 við 44. kafla, nr. 26 og 28.91. Gert er ráð fyrir því, að tollur lækki í báðum tilfellum úr 35% í 7%.

Næst eru brtt. við 48. kafla. Þær eru á þskj. 236, og þar er lagt til, að nr. 48.07.83 falli niður. Það er þakpappi og annar asfaltborinn pappír. Þessi liður falli niður, en upp komi 33. brtt., þ. e. nýtt nr., það er þakpappi báraður, og tollurinn á honum fari í 15%. Það er til samræmis við bárujárnið, og eftir standi þá nr. 48.07.95, þar sem tollurinn verði á öðrum asfaltbornum pappa 35% ytri tollur og 25% EFTA-tollur. Þá er brtt. á þskj. 246, við sama kafla, þ. e. 48.14.09. Þar á að hækka toll miðað við frv., þ. e. EFTA-toll á skrifblokkum. Tollurinn lækki í 35% í staðinn fyrir 30%, eins og frv. gerir ráð fyrir. Lækkunin verður þá úr 80% niður í 35%. Á þskj. 236 er 35. brtt. við 48.15.04. Þar er lagt til, að hér verði um að ræða EFTA-vöru með 35% EFTA-tolli og 50% ytri tolli. Þá er 36. brtt. á sama þskj. Þar eru

mjólkurumbúðir, þ. e. nýtt nr. Þær verði EFTA-vara með 25% ytri tolli og EFTA-tollurinn verði 18%. Þá er það 37. brtt. Þetta eru bókhaldsbækur og albúm. Gert er ráð fyrir, að tollurinn lækki á þeim úr 100% í 50% ytri toll, og EFTA-tollurinn verði 35%. 38. brtt. við 48.19.01. Það eru vöru- og merkimiðar. Ætlazt er til að þeir lækki úr 50% í 30% með tilliti til áprentaðra miða, sem eru í 35% gagnvart EFTA, nr. 48.19.02. Þá er það 39. brtt. Hún á við myndir og bæklinga á íslenzku. Á þeim verði 50% ytri tollur og 35% EFTA-tollur. Hér er um að ræða lækkun úr 80% tolli, sem hann er nú.

Þá er 40. brtt., þ. e. lækkun á silkiormaspuna. Hér er um að ræða leiðréttingu í sambandi við prjónaverksmiðjur, og tollurinn lækki úr 60% í 30% ytri toll og 20% EFTA-toll. Þetta er til samræmis við nr. 50.05.00 og 50.07.00 samkv. ábendingu, sem fram kom. Síðan koma nokkuð margar brtt., sem eru varðandi vefnað úr tilbúnum trefjum og baðmull, og gert ráð fyrir því, að tollurinn lækki í 25% ytri toll, en hann standi að öðru leyti óbreyttur. Ástæðan fyrir þessu er, að fataframleiðslan fær eflaust harða samkeppni eftir EFTA-samkomulagið, en dúkur sá, sem fluttur er inn frá löndum fyrir utan EFTA-svæðið, fæst ekki endurgreiddur í tolli við útflutning, ef varan á að fá EFTA-meðferð. Og þetta eru brtt. nr. 41, 42, 45, 46, 47, 48, 49, 50, 51 og 53. Síðan koma brtt. nr. 43 og 44. Þar er um að ræða garn úr ull, mjög fínt, sem ekki er hægt að framleiða úr ísl. ull. Gert er ráð fyrir, að það lækki úr 25% í 10% EFTA-toll og 15% ytri toll. Hér er um að ræða mjög mikilvægt hráefni fyrir prjónastofur. Þá er áfram brtt. á þskj. 236, nr. 52. Það eru kveikir úr spunatrefjum, og gert er ráð fyrir því, að þeir lækki í 18% toll. Þá er brtt. nr. 54 við prjóna- og heklvoð. Gert er ráð fyrir því að slíkt lækki úr 40% í 20% EFTA-toll og 30% ytri toll.

Þá er brtt. við 70. kaflann, þ. e. 55. brtt. Hér er um að ræða glerspegla, sem framleiddir eru í landinu og verða því EFTA-vara og verða því með 70% EFTA-toll. 57. brtt., þar er um að ræða vefnað úr glertrefjum, sem gerð er till. um að lækki ofan í 30% toll til samræmis við nr. 53.11.00.

Síðan koma hér brtt. nr. 58, 59, 60, 61, 62, 63, 64, 65, 66, 67, 68, 69, 70, 71, 72, þ. e. a. s. brtt. við 71. kafla. Hér er um að ræða hráefni fyrir gull- og silfursmíði, og það er gert ráð fyrir því, að það hráefni lækki um 50%, úr 40% í 20%.

Þá eru brtt. við 73. kafla, sem eru á báðum þskj. Ég mun fyrst taka till. á þskj. 246, sem eru brtt. frá nr. 11 að nr. 34 á bls. 3 í þskj. 246. Allar þessar brtt. fjalla um lækkun á hráefni til járniðnaðar, og gert er ráð fyrir því, að hráefnistollurinn fari hér í 2%, hann er nú í flestum tilfellum 5%. Í frv. er gert ráð fyrir lækkun í 4%, en talið er, að rétt væri að lækka þann toll ofan í 2%. Þetta voru brtt. frá nr. 11 að nr. 34 á þskj. 246. Síðan er brtt. nr. 73 á þskj. 236 við þennan sama kafla, vír til framleiðslu á naglavír, sem þarf mikla vinnslu. Þar er gert ráð fyrir lækkun úr 15% í 7% skv. 50% sjónarmiðinu. Í 74. brtt. er gert ráð fyrir að fella toll niður á þynnum og plötum til iðnaðar, en hins vegar setja 7% toll á nr. 73.13.59, sem er annað í þeim sama tollflokki.

Þá er gert ráð fyrir því í 75. og 76. brtt. á þskj. 236, að logsuðuvír lækki úr 15% í öðru tilfellinu — úr 35% í hinu — ofan í 7%, en að annað í þeim kafla standi í 18%, sem er 77. brtt. 78. brtt., 73.20.00. Hér er um að ræða „pípufittings", sem gert er ráð fyrir að lækki úr 35% í 25%, en þetta er mikið notað til iðnaðar.

79. brtt. gerir ráð fyrir, að hér komi inn EFTA-tollur, sem verði 30%, ýmiss konar mannvirki, skemmur og aðrar byggingar, eins og þar stendur. Síðan er 80. brtt., þar er um að ræða jarðstrengsmúffur og tengidósir, og gert er ráð fyrir að það lækki úr 35% í 25%.

81. brtt., þar er gert ráð fyrir sams konar lækkun, hins vegar í 82 er gert ráð fyrir lækkun úr 70% í 25%.

Í nr. 83, 84 og 85 er gert ráð fyrir að lækka ýmis verkfæri úr 35% tolli ofan í 7%, til samræmis við vélatoll. Síðan er 86. brtt. á þskj. 236, hún er dregin til baka, því það kemur sams konar tillaga með öðrum texta á þskj. nr. 246.

En á þskj. 246 eru brtt. við 73. kaflann, þar sem gert er ráð fyrir því, að vörur úr kopar falli úr 70% tolli ofan í 7% toll, og plötur og ræmur, — í 35. brtt., þar sem stendur „plötur og ræmur úr alúmíni", á að sjálfsögðu þegar yfir lýkur að standa „úr áli", — fari úr 5% í 0%, en við munum í 3. umr. gera till. um orðalagsbreytingu á þessu, þ. e. till. við 76. kafla 1. gr. Þá er við sama kafla 36. brtt., þar sem gert er ráð fyrir því, að rafmagnstengidósir og bólur til gangbrautamerkinga falli úr 35% ofan í 25%. Þá er ein brtt. enn við 76. kafla, þ. e. 37. brtt. á þskj. nr. 246, þ. e. vörur úr alúmíni, grófmótaðar, en ekki frekar unnar, — þarna á að vera ál og verður það leiðrétt, — að þær fari úr 70% í 7%.

Við 79. kaflann er brtt. nr. 38. Þar er gert ráð fyrir, að vír fari úr 35% tolli í 7% toll.

39. brtt. á þskj. 246 kemur í staðinn fyrir till. nr. 86 á fyrra þskj., sem dregin var til baka, þar eð gert er ráð fyrir, að öryggishurðir með eða án karma til innbyggingar í hús falli úr 100% í 40% toll. Ég sé að þetta er orðað með tilliti til brtt. 236, nr. 86, svo að þetta skoðast þá sem brtt. við þá brtt. Hér er um að ræða hurðir, sem notaðar eru sem öryggishurðir í hús, þ. e. a. s. húshluta, og er leiðréttingin til samræmis við toll á húshlutum. Hún á við 83. kafla 1. gr. Við sama kafla er brtt. á þskj. 236, 83.05.00, þar sem gert er ráð fyrir að smávarningur og útbúnaður fyrir lausblaðabindi o. fl. falli úr 50% og 80% tolli ofan í 30%. Við sama kafla á brtt. 88 á þskj. 236. Þar er gert ráð fyrir að þráður, stengur, pípur, plötur í rafsuðuvír o. fl. falli úr 15% í 7%.

Þá er það 84. kafli frv. Við hann eru brtt. á báðum þskj. Í nr. 89 á þskj. 236 er um að ræða afgreiðsluborð, sýningarskápa fyrir verzlanir. Gert er ráð fyrir að tollurinn haldist í 35%, en í frv. er gert ráð fyrir að tollurinn lækki úr 35% í 10%, sem að athuguðu máli er ekki talið eðlilegt. Í 90. brtt. á sama þskj. er um að ræða nýtt númer í 84. kafla 59, þ. e. að inn komi þar nýtt númer, nr. 26, hreinlætistæki. Þessi kafli inniheldur mekanísk áhöld, og talið er eðlilegt að hreinlætistæki, sem heyra undir þennan kafla, beri sama toll og hreinlætistæki, sem heyra undir aðra tollflokka. Á þskj. nr. 246, þar er brtt. nr. 40. Þar er um að ræða pressur, marningsvélar og aðrar vélar og tæki til notkunar við framleiðslu á víni og vindrúfnasafa o. s. frv. Gert er ráð fyrir að slíkt lækki úr 25% í 7%. Í 41. brtt. er gert ráð fyrir, að ýmsar vélar og tæki til landbúnaðar, þ. e. a. s. til garðyrkju, alifuglaræktar o. fl., eins og þar stendur, lækki úr 25% í 7% og

talið eðlilegt með tilliti til annarra breytinga á tollskránni.

Þá er það 85. kafli. Þar eru brtt. nr. 91 á þskj. 236 og nr. 42 á þskj. 246 um að þar komi nýtt númer, þ. e. a. s. að straumfestar verði með sérstökum tolli, sem á þskj. 236 er lagt til að verði 18%, en að athuguðu máli talið rétt að færi ofan í 10%, eins og kemur fram á þskj. 246. Þá er gert ráð fyrir, að efni í rafgeyma lækki úr 20% í 10%, þ. e. 43. brtt. á því þskj.

Þá koma brtt. í sambandi við 87. kafla 1. gr., þ.e. a. s. ökutæki. Í 92. brtt. á þskj. 236 er gert ráð fyrir því, að í staðinn fyrir að í frv. eru bifreiðar í jeppaflokki flokkaðar eftir bilinu milli miðdepla ása, er gert ráð fyrir því í till. á þskj. 236, að þessi viðmiðun falli niður og jeppar verði allir í einum og sama flokki. Þá er þar lagt til á sama þskj. í nr. 93, að reiðhjól án hjálparvéla lækki úr 90% í 80%. Svo er og lagt til í 94. brtt., að barnavagnar án drifs lækki úr 90% í 50%. Hér er um að ræða erindi sem inn hafa komið og vakið athygli á mjög háu verði þessarar mjög svo nauðsynlegu vöru. Á þskj. nr. 246, þar er 44. brtt., snjósleðar. Þar er gert ráð fyrir að tollur á þeim lækki úr 60% í 40%. Þá er einnig gert ráð fyrir því í 45. brtt. á sama þskj., að almenningsbifreiðar, svo sem langferðabifreiðar og strætisvagnar, falli úr 40% tolli ofan í 30% toll. Síðan er 46. brtt. til samræmis við 44. brtt. 47. brtt. á þskj. 246 gerir ráð fyrir að dísilknúnar vörubifreiðar, að burðarmagni 3 tonn og þar yfir, lækki úr 40% tolli ofan í 30% toll. Og sömuleiðis aðrar bifreiðar en dísilknúnar, ofan við sama tonnafjölda. 49. brtt., 87.03.09, sem er annað í þeim tollflokki, gerir grein fyrir lækkun úr 40% í 30% líka. Sömuleiðis í brtt. nr. 50, þar er um að ræða lækkun úr 40 í 30%. Þetta var við 87. flokkinn, en við hann er víst ein brtt. enn á þessu sama þskj., þ. e. nr. 51. Þar kemur nýtt númer og það er 87.14.03, sem hefur hingað til flokkazt undir 87.14.09, haugsugur. Þær komi nú í nýjan flokk, sem verði með 7% tolli eins og nr. 02. Síðan er 95. brtt. á þskj. 236 um að það, sem er talið annað í þessum flokki, verði með 40% tolli í stað 80%, sem gert er ráð fyrir í frv. Brtt. nr. 52 á þskj. 246. Þar er gert ráð fyrir lækkun úr 35% í 25% toll.

Við 92. kafla frv. eru brtt. á þskj. 236, þar sem gert er ráð fyrir, að grammófónplötur til tungumálakennslu lækki úr 50% niður í engan toll, svo og að segulbönd með áteknu efni fyrir Fræðslumyndasafn ríkisins lækki úr 75% niður í 0. Þá er gert ráð fyrir því á þskj. 246, brtt. nr. 53, að kljúfa út nýjan flokk fyrir dráttarvélasæti og lækka þau ofan í 7%, annað verður þar óbreytt. Við 1. grein frv. eru ekki fleiri brtt. á þskj. 246, en á þskj. 236 eru við þá grein 3 brtt. enn þá, annars vegar nr. 98, þar sem gert er ráð fyrir að taflborð og taflmenn fari úr 80% ofan í 50% toll til samræmis við tæki til íþróttaiðkana. Brtt. nr. 99 er um lækkun á spilum úr 100% tolli í 90% til samræmis við annað í þeim tollflokki. Í 100. brtt. er um að ræða rennilása og hluta til þeirra og gert ráð fyrir, að málmstykki til framleiðslu á rennilásum lækki úr 25% tolli í 14% toll. Annað lækki úr 40% í 35%.

Ég hef þá gert grein fyrir þeim brtt., sem eiga við 1. gr. frv. Við 2. gr. frv. eru engar brtt., en við 3. gr. eru hins vegar brtt.

Á þskj. 236 er gerð tillaga um breytingu á 28. tölulið 3. gr., þ. e. a. s. 2. málsliður 28. töluliðs orðist svo: „Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á hverja rúmlest, eða sem ákveðinn hundraðshluta af samningsverði.“ Hér er um það að ræða, að í staðinn fyrir að í frv. er gert ráð fyrir að endurgreiðslan eigi sér stað miðað við ákveðna rúmlest, þá megi einnig binda hana við ákveðinn hundraðshluta af samningsverði.

Þá er 2. brtt. við 3. gr., þ. e. að 48. tölul. verði felldur niður, en í honum stendur, að endurgreiða skuli gjöld af síldarvogum, sem samsvari því, að af þeim verði greiddur 10% verðtollur. Í 1. gr. frv. er hins vegar gert ráð fyrir því, að af síldarvogum verði greiddur 7% tollur, en ekki meiri tollur, svo að 48. töluliður er marklaus.

Þá er 3. brtt. á sama þskj. um heimild til að endurgreiða timburinnflytjendum gjaldamismun af öllum sannanlegum birgðum timburs 1. marz 1970, innfluttum eftir 1. ágúst 1969. Er lagt til að þetta heimildarákvæði komi þarna inn. Stafar þetta heimildarákvæði af sérstöðu timburkaupmanna, því þeir verða af flutningsástæðum að flytja vörur sínar inn til landsins síðari hluta sumars og fyrri hluta vetrar, áður en vetur og ís leggst að í útskipunarhöfnum, sem yfirleitt eru í Austur-Evrópu.

Þá er 4. brtt. um að á eftir 51. tölulið komi nýir töluliðir. Það er þá fyrst nr. 52. Þar er lagt til að endurgreiða, með nánar ákveðnum skilyrðum, gjöld af efni til framleiðslu rafagnatækja. Það hefur nokkuð verið fengizt við framleiðslu á þessum tækjum hér á landi, en það eru af þeim há aðflutningsgjöld, sem hafa hamlað nauðsynlegum tilraunum og framleiðslu, en það er talið mikilvægt, að þessi iðngrein fái að þróast og þess vegna lagt til, að þessi endurgreiðsluheimild fáist.

Í nr. 53 er lagt til að fella niður verðtoll af flugvélaeldsneyti, þegar gerðar hafa verið viðhlítandi breytingar á innheimtu lendingargjalda. Það er talið að tollgreiðsla af eldsneyti hér á landi hamli gegn viðkomu erlendra flugvéla og sporni gegn eðlilegri þróun í notkun flugvéla, t. d. þota. Hins vegar er þessi endurgreiðsluheimild háð því skilyrði, að viðhlítandi breytingar á innheimtu lendingargjalda verði gerðar, en þar mun vera ósamræmi á, sem talið er eðlilegt að leiðrétt verði, um leið og endurgreiðsla yrði heimiluð á eldsneytistolli undir þessum kringumstæðum.

Þá er lagt til í nr. 54, að tekin verði upp heimild til að endurgreiða mismun á gjöldum innfluttra bifreiða, sem eftir innflutning verður breytt í slökkvibifreiðar, þannig að það verði innheimtur 15% tollur af þeim bifreiðum, eins og af slökkvibifreiðum.

Í nr. 55 er lagt til, að tekin verði upp heimild til þess, að lækka gjöld af hráefni til sælgætisframleiðslu, hálfu ári áður en innflutningur sælgætis hefst.

Þá er á þskj. 246 gert ráð fyrir, að á eftir 19. tölulið 3. gr. komi inn nýr liður, sem yrði 20. liður, svo hljóðandi: „Að fella niður gjöld af bókum á íslenzku, prentuðum erlendis, enda séu bækurnar gerðar í samvinnu við erlenda aðila og verði ekki gerðar hér á landi á viðhlítandi hátt.“ Hingað til hefur verið í gildi heimild til endurgreiðslu undir svipuðum kringumstæðum, en með öðrum skilyrðum en hér. Heimildarákvæðið er nú tekið inn aftur, þó með breyttu orðalagi, og þá sérstaklega gert ráð fyrir því, að sú prentun, sem hér er um að ræða, verði ekki gerð hér á landi með viðhlítandi hætti. Þá er lagt til á þskj. 246 að 28. liður 3. gr. breytist þannig, að í

staðinn fyrir orðið 500 þús. komi ein millj., en aftan við töluliðinn bætist nýr málsliður, svo hljóðandi: „Sé um að ræða viðgerð, er nemur ekki þeirri fjárhæð, en er þó hærri en 100 þús. kr., er heimilt að ákveða ákveðið hlutfall af sannanlegum efniskostnaði sem endurgreiðslu tolla af viðgerðinni.“ Hér er verið að lækka það mark, sem heimilar endurgreiðslu, úr 500 þús. í 100 þús. kr. Hins vegar er þetta gert með þeim hætti, að endurgreiðsluheimildin og endurgreiðslan getur átt sér stað með líðlegri og þægilegri hætti heldur en verið hefur.

Við 3. gr. eru ekki fleiri brtt. Hins vegar var á það bent, að inn þyrfti að taka heimild til endurgreiðslu af vélum til framleiðslu á umbúðum vegna útflutnings, en sá er skilningur tollskrárn., og ég held ráðh. líka, að í 22. tölulið 3. gr. felist þetta ákvæði, því þegar betur er að gáð, þá er það ótvírætt þar sem stendur: „Að fella niður eða endurgreiða gjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til framleiðslu á vörum í nýjum útflutningsiðngreinum, eða til framleiðslu á ótollverndúðum vörum.“ Heimildin felst í þessu.

Við 4. gr. er brtt. á þskj. 236 um að orðin: „og vörurnar séu . . . til sölu þar“ í niðurlagi gr. falli niður, þ. e. að gr. endi á þessum orðum: „enda geti sá hluti aðvinnslunnar ekki farið fram hér á landi.“

Þá er gerð sú brtt. á þskj. 236, að 17. gr. falli niður og að gr.-talan breytist samkvæmt því.

Þegar n. hafði frv. þetta til meðferðar, þá barst henni m. a. erindi frá félagi ökukennara, þar sem þeir bentu á þá heimild, sem veitt er í 3. gr., til lækkunar á tollum eða endurgreiðslu á tollum til bifreiðastjóra, sem hafa akstur leigubifreiða að aðalstarfi. Þótti þá ekki ástæða til þess, að taka upp neina sérstaka gr. í því sambandi, þar sem það er skilningur tollskrárn. og hæstv. fjmrh., að þessari endurgreiðsluheimild geti ráðh. beitt varðandi bifreiðar til handa ökukennurum, með sama hætti og hann hefur beitt lækkun á innflutningsgjöldum hingað til. N. hafa borizt fleiri erindi, síðan hún lauk afgreiðslu málsins. Þau erindi munu athuguð á milli umr. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um frv. og þær brtt., sem ég legg fram á þessum tveim þskj., og legg til, fyrir hönd meiri hl., að frv. verði samþ. til 3. umr. með þeim breytingum, sem lagt er til að gerðar verði á því.

Frsm. 1. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég hef gefið út sérstakt nál. á þskj. 256, þar sem ég geri grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Eins og þar kemur fram, þá er augljóst að sú breyting, sem nú er ráðgert að gera á tollskránni, er fyrst og fremst bundin við þá ákvörðun, sem tekin hefur verið hér á Alþ., að Ísland gerist aðili að EFTA. Meginbreytingarnar eru því fólgnar í því, að gera ráð fyrir sérstökum EFTA-tolli, þar sem um er að ræða um 30% tollalækkun á EFTA-vörum, séu þær fluttar inn frá EFTA-löndum, og um 50% lækkun á tollum á ýmiss konar efnisvörum til iðnaðar og talsverðri lækkun á tollum á ýmiss konar vélum og tækjum. Hér er því ekki um að ræða almenna endurskoðun tollalöggjafarinnar, sem ég tel þó, að hefði verið brýn þörf á að gera, því að á því leikur enginn vafi, að í tollalöggjöfinni gætir margs konar misræmis og þar eru ýmis ákvæði, sem tvímælalaust eru óheppileg og þyrfti að leiðrétta. Það er enginn vafi á því, að það þyrfti að stefna að því, að lækka tolla á margvíslegum vörum, einkum til framleiðsluatvinnuveganna og sömuleiðis ýmiss konar tolla, sem nú eru farnir að hvíla óeðlilega þungt á álagningunni á ýmsum nauðsynjavörum einstaklinga og heimila. En hér er sem sagt ekki um neina slíka endurskoðun að ræða á tollalöggjöfinni, heldur aðallega um að ræða breytingar af þeim ástæðum, sem ég hef greint frá. Ég tel, að ýmsar þær tollalækkanir, sem felast í frv., séu til bóta og er þeim samþykkur, bæði að ýmsar þeirra brtt., sem koma frá n. eða eru hér fluttar af formanni fjhn., séu til bóta, aðrar aftur nokkuð vafasamar. Hið sama er að segja um þær breytingar á tollskránni, sem felast í sjálfu frv. Ég get því verið með sumum þeirra, en öðrum ekki.

Ég tel að sérstaklega sé eitt ákvæði, almenns efnis, mjög varhugavert í þeim breyt., sem hér liggja fyrir, en það er það, að gert er ráð fyrir því, að taka upp mismunandi tollstiga á sams konar vöru, eftir því hvort varan er flutt inn frá EFTA-löndum eða frá öðrum löndum. Ég tel sérstaklega varhugavert, að hafa þennan tollamismun svo háan sem raun verður á hér í ýmsum gr. Það verður sem sagt að hafa það í huga, að tollstigar hjá okkur eru í mörgum tilfellum mjög háir og þegar slíkir tollstigar eru lækkaðir um 30%, þá myndast hér býsna mikill tollamismunur. Ég tel að þetta ákvæði geti verið mjög hættulegt í framkvæmd og það sé mjög sennilegt, að af því leiði vandkvæði fyrir okkar útflutning í vissum tilvikum. Ég held að það leiki enginn vafi á því, að þetta misræmi, sem þarna verður tekið upp, muni leiða til þess, t. d. í viðskiptum okkar við Austur-Evrópulöndin og jafnvel við fleiri lönd, að þau muni fara að taka tillit til þessa óhagræðis, sem þau verða þarna fyrir, við ákvörðun þess verðs, sem þau vilja gefa fyrir okkar útflutningsvörur. Þá er þetta ákvæði, sem sett er nú inn í okkar tollalöggjöf vegna EFTA-aðildar, farið að bitna verulega á okkar útflutningsatvinnuvegum.

Þetta atriði hafði verið allmikið rætt í EFTA-nefnd á sínum tíma og þá kom það fram m. a. hjá viðskmrh. að hann taldi, að hér gæti verið um mjög verulega hættu að ræða, og því yrði að gæta þess, að þessi tollamismunur yrði sem minnstur. Það kom mér því nokkuð á óvart, að sjá gert ráð fyrir því, í því samkomulagi, sem gert var um aðild Íslands að EFTA, og hér í tollalagabreyt., að það yrði svona gífurlega mikill tollamismunur eins og raun er á. Ég efast að vísu ekki um það, að hér hefur verið um einhvern ytri þrýsting að ræða frá þeim aðilum, sem vilja njóta hér forréttinda á íslenzkum markaði, en ég tel, að grundvallarsáttmáli EFTA sé þess eðlis, að það hefði ekki átt að ganga að slíkum kröfum, þótt þær hefðu komið fram, vegna þess að hér er verið að skapa EFTA-ríkjunum óeðlilega sérstöðu á íslenzkum markaði. Í öðrum EFTA-löndum er þetta ekki svona, því að þó þar hafi myndazt nokkur mismunur á tollstigum gagnvart EFTA-löndum og svo öðrum löndum, þá er sá mismunur yfirleitt mjög lítill, sem leiðir af því, hvað tollar í þeim löndum voru yfirleitt lágir fyrir.

Ég hef því flutt hér sérstaka brtt. á þskj. 257 um það, að taka upp það ákvæði, að þó að EFTA-tollurinn verði í tollskránni auðkenndur sérstaklega, – m. a. með tilliti

til þess, sem á eftir hlýtur að koma, þ. e. a. s. á næstu árum, í sambandi við það samkomulag, sem gert hefur verið um aðild Íslands að EFTA, – þá tel ég rétt að hafa á öllum þeim vörutegundum, sem EFTA-tollurinn nær yfir, ákvæði um það, að ytri tollurinn á þeim skuli vera hinn sami og EFTA-tollurinn, þ. e. a. s., það verði ekki gerður hér mismunur á. Till. mín er allt svo miðuð við þetta. Ég tel, að hún sé það skýr, að þar fari ekkert á milli mála. Þá kemur það skýrt fram, hvort menn geta fallizt á þetta sjónarmið mitt eða ekki.

Þá bendi ég einnig á það í mínu nál., að þessi tollamismunur getur í ýmsum tilvikum beinlínis leitt til þess, að hagstæðara verði fyrir innlenda innflytjendur að kaupa þær vörur erlendis, sem dýrari eru í erlendum gjaldeyri. Það getur beinlínis verið hagstæðara fyrir innflytjanda að kaupa vöru í EFTA-landi, þótt hún sé þar dýrari en í löndum utan EFTA, vegna þess að hún á hér heima í lægri tollflokki. Þannig getur útsöluverð hennar hér innanlands eftir sem áður verið nokkuð lægra heldur en ef varan hefði verið keypt í landi utan EFTA, fyrir minni gjaldeyri, fyrir lægra verð. Það er því veruleg hætta á því, að þetta ákvæði beinlínis leiði til þess, að við séum að eyða gjaldeyri okkar að ástæðulausu.

Ég bendi á það enn, að einmitt vegna þess, hvað hér er um mikinn mismun að ræða, – en í ýmsum tilvikum verður þetta þannig, að á sams konar vöru verður ytri tollurinn 65% en EFTA-tollur 45%, þá getur þessi tollamismunur orðið enn þá meiri, þar sem t. d. ytri tollurinn er 90% en EFTA-tollur 65%, — þá getur til þess komið, að óeðlileg og þjóðhagslega óhagkvæm utanríkisviðskipti þróist í skjóli þessa mismunar.

Annað ákvæði, sem ég hef í huga að flytja brtt. um, en hef ekki gert enn, — geri það e. t. v. við 3. umr., — það er ákvæði, sem ég tel að vanti í frv., en það er að setja hér eitthvert öryggi inn um það, að sú tollalækkun, sem ákveðin er með frv., skili sér í reynd út í verðlagið. Ég tel að það hefði átt að setja hér inn ákvæði til bráðabirgða um, að verðlagsnefnd skuli ákveða verðlag á þeim vörum, sem eiga að lækka í tolli samkvæmt þessum l., á þann hátt, að hún tryggi það, að tollalækkunin komi fram í útsöluverði vörunnar innanlands. Ég hef ekki flutt um þetta till. enn, en hef það til athugunar fyrir 3. umr.

Þá vil ég að lokum aðeins benda á það, að auðvitað er það svo, að þær verðbreytingar, sem verða á varningi í landinu vegna þeirrar tollalækkunar, sem felst í þessu frv., verða mjög handahófskenndar. Verðlag lækkar væntanlega eitthvað í reynd á einstaka vörum, t. d. þeim, sem hafa verið í háum tollflokki og verða síðan fluttar inn undir EFTA-tollskrárákvæðum, jafnvel þó að á þær kunni að bætast 3½% viðbótarsöluskattur, en mjög margar vörutegundir verða eftir þessa breyt. í sama tollflokki og þær voru áður, en fá nú á sig 3½% hækkun á söluskatti og koma þar með til með að hækka í verði. Margar nauðsynlegustu vörur, t. d. þær sem útflutningsframleiðsla okkar þarf á að halda, eins og vélar, tæki og áhöld, sem voru komnar í tiltölulega lága tollflokka, koma yfirleitt til með að hækka í útsöluverði vegna hækkunarinnar á söluskattinum. Hér verður því yfirleitt ekki um neina teljandi verðlækkun að ræða vegna tollalækkunarinnar. Því verður vitanlega að líta á þetta mál allt í samhengi, þar sem söluskatturinn er í rauninni hin hliðin á þessu tollalækkunarmáli.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta. Mín afstaða til málsins kemur fram í mínu nál. á þskj. 256 og í þeirri brtt., sem hér liggur fyrir frá mér. Mun ég svo síðan taka afstöðu til einstakra till., eftir því sem mér þykir ástæða og efni standa til.

Frsm. 2. minni hl. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að flytja langt mál til þess að gera grein fyrir afstöðu 2. minni hl. fjhn. til þessa frv., því að hún kemur nokkuð ljóst fram í nál. frá okkur á þskj. 259.

Mér finnst þó rétt að vekja athygli á því, að þegar þetta mál var til umr. hér fyrir jólin, var lögð mikil áherzla á það af hæstv. ríkisstj., að það yrði afgr. fyrir jólafríið, en þá voru ekki eftir nema örfáir dagar þangað til það átti að byrja. Þessu var mjög ákveðið mótmælt af stjórnarandstæðingum, og þau mótmæli báru þann árangur, að málinu var frestað þar til þing kom saman að nýju.

Þetta hefur orðið til þess, að frv. hefur fengið miklu nánari og víðtækari athugun en ella. Tollskrárnefnd ríkisins fór yfir ýmis ákvæði þess meðan á þinghléi stóð, og síðan þing kom saman hafa fjhn. beggja þingdeilda unnið sleitulaust að því að fara yfir frv. Ég tel, að það hafi á margan hátt verið vel unnið og formaður fjhn. þessarar deildar sem stjórnaði því starfi hafi haldið þar vel á málum eins og aðstaðan var. Niðurstaðan hefur líka orðið sú, að hér hafa verið lagðar fram ekki færri en 160 brtt., sem eru fluttar af formanni fjhn., og eru yfirleitt studdar af allri n. eða a. m. k. af meiri hl. hennar. Og mér er tjáð, að samanlagt muni þessar till. lækka tollana um u. þ. b. 30 millj. kr. Langmest af þeirri tollalækkun er ávinningur fyrir iðnaðinn með ýmsum hætti.

Ég tel að þetta sýni, að sú afstaða okkar stjórnarandstæðinga fyrir jólin, að krefjast nánari athugunar á þessu máli, hafi haft við fyllstu rök að styðjast og að hún hafi borið verulegan árangur, eins og ég hef hér bent á. Það hefði verið alveg útilokað, ef átt hefði að afgr. tollskrána fyrir jólin, að slík athugun og átt hefur sér stað hefði getað farið fram. Ég tel því, að afstaða okkar stjórnarandstæðinga til málsins við 1. umr. hafi þannig borið árangur, sem vert er að minnast, og gæti hún orðið til leiðbeiningar síðar, þegar áherzla er lögð á það af hæstv. ríkisstj., — hvort sem það væri þessi ríkisstj. eða önnur, — að afgr. stórmál eins og þetta með óeðlilegum hraða.

Eins og fram hefur komið hér, bæði nú við þessa umr. og 1. umr., þá hefur endurskoðun tollskrárinnar að þessu sinni fyrst og fremst beinzt að því að samræma hana þeim samningi við EFTA, sem samþ. var hér á þingi fyrir jólin. Og starf fjhn., eða afstaða fjhn. til frv., hefur fyrst og fremst beinzt að tollskránni með tilliti til hans. Athuganir á öðrum ákvæðum tollskrárinnar hafa því ekki farið fram, þó að til þess væri ærin ástæða. Ég vil t. d. nefna í því sambandi, að vissir tollar eru nú óeðlilega háir, eins og t. d. tollar á byggingarefni og tollar á heimilisvélum. Það er orðið mjög aðkallandi að lækka þá. Ég tel þessa tolla, sem ég nefndi hér, sérstaklega ósanngjarna, vegna þess að þeir bitna fyrst og

fremst á ungu kynslóðinni eða því fólki, sem er að koma sér upp eigin húsnæði og er að mynda heimili, og þarf þess vegna öðru frekar á heimilisvélum að halda. En því er ekki að neita, að ef ætti að lækka þessa tolla í það horf, sem eðlilegt væri, þá mundi af því hljótast veruleg tekjurýrnun fyrir ríkissjóð. Þess vegna hygg ég, að heildarendurskoðun á tollskránni, sem er orðin nauðsynleg, m. a. með tilliti til þessara breytinga, geti tæpast farið fram, nema jafnhliða fari einnig fram athugun á öðrum tekjustofnum ríkisins. Þessi mál þarf öll að athuga í heild. Það er orðið mjög aðkallandi að framkvæma slíka heildarendurskoðun á öllum tekjustofnum ríkisins, m. a. með það í huga, að það verði gerðar þessar breytingar og fleiri á tollskránni í heild. En til slíkrar athugunar gafst ekki tækifæri eða aðstaða nú, heldur var starf fjhn. fyrst og fremst bundið við það að samræma tollskrána þeim breytingum, sem leiðir af EFTA-aðildinni.

Eins og hv. þm. er kunnugt, þá var það meginstefna í þessu frv., samkvæmt samkomulaginu við EFTA, að lækka verndartollana um 30%, en til að mæta því áfalli, sem af því leiddi fyrir iðnaðinn, var ákveðið að lækka hráefnistolla til jafnaðar um 50% og tolla á vélum til iðnaðarins úr 25% í 7%. Þó að þetta sé nokkru meiri lækkun á hráefnistollunum og vélatollunum en lækkun verndartollanna nemur, þá mun niðurstaðan í flestum tilfellum verða sú, að af þessum tollabreytingum mun leiða meiri lækkun á erlendum vörum en verður á innlendu framleiðslunni. Þetta gerir þess vegna stöðu iðnaðarins óhagstæðari en hún áður var.

Af þeim ástæðum, og líka í samræmi við fyrri afstöðu okkar, þá teljum við framsóknarmenn, að lengra hefði átt að ganga í þá átt að lækka hráefnistollana og vélatollana. Við teljum, að það hefði verið eðlilegt og raunar óhjákvæmilegt að afnema þessa tolla með öllu. Ég vil benda á það, að ef frv. verður samþ. óbreytt og söluskatturinn verður hækkaður í 11%, eins og hér er lagt til í öðru frv., þá munu tollar og söluskattur af vélum til iðnaðarins nema samanlagt rúmlega 19% af innkaupsverði þeirra. Þetta er álagning, skattálagning, sem hvergi annars staðar þekkist og er iðnaðinum tvímælalaust mjög óhagstæð, í samanburði við þá aðila, sem við er að keppa erlendis. Þess vegna hefði ekki veitt af því, eins og við leggjum hér til á sérstöku þskj., að vélatollarnir hefðu verið alveg felldir niður og hráefnistollarnir einnig.

Ég hygg, að það séu flestir sammála um það, að næstu fjögur ár verði mjög örlagarík fyrir iðnaðinn, þ. e. a. s. hvort honum tekst á þeim tíma að auka svo samkeppnishæfni sína, að hann standist þá miklu lækkun eða afnám verndartollanna, sem þá er framundan. Og til þess að bæta samkeppnisaðstöðu sína á þessum tíma, þá hefði honum áreiðanlega ekki veitt af því, að vélatollarnir og hráefnistollarnir væru alveg felldir niður. Það er í samræmi við þetta, sem við í 2. minni hl. fjhn. leggjum til á sérstöku þskj., að vélatollarnir, sem eru nú 7% í frv., verði alveg felldir niður, þ. e. a. s. tollar á vélum til iðnaðarins.

Jafnframt teljum við eðlilegt, að tollar á vélum til landbúnaðarins, sem eru nú 10%, en eru lækkaðir í 7% í frv., verði einnig alveg felldir niður. Ef tollarnir á landbúnaðarvélunum verða ekki lækkaðir meira en sem svarar þessum 3%, sem frv. gerir ráð fyrir, en söluskatturinn verður hækkaður um 3½%, þá munu landbúnaðarvélarnar hækka nokkuð í verði frá því, sem nú er. Þess vegna teljum við eðlilegt, að þessir tollar verði alveg felldir niður.

Sama er að segja um vélar, hluti og tæki til sjávarútvegsins. Það hvílir nú á þessum vélum eða tækjum 4% tollur, og það er gert ráð fyrir því, að hann haldist áfram. Þetta þýðir það, að þessar vélar og tæki sjávarútvegsins munu hækka í verði sem öllum söluskattinum nemur, ef tollurinn verður látinn standa óbreyttur.

Til þess að ganga úr skugga um, hver afstaða þm. er í þessum efnum eða hver þingviljinn er, þá flytjum við á þskj. 260 till. um að afnema tolla á nokkrum tilteknum vélum og tækjum, sem iðnaðurinn, sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn notar. Verði þessar till. okkar samþ., munum við við 3. umr. flytja viðtækari till. um afnám tolla á öllum öðrum sambærilegum vélum og tækjum, en ella er óþarft að vera með langan tillöguflutning og margar atkvgr. um þetta efni, því að atkvgr. um þau atriði, sem felast í till. okkar á þskj. 260, á að leiða það fullkomlega í ljós, hver þingviljinn er í þessum efnum. Eins og kemur fram í nál. okkar, kostar það mikla vinnu og mjög mikla sérþekkingu að undirbúa till. um afnám tolla á hráefnum til iðnaðarins, vegna þess að þeim er blandað inn í fjölmarga vöruflokka aðra, og það getur verið mjög erfitt fyrir aðra en þá, sem eru sérstaklega sérfróðir í þessum efnum, að greina þessar vörur í sundur, þ.e. hvað eigi að teljast hráefni og hvað ekki. Þess vegna leggjum við til, að það ákvæði verði samþ. til bráðabirgða, að tollskrárnefnd endurskoði í samráði við Félag ísl. iðnrekenda, Samband ísl. samvinnufélaga, Landssamband iðnaðarmanna, Verzlunarráð Íslands og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna öll þau atriði tollskrárinnar, sem snerta hráefni og hjálparefni til iðnaðar, með það fyrir augum, að tollar af þessum efnum verði felldir niður, og að till. n. um þetta efni verði lagðar fyrir næsta þing. Ég hygg að það verði ekki framkvæmanlegt í annarri mynd en þessari að ná því fram, svo að fullnægjandi geti talizt eða rétt, að felldir verði niður tollar á hráefnum og hjálparefnum til iðnaðarins. Það er a. m. k. meira verkefni en svo, að það sé hægt að ljúka því á þeim tíma, sem ætlaður er til afgreiðslu þessa máls.

Ég tel, að það muni verða þörf á því hvort eð er, að taka tollskrána til meðferðar á næsta þingi. Ég nefni það því til sönnunar, að það náðist ekki samkomulag um það í fjhn. að gera breytingar á 90. kafla tollskrárinnar, en sá kafli fjallar aðallega um rannsóknartæki og ýmis mælitæki, sem iðnaðurinn notar og hlýtur að nota í vaxandi mæli, því að eftir því sem tækni og hagræðing og annað slíkt eykst í iðnaðarrekstrinum, verður vaxandi þörf fyrir margs konar rannsóknarstarfsemi. Rannsóknastarfsemi hlýtur þess vegna að verða mjög vaxandi þáttur á komandi árum í starfsemi iðnaðarins. En við þessa endurskoðun á tollskránni hefur eiginlega engin breyting fengizt fram á þessum lið. Ég hygg, að iðnrekendur muni yfirleitt leggja mikla áherzlu á það, að þessi tæki verði lækkuð, rannsóknartækin og mælitækin, til samræmis við aðrar vélar, en þau eru enn flest í mjög háum tollum, miklu hærri heldur en tollarnir á vélunum til iðnaðarins verða, jafnvel þó að það verði

samþykkt, sem liggur fyrir í brtt. Ég hygg, að tollar á þessum rannsóknartækjum séu í mörgum tilfellum 50% og jafnvel allt að 70%, eða ég man það nú ekki svo nákvæmlega. Þeir eru a. m. k. mjög háir, og það verður óhjákvæmilegt, að taka þetta atriði til sérstakrar athugunar, ekki síðar en á næsta þingi, sökum þess, eins og ég hef þegar minnzt á, að það verður mikil þörf á því, að auka á komandi árum hvers konar rannsóknarstarfsemi í þágu iðnaðarins. Það væri einmitt eðlilegt, að næsta Alþ. fjallaði um slíkar breytingar á tollalöggjöfinni. Þá mætti þess vegna vel hugsa sér, að jafnframt því, sem tollskrárnefndin endurskoðaði tollskrána með tilliti til þess ákvæðis til bráðabirgða, sem við flytjum till. um, þá færi einnig fram sérstök athugun á 90. kafla tollskrárinnar, þar sem rannsókna- og mælitækin eru.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða öllu meira um þetta mál að þessu sinni. Ég vil aðeins árétta það, áður en ég lýk máli mínu, að við í 2. minni hl. fjhn. teljum það mjög mikilvægt, að tollar á hráefnum og vélum til iðnaðarins verði felldir niður sem allra fyrst, og í samræmi við það höfum við líka flutt þær till., sem eru á þskj. 260. En þrátt fyrir það, þó að svo fari, að þessar till. okkar nái ekki fram að ganga þessu sinni, munum við styðja frv., vegna þess að þær lækkanir, sem í því felast á hráefnatollum og vélatollum, ganga í rétta átt að okkar dómi, þó að of skammt sé gengið.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég vil fyrst nota þetta tækifæri til þess að þakka hv. fjhn. þessarar d., og raunar báðum fjhn. þingsins, fyrir það, hve ötullega þær hafa unnið að því, að fara yfir tollskrárfrv., sem er mikill bálkur, og eins og hv. frsm. bæði meiri og minni hl. hafa tekið fram, svo mikill bálkur, að það er auðvitað gersamlega útilokað að kryfja það til mergjar í öllum einstökum atriðum. Og ég vil ekki hvað sízt þakka formanni n. í þessari hv. d. fyrir það frumkvæði, sem hann hefur haft um það, að þoka þessu máli áleiðis, og hvernig að þessu hefur verið unnið á jákvæðan hátt.

Ég tel sérstaklega nauðsynlegt, að það komi fram, þó að ég hafi reyndar tekið það fram áður, að ástæðan til þess á sínum tíma, er ég lagði tollskrárfrv. fram, að ég lagði áherzlu á, að reynt yrði að afgreiða það fyrir jól, byggðist ekki á neinni löngun til þess að beita ofríki, heldur eingöngu á því, að það hafði þá verið gert ráð fyrir, að Alþ. kæmi ekki saman fyrr en að afloknum fundi Norðurlandaráðs í febrúar, og það lá í augum uppi, að það var gersamlega útilokað, að bíða með afgreiðslu tollskrárinnar til þess tíma. Eftir að ráðið hafði verið, að Alþ. kæmi hins vegar saman snemma í janúarmánuði, eða 12. janúar, eins og niðurstaðan hefur orðið, þá var auðvitað ekkert því til fyrirstöðu, að fresta málinu fram yfir áramót og athuga það nánar, og það er rétt, sem á hefur verið bent, að þetta hefur leitt til þess, að á því hafa verið gerðar mjög margar breytingar, að tölunni til hátt á 2. hundrað, — þó að þær að vísu efnislega séu nú ekki svo margar, vegna þess að hér er um að ræða fjölda margar till., sem grípa hver inn í aðra, og í þeim eru teknir fyrir stórir flokkar, eins og hv. formaður n. hér vék að, sem snerta mjög mörg tollskrárnúmer, en hins vegar ekki hægt að segja, að það sé verið að gera sjálfstæðar breytingar. Þetta er allt tengt hvað öðru.

Það er þó auðvitað alveg ljóst og hlaut að vera það, að það eru svo mörg álitamál í sambandi við tollskrána, að þó við sætum með hana enn þá í alllangan tíma, þá er engum efa bundið, að það gætu komið fram fjölda margar brtt. til viðbótar. Það má a. m. k. endalaust um það ræða, hvort tiltekin vara, efnivara eða fullunnin vara, á að vera í þessum tollflokki eða ekki. Jafnvel þó að við höldum okkur við EFTA-vörurnar sjálfar, þá hefur það komið á daginn við nánari könnun, að það er ekki enn þá ljóst um allar vörur, hvort þær muni teljast EFTA-vörur eða ekki, og það kemur þá til síðar að athuga það, eftir því sem reynslan sýnir okkur, hver niðurstaðan verður í þessum efnum, hvort það þurfi að gera hér frekari brtt. eða ekki. Tollskrárnefnd rn. hefur unnið sleitulaust fyrri hluta janúarmánaðar að athugun á öllum ábendingum, sem fram hafa komið, bæði frá iðnrekendum og öðrum, um nauðsynlegar breytingar og lagfæringar, og það hefur verið gengið til móts við ýmsar af þessum óskum, hvort sem það nú strengilega hefur verið óumflýjanlegt, vegna þeirrar stefnu sem var búið að marka, eða vegna þess að það hefur þótt af öðrum ástæðum sanngjarnt. Það læt ég liggja á milli hluta. Ég tel það enga hneisu fyrir rn. sem slíkt, að þessar brtt. hafa komið fram og tillit hefur verið tekið til þeirra, heldur sýnir það aðeins viðleitni í þá átt, að reyna með öllum hætti að ganga til móts við óskir, sem taldar eru sanngjarnar, en þó að sjálfsögðu innan þess ramma, sem ég veit, að allir hv. þdm. gera sér grein fyrir, að það verður að horfa einnig á þann tekjumissi, sem hér er um að ræða fyrir ríkissjóðinn, ella yrði enn að gera nýjar tekjuöflunarráðstafanir, — sem mér skilst, að öllum hv. þm. sé nú fremur á móti skapi að þurfa að hugsa sér, — jafnvel það að hækka söluskattinn enn meir en hefur verið gerð till. um. Ég geri hins vegar ekki ráð fyrir, að það þurfi að grípa til þeirra úrræða, þó að þær breytingar séu gerðar, sem hér liggja till. um. Rétt er hjá einum hv. ræðumanni, eða hv. frsm. 2. minni hl., að það tekjutap, sem hér af verður, mun geta numið um 30 millj. kr. á ársgrundvelli. Þó er það allt álitamál, sem ekki er þægilegt að gera sér grein fyrir. En a. m. k. eru allar þessar breytingar innan þess ramma, að ég hef ekki séð ástæðu til að gera sérstakar ráðstafanir til tekjuöflunar til þess að mæta þeim. Hitt er rétt, að það hafa komið fram óskir um margar aðrar breytingar, sem eru með þeim hætti, — þó að það megi telja þær vera æskilegar og ánægjulegt, ef hægt væri að framkvæma þær, — að þær hefðu í för með sér svo mikið tekjutap, að það kæmi ekki til neinna mála, að fallast á þær.

Í meginefnum tel ég líka, að frv., eins og það liggur fyrir með þeim breytingum, sem n. hefur gert, horfi allt í þá átt, að það verði staðið við þær yfirlýsingar, sem iðnaðinum hafa verið gefnar fyrst og fremst varðandi tollabreytingar á hráefnum í sambandi við þær tollalækkanir, sem þurfa að verða á innfluttum vörum. Það hefur verið gengið til móts við óskir um lækkanir á hráefnatollum og vélatollum, svo sem umr. hafa snúizt um, enda þótt það sé að vísu svo, að menn hefðu óskað eftir því, að vélatollar yrðu algerlega felldir niður. Það hefur ekki verið talið mögulegt, og ég tel það ekki með

nokkru móti mögulegt á þessu stigi málsins. Hins vegar var gengið það langt, að upphaflega var gert ráð fyrir að lækka þessa tolla í 10%. En niðurstaðan varð sú, að lækka þá í 7%, til þess að vega upp á móti söluskattshækkuninni, þannig að það á ekki að verða bein hækkun á þessum vélum að neinu leyti af þeirri ástæðu, því að ½% gerir þar að sjálfsögðu hvorki til né frá í flestum tilfellum.

Það hefur ekki komið hér fram nein sérstök gagnrýni á þau vinnubrögð, sem hér hafa verið viðhöfð, önnur en sú, að það hefur verið látin í ljós ósk um það eða ábendingar, að það væri æskilegt að taka fleiri atriði tollskrárinnar til meðferðar. Vissulega er það rétt, að það eru margvísleg atriði í henni, sem þörf væri á að endurskoða. Ég vék að því sjálfur í framsöguræðu minni fyrir jólin um tollskrárfrv., að rn. teldi, að það væru ýmis atriði tollskrárinnar, sem þyrfti að taka til athugunar og endurskoðunar. Það hafa á undanförnum árum verið gerðar stórvægilegar endurskoðanir og lagfæringar á tollskránni, sérstaklega með það í huga, að lækka hina óviðunandi háu tolla, sem eru, eins og hér hefur verið bent á, óþekktir í okkar nágrannalöndum og skapa að sjálfsögðu margþætt vandamál. Það er alveg rétt sem hv. frsm. 2. minni hl. sagði, að það væri æskilegt að lækka ýmsa tolla og endurskoða þá um leið tekjuöflunarmál ríkisins í heild. Þetta er það, sem eðlilegt og nauðsynlegt er að gera, og eins og ég sagði, hefur verið gert og verður haldið áfram að vinna að, en getur aldrei gerzt í allt of stórum áföngum í einu. Af því yrði of mikil röskun. En vitanlega er endalaust hægt að deila um það fram og aftur, hvað séu eðlilegir tollar, bæði í meginstefnu og einnig hvaða tollar eigi að vera á einstökum vörutegundum, þó svo að við slepptum þessu EFTA-máli, sem er mál út af fyrir sig, þar sem menn hafa bundið sig við ákveðnar lækkanir. En varðandi aðra flokka, gætum við tekið búsáhöld og ótal margt annað, sem vitanlega væri æskilegt að hafa í lægri tollflokkum, en þar komum við þá aftur inn á þann vanda, hvort það eru þá til eðlilegri leiðir til að afla þess fjár, sem ríkið þarf á að halda hverju sinni. Allt er þetta álitamál, og vill nú verða svo, að mönnum sýnist sitt hvað um það, þegar kemur að því, að það þarf að afla þessara tekna.

Varðandi það, sem hv. 2. minni hl. fjhn. gerir hér till. um, að afnema alveg vélatollana, þá hef ég áður vikið að því, að ég tel það með engu móti fært, eins og sakir standa nú, enda ekki sérstök rök fyrir því að afnema þá. Það er hér um að ræða mjög verulega lækkun almennt á vélatollum iðnaðarins, auk þess sem sú heimild er sett inn í tollskrána, sem hefur geysimikla þýðingu, að sé um nýjar framleiðslugreinar að ræða og framleiðslugreinar, sem þurfa að keppa við ótollverndaðan innflutning, þá er heimildarákvæði í tollskránni um að lækka megi tolla af vélum til slíkrar framleiðslu niður í 0%. Hér er vitanlega um mjög þýðingarmikið atriði að ræða, sem er til þess að koma ekki í veg fyrir það, að eðlileg þróun geti orðið í iðnaðinum. Það verður engin sérstök breyting, hvorki hjá landbúnaði né sjávarútvegi, sem gerir ástæðu til þess að fara lengra niður með tolla hjá þessum framleiðslugreinum heldur en er nú í dag. Það er ekkert sérstakt í EFTA-aðildinni, sem leiðir til þess, þó að það megi segja, að það væri æskilegt, að þeir tollar væru ekki til staðar. En þau rök eru ekkert sérstök nú, miðað við það, að það er gert ráð fyrir að lækka tollana þannig, að söluskatturinn hafi ekki áhrif til hækkunar nema að svo litlu leyti, að það getur ekki talizt neitt atriði. Og það var náttúrlega ekki beinlínis hvatning til þess að lýsa yfir samþykki við till. hv. 2. minni hl., þegar hann boðaði það, að ef till. hans núna yrðu samþykktar, mundi hann safna saman nýjum lista fyrir 3. umr., til þess að afnema tolla á enn fleiri vörutegundum. Ég verð að segja, að frá mínum bæjardyrum séð finnst mér það ekki sérlega hvetjandi til þess að samþykkja þessa till. Ég veit hins vegar, að það er hárrétt, sem hv. þm. sagði, að það var auðvitað ástæðulaust að fara í gegnum alla tollskrána og taka upp allar hugsanlegar vélategundir. Þannig voru full rök fyrir því, að hafa þennan lista ekki lengri.

Varðandi það atriði, að hefjast nú handa, eins og gert er ráð fyrir í till. frá hv. 2. minni hl., um það, að stefna að því að afnema alla hráefnatolla nú þegar á næsta þingi, þá tel ég það fjarri lagi. Það er allt annað mál, að við þurfum að halda áfram að gera einhverjar ráðstafanir til að lækka eitthvað hráefnatollana, en ég held, að það væri iðnaðinum ekki til neins sérstaks ávinnings, að fella þá alveg niður. Það verður núna fjögurra ára aðlögunartími að EFTA-aðildinni, og að gera núna slíka stökkbreytingu, — sem iðnaðurinn hefur heldur í rauninni alls ekki borið fram neina alvarlega ósk um, — að afnema alla tolla, gæti leitt til þess hreinlega, að hér risi upp ýmiss konar iðnaður í skjóli tollverndar, sem hann svo missti eftir nokkur ár. Þannig gæti orðið hér mjög óeðlileg þróun í iðnaðinum, ef of langt væri gengið í þessu efni.

Næstu 4 ár eru vissulega mjög þýðingarmikið aðlögunartímabil fyrir iðnaðinn, og það hefur í meginefnum verið gengið inn á óskir iðnaðarins, til þess að gera honum kleift að mæta þessum vanda, sem hér er við að glíma. Það var höfuðósk hans, að fá hráefnistollana lækkaða niður um 50%, sem hefur verið gert, þó að það sé ekki gert í öllum tilfellum, sem enda hefur þá verið samþykkt af iðnaðinum, því í þeim tilfellum þegar vinnsluvirði vöru er ákaflega lítið, þá er auðvitað óeðlilegt að fara með tollalækkunina niður í 50%. Það hefur verið reynt að meta það í hinum ýmsu tilfellum, þó að það geti vel verið, að það hafi eitthvað orðið þar út undan, sem þarf þá að skoða, og enda kom í ljós, frá því að frv. var lagt fram, að það voru vissar iðngreinar, sem þótti rétt að taka til sérstakrar athugunar, og nefni ég þar t. d. gullsmíðaiðnaðinn. Í sambandi við hann höfðu ekki verið gerðar neinar ráðstafanir í þessa átt. Verð ég þó að segja, að sanngjarnt er að ganga til móts við hann, því þó að framleiðsla hans sé að vísu talin lúxusvara, þá er það engu að síður mjög efnilegur iðnaður hér á landi, sem þar er um að ræða.

Varðandi till. frá hv. 1. minni hl. fjhn. vil ég segja það, sem ég veit, að öllum hv. þdm., og honum raunar líka, hlýtur að vera fullkomlega ljóst, að slíka till. er útilokað að samþykkja. Þátttaka okkar í EFTA byggist að sjálfsögðu á því, að við veitum EFTA-löndunum sérstök fríðindi, og það sé gerður munur á tollum frá EFTA-löndum og öðrum löndum. Ef ætti að fara inn á þá braut að fella niður tolla jafnt frá EFTA-löndum og öðrum löndum, þá væri hér um einskisverð hlunn-

indi að ræða fyrir EFTA-þjóðirnar sem slíkar, en þær veita okkur aftur á móti, og því vil ég vekja athygli á, stórkostleg fríðindi umfram alla aðra á þann hátt, að þær fella nú niður alla verndartolla á vörum, sem við flytjum til þeirra landa þegar í stað, þó að við þurfum ekki að lækka okkar tolla nema um 30%. Þetta gera að sjálfsögðu ekki þau lönd, sem eru utan EFTA, þannig að hér væri EFTA þá að veita okkur stórfelld ný fríðindi. En þær þjóðir, sem ekki eru EFTA-þjóðir, mundu þá í staðinn fá að njóta fríðinda frá okkar hendi á sama hátt og EFTA-þjóðirnar gera, enda þótt þær þjóðir gerðu ekkert að sínu leyti til þess að lækka tolla á okkar vörum.

Það er rétt, sem hv. þm. vék að, að menn hafa fullkomlega opin augu fyrir mikilvægi viðskiptanna við bæði austur og vestur, þ. e. a. s. Rússland og Bandaríkin. Varðandi austurviðskiptin er það að segja, að það hefur komið í ljós, að meginhluti þeirra vara, sem við kaupum þaðan, er í mjög lágum tollflokkum, þannig að þær breytingar, sem hér verða, geta ekki haft nein áhrif á þau viðskipti. Sumar þessar innflutningsvörur njóta beinlínis réttinda samkv. tollskránni núna, t. d. timbrið, sem ekki er gerður neinn greinarmunur á, hvort flutt er inn frá EFTA-landi eða ekki. En það er einmitt vara, sem er mjög mikilvæg viðskiptavara frá Austur-Evrópu einnig.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara að orðlengja frekar um málið, og vil ekki fara að efna til neinna umr. um það að öðru leyti, taldi aðeins rétt að láta þessi orð koma fram frá minni hálfu. Það voru fullkomlega áreitnislausar þær ræður sem hv. minnihlutafulltrúar fluttu í málinu og þeir héldu sig efnislega við það, þannig að þær gefa vissulega ekki tilefni til neinna ádeilna á þá. Ég vildi aðeins láta þessi orð mín koma fram sem skoðun á þeim atriðum, sem þar var bent á, og ég held, að ættu ekki að þurfa að leiða til neinna deilna. Aðeins er um að ræða mismunandi mat á hlutunum, þar sem sérstaklega er um að ræða, bæði þetta um að fella niður tolla frá öllum löndum, sem ég gat um, og hin till., en þar er í rauninni um tvær meginatriði. að ræða, þ.e. að afnema algerlega vélatollana og ákveða nú á þessu stigi, að hráefnatollarnir skulu allir afnumdir frá næstu áramótum. Enga þessara þriggja till. tel ég mögulegt, eins og öll aðstaða er nú, að samþykkja og tel heldur ekki sérstök rök fyrir, að það sé gert í sambandi við þessa tollskrárbreytingu.

Frsm. 2. minni hl. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Þessi ræða hæstv. ráðh. gefur ekki tilefni til mikilla aths. Ég held, að það sé mesti misskilningur hjá honum, að staða íslenzks iðnaðar sé þannig í dag, að það mundi hlaupa í hann einhver óeðlilegur ofvöxtur, þó að tollar væru alveg felldir niður af vélum og hráefnum til hans. (**Fjmrh.:** Ég átti við hráefnið.) Já, hráefni. Jæja, jafnvel þó að tollar af hráefnunum einungis væru felldir niður. Ég held, að staða iðnaðarins sé þannig í dag, að bara til þess að geta staðizt þá lækkun verndartolla, sem verið er að framkvæma með þessu frv., þá þurfi hann á því að halda að hráefnatollarnir séu alveg felldir niður, og raunar miklu meiri aðgerðum heldur en það. Iðnaðurinn þarf jafnframt að fá margs konar fyrirgreiðslu í sambandi við lánamál sín og annað þess háttar, t. d. lagfæringar á skattamálum, ef hann á að geta staðizt þessa samkeppni, og ef hæstv. ráðh. kynnti sér þessi mál til hlítar, hvernig staða iðnaðarins er í dag, þá mundi hann áreiðanlega komast að raun um, að ekki mundi af því veita, að hráefnatollarnir væru felldir niður. Og ef hann væri iðnrekandi og héldi eins fast á málum við það að tryggja sæmilega afkomu hjá sínu fyrirtæki og hann gerir hjá ríkissjóði, þá er ég viss um það, að hann mundi styðja þá till. okkar, sem hér liggur fyrir, um að fella hráefnatollana niður. Það er sennilega tilgangslaust á þessu stigi að vera að ræða frekar um þetta atriði við hæstv. ráðh. Ég vil aðeins vona það, að hann athugi þessi mál nánar, og þá treysti ég svo vel á hans góðu greind, að það líði ekki langur tími, þangað til hann sannfærist um það, að það er réttmætt, sem felst í þessum till. okkar í 2. minni hl. fjhn., um að nauðsynlegt sé fyrir iðnaðinn að fá alveg felldа niður tollana af hráefninu. Það kann að vera, að það sé einstaka iðngrein, em ber sig það vel, ég skal ekki fullyrða um það almennt, að hún hafi ekki sérstaka þörf fyrir þetta. En ég er viss um, að það gildir hins vegar um meiri hluta iðnfyrirtækjanna, að þau hafa þörf fyrir slíka fyrirgreiðslu.

En það var aðeins eitt atriði til viðbótar því, sem hér hefur borið á góma, sem ég vildi grennslast fyrir um hjá hæstv. ráðh. Og það er það, að upplýst hefur verið í fjhn., að til stæði að leggja framleiðslugjald á vissar iðnaðarvörur, en lækka þá ekki verndartollinn á þeim vörum. Það hefur t. d. sérstaklega í því sambandi verið talað um tvöfalt gler og fleiri glertegundir, sem eru framleiddar hér á landi. Samkv. okkar samkomulagi við EFTA hefði verndartollurinn á þessum vörum átt að lækka um 30%, en hann er látinn standa óbreyttur í tollskránni. Hins vegar sagt, að ríkisstj. sé að undirbúa frv. um framleiðslugjald, sem eigi að leggjast á þessar iðnaðarvörur og það eigi að jafngilda því, sem lækkun verndartollsins mundi nema, ef málið væri afgreitt á þann veg. Mér skilst því, að þetta nýja framleiðslugjald eigi að samsvara 30% lækkun á verndartollinum, þannig að innlend framleiðsla stæði nokkuð svipað að vígi, hvort heldur verndartollurinn væri lækkaður um þessi 30% eða framleiðslugjaldið kæmi í staðinn. Ég held, að hér sé um dálítið vafasama aðferð að ræða og sama reglan eigi að gilda gagnvart öllum. Mér finnst eðlilegt í þessu tilfelli, að EFTA-tollurinn verði lækkaður um 30%. Það hefur verulega þýðingu fyrir byggingariðnaðinn, því að glervaran er nokkuð stór kostnaðarliður í honum. Það mundi ekki gera aðstöðu hinna innlendu fyrirtækja neitt lakari, vegna þess að þau eiga ekki að fá bætta aðstöðu við það, að tollurinn stendur óbreyttur, því þau eiga að greiða framleiðslugjald í staðinn. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. að því hvort það sé raunverulega ásetningur ríkisstj. að taka þetta framleiðslugjald upp og hvort það muni ekki verða álitið hyggilegra nú við framhaldsathugun þessa máls í fjhn., að lækka verndartollinn á þessum vörum, en falla í staðinn frá þessu fyrirhugaða framleiðslugjaldi.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það var aðeins í tilefni af fsp. hv. þm., sem ég taldi rétt að láta það koma fram, að það mun verða lagt hér fyrir Alþ.

frv. til l. um breyt. á núgildandi l. um innlent tollvörugjald eða framleiðslugjald, sem er óumflýjanlegt að leggja fyrir þingið, vegna þess að það er gert ráð fyrir því, að vissar vörutegundir, svo sem gosdrykki, verði leyft að flytja inn. Og af því leiðir, að það þarf að sjálfsögðu að gera ráðstafanir til þess að leggja hliðstæð gjöld á þá vöru, til þess að fara ekki of harkalega með innlendar framleiðslugreinar á þessu sviði. Hver sem framhaldsstefnan verður svo með hin innlendu tollvörugjöld, — sem er nú sannast sagna dálítið vandræðamál allt saman, það tollaform, og ætti að breytast með einhverjum hætti, — það skal ég ekki segja um. Það mál er enn þá í athugun í rn. En í sambandi við glerið og e. t. v. eina vörutegund aðra hefur þetta komið til álita, og ég get alveg sagt hv. þm., hvernig stendur á því, að það hefur komið til álita að fara þessa leið. Það er eingöngu vegna þess sjóðs, sem hann taldi mig kannske bera meira fyrir brjósti heldur en iðnaðinn, þ. e. ríkissjóðs, vegna þess, að hér er um að ræða stórfellt tekjutap fyrir hann í sambandi við gler. Þetta kom ekki upp fyrr en mjög seint, að gler væri EFTA-vara, og kom í rauninni ekki fram fyrr en það komu sérstakar kvartanir frá vissum EFTA-löndum um það, að gler ætti að vera þarna með, en hafði ekki verið á EFTA-listanum, og ég er a. m. k. ekki á þessu stigi reiðubúinn til þess að fórna þeim tekjum, sem um er að ræða í því efni. Það er rétt, sem hv. þm. sagði, að fyrir iðnaðinn sjálfan kemur það út með mjög svipuðum hætti, hvora leiðina er farið, ef þess er gætt að hafa hlutfallið það sama, hvort sem framleiðslugjald er á lagt eða tollar lækkaðir, en það sem þýðingu hefur að sjálfsögðu er það, að í öðru tilfellinu er ekki um neitt tekjutap að ræða fyrir ríkissjóð, nema síður sé, því við fáum heldur auknar tekjur. En hins vegar er rétt, sem hann einnig sagði, að glerið lækkar þá náttúrlega ekki til kaupenda. Það er annað mál. En ástæðan er sú ein, sem ég gat um, að hér er um að ræða mjög mikið tekjutap og í ofanálag á það tekjutap, sem þegar er orðið í sambandi við fyrirhugaðar breytingar á tollskrárfrv., þá er það miklum vafa bundið, að mögulegt sé að missa þær tekjur, sem þarna er um að ræða. Þess vegna hefur þetta komið til álita, án þess að það sé búið að slá því endanlega föstu, hvaða leið verður farin í þessu efni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 42. fundi í Nd., 26. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 257 felld með 20:11 atkv.
— 246, I. 1—2 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 236, I. 1—4 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 246, I.3 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 236, I.5—27 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 246, I. 4 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 236, I.28—29 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 246, I.5—8 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 236, I.30—34 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 246, I.9 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 236, I.35—72 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 246, I. 10—22 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 236, I.73 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 246, I. 23—30 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 236, I.74—77 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 246, I.31—33 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 236, I.78—81 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 246, I.34–36 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 236, I.82 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 246, I.37—38 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 236, I. 83—85 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 246, I.39 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 236, I. 86—89 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 260, I. 1—3 felld með 20:12 atkv.
— 246, I. 40—41 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 260, I. 4—7 felld með 20:12 atkv.
— 236, I. 90 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 260, I.8—9 felld með 19:11 atkv.
— 246, I.42 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 236, I.91, svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
— 246, I.43 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 260, I. 10—12 felld með 20:15 atkv.
— 246, I. 44—48 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 236, I. 92 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 246, I. 49—50 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 236, I. 93—94 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 246, I. 51 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 236, I.95 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 260, I.13 felld með 20:15 atkv.
— 246, I.52 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 236, I. 96—97 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 246, I.53 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 236, I.98—100 samþ. með 31 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 246, II.1 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 236, II.1 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 246, II.2 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 236, II.2—4 samþ. með 30 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.

Brtt. 236, III samþ. með 30 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
5.—16. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 236, IV (17. gr. fellur niður) samþ. með 28 shlj. atkv.
18.—32. gr. (verða 17.—31. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 260, II felld með 20:14 atkv.
Fyrirsögn og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 268, 269).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frá því að fjhn. þessarar hv. d. lauk umr. um frv. til l. um tollskrá og gaf út nál. til 2. umr., þá bárust n. nokkur erindi, og voru þau m. a. skoðuð á fundi fjhn. í morgun. Niðurstöður af þeim athugunum eru m. a., að ég leyfi mér að flytja hér við þessa umr. skriflegar brtt. við frv., eins og það nú er orðið. Ég mun leitast við að skýra þær till. Þær eru ekki ýkja margar, en ég mun

skýra þær og þá er miðað við það frv., sem lagt var fram, ásamt þeim breytingum eða með tilliti til þeirra breytinga, sem hv. Nd. samþykkti á frv. við 2. umr. í dag. Enn fremur flytur fjhn. þessar brtt., sem ég gat um nú. N. varð ásátt um, að sama fyrirkomulag yrði á flutningi þeirra og brtt. þeirra, sem fluttar voru við 2. umr., að ég flyt þær persónulega. Meiri hl. n. stendur að þeim öllum, en minni hl. stendur að þeim allflestum, en hefur sinn fyrirvara.

Till. sú, sem útbýtt hefur verið og er á þskj. 269, er hins vegar flutt af fjhn. allri, og er um það, eins og þar stendur, að veita undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda af bifreiðum ráðh. og sendiráðsstarfsmanna í samræmi við reglur um bílamál ríkisins. Till. þessi er flutt af fjhn. samkvæmt beiðni hæstv. fjmrh., og er í samræmi við þær reglur um greiðslur til starfsmanna ríkisins fyrir notkun bifreiða þeirra, sem fjmrn. hefur nú sett í samráði við fjvn. Alþ. Er hér ætlað að lögfesta venju, sem framkvæmd hefur verið um langan tíma.

Þær brtt. aðrar, sem fluttar eru við þessa umr. af mér, eru fyrst við 22. kafla frv. Þar er lagt til, að tollur á 22. flokki, 01.01, 02.00, 03.00 og 04.00, sem nú er 100%, lækki alls staðar niður í 70%. Hér er um að ræða ölkelduvatn, eins og þar stendur, og annað vatn með kolsýru og svipaða drykki, sem eru sama eðlis. Hér er um að ræða samræmingu vegna inngöngu okkar í EFTA. Á þskj. 236 voru m. a. samþ. brtt. nr. 21, 23, 25 og 27. Auk þeirra er nú gerð till. til breytingar á nr. 39.02.85 í tollskránni. Hér er um að ræða plast og gert ráð fyrir því, að þykkt þess, sem ætlað er, að verði í 15% tollflokki og einnig svipuðum vörum í 25% tollflokki, sé miðuð við 0.3 mm og þynnra. Það er nú gerð till. um, að markið verði 0.4 mm og þynnra, vegna iðnreksturs, sem er hér í landinu. Þetta eru nýjar brtt., sem fjalla um þetta atriði.

Þá gerir n. till. um, að á 3 númerum, sem öll fjalla um björgunaráhöld og björgunartæki, verði gerð breyting. Það eru númerin 39.07.35, 40.14.02 og 45.03.02. Í öllum þessum tilfellum fari tollurinn úr 25% í 0%. Hér er um björgunar- og slysavarnatæki að ræða, eftir nánari skýrgreiningu á ákvæðum fjmrn., svo og um björgunaráhöld úr korki, eftir ákvörðun rn., og lagt er til, að tollurinn verði alls staðar 0% í staðinn fyrir 20%. Sýnist mönnum hér um sanngirnisráðstöfun að ræða.

Þá er 10., 12. og 15. brtt., sem flutt er nú. Þær eiga við númerin 39.07.71, 44.03.52 og við 73.40.43. Hér er um að ræða girðingarstaura og gerð till. um, að tollurinn verði 10% í staðinn fyrir 20%. Þá er 13. brtt. Hún er við kafla 44, um að númerið 44.18.00 verði klofið upp. Hér er um að ræða gervitrjávið úr spónum, sem notaður er með tvenns konar hætti, annars vegar til innréttinga í húsum og hins vegar til iðnaðar, þ. e. a. s. í húsgagnaiðnað og innréttingar, þannig að viðurinn er þá meira unninn. Sá, sem notaður er óunninn, er undir öllum kringumstæðum þynnri en 16 mm, og þess vegna gert ráð fyrir því, að mynda tollflokk um spónaplötur yfir 15 mm að þykkt, og að sá tollur verði 20% í stað þess, að tollurinn, eins og lagt var til í brtt., sem samþ. var við 2. umr., er 30%, en gert ráð fyrir því, að plötur þynnri en 15 mm verði með 30% toll.

Í 16. brtt. er aðeins farið fram á breytingu á orðalagi, að í staðinn fyrir „alúmín“ í þeim 76. tollflokki standi hvarvetna „ál“, sem tekið hefur verið upp í málið.

17. brtt. er til samræmis við „Vír“, og lagt til að þær breytingar verði gerðar á frv., að nýtt tollskrárnúmer, 76.02.02, komi inn og orðist svo, að suðuvír verði í 7%.

18. brtt. er varðandi þjöppur fyrir frystikerfi, og í staðinn fyrir, að lagt er til í frv., að þær verði í 11% tolli þá fari þær hér í 7%. Þá er gert ráð fyrir því, að ýmis tæki til veitingahúsareksturs, sem eru í tollnr. 84.17.14, lækki úr 35% í 25% toll.

Þá voru í n. umr. um, að gera þyrfti athuganir á 90. flokki tollskrárinnar, og hér eru fluttar brtt. við tvö nr. í 90. flokki tollskrárinnar, þ. e. a. s. nr. 90.16.00, sem eru tiltekin tæki, eins og þar stendur, til teiknunar, afmörkunar og útreiknings o. fl., og gert ráð fyrir því, að tollurinn á þessu tollflokksnr. lækki úr 35% í 7%. Enn fremur er tollnr. 90.22.00, tæki til mekaníkskrar prófunar, verði í stað 35%, sem það er nú, í 7% tolli. Þetta voru brtt. við 1. gr. frv.

Þá eru brtt. við 3. gr. frv. Það er þá fyrst við 12. tölulið. Það er, að 12. tölul. orðist eins og hann raunverulega er, að undanskildum síðustu orðunum, „og verðmæti efnivörunnar er verulegur þáttur í kostnaðarverði innlendu iðnaðarvörunnar“. Þetta falli niður. Og 12. tölul. orðist þá þannig: „Að lækka eða fella niður gjöld af efnivöru í innlenda iðnaðarvöru, ef gjöldin af sams konar iðnaðarvöru framleiddri erlendis eru jafnhá eða lægri en af efnivörunni.“

Þá er brtt. við 50. lið sömu gr. Það er á bls. 92, þar sem stendur:

„Á sama hátt er heimilt að endurgreiða gjaldamismun af þeim hráefnum til iðnaðarframleiðslu, sem lækka í tolli með lagabreytingu þessari, enda hafi tollafgreiðsla átt sér stað eftir 1. desember 1969,“ og svo falli niður: „og iðnrekendur sanni með staðfestum vottorðum löggiltra endurskoðenda“, en í stað þess komi: „og sé ljóst,“ framh. er svo óbreytt: „að vörurnar séu fyrir hendi í birgðum hráefna eða óseldra iðnaðarvara“.

Hér er um að ræða atriði, sem talið er réttara að orða svo, til þess að betur sé hægt að framkvæma þetta ákvæði eftir þeirri hugsun, sem á bak við það felst. Þá er við 52. tölul., sem er á þskj. 236, þ. e. a. s. brtt. samþ. við 2. umr., þar sem stendur: „að endurgreiða, með nánar ákveðnum skilyrðum, gjöld af efni til framleiðslu rafagnatækja“, við þetta bætist: „einnig gjöld af efni til rafbúnaðar til húshitunar og rafmagnsvatnshitunartækja (sbr. nr. 85.12.02 og 85.12.06)“, en í frv. er gert ráð fyrir því, að þessi tvö nr., sem eru innflutt tæki til húsahitunar, að tollurinn á þeim lækki úr 80% í 35%, og þess vegna talið óumflýjanlegt að gefa fjmrn. heimild til þess að endurgreiða toll af því efni, sem notað er hér innanlands við framleiðslu á sams konar tækjum.

Fleiri eru ekki þær brtt., sem ég hef leyft mér að flytja, og legg til fyrir hönd meiri hl. n., að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem ég hef nú gert grein fyrir og legg fram sem skriflega fluttar brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 270) leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls gat ég þess, að ég hefði til athugunar að flytja hér brtt. við frv., sem miðaði að því, að reyna að tryggja það, að sú tollalækkun, sem gerð verður með þessu frv., nái því að koma fram í verðlaginu. Nú hef ég leyft mér að flytja hér till. um þetta efni, sem er skrifleg brtt., og óska ég eftir því, að hæstv. forseti leiti afbrigða um þá till., sem á hér að koma undir atkv., en till. er svo hljóðandi:

„Aftan við frv. bætist svo hljóðandi: Ákvæði til bráðabirgða:

Verðlag á öllum þeim vörum, sem tollur er lækkaður á samkv. lögum þessum, skal háð ákvörðun verðlagsnefndar samkv. l. nr. 54. 1960, um verðlagsmál, og skal það vera meginstefna nefndarinnar að sjá um, að tollalækkun, sem gerð er með lögum þessum, komi fram í lækkandi útsöluverði."

Ég tel, að þegar gert er ráð fyrir því að lækka tolla sem nemur í kringum 500 millj. kr., miðað við áætlaðan innflutning til landsins á heilu ári, — og þessi tollalækkun nær til ærið margra vörutegunda, — þá sé alveg nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir til þess að sjá um að þessi tollalækkun komi þeim raunverulega til góða, sem í veðri hefur verið látið vaka a. m. k., að ættu að njóta þessarar tollalækkunar. En á því leikur auðvitað enginn vafi, að það er talsvert mikil hætta á því, að ýmsir viðskiptaaðilar og milliliðir kunni að reyna að ná til sín þessari tollalækkun og gera sinn hag þeim mun betri. Það má að vísu segja, að þetta atriði hefði fremur átt heima í löggjöf, sem fjallaði beinlínis um verðlagsmál, en ég tel, að þetta atriði sé svo nátengt þeirri tollalækkun, sem hér er um að ræða, að það sé eðlilegast að setja þetta ákvæði inn sem bráðabirgðaákvæði í tollskrána, inn í þá tollskrá, sem nú verður samþ., og gerir ráð fyrir þessari tollalækkun, sem hér er um að ræða.

Sem sagt, till. mín miðar aðeins að því, að skipa svo fyrir, að verðlag á öllum varningi, sem nú kemur til með að njóta tollalækkunar, skuli ákveðið af verðlagsnefnd þeirri, sem starfar samkv. lögum og skal það brýnt fyrir n., að hún skuli hafa það sem meginstefnu sína, að sjá um það, að þessi tollalækkun komi fram í útsöluverði. Um þetta fjallar mín till. og vænti ég, að hæstv. forseti leiti eftir afbrigðum um hana, svo að hún geti komið hér til atkvgr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 281) leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það er nú svo, að þrátt fyrir frestun á afgreiðslu þessa máls fram yfir hátíðar, þá hefur sannarlega ekki gefizt of rúmur tími til þess að ræða það í n. og annars staðar.

Eitt af því, sem að mínu áliti hefði verið ástæða til að ræða nánar undir meðferð málsins og m. a. í nefndum, það eru þau kjör, sem ræktunarframkvæmdunum í landinu eru búin í tollskránni, eins og nú er ráðgert, að hún verði. Það er engin breyting gerð á tolli á stórvirkustu og þýðingarmestu ræktunarvélunum, á jarðýtum og skurðgröfum. Hann er í frv. 25%, eða óbreyttur frá því, sem hann hefur verið. Aftur á móti höfum við það í bakhöndinni, að söluskattshækkun kemur á þessar vélar, þannig að verð þeirra hækkar eftir þessar aðgerðir.

Nú er það svo, eins og mörgum alþm. er kunnugt, að ræktunarsamböndin, sem annast jarðvinnsluna í stærstu dráttum, standa mjög höllum fæti eftir síðustu gengisfellingar. Þau skulduðu þá bæði í erlendum gjaldeyri og eins gengistryggðum lánum í Búnaðarbankanum, og gengisfellingin varð þeim mjög mikið áfall. Mér virðist, að það sé í sjálfu sér alveg óeðlilega stór hluti af verði þessara véla, eins og nú er og enn frekar eftir samþykkt mála, eins og þau liggja hér fyrir, sem rennur til ríkissjóðs, því af meðaljarðýtu, eins og ræktunarsamböndin nota, geta gjöldin til ríkissjóðs numið allt að 1 millj. kr. Þetta mál var rætt í fjhn., en tiltölulega lauslega. Sérfræðingar ríkisstj., sem voru til viðtals við nefndir, töldu ekki rétt að fara neitt inn á þetta svið, og það virtist ekki heldur vera neinn meiri hl. fyrir því í n. En mér þykir þó rétt með lítilli brtt., sem við stöndum að 2 þm., eins og ég mun síðar greina, að kanna vilja hv. þd. í þessu efni.

Ef við lítum aðeins á eina tegund þessara véla, sem um leið eru þær mikilvægustu og langstærsti pósturinn í vélakaupum ræktunarsambandanna, allt svo jarðýturnar, þá er það að vísu svo, að þó að þessar vélar séu að mestum hluta notaðar við ræktunarstörf, þá eru þær einnig notaðar við önnur störf, í fyrsta lagi til vegagerðar, og svo að nokkru við byggingarvinnu. En að því er varðar vegagerðina, þá er þar um beina tilfærslu að ræða, því að langmestur hluti vegagerðarinnar í landinu er kostaður af ríkissjóði. Og að öðru leyti, að því er viðkemur byggingarframkvæmdum, þá get ég nú ekki séð, að það væri hundrað í hættunni, þó að aðeins slaknaði á tollheimtu af vörum til bygginga, því að við meðferð tollskrárinnar hefur yfirleitt verið sneitt hjá því, að lækka nokkuð tolla af þeim vörum, nema þá einungis þeim, sem heyra beint undir EFTA-meðferð og fara til frekari vinnslu innanlands.

Með vísun til þessa, sem ég nú hef sagt, þá viljum við hv. 5. þm. Norðurl. e. leyfa okkur að leggja fram skrifl. brtt., sem við biðjum hæstv. forseta að leita afbrigða um, en hún er við 1. gr. um að nr. 84.23.02 orðist svo: „02. Jarðýtur, tollskrártollur 7%."

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 282) leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi segja hér. Í fyrsta lagi tek ég það fram, varðandi allar þær brtt., sem hv. formaður fjhn. gerði hér grein fyrir og hann flytur, annað hvort með stuðningi meiri hl. n. eða allrar n., eins og var gert við 2. umr. málsins, að um þær allar er það að segja, að þær hafa verið útbúnar í samráði við rn. og hef ég ekkert við þær að athuga. Vil ég mæla með því, að þær verði samþykktar. Sömuleiðis að sjálfsögðu sú till., sem hann gat hér um, að væri flutt sameiginlega af n. í heild.

Varðandi till. þá, sem hv. 5. þm. Austf. gat hér um, þar sem lagt er til að lækka mjög verulega í tolli jarðýtur, þá get ég því miður ekki sagt það sama, að ég geti mælt með þeirri till., ekki vegna þess, að það væri

óæskilegt, að jarðýtur væru í lágum tolli og reyndar margt annað, sem telja mætti í því sambandi, en hér er um geysistóran flokk að ræða, þar sem útilokað er að aðgreina jarðýtur sérstaklega. Jarðýtur eru jú notaðar til margvíslegra hluta annarra en landbúnaðar og annað væri ókleift með öllu, ef fara ætti inn á þessa braut, en að taka vinnuvélar almennt hér undir. En hér yrði þá um að ræða stórfellt tap fyrir ríkissjóð, sem hann getur ekki tekið á sig eins og sakir standa. Það er þegar búið að fallast á allverulegar breytingar hér, og má segja, að teflt sé í nokkra tvísýnu með þær viðbótarniðurfellingar eða lækkanir á tollum, sem þegar hafa verið samþ. eða till. liggja nú fyrir um. Verð ég því miður að segja, að mælirinn er nú meira en fullur, þannig að ég get ekki mælt með þessari till. og verð mjög að fara fram á það, að hv. þd. felli hana.

Varðandi þá till., sem hv. 4. þm. Austf. flutti hér, er það nú fyrst og fremst að segja, að hún varðar að vísu ekki þetta mál nema óbeinlínis og hefur engin áhrif á tollana sem slíka, heldur er þar um að ræða ákvæði varðandi þær reglur, sem fylgja skal við verðlagningu vara í sambandi við þessa tollabreytingu. Ég býst við, að allir hv. þdm. geti verið sammála um það, að það sé hin mesta nauðsyn, að þessar tollalækkanir skili sér, svo sem verða má, í lækkuðu vöruverði. Hitt er annað mál, sem ég tel æskilegt að komi hér fram, að þó svo sé, þá tel ég ekki rétt að gera brtt. um þetta efni í sambandi við tollskrána, enda féllst hv. þm. í rauninni á, að það gæti verið nokkurt efamál, hvort slíkt ætti að gera nú eða ekki. Við höfum mjög fullkomna löggjöf og ákveðna varðandi öll verðlagsmál og sérstaka verðlagsnefnd starfandi, sem að sjálfsögðu hlýtur að taka til endurskoðunar verðlagsákvæði í sambandi við þær tollalækkanir, sem verða. En að slá því föstu í sambandi við tollskrána sem slíka, hvaða reglum sú n. skuli fylgja, tel ég ekki eðlilegt. Ég vil hins vegar taka það fram, að þó ég geti ekki mælt með þessari till. og telji ekki eðlilegt, að hún sé samþykkt hér, þá tel ég ekki, að afstaða manna í því efni feli í sér neina yfirlýsingu um það, að ekki sé rétt og skylt að verðlagsyfirvöld taki fullkomið tillit til þess sjónarmiðs, sem ég hef hér lýst, og hv. þm. einnig í sínu máli, að þetta komi eins mikið og mögulegt er hinum almenna neytanda til góða. Það er auðvitað grundvallarnauðsyn, að svo verði. En ég tel sem sagt hvorki eðlilegt né á neinn hátt formlegt, að sú brtt. verði gerð í sambandi við tollskrána, og hygg, að slíkt hafi heldur aldrei verið gert áður, þ. e. að tengja saman verðlagsmál og tollamál.

Um þetta má vafalaust deila, eins og um svo margt annað, en þetta er ástæðan, sem veldur því, að ég tel ekki eðlilegt að samþykkja till., eins og hún liggur fyrir hér, þar sem við höfum þegar mjög sterka stjórn á verðlagsmálunum, og hlýtur hún að koma til endurskoðunar á réttum vettvangi.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Vegna þess að mér virtist mega misskilja ummæli hæstv. ráðh., þá vil ég vekja athygli hv. þdm. á því, að jarðýtur eru alveg sérstakt tollskrárnr., nr. 84.23.02. Þess vegna er því hægt að taka þær út úr hópi af öðrum slíkum vinnuvélum. Hitt er svo annað mál, og það er auðvitað matsatriði, hvernig hæstv. ráðh. og aðrir hv. þdm. líta á það, hvort það sé efnislega réttmætt að gera það. En formsins vegna, vegna þess að þær eru alveg sérstakt tollskrárnr., þá væri það hægt.

ATKVGR.

Brtt. 270,I. 1—17 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 282 felld með 19:13 atkv.
— 270,I. 18—21 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 270,II. 1 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 269 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 270,II. 2—3 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 281 felld með 20:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, JónasÁ, LJós, MK, SE, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, BP, EðS, GeirG, GíslG.

nei: GÞG, IngJ, JóhH, JP, MB, MÁM, PJ, PS, SI, SvJ, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EmJ, FÞ, GuðlG, GunnG, SB.

HS, IG, JK, EystJ greiddu ekki atkv.

2 þm. (JSk, BrS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 41. fundi í Ed., 27. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 283).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þótt frv. það, sem hér liggur fyrir, sé mikið að vöxtum og gæti gefið tilefni til mikilla umþenkinga og umr., þá mun ég ekki flytja um það langa framsöguræðu, bæði til þess að lengja ekki óþarflega fundartímann, því það er mikilvægt, að afgreiðslu þessa máls verði hraðað, en þó öllu fremur vegna hins, að þótt málið sé umfangsmikið, — hér er líklega um lengsta þskj. að ræða, sem lagt hefur verið fyrir Alþ., — þá er efnislega um alveg ákveðnar meginreglur að ræða, sem þetta frv. er byggt á, og því tiltölulega auðvelt að átta sig á, hvað í því felst í meginefnum.

Öllum hv. þdm. er kunnugt um, að frv. þetta er til orðið vegna væntanlegrar aðildar Íslands að EFTA, og eru tollabreytingarnar í samræmi við þann samning, sem gerður hefur verið við EFTA og felur í sér, að á 10 ára tímabili skuli allir gildandi verndartollar hér á landi falla niður. Það skal gert í þeim áföngum, að nú þegar falli niður 30% af verndartollunum, síðan verði fjögurra ára aðlögunartími, sem hugsaður er fyrst og fremst sem aðlögunartími fyrir iðnaðinn, og eftir það verði 10% lækkun á hverju ári, þar til tollarnir hafa að öllu leyti verið felldir niður. Hins vegar njóta Íslendingar þeirra miklu hlunninda, að tollar á útflutningsvörum okkar til EFTA-landa, sem EFTA-reglurnar ná til, falla niður að fullu nú þegar við inngöngu okkar í EFTA.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er í fyrsta lagi um það, að lækka um 30% alla tolla frá EFTA-löndum, svokallaða EFTA-tolla, og þm. til hægðarauka er það tilgreint sérstaklega í frv., hverjir EFTA-tollarnir séu, hverjir tollarnir verði almennt frá öðrum löndum og síðan er sérstakur dálkur, sem sýnir hver núgildandi tollur er, en að sjálfsögðu mun sá dálkur verða felldur

niður, þegar frv. hefur endanlega verið samþ., og verður ekki birtur í lögum, er aðeins til hægðarauka, því hann útskýrir mjög rækilega þær breytingar, sem hér er um að ræða. Þetta gildir um hvern einstakan lið frv. og sé ég því ekki ástæðu til þess að ræða þá liði frekar. Frv. fjallar um allar tilbúnar vörur, sem inn eru fluttar og sem verndartollar hvíla á. En greinarmunur er gerður á verndartollum og fjáröflunartollum, þ. e. a. s., það er heimild að halda tollum á öllum þeim vörum, sem ekki eru framleiddar í landinu, því þeir eru á lagðir sem beinir fjáröflunartollar, þannig að það skapast ekkert misræmi á milli framleiðslu frá EFTA-löndum og okkar eigin framleiðslu í því efni. Þess vegna getum við haft áfram tolla á öllum EFTA-vörum, sem ekki eru framleiddar hérlendis, en mundum að sjálfsögðu verða að breyta þeim tollum, ef til kæmi ný framleiðsla á þeim vörutegundum, en það yrði þá gert á sínum tíma.

Til þess að ná fram þeim kostum, sem aðlögunartímanum er ætlað að hafa vegna íslenzks iðnaðar, þá eru gerðar veigamiklar breytingar í frv. iðnaðinum til hagsbóta. Meginbreytingin er sú, að lagt er til, að tollar á vörum til allrar helztu iðnframleiðslu í landinu lækki um 50%, þannig að staða iðnaðarins batnar í mörgum greinum, og verður a. m. k. hvergi lakari heldur en hún yrði, ef ekki kæmi til neinnar EFTA-aðildar þessi fyrstu 4 ár. Til viðbótar er lagt til að lækka allar vélar til iðnaðarins ofan í 7% toll og einnig vélar til allra annarra atvinnuvega. Hér er um að ræða mjög veigamikla aðstoð við iðnaðinn, vegna þess að vélar til landbúnaðar og sjávarútvegs hafa áður verið í mun lægri tollflokki, eða flestar í 10% tolli, en lagt er nú til að lækka toll á þessum vélum niður í 7%, til þess að söluskatturinn hafi ekki áhrif til hækkunar á verð þeirra. Þetta er engin almenn regla, og varðandi bæði vélatollana og hráefnatollana er það að segja, að þær lækkanir gilda um innflutning frá öllum löndum, en lækkun tilbúnu varanna gildir almennt ekki, nema á vörum frá EFTA-löndum. Þetta eru meginbreytingarnar, sem gerðar hafa verið.

Það hafa einnig verið framkvæmdar verulegar lækkanir á varahlutum til véla, og nokkrar aðrar breytingar hafa verið gerðar á frv., sem koma til af sérstökum ástæðum.

Í fyrsta lagi vil ég nefna það, að pappírstollar hafa verið lækkaðir, eða réttara sagt afnumdir, vegna innlendrar bókagerðar og einnig vegna umbúðagerðar. Hér er um að ræða allverulegt tekjutap fyrir ríkissjóð, en þetta er gamalt vandamál, sem óumflýjanlegt þótti að horfast í augu við, vegna þess að íslenzk bókagerð nýtur í rauninni ófugrar tollverndar, ef svo má segja, og er gert lægra undir höfði heldur en erlendri bókagerð.

Þá hefur einnig verið lækkaður tollur á rafhitunartækjum til húsa, til þess að auðvelda það, að rafmagnskyndingar verði upp teknar í ríkari mæli, eftir því sem raforkuframleiðslan hér leyfir, og er það að sjálfsögðu þjóðhagslegur sparnaður.

Í þriðja lagi er sú breyting, sem gildir um meira en EFTA-vörur, að lækkaður er almennt tollur á timbri, einnig frá löndum utan EFTA, og einnig til annarra þarfa heldur en hefði þurft að lækka tollinn til, þannig að þetta nær einnig til byggingartimburs. Þetta stafar af því, að það er talið útilokað að greina hér á milli, og er þetta að sjálfsögðu til allverulegra hagsbóta.

Þá hafa enn fremur verið gerðar ýmsar minni háttar breytingar, sem ekki skipta meginmáli, en hafa þó sína þýðingu varðandi samræmingu á tollflokkum innbyrðis. Er það upp talið í grg. frv. hvað þar er helzt um að ræða. Það má t. d. nefna í því sambandi að fella niður toll á loðdýrum, en á þeim vettvangi er verið að undirbúa alveg nýja framleiðslugrein í landinu. Af þeim var áður hár tollur. Þá er lagt til, að lagfærðir verði tollar á efni til dráttarbrauta. Áður var í gildi heimild um það, að endurgreiða tolla af dráttarbrautum, sem fluttar eru inn í heilu lagi, en það er mjög einkennilegt ákvæði og hefur reynzt torvelt í framkvæmd. Þá eru einnig gerðar ýmsar breytingar á heimildarákvæðum, sem ég sé ekki ástæðu til að orðlengja um, en eru allar nauðsynlegar og þýðingarmiklar. Varðandi það atriði, sem sérstaklega snertir iðnaðinn og er til þess að bæta aðstöðu hans enn frekar, þá er leitað heimildar fyrir því, að endurgreiddur verði tollur af hráefnum, sem iðnaðurinn hefur keypt á síðustu þremur mánuðum, ef til EFTA-aðildar kemur, ella gæti það skapað stórvandræði fyrir iðnaðinn og jafnvel stöðvun á iðnframleiðslu um tíma. Jafnframt er leitað heimildar til þess, í sambandi við vélar, sem fluttar voru inn eftir síðustu gengisbreytingu, að mismunurinn á greiddum tollum af þeim vélum og þeim tolli, sem á að gilda samkv. frv., verði einnig endurgreiddur.

Í grg. frv., á bls. 210, er gerð áætlun um það, hvaða tekjutap þessar breytingar muni leiða af sér, og er gert ráð fyrir því, að tekjutapið verði brúttó nálægt 500 millj. kr. á ársgrundvelli. Sé ég ekki ástæðu til þess að sundurliða það frekar. Það er gert í grg., þannig að menn átta sig á því, hvað hér er um að ræða. Vitanlega er aldrei hægt að sundurliða þetta nákvæmlega, en við þessa tölu er því að bæta, að undir meðferð málsins, sem unnið hefur verið að nú síðustu vikurnar, — og raunar allt frá því, að frv. var lagt fyrir hið háa Alþingi fyrir áramót, — hefur verið framkvæmd mjög víðtæk athugun í sambandi við ótal erindi, sem borizt höfðu vegna frv., og hefur þetta leitt til þess, að gerðar hafa verið töluvert víðtækar breytingar á frv., sem að vísu, að meginhluta til, eru byggðar á sömu sjónarmiðum og ég gat um, þ. e., þar er fyrst og fremst um að ræða lækkun á vörum, sem EFTA-aðildina snerta að einhverju leyti, en þó eru einnig nokkrar aðrar vörutegundir teknar, sem ástæða þótti til að lækka til samræmingar við annað.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja um eða skýra frekar þau atriði, en ég vil þakka það, að hv. fjhn. þessarar d. og fjhn. Nd. hafa fallizt á það, að að því skyldi stefnt, að reyna að gera þessar lagfæringar þannig úr garði, að ekki þyrftu að koma til, nema þá að sáralitlu leyti, breytingar að nýju í þessari hv. þd. Og ég hygg, að n. hafi tekið til athugunar öll þau erindi, sem ástæða þótti til að sinna, en vitanlega var ekki hægt að sinna mörgu af því, sem fram kom. Vonast ég því til, að ekki komi upp við meðferð málsins hér í þessari hv. d. nein ný vandamál, sem nauðsynlegt reynist að sinna. En um það getur maður að sjálfsögðu ekki fullyrt, fyrr en eftir að meðferð málsins er lokið í hv. n.

Þessar breytingar, sem hér um ræddi, valda einnig töluverðu tekjutapi, því að allar eru þær til lækkunar, og má gera ráð fyrir, að nettótekjutap af þessum viðbótarbreytingum geti verið allt að 30 millj. kr. Ég hef hins vegar ekki séð ástæðu til og mun ekki gera neina till. um það að gera sérstakar ráðstafanir til tekjuöflunar vegna þessa tekjutaps, sem hér er um að ræða, því að vitanlega er hér ekki hægt að miða við tölur, sem hægt er að byggja nákvæmlega á. Hvort þessar áætlanir, sem byggt er á, reynast 20 eða 30 millj. kr. hærri eða lægri, er auðvitað gersamlega ómögulegt um að segja, og því verður að fela þetta allt forsjóninni í von um það, að þetta skili sér betur, eða endurgreiðslur kunni e. t. v. að vera lægri en gert er ráð fyrir. Ég mun því ekki gera neinar sérstakar till. til þess að mæta þessu tekjutapi. En þar sem ég veit, að hv. n. þessarar d. hefur mjög vandlega fylgzt með allri meðferð málsins í fjhn. Nd. og komið þar að sínum sjónarmiðum, þá hlýt ég að mega leyfa mér að vona það, að hv. n. geti hér afgreitt málið skjótt frá sér. Tel ég það ekki vera neina óvirðingu fyrir hana á neinn hátt, þar sem hún, eins og ég sagði, hefur unnið að athugun málsins um lengri tíma með fjhn. Nd.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, nema sérstakt tilefni gefist til, að orðlengja frekar um málið. Ég hef gert grein fyrir þeim meginsjónarmiðum, sem tollskrárbreytingin byggist á, og tel það ekki þjóna neinum tilgangi eða geta vakið áhuga hv. þdm. á nokkurn hátt, þó að ég færi að rekja hér einstök atriði eða gera grein fyrir brtt., sem gerðar voru í hv. Nd. Þær skýra sig sjálfar og til hægðarauka eru þær brtt., sem samþ. voru í Nd., uppfærðar á sama hátt og frv. sjálft, þannig að menn geta borið saman þann toll, sem nú er, samkv. núgildandi lögum, og þann toll, sem ætlað er að gildi, eftir að þessar lagfæringar hafa verið gerðar.

Ég leyfi mér því að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 29. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 283, n. 294 og 300, 302).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Á þskj. 294 er fram borið nál. meiri hl. fjhn. um tollskrá o. fl. [123. mál Nd.] Eins og getið er um í nál., þá er þetta frv. flutt til samræmis við skuldbindingar, sem leiða af inngöngu í EFTA, svo og til að jafna aðstöðu íslenzks iðnaðar vegna EFTA-aðildar. Inn í frv. hafa svo bætzt önnur atriði, sem breytinga hefur verið þörf á. Fjhn. beggja þd. hafa unnið saman að þessu máli undanfarið og hefur fjhn. Ed. þegar komið sjónarmiðum sínum á framfæri við meðferð málsins í Nd. Tollskrárnefnd hefur í samráði við fjmrn. gengið frá þessu frv. eins og það er prentað á þskj. 167, en brtt. við frv., sem samþ. voru í hv. Nd., eru samandregnar á þskj. 268 og þskj. 283, en það síðarnefnda liggur nú hér fyrir til umr.

Þegar frv. var lagt fram í Nd., var gengið út frá nær 500 millj. kr. tekjumissi ríkissjóðs á ársgrundvelli, vegna lækkana á svokölluðum verndartollum 245 millj., vegna lækkana á hráefnum og vélum 180 millj., vegna lækkana á öðrum vörum 40 millj., vegna aukins innflutnings, samkvæmt áætlun fjárlaga, 30 millj. kr. Auk þess koma svo breytingarnar, sem n. gerði á frv. Má áætla, að þær nemi allt að 50 millj. Er því raunveruleg heildarlækkun tolla 545 millj. kr.

Meginstefnan í frv. er sú, að lækka tolla af fullunnum iðnvarningi, innfluttum frá EFTA-löndum, um 30 af hundraði og innfluttu hráefni til framleiðslu á iðnaðarvörum um 50 af hundraði. Varðandi framleiðsluvélar atvinnuveganna, sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar, er meginstefna frv. hins vegar sú, að þessar vélar eru færðar niður í 7% toll úr 15, 25 og 35%, sem þær eru í nú. Þó að langmestu leyti úr 25% í 7%. Frá þessu eru þó ýmis tilvik, bæði til að gera fjárhagstjón ríkissjóðs ekki meira en nauðsynlegt er, og svo til að gera framleiðendum hér sem léttast að standast þær breytingar, sem innganga í EFTA hefur í för með sér.

Ég geng út frá því, að hv. þdm. hafi kynnt sér rækilega frv., eins og það var lagt fram í Alþ. á þskj. 167, en skal nú skýra í stórum dráttum þær breytingar, sem orðnar eru, á þskj. 268 og 283, þær er verulegu máli skipta.

Sojabaunir eru færðar niður úr 20% tolli í 0%. Þessi vara er flutt inn til landsins í lausu formi og notuð til blöndunar í fóðurkökur. Ætti það því að koma bændum og síðar neytendum vel, að þessi vara verði tollfrjáls.

Ljósmynda- og kvikmyndavörur margs konar eru lækkaðar úr 70% tolli í 35% toll. Nokkur iðnaður á þessu sviði er að myndast í landinu og sjálfsagt þótti að taka tillit til þess, og ekki sýnt, að ríkið tapi við það neinum verulegum tolltekjum.

Efnivörur til gull- og silfursmíða lækka úr 40% í 20%. Ljóst er, að þessi iðnaður stendur á gömlum merg hér innanlands og vonir standa til, að hann geti haslað sér völl á stærri markaði, ef vel verður að honum búið frá löggjafans hendi.

Margs konar vefnaður til innlendrar framleiðslu hefur verið færður úr 40% í 20% EFTA-toll, en í 25% frá öðrum löndum. Þá hefur nær allur járn- og stálflokkur tollskrár, eða 73. kaflinn, verið færður úr 5% niður í 2%, en þó nokkuð úr 25 og 35% niður í 7% toll, svo sem margs konar vír.

Skiptiverkfæri fyrir iðnaðarvélar, sem nú bera 35% toll, eru færð niður í 7%, eins og vélarnar sjálfar. Hér er um geysiþýðingarmikið atriði að ræða fyrir íslenzkan iðnað, að bæði vélar og skiptiverkfæri í vélar beri sama toll eða 7%.

Þá koma vélar til framleiðslu á smjörlíki og ávaxtasafa, og ýmsar vélar fyrir landbúnað, svo sem garðyrkju og alifuglarækt, sem nú eru í 25% tolli, en færðar eru niður í 7%. Einnig dráttarvélasæti, sem nú hafa 90% toll. Þá eru girðingarstaurar færðir úr 20% í 10% og gildir það jafnt fyrir stál, tré eða staura úr gerviefni.

Snjósleðar, sem eru með 60% tolli, eru færðir niður í 40%. Vörubifreiðar yfir 3 tonn færast úr 40% tolli niður í 30%, en tollur á öðrum bifreiðum verður óbreyttur, en eins og hv. þm. er kunnugt, liggur fyrir að fellt verði niður 60% leyfisgjald af öllum bifreiðum, sem það bera, þ. e. vörubifreiðum undir 3 tonnum, sendiferðabifreiðum og fólksbifreiðum, en auk þess er heimildará-

kvæði um að endurgreiða toll af bifreiðum til leiguaksturs úr 90% í 70%.

Björgunar- og slysavarnatæki, sem nú eru í 20% tolli, falla niður í 0. Frystiþjöppur eru færðar niður úr 15% tolli í 7%. Og háþrýstislöngur úr 35% tolli niður í 7%. Er þetta mikilsvert fyrir hraðfrystiiðnaðinn, einnig er notkun á háþrýstislöngum mikil í sambandi við margs konar stórvirkar vinnuvélar, dráttarvélar og háþrýstibúnað fiskiskipa. Þá eru margs konar mælitæki færð niður úr 35% tolli í 7%. Hefur þetta mikla þýðingu til vöruvöndunar fyrir íslenzkan iðnað, sem nú þarf að bæta sína framleiðslu sem mest má verða.

Tollar af öllum spónaplötum eru nú samkvæmt gildandi tollskrá 40%. Í brtt. er lagt til að plötur úr slíku efni, 15 mm og þykkari, fari niður í 20% toll. Frv. gerir hins vegar ráð fyrir að slíkar plötur, þynnri en 15 mm, fari niður í 30%. Þetta er mikilsvert atriði, sérstaklega fyrir húsgagnaiðnaðinn, en þykkar spónaplötur eru uppistaðan í þeirri framleiðslu.

Tollur á grammófónplötum til tungumálakennslu er færður úr 50% niður í 0. Einnig segulbönd með fræðsluefni, sem bera nú 75% toll. Barnavagnar eru færðir niður í 50% toll úr 90%.

Ég hef nú lýst í stórum dráttum meginbreytingum á 1. gr. frv., þeim sem nefndar eru á þskj. 268 og 283. Einnig eru mikilvægar breytingar við 3. og 4. gr. frv.

Lagt er til, að niður sé felldur síðari hluti 12. liðar 3. gr., þar sem er heimildarákvæði til lækkunar eða niðurfellingar á tolli efnivöru í iðnaðarframleiðslunni. Í frv. er gert ráð fyrir að tollur efnisins þurfi að vera verulegur þáttur í kostnaðarverði innlendu iðnaðarvörunnar, en í brtt. er heimildin rýmri og orðin „verulegur þáttur“ felld niður.

20. liður 3. gr. er nýr og veitir hann fjmrn. heimild til að fella niður gjöld af bókum á íslenzku, prentuðum erlendis, enda séu tæknilegir annmarkar á að slíkt prentverk verði framkvæmt hérlendis. Frv. gerir hins vegar ráð fyrir byltingu með niðurfærslu tolla á pappír og bókagerðarefni, t. d. er prent- og skrifpappír færður niður úr 30% í 0%. Sama gildir um bókbandspappa. Prentlitir eru hins vegar færðir niður úr 20 í 10%. Ákvæði 14. liðar eru undanþágur aðflutningsgjalda af bifreiðum sendiráðsstarfsmanna og ráðherrabifreiðum í samræmi við reglur um bílamál ríkisins.

Þá er veigamikil breyting á 28. lið 3. gr., þar sem endurgreiðsla er heimiluð á tolli vegna skipaviðgerða innanlands. Er miðað við 100 þús. kr. viðgerðarupphæð í stað 500 þús. kr. í frv. Einnig er að sjálfsögðu óbreytt endurgreiðsla á efni til nýbygginga skipa. Hér er um mikilsverðar breytingar að ræða fyrir eigendur fiskiskipa og að sjálfsögðu einnig íslenzkan málmiðnað.

Í 50. lið 3. gr. hefur heimild til endurgreiðslu efnistolla verið gerð nokkuð einfaldari. Gr. gerir ráð fyrir endurgreiðslu á tollum á hráefni vegna iðnaðarframleiðslu, sem flutt var inn eftir 1. des. s. l. Bætt er einnig við gr. heimildarákvæði vegna tolla af timbri, innfluttu eftir 1. ágúst s. l.

52. liður 3. gr., sem er nýr liður, kveður sérstaklega á um endurgreiðsluheimild á tollum á efni til framleiðslu rafagnatækja og efni til rafhitunar og rafmagnsvatnshitunartækja. Ég vek athygli á, að á þskj. 283, 52. lið á bls. 4, hefur orðið rafagnatæki misritazt, og hefur skrifstofu Alþ. verið gert aðvart um það. Heimildin vegna rafhitunartækja er til komin af því, að slík tæki eru framleidd í landinu, en tollur af þeim er með frv. færður úr 80% niður í 35% skv. sérstakri beiðni Sambands ísl. rafvirkja, en rök fyrir því eru að auka notkun rafmagns til húshitunar, sem að sjálfsögðu er mikilsvert.

Við 4. gr., þar sem frv. veitir undanþágumöguleika á tollum af munum, sendum til aðvinnslu erlendis, er heimildin rýmkuð með brtt., þannig að slík vara þarf ekki að seljast á erlendum markaði, til þess að endurgreiðsla sé heimil. Dæmi eru til þess, að slík endurgreiðsla á sama rétt á sér, þótt varan sé seld á innlendum markaði.

Ég hef nú lýst meginbreytingum, sem brtt. á þskj. 268 og 283 fela í sér, en freistandi væri að fara nokkrum orðum um frv. í heild, svo veigamikið sem það er og á væntanlega eftir að verða lyftistöng fyrir ekki aðeins íslenzkan iðnað, heldur alla þætti íslenzks atvinnulífs. Eins og ég tók fram, þá hafa verið gerðar verulegar breytingar á tollum yfirleitt, þótt megintilgangurinn væri hins vegar EFTA-aðildin og aðlögun íslenzks iðnaðar að EFTA-markaði. Ég er sannfærður um, að þeir, sem stunda iðju og iðnað, mega vel við sinn hlut una, og ég róma þann samstarfsvilja og lipurð sem hæstv. fjmrh. og starfsmenn hans, sem starfað hafa með fjhn. þingdeildanna, hafa sýnt í hvívetna. Ég vil líka fullyrða, að landbúnaður og sjávarútvegur bera heldur ekki skarðan hlut frá borði. Í heild ætti þessi breyting á tollskránni að verða íslenzkum atvinnuvegum og landsmönnum öllum til góðs og stuðla að meira jafnvægi og betri atvinnumöguleikum.

Enda þótt hv. stjórnarandstaða hafi ekki viljað samþykkja meirihlutaálit fjhn. og mæla með þessu lagafrumvarpi og brtt., þá skilst mér, að óánægja þeirra risti ekki djúpt, og að þeir séu raunverulega sammála öllum breytingum sem gerðar hafa verið. Hins vegar liggur fyrir till. frá þeim um nokkra tollaniðurfellingu, sams konar till. og hv. 4. þm. Reykv., Þórarinn Þórarinsson, o.fl. fluttu í Nd., en náði þar ekki fram að ganga. Geta má þess einmitt í sambandi við frekari tollaniðurfellingu, að eftir beiðni hv. 4. þm. Norðurl. e., Björns Jónssonar, sem er sjúkur, útvegaði fjhn. Ed. upplýsingar frá fjmrn., hvað kosta mundi að fella alveg niður vélatollinn, frá 7% niður í 0. Það er talið nema 85 millj. kr. En að fella alveg niður tollinn af efni til iðnaðar er talið mundu kosta 150 millj. kr. Hvort tveggja er þetta miðað við vélar og efni, sem frv. gerir ráð fyrir að mundi lækka, en með brtt. hefur verið gengið mun lengra, svo gera má ráð fyrir að slíkt mundi kosta ríkissjóð hátt í 300 millj. til viðbótar þeim 545 millj., sem áætla má tekjumissi nú.

Meiri hl. fjhn. leggur því til, að frv. verði samþ. til 3. umr. án frekari breyt. heldur en gert er ráð fyrir á þessum 2 þskj., 268 og 283.

Frsm. minni hl. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Ég vil í sambandi við það, sem frsm. meiri hl. fjhn. gat um varðandi tekjumissi ríkissjóðs af þessum síðustu tölum, sem athugaðar voru af hálfu rn., geta þess, að okkur greinir ofurlítið á um, hvað tölurnar hafa hækk-

að í meðförunum. Það hefur nú verið talið að tekjutap ríkissjóðs vegna þessara brtt. yrði 30 millj., en hann tilgreindi 50 millj. Ég skal ekkert fullyrða um það, hvor talan er réttari en það hefur verið talað um 30 millj. Tekjutapið vegna niðurfellingar tolla af efnivörum og vélum til iðnaðar var áætlað 85 millj. í öðru tilfellinu og 135—140 millj. kr. í hinu tilfellinu, og ég tók það fram, að það hefði verið miðað við upphaflega frv. Það kann að vera að þær hafi breytzt a. m. k. eitthvað þessar tölur. Það kann vel að vera, að þessar tölur séu réttar, ég hef ekki neina aðstöðu til þess að dæma um það.

Hv. frsm. hefur rakið þær breyt., sem gerðar hafa verið á frv., og mun ég þess vegna ekki fara nema lítillega út í þá sálma. Það er rétt, sem kom fram hjá honum í sambandi við það þegar báðar fjhn. störfuðu að þessu máli, að þá vorum við sammála um allflestar þær brtt., sem fram komu, þó við höfum ekki flutt sameiginlegt nál. Við vorum sammála þeim brtt., sem komu fram í Nd., enda þótt þær væru fluttar af form. fjhn. Nd. einum.

Mér finnst rétt í upphafi að vekja athygli á því, að þetta frv. um tollskrá, sem hér liggur nú fyrir, var lagt fram á Alþ. í öndverðum desembermánuði. Hér er um stórmál að ræða, og sú breyting á tekjuöflun ríkissjóðs, sem þetta frv. m. a. felur í sér, er bein afleiðing, eins og áður hefur komið fram, af því, að Ísland gerist aðildarríki að EFTA. Í upphafi var ætlunin, að þetta frv. væri afgr. fyrir jól, en svo varð þó ekki, m. a. vegna eindreginna mótmæla af hálfu stjórnarandstöðunnar, sem taldi sig ekki hafa nægar upplýsingar um málið og taldi heldur ekki nægan tíma til að afgreiða svo stórt mál á örfáum dögum fyrir jól, á mesta annatíma þingsins. Fjhn. beggja þd. hafa, eins og ég gat um áðan, yfirfarið frv. sameiginlega og athugað þær beiðnir um breyt. og þær ábendingar, sem fram hafa komið.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, mun vera lengsta þskj., sem lagt hefur verið fram á Alþ., og ég hygg að það hafi ekki í annan tíma verið bornar fram fleiri brtt. við nokkurt frv. heldur en hér hefur verið gert. Ég var að telja það saman áðan og mér taldist til, að þær væru 218, sem búið væri að samþykkja, fyrir utan brtt., sem felldar hafa verið. Þetta allt er svo fyrir utan þær breyt. sem gerðar eru á heimildarákvæðum.

Fjhn. beggja deildanna komu saman á allmarga fundi við athugun á þessu frv., og er rétt að það komi fram, að góður vilji var af hálfu þeirra, sem leystu þetta starf, um það að ganga til móts við margar óskir, sem fram komu, og var það aðallega form. fjhn. Nd., sem þar átti hlut að máli og eðlilega stýrði þeim umr. Mér er skylt að geta þess hér. Starf fjhn. var fyrst og fremst bundið við það, að samræma tollskrána þeim breyt., sem leiðir af EFTA-aðildinni. Hins vegar er þess ábyggilega orðin full þörf, að heildarendurskoðun tollalöggjafarinnar fari fram, því þar eru ýmis ákvæði, sem eru fráleit og óheppileg og þarfnast breytinga og leiðréttinga hið fyrsta.

Eins og kunnugt er, þá felur þetta frv. í sér þá meginstefnu, að verndartollar lækka um 30% samkv. EFTA-samkomulaginu, enn fremur lækka hráefnistollar um 50% og tollar á vélum úr 25% í 7%. Þó að lækkun á hráefnis- og vélatollum sé aðeins meiri en á verndartollunum, þá hygg ég að niðurstaðan verði sú, að meiri lækkun verði á hinni innfluttu erlendu vöru en á innlendu framleiðslunni. Mun þetta gera stöðu iðnaðarins heldur óhagstæðari en áður var. Það er talið af fyrirsvarsmönnum þessa frv., að tollvernd iðnaðarins verði svipuð eftir samþykkt þessa frv. og áður var. Þetta dreg ég þó í efa, enda mun þetta æði-misjafnt eftir iðngreinum. Ég hygg t.d., eins og glögglega kom fram hjá frsm. meiri hl. áðan, að járniðnaðurinn standi ekki lakar og jafnvel heldur skár að vígi eftir en áður, en ýmiss konar timburiðnaður og jafnvel kemískur iðnaður standi lakar að vígi. Þess vegna hefði m.a. átt að lækka hráefnis- og vélatollinn meira eða afnema hann með öllu, eins og lagt hefur verið til. Ég tel það raunar óhjákvæmilegt á næstunni, ef iðnaðurinn á ekki að bíða óbætanlegt tjón. Ýmsar þjóðir, sem framarlega standa í iðnvæðingu, t.d. Bandaríkin, munu á sumum sviðum hafa verndartolla, og telja sér það nauðsyn, til að búa svo að iðngreinunum, að lífvænlegt teljist. En okkur, 200 þús. sálum, er ætlað á 10 árum að verða svo mikil iðnaðarþjóð, að við getum keppt við hinar margumtöluðu 100 millj., án þess að þurfa að búa sérstaklega að okkar iðnaði. Ég hygg, að það fari ekki á milli mála, að næstu 4 árin verði örlagatímabil íslenzks iðnaðar, og vonandi er, að takast muni að auka svo samkeppnishæfni hans og styrkja svo stöðu hans, að hann standist hina harðnandi samkeppni, þegar verndartollarnir lækka og verða síðan afnumdir. Ég tel, að ekki veiti af því að afnema véla- og hráefnistolla til að bæta stöðu iðnaðarins. Í samræmi við það flytjum við á sérstöku þskj. brtt. um ákvæði til bráðabirgða um endurskoðun á tollskránni, varðandi atriði, sem snerta hráefni og hjálparefni til iðnaðarins, með það fyrir augum, að tollar á þessum efnum verði felldir niður.

Ég hygg enn fremur, að iðnaðurinn þurfi á enn meiri fyrirgreiðslu að halda, ef hann á að standast hina auknu samkeppni, og sú fyrirgreiðsla verði að koma strax, bæði hvað snertir lánamálin og lagfæringar á skattamálum og ýmis önnur atriði, því að iðnaðurinn býr ekki við allt of góð lánakjör. Ég hygg, að það sé rétt með farið, að iðnlánasjóðslánin séu frá 5 ára lánum og allt upp í 10 til 12 ára lán með fasteignaveði. Slíkt telst nú varla nein ofrausn í lánstíma hjá iðnaðarfyrirtækjum. Staða velflestra iðnfyrirtækja er ekki þannig í dag, og hefur ekki verið, að þeim veiti nokkuð af hagkvæmari lánum, og eftir þær breyt., sem nú eru gerðar, þar sem talið er að tollverndin verði svipuð áfram og hún var, hefur þetta ekki breytzt mikið til hins betra. Við væntanlega aukna og harðnandi samkeppni veitir ekki af að fella niður tolla af hráefni og vélum til iðnaðarins.

Þetta frv. gerir ráð fyrir, að tekjutap ríkissjóðs vegna tollalækkana verði um 500 millj. kr., og er þá miðað við innflutning fyrstu 10 mánuði ársins 1969, að viðbættri áætlun fyrir nóvember og desember sama árs, og tekjuáætlunin gerð sambærileg við áætlun fjárl. fyrir árið 1970, með því að áætla innflutninginn um 6—7% meiri. Þær brtt., sem þegar hafa verið samþykktar, hefur mér skilizt, að mundu hafa í för með sér um 30 millj. kr. tekjutap til viðbótar fyrir ríkissjóð. Annars er mjög erfitt að gera sér grein fyrir, hverju tekjutapið nemur, m. a. af því, að allur innflutningur verndarvaranna er samkv. þessu frv. áætlaður frá EFTA-löndunum, þ. e. með lægri tolltekjum.

Því er það alveg augljóst mál, að það skeður ekki á einum og sama degi, að hætt verði að flytja slíkar vörur inn frá þeim löndum utan EFTA, sem við höfum á undanförnum árum haft skipti við, og þess vegna hljóta tolltekjur að verða hærri en gert er ráð fyrir og þar af leiðandi tekjutapið minna. Það tekur langan tíma að flytja viðskipti svo á milli viðskiptalandanna. Það gerist ekki í skyndingu, nema því aðeins að þeir, sem vörunnar eiga að njóta, fari að skoða verðlagið betur en við höfum gert hingað til hér á landi. Okkur hefur verið ýmislegt annað betur gefið en að hugsa um það, hvar við fengjum hlutina ódýrasta.

Í sambandi við niðurfellingu á tolli á vélum til iðnaðar, hefur lauslega verið athugað, hvað það mundi kosta ríkissjóð í lækkuðum tekjum. Að vísu er, eins og ég gat um áðan, nokkuð erfitt að átta sig á því til hlítar, en tölvan mun hafa verið spurð, og svar hennar mun hafa verið eitthvað nálægt því, að það kostaði röskar 100 millj. kr., og er þá miðað við frv. eins og það er eftir breytingarnar nú. Afnám tolla á efnivörum til iðnaðar mundi á sama hátt kosta um 135 millj. kr., og ef EFTA-tollurinn væri látinn gilda við innflutning frá öllum löndum á verndarvörum, mundi það kosta um 50 millj. kr. Og þó gerir þetta tollskrárfrv. ráð fyrir, að svo verði. Samkv. þessum útreikningi mundi það því kosta rösklega 200 millj. kr., ef tollar af vélum og efnivörum til iðnaðarins yrðu felldir niður. Nú er rétt að taka það fram, að ég get ekki frekar en aðrir fullyrt það, að þessar tölur séu réttar, þó að okkur greini nokkuð á um þetta. Það kom hér fram í umr. í dag, að þótt tollar séu lækkaðir á vissum vörutegundum, þá þýðir það ekki alltaf lækkun á þeim tekjum, sem ríkissjóður fær, og nefndi hæstv. fjmrh. tvö glögg dæmi um það, að þrátt fyrir að tollur væri lækkaður minnkuðu tekjur ríkissjóðs af innflutningnum ekki.

Á þskj. 302 höfum við hv. 11. þm. Reykv. lagt fram nokkrar brtt. Það er við 1. gr. frv., tollskrárflokk 84.24.01 til 09, varðandi jarðvinnsluvélar og tæki til landbúnaðar. Gert er ráð fyrir því, að söluskattshækkun um 3½% muni valda því, að þessi tæki hækka nokkuð í verði frá því, sem nú er. Sama máli mun gegna um vélar til sjávarútvegsins. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna fór fram á það í bréfi, dags. 23. jan. s. l., til fjhn. Nd., að felldur yrði niður tollur og söluskattur af flökunarvélum og fleiri vélum til sjávarútvegsins. Segir í bréfi þeirra, með leyfi hæstv. forseta:

„Vér viljum benda á, að tollur af flökunarvélum o. s. frv. (tollskrárflokkur 84.30.05), lækkar samkv. frv. úr 10% í 7%, sem þýðir hækkun gjalda á þessum lið, ef söluskattur hækkar, eins og gert er ráð fyrir. Vér viljum því, jafnframt því að óska eftir niðurfellingu á tolli, koma á framfæri óskum um niðurfellingu á söluskatti á ofangreindum vöruflokkum.“

Við höfum tekið undir þessa ósk S.H. af þeirri ástæðu, að fiskiðnaðinum er nauðsyn að vélvæðast. Geti fiskiðnaðurinn ekki fengið þessar vélar, minnka afköstin og ekki verður risið undir þeim tilkostnaði, sem verður við reksturinn. Nú er það augljóst mál, að kaup og annar kostnaður, bæði vegna hráefnis og annars, í fiskiðnaði hlýtur að fara hækkandi. Þessu verður ekki mætt á annan hátt en með bættum vélakosti, bættu skipulagi og hagræðingu. Við höfum á þskj. 302 flutt viðaukatill. við heimildarákv. 38. tölul. 3. gr., þar sem heimilt er að lækka eða fella niður gjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til framleiðslu á niðursoðnum sjávarafurðum til útflutnings. Ég sé ekki neina sanngirni í að mismuna þessum greinum útflutningsiðnaðarins, nema síður sé. Allar þær vélar, sem ég drap á, þ. e. flökunarvélar, flatningsvélar, síldarsöltunarvélar, roðflettivélar og hausskurðarvélar, eru eingöngu notaðar við vinnslu sjávarafurða til útflutnings, og trúi ég því ekki, að hér verði gerður munur á. Fyrir því höfum við flutt brtt. þá, sem ég nefndi, við heimildargreinina.

Í bréfi því frá S.H., sem ég minntist á, er einnig farið fram á lækkun tolla á fleiri vélategundum. Flestar þeirra, eða ýmsar þeirra a. m. k., eru smíðaðar hér heima. Hefði sú lækkun, sem þar er beðið um, verið samþ. leiddi það aftur af sér, að íslenzki iðnaðurinn varð að flytja inn m.a. handverkfæri, til þess að geta smíðað þessi tæki, með nokkrum tolli og einnig tolli af hráefninu. Það er tæplega við því að búast, að unnt sé að smíða hluti hér heima, þegar bæði efnið og tækin til smíðanna eru tollað, en tækin erlendis frá flutt inn ótollað. Það náðist ekki samkomulag um þetta atriði, og við höfum ekki viljað fara út í að flytja um það brtt., en ég vil geta þess, að ég veit ekki betur en þetta frv. þurfi að fara aftur til Nd., og þess vegna vildi ég minnast á þessar brtt. okkar nú þegar, og eins hitt, að það á ekki að tefja málið neitt, þó að þær sanngirnistill., sem hér er farið fram á, yrðu samþykktar. Ég vænti þess hins vegar, að þessar brtt. okkar njóti skilnings, ekki síst till. um frystiiðnaðinn, án þess að ég ætli að fara að gera nokkuð upp á milli till., vegna þess að heimildin í 38. tölul. gefur beinlínis tilefni til, að þessu sé skotið þar inn í, og mér finnst það fullkomið sanngirnismál, að þessar vélar njóti sömu fríðinda og vélar til framleiðslu á niðursoðnum sjávarafurðum til útflutnings.

Við höfum enn fremur á þskj. 302 flutt nokkrar brtt. um tæki til skipa, þannig að þau verði ótollað. Sú er staðreyndin, að kaupi skipin þessi tæki erlendis og komi sjálf með þau heim, eru þau ótollað og þeir fá þau fyrir lægra verð. Hins vegar er hér um tiltölulega mjög lágar upphæðir að ræða og enn fremur er hér um öryggistæki að ræða, og vænti ég þess, að þessar till. fái einnig að njóta fylgis dm. og verði samþykktar.

Þá höfum við flutt brtt. um lækkun á tolli á snjósleðum. Hér er um öryggistæki í vetrarferðum að ræða, þótt komið geti fyrir, að þetta séu kannske tæki, sem notuð eru á annan hátt. En þetta eru öryggistæki úti í dreifbýlinu, þegar allar aðrar samgönguleiðir eru lokaðar, og teljum við, að slík tæki, sem bæði læknar og aðrir, sem sinna heilbrigðisþjónustu, þurfa að nota í brýnum erindum, eigi að lækka úr 40% tolli í 15%.

Áðan minntist frsm. meiri hl. á eina brtt., og það var í sambandi við endurgreiðslu á viðgerðum á skipum. Eins og hann gat réttilega um, hefur sú endurgreiðsla verið miðuð við 500 þús. kr., þannig að þá fengist endurgreiddur tollur af efni, sem til viðgerðarinnar fór. Nú hefur þessu verið breytt þannig, að þetta hefur verið hækkað upp í 1 millj., og þá þarf að endurskoða þá reikninga, sem um er að ræða. Sé viðgerðin 100 þús. kr. eða meira, allt að 1 millj., þá er ætlunin að búa til einhvern prósentustiga, sem gengur sjálfkrafa fyrir sig,

þannig að ekki þurfi að vera að rífast í þessu og þetta gangi fyrir sig með eðlilegum hætti. Eftir er að sjálfsögðu að útbúa þennan stiga, en ég tel þessa breytingu mjög þarfa og mjög sanngjarna.

Ég hef stuttlega drepið á helztu brtt., sem við flytjum við þetta frv. Ég hef sleppt að minnast á fjölmargar till., sem komu til umr. í n., og ábendingar, sem einnig komu fram. En ég get ekki stillt mig um að lokum að minnast á einn kaflann, sem mér finnst, að hafi orðið nokkuð út undan, enda þótt nokkur leiðrétting fengist á honum við 3. umr. í Nd. Það er 90. kafli tollskrárfrv., en undir þann flokk koma flest eða öll rannsóknar- og mælitæki, sérstaklega fyrir iðnaðinn. Það fékkst, eins og ég sagði, nokkur lagfæring á þessu með því, að það voru tekin inn tvö atriði við 3. umr. í Nd., en ég tel, að þar hafi of skammt verið gengið, þó að lengi megi deila um það, hvað langt eigi að fara í þessu efni. En það færist mjög í vöxt hjá iðnfyrirtækjum almennt, að efla rannsóknir á eigin vegum, til að tryggja sem bezta og vandaðasta framleiðslu. Allt of mörg fyrirtæki eiga þess engan kost, að ráða tæknimenntaða menn í þjónustu sína, m. a. vegna þess, að þeim er ofviða að eignast þau tæki, sem til þess þarf. Ég tel, að þessu þurfi að breyta. Sá skilningur verður að vera fyrir hendi, að iðnaðurinn þurfi í síauknum mæli á rannsóknarstarfsemi að halda. Nútímaiðnaður verður ekki rekinn án þess, og aðild Íslands að EFTA skapar iðnaðinum aukna samkeppni, sem mæta verður m.a. með aukinni þekkingu og hagnýtingu hennar hér heima. Við viljum ekki, að útlendingar vinni þau rannsóknarstörf fyrir okkur. En úr þessu verður ekki bætt, nema íslenzk iðnfyrirtæki geti átt þess kost, að búa svo að sínum tæknimönnum, eins og keppinautar okkar gera. Á þetta vil ég benda hér, því að mér finnst 90. kaflinn svo þýðingarmikill, að ekki veiti af því, að nú þegar verði ráðandi sá skilningur, að eigin rannsóknarstarfsemi iðnfyrirtækja verði að aukast. En þar þarf ríkisvaldið að koma til móts við fyrirtækin og hafa tolla svo lága sem unnt er í því efni.

Ég hef drepið nokkrum orðum á flest þau atriði, sem snerta þetta tollskrármál. Málið er yfirgripsmikið og af nógu að taka. Ég mun þó ekki lengja þessar orðræður mikið úr þessu, þó að ýmis tilefni séu til frekari umr. um þau. Þegar fjhn. unnu saman, var ég samþykkur flestum brtt., tel raunar ávinning iðnaðarins hafa orðið töluverðan, ekki sízt vegna þess, að betri tími gafst til þess að skoða þetta, heldur en í upphafi var ætlað. Ég mun því greiða frv. atkv. mitt, en ég vænti þess, að þær brtt., sem fluttar eru á þskj. 302, hljóti velvilja hv. þdm. Frv. mun sennilega, eins og ég gat um áðan, þurfa að fara aftur til Nd., vegna breytinga, sem hér verða gerðar í sambandi við mjólkurfernur, eftir því sem ég veit bezt, og tveggja annarra smávægilegra breytinga, og þess vegna ætti ekki að verða töf að því, þó okkar brtt. yrðu samþ. í leiðinni.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að hefja efnisumr. um þetta mál, enda tilefnislaust að verulegu leyti. Ég vil fyrst og fremst nota tækifærið til þess að þakka fjhn. þessarar hv. d. fyrir þá vinnu, sem hún hefur lagt í athugun frv. með fjhn. Nd., og hversu vasklega hefur þar verið að verki gengið, jafnan með fullum skilningi á eðli þess vanda, sem við er að glíma.

Það var engum ljósara en mér, að það mundi koma fram mýgrútur af óskum um breytingar á tollskránni, og svo lengi sem nokkrir tollar eru til, þá geri ég ráð fyrir því, að það muni koma fram óskir um það, að lækkaðir verði tollar á þessum eða hinum vörunum, þannig að það var ekki auðvelt mál, að fara hér bil beggja, að sýna sanngirni og ganga til móts við óskir manna, eftir því sem efni stóðu til, án þess þó að valda þeim vandræðum, að ríkið yrði fyrir þeim áföllum tekjulega, sem ekki yrði við ráðið. Það er að vísu svo, að það hafa verið samþ. yfir 200 brtt. við þetta frv. Þær hafa allar verið gerðar í samráði við rn., og ég hef fúslega fallizt á þær og enginn ágreiningur verið milli rn. og fjhn., hvorki þessarar hv. d. eða Nd. um þau efni, og það hafa allir lagzt á eitt um að reyna að ná fram bærilegum friði um málið. Mér þykir mjög vænt um það, að ekki skuli aðeins stjórnarliðið í deildunum, heldur einnig stjórnarandstaðan, í meginefnum telja, að hér hafi verið haldið þannig á, að menn geti bærilega við unað. Og það er rétt að vekja athygli á því og leggja áherzlu á það, eins og hv. frsm. fjhn. gerði hér áðan, að meginbreytingar tollskrárinnar voru miðaðar við EFTA-aðildina, þó það séu vitanlega mörg önnur atriði, sem æskilegt væri að endurskoða í tollskránni. Það hefur raunar verið gert á undanförnum árum, síðast fyrir tveimur árum síðan, þegar tollabreytingar voru gerðar, og auk þess á síðasta þingi einnig, en þá voru gerðar stórfelldar kerfisbreytingar á tollskránni. Hún er, eins og menn vita, samræmd við hina svokölluðu Brüssel-tollskrá, sem allar hinar vestrænu þjóðir fara eftir, varðandi tollflokkun vara, en það er mjög þýðingarmikið atriði. En það hefði einnig frá bæjardyrum okkar í fjmrn. séð, verið æskilegt að lagfæra aðra tolla, sem ekki varð við ráðið af fjárhagsástæðum. Það var því sinnt þeirri meginlínu, sem hér hefur verið skýrð og ég gat um í framsöguræðu, að tollskrárbreytingin nú yrði fyrst og fremst miðuð við EFTA-aðildina. Vitanlega hefði verið mjög æskilegt að geta farið með alla vélatolla nú þegar niður í 0. Að því hlýtur að verða stefnt, en það er ekki viðráðanlegt vegna þess tekjutaps, sem af því hlýzt. Og fyrir iðnaðinn er það að sjálfsögðu stórt spor, sem hér er stigið honum til hagsbóta með því að færa niður tolla á iðnaðarvélum, en því miður hefur hingað til verið litið á iðnaðinn í mörgum greinum sem annars flokks atvinnugrein, ef svo má segja, því að iðnaðurinn hefur búið við allt aðra tollflokkun á sínum vélum en sjávarútvegur og landbúnaður, en situr nú við sama borð eftir þessa breytingu.

Þá hefur einnig verið gerð sú lækkun á vélatollum almennt, að söluskatturinn á ekki að þyngja aðstöðu atvinnugreinanna, hvorki landbúnaðar né sjávarútvegs, í sambandi við þær breytingar, sem nú eru gerðar, þar sem það getur naumast talizt vera hækkun, þó að söluskatturinn nemi ½% umfram tollalækkunina. Ég tel því, því miður, ekki neinn möguleika á þessu stigi málsins til þess að framkvæma þá breytingu, sem hér hefur verið lögð til og var reyndar líka í Nd., að vélatollar yrðu almennt lækkaðir niður í 0%. Það má færa ýmis rök fyrir því, að það hefði átt að veita sömu heimildir varðandi ýmsar vélar sjávarútvegs og veittar voru niðursuðuiðnaðinum. Þó er sannleikurinn nú sá,

að þetta er ekki alveg hliðstætt, og ástæðan til þess, að þessi heimild var veitt á sínum tíma, byggðist á því, að hér var verið að byggja upp alveg nýja atvinnugrein, úrvinnslu úr sjávarafla, sem kemur sjávarútveginum öllum að sjálfsögðu til gagns, þannig að það var ekki sama nauðsyn að veita hraðfrystiiðnaðinum þessa fyrirgreiðslu, sem átti miklu sterkari undirstöðu heldur en niðursuðuiðnaðurinn í landinu, sem enn berst í bökkum vegna harðrar samkeppni erlendis. Ég held því, þegar málið er skoðað niður í kjölinn, að menn hljóti að geta verið þeirrar skoðunar, að það hafi verið sanngjarnt, sem gert var á sínum tíma, að veita niðursuðuiðnaðinum þessa sérstöðu.

Þá tel ég heldur ekki eðlilegt á þessu stigi að fastmarka þá stefnu, að það skuli stefnt að því að afnema alla tolla á hráefnum nú eftir 1 ár. Ég efast um, að það verði iðnaðinum til hagsbóta, en það verður auðvitað stefnt að því marki. Það er í fullu samræmi við óskir iðnaðarins, að áfram verði unnið að þessum málum á þann veg, að tollar á hráefnum verði lækkaðir a. m. k. jafnmikið og helzt meira en á fullunnum vörum. Framvegis munu næstu tollabreytingar miðast við það, að þær lækkanir komist á, áður en frekari rýrnun verður á tollvernd iðnaðarins. En að slá því föstu nú, þar sem vitað er, að tollabreytingar á aðfluttum vörum verða engar í 4 ár, að iðnaðurinn fái algert hráefnatollfrelsi nú á fyrsta ári, það er ég ekki viss um, að yrði iðnaðinum til hagsbóta, enda hafa iðnrekendur sjálfir ekki borið fram um það neina ósk, því að hætta gæti beinlínis orðið á, að í skjóli þessarar nýju tollverndar risi upp iðnaður, sem ekki ætti sér þá framtíð sem skyldi, einmitt í skjóli svona sérréttinda, og ennfremur að iðnaðurinn legði ekki það kapp, sem nauðsynlegt er, á að skapa sér nægilega styrka aðstöðu gagnvart innfluttum vörum, ef svona langt yrði gengið.

Hitt er annað mál, að það er rétt, sem hér hefur verið vikið að, og ríkisstj. hefur á því fullan skilning, að það þarf að athuga lánamál iðnaðarins. Iðnþróunarsjóðinn fáum við innan tíðar hér til meðferðar, en hann mun stórbæta stofnlánakerfi iðnaðarins. Sannleikurinn er sá, að rannsóknir hafa leitt í ljós, að rekstrarlán iðnaðarins mega teljast mjög viðunandi. Það, sem hefur vantað þar fyrst og fremst, eru stofnlán, og rekstrarlánin hafa vegna óviðunandi stofnlána verið notuð meira en skyldi einmitt til uppbyggingarinnar, þannig að ef það tækist að koma stofnlánunum í eðlilegt horf, þá er ekki hægt að segja, að það sé illa búið að iðnaðinum almennt um rekstrarlán.

Varðandi export-lán hefur ríkisstj. lýst yfir því, að það mál er í athugun, og þarf að sjálfsögðu að skapa iðnaðinum þá aðstöðu, ef hann getur flutt út vörur, að hann geti boðið sömu fyrirgreiðslu og innflytjendur gera í sambandi við ýmsar vörur, sem keyptar hafa verið erlendis frá með svokallaðri exportkredit, og síðast en ekki sízt þarf að kanna til hlítar, hvort staða iðnaðarins hér skattalega séð er erfiðari en í samkeppnislöndunum, þ. e. a. s. hjá öðrum EFTA-löndum. Sú athugun hefur þegar verið í gangi í alllangan tíma, og gert er ráð fyrir því, að nú á þessu þingi verði lagt fram frv., sem tekur til meðferðar veigamesta atriðið í því sambandi.

Aðeins eitt atriði enn vildi ég minnast á, varðandi tölur um tekjutap, þar sem reiknað er með, að öll vörukaup, sem falla undir EFTA-tollinn, færist yfir til EFTA-landanna. Það er alveg rétt, að í áætluninni, sem fylgir frv., er þetta gert á fyrsta stigi, til þess að menn sæju heildarmyndina af þessu, því það mátti í rauninni gera ráð fyrir því, að þetta yrði svo, þegar um 30% mun á tollum yrði að ræða. Hitt er alveg rétt hjá hv. frsm. minni hl., að það eru auðvitað litlar líkur til, að þetta gerist strax að öllu leyti. Enda vil ég vekja athygli á því, að við endanlega afgreiðslu fjárlaga var ekki gert ráð fyrir því, að hér yrði strax um slíka millifærslu að ræða, þannig að gert var ráð fyrir töluverðri fjárhæð sem tekjuauka í fjárl. frá þeirri áætlun, sem tollskrárfrv. miðar við, að muni leiða af sér tekjutap fyrir ríkissjóð miðað við að á þessu ári verði a. m. k. nokkuð af vörum áfram flutt inn eftir hinum gömlu viðskiptasamböndum.

Að öðru leyti held ég, að það sé ekki ástæða til þess að eyða frekari orðum að þessu máli. Ég vildi aðeins koma þessu á framfæri í upplýsingaskyni og taldi rétt að víkja örfáum orðum bæði að brtt. og ástæðunum fyrir því, að ekki er mögulegt að sinna þeim, þó að það sé framtíðin að sjálfsögðu, eins og ég gat um, að því marki verði náð, sem þessar brtt. fjalla um.

ATKVGR.

Brtt. 302,I felld með 11:7 atkv.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 302,II felld með 11:7 atkv.
3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
5.—14. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
15.—18. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
19.—26. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
27.—32. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
33.—40. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 302,III felld með 11:7 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 30. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 283, 312).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Brtt. á þskj. 312 er flutt af fjhn. að beiðni landbrn. En þar kveður á um að lækka toll af mjólkurfernum, og breytingar á orðalagi 11. liðar b, 3. gr. tollskrár. Á sú breyting að gefa möguleika til niðurfellingar á tolli af umbúðum fyrir Áburðarverksmiðjuna. Varðandi fyrri liðinn, þá hefur þótt ástæða til þeirra breytinga, þannig að mjólkurfernur, sem eru eftirsóttar umbúðir undir mjólk, séu ekki með óhagkvæmari toll heldur en mjólkurhyrnur. Tilbúið efni í mjólkurhyrnur er nú samkv. kafla 48. 07.81 með 15% tolli, en EFTA-tollur verður 7% og ytri tollur 10%. Hins vegar hafa fernur verið tollaðar undir nr. 48.16.01, samkv. sérstöku leyfi fjmrn., með 20% tolli. Samkv. brtt. er gert ráð fyrir nýjum lið, 48.16.03, sem færir 20% tollinn frá EFTA-löndum niður í 11%. Efni í þessar umbúðir, bæði óunnið og vaxborið, hefur borið 30% toll fram að þessu,

en hann er nú felldur niður í 0% með öðrum pappír og pappa, samkv. 48.01.30 og 48.07.82. Samkv. seinni lið brtt. er eingöngu veitt undanþáguheimild fyrir umbúðir Áburðarverksmiðjunnar, en þær hafa til þessa verið fluttar inn tollfrjálsar, en mundu fara í 11% toll, ef þessi heimild yrði ekki samþ. Hér er ekki gert ráð fyrir heimild til annarra, enda hefur Áburðarverksmiðjan sérstöðu sem algerlega skatt- og tollfrjálst fyrirtæki í eigu ríkisins og á ekki í samkeppni við önnur innlend fyrirtæki.

Vegna ágreinings, sem virtist koma fram við 2. umr. málsins í gær, þegar hv. frsm. minni hl. efaðist um þær tölur, sem ég bar fram, þegar hann efaðist um, að tekjutap ríkissjóðs, vegna þeirra breytinga sem Alþingi hefur nú gert á tollskrá yrði jafnmikið og ég hélt fram, þá vil ég benda á þetta: Undir meðferð málsins hjá fjhn. beggja þd. kom fram, að fjmrn. áætlaði, samkv. upplýsingum Jóns Sigurðssonar ráðuneytisstjóra, tekjutap samkv. brtt. við 1. gr., sem n. hafði komið sér saman um, 26 millj. kr. Eftir þetta bættist við 1. gr. fjöldi till., sem teknar voru til greina, og einnig komu veigamiklar breytingar við 3. gr., þ. e. heimildarákvæði um endurgreiðslur. Þá voru önnur atriði gerð rýmri. Ég bendi t. d. á endurgreiðsluheimild af efni til skipaviðgerða, er fara yfir 100 þús. kr. Áður var þetta miðað við 500 þús. kr. Hér er um verulegan kostnað að ræða. Einnig má benda á endurgreiðslu af timburtollum, efni til rafhitunartækja, enn fremur ummæli hæstv. fjmrh., við framsögu málsins í hv. Ed., en þar lýsti hann yfir, að sanngjarnlega yrði tekið á endurgreiðslu til málmiðnaðarins yfirleitt. Tel ég því 50 millj. kr., eins og ég áætlaði það, sízt of háa upphæð.

ATKVGR.

Brtt. 312,1 samþ. með 16 shlj. atkv.

– 312,2 samþ. með 17 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 49. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 321).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. um tollskrá er komið aftur til þessarar hv. d., vegna tveggja breytinga, sem á því voru gerðar í Ed., og sem hafði láðst að taka til athugunar, meðan málið var til meðferðar hér í þessari hv. d.

Fyrri brtt. er þess eðlis að gera eðlilega tollalækkun á fernum um mjólk, sem er nú nokkuð umtalað mál, en ég skal ekki fara hér út í, að öðru leyti en því, að hér er eingöngu um samræmingaratriði að ræða. Þær hafa verið fluttar inn tilbúnar með 20% tolli, samkv. sérstakri ákvörðun fjmrn., en nú er lagt til, að á þær komi sérstakur EFTA-tollur, sem verði 11%, en aftur á móti mundi efni í fernur, ef þær kæmu til framleiðslu hér, gljápappír og vaxborinn pappír, vera tollfrjáls samkv. tollskránni eins og hún nú er. Þetta atriði er til samræmingar, og ég geri naumast ráð fyrir, að nokkur ágreiningur verði um það hér í hv. d. fremur en var í Ed.

2. brtt. er um það, að þar sem heimilað er í tollskránni að endurgreiða toll af umbúðum og efni í umbúðir um innlendar framleiðsluvörur, sem fluttar eru til útlanda, þá er gerð nokkur orðalagsbreyting, sem ekki er kannske von að menn átti sig á, hvað þýðir, en ég vil láta koma hér skýrt fram, hvað merkir. Grundvallarhugsunin verður áfram óbreytt, að þetta gildi eingöngu um umbúðir utan um vörur, sem fluttar verða til útlanda til sölu þar, en síðan hefur verið skotið inn sérstakri breytingu, sem gildi ef sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Nú vil ég taka skýrt fram, hvaða sérstakar ástæður þetta eru, þannig að það liggi hér bókað, að ekki sé ætlunin að nota þessa heimild nema í einu tilfelli, og það er í sambandi við umbúðir til Áburðarverksmiðjunnar. Þær umbúðir hafa verið tollfrjálsar til þessa, og samkv. l. um Áburðarverksmiðjuna er hún undanþegin öllum gjöldum. Það kann að vera, að það mundi gilda einnig í þessu tilfelli, en er þó vafaatriði. Og ekki þykir ástæða til þess að fara með þessu tollskrárfrv. að leggja nýjar kvaðir á Áburðarverksmiðjuna, umfram það, sem þegar hefur gilt, og þess vegna er þetta orðalag viðhaft, en ætlunin er, að það verði skilið með þessum hætti einum. Rn. mun nota þetta varðandi innlendar söluvörur eingöngu í þessu tilfelli, en ákvæðið mun áfram gilda svo sem það almennt hljóðaði varðandi allar útflutningsvörur.

Ég vonast til þess, að hv. þd. geti fallizt á að afgreiða frv. með þessum smávægilegu breytingum, án þess að það þurfi sérstaklega að fara til n. hér.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 332).

---

10. Tollheimta og tolleftirlit.

Á 31. fundi í Sþ., 21. jan., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit [149. mál] (stjfrv., A. 254).

Á 41. fundi í Nd., 22. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég verð að biðja afsökunar á því, að þetta frv. kemur með nokkurri skyndingu, þó að vísu eigi að vera nægur tími til þess að athuga það, þá hefði verið æskilegt, að það hefði komið fram fyrr. En það er nú svo, í sambandi við þessi margþekktu EFTA-mál, að það eru ýmis atriði, sem eru að koma upp og grípa inn í okkar löggjöf á ýmsum sviðum, og hér er um atriði að ræða, sem ekki hafði verið athugað, að þyrfti að gera breytingu í sambandi við. En þar sem hér er eingöngu um formsatriði að ræða, en ekki neitt efnisatriði, þá vænti ég þess, að þetta frv. geti auðveldlega gengið í gegnum Alþ., áður en því verður frestað fyrir Norðurlandaráðsfundinn.

Efni málsins er það, að það þarf að gera breytingar á l. um tollheimtu og tolleftirlit vegna skýrslugerðar í sambandi við upprunameðferð vara og staðfestingu á

því, hvernig háttað er um EFTA-uppruna varanna. Eins og grg. frv. ber með sér, er 1. gr. þess tekin orðrétt upp úr l. um tollheimtu og tolleftirlit. Þar eru tvær gr. l. sameinaðar í eina gr. til þess að raska ekki greinatölu við þær breytingar, sem nauðsynlega þarf að gera á l. um tollheimtu og tolleftirlit að öðru leyti. En þá þykir æskilegt, að það þurfi ekki að prenta frv. upp í heild og raska greinatölu þess.

Efni málsins sjálfs, sem hér er um að ræða og kemur fram í 2. gr. þess og 3. gr., leiðir beint af þeirri samþykkt, sem gerð hefur verið um staðfestingu á aðild Íslands að EFTA, en greinarnar fjalla um það, að til sönnunar því, að vara megi hljóta svokallaða svæðismeðferð sem EFTA-vara, þurfi nauðsynlega að fylgja viss gögn, sem útbúin eru í útflutningslandinu og lögð fram við tollafgreiðslu í innflutningslandinu. Þessi gögn eru svonefnd EFTA-skírteini og EFTA-yfirlýsingar, sem skulu vera í ákveðnu formi. Formin eru eins fyrir allar þjóðir í bandalaginu, en lesmálið getur þó verið á mismunandi tungumálum, en algengast er þó, að það sé á ensku. Venja er að veita ýmsum samtökum leyfi til að gefa út slík skjöl auk opinberra aðila, en hver þessi samtök og aðilar eru, þarf að tilkynna bandalagsþjóðunum, áður en þeir taka til starfa. Þess má einnig geta, að skírteini þessi og yfirlýsingar skulu vera með eiginhandarundirskrift vottorðsgefenda, og nægir t. d. ekki stimpill, sem gerður er eftir rithönd vottorðsgefenda. Þó má nota vissa tegund endurritunarundirskriftar, eins og þegar ritað er með eigin hendi á prentspjald, sem einnig hefur að geyma lýsingu á vörunni, og hvort tveggja er yfirfært á skjal í einu lagi. Reglurnar um formin og undirskriftirnar eru það margbrotnar, að setja verður ákvæði um það í auglýsingu eða reglugerð, eins og gert er ráð fyrir í 2. mgr. 2. gr. þessa frv. Í 4. mgr. 2. gr. eru ákvæði, sem lúta að því, að hægt sé að sannreyna gildi skjala eða vottorða um uppruna o. fl. Getur aðildarríki óskað þess, að fram fari rannsókn á sannleiksgildi slíkra skjala. Er því nauðsynlegt að lögfesta ákvæði um, að slík rannsókn sé heimil hér á landi. Aðildarríki bandalagsins skuldbinda sig til þess að setja í lög ákvæði um hegningu við því að láta í té eða nota skjöl eða vottorð, sem eru röng í mikilvægum atriðum, um uppruna vöru eða annað, sem á að tryggja, að varan fái svæðismeðferð í viðkomandi landi. Skulu hegningarákvæði þessi verða samsvarandi þeim, sem við því liggja, að gefa rangar upplýsingar í sambandi við tollafgreiðslu innflutts varnings. Í 63. gr. l. um tollheimtu og tolleftirlit eru lögð viðurlög við því að gefa rangar upplýsingar eða leggja fram röng gögn í sambandi við tollafgreiðslu innfluttra vara. Þykir eðlilegast, að ákvæði um hegningu fyrir sams konar brot við útflutning séu einnig í þeirri gr., og hefur þeim því verið skotið aftan við hana til þess að rugla ekki greinatölu laganna.

Svo sem ég í upphafi máls míns sagði og hef reynt að útskýra með þessum orðum, er hér um algerlega tæknileg atriði að ræða, en um leið óhjákvæmileg, sem lögfesta þarf í okkar löggjöf um tollheimtu og tolleftirlit í sambandi við EFTA-aðildina, en gefa að öðru leyti ekki neitt tilefni til þess að leiða til umr. um EFTA sem slíkt. Það mál er annars eðlis og hefur þegar verið afgert. Ég vildi því leyfa mér að vænta þess, að hv. d. sæi sér fært að afgreiða þetta mjög skjótlega frá sér og þá fyrst og fremst hv. n., sem þetta mál fer til, þar sem það er mjög nauðsynlegt, að þetta ákvæði hafi tekið gildi, áður en til EFTA-aðildar kemur og reyndar geti verið búið að gefa út þær auglýsingar og reglur, sem gert er ráð fyrir í frv.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 27. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 254, n. 273).

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. hv. d. hefur haft frv. þetta til athugunar. Á fundum n. mætti ráðuneytisstjórinn í fjmrn., Jón Sigurðsson, og skýrði ýmis atriði varðandi frv. og svaraði fsp. nm. varðandi þetta mál. Eins og fram kemur á þskj. 273, þá mælir fjhn. með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Hér er um að ræða samræmingu á l. um tollheimtu og tolleftirlit, þess eðlis, að útflutningsskýrslur verði gerðar með sama hætti og sömu kröfum og innflutningsskýrslur. Eins og fram kemur í aths. við frv., hefur verið haft samráð við þá aðila, sem þessi mál snerta, og þeim gerð grein fyrir efni þess. Fjhn. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 41. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 42. fundi í Ed., 29. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hér er um smámál að ræða, og nánar aðeins formlegs eðlis, sem nauðsynlegt er að samþykkja í sambandi við EFTA-aðildina. Þar eru gerðar ákveðnar kröfur um útbúnað tollskjala og jafnframt þarf að ganga frá sérstökum reglum varðandi refsiákvæði, sem eru til samræmingar því, sem gildir í öðrum EFTA-löndum varðandi ófullkomnar og rangar upplýsingar í sambandi við uppruna vara, og í þriðja lagi þarf að útbúa skjöl með sérstökum hætti með hliðsjón af EFTA-uppruna.

Þetta frv. er, eins og ég segi, eingöngu formlegs eðlis. Það var samþykkt einróma í hv. Nd. og ég vildi leyfa mér að vænta þess, að það gæti einnig gengið hér með sama hætti gegnum þessa hv. d., og vildi því beina því til hv. fjhn., að hún leitaðist við að afgreiða þetta mál

sem skjótast. Það þarf að fá afgreiðslu áður en til EFTA-aðildar kemur.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að orðlengja frekar um málið, því eins og ég sagði, er aðeins um formsatriði að ræða, en engin meiri háttar efnisatriði, og vil ég því leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 30. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 254, n. 314).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. fjmrh. fyrir frv. þessu við 1. umr., er þetta frv. tæknilegs eðlis einvörðungu. Um er að ræða breytingar, sem gera þarf á núgildandi l. um tollheimtu og tolleftirlit, með tilliti til hinnar nýju tollskrár, sem nú er verið að afgreiða frá hv. d. Eins og nál. á þskj. 314 ber með sér, er fjhn. eða þeir, sem viðstaddir voru á þeim fundi, þegar málið var afgreitt, sammála um að mæla með því, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég verð nú nánast að biðja hv. þd. afsökunar á því, þar sem þetta frv. hefur verið undirbúið í mínu rn., að á því er formgalli. Því er óumflýjanlegt að flytja við það brtt., og vegna nauðsynjar þess að afgreiða málið sem skjótast, — ætlunin var að ljúka afgreiðslu þess í dag, — þá óska ég eftir því við hæstv. forseta, um leið og ég þakka honum fyrir, að hafa orðið við ósk minni, að taka málið þegar til afgreiðslu hér, að það geti verið tekið fyrir í Nd. á eftir. En eins og hv. þm. munu koma auga á, skortir gildistökuákvæði í frv. Ég vil því leyfa mér að flytja brtt., sem ég vonast til, að ekki þurfi að vera neinn ágreiningur um, svo hljóðandi:

„Við 3. gr. Á eftir gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Lög þessi öðlast þegar gildi."

Vil ég leyfa mér, þar sem þessi till. er skrifleg, að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni, og vonast til, að hv. þdm. geti allir fallizt á að afgreiða málið með þessum hætti og þessari lagfæringu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 323) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 323 samþ. með 12 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 49. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 331).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. og útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég verð nú nánast að biðja afsökunar á því, að þetta frv. skuli aftur vera komið hingað til þessarar hv. d., því að það stafar af formgalla á frv., sem kom í ljós í Ed. Harma ég það mjög, því að frv. er útbúið í mínu rn. og ber ég að sjálfsögðu ábyrgð á því. Þetta er að vísu ekki stórkostlegt atriði, en var þó nauðsynlegt að lagfæra. En efni málsins var það, að það vantaði gildistökuákvæði í frv., og því var í Ed. áðan samþ. brtt. þess efnis, sem hv. þm. vita, að er hin almenna klásúla með öllum lögum, að lög þessi taka nú þegar gildi. Það er sú breyting ein, sem hefur verið gerð á frv. í hv. Ed., en gerði nauðsynlegt, að það færi aftur til þessarar hv. d.

Vonast ég til, að það geti fengið hér þá sömu meðferð og áður, að menn geti fallizt á frv. almennt, eins og það liggur fyrir með þessari breytingu.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 333).

---

11. Söluskattur.

Á 23. fundi í Nd., 11. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt, sbr. l. nr. 61 24. des. 1964, um breyt. á þeim l. [126. mál] (stjfrv., A. 174).

Á 24. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það um breyt. á l. um söluskatt, sem hér liggur fyrir, felur í sér þá breytingu, að í stað þess, að söluskattur er nú 7½%, verði hann 11%, og er gert ráð fyrir, að þessi breyting taki gildi frá 1. marz n. k. Frv. þetta er í sambandi við aðildina að EFTA og þá breytingu á tollskránni, sem ég gerði hér grein fyrir í gær, og vék ég þá í meginefnum að breytingunni á söluskattinum og hvað fælist í þeirri breytingu, þ. á m. nefndi ég þær upphæðir, sem hér er um að ræða, og sé ég því ekki ástæðu til þess að þreyta hv. þdm. með því að endurtaka það hér á nýjan leik.

Í þessu frv. er gerð önnur breyting á l. um söluskatt, en hún er sú, að í núgildandi l. er að finna tiltekin ákvæði um það, hvernig haga skuli innheimtu söluskatts, en nú er gert ráð fyrir, að þau ákvæði verði felld niður, en hins vegar verði með reglugerð kveðið á um, hvernig haga skuli innheimtu söluskatts, álagningu hans, framtalsfrestum og öðru slíku. Þetta er í sam-

bandi við það, sem ég gat um hér í gær, að það væri nauðsynlegt að breyta innheimtu söluskatts, þegar hér væri orðið um svo miklar fjárhæðir að ræða sem raun ber vitni, auk þess sem ljóst er, að verði innheimtu söluskatts hagað eins og verið hefur, þá muni verða mjög verulegur greiðsluhalli hjá ríkissjóði á árinu 1969, þar eð ekki mundi skila sér söluskattur nema fyrir tvo ársfjórðunga. Ég vék jafnframt að því, sem öllum hv. þdm. er kunnugt, að það skapar mikla röskun í þjóðfélaginu, sérstaklega innan bankakerfisins, að ársfjórðungslega séu krafnar inn svo geysistórar fjárhæðir sem söluskattur hefur verið til þessa, hvað þá eftir að þessi hækkun hefur átt sér stað. Bæði bankakerfið og söluskattsgreiðendur líka hafa óskað mjög eftir því, að á þessu yrðu gerðar breytingar. Það þykir ekki nein sérstök ástæða til þess, varðandi innheimtuaðferðir söluskattsins, að til þurfi að vera afdráttarlaus lagaákvæði, því það leiðir aðeins til þess, að ef innheimtuaðferðum er breytt, þarf að leita til Alþ. um formlega lagabreytingu í því sambandi. Það hefur raunar ekki verið kannað til hlítar og þarf að skoðast betur, bæði í samráði við greiðendur söluskatts og einnig innheimtumenn og þá, sem annast álagningu hans, hvernig hagkvæmast væri að koma þessu fyrir. Það þykir þess vegna eðlilegast, að þetta verði ákveðið með reglugerð. Hins vegar er að sjálfsögðu nauðsynlegt, að áfram sé í l. beinlínis mælt fyrir um heimild til þess að loka atvinnustöðvum, eins og í gildi hefur verið til þessa, því að ella er hætt við, að slíkt ákvæði í reglugerð væri næsta hæpið, ef það hefði ekki verið beinlínis fram tekið í l., enda auðvitað engin ástæða til þess að breyta því ákvæði, þó að almennum reglum varðandi innheimtu skattsins yrði breytt.

Það hefur áður komið fram, ég vék síðast að því í fjárlagaræðu í haust, að það hefði verið í athugun í fjmrn. um nokkurt skeið að breyta söluskattinum í svokallaðan virðisaukaskatt, en sá skattur hefur verið innleiddur í æ ríkari mæli í nágrannalöndum okkar. Um síðustu áramót var hann innleiddur í löndum Efnahagsbandalagsins, og hann er nú kominn í gildi á tveimur Norðurlöndum, tekur gildi í Noregi núna um áramótin og gert er ráð fyrir, að hann verði innan tíðar innleiddur í Finnlandi. Það hefur verið fylgzt vandlega með því af hálfu fjmrn., hver reynslan af þessum skatti hefur orðið í Danmörku, og er nú unnið að því að kanna það til hlítar, hvaða afleiðingar slík kerfisbreyting hérlendis mundi hafa í för með sér. Sú breyting er ekki svo mjög viðtæk varðandi söluskattinn hér hjá okkur, vegna þess að hann er innheimtur sem almennur smásöluskattur, og mundi því breytingin ekki verða ýkjamikil efnislega. Þó eru nokkur atriði, sem ég skal ekki út í fara hér, sem mundu fela í sér efnisbreytingar varðandi það, hverjir að lokum greiddu þennan skatt, og þau þarf að skoða betur, en það er ljóst, að virðisaukaskattur hefur í för með sér ýmiss konar aukna vinnu vegna skriffinnsku og aukna fyrirhöfn, bæði í sambandi við atvinnureksturinn og einnig varðandi innheimtuna. En aftur á móti er talið, að það sé meiri trygging fyrir því, að hann skili sér, og það er að sjálfsögðu grundvallarnauðsyn, að það sjónarmið sé haft í huga. Ég tek þetta fram vegna þess, að oft hefur verið um það rætt, að söluskattur skili sér illa hér á Íslandi. Það eru áreiðanlega einhver afföll af honum. Því dettur mér ekki í hug að mæla gegn, en reyndin mun samt vera sú eftir þeim athugunum, sem við höfum á því gert, miðað við þá heildarviðskiptaveltu, sem er í þjóðfélaginu og er nokkurn veginn hægt að komast nærri um og Efnahagsstofnunin hefur kannað, að skil á söluskatti eru ótrúlega góð og miklum mun betri heldur en menn hefðu mátt álíta. Hins vegar er því ekki að leyna, að eftir því sem skatturinn hækkar, verður freistingin til undanskots meiri, og þess vegna nauðsynlegt að haga skattheimtunni og álagningu skattsins þannig, að trygging sé fengin fyrir því, að hann skili sér.

Ég vil í upplýsingaskyni í sambandi við þessa hækkun söluskattsins hér í 11% geta þess, að engu að síður verður söluskattur eftir þetta lægstur á Íslandi af öllum Norðurlöndunum. Ef við notum sömu viðmiðun, — það kostar nokkurn umreikning í ýmsum tilfellum, þar sem um virðisaukaskatt er að ræða, þó ekki alls staðar, — ef lagðar eru til grundvallar sambærilegar tölur frá öðrum Norðurlöndum, eins og um almennan viðskiptasöluskatt væri að ræða hér, þá er Svíþjóð með 11.1%, Danmörk með 12.5%, Finnland með 12.1% og Noregur er nú sem stendur með 13.5%, en þeirra virðisaukaskattur, sem jafngildir söluskatti, verður um næstu áramót 20%, þannig að engu að síður, þrátt fyrir þessa breytingu, verður söluskattur hér lægri en á hinum Norðurlöndunum.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frv. nánar, herra forseti, nema tilefni gefist til, en upphæð söluskattsins, eins og ég hef þegar tekið fram, er að sjálfsögðu í nánu samræmi við það, hvernig leysa eigi fjárhagserfiðleika ríkissjóðs, sem skapast vegna stórfelldrar lækkunar á verðtolli, auk þess sem hækkanir á fjárlagafrv. hafa valdið því, að tekjustofnarnir, eins og þeir eru þar, nægja ekki til þess að standa undir þeim gjöldum. M. a. hafa framlög til verklegra framkvæmda hækkað mjög mikið, eða ef heildarframlagshækkunin er tekin, þær 90 millj., sem eru í frv., hækka um rúmar 100 millj. kr. í meðferð fjvn., þá hefur bein hækkun fjárfestingarframlaga orðið um 200 millj. kr. Auk þess koma til ný útgjöld vegna hækkunar á fjölskyldubótum og ellilífeyri og öðrum hliðstæðum bótum, sem beinlínis hafa verið teknar upp með hliðsjón af þeim breytingum, sem hér er verið að gera, og þá er einnig nokkur hækkun á niðurgreiðslum, sem ég hef áður gert grein fyrir og sé ekki ástæðu til að endurtaka að nýju.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það frv., sem hér er til 1. umr. á þskj. 174, um breyt. á söluskattslögunum, er sönnun þess, að lengri tíma þarf til heldur en hæstv. ríkisstj. ætlast til, að koma í framkvæmd svo stórfelldri ákvörðun eins og þeirri, að Ísland gerist aðili að EFTA. Þetta frv., sem hér er til umræðu, og er um verulega hækkun á söluskatti, raskar grundvallaratriðum í tekjukerfi ríkisins og ríkissjóður er með því á góðri leið að gerbylta tekjuinnheimtu sinni af þjóðinni, frá því sem áður var. Það er enginn vafi á því, að svo stórfelld breyting eins og hér á að fara að gera, hefði þurft margfalt meiri undirbúning heldur en hér er ætlazt til.

Með þessu frv. á að færa til í tekjuöflun ríkissjóðs um 750 þús. til 1 milljarð kr. frá því að vera tollur á þeim vörum fyrst og fremst, sem eru taldar miður nauðsynlegar, til þess að leggjast á almenna neyzlu yfirleitt, hversu nauðsynleg sem hún er og hversu almenn sem hún er. Á allt skal þetta leggjast með jöfnum þunga. Hér hefði því þurft að vera mikill undirbúningstími til að gera slíka byltingu eins og hér er stefnt að í tekjuinnheimtu ríkissjóðs, því að fram til þessa hefur hún verið með þeim hætti, að ríkissjóður hefur mismunað þegnunum nokkuð eða tekið tillit til efna og aðstæðna í sinni innheimtu. Það hefur verið gert þannig, að lengi vel var þessi mismunun mjög áberandi, en hefur nokkuð breytzt á síðari árum, en er þó enn með þeim hætti, að það er meiri tollur tekinn af þeim vörum, sem eru miður nauðsynlegar, en þeim allra nauðsynlegustu hefur verið hlíft við tollálögum. Hér verður gerbylting í þessum efnum með hækkun á söluskattinum í svo ríkum mæli sem hér er lagt til. Verður að gera ráð fyrir því, að hér verði um meiri tekjutilflutning að ræða heldur en hæstv. fjmrh. áætlaði í ræðu sinni í gær, þar sem það virðist augljóst, að söluskatturinn gefur verulega hærri tekjur á þessu ári heldur en gert var ráð fyrir. Þar sem tekjur af söluskatti munu nú eftir innheimtu þriggja ársfjórðunga vera orðnar verulegri fjárhæð en áætlun fjárlaga 1969 gerði ráð fyrir, má einnig gera ráð fyrir því, að heildarinnheimtan verði eitthvað hærri upphæð heldur en gert er ráð fyrir í fjárlögum 1969.

En það, sem mestu máli skiptir, er sú gerbreyting, sem verður á skattinnheimtunni með þessari aðgerð. Til þess að taka á máli þessu eins og þörf var á þurfti að gera miklu meira en að hverfa frá tollheimtu yfir í söluskatt, það þurfti að taka fleiri atriði, sem þar koma til. Ef það á að verða stefnan, að söluskattur skili yfirleitt meginmagninu af þeim tekjum, sem ríkissjóður ætlar sér, og hann sé tekinn jafnt af öllum vörum, þá verður að mæta því á annan hátt en hér hefur verið gert ráð fyrir. Á því þingi, sem nú starfar, höfum við, nokkrir þingmenn Framsfl., flutt frv. til l. um breytingar á söluskattslögunum. Þær breyt. eru miðaðar við það, að allra nauðsynlegustu vörur fólksins í landinu, eins og smjör, kjöt og fiskur, væru undanþegnar söluskatti. Við töldum brýna nauðsyn bera til að gera þessa breytingu, þó að söluskatturinn yrði ekki hækkaður, en við lögðum sérstaka áherzlu á það, að það yrði að gera hana, ef ætti að hækka söluskattinn, eins og við höfðum óljósan grun um. Í umr. þeim, sem fram fóru hér á hv. Alþ. við 1. umr. frv. á þskj. 68, ræddum við þetta nokkuð, ég og hæstv. fjmrh., og mér fannst í raun og veru hæstv. ráðh. viðurkenna, að það væri brýn nauðsyn til þess að skoða þetta mál út frá þessari forsendu, og við vorum sammála um, að það yrði að gera með þeim hætti að fella söluskattinn algerlega niður af þessum vörum.

Ég hafði því gert mér nokkra von um það, að þegar hækkun yrði gerð á söluskattinum, yrði tekið tillit til þess arna, og mér fannst á ummælum hæstv. ráðh., að það mætti gera ráð fyrir því, að þetta yrði athugað og gæti náð fram að ganga við þessa breytingu. Nú er það síður en svo, að það hafi verið gert, heldur á einnig að hækka söluskattinn á þessum vörum sem öðrum upp í 11%. Hér er um mjög stórfellt mál að ræða, sem kemur til með að hafa veruleg áhrif á neyzlu landbúnaðarvara hér innanlands og þess vegna á sölu landbúnaðarvara yfirleitt, og í öðru lagi hlýtur þetta mál að verða til þess, að allar kröfur um bætt kjör, hærra kaup og önnur þess háttar atriði verði háværari en ella hefði verið, ef ekki hefði verið horfið að þessu ráði.

Ég vil nú í upphafi máls míns spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort nokkrar ráðstafanir verði gerðar til þess að mæta þessu og hvaða rök hafi legið því til grundvallar, að ekki var hægt að fella niður söluskatt af allra nauðsynlegustu neyzluvörum almennings, áður en söluskatturinn var hækkaður. Ég fæ ekki séð, að það hefði átt að verða til þess, að gera innheimtu erfiðari, því að margar verzlanir eru með blandaða vörusölu, þar sem sumar vörur eru án söluskatts, og enn fremur er eftirlitið ekki sem skyldi, ef ekki væri hægt að hafa eftirlit með þessum þætti sölunnar, sem á ekki að verða erfiðara heldur en með sölunni almennt.

Ég harma það mjög, að það skyldi verða horfið að því að leggja söluskattinn á allar neyzluvörur, eins og hér er gert. Hér er um mikið stórmál að ræða, sem ég tel að þurfi að taka til mjög gaumgæfilegrar athugunar. Ég tel, að þegar á að gera svo mikla byltingu í þjóðfélaginu eins og gert er með þessu frv., að söluskatturinn er að verða megintekjustofn ríkisins, þá þurfi miklu fleira að koma til athugunar en áður hefur verið. Ef á að hverfa inn á þessa braut, að taka söluskatt af almennri neyzluvöru í jafnríkum mæli og hér er gert án þess að gera nokkrar aðrar ráðstafanir, stórfelldar ráðstafanir, þá gefur það auga leið, að hér er verið að velta byrðunum yfir á herðar þeirra, sem minna mega sín í þjóðfélaginu, og um leið að hagræða hlutunum fyrir hinum, sem betur mega sín. Hér er því um algera byltingu að ræða frá því, sem áður hefur verið, miklu stórfelldari byltingu í tekjuöfluninni heldur en hæstv. núverandi valdhafar hafa áður gert.

Ég tel því, að til þess að gera svo róttæka breytingu á söluskattskerfinu að innheimta söluskatt af almennum neyzluvörum, eins og hér á að fara að gera, þurfi að gera margar aðrar ráðstafanir, m. a. verði þá að taka tryggingakerfið til sérstakrar athugunar út frá þessu. Þá verður að nota tryggingakerfið til þess að bæta um fyrir því fólki, sem er tekjulægra í þjóðfélaginu. Það verður að opna tryggingakerfið í miklu ríkari mæli gagnvart fjölskyldunum í landinu og greiða þeim mismunandi fjárhæð, eftir því sem fjölskyldurnar stækkuðu. Það er óhugsandi að ætla að fara að taka meginþungann af tekjum ríkissjóðs með almennum söluskatti, mest af þeim, sem mesta hafa almenna neyzluna, án þess að gera margar fleiri ráðstafanir til mótvægis. Ein af þeim hljóta tryggingarnar að verða. Það verður þá beinlínis að fara að nota tryggingakerfið í ríkum mæli til þess að jafna aðstöðu þeirra, sem lægri tekjur hafa.

En það er ekki nóg að taka tryggingakerfið til athugunar í sambandi við þetta, heldur verður einnig jafnhliða þessu að grandskoða skattakerfið og útsvarsálagninguna. Þessi mál, söluskattshækkunin, tryggingamálin, fjölskyldubæturnar, tekjuskatturinn og útsvörin, eiga öll að vera í samhengi, ef ekki á að stefna að því að gera þjóðfélagið þannig, að þeir ríkari eigi enn þá auðveldara með að verða ríkari og þeir, sem miður mega sín, beri enn þá skarðari hlut frá borði. Það er

óhugsandi að taka svo stórfelldar tekjur með almennum neyzluskatti, eins og hér er gert, án þess að gera mótvægisráðstafanir, nema ganga mjög á hlut þeirra, sem minni tekjur hafa í þessu þjóðfélagi.

Þess vegna endurtek ég það, sem ég sagði hér í upphafi máls míns, að þetta mál er það stórt, að fullkomin ástæða var til þess, að taka það til athugunar lengur, í stað þess að taka það fyrir á nokkurra daga þingfundum, eins og hér er ætlazt til, og í stað þess að undirbúa það, eins og gert hefur verið með þessu frv., þar sem skýringarnar eru nokkrar línur. Hér er nefnilega miklu meira mál á ferðinni heldur en hækkun á söluskatti um 3½%. Hér er verið að bylta okkar þjóðfélagi, hvað snertir tekjuöflun ríkisins og aðstöðu þegnanna gagnvart því. Það er mergurinn málsins, en ekki þessi 3½%, sem hér er verið að tala um. Það er sú stórfellda álögutilfærsla, sem á sér stað frá þeim, sem betur mega sín í þjóðfélaginu, yfir á herðar hinna, sem verr eru settir. Það er ekki hægt að leysa þetta mál með skynsemi, hófsemi og sanngirni gagnvart fólkinu í landinu án þess að taka alla þá þætti, sem ég nefndi hér áðan, tryggingakerfið, tekjuskattinn og útsvörin, jafnhliða með og skoða það út frá þessum forsendum.

Það er nú öllum ljóst, að bæði í sambandi við okkar tekjuskatts- og útsvarslöggjöf eru komin upp mörg vandamál, svo að brýna nauðsyn ber til að endurskoða þessa löggjöf, jafnvel þó að þetta hefði ekki komið til. En við það að gera eins róttæka breytingu og hér er verið að gera, þá er ekki hægt að komast hjá því að endurskoða þessa löggjöf. Ég hef talið, að eitt af því sem við þyrftum að gera í sambandi við tekjuskattinn og útsvarsálagninguna, væri að gera þau mál einfaldari en þau nú eru, og láta ekki ríkið og sveitarfélögin vera í raun og veru alltaf inni á sömu leiðum, eins og þar er gert. Mín hugmynd um það, — og fleiri manna, sem hafa rætt um þetta, — hefur m.a. verið sú, að bæjar- og sveitarfélögin ættu að hafa útsvarsálagninguna upp að vissu tekjumarki, en ríkissjóður taki síðan þar við, en ekki sé alltaf verið að leggja á sömu tekjurnar. Og við þá breytingu, sem hér er verið að gera, er persónufrádrátturinn enn þá brýnna spursmál heldur en hann þó áður var, og var hann þó orðinn mjög í ósamræmi við það verðlag, sem nú er orðið í landinu. Ef hann hefur verið réttur, þegar hann var ákveðinn við útsvars- og skattaálagningu árið 1967 vegna tekna 1966, þarf ekki að eyða mörgum orðum að því, hvað hann er orðinn *fráleitur nú, eftir að gengi hefur verið breytt þrisvar* sinnum og það stórfellt, og þegar þetta kemur svo til viðbótar.

Nei, þetta frv. kallar á það, að við verðum að taka allt fjárhagskerfið til gagngerðrar endurskoðunar og gjörbreyta því í samræmi við þá breytingu, sem leiðir af frv. Að öðrum kosti fer það svo, sem ég sagði hér áðan, að byrðarnar lenda yfirleitt á herðum þeirra, sem lægri tekjur hafa í þjóðfélaginu, en er létt af hinum, vegna þess að þeir hafa meiri möguleika til þess að kaupa þær vörur, sem hátollaðar eru og ekki eru eins miklar nauðsynjavörur. Tekjur hins almenna borgara munu nú hrökkva skammt til þess að standa undir meira en nauðsynlegustu vörukaupum, og þess vegna hefur hann lítinn hagnað af því, þó tollur lækki á vörum, sem hann getur ekki náð til.

Ég tel því, að það sé ekki hægt að afgreiða þessa breytingu á tekjuinnheimtu ríkissjóðs nema taka skatta- og útsvarslöggjöfina og tryggingalöggjöfina til endurskoðunar jafnhliða. Og ég tel, að það sé mjög illa að staðið, ef hæstv. ríkisstj. ætlast til þess, að þetta frv. verði afgr. fyrir jól. Í sambandi við það vil ég geta þess, bæði varðandi tollamálin og þetta frv., að fyrir því eru fordæmi, að fjárlög hafi verið afgr. án þess að frá þeim þáttum hafi verið gengið. Við gengisbreytinguna, sem varð í nóv. 1967, voru fjárl. afgr. fyrir áramót, en tollalög ekki. Þá var það tekið fram af hálfu hæstv. ríkisstj. og meiri hl. fjvn., að fjárl. væru afgreidd miðað við þá tollalækkun, sem reiknað var með í frv. og yrði að lögum á framhaldsþinginu. Þetta fór svo á þann veg, að tollunum var breytt á framhaldsþinginu, en bara á annan veg en gert var ráð fyrir fyrir áramótin, en þó byggðist fjárlagaafgreiðslan á tollalagabreytingu, sem gerð var síðar. Ég vil líka minna á það, að í ársbyrjun 1965 mun það hafa verið, sem söluskattur var hækkaður á framhaldsþingi, og raunverulega var fjárlagaafgreiðslan miðuð við það, þó það kæmi ekki fram þá. Þess vegna tel ég, að það sé nú óhugsandi, að að því ráði verði horfið að afgr. þetta mál hér á hv. Alþ. fyrir áramót, enda finnst mér ekki neina brýna nauðsyn bera til þess. Hitt finnst mér miklu alvarlegra mál í sjálfu sér, og það er það, að það skuli eiga að afgreiða þetta mál eitt sér, því það veldur alveg óskaplegri röskun í okkar þjóðfélagi og breytir aðstöðu borgaranna í landinu svo miklu meira en hægt er að gera sér grein fyrir í fljótu bragði.

Þess vegna endurtek ég það, sem ég áður sagði, að ekkert sannar betur að okkur er þörf á því að fara að með gætni í sambandi við fyrirhugaða aðild að EFTA, sem er til umr. á hv. Alþ. þessa dagana, því við eigum eftir að undirbúa svo margt á okkar heimaslóðum, margt sem ekki er hægt að komast hjá að vinna og undirbúa í samræmi við þessa breytingu, og þ. á m. er þessi þáttur, sem verður að tengjast tryggingakerfinu og skatta- og útsvarskerfinu í landinu. Með engu öðru móti er hægt að koma þessu sæmilega vel fyrir.

Í sambandi við málið að öðru leyti vil ég spyrja hæstv. fjmrh. að því, hvort það er ekki rétt skilið hjá mér, að söluskattur sá, sem hefur verið tekinn við tollafgreiðslu, — 8½% ef ég man rétt, — hann fari einnig upp í 11% með þessu lagafrv., en ég skil það svo.

Að öðru leyti vil ég segja það, að það ber, eins og fram kom í ræðu hæstv. fjmrh., brýna nauðsyn til þess, að vel verði fylgzt með innheimtu, eftir að söluskattur er orðinn þetta hár. Það er orðið geysilegt fjármagn, sem fer í gegnum hendur þeirra, sem hann innheimta, og þarf mikið eftirlit og aðgæzlu með því, að það fjármagn skili sér. Ég vil líka segja það sem mína skoðun, að innheimta á þriggja mánaða fresti, eins og hún er gerð nú, er of áhættusöm, ekki eingöngu fyrir ríkissjóð, heldur einnig fyrir fyrirtækin, sem innheimtuna annast, því að mörgum fyrirtækjum hefur reynzt erfitt að skila því fjármagni, sem þau hafa innheimt, vegna þess að það hefur lent inn í þeirra eigin rekstur. Þess vegna er mikil nauðsyn á því, ekki síður vegna fyrirtækjanna, að þeim sé ekki stefnt í þá hættu, sem af því getur leitt. Með þessum háa söluskatti sýnist mér líka verða að stefna að því í almennum viðskiptum, að taka yfirleitt

upp staðgreiðslukerfi, því það er óhugsandi, að fyrirtæki geti lánað svo háa fjárhæð sem 11% af brúttó-söluunni, sem þeir verða að skila á meðan lánstíminn stendur. Þessi hækkun á söluskatti hefur því geysileg áhrif á allt okkar viðskiptalíf, auk þess sem ég áður sagði.

En ég vil að lokum leggja áherzlu á það, að hér er stórmál á ferðinni, mjög mikið stórmál; mál, sem gjörbreytir aðstöðu ríkissjóðs til innheimtu á sköttum í landinu og gerir þeim langtum erfiðara fyrir, sem lægri hafa tekjurnar og verða að láta sér nægja hina almennu neyzlu, en greiðir aftur fyrir þeim, sem geta veitt sér meiri innkaup. Að bera þetta mál fram hér eitt á hv. Alþ. án þess að gera þær ráðstafanir, sem ég hef lagt hér áherzlu á, eins og endurbætur á tryggingakerfinu og skatta- og útsvarskerfinu, það er algjörlega óhugsandi, því með því móti er verið að gera byltingu í okkar þjóðfélagi á kostnað þeirra, sem minna mega sín.

Umr. frestað.

Á 25. fundi í Nd., 15. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. mikið. Ég vildi aðeins í upphafi láta það koma fram, — vegna þess að það var upphaflega borið fram sem ósk af minni hálfu í sambandi við þetta frv. og frv. um nýja tollskrá, — að leitazt yrði við að afgr. þessi frv. áður en jólaleyfi þm. hæfist. Einnig vil ég taka það fram, vegna síðari umr., sem orðið hafa og sérstaklega með hliðsjón af því, að því var mjög varpað fram hér í umr. af hálfu hv. stjórnarandstæðinga, að með þessu væri verið að beita ofríki og ætlast til óeðlilegrar meðferðar mála, að það vakti vitanlega alls ekki fyrir mér, heldur stöfuðu þessi tilmæli beinlínis af því, að gert hafði verið ráð fyrir því, að þingi yrði frestað þangað til að afloknu þingi Norðurlandaráðs, sem verður hér í Reykjavík í byrjun febrúarmánaðar. Það var augljóst mál, að ef ætti að fresta þingi það lengi, þá væri þess enginn kostur að afgr. tollskrána með þeim hætti, að hún gæti komið til framkvæmda 1. marz, og að sjálfsögðu þá ekki koma þeirri breytingu fram á söluskattinum, sem hér er gert ráð fyrir, þó að það sé mun einfaldara mál í framkvæmd. Eftir að niðurstaðan varð sú, að þing kæmi saman aftur 12. janúar, þá horfir það mál að sjálfsögðu allt öðruvísi við, og ætti að mega vænta þess, að tollskráin og söluskattsfrv. gætu verið afgr. fyrir janúarlok, en það veitir ekki af einum mánuði til þess að prenta tollskrána upp og koma fram þeim leiðbeiningum til innheimtumanna víðs vegar um landið, sem leiðir af þeim breytingum, sem verða á innheimtu aðflutningsgjalda vegna hinnar nýju tollskrár. Þar koma alveg nýir tollskrárliðir, sem greina frá því, hvaðan varan er flutt, sem er algert nýmæli í íslenzkri tollskrá. Þetta vil ég aðeins láta koma hér fram, til þess að það líti ekki þannig út, að það hafi eingöngu verið af offorsi frá minni hendi, að þessi ósk var fram borin. Það ber að skoða þau tilmæli með hliðsjón af því, sem fyrirhugað var um hið langa þinghlé.

Við upphaf 1. umr. söluskattsfrv. flutti hv. 3. þm. Vesturl. ræðu og kom inn á ýmis atriði, sem ég tel nauðsynlegt að gera að umtalsefni. Vissulega voru þau flestöll eða öll efnisleg og þess eðlis, að það er ósköp eðlilegt að á þau sé minnzt og menn velti vöngum yfir því, hvernig á þessu máli skuli taka. Vitanlega kemur til álita ýmislegt af því, sem hann sagði í sinni ræðu, og þarf að gera sér fulla grein fyrir því, hvort það horfir í jákvæða eða neikvæða átt. Það er þó efnislega eitt atriði í ræðu hans, sem ég vil taka skýrt fram, að ég tel ekki hafa verið rökréttar niðurstöður af hans máli, og það er, að með þessari söluskattsbreytingu sé verið að stuðla að því að leggja álögur á með þeim hætti, að þær séu yfirfærðar af þeim efnameiri yfir á þá efnaminni. Það má vel vera, að það sé hægt að koma söluskatti fyrir með öðrum hætti og hafa t. d. almennan söluskatt hærri og undanþiggja fleiri tegundir nauðsynja. En með þeim ráðstöfunum, sem nú er verið að gera í sambandi við hækkun söluskattsins, og þeim kjarabótum, sem veittar eru jafnhliða honum í hækkun fjölskyldubóta og ellilífeyris, þá hefur þessi ákvörðun varðandi söluskattinn engin áhrif í þá átt að rýra aðstöðu fólks að þessu leyti. Tollalækkanirnar koma hinum efnaminni líka stórlega til hagsbóta, því að vitanlega er fatnaður einn þýðingarmesti útgjaldaliður hvers heimilis og þá alveg eins fátækra heimila og barnmargra, en hann ætti með þessum hætti að lækka verulega í verði. Og með hliðsjón af því, að gerðar eru ráðstafanir til þess, að aðalbúvörur hækki ekki í verði, hvorki kjöt né smjör, og mjólk að sjálfsögðu ekki heldur, þar sem hún er undanþegin söluskatti, þá verður að telja, að með þessu sé haldið fullkomlega í horfinu í þessu efni, með þessari breytingu út af fyrir sig, ef hún er einangruð.

Það hefur lengi verið svo, að menn hafa talað um að eðlilegast væri að haga tollheimtu með þeim hætti að hafa mismunandi tolla, eftir því, hvað vörurnar væru nauðsynlegar, og þess vegna hafa verið til svokallaðar hátollavörur og aðrar lágtollavörur, jafnvel undanþegnar tolli. Nú hefur viðhorfið í þessum efnum að sjálfsögðu breytzt mikið á síðari árum, og þó að nú hafi þrengt að fólki um stundarsakir, þá var það svo, þegar vísitalan var innleidd, sú sem er við miðað, að það kom í ljós, að neyzluvenjur fólks voru með allt öðrum hætti en verið hafði og fjölmargar vörur, sem áður höfðu verið hátollavörur og taldar lúxusvörur, voru orðnar nauðsynjavörur hjá öllum þorra almennings. En það var skoðun manna fyrir tveim árum, þegar hin nýja vísitala var innleidd, sú sem nú er miðað við, að hún væri eðlilegur viðmiðunargrundvöllur.

Jafnframt þessu kom til endurmats á hinum svokölluðu hátollavörum, og það hefur verið stefnt að því lengi, eða allt frá 1960, að lækka hina hæstu tolla. Þeir eru núna 100%, en komust á tímabili í 300%, sem voru vitanlega brjálæðislega háir tollar og leiddu í ýmsum tilfellum af sér mjög óeðlilega viðskiptahætti og smygl. Í mörgum tilfellum hafa tollar verið lækkaðir til þess að koma í veg fyrir ólöglega sölu á vörum, t. d. nefni ég í því sambandi, að á sínum tíma, þegar tollar á nælonsokkum voru lækkaðir stórlega, — en þá voru þeir taldir óþarfavara, sem ég býst varla við að neinn telji í dag, a. m. k. ekki kvenfólkið, — þá kom á daginn, að innflutningur á þessari vöru og tekjur af þeim innflutningi jukust stórlega eftir tollalækkunina, vegna þess hve þessari vöru hafði verið smyglað í stórum stíl.

Og þannig er það með ýmsar aðrar hátollavörur, að þó það hljómi vel að segja, að þarna séu munaðarvörur, sem ber að hafa í hátollaflokki, þá skilar þetta sér á engan hátt eins og skyldi.

Nú er sannleikurinn líka sá, að það hefur verið meginstefna hjá öllum okkar frændþjóðum á Norðurlöndum og er að verða í æ fleiri löndum að taka upp sem tekjuöflun svokallaðan söluskatt eða virðisaukaskatt, sem leggst með jöfnum þunga á meginhluta af öllum neyzluvörum almennings. Það eru að vísu til viss undantekningarákvæði, en ég tel rétt að það komi greinilega fram hér, — og það hefur komið í ljós, að undanþágur frá söluskatti hér á Íslandi eru nú mun meiri heldur en þær eru á Norðurlöndunum, — að á það hefur verið bent, að mjög slæmt sé að hafa nokkra teljandi undanþágu frá þessum skatti. Jafnframt hefur þróunin í þessum löndum verið svo, og m. a. er það orsök þess, að Norðmenn stefna nú að mjög háum virðisaukaskatti, en að lækka mjög verulega beina skatta. Vitanlega má segja, að þetta stefni í þá átt, að það séu ekki skattlagðar eins háar tekjur, og það hefur nú jafnvel hér á hinu háa Alþ. komið fram till. um það, að það væri ósanngjarnt að skattleggja tekjur manna af aukavinnu, — þó að hún hafi auðvitað oft valdið því, að þeir hafa komizt í háar tekjur, — það væri ómaklegt að skattleggja tekjur af því, sem menn sérstaklega leggja á sig umfram venjulegan vinnutíma. Þróunin hefur þess vegna verið þannig, einnig hér á Íslandi, að þetta hefur stefnt í þá átt, að beinar tekjur hafa minnkað og óbeinar tekjur hafa vaxið, og sannast sagna erum við miklu lengra komnir í því heldur en aðrar þjóðir. En ég efast um, að uppi séu hér í dag þær skoðanir, að það beri að þyngja hina beinu skatta. A. m. k. hefur legið hér fyrir þinginu frv., sem miðar í þá átt að festa reglur um skattvísitölu, sem mundi leiða til stórfelldrar lækkunar beinna skatta, og þá beinlínis til lækkunar beinna skatta hjá þeim, sem hæstar tekjur hafa.

Ef menn samtímis vilja halda því fram, að með söluskattshækkuninni sé verið að ganga á hlut hinna efnaminni, og deila jafnframt á stjórnvöld eða fjmrh. fyrir að hafa ekki gengið lengra í hækkun persónufrádráttar í sambandi við skattvísitölu, þá fá þær fullyrðingar ekki samrýmzt hvor annarri, því að þar stefnir í þveröfuga átt, eftir því hvorri kenningunni er fram haldið.

Hv. 3. þm. Vesturl. vitnaði til umr., sem hafa farið fram áður hér í þinginu um frv., sem hann flutti, þar sem var rætt um það, hvort hugsanlegt væri að undanþiggja fleiri tegundir vara söluskatti. Vitanlega er hægt að hugsa sér að undanþiggja fleiri tegundir vara söluskatti, en niðurstaðan verður þá sú, að þær vörur, sem eftir eru, beri miklu þyngri söluskatt. Mismunandi söluskattur er ekki hugsanlegur, og það verður þá að vera almennur söluskattur með svo og svo miklum undanþágum, og ég vil þá segja um leið: með svo og svo miklum vandkvæðum varðandi innheimtu, sem ég veit að við erum í rauninni allir sammála um, að megi ekki eiga sér stað. En sé farið að undanþiggja margar vörutegundir og þjónustu söluskatti, — og það er þegar gert of mikið að því, — þá skapar það erfiðleika á eftirliti með innheimtu söluskatts, hefur þegar gert það og mundi gera í vaxandi mæli með fleiri undanþágum. Með þessu er ég ekki að segja, að það eigi alls ekki að undanþiggja neinar vörur innheimtu söluskatts. Það er mál, sem sjálfsagt er að skoða. En ég bendi aðeins á það, að þessi er þróunin, að innleiða söluskatt eða virðisaukaskatt með þeim hætti, að hann lendi almennt á neyzluvörum. Síðan sé aftur á móti reynt að bæta hinum efnaminni það upp með tryggingabótum. Og það er rétt, sem hv. þm. sagði í því efni, að það er gert á Norðurlöndunum. Í ýmsum greinum má kannske segja, að við séum ekki alveg eins langt komnir og Norðurlöndin, þó eru okkar tryggingabætur í mörgum greinum mjög sómasamlegar, þó að vafalaust megi segja, að þær mættu vera hærri. En það er nú svo með tryggingabætur eins og annað, þar þarf líka að vera hóf á hlutunum ef þær eiga að verka með eðlilegum og heilbrigðum hætti.

Í sambandi við þá bráðabirgðabreytingu, sem nú er verið að gera á söluskattinum, — ég segi bráðabirgðabreytingu, vegna þess að ég álít, að þetta kerfi þurfi að taka til endurskoðunar, — hef ég áður lýst því yfir, að nú þegar hafi verið sett í gang endurskoðun á þessu kerfi með hliðsjón af því að athuga reynslu Norðurlandaþjóðanna af virðisaukaskattinum, og ég hef hugsað mér það, að að þessu máli yrði unnið með þeim hætti, að á næsta þingi gæti þetta mál komið til heildarathugunar og lægi þá fyrir grg. um virðisaukaskattinn, þannig að menn gætu tekið afstöðu til hans. En á meðan svo er ekki, þá tel ég mjög óheppilegt að fara að hagga þeim reglum, sem nú gilda um söluskattinn, undanþiggja einhverjar fleiri vörur innheimtu söluskatts eða gera aðrar víðtækari breytingar í því efni. Það ættum við ekki að gera nú, einmitt með hliðsjón af því, sem ég áðan sagði, að það hefur verið reynt að létta þær byrðar, sem söluskatturinn að sjálfsögðu leggur á fólk, með því að undanþiggja eða gera ráðstafanir til þess að ekki hækkuðu ýmsar brýnustu nauðsynjar, svo sem mönnum er kunnugt um.

Þetta er í rauninni það, sem ég vildi koma á framfæri hér í tilefni af ræðu hv. þm., án þess að ég að öðru leyti ætli að fara að deila á þær kenningar, sem hann flutti þar. Það er allt álitamál og þarf að skoðast mjög vendilega, en á þessu stigi sé ég enga ástæðu til þess að breyta, — og hef ekki hugsað mér það, jafnvel þó að kostur gæfist á því með frestun þessa máls fram yfir áramót, — þeim grundvelli, sem hér er byggt á. Ég tel, að það væri óheppilegt, heldur ætti að miða að því, að málið væri tekið til heildarendurskoðunar á næsta þingi.

Því hefur mjög verið haldið fram í umr. um söluskattinn, að það sé verið að innheimta miklum mun hærri söluskatt heldur en þörf er á. Ég held, að það muni koma í ljós, þegar fjárl. verða hér til 3. umr., að því fer víðs fjarri, að um það sé að ræða. Fremur er það svo, að varðandi árið 1970 er hér stefnt í mikla tvísýnu með afkomu ríkissjóðs, nema því aðeins að innheimtu söluskattsins verði breytt mjög verulega, annars mundu ekki skila sér nema tveir ársfjórðungar og yrði þá mjög verulegur sjóðshalli hjá ríkissjóði um áramótin, með öllum þeim afleiðingum, sem því fylgja, og ég þykist vita, að enginn óski eftir því að stefna í þá átt, því að það hefur jafnvel komið fram í ræðum manna, og ein-

mitt í þeirri ræðu, sem ég hef gert hér að umtalsefni, hjá hv. 3. þm. Vesturl., að það sé auðvitað óviðunandi að afkoma ríkissjóðs sé ekki betri en raun er á.

Ég vildi mega vænta þess, að menn geti sameinazt um að samþ. þá nauðsynlegu tekjuöflun, sem hér er um að ræða. Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, að orðlengja frekar um málið. Ég óska eftir því, hvort sem það verður í dag eða síðar í vikunni, að umr. verði haldið áfram þannig að frv. geti komizt til n. og verið þar til athugunar fram yfir áramótin, hvort sem hv. nm. kysu að vinna að því áður en þing kemur saman eða ekki, en ég tel, að það væri mjög óæskilegt, að málið gæti ekki fengið þá meðferð að komast í nefnd.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Eins og þegar hefur komið fram í umr. um þetta mál, þá er hér um að ræða till. um hækkun á söluskatti, sem stendur í beinum tengslum við fyrirhugaða aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu. Það hefur legið fyrir lengi, að ef af slíkri aðild yrði, þá mundu tollar verða að lækka allverulega og þá kæmi til þess, að ríkissjóður þyrfti að innheimta sínar tekjur með öðrum hætti. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki dregið dul á það, að hún mundi velja þá leið, um leið og tollar yrðu lækkaðir, að hækka söluskattinn. Þetta hefur því legið fyrir í langan tíma, og ég býst við því, að það hafi í rauninni engum manni komið á óvart, að till. sem þessi yrði lögð fram sem fylgitill. með till. um aðild Íslands að EFTA.

En því er auðvitað ekki að neita, að í því frv. um hækkun á söluskatti, sem hér liggur nú fyrir til umr., er gert ráð fyrir meiri innheimtu í ríkissjóð en nemur tollalækkuninni, sem leiðir af EFTA-skuldbindingunni. Hér er greinilega um það að ræða, að stefnt er að því, að ríkissjóður fái um 300 millj. kr. í aukatekjur, umfram það sem verið hefur. Hér er sem sagt á ferðinni till. um nýjar álögur. Það er að vísu sagt, þegar gerð er grein fyrir þessum auknu álögum, að ríkissjóður þurfi á þessu fjármagni að halda, það þurfi að greiða hækkaðar tryggingabætur og það þurfi að standa undir ýmsum auknum útgjöldum, þess vegna þurfi nú að leggja á þessar nýju álögur. En ég verð að segja, að mér þykir það í sjálfu sér furðulegt, að það skuli þurfa að koma fram frv. hér á Alþ. um nýjar álögur, þ. e. hækkaða tekjustofna til ríkisins, eftir þær stórfelldu breytingar, sem gengið hafa yfir á síðustu tveimur árum, í sambandi við gengislækkanir, en þær hafa eins og allir vita raunverulega stóraukið tekjumöguleika ríkissjóðs. Gengislækkanirnar hafa að sjálfsögðu leitt til þess, að tolltekjur ríkissjóðs hafa raunverulega stóraukizt. Og afleiðingar gengislækkananna hafa líka að sjálfsögðu orðið þær, að söluskatturinn hefur í reyndinni hækkað, vegna þess að verðlag allt í landinu hefur hækkað sem afleiðing af gengislækkununum. En þrátt fyrir þessa aðstöðubreytingu hjá ríkissjóði hvað snertir tekjuöflun, þá er enn á ný talið óhjákvæmilegt að auka álögurnar, hækka söluskattinn umfram það, sem tollar koma til með að lækka, og því borið við, að ríkissjóður þurfi á þessu að halda.

Ég fyrir mitt leyti er andvígur því, að slíkar álögur séu samþ. nú. Ég tel ekki vera aðstæður til þess í okkar efnahagskerfi að halda þannig á málum. En auk þess erum við Alþb.-menn svo á móti þeirri stefnu, sem fram kemur í þessu frv., og þeim till., sem ríkisstj. nú gerir varðandi EFTA-málið sem heild, þegar að því er stefnt að lækka tolltekjur ríkissjóðs og innheimta í staðinn söluskatt með þeim hætti, sem söluskattur hefur verið á lagður og innheimtur hér að undanförnu. Það er skoðun okkar, að hér sé einmitt um það að ræða, sem hæstv. fjmrh. var að reyna að bera á móti, að verið sé að færa til skattinnheimtuna, þeim tekjuhærri í þjóðfélaginu í vil, en þeim tekjulægri í óhag. Það er auðvitað enginn vafi á því, að þegar ráðstafanir eru gerðar til þess að lækka nokkuð tolla á t. d. innfluttum húsgögnum eða jafnvel á ýmsum tilbúnum fatnaði, sem hæstv. ráðh. nefndi hér, þá kemur það auðvitað á allt annan hátt við tekjulágt fólk en þegar á sama tíma verður verðhækkun á svo til allri matvöru, þegar fiskur hækkar, þegar kartöflur hækka og ýmiss konar mjólkurvörur, brauð og kornvörur og yfirleitt hvers konar matvörur, nema nýmjólk, kjöt og smjör, sem verður undanþegið. Á því leikur auðvitað enginn vafi, að þegar þessar vörur eiga að hækka í verði á sama tíma og ýmsar þær vörur, sem hafa hingað til verið hátollaðar, lækka nokkuð í verði, þá er hér um breyt. til óhagræðis fyrir láglaunafólk að ræða.

Eins og fram kom hér í ræðu hæstv. fjmrh., þá hefur sú ákvörðun verið tekin nú, að þetta mál muni ekki verða knúið í gegnum þingið á þessum fáu starfsdögum, sem eftir eru fyrir jól, það verður tekið hér til afgreiðslu þegar þing kemur saman að afloknu jólafríi, í janúarmánuði, og þá er eðlilegt, að unnið sé að athugun á þessu frv., samhliða athugun á tollalagafrv. Ég sé því ekki ástæðu til þess á þessu stigi málsins að ræða þetta ítarlega núna. Málið fer til n. Það verður athugað og án efa eiga eftir að koma fram margar brtt., bæði við þetta frv. og eins við tollabreytingafrv. Ég skal því ekki halda hér uppi löngum umr. um málið að þessu sinni. En ég endurtek mína fyrri yfirlýsingu um það, að við Alþb.-menn erum á móti þessari söluskattshækkun, bæði að því leyti, að hér er um að ræða alveg nýjar álögur, og eins að því leyti til, að hér er um að ræða þá stefnubreytingu að ætla að færa skattheimtu ríkisins frá tolltekjum og yfir í almennan söluskatt. Við gerum okkur fulla grein fyrir því, að þessi frv. standa í beinum tengslum við ákvörðunina um EFTA-aðild. Þetta eru fylgifiskar þess máls. Við erum á móti EFTA-aðild, m. a. af þeim ástæðum, að þessum málum á að koma fyrir á þessa lund, svo að afstaða okkar í þessum efnum liggur alveg ljós fyrir. En eigi að síður getur auðvitað komið til þess, að við eigum eftir að flytja hér brtt. við málið.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs um þetta mál fyrir helgina og vil nú nota tækifærið og segja um það nokkur orð, en ég get þó verið fáorðari heldur en ég hefði orðið þá. Nú hefur sú breyting á orðið, eins og þm. er kunnugt, að þetta mál verður ekki rekið áfram hér fyrir jól, heldur gefst nú tóm til þess að afgreiða það í n. með eðlilegu móti, gagnstætt því, sem áður var ætlað. Að vísu getur maður ekki annað en dáðst að sviðsetningunni hjá hæstv. forsrh. fyrir helgina, þegar hann kom hér í hv. Sþ. og

skýrði okkur frá því, að það hefði aldrei verið meiningin að reka þetta neitt áfram. En við höfum orðið greinilega varir við það í fjhn. hver ætlunin var. Það var búið að halda þar fund og taka tollskrána fyrir, áður en henni hafði verið vísað til n., svo að maður sá nokkurn veginn, hvað á spýtunni hékk. Og ég verð nú að segja það, að mér fannst ákaflega einkennileg og nánast brosleg afsökun hæstv. fjmrh. áðan. En það er orðið augljóst, og það þykir mér vænt um, að þessi fyrirætlan hv. ríkisstj. er nú orðin eins konar feimnismál. Er það ákaflega vel viðeigandi.

En ég vil fara örfáum orðum um málið nú við 1. umr. Hv. 3. þm. Vesturl. vék að því í sinni ræðu fyrir helgina, hverjar grundvallarbreytingar er hér um að ræða, því þetta frv. er aðeins byrjunin. Það fer ekkert leynt. Það hillti undir það í fjárlagaræðunni t. d., að hæstv. fjmrh. gat vel hugsað sér svolitið meiri hækkun á söluskatti en þurfti til þess að mæta lækkun á tollunum, eins og nú hefur komið fram. Það kemur líka ljóst fram í grg. með tollskránni, að það, sem hér er á ferðinni, er aðeins upphaf á þróun, sem er fyllilega gefið í skyn, að eigi eftir að ganga lengra. Ég skal ekki endurtaka neitt af því, sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði, en ég ætla, að hann hafi farið þar algerlega með rétt mál, að hér sé stórt mál á ferðinni, í raun og veru meira og stærra en það, sem á þskj. stendur, ef lengra er litið fram.

Ríkissjóður og hans þarfir eru aðeins annar þátturinn í þessu, eins og raunar allri annarri skattheimtu. Hinn þátturinn er svo sá, sem snýr að þeim, sem borga eiga skattinn, að fólkinu. Hér er um það að ræða að hækka söluskattinn almennt, og hann kemur samkv. frv., eins og áður, á allar brýnustu nauðsynjar manna, á öll matvæli, að undanskilinni mjólkinni, að því er ég bezt veit. Og það er ekki óeðlilegt, þó að menn velti því aðeins fyrir sér við byrjunarmeðferð þessa máls, hvernig lægst launaða fólkið í landinu sé undir það búið að mæta þessari breytingu á skattheimtunni og þessari hækkun á sköttum á allra brýnustu nauðsynjum þess. Ég skal ekki fara um það mörgum orðum, en ég vil minna á örfáar staðreyndir. Ég vil minna á það fyrst, að kaupgjald í Dagsbrún, í II. flokki, hefur hækkað um 190% í krónum talið á 10 árum. Menn hljóta að hafa þá vitneskju í huga til hliðar við þetta, að dregið hefur úr vinnu og það er minna um eftirvinnu heldur en var áður. En á sama tíma og þetta gerist, hafa nær allar eða kannske allar brýnustu nauðsynjar hækkað meira, já, miklu meira hlutfallslega. Af innlendu vörunum hefur nýmjólkin hækkað minnst á þessu tímabili eða um 233%, en fiskurinn líklega einna mest eða um 444% saltfiskurinn, og ýsan 471%, svo að dæmi séu nefnd. Og þó að innlenda varan hafi þannig hækkað geysimikið, hefur margt af þeirri erlendu, og þar með allra brýnustu nauðsynjavörur, hækkað enn þá meira á þessu tímabili, þannig að sum mjölvara, eins og hafraframjöl, hefur hækkað yfir 800%. Þar er þó þess að geta, að í þeirri hækkun felst pökkunarkostnaður. Hækkanir á öðrum erlendum vörum eru minni, en því miður allar mun meiri en kaupgjaldshækkunin.

Ég hef áður sagt það, að mér finnst ástæða til þess að taka allar svona tölur með gætni. En þó að menn geri það, er ómögulegt að loka augum fyrir því, að þróunin hefur á síðustu árum öll orðið í þessa átt, og það er ekki hægt annað en taka það til skoðunar, hvernig annar aðilinn, sem hér á hlut að máli, þ. e. a. s. þeir, sem borga eiga hækkaða neyzluskatta, hvernig þeir eru undir það búnir að taka þá á sig. Það hefur komið fram í málflutningi hæstv. ríkisstj., þegar talsmenn hennar, nú síðast hæstv. fjmrh., tala fyrir hækkuðum söluskatti, að söluskattur sé miklu hærri í nálægum löndum heldur en hann er hér, og það skal ég ekki bera neinar brigður á. En það þýðir ekkert að líta á það eitt. Menn verða þá jafnframt að líta á það, hverjar tekjur manna í þessum löndum eru, og hverjir möguleikar þeirra eru til þess að bera sína skatta í þessu formi. Það hefur áður verið rætt um nauðsyn þess hér á Alþ. að undanþiggja fleiri hinna allra algengustu neyzluvara söluskattinum heldur en nú er gert. Því er venjulega borið við, þegar um þetta er rætt, að þetta sé tæknilega erfitt og allt að því ómögulegt að undanþiggja einstakar vörur. Þetta er þó gert nú, eins og ég gat um áðan, því það er ekki söluskattur á mjólk. Fyrir þingi nú liggur frv. til l. um breyt. á l. um söluskatt, og frv. um líkt efni hefur áður verið flutt. Þetta frv. felur það í sér, að til viðbótar við nýmjólk verði smjör, ostur, skyr, kjötvörur og fiskur undanþegin söluskatti eða m. ö. o. allra brýnustu og algengustu neyzluvörurnar af innlendu framleiðslunni. Og það er einnig ákvæði í frv. um, að brýnustu neyzluvörur innfluttar, kaffi, sykur og kornvörur, verði undanþegnar söluskatti. Frv. um sama efni fékk engan byr hér á hv. Alþ. í fyrra. Nú hefur söluskattsfrv. framsóknarmanna verið vísað til n. og ekki hlotið þar frekari afgreiðslu, eins og stendur. Það er ekkert nýtt, að það sé rætt um nauðsyn þess að undanþiggja fleiri allra algengustu neyzluvörur söluskatti heldur en nú er gert. Og ef það hefur verið ástæða til að gera það áður, þá er sú ástæða auðvitað margfalt brýnni, eftir að söluskatturinn hefur verið hækkaður í 11%, eins og nú er ráðgert.

Ég vil nú aðeins víkja að því, hvernig þessi hækkun söluskattsins kemur við landbúnaðinn. Það er ekki hægt að skoða það mál öðruvísi en í tengslum við þær breytingar á tollskránni, sem koma eiga til framkvæmda samhliða. Það er fyrirhugað að lækka toll á vélum til landbúnaðarins. Þær hafa margar verið áður í lágum tollflokki. Og niðurstaðan verður sú, að heimilisdráttarvélar og margar algengar vélar til heyvinnu og jarðræktar, sem notaðar eru á sveitaheimilum, hækka í verði, en lækka ekki, þrátt fyrir lækkanir í tollskrá, því að hækkun söluskattsins vegur þar öllu meira. Enn tilfinnanlegra verður þetta þó, þegar litið er á þann vélainnflutning vegna landbúnaðarins, sem ekki nýtur neinnar lækkunar í tollskrá, en þannig er ástatt um þungavinnuvélarnar, þær vélar, sem ræktunarsamböndin nota. Ég hef leitað mér upplýsinga um, hvernig þau mál standa, og tók sem dæmi 13 tonna jarðýtu með 120 hestafla mótor, sem er mjög algeng hjá ræktunarsamböndunum. Verð þeirrar vélar verður núna rétt tæpar 4 millj. kr. Og eftir söluskattsbreytingu, — tollabreyting verður engin, — rennur til ríkissjóðs af þessu rúmlega 1 millj. kr., eða rúmlega 25% af útsöluverði vélarinnar. Þær breytingar, sem nú eru fyrirhugaðar á gjöldum af þessum maskínum, orsaka um 3½% hækkun. Þetta kemur ákaflega illa við, því að þessi mjög svo þýðingarmiklu fyrirtæki bændanna, ræktunarsamböndin, eru nánast sagt mjög mörg lömuð eftir þau

áföll, sem þau urðu fyrir við gengislækkanirnar. Þó að nokkuð væri gert þeim til hjálpar þá, náði það skammt.

Enn má benda á þýðingarmikla hluti fyrir landbúnaðinn, eins og stálgrindahúsin. Á þau kemur söluskattur, en þau eru í óbreyttum tollflokki, og maður er dálítið undrandi yfir því, vegna þess að sams konar eða hliðstæð hús a. m. k. eru framleidd hér í landinu. Maður hefði því álitið fyrir fram, að þau mundu falla undir EFTA-vörurnar, en svo er ekki. En á leggst söluskatturinn og hækkar þeirra verð, sem hækkun skattsins nemur.

Þá vil ég einnig vekja athygli á því varðandi landbúnaðinn, að söluskattur ofan á þær söluvörur landbúnaðarins, sem hann nú fellur á, kemur sér sérstaklega illa fyrir landbúnaðinn á þessum tímum, þegar kaupgeta hefur minnkað og nokkrir erfiðleikar eru orðnir á að selja þessar vörur. Nú er fyrirhugað að endurgreiða söluskattinn á smjöri og kjöti, — ég hef ekki heyrt þetta túlkað nánar í ræðum, sem fluttar eru af hálfu ríkisstj. í þessu máli. En þetta er mjög orðum aukið, a. m. k. óljóst, því ég þykist þó hafa góðar heimildir fyrir því, að söluskattur verði ekki endurgreiddur nema af dilkakjöti, og það er ekki nema hluti af því kjöti, sem á markaði er. Á allt annað kjöt leggst hann, svo og á osta og aðrar mjólkurvörur. Þetta er töluvert alvarlegt mál á þeim tímum, þegar söluerfiðleikar eru meiri en venjulega. Auk þess getur maður ekki lokað augunum fyrir því, að þó að nú sé ákveðin niðurgreiðsla á þessum vörum, þ. e. smjöri og dilkakjöti, þá er það nú eins og það er með niðurgreiðslurnar, þær eru ekkert eilífðarfyrirbæri, og menn geta átt það yfir höfði sér, að þær séu felldar niður fyrirvaralaust eða þá lækkaðar. En það er allt annað heldur en ef þessi vara væri hreinlega undanþegin skattinum. Auk þess verður þeirri niðurgreiðslu vafalaust bætt á þann lista, sem kallaður er styrkur til landbúnaðarins, því oft er sótt nokkuð langt til fanga, þegar verið er að fylla hann út.

Þetta vildi ég láta koma hér fram. Ég skal ekki hafa þessi orð öllu fleiri við 1. umr. málsins. Ég vil árétta það, sem ég sagði í upphafi, að mín skoðun er sú, að hér er á ferðinni mjög stórt mál. Hér er bæði um að ræða aukna skattheimtu til ríkissjóðs, og hér er um að ræða tilfærslu á skatttekjum yfir í enn meiri beina neyzluskatta heldur en áður. Og þar að auki er þetta aðeins byrjunin á þeirri tilfærslu, eins og víða kemur fram og ég áðan drap á. En það er gott til þess að vita, að þetta mál fær nú þinglega meðferð, og ber þá að vænta þess, að ýmis atriði þess verði skoðuð ýtarlega.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er, eins og hefur komið fram hér fyrr í umr., að meginstofni til í raun og veru bein afleiðing af EFTA-aðildarmálinu. Ég sé nú ekki ástæðu til þess að ræða þetta á þann hátt, sem ég kannske hefði gert, ef hefði átt að knýja málið fram nú. Ég vonast til þess, að þetta mál verði allt athugað á framhaldsþinginu, en þó vil ég ekki láta það ógetið, sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan. Hann sagði, að það væri ekki nein breyting á þessari innheimtu í þá átt, að hún bitnaði í vaxandi mæli á þeim, sem eru verr settir í þjóðfélaginu. Efnislega var það þetta, sem ráðh. sagði.

Það hefur verið gefið fyrirheit um að auka fjölskyldubæturnar, miðað við verðlagsvísitölu. En við vitum alveg, hvernig þessi kaupgjaldsvísitala er byggð upp. Hún var reiknuð út meðan tekjur manna voru hér mestar, þær voru með óeðlilegum hætti, og nauðþurftirnar spila ákaflega lítið inn í þessa vísitölu, miðað við það, sem áður var, og miðað við það, sem er nú, þegar meginhlutinn af tekjum láglaunastéttanna fer aðeins til nauðþurfta. Þó að fjölskyldubætur yrðu hækkaðar, miðað við verðlagsvísitölu, þá væri það alls ekki nema að einhverju leyti, sem þetta fengist bætt með þeim hætti.

Ef menn athuga svolítið tollskrána og svo aftur söluskattinn, þá kemur það í raun og veru mjög glögglega fram, hvernig landbúnaðurinn út af fyrir sig fer út úr þessu breytta innheimtufyrirkomulagi. Eftir því, sem mér sýnist, eru það aðeins vélarnar, dráttarvélarnar, sem lítið hækka. Þær hækka þó, eins og síðasti hv. þm. sagði, um ½%, en allt, sem til þeirra þarf, allir varahlutir, allur annar rekstrarkostnaður, hækkar sem söluskattshækkuninni nemur. Og þannig er þetta að öllu öðru leyti.

Það er sýnilegt, að um leið og tollarnir lækka, þannig að það lækkar verð á ýmsum innfluttum iðnaðarvarningi, þá breytist samkeppnisaðstaða landbúnaðarins hér innanlands mjög til hins verra. Og ég get ekki betur séð, ef farið verður eftir þessari stefnu, en verið sé að knýja fram neyzlubreytingu á þann hátt, sem er mjög háskalegur fyrir landbúnaðinn og í raun og veru alla þá, sem framleiða hér fyrir innanlandsmarkaðinn. Ég sé heldur ekki, að það sé æskilegt frá þjóðhagslegu sjónarmiði.

Þetta kom allt saman mjög vel fram á aukafundi Stéttarsambands bænda, sem haldinn var s. l. fimmtudag. Þetta var rætt þar, og hv. þm. hafa nú séð þær samþykktir, sem þar voru gerðar, og þann rökstuðning, sem fyrir þeim er hafður. Það kemur þar glögglega fram, að bændurnir hafa einmitt mjög mikinn beyg af þessari breyttu tekjuöflun ríkissjóðs fyrir sína samkeppnisaðstöðu. Ég held, að það sé ýmislegt, sem við þurfum að athuga í þessu sambandi, og það var gleðilegt að heyra það hjá fjmrh., að hann sagði eitthvað á þá leið, að það væri vitanlega hægt að hugsa sér að fella niður söluskatt af ýmsum vörum. Ég held einmitt, að það sé nauðsynlegt að fella niður söluskatt af innlendri matvöruframleiðslu, eftir því sem hægt er, og það einmitt mundi koma í veg fyrir þá þróun, sem ég var að tala um áðan, að breyta þessari neyzluvenju.

Hv. 5. þm. Austf. gat um stálgrindahúsin. Þau hækka um það, sem söluskatturinn hækkar. En nú er mikil breyting á döfinni í landinu, sérstaklega í sambandi við landbúnaðinn. Það er í vaxandi mæli farið að byggja gripahús og geymslur úr þessum stálgrindahúsum. Það er ekki lengur talið skynsamlegt að byggja úr steinsteypu. Það eru svo örar breytingar á ýmsum sviðum, og erfitt er að breyta steyptum húsum til þess að koma við fullkomnari tækni, sem tíminn krefst hverju sinni, og af því leiðir, að gera má ráð fyrir því, að einmitt gripahús og geymslur verði í sveitum og víðar í vaxandi mæli byggð úr stálgrindum. Ég held því, að það þurfi mjög að athuga einmitt þennan lið.

Það er líka eitt, sem hefur ekki komið fram nema að

litlu leyti, og það er, hvernig innheimtan verður á þessum söluskatti. Þó að láglaunastéttirnar og sérhver þegn í þjóðfélaginu verði að borga þennan söluskatt þá er ekki þar með sagt, að hann komi allur í ríkiskassann. Ég held, að það þurfi þá í sambandi við þessa breytingu að reyna að koma betri skipan á innheimtuna heldur en hefur verið hingað til. Það er ein stétt í þjóðfélaginu, því er ekki að leyna, sem er mjög kampakát yfir þessari nýju stefnu viðreisnarinnar. Það er verzlunarstéttin. Lækkun tollanna gerir það að verkum, að hún þarf á minna rekstrarfé að halda, og með hækkun söluskattsins líka fær hún aukið rekstrarfé í gegnum sínar hendur. Ég man ekki betur en hæstv. fjmrh. viðurkenndi það hér á dögunum, að það mundi nú kannske ekki allt koma í ríkiskassann, sem frá verzluninni ætti að koma. Og ég geri ráð fyrir því, að eftir því sem þessi söluskattur hækkar, eftir því verði tilhneigingin meiri til að skjóta honum undan.

En bæði í sambandi við tollskrána og þetta mál þarf það mjög að ákveða, og ég legg ríka áherzlu á það, að kannað verði, hvort ekki sé hugsanlegt að fella söluskatt alveg niður af landbúnaðarvörum og fiski, því að annars sé ég ekki betur en það sé enn verið að þrengja hlut landbúnaðarins og þrengja hlut láglaunafólksins í landinu, enda kemur það sjálfsagt á daginn, ef þessi frv. verða samþ. óbreytt, að þetta verður til þess að ýta undir vaxandi kaupkröfur í landinu. Það getur ekki verkað á annan hátt.

Umr. frestað.

Á 26. fundi í Nd., 16. des., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. hafa endurtekið það í þeim umr., sem hér hafa farið fram á undanförnum dögum, að tollalækkun sú, sem væntanleg er, standist á við hækkun söluskattsins, sem hér er ráðgerð. Og á þingmannafundinum í sjónvarpinu í gærkvöld orðaði hæstv. viðskmrh. þetta enn og fullyrti, að tollalækkunin næmi jafnmiklu og söluskattshækkunin, og af því leiddi, að engin hækkun yrði á framfærslukostnaði í landinu. Þetta ætla ég að menn hafi heyrt greinilega í gærkvöld.

Ég á erfitt með að skilja þessa fullyrðingu og þarf ekki annað en að vitna í upplýsingar, sem hæstv. ráðh. hafa sjálfir gefið í þessum umr., sem hér hafa farið fram. Ég held að ég muni það rétt, að þeir hafi skýrt svo frá, að tollalækkanirnar nemi rúmum 400, kannske 450 millj. kr., en að söluskattshækkunin skapi ríkissjóði tekjur, sem nemi 220 millj. kr. fyrir hverja einingu, sem söluskatturinn hækkar um, og þá hljóta það að vera 770 millj. alls. Nú skal ég játa, að ég er ekki alveg viss um, hvort í þessari upphæð er hlutur sveitarfélaga eða ekki. Ef hlutur sveitarfélaga er ekki inni í þessari upphæð, þá er það sjálfsagt á 9. hundrað millj. kr., sem söluskatturinn hlýtur að hækka um. Það er mér algerlega ofvaxið að skilja, hvernig það má verða, að 400—500 millj. kr. tollalækkun geti þurrkað út 770—800 millj. kr. söluskattshækkun. Ef hæstv. ríkisstj. getur þannig þurrkað út 300—350 millj. eða látið þær alveg gufa upp, án þess að það komi við framfærslukostnað í landinu, þá eru þeir meiri spekingar heldur en ég hef álitið, og þá hefði þeim vafalaust verið óhætt að hækka söluskattinn miklu meira en þetta og afla sér þannig tekna til þess að koma af stað ýmsum framkvæmdum, sem við erum allir sammála um. Ef þeir geta látið 300—350 millj. kr. hverfa, án þess að það komi við framfærslukostnaðinn í landinu, þá er það mér óskiljanlegt.

Ég vil beina því sérstaklega til hv. fjhn., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, að hún athugi þessa hlið málsins. Er það rétt, að framfærslukostnaður í landinu hækki ekkert, þó að söluskatturinn hækki svo miklu meira en tollalækkunum nemur? Hins vegar er ekkert um það að villast, að söluskattur kemur ákaflega mikið við framfærslukostnað manna og þá ekki sízt við verðlag á matvælum. En matvælin eru viðkvæm fyrir alla láglaunamenn og barnmargar fjölskyldur, eins og mönnum er kunnugt. Matarkaupin eiga menn örðugt með að skera niður, þó að þeir vildu svo. Því er ljóst, að söluskattshækkanir, sem valda verðhækkunum á matvælum, eru ákaflega alvarlegur hlutur.

Fyrir 4 árum fór fram neyzlurannsókn og samkvæmt henni var grundvöllur framfærsluvísitölunnar bundinn 1965. Í þeirri neyzlurannsókn geta menn séð, — og það hafa þm. í sínum fórum, — hvað matvörurnar hjá fjögurra manna fjölskyldu kostuðu þá yfir árið, og ef þeir líta á þróun verðlagsins í landinu, þá geta þeir líka séð, hvað matvörur kostuðu fyrir t. d. 10 árum og hvað þær kosta núna handa fjögurra manna fjölskyldu yfir árið. Ég hef athugað þetta og sé, að ef fjögurra manna fjölskylda notar jafnmikið af matvörum og fram kom í þessari neyzluvörurannsókn 1965, þá mundu þessar matvörur hafa kostað rúmar 25 þús. kr. fyrir 10 árum, eða í nóv. 1959. En hvað kosta þær núna? Það ætti hv. þm. að vera kunnugt, þeir fylgjast sjálfsagt með skýrslum Hagstofunnar. Þessi matvæli kosta núna rúmar 100 þús. kr., í nóv. 1969. Verðið á matvælunum hefur fjórfaldazt á þessu 10 ára tímabili. Hækkunin á þessum útgjaldalið manna er því hvorki meira né minna en 75 þús. kr. á tímabilinu, og af þessum 75 þús. kr. eru 33 þús. einungis hækkunin á 2 síðustu árum. Frá því í nóv. 1967 þar til í nóv. núna í haust hækkuðu matvælin hjá 4 manna fjölskyldu um 33 þús. kr. Þetta geta menn sjálfsagt fengið staðfest, ef þeir athuga skýrslur Hagstofunnar um þessi efni. En þegar slíkar hækkanir verða á þessum útgjaldalið hjá 4 manna fjölskyldu, hvað halda menn þá, að hækkanirnar nemi miklu hjá hjónum með 5—6 börn, þegar fjölskyldan er orðin 7—8 manns? Á þessum sama tíma hefur kaupgjald að vísu hækkað og tímakaup verkamanns samkvæmt 2. taxta Dagsbrúnar, en eftir þeim taxta vinna tiltölulega flestir af verkamönnum. Það tímakaup var núna í nóvember kr. 64,70 í dagvinnu. Það munu vera eitthvað í kringum 2200 dagvinnutímar hjá verkamanni á árinu. Reiknast mér þá svo til, að árskaup slíks verkamanns sé um 142 þús. kr., hafi hann engar aðrar tekjur en af dagvinnunni einni, en vinni þó alla virka daga fullan vinnudag, — 142 þús. kr. Ef 4 manna fjölskylda vill nú veita sér svipað mataræði og fyrir 4 árum, þá kostar það rúmar 100 þús. kr. Þá eru ekki eftir nema rúmar 42 þús. kr. af árstekjum mannsins. Af þessum 42 þús. kr. verður hann svo, samkvæmt þeim skýrslum sem fyrir liggja, að borga í kringum 11 þús. kr. í almannatryggingar,

sjúkrasamlag og þess háttar gjöld, og um 14 þús. kr. í rafmagn og hita. Þessir tveir liðir eru um 25 þús. kr. miðað við núverandi verðlag. Þá er nú ekki orðið ýkjamikið eftir af árskaupinu, eða um 17 þús. kr. Það fer til þess að fá húsnæði leigt handa fjölskyldunni, ef það kostar ekki nema 1400 kr. á mánuði, en það má ekki kosta meira. Og svo blasir nú reyndar við hækkun á rafmagninu, að okkur er tjáð, og hún allveruleg, og ofan á þá hækkun, eftir áramótin, bætist svo söluskattshækkunin, svo að þetta verður allt kostnaðarsamara, þegar kemur fram á árið.

Ég held, að menn sjái á þessu, við hvers konar kjör þessir láglaunamenn búa og hvaða þýðingu það muni hafa, ef nú koma verulegar verðhækkanir á lífsnauðsynjar þeirra. Slíkur fjölskyldufaðir sem ég nefndi hér áðan getur ekki veitt sér það að kaupa fatnað á fjölskylduna. Það eru að vísu ótaldar fjölskyldubæturnar, sem í hans hlut munu falla, í kringum 8700 kr. með 2 börnum. Þær duga nú ekki fyrir 1/5 hluta af þeim fatnaði, sem slík fjölskylda notaði fyrir fjórum árum. Þá er ekkert eftir til annarra þarfa, ekkert í hreinlætisvörur, ekkert í læknishjálp, ekkert í búsáhöld, ekkert í ferðalög, ekki einu sinni í strætisvagninn, engin bók, ekkert blað, ekkert útvarp, ekkert sjónvarp, enginn sími, engin póstgjöld, — ekkert af þessu tagi. Og þó er hér gert ráð fyrir, að hann fái húsnæði fyrir 1400 kr. á mánuði. Svona eru kjörin hjá þessu fólki núna. Og á það svo að fá hækkun á lífsnauðsynjarnar með hækkuðum söluskatti?

Annars stoðar lítið að vitna í vísitölu framfærslukostnaðar, vegna þess að þeir, sem aðeins geta keypt dýrustu nauðsynjarnar, — en það eru matvælin, þau hafa hækkað mest af öllu á undanförnum árum, — þeir búa við miklu hærri framfærsluvísitölu heldur en aðrir menn. Þeir sem ekki hafa efni á því að kaupa annað, svo að segja lítið annað en matvæli, þeirra framfærsluvísitala er miklu hærri en hinna, sem geta veitt sér allar þær nauðsynjar, sem reiknað var með fyrir 4 árum. Þess vegna er núverandi framfærsluvísitala ekki raunhæf nema fyrir þá menn, sem geta keypt sér allar þær nauðsynjar, sem reiknað er með í grundvelli vísitölunnar. Annars sýnir hún algerlega ranga mynd af þeim kjörum, sem fólk býr við.

Það þykir kannske ótrúleg saga, en ég trúi henni samt, sem mér hefur borizt til eyrna, að til séu fjölskyldur hér í borg, sem hafi gripið til þess ráðs að borða aðeins eina máltíð á dag. Sagan þykir kannske ótrúleg, en mér finnst hún mjög trúleg, því að ef 5—7 manna fjölskylda á að greiða 6—7 þús. kr. í húsnæðiskostnað á mánuði, um 3 þús. kr. í rafmagn, hita og opinber gjöld, en hefur svo ekki nema 12 þús. kr. mánaðartekjur, þá verður húsbóndinn að grípa til örþrifaráða, ef hann á að komast af á nokkurn hátt.

Mér finnst að alþm. verði að gefa því gætur, þó að þeim sjálfum líði vel fjárhagslega, að þeir verði ekki sljóir fyrir því, sem er að gerast í kringum þá. Ég hef dregið fram þessi atriði í kjörum láglaunamanna fyrst og fremst til að beina því til hv. fjhn., sem fær þetta frv. sennilega til meðferðar. Það má svo sem nefna það í þessu sambandi, að fjölskyldubætur áttu á sínum tíma að vera til stuðnings þessu fólki, barnmörgu fjölskyldunum. En á sama 10 ára tímabili, sem matvörur hafa hækkað í verði um nær 300%, þá hafa fjölskyldubæturnar hækkað um 64%. Þannig var hugsað um mál þeirra barnmörgu. Annars held ég, að það væri réttast og hyggilegast að hætta að borga niður vöruverð og hætta að greiða fjölskyldubætur til hálaunamanna, en nota þetta fjármagn eingöngu til hækkunar á fjölskyldubótum til láglaunamannanna og til hækkunar tryggingabóta handa óvinnufæru fólki, hvort sem það er af elli eða sjúkdómum. Þetta eru þeir einstaklingar í þjóðfélaginu, sem mest ríður á að hjálpa nú, og þá á að gera það. Það er að mínum dómi lítil nauðsyn á að borga niður kjöt, mjólk og smjör handa mönnum með 400—700 þús. kr. árstekjur. Ég sé enga nauðsyn á því. Og ég sé heldur enga nauðsyn á því að vera að borga fjölskyldubætur til þessara sömu manna. Þeir þurfa þeirra ekki með. Fjárhagsleg afkoma þeirra er svo gerólík hinna, sem hafa fyrir mörgum að sjá og eru tiltölulega lágt launaðir.

Ég endurtek tilmæli mín til hv. n., sem fjallar um þetta frv., að taka það rækilega til athugunar. Hún hefur nógan tíma til þess, þar sem það verður ekki afgr. endanlega fyrr en einhvern tíma seint í janúar.

Magnús H. Gíslason: Herra forseti. Ég var nú víst á mælendaskrá hér í gær, þegar þetta mál var tekið á dagskrá, og ég hefði reyndar getað fallið frá orðinu þá, og hefði raunar gert það, ef ekki hefði staðið svo á, að annar háttv. þm. var fyrir á mælendaskránni, og sem nú hefur talað. Þess vegna sá ég ekki ástæðu til þess að falla frá orðinu að öllu leyti. Hins vegar lofaði ég hæstv. forseta að vera mjög stuttorður, og við það ætla ég að reyna að standa, þó að ég hefði í raun og veru haft nokkra tilhneigingu til að ræða þetta mál almennt, út frá sjónarmiði hins venjulega og almenna skattgreiðanda. Ég ætla að sleppa því að mestu leyti og aðeins minnast hér örfáum orðum á tvö atriði í sambandi við þetta mál, sem að vísu eru í mínum augum meginatriði.

Það er áformað, skilst mér, í sambandi við þennan söluskatt, sem nú á að fara að leggja á á næstunni, að hann leggist jafnt á allar neyzluvörur, a. m. k. flestar algengustu og almennustu neyzluvörur í landinu. Ég held fyrir mitt leyti, að þessi leið sé ekki fær. Ég er að vísu ekki mikið kunnugur högum manna almennt, en töluvert þó, einkum úti um landið, bæði í sveit og við sjó, og ég sé sannast að segja ekki betur en að dýrtíðin sé orðin það mikil, vöruverðið yfirleitt orðið það hátt, að það er að verða, og er raunar þegar orðið, gersamlega útilokað fyrir fólk, sem aðeins hefur venjuleg laun, hvort sem það eru bændur eða aðrir, að veita sér þær nauðsynjar, sem þeim eru í raun og veru óhjákvæmilegar, til þess að geta lifað, þó ekki sé nema einfaldasta lífi. Ég held að í þessum efnum séum við komnir út fyrir þau mörk, sem raunverulega er yzt hægt að draga. Og ef enn á að vega í þennan knérunn, þá held ég, að það fari ekki hjá því, að það hljóti að hefna sín. Ég er að vísu ekki verulega kunnugur verðlagi í höfuðstaðnum, og það má vel vera að það sé svipað hér og úti um landið, t. d. hvað snertir verð á matvælum. En á ýmsum vörum þó, hygg ég að verð hér í höfuðstaðnum sé hagstæðara, sé lægra heldur en á sams konar og svipuðum vörum úti um land.

Ég skal í þessu sambandi aðeins nefna eitt dæmi. Unglingur, mér nákominn, fór hingað til Reykjavíkur í haust. Áður en hann fór, spurði hann eftir verði á tiltekinni vörutegund fyrir norðan, keypti vöruna að vísu ekki, en spurði bara eftir verðinu. Svo fór hann hingað suður og rakst hér í búð á nákvæmlega sömu vöru. Það var ekki að sjá neinn mun þar á, hvorki að gerð né gæðum. En á verðinu munaði því, að þessi unglingur, sem fór báðar leiðir, fram og til baka, með Norðurleiðarrútunni, gerði meira en spara fargjaldið báðar leiðir með því að kaupa þessa vöru hér en ekki fyrir norðan.

Þetta er nokkuð mikill verðmunur, finnst mér, og ég skal ekki segja, hvort þetta er svona yfirleitt, en á ýmsum vörum mun þetta vera þannig. Hver orsökin til þessa er, skal ég ekkert um segja, en það er hins vegar blákköld staðreynd, að við dreifbýlisfólk búum að ýmsu leyti, hvað sumar vörur snertir, við óhagstæðari kjör heldur en hér gerist. Þegar menn miða við verðlag á ýmsum vörum hér í Reykjavík, sem ég býst við, að margir alþm. geri, þá gefur það ekki að öllu leyti rétta mynd af ástandinu eins og það er.

Ég held, að ef þessi söluskattshækkun verður framkvæmd, eins og mér virðist vera fyrirhugað, þá leiði það óhjákvæmilega til þess, að fram verður knúið hækkað kaupgjald, og þá heldur áfram þessi hringrás, sem við höfum alltaf verið að berjast við. Þá heldur áfram þetta ófremdarástand, sem átt hefur sér stað hér á undanförnum árum í kaupgjalds-, verðlags-, atvinnu- og fjármálum. Og það færir okkur fjær því marki að reka þetta litla þjóðarheimili okkar eins og raunverulega siðmenntað fólk. Mér virðist fyrir mitt leyti, að ýmsar þær ráðstafanir, sem hafa verið gerðar í þessum efnum á undanförnum árum, hafi verið gerðar af svo lítilli fyrirhyggju, að engu er líkara en þeir, sem fyrir þeim hafa staðið, sigli stöðugt frá landi og sjái aðeins eina vonarstjörnu fyrir stafni, og hún er sú, að geta þó, þegar allt annað þrýtur, gerzt eins konar próventukerling hjá einhverju hjartagóðu herveldi úti í hinum stóra heimi. En það er vissulega ekki svona leið, sem fólkið í landinu óskar eftir að sé farin. Það er vissulega ekki svona hlutverk, sem þjóðin óskar eftir að ráðamenn hennar ræki.

Ég vil endurtaka það, að ég vara alveg við því, að fara inn á þá braut, sem hér virðist vera ákveðin, að leggja söluskattinn tiltölulega jafnt á allar nauðsynjar. Það er ekki framkvæmanlegt. Menn mega reiða sig á það. Þetta eru aðeins varnaðarorð til þeirra manna, sem um þetta mál fjalla og koma til með að gera út um það, en þau eru sögð í fullri alvöru.

Hitt atriðið, sem ég vildi aðeins víkja fáeinum orðum að, er innheimtan á söluskattinum. Ég held, að það blandist engum hugur um það, sem fylgzt hefur með þeim málum á undanförnum árum, að sú innheimta hefur í verulegum mæli verið í molum. Hæstv. fjmrh. benti á það hér, að mig minnir, fyrir stuttu, að athuganir hefðu leitt í ljós, að það virtust ekki vera veruleg vanhöld á þessari innheimtu. Ég skal nú ekki stæla um það. Ég veit ekki, með hverjum hætti þessi athugun hefur verið gerð og ekki að fullu leyti á hverju hún hefur verið byggð, né hversu vel hún er grundvölluð. En hitt er víst, að ég og menn yfirleitt teljum okkur sjá það, bara í kringum okkur, að þessi innheimta er mjög misjöfn. Við þekkjum sjálfsagt allir fyrirtæki og verzlanir, sem starfa svo að segja hlið við hlið, hafa svipað umleikis, svipuð viðskipti, svipaða verzlun, en þegar kemur að því að greiða söluskatt af þessum viðskiptum, þá getur munað á honum hjá þessum sömu fyrirtækjum allt að helmingi. Og hvernig stendur á þessu? Ég fæ ekki sé, að það geti stafað af öðru en því, að fyrirtækið, sem þarna sleppur svona vel, hljóti í verulegum mæli að stinga í eigin vasa þeim söluskatti, sem viðskiptamaðurinn er búinn að greiða fyrir vöruna, í stað þess að láta hann renna til þess, sem á að fá hann, þ. e. ríkissjóðs.

Það mætti tala langt mál um þetta. Og ég gæti nefnt um þetta alveg ákveðin dæmi, sem ég þekki til, en ég ætla ekki að gera það hér nú. Og vegna þess, að ég lofaði hæstv. forseta því að tala mjög stutt, þá ætla ég að láta máli mínu lokið, en ég vildi aðeins skjóta þessu að nú, að ef á að fara að hækka söluskattinn, þá er það um leið alveg höfuðatriði í mínum augum, að innheimtan á honum sé gerð virkari, ákveðnari og betri heldur en hún hefur verið hingað til. Hækkun á söluskatti, án þess að bæta innheimtuna, er að mínu áliti gersamlega óréttlætanleg. Og því vil ég skjóta til þeirrar n., sem hefur með þetta mál að gera, og til þingsins í heild, að það ætti að vera nógur tími til að taka þetta mál til athugunar og kippa því a. m. k. að einhverju leyti í lag, á þeim tíma, sem það tekur að koma þessu máli héðan út úr þinginu.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs hér áðan og var ætlun mín að ræða í nokkrar mínútur um söluskattinn og gera grein fyrir afstöðu minni til hans. Ég hef áður fyrr tekið afstöðu til söluskattsins sem tekjustofns og þá verið andvígur þeirri tekjuöflun af ýmsum ástæðum og hefði kosið oft og tíðum, þegar sú leið hefur verið valin, aðrar leiðir fremur.

Nú hefur hæstv. ríkisstj. valið þann kostinn að bera fram frv. um söluskatt til þess að bæta ríkissjóði upp þann tekjumissi, sem hann verður fyrir vegna niðurfellingar á tollum. Þetta er auðvitað alveg laust við efni og inntak EFTA-málsins. Ríkisstj. hafði frjálst leiðaval um það, hvernig afla skyldi tekna í stað lækkunarinnar á tollunum, og hún hefur valið þessa leið.

Það er almennt viðurkennt, að söluskatturinn skilar sér illa. Það er tekið meira fé, vafalaust mun meira, af gjaldþegnunum heldur en ríkissjóður fær. Verkalýðshreyfingin hefur áður borið fram till. um að reyna að setja undir þennan leka með því t. d., að söluskatturinn væri innheimtur strax í tolli, og fengi ríkissjóður þá allar þær tekjur, sem á eru lagðar, í þessu formi. Þessi leið hefur ekki fengizt reynd og áfram er haldið að innheimta skattinn með þeim hætti, sem nú hefur verið reynt í mörg ár, með þeim árangri, að flestir eru sammála um, að hann skili sér mjög illa, og heyrði ég ekki annað á hæstv. fjmrh. en hann væri einnig þeirrar skoðunar.

Það er ætlun ríkisstj. að hækka söluskattinn um 3½%, þannig að hann verði 11% og leggist á allar vörur, að öðru leyti en því, að niðurgreiðslur skulu koma á kjöt og smjör, skilst mér, svo að þeir vöruflokkar verði í raun

og veru ekki fyrir barðinu á söluskattsinnheimtunni. Þetta finnst mér allt of takmarkað svið, en miklu fremur hefði verið hægt að sætta sig við söluskattsformið, eða svo er a. m. k. um mig, ef fleiri lífsnauðsynjar almennings hefðu verið undanþegnar, — annaðhvort alveg lausar við söluskattinn eða þá komið í þennan málaflokk, þar sem honum er létt af með endurgreiðslu. Hygg ég þó, að miklu hreinlegra hefði verið að undanþiggja allmargar brýnustu lífsnauðsynjavörur almennings hreinlega söluskattinum í löggjöfinni.

Annar meginagnúinn á söluskattinum er sá, að það dylst engum, að hann leggst þyngst á stærstu fjölskyldurnar í landinu, og þar með kemur hann niður þar sem sízt skyldi. Byrðar þeirra fjölskyldna eru ærnar, svo sem launamálum er háttað í landinu í dag, og er ekki á bætandi.

Þá kemur það þriðja til, og að því hafa verið færð allgild rök, að með söluskattinum og þessari hækkun hans, sem nú á að lögfesta, muni verða innheimt mun meira fé heldur en nemur þeirri lækkun tolla, sem um er að ræða, og finnst mér ekki hafa komið fram nægilega sterk rök af hendi hæstv. fjmrh. um að hnekkja þessu áliti þm., sem komið hefur hér fram í umr. Ef svo er, ef það er rétt, sem mér finnst miklar líkur benda til, að þessi söluskattsinnheimta sé að upphæð stórum meiri en nemur tollalækkuninni, og það sé þannig rangt, að söluskatturinn og lækkun tollanna standist á, þá er málið í raun og veru enn þá verra. Þá er þarna um nýja og dulbúna skattlagningu á almenning að ræða og þá einkum á þá, sem ekki er forsvaranlegt að þyngja skattabyrðina á.

Það er öllum kunnugt og hefur verið bent á það hér í umr., að matvörur ýmsar eru lágtollavörur og sumar þeirra ótollaðar. Það er því bert öllum, að þegar 11% söluskattur kemur á þær vörur, sem ekki voru tollaðar, hljóta þær að verða fyrir verulegri verðhækkun. En hins vegar hátollaðar vörur, þó að á þeim sé nú lækkaður tollurinn um 30% og á þær leggist síðan 11% söluskattur, — þ. e. a. s. þær hafa verið í söluskatti áður og það bætist bara við 3½% söluskattur í hækkun, — þá er greinilegt, að þær lækka í verði. Þetta held ég, að séu allslæm kaup fyrir þá, sem ekki hafa tekjur fyrir öðru en brýnustu lífsnauðsynjum. Glys og glingur, sem almenningur hefur ekki efni á að kaupa, getur þannig lækkað í verði, en lífsnauðsynjar hljóta að hækka. Þess vegna hef ég aldrei getað skilið, að það sé rétt niðurstaða, að þessi breyting á skattlagningu þegnanna hafi engin áhrif á vísitöluna. Þá er eitthvað rangt við vísitöluna. En svona tilfærsla á byrðum á gjaldþegnana hlýtur að færast af þeim, sem verulegum hluta tekna sinna geta varið til kaupa á miður þörfum vörum, og yfir á herðar þeirra, sem verða að verja mestum hluta tekna sinna til brýnustu lífsnauðsynja.

Þetta getur ekki verið í ógáti gert. Þetta hlýtur að vera stefnuatriði hjá hæstv. ríkisstj., að færa byrðar skattanna þannig til, og harma ég það, að svo skuli gert. Mér finnst ólíklegt, að nokkur alþýðuflokkur, a. m. k. norðan Alpafjalla, gæti hugsað sér að fara slíka skattlagningarleið, með tillití til þeirra byrða, sem á hina fátækari í þjóðfélaginu eru lagðar með slíkri skattheimtu. (Gripið fram í.) Mér er ekki kunnugt um það, en ég hygg, að Hannibal yrði að fara suður fyrir Alpafjöll a. m. k. til þess að finna slíkan jafnaðarmannaflokk. En ég ætla ekki að leggja slíka ferð á mig, þó að það sé nú auðveldara að komast þangað heldur en áður fyrr. Þessu til sönnunar vil ég nú nefna afstöðu forystumanna Alþfl. á Íslandi fyrr til söluskatts, og hef ég þar fram að færa vitnisburð allra núlifandi formanna Alþfl. (Gripið fram í.) Þar á meðal Hannibal, já. Ég ætla að byrja á vitnisburði, sem liggur fyrir í þingtíðindum, eftir Harald Guðmundsson, fyrrv. formann Alþfl. Hann sagði, samkv. þingtíðindum, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég álít, og Alþfl. er sömu skoðunar, að af, mér liggur við að segja af öllum tollum, sem á eru lagðir hér hjá okkur, sé söluskatturinn ranglátastur og óskynsamlegastur. Hann er ranglátastur af því, að hann lendir langþyngst á þeim, sem minnsta getu hafa til að greiða til opinberra þarfa. Hann fellur langþyngst á barnmargar fjölskyldur og stór heimili, og þarf ekki að eyða orðum að því, hversu ranglátt slíkt fyrirkomulag er til innheimtu opinberra gjalda. Í öðru lagi liggur í augum uppi, að söluskattur hlýtur að hækka verðlag í landinu og þar með dýrtíðina, a. m. k. sem skattinum nemur og þeirri álagningu, sem óhjákvæmilega hlýtur að koma á hann í öllum viðskiptum. Sú aukna dýrtíð, sem af þessu stafar, kemur svo fram í hækkuðum framleiðslukostnaði. Af því leiðir aftur, að útflutningsvörur okkar, sem framleiddar eru með þessum háa framleiðslukostnaði, verða torseldari og standa þess vegna lakar að vígi í samkeppni við hliðstæðar vörur á heimsmarkaðinum." Enn fremur segir Haraldur Guðmundsson: „Tollur þessi og skattur er því hvort tveggja í senn, ranglátur gagnvart þeim, sem greiða hann, og mjög óskynsamlegur frá sjónarmiði þjóðfélagsheildarinnar."

Já, það er rétt, sem einhver hv. þm. skaut núna inn í undir þessum lestri. Þetta er skörulega mælt af fyrrv. formanni Alþfl., Haraldi Guðmundssyni.

Þá er til vitnisburður í sömu heimild, þingtíðindunum, haft eftir núverandi utanrrh. og þannig einum af aðstandendum þessa söluskattsfrv., Emil Jónssyni. Hann sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Hann (þ. e. a. s. Alþfl.) vill allra sízt, að versti skatturinn úr dýrtíðarlögunum sé framlengdur, en ég fullyrði, að sá af sköttum dýrtíðarlaganna, sem almenningi er tilfinnanlegastur, er söluskatturinn, og hann kemur allra verst við. En það er einmitt hann, sem ríkisstj. gerir ráð fyrir að framlengja."

Þá var önnur ríkisstj. heldur en núna. Nú á að hækka hann, já, versta skattinn og almenningi tilfinnanlegastan ætlar ríkisstj. nú að hækka verulega. Þetta var líka skörulega mælt af fyrrv. formanni Alþfl., núv. ráðh. í þessari ríkisstj., Emil Jónssyni. Ég veit það, að þriðji formaður Alþfl., Stefán Jóhann Stefánsson, sem var formaður hans um langt skeið, var samþykkur þessum rökstuðningi Haralds Guðmundssonar og Emils Jónssonar, og veit ég því, að svipaður vitnisburður frá hans hendi mun einnig vera til í þingtíðindum, þó að ég hafi ekki flett upp á því sérstaklega. Og er þar kominn þriðji formaður Alþfl. Og hér er sá fjórði að tala og tekur undir þessar skoðanir fyrrv. formanna Alþfl. (**LJós:** Gylfi talaði um málið líka.) Rétt er það hjá hv. 4. þm. Austf., og kemur nú að því, hvað hann hefur sagt um þetta. Samkv. Alþingistíðindum sagði Gylfi Þ. Gíslason, núv. ráðh. og formaður Alþfl.:

„Við þetta allt saman bætist svo, að söluskatturinn er í eðli sínu ranglátur. Þetta er einhver ranglátasti skattur, sem lagður hefur verið á af íslenzka löggjafanum, og það er ekki nóg með, að hann sé ranglátur í eðli sínu, framkvæmdin í söluskattsinnheimtunni hefur og verið þannig, að á því er enginn vafi, að enginn skattur hefur verið svikinn jafnstórkostlega og söluskatturinn. Það er ekki aðeins ríkissjóður, sem tekur inn mikið fé í skjóli þessara lagaákvæða, heldur taka ýmiss konar atvinnurekendur einnig inn stórfé í skjóli þessara ákvæða. Það er auðvelt að svíkja tekjuskatt fyrir þá, sem hafa stórfelldan atvinnurekstur með höndum. Það er þó margfalt auðveldara og er jafnframt opinbert leyndarmál, að skattsvikin eru enn gífurlegri í söluskattinum."

Þarna er ekki hálfvelgjan í afstöðunni gegn söluskatti og ranglæti, og ranglætið er gífurlegra en skattsvik í tekjuskatti. Höfundur þessarar tilvitnunar er núv. hæstv. menntmrh., sem stendur að flutningi þessa söluskattsfrv., og er það þá vitnisburður fjórða Alþfl.-formannsins, sem hefur markað ákveðna stefnu gegn söluskatti.

Nú er spurningin: Hefur söluskattur, síðan þessi orð voru töluð af öllum þessum formönnum Alþfl., breytzt eða hefur afstaða allra þessara manna gjörbreytzt og þá hvers vegna? Ég held, að það hljóti að vera í samræmi við skoðanir þeirra Alþfl.-formanna, sem ég hef hér vitnað til og eru nú í hæstv. ríkisstj., full ástæða fyrir þá að endurskoða þessa afstöðu, rifja upp sína fyrri afstöðu eða gera grein fyrir breyttum eðlisrökum, sem valdi slíkri kúvendingu í afstöðu til þessarar tekjuöflunarleiðar. En svo mikið er víst, að af öllum þessum mönnum er því slegið föstu, að þetta sé einhver ranglátasta tekjuöflun og ósanngjarnasta, sem hugsanleg sé gagnvart láglaunafólki í landinu. Og ég held, að þessir menn hafi rétt fyrir sér.

Ég skora því bæði á þá Alþfl.-foringja, sem nú eiga sæti í ríkisstj., og aðra Alþfl.-menn, sem sæti eiga á Alþ., að freista þess, að horfið sé frá þessari skattheimtu í þessu formi, og finna aðrar leiðir til að afla fjárins, sem ríkissjóður missir af vegna tollalækkananna. En ef menn umfram allt vilja afla þessa fjár með söluskatti, þá verði a. m. k. farin sú leið, að undanþiggja söluskattsinnheimtunni brýnustu lífsnauðsynjar almennings og hækka þá heldur söluskattinn á hinum miður nauðsynlegu vörum, sem þeir efnuðu nálega einir geta leyft sér stórfelld kaup á.

Það væri líka hugsanlegt og teldi ég hreinlegast að hverfa algerlega frá söluskattsinnheimtunni og treysti því, að ráðh. Alþfl. í núv. ríkisstj., sem svo skörulega hafa mælt og svo sterklega rökstutt ágalla söluskattsinnheimtu, þeir beiti sér fyrir breytingu á þessari innheimtu nú. Það væri í samræmi við þeirra sterka rökstuðning áður og áreiðanlega í samræmi við þeirra lífsskoðun.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það var skörulega mælt, sem síðasti hv. ræðumaður sagði hér um söluskattinn, og ég er honum sammála um það, að það er bölvaður skattur og óréttlátur á margan hátt. En ég held, að hann þurfi að átta sig á því, að þessi skattur eða þetta frv., sem hér liggur fyrir, er í föstum tengslum við till. ríkisstj. um aðild að EFTA.

Hv. þm. sagði í upphafi síns máls, að hann hefði viljað, að sú breyting hefði verið gerð á söluskattinum, að hann væri innheimtur í tolli, en ekki á þann hátt, sem nú er gert samkv. lögum. Þessi ummæli hv. þm. sýna mér það, að hann hefur engan veginn gert sér grein fyrir því, um hvað EFTA-sáttmálinn er, sem hann er þó fylgjandi. Að innheimta söluskatt í tolli er ekki heimilt samkv. EFTA-sáttmálanum. Það er mismunun. Ef sá háttur væri tekinn upp að innheimta söluskatt í tolli, þá gefur auðvitað auga leið, að þá er þar um að ræða skattlagningu á fullunninni vöru, sem inn í landið kemur, ekki aðeins á hráefnunum í vöruna, heldur einnig á þeim vinnulaunum og ýmiss konar kostnaði, sem þar er um að ræða. En innlendi iðnaðurinn fengi þá sérstöðu, sem óheimil er samkv. EFTA-sáttmálanum. Ég held, að þetta litla atriði mætti kannske sýna hv. þm., að það er ekki eins auðvelt og hann heldur að ætla að slíta þessi tvö mál í sundur, sem eru nátengd og koma hér fyrir þingið sem tvö samgróin mál.

Það var auðvitað ekkert um það að villast, að þegar var ákveðið að semja um það við inngöngu í EFTA, að ákveðnir tollar ættu niður að falla, þá hlutu hér að verða talsverðar breytingar á skattheimtu ríkisins. Og ríkisstj. dró aldrei neina dul á það í EFTA-viðræðunum, sem hv. þm. hafði alla aðstöðu til að fylgjast með, að hún ætlaði sér að taka upp hækkaðan söluskatt. Nú hef ég veitt því athygli, að þessi hv. þm. og hans flokkur hafa lýst því yfir, að þeir telji, að það hafi verið — (Gripið fram í.) Já, þetta er flokkur, eða a. m. k. hef ég tekið eftir því, að tilkynningar hafa borizt um það, að flokkurinn heiti að vísu Samtök, en eigi að síður er það flokkur. (**Gripið fram í:** Það er rangt.) Ja, ég hef skilið þetta þannig, að flokkurinn heiti ákveðin samtök, það er ekkert við því að segja. En ég held, að það geti ekki farið neitt á milli mála, að sá flokkur, sem að því vill standa að semja um það, að tilteknir tollar falli niður, — og honum var það einnig ljóst allan tímann, að uppi var till. um það, að í staðinn fyrir niðurfellingu þessara *tolla skyldi koma hækkaður söluskattur*, — *og lýsir því* yfir, að hann telji, að vel hafi verið að samningum staðið á allan hátt og það sé í rauninni ekki um meira að biðja í þeim efnum, hann hlýtur vitanlega eðli málsins samkv. að bera ábyrgð á hækkun söluskattsins, sem nú á að samþykkja.

En það er auðvitað ekkert nýtt, að formenn Alþfl. hafi tekið stórt upp í sig í sambandi við söluskatt, en breytt svo á annan veg. Því miður sýnist mér, að það sé alveg það sama að gerast hjá þessum hv. þm. Hann fer að eins og fyrri formenn og núv. formaður Alþfl., tekur stórt upp í sig og bannfærir þennan skatt, en er raunverulega að vinna að því að samþykkja hækkun á skattinum. Það er það, sem er að gerast. Ég vil nú samt vona, að þessum málum sé í rauninni þannig háttað, að hv. þm. sé í eðli sínu á móti söluskattinum og á móti hækkun hans og hann hafi fyllilega áttað sig á því, hvaða afleiðingar hún hefur.

En mér finnst það, sem hann hefur sagt um þetta mál, sýna enn þá betur, að hann hefur hins vegar ekki áttað sig á því, hvað hann er að gera, þegar hann er að samþykkja aðildina að EFTA.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Ég hafði reyndar ekki hugsað mér að taka til máls í þessum umr. um það söluskattsfrv., sem hér liggur fyrir. En ræða hv. 9. þm. Reykv. áðan hefur gefið mér tilefni til örstuttra aths.

Hann ræddi um þá breytingu, sem orðið hefur á afstöðu Alþfl. í skattamálum almennt, og sérstaklega til söluskatts. Ég veit, að hv. þm. hefur svo lengi fylgzt með málefnum Alþfl., að hann veit vel, að á afstöðu Alþfl. til skattamála hefur orðið mikil breyting frá þeim tíma, er flokkurinn beitti sér fyrst og fremst fyrir beinum sköttum, en var algerlega á móti óbeinum sköttum. Ég veit einnig, að hv. 9. þm. Reykv. fylgist það vel með bræðraflokkum Alþfl. erlendis og þá sérstaklega á Norðurlöndum, að hann hlýtur að vita, að hjá þeim hefur orðið svipuð breyting á þessari afstöðu og hjá íslenzka Alþfl. Það eru ekki hinir einstöku forustumenn Alþfl., sem hafa tekið þessa afstöðu, heldur hefur Alþfl. sem heild mótað afstöðuna, og tel ég óhætt að segja, að höfuðbreytingin í þessu efni hjá okkur í Alþfl. sé um 10 ára gömul. Það var fyrst og fremst, þegar söluskattur var hækkaður 1960 og jafnframt gerð mikil og róttæk breyting á tekjuskatti, sem Alþfl. markaði sína stefnu í þessum málum. Eins og kom hér fram hjá hv. 4. þm. Austf. hefur Alþfl. allar götur frá þeim tíma ekki farið dult með þá skoðun sína, að við ættum að brjóta niður þá tollmúra, sem við höfum umgirt okkur með, en taka í þeirra stað upp aukinn söluskatt.

Við þessar umr. hefur það komið fram hjá andstæðingum söluskattsfrv., að þeir vilja minnka þann gjaldstofn, sem skatturinn er lagður á, og undanskilja helztu nauðsynjavörur, eins og þeir nefna það. Ég vil til fróðleiks fyrir hv. 9. þm. Reykv. og aðra, sem ræða um málið á þessum grundvelli, upplýsa það, að ágreiningur hefur verið milli núv. stjórnarflokka í Noregi og stjórnarandstöðuflokksins, sem er Verkamannaflokkurinn norski, um söluskattinn, sem nú hefur verið breytt í verðaukaskatt. Stjórnarflokkarnir hafa ákveðið, að verðaukaskatturinn skuli vera samtals 20%, en Verkamannaflokkurinn lagði til, að skatturinn yrði aðeins 15%. Þessi mismunur á upphæð skattsins í prósentutölu byggðist á því, að Verkamannaflokkurinn norski vildi, að gjaldstofninn, sem skatturinn verður lagður á, yrði mun víðtækari en sá gjaldstofn, sem stjórnarflokkarnir lögðu til. Þetta vildi ég, að kæmi fram í þessum umr., vegna ummæla hv. 9. þm. Reykv. um afstöðu Alþfl. í þessu máli. Mér er það hins vegar ljóst, eins og sjálfsagt öllum hv. þm. öðrum, að sú breyting á skattinnheimtu ríkisins, að dregið er úr skattheimtunni hvað tekjuskatt snertir og tollar lækkaðir, en aftur á móti aukinn söluskattur, hlýtur að hafa margar aðrar víðtækar breytingar í för með sér, eins og reyndar hefur verið minnzt á hér í þessum umr.

Árið 1960, þegar söluskatturinn var hækkaður, voru gerðar mjög víðtækar ráðstafanir til þess að draga jafnhliða úr tekjuskatti. Jafnhliða þessari hækkun söluskattsins, sem nú er rædd, eru gerðar ráðstafanir til þess að draga úr verkunum skattsins, fyrst og fremst með því að auka fjölskyldubætur og með því, að ákveðið hefur verið, að á skattfrádrátt verði reiknuð skattvísitala.

Ég vil ekki halda því fram, að slíkar ráðstafanir, sem á að gera núna, ásamt hækkun ellilífeyris og örorkubóta, séu nægjanlegar, þegar verkanir söluskattshækkunarinnar koma fram að fullu. En ég fyrir mitt leyti styð samt hækkun söluskattsins og þær breytingar allar, sem nú er verið að gera og eru auðvitað þáttur í aðgerðum okkar samfara aðildinni að EFTA, eins og hv. 4. þm. Austf. nefndi áðan. Ég styð þessa hækkun söluskattsins í trausti þess, að áfram verði haldið að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að létta af gjaldendum tekjuskatti og til þess að bæta hag þeirra verst settu í þjóðfélaginu með endurskipulagningu og aukningu almannatryggingakerfisins.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það var meira af vilja en mætti hjá hv. 4. þm. Austf. að reyna að gera eitt og sama mál úr inngöngu Íslands í EFTA og skattafrv. hér á Alþ. um álagningu söluskatts. Það tókst honum ekki og tekst honum aldrei, þó hann reyndi að færast slíkt í fang. Það er vitanlega enginn óaðskiljanlegur hluti af inngöngu Íslands í EFTA, hvort hér verður afgreitt söluskattsfrv. eða ekki. Íslenzka ríkisstj. hafði auðvitað alfrjálsar hendur um það, óháð afstöðunni til EFTA-málsins, hvort hún bætti sér upp tollalækkunina með söluskattsfrv. eða annarri löggjöf. Hún átti þar frjálst val um leiðir. Hún valdi bara þessa leiðina, og það var það, sem ég var að áfellast. Þetta eru tvö algerlega óháð mál, og það þarf ekki að bera það á borð fyrir hv. Alþ., að ríkisstj. hafi ekki átt neins annars úrkosti en að bera fram slíkt frv. sem þetta vegna samninganna við EFTA. Það er þeim algerlega óviðkomandi, og með svona fleipur er ekki hægt að fara í sölum Alþingis.

Að það sé í bága við EFTA-samninginn, ef söluskatturinn væri innheimtur í tolli, það er önnur fjarstæðan til. Vitanlega er söluskatturinn, í hvaða formi sem hann er innheimtur, lagður bæði á innkaupsverð vörunnar og sölumeðferð hennar, og það er enginn eðlismunur á því. Ef þetta er leyfilegt samkv. EFTA-samningnum, þá er hitt leyfilegt líka. En það hafði ég heldur ekkert fullyrt um. Ég sagði skýrt frá því í minni ræðu, að verkalýðshreyfingin hefði áður borið fram kröfur og till. við ríkisstj., þessa ríkisstj., um að breyta söluskattsinnheimtunni í það horf, að hann yrði innheimtur í tolli. En þeirri leið hefði verið hafnað, sagði ég, og var af því alveg augljóst, að ég hafði skýrt hér frá því, að við hefðum bent á þetta fyrr en nú. Og það er sannleikanum samkvæmt.

Hins vegar benti ég á það, að ef hæstv. ríkisstj. fengist ekki inn á það að hverfa frá innheimtu á söluskatti í þessu formi, væri sú leið opin að undanþiggja söluskattsinnheimtu brýnustu nauðsynjar almennings. Það var sú till., sem ég gerði nú, ef ríkisstj. fengist ekki til þess að hverfa frá að knýja fram söluskattsfrv. eins og það liggur hér fyrir. Inn á það atriði kom hv. þm. ekki, því að hann vildi halda sig við það að reyna að gera eitt mál úr þessum tveimur. En ég segi: Það er alveg óþarft fyrir hæstv. ríkisstj. að vera að spilla góðu máli, eins og EFTA, með eins afleitu máli og þetta söluskattsfrv. er. En það þarf engum að koma á óvart, að ég greiði atkv. á móti söluskattsfrv., legg þar til mitt mótatkv., alveg eins og hv. 4 þm. Austf., og get vitnað til þess, að þetta er í samræmi við mína fyrri afstöðu til slíks máls. Honum

mundi kannske hafa enzt tími til þess að fara í gegnum sjálfan sig á skemmri tíma.

Ég held, að ég láti þetta nú nægja í orðaskiptum við hv. 4. þm. Austf. Mér þykir hins vegar leitt, að ég tók fyrst eftir því að mínu máli loknu, að hvorki hæstv. utanrrh. né hæstv. viðskmrh. voru hér viðstaddir, þegar ég var að vitna í þeirra afstöðu til söluskatts, og hefði þótt það skemmtilegra, að þeir hefðu verið hér viðstaddir og getað tekið upp vörn fyrir sín skoðanaskipti, heldur en það þyrfti að koma í hlut hv. 5. þm. Vestf. En mér skilst á honum, að þetta sé allt með réttu eðli, þessi gjörsamlega öndverða afstaða hæstv. ráðh. við þeirra fyrri afstöðu, og skal ég leggja mig fram um að leggja trúnað á þá staðhæfingu hans. En skemmtilegra hefði mér þótt, að hæstv. ráðh. hefðu verið hér viðstaddir og gætu sjálfir gert grein fyrir þessum skoðanaskiptum. En vafalaust er það svo, að þessi nýja afstaða til söluskatts, í svona miskunnarlausu formi gagnvart alþýðustéttum landsins og láglaunastéttunum, að innheimta slíkan skatt af hinum stóru fjölskyldum og lágtekjufólkinu miskunnarlaust, nálega af öllum nauðsynjum, — það er líklega liður í hinni nýju jafnaðarstefnu, sem stefnuskrá Alþfl. byggist á og var kölluð hin nýja jafnaðarstefna fyrir nokkrum árum. (Gripið fram í.) Enda var af hv. 5. þm. Vestf. vitnað hér í Norðurlöndin og þaðan er fyrirmyndin komin. Nei, ég endurtek það, að 5 formenn Alþfl., allir núlifandi formenn hans, hafa allt fram að þessari stundu verið svarnir andstæðingar söluskatts í því formi, að hann legðist jafnt á allar brýnustu lífsnauðsynjar sem aðrar vörur.

Sú leið stendur opin, ef menn endilega vilja halda sig fast við þetta söluskattsfrv. og knýja það í gegn, að undanþiggja þá allar brýnustu lífsnauðsynjar almennings og hækka söluskattinn að öðru leyti. Það getur enginn sagt, að það sé ekki fær leið að vilja heldur láta meginfjármagnið, sem innheimtist með honum, lenda á lúxusvörum og glingri fremur en á lífsnauðsynjum almennings. Sú leið er opin, hún er ekki ófær. Það má vel vera, að hitt sé rétt, sem hæstv. fjmrh. hefur sagt, að það sé illframkvæmanlegt að hafa misjafnan söluskatt. Látum það vera, en hin leiðin er fær.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 28. fundi í Nd., 17. des., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23:4 atkv. og til fjhn. með 32 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 27. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 174, n. 271, 272 og 277, 276).

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt, sbr. l. nr. 61 24. des. 1964, um breyt. á þeim lögum. Fjhn. d. hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. hefur gefið út álit á þskj. 271 og minni hl. gefið út sérálit.

Við 1. umr. þessa máls gerði hæstv. fjmrh. grein fyrir þeim meginatriðum, sem frv. þetta fjallar um, þ. e. a. s. hækkun á söluskatti úr 7½% í 11%, svo og fyrirhuguðum breyt. á innheimtu söluskattsins. Hækkun söluskattsins leiðir af þeim breytingum, sem ætlað er að gerðar verði á tollskrá vegna inngöngu Íslands í Fríverzlunarsamtök Evrópu, EFTA, en gert er ráð fyrir, að töluverður tekjumissir verði hjá ríkissjóði við þær breyt., og sú söluskattshækkun, sem hér er lagt til að samþ. verði, er að verulegu leyti til þess að mæta þeim tekjumissi. Gerði hæstv. fjmrh. í framsöguræðu sinni fyrir tollskránni grein fyrir þessum upphæðum, sem eru rúmar 500 millj. kr., svo og því, að það, sem söluskattshækkunin mun gefa ríkissjóði til viðbótar, er vegna þeirra upphæða, sem samþ. voru á fjárl. til aukinna framkvæmda, svo og þeirrar upphæðar, sem ætluð er til aukningar almannatryggingum. Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja þær tölur hér frekar, en vísa til þess, er hæstv. ráðh. sagði í sinni framsöguræðu.

Hitt atriðið, sem frv. fjallar um, er þess efnis, að ráðh. sé heimilt að setja með reglugerð ákvæði um framtöl og framtalsfresti, og eins og fram kemur í nál. meiri hl., þá mun hæstv. fjmrh. við þessa umr. gera hv. Nd. grein fyrir, með hvaða hætti hann hyggst koma fram breytingum á núverandi innheimtuaðferðum við innheimtu söluskattsins.

Þegar frv. þetta var rætt í fjhn., tók n. enn fremur til meðferðar frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt, 63. mál þingsins, þskj. 68, sem flutt er af Halldóri E. Sigurðssyni o. fl., en í því frv. eru till. um niðurfellingu á söluskatti á nokkrum tilteknum vörum. Meiri hl. fjhn. er samþykkur því, að felldur verði niður söluskattur á neyzlufiski, en eins og kemur fram í nál. meiri hl., er heimild í söluskattslögum til handa ráðh. að fella niður söluskatt í sérstökum tilvikum, og mun ráðh. hér á eftir gefa yfirlýsingu þar að lútandi varðandi niðurfellingu á söluskatti á neyzlufiski. Meiri hl. fjhn. gat ekki fallizt á, að söluskattur yrði felldur niður á öðrum tilteknum vörum skv. frv., og leggur til, eins og fram kemur í nál., að verði um það fluttar brtt., þá verði þær felldar.

Frv. þetta var sent til umsagnar ýmissa aðila, og eins og fram kemur, þá bárust erindi m. a. frá Flugfélagi Íslands h. f., Eimskipafélagi Íslands h. f. og Félagi ísl. ferðaskrifstofa. Erindi þessara aðila voru öll á þann veg, að felldur yrði niður söluskattur á farmiðum og ferðalögum, og mjög höfðað til þess, að söluskattur mun ekki vera lagður á undir slíkum kringumstæðum hér hjá nágrannaþjóðum okkar. Meiri hl. n. telur, að þær ábendingar, sem koma fram í erindum þessara aðila, séu mjög á rökum reistar og að söluskattur á slíka þjónustu hér hjá okkur, sem ekki er lagður á hjá okkar næstu nágrönnum, geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir hag og rekstur þessara fyrirtækja. Meiri hl. fjhn. gerir sér hins vegar grein fyrir því, að hér er um töluvert fjárhagsatriði að ræða fyrir ríkissjóð, og eins og segir í nál., treystir fjmrh. til þess að fella niður söluskattinn undir slíkum kringumstæðum að einhverju eða öllu leyti, sé slíkt með nokkru móti kleift, þá, eins og ég gat um áðan, skortir fjmrh. ekki lagaheimild til þess að gera slíka hluti, ef að hans dómi er möguleiki á því, og hann telur slíkt rétt. Meiri hl. n. taldi hins vegar rétt að láta í ljós skoðun sína í nál.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um frv. Hér er um að ræða breyt., sem eru afleiðingar af samþykkt Alþ. á inngöngu Íslands í EFTA, og leggur meiri hl. n. til, með þeim skýringum, sem ég hef nú gefið, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég hef gefið út sérstakt nál. um afstöðu mína til málsins á þskj. 272. Meginafstaða mín til frv. er sú, að ég legg til að frv. verði fellt. Ég er andvígur efni frv. En eins og hér hefur komið fram, þá er meginefni þessa frv. það, að gert er ráð fyrir því að hækka söluskattinn úr 7½% upp í 11%. En það mun nema heildarhækkun á söluskattinum um 830 millj. kr. á ársgrundvelli. Þar miða ég við hliðstæða umsetningu í landinu, sem söluskattur er lagður á, og gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. því, sem lagt var fyrir yfirstandandi Alþ. Þegar söluskatturinn hefur verið hækkaður þetta mikið, eða í 11%, þá mundi söluskatturinn nema alls um 2600 millj. kr., eða 2.6 milljörðum kr. miðað við ársviðskipti, sé sú umsetning lögð til grundvallar, sem í fjárlagafrv. var reiknað með. Það er því ekkert um það að villast, að með þessari hækkun á söluskattinum er söluskattsinnheimtan hér á landi orðin gífurlega mikil.

Þetta frv. er, eins og allir hv. alþm. vita, fylgifrv. með þeirri ákvörðun Alþ., sem hér hefur verið tekin um aðild Íslands að EFTA. Því hafði verið lýst yfir við undirbúning EFTA-málsins á sínum tíma, að um leið og lækkaðir yrðu tollar á ýmsum vörum, svonefndum EFTA-vörum, þá yrðu gerðar ráðstafanir til þess að afla ríkissjóði tekna þar á móti með hækkun söluskatts. Ég vil taka það alveg skýrt fram, að þetta kom fram hvað eftir annað við undirbúning EFTA-málsins í svonefndri EFTA-nefnd, þar sem flokkarnir allir höfðu fulltrúa til þess að fylgjast með málinu. Það kom þar m. a. fram hjá hæstv. fjmrh., að afstaða hans til EFTA hlyti að sjálfsögðu að fara eftir því, hvernig færi með tekjur ríkissjóðs. Hann gæti ekki tekið afstöðu með því að lækka tolltekjur ríkissjóðs, eins og leiddi af EFTA-aðild, án þess að um leið yrði gengið frá því, hvaða tekjur kæmu í staðinn. Og það var ekki farið dult með það á neinn hátt, að það, sem í staðinn ætti að koma, væri hækkun á söluskatti. Ég tel því, að allir þeir, ekki aðeins stjórnarflokkarnir, heldur einnig þeir, sem hér eru nú orðnir fulltrúar fyrir nýjan flokk á Alþ. og stóðu að samþykkt þess, að Ísland yrði aðili að EFTA, að þeir beri alveg ótvírætt ábyrgð á hækkun þeirri á söluskattinum, sem hér liggur fyrir. Undan því er ekki hægt að skjóta sér með neinum hætti.

Ég fyrir mitt leyti hef lengi verið á þeirri skoðun, að söluskatturinn væri einn óréttlátasti skatturinn, sem á er lagður á Íslandi. Og því óréttlátari verður hann sem hann er hækkaður meir. Það er vitað, að söluskatturinn er lagður á svo að segja allar vörur og alla þjónustu í landinu með jöfnum þunga, þannig að af öllum nauðsynlegustu vörum verður að greiða jafnhátt gjald og af þeim, sem síður verða að teljast nauðsynlegar. Ég tel því, að slík skattheimta sé miklu óréttlátari en tollainnheimtan hefur verið, þó ég neiti því ekki, að ég sjái á tollainnheimtunni, sérstaklega eins og hún hefur verið, margvíslega annmarka og telji, að það þurfi að gera fullkomna endurskoðun á okkar tollalöggjöf. Það er enginn vafi á því, að það er þörf á að lækka ýmsa tolla og gera þar á ýmiss konar samræmingu.

Þá er ekkert um það að villast, að söluskatturinn innheimtist fremur illa. Það er á allra vitorði, að ýmsir aðilar í landinu, sem eiga að innheimta söluskatt af sínum viðskiptamönnum, hafa aðstöðu til þess að skjóta nokkrum hluta af þeim skatti undan og skila honum aldrei í ríkissjóð. Þetta hefur komið greinilega fram í nokkrum tilvikum, þar sem upp hefur komizt um slík skattsvik. Hafa ýmsir hv. alþm., m. a. hæstv. ráðh., stundum gert hér áætlanir um það, hvað þessi undanskot muni nema háum fjárhæðum á ári hverju. Auðvitað er erfitt að segja til um það, en ég fyrir mitt leyti efast ekkert um, að þessi undanskot á söluskatti eru verulega mikil. Það er því skoðun mín, að undir þeim kringumstæðum, sem við búum við nú í dag, sé sérstaklega varhugavert að hækka söluskattinn frá því, sem orðið er.

Það hafa verið gerðar tilraunir til þess á undanförnum árum að koma fram ákvæðum í löggjöf, sem miðuðu að því að tryggja betur en verið hefur innheimtu á söluskatti. Að þessu sinni flyt ég ásamt tveim fulltrúum Framsfl. brtt. við þetta frv., þar sem m. a. er gert ráð fyrir því, að sett verði í lög ákveðin ákvæði, sem gætu miðað að því að tryggja innheimtu á söluskattinum nokkru betur en verið hefur. Ég mun ekki ræða þessar till. hér nema mjög lauslega, af því að mælt verður fyrir þeim af 1. flm. till., hv. 4. þm. Reykv., en meginatriðið er það, að þar gerum við till. um tvenns konar öryggisráðstafanir: 1) Að söluskattsskil þeirra, sem innheimta söluskattinn, verði tekin til rækilegrar endurskoðunar hjá ákveðnum hópi þessara aðila hverju sinni, í gegnum úrtak, þannig að það verði rannsakað mjög gaumgæfilega, hvernig innheimtu þeirra á söluskatti hefur verið háttað og söluskattsskilum þeirra. Það er enginn vafi á því, að samþykkt ákvæðis sem þessa mundi veita aðhald og bæta hér nokkuð úr. 2) Að fjmrh. fái heimild til þess að mæla svo fyrir, að settir skuli upp sérstakir peningakassar í öllum opinberum verzlunum, afgreiðslu- og sölustöðum, sem séu þannig útbúnir, að auðvelt sé að stimpla inn í þá öll söluskattsskyld viðskipti og auðvelt sé fyrir eftirlitsmenn fjmrn. að líta eftir því gegnum þetta kassakerfi, að innheimtur söluskattur komi raunverulega til skila. Ég ræði svo ekki frekar um þessar till., en ég tel að það skipti miklu máli að fá þær samþ. til þess að reyna að bæta úr þeim ágöllum, sem eru nú á innheimtu söluskattsins.

Ég vil í sambandi við þetta frv. undirstrika það álit okkar Alþb.-manna, að við teljum, að sú stefna í skattamálum, sem verið hefur ríkjandi á undanförnum áratug, hafi í meginatriðum verið röng. Stefnan á þessu tímabili hefur verið sú að hækka í sífellu söluskattinn, sem er þess vegna svona óhagkvæmur fyrir t. d. láglaunafólk, og að bæta í sífellu við ýmsa nefskatta og ýmsa sérskatta, sem alltaf er verið að leggja á í hinum ýmsu tilfellum. Þessi skattlagning öll hefur verið láglaunafólki í landinu mjög óhagkvæm. Hins vegar hafa litlar ráðstafanir verið gerðar til þess að reyna að sjá um það, að þeir, sem sannanlega hafa mestar tekjur og breiðust hafa bökin til þess að bera skattbyrðar í landinu, beri raunverulega skattana. Þessu teljum við að þurfi að breyta í grundvallaratriðum.

Í framsöguræðu hæstv. form. fjhn. og frsm. meiri hl. fjhn. kom fram, að meiri hl. fjhn. treysti á það, að niður yrði felldur eða a. m. k. lækkaður söluskattur á fargjöldum flugfélaga og skipafélaga, vegna þess að þessir aðilar hefðu beðið um lækkun á skattinum. Ég get tekið undir það með hv. form. fjhn., að það getur verið eðlilegt að fella niður söluskattinn í þessum tilvikum eða lækka hann, en ég vil þá jafnframt leggja á það áherzlu, að verði slíkt gert, þá verði um leið gerðar ákveðnar ráðstafanir til þess, að sú lækkun söluskattsins komi ekki aðeins flugfélögunum og skipafélögunum til góða, heldur komi sú lækkun þá fram í lækkuðum fargjöldum til þeirra, sem fargjöldin þurfa að greiða. Það er þegar búið að ákveða fargjöld flugfélaganna innanlands og skipafélaga í mörgum greinum. Verði söluskatturinn á þessari þjónustu lækkaður, þá verður líka jafnframt að gera ráðstafanir til þess að sjá um það, að þessi lækkun á söluskattinum komi þeim til góða, sem raunverulega er ætlazt til. Að því leyti til, sem þessi söluskattur er bein skattlagning á þessum aðilum, þ. e. a. s. á flugfélögum og skipafélögum, þá vorkenni ég þeim ekkert meira en hverjum öðrum, sem skatta þurfa að greiða í landinu. En hitt játa ég, að það getur verið hæpið að leggja söluskatt á þjónustu þessara fyrirtækja, ef það verður í fullu ósamræmi við það, sem gert er í okkar nágrannalöndum.

Ég skal svo ekki fara öllu fleiri orðum um málið hér. Afstaða okkar Alþb.-manna til þessa máls er alveg ljós. Við erum á móti þessu frv., því hér er um verulegar nýjar álögur að ræða. Það er viðurkennt, að gert er nú ráð fyrir slíkri hækkun á söluskattinum, að hún verður allverulega miklu meiri en sem nemur tollalækkuninni, sem hér er gert ráð fyrir að samþ. Við erum því andvígir þessari aukatekjuöflun og við erum andvígir þeirri stefnu, sem fram kemur í því að hækka söluskattinn í staðinn fyrir þá lækkun á tollunum, sem fylgdi í kjölfar EFTA-aðildar. En þrátt fyrir að það sé meginstefna okkar að vilja fella frv. af þessum ástæðum, þá viljum við þó gera tilraunir til þess að fá ýmis ákvæði frv. lagfærð nokkuð og koma hér inn, eins og ég segi, nokkrum öryggisákvæðum í sambandi við innheimtu á söluskattinum. En það breytir ekki okkar heildarafstöðu til málsins, þ. e. að við erum andvígir þeirri hækkun á söluskattinum, sem hér er um að ræða.

Að öðru leyti stend ég svo einnig að þeirri brtt. á þskj. 276 með tveim fulltrúum Framsfl., sem fjallar um það að undanþiggja margvíslegan neyzluvarning og nauðsynjaþjónustu söluskattinum.

Frsm. 2. minni hl. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Mér finnst rétt að víkja að því í upphafi, að fram að þessu hefur öll skattlagning byggzt á einni meginreglu. Hún hefur byggzt á þeirri meginreglu að hlífa þeim, sem lægst hafa launin og þyngsta framfærsluna. Í samræmi við það var skattlagningin áður fyrr fyrst og fremst byggð á fasteignum og náði því eingöngu til þeirra, sem voru eignamenn í þjóðfélaginu, og þeir voru þá tiltölulega fámennur hópur. Síðar voru tekin upp útsvör, tekjuskattar og tollar, sem öll byggjast á þessu meginsjónarmiði, að leggjast þyngst á þá, sem breiðust hafa bökin, en hlífa hinum, sem minni hafa getuna. Tekjuskattar og útsvör eru stighækkandi eftir því, hve háar tekjurnar eru, og þeir, sem þessa skatta eiga að bera, þola þá. Á sama hátt hafa tollar verið mismunandi eftir því, hversu nauðsynlegar þær vörur hafa verið taldar, sem þeir hafa verið lagðir á. Það hefur verið leitazt við því að hlífa sem mest við tollum öllum þeim vörum, sem taldar eru mestu lífsnauðsynjar almennings.

Það er því ekki fjarri lagi, sem sagt hefur verið um þetta frv., að það marki byltingu í skattamálum, vegna þess að hér er lagt til að fella niður tolla í allstórum stíl, sem hingað til hafa lagzt mishátt á vörur eftir því, hvað nauðsynlegar þær hafa verið taldar, en í staðinn er tekinn upp söluskattur, sem leggst jafnt á allar vörur, ekki síður á þær, sem taldar eru nauðsynlegastar, heldur en hinar, sem má telja óþarfastar.

Það hefur verið vitnað til þess í þessu sambandi, að í ýmsum öðrum löndum, t. d. á Norðurlöndum, hafi söluskattur verið hækkaður á undanförnum árum og það af ríkisstj., sem hafa stuðzt við verkalýðssamtök. Þetta er rétt. En þegar slík hækkun á söluskatti hefur átt sér stað, þá hefur þess jafnan verið gætt að gera ýmsar hliðarráðstafanir og aðgerðir, sem yrðu þess valdandi, að skattarnir legðust ekki með eins miklum þunga á þá, sem hafa veikasta aðstöðu í þjóðfélaginu, eins og hina, sem hafa hin breiðari bökin. Þetta hefur verið gert með því, að alls konar tryggingar hafa verið stórauknar í þessum löndum, og yfirleitt eru slíkir skattar ekki í þeim löndum, nema þar sem tryggingakerfið er miklu fullkomnara en hér. Þess hefur jafnframt verið gætt í þeim löndum, sem slíkir skattar hafa verið lagðir á, — en þar á ég fyrst og fremst við Norðurlöndin, því helzt hefur verið vitnað til þeirra, — að fylgja þeirri stefnu í verðlags- og kaupgjaldsmálum, að verðlagið hækkaði alltaf heldur minna en kaupgjaldið, þannig að um raunverulegar kauphækkanir væri að ræða, og þá sérstaklega hjá þeim, sem hafa haft lökust kjörin fyrir. Í þessum löndum hefur sem sagt verið fylgt allt annarri stefnu í kaupgjalds- og verðlagsmálum en hér, eins og ég mun víkja nánar að síðar.

Hér er hins vegar, í sambandi við þetta frv., um engar slíkar aðgerðir að ræða, nema það, sem nú var lýst yfir af hv. frsm. meiri hl., að ætlunin er að fella niður söluskattinn af neyzlufiski, og svo það, sem hæstv. ráðh. tilkynnti við 1. umr. þessa máls, að ætlun ríkisstj. er að greiða niður söluskattshækkunina, sem nú er ráðgerð, á dilkakjöti og smjöri. Aðrar hliðarráðstafanir á ekki að gera í þessu sambandi. Og það á ekki heldur að gera neitt til þess að tryggja það, sem annars staðar hefur verið lögð megináherzla á, þar sem söluskattinum er beitt, að stefnunni í verðlags- og kaupgjaldsmálum verði hagað þannig, að kaupgjaldið hækki alltaf heldur meira en verðlagið. En það, sem hefur einkennt efnahagsstefnuna t. d. á Norðurlöndum, seinasta áratuginn, er það, að þar hefur kaupgjaldið ár frá ári hækkað tiltölulega meira en verðlagið.

Hér hefur alveg gagnstæð þróun átt sér stað, eins og ég mun víkja nánar að. Og það er náttúrlega meginmunur undir þessum kringumstæðum, þegar söluskattar eru hækkaðir, hvaða stefna er ríkjandi í verðlags- og kaupgjaldsmálum, hvort sú stefna er ríkjandi, eins og hér hefur átt sér stað, að láta verðlagið hækka

meira en kaupgjaldið, eða öfugt, eins og Norðurlandaþjóðirnar hafa gert.

Mér finnst rétt að vekja strax athygli á þessu, þegar ég hef mál mitt, vegna þess að hér er um svo stórfellda meginbreytingu að ræða í skattamálum, og það því frekar sem það er boðað í grg. tollskrárfrv., sem hefur verið þessu frv. samferða í þinginu, að þetta sé aðeins fyrsta skrefið í þá átt að afnema aðflutningstolla með öllu. Það er ekkert talað um það, hvað þá eigi að koma í staðinn. En af þessu frv. virðist mega ætla, að það sé söluskattur fyrst og fremst, sem eigi að koma í staðinn fyrir aðflutningstollana, sem hafa lagzt mismunandi á vörur eftir því, hvað nauðsynlegar þær hafa verið taldar, og í staðinn fyrir þá á svo að koma söluskattur, sem leggst jafnt á allar vörur.

Þetta er sú meginbreyting, sem menn verða að gera sér vel ljósa, þegar þeir eru að afgr. þetta frv. Og ef það fer svo, að þetta frv. verður samþ., án þess að nokkrar hliðarráðstafanir séu gerðar jafnhliða, þá er hér verið að marka alveg nýja stefnu í skattamálum, þá stefnu, sem réttilega hefur verið nefnd „bylting í skattamálum".

Við, sem myndum 2. minni hl. fjhn., höfum borið hér fram á sérstöku þskj. nokkrar till., sem eiga að miða í þá átt að draga úr nokkrum mestu rangindunum, sem leiðir af því, ef þetta frv. verður samþ. óbreytt.

Við leggjum til í fyrsta lagi, að felldur verði alveg niður söluskattur á nokkrum lifsnauðsynjum, eða eins og brtt. á þskj. 276 bera með sér, þá er lagt til, að söluskattur falli alveg niður á raforku og heitu vatni frá rafmagnsveitum og hitaveitum. Þá er ennfremur lagt til, að söluskattur falli alveg niður á smjöri, osti, skyri, kjöti og kjötvörum, kartöflum og fiskmeti, enn fremur að kaffi, sykur og kornvörur verði undanþegnar söluskatti, og einnig olía til heimilisnota. Hér er um að ræða nokkrar brýnustu nauðsynjar, sem allir þurfa að nota, og ef þessar vörur væru undanþegnar 11% söluskatti, þá mundi það hafa verulega verðlækkun þeirra í för með sér og draga úr mestu rangindunum, sem af því mundu hljótast, ef samþ. væri söluskattshækkun, sem legðist jafnt á allar vörur.

Í öðru lagi leggjum við til, að meðan innheimtur sé 11% söluskattur, þá verði fjölskyldubætur hækkaðar um 20% frá því, sem ákveðið var við seinustu fjárlagaafgreiðslu, en það mun nema útgjaldaaukningu fyrir ríkið um 70—75 millj. kr. Þetta ætti að hækka þær allverulega og þá sérstaklega verða þeim til hagsbóta, sem hafa stærstu fjölskyldurnar og þyngst framfæri. Almenn hækkun á söluskatti mundi því ekki bitna eins hart á þeim og ella.

Í þriðja lagi leggjum við svo til, að gerðar verði ráðstafanir til þess að bæta stórlega innheimtuna á söluskatti, í fyrsta lagi með því, eins og kemur fram í brtt. við 18. gr. söluskattslaganna, að fjmrh. herði stórlega eftirlit með innheimtu söluskattsins, og í öðru lagi fái hann heimild til þess að taka upp innheimtuaðferð, sem hefur verið reynd víða annars staðar og að því mér er sagt með góðum árangri. Við viljum hins vegar ekki alveg lögbinda það að þessu sinni, hvort þessi aðferð verður tekin hér upp eða ekki, vegna þess að á henni þarf að sjálfsögðu meiri rannsókn, miðað við íslenzkar aðstæður. En til þess er að sjálfsögðu ætlazt, að ráðh. kynni sér þessa aðferð og hafi heimild til þess að taka hana upp, ef honum sýnist svo við nánari athugun. En mér er sagt, að t. d. í Danmörku, Bandaríkjunum og víða annars staðar sé þessari aðferð beitt við innheimtuna og hafi þar gefið góða raun, þannig að söluskattur hafi skilað sér miklu betur eftir en áður, þegar búið var að taka þessa aðferð upp.

Við, sem stöndum að þessum brtt., teljum einnig nauðsynlegt og réttmætt, að samhliða því, sem þessar breytingar verði samþ. á söluskattsfrv., þá verði einnig samþ. það frv., sem liggur fyrir Alþ. um leiðréttingu á skattvísitölunni. Sú leiðrétting mundi hafa í för með sér verulegar kjarabætur fyrir langflesta launþega, sem ekki hafa neina aðstöðu til þess að telja fram með þeim hætti, að þeir sleppi undan þeim sköttum, sem þeim ber. Ég skal að þessu sinni sleppa því að nefna tölur um það, hvað mikill ávinningur mundi verða af þessu fyrir t. d. fólk, sem hefur lágar tekjur eða meðaltekjur, af því það verður hægt síðar, þegar þetta mál kemur hér til umr., en þær tölur, sem ég hef hér undir höndum um þetta, sýna, að hér mundi verða um verulegar hagsbætur að ræða fyrir þá, sem hafa lágar tekjur og miðlungstekjur. Hins vegar mundi ágóðinn hlutfallslega minnka með þessu hjá þeim, sem hafa háar tekjur, vegna þess að eftir að tekjurnar eru komnar upp í ákveðið mark, þá leggst að sjálfsögðu sami skattur og sama útsvar á þær eftir sem áður. Þannig nær hagnaðurinn af breytingu á skattvísitölunni aðeins til tekna upp að vissu marki, en ekki meira. Það er því rangt, sem haldið hefur verið fram, að lagfæring á skattvísitölunni yrði til þess að bæta sérstaklega hlut hátekjumanna. Þetta veit ég að hæstv. fjmrh. er sérstaklega kunnugt, því hann mun hafa verið fyrsti maðurinn, ásamt öðrum hv. núverandi ráðh., sem flutti till. um það hér á Alþ. að taka upp skattvísitölu með þeim hætti að miða hana við framfærsluvísitölu, eins og lagt er til í því frv., sem ég vitnaði til áðan. Þannig ætti það ekki að vera annað en ánægjulegt starf fyrir hæstv. ráðh. að koma þessari gömlu æskuhugsjón sinni fram með því að styðja þetta frv. okkar. En ef þær ráðstafanir, sem ég hef hér nefnt, væru framkvæmdar jafnhliða þessari hækkun söluskattsins, þá mundi staða þeirra, sem hafa erfiðasta aðstöðuna, vera talsvert mikið bætt, miðað við það, að frv. yrði samþ. óbreytt, og þar með dregið úr verstu ágöllunum á þessu frv, þó að sjálfsögðu væri æskilegt að gera á því frekari og víðtækari breytingar en hér hefur verið lagt til.

Ég vil svo enn fremur benda á það, að þær breytingar, sem hér er lagt til að gerðar verði á frv., eru mjög mikilvægar fyrir landbúnaðinn, sökum þess að á undanförnum missirum hefur dregið æðimikið úr sölu á ýmsum landbúnaðarvörum, því að verðið á þeim er orðið of hátt, miðað við þá markaðsmöguleika, sem eru fyrir hendi. Sú þróun hefur nefnilega átt sér stað í þessum efnum, að á sama tíma og verðlagið á þessum vörum hefur hækkað, þá hefur kaupgetan í bæjunum minnkað, og þess vegna hefur salan á þessum afurðum, eins og t. d. kjöti, dregizt verulega saman. Það væri þess vegna líklegt til þess, að salan á þessum vörum ykist nokkuð, ef söluskattur á þeim yrði alveg felldur niður. Því ætti það að geta orðið bæði neytendum og bændum

til gagns að þessi breyting yrði gerð, þ. e. a. s. að fella alveg niður söluskattinn á landbúnaðarvörunum.

Ég býst við, að hæstv. ráðh. muni nú segja um þessar brtt., vegna þess að hann er nú oft sléttur og mjúkur í máli, — og ber að viðurkenna hann fyrir það, — að það væri nú sjálfsagt að fallast á að gera þetta og alveg réttmætt, bara ef ríkið hefði efni á því. En ég held, að ef ráðh. íhugar þessi mál nánar, þá geti hann gert sér það fullkomlega ljóst, að ríkið hefur efni á því að gera þessar ráðstafanir. Að því er nokkuð vikið í því nál. 2. minni hl., sem nýlega hefur verið útbýtt hér í d. Eftir því sem ráðh. hefur sjálfur reiknað út, mun tollalækkunin ekki hafa í för með sér tekjurýrnun fyrir ríkið nema sem nemur eitthvað í kringum 410 millj. kr. Það var að vísu sett upp þannig áætlun í hans ræðu, þegar hann fylgdi frv. hér úr hlaði, að tollalækkunin mundi kosta ríkið 535 millj. kr. En svo dró hæstv. ráðh. á eftir frá ýmsa liði, sem hann reiknaði samtals á 125 millj. kr., þannig að hann fékk ekki út sem heildartekjurýrnun hjá ríkinu nema 410 millj. kr. Við þetta hefur að vísu bætzt það, að samþ. hafa verið nokkru meiri tollalækkanir við meðferð frv. hér í Nd., en þó vart meira en svo, að þær jafni það upp. Þessi áætlun ráðh. var mannleg, þannig að ég reikna með, að þrátt fyrir breyt. á tollskrárfrv. verði tekjumissir ríkisins vegna þess frv. ekki mikið yfir 400 millj. kr.

Aftur á móti mun sú hækkun, sem er ráðgerð á söluskattinum í þessu frv., gefa ríkinu miklu meiri tekjur en sem þessu nemur. Samkvæmt áætlun ráðh. sjálfs eða þeirra, sem hafa unnið að þessari áætlunargerð fyrir hann, eiga tekjur ríkissjóðs af söluskattshækkuninni á þessu ári að nema 665 millj. kr., en þá er aðeins miðað við innheimtu hans fyrir 10 mánuði ársins. Ef hins vegar er miðað við allt árið, þá er reiknað með, að hagnaður ríkisins af þessari söluskattshækkun verði um 780 millj. kr.

Nú vill ráðh. halda því fram, að ríkissjóði veiti ekki af þessum tekjumismun, sem er á söluskattshækkuninni og tollalækkuninni og nemur sennilega 250 millj. kr., vegna ýmissa útgjalda, sem voru samþ. fyrr í umr. fjárlaganna. Ég held, að þetta sé alveg rangt reiknað hjá ráðh. og fengið með þeim hætti, að svo að segja allir tekjuliðir fjárl. eru áætlaðir lægri en ástæða er til og búast má við. Tekjuáætlun fjárl. 1970 er að mestu leyti byggð á útkomunni á þessu ári, að vísu með nokkurri hækkun, en allar líkur benda til þess, að árið 1970 verði það miklu meira veltuár en árið 1969 var, að það væri óhætt að hafa þessa tekjuáætlun fjárl. miklu ríflegri en þar er gert. Þetta kemur líka heim við reynslu undanfarinna ára, því ef við lítum á fjárl. annars vegar og ríkisreikningana hins vegar, þá kemur í ljós, að tekjurnar hafa á öllum undanförnum árum, eða síðan hæstv. núverandi fjmrh. tók við, farið mjög verulega fram úr áætlun. Á árinu 1966 fóru tekjurnar t. d. um 884 millj. kr. fram úr áætlun, árið 1967 427 millj. kr. og árið 1968 um 500 millj. kr., og mér er sagt, að þær muni hafa farið eitthvað svipað fram úr áætlun á s. l. ári. Þetta sýnir, að tekjuáætlun fjárl. hefur alltaf verið og er enn mjög varfærnisleg, og þess vegna getur ríkið bætt verulegum útgjöldum við sig umfram það, sem fjárl. gera ráð fyrir. Ég held, að þetta sé mjög vafasöm stefna og það hafi vafasöm áhrif á ríkisfjárhaginn að áætla tekjubálk fjárl. alltaf lægri en ástæða er til. Það verður til þess, að fjmrh. hefur alltaf handa á milli svo og svo mikið af peningum umfram hin lögboðnu útgjöld, og þetta verður til þess, að hann freistast til þess að eyða þeim í ýmis aukin útgjöld, sem ella væru spöruð. Ég er þess vegna sannfærður um, að það mundi hafa heppilegri áhrif á ríkisreksturinn, ef tekjuáætlunin væri höfð nákvæmari og réttari og fjmrh. hefði minna svigrúm til þess að eyða umfram fjárl. heldur en hann hefur nú, vegna þess hve umframtekjurnar verða alltaf miklar

Þetta er atriði, sem varðar þetta mál ekki sérstaklega, en ástæða er til að athuga nánar við annað tækifæri. En það, sem ég hef nú rakið, sýnir það fullkomlega, að ríkinu er vel fært að standa undir þeirri útgjaldaaukningu, sem leiðir af þeim till., sem við þrír alþm. flytjum hér á þskj. 276. En eins og rakið er í nál. okkar í 2. minni hl., þá munu þessar ráðstafanir ekki hafa meiri útgjöld í för með sér á árinu 1970 en í kringum 300 millj. kr. Þá er að sjálfsögðu miðað við það, að mest af þessum útgjöldum, t. d. niðurfellingin á söluskattinum, gildi ekki nema 10 mánuði ársins, alveg eins og það er heldur ekki reiknað með, að hækkun söluskattsins gildi nema 10 mánuði ársins. Við þetta má svo bæta því, að ef eftirlitið með söluskattsinnheimtunni er hert og teknar upp nýjar aðferðir, eins og bent er á í þessu frv., þá má búast við því, að tekjur ríkisins geti vaxið verulega af þeirri ástæðu. Og það mundi stuðla að því, að hæstv. ráðh. þyrfti ekki á neinn hátt að kvíða greiðsluhalla hjá ríkinu, þó í þær aðgerðir væri ráðizt, sem þessar till. gera ráð fyrir.

Ég skal þá í stuttu máli minnast á þann ávinning, sem ég tel að fylgi till., sem við flytjum á þskj. 276. Ég hef þegar vikið að þeim kosti, að þetta mundi verða til þess að draga verulega úr þeim rangindum, sem í því fælust fyrir láglaunastéttirnar, ef söluskattur hækkaði jafnt á öllum vörum. Með því að undanþiggja helztu neyzluvörurnar söluskatti og auka fjölskyldubæturnar er mjög verulega dregið úr þessum rangindum og aðstaða þessara aðila bætt.

Í öðru lagi vil ég svo nefna það, að með því að lækka þannig verðlag og auka fjölskyldubætur, þá er komið í veg fyrir a. m. k. 3 stiga hækkun á framfærsluvísitölunni. Og það út af fyrir sig yrði mikilvægt atriði bæði fyrir launþega og fyrir atvinnuvegina í landinu. Það er tiltölulega lítilvægt fyrir launþega að fá þær bætur, sem fylgja framfærsluvísitölunni, þó þær séu betri en ekki neitt, og þeir mega ekki undir neinum kringumstæðum afsala sér þeim, því reynslan hefur verið sú, að þessar bætur hafa verið teknar nokkurn veginn jafnharðan af þeim aftur með hækkuðu verðlagi, og þannig hefur þetta gengið koll af kolli, að ýmist verðlagið eða kaupgjaldið hækkar, án þess að aðstaða launþeganna hafi nokkuð batnað, en hins vegar hefur þetta óneitanlega þrengt aðstöðu atvinnuveganna. Með því að fá þá verðlækkun og þær fjölskyldubætur, sem felast í þessu frv., er hlutur launþeganna áreiðanlega miklu betur tryggður en með einhverri hækkun á vísitölustigum, og fyrir atvinnuvegina er þetta miklu heppilegra.

Talið er, að hvert stig vísitölunnar hafi í för með sér útgjaldaaukningu fyrir atvinnurekstur í landinu — þá er ríkisreksturinn meðtalinn — sem nemur um 110 millj. kr. á ári. Og þá sjá menn, að hér myndast nokkuð

fljótt verulegir baggar, sem atvinnuvegirnir verða að bera, ef vöxtur framfærsluvísitölunnar er mjög hraður. Það er líka ljóst, að ef tekst að stöðva vöxt framfærslukostnaðarins með eðlilegum hætti og þeirra hækkana, sem af honum leiðir fyrir atvinnuvegina, þá geta atvinnuvegirnir betur staðið undir gengishækkunum og þær miklu frekar orðið raunverulegar, á sama hátt og átt hefur sér stað í öðrum löndum, en aldrei hefur orðið hér.

Mér finnst sérstök ástæða til þess að gera það að umtalsefni, að hér er stefnt í þá átt að færa niður verðlagið og stöðva vöxt framleiðslukostnaðarins á þann hátt, vegna þess að það er alger stefnubreyting frá því, sem ríkt hefur í þessum málum á undanförnum árum. Hæstv. viðskmrh. hefur stundum verið að hafa orð á því, að hér á landi væri fylgt nákvæmlega sömu stefnu í efnahagsmálum, atvinnumálum og fjármálum og gert er annars staðar á Norðurlöndum. Þetta er sú mesta missögn, sem hægt er að hafa yfir, svo að ekki séu notuð sterkari orð um þetta. Annars staðar á Norðurlöndum hefur þeirri stefnu verið fylgt að reyna með öllum hætti að halda verðlaginu sem mest niðri og tryggja það, að þær grunnkaupshækkanir, sem átt hafa sér stað, yrðu raunverulegar. Niðurstaðan hefur líka orðið sú, að á seinasta áratug hefur raunverulegur kaupmáttur launa þar aukizt um 30—40%, þá er átt við kaupmátt tímakaupsins. Hér á landi hefur verið fylgt alveg öfugri stefnu. Hér hefur nær ekkert verið hirt um það, hvað verðlagið vex mikið, og þó það geri hverja kauphækkunina, sem launþegar fá, að engu á stuttum tíma, og meira en það. Hér hefur líka niðurstaðan orðið sú, að á seinasta áratug hefur orðið allt önnur útkoma en í nokkru öðru Evrópulandi, sú útkoma, að kaupmáttur tímakaupsins er í dag verulega minni en hann var fyrir 10 árum. Þetta er hægt að sanna með ákaflega auðveldum samanburði á því t. d., hvaða hækkun hefur orðið á helztu lífsnauðsynjum almennings og hver hækkunin hefur orðið á tímakaupi verkamanna. Ég held að það sé næstum því sama, hvaða lífsnauðsyn er tekin og reiknuð út, því niðurstaðan verður alltaf sú, að verkamenn og launþegar yfirleitt þurfa lengri tíma til þess að vinna fyrir þessum lífsnauðsynjavörum heldur en fyrir 10 árum. Ég held að það sé næstum útilokað að finna nokkurt dæmi um slíkt annars staðar á Norðurlöndum. Þetta sýnir það ljósar en nokkuð annað, hve gerólíkri stefnu hefur verið fylgt hér á landi og í nágrannalöndum okkar.

Annað sýnir þetta ekki síður ljóslega. Hér á landi hefur gengið verið fellt fjórum sinnum á seinasta áratug. Í Noregi hefur engin gengisfelling átt sér stað á þessum tíma, engin í Svíþjóð og aðeins ein í Danmörku, þegar gengið var lækkað um 8%. Þessar staðreyndir tala sínu máli um það, hve gerólíkri efnahagsstefnu hefur verið fylgt hér á landi og í nágrannalöndum okkar og hvílík fjarstæða það er, þegar hæstv. viðskmrh. heldur því fram, að hann hafi fylgt sömu stefnunni og flokksbræður hans hafa gert á Norðurlöndum. Þar hefur verið um gerólíkar aðferðir að ræða og árangurinn eða niðurstaðan líka verið eftir því. Hér hefur ekkert verið um það hirt, þó verðlagið hækkaði takmarkalaust og þær kauphækkanir, sem verkalýðurinn hefur tryggt sér, yrðu þar með að engu og oft verra en það, en í hinum löndunum hefur verið stefnt að því að halda verðlaginu þar í skefjum og að kaupmáttur launanna ykist alltaf nokkuð jafnt og þétt, þó ekki væri um mikla aukningu að ræða árlega.

Þessi stefna hefur að sjálfsögðu haft áhrif á ríkisreksturinn. Útgjöld ríkisins hafa vaxið hér vegna þessarar stefnu með meiri hraða en dæmi eru til um annars staðar. Ég sé, að fjmrh. hristir höfuðið, en það er ákaflega auðvelt að finna sönnun fyrir þessu. Við höfum t. d. séð það með því að fara í gegnum ríkisreikninga Norðurlandanna og Íslands á undanförnum árum, en til þess er ekki aðstaða nú. En ég veit, að hæstv. fjmrh. ber ekki nema takmarkaða ábyrgð á þessu. Það hefur atvikazt þannig, að bæði fjmrh. og forsrh. hafa að verulegu leyti sleppt því að hafa áhrif á það hver efnahagsstefnan í landinu er, og látið efnahagsmrh. og sérfræðingum hans eftir að marka stefnuna. Fjmrh. hefur yfirleitt ekki gegnt öðru hlutverki en því að safna peningum í kassann með miklum og nýjum álögum og ekkert skipt sér af því, af hvaða ástæðum þessi mikla útgjaldaaukning ætti sér stað. Hann hefur bara verið ánægður, ef hann hefur fengið aðstöðu til að hækka skattana og fá nóga peninga til að mæta útgjöldum. Þá er hann áhyggjulaus. Því miður hefur ráðh. aldrei hugsað út í það, hvort það eru ekki til einhverjar leiðir til þess að koma í veg fyrir, að það þurfi alltaf að vera að hækka skattana og alltaf að hækka útgjöldin. Það hefur hann því miður ekki gert og það hefur forsrh. enn síður gert, þótt þetta heyri að sjálfsögðu meira undir hann en nokkurn annan, vegna þess að hann hefur afsalað sér öllum rn. til þess að geta fylgzt betur með þessum málum en ella. En hann hefur trúað á sinn efnahagsmrh. og þá vitringa, sem hann hefur haft sér til aðstoðar, og útkoman úr þessu er sú, sem ég hef verið að lýsa, gerólík þeirri, sem blasir við annars staðar á Norðurlöndum, vegna þess að hér hefur allt annarri stefnu verið fylgt.

Þeir menn, sem mótað hafa efnahagsstefnuna hér á landi, hafa trúað því, að það gerði ekkert til, þó að verðlagið hækkaði og léki lausum hala og þó ekkert væri gert til þess að hafa hemil á verðbólgunni. Þeir hafa haldið að það mætti lækna þetta, eins og einu sinni var sagt, með einu pennastriki, eða t. d. gengisfellingu. Og þeirri aðferð hafa þeir líka ótrauðir beitt. Hér hefur það þess vegna gerzt, sem er óþekkt annars staðar í Evrópu á sama tíma, að gengið hefur verið fellt fjórum sinnum á 10 árum. Þetta hefur haft þær afleiðingar í för með sér, eins og ég er búinn að lýsa, hvað snertir kjör launastéttanna, að kaupmáttur launanna hefur minnkað hér, á sama tíma og hann hefur stóraukizt annars staðar.

En þó að þetta hafi farið illa með launastéttirnar, þá er það einn hópur manna, sem hefur farið enn verr út úr þessu, og það eru þeir, sem hafa safnað sparifé. Þessi stefna, sem hæstv. ríkisstj. hefur fylgt, undir forystu viðskmrh. og hans sérfræðinga, hefur leitt til þess, að sparifé hefur verið gert svo að segja að engu. Þeir hafa komið hér upp undanfarið, ýmsir ágætir sjálfstæðismenn, t. d. einn ágætur varaþm., sem sat hér nýlega á þingi, Eyjólfur Konráð Jónsson, og kvartað réttilega undan því, hve lítið væri eigið fé atvinnufyrirtækja. Af hverju er eigið fé atvinnufyrirtækja jafnlítið og raun ber vitni? Mörg þessara atvinnufyrirtækja voru búin að

koma sér upp sæmilegum sjóði fyrir 10 árum. Áttu þá nokkur þeirra það veltufé, sem þau þurftu á að halda? Gengisfellingarnar hafa gert það að verkum, að þetta fé hefur orðið að engu eða svo til engu. Og það er ein meginorsök þess, hve eigið fé atvinnufyrirtækja er miklu minna hér á landi en í öðrum löndum. Gengisfellingarnar hafa eyðilagt sjóði atvinnufyrirtækja. Og á sama hátt hefur verið farið með hina smærri atvinnurekendur.

Ég held, að hæstv. fjmrh. ætti að fara að íhuga það betur, hvers vegna hann þarf alltaf að vera að leggja á nýja og nýja skatta, miklu meiri heldur en starfsbræður hans í nágrannalöndunum. Það er vegna þess, að hér hefur verið fylgt allt annarri efnahagsstefnu en í hinum löndunum, verðbólgustefnu. Þess vegna ætti hann að bjóða velkomnar þær till., sem við andstæðingar hans flytjum hér að þessu sinni, því þær stefna þó í þá átt að draga úr verðbólgunni, þó að vísu sé ekki stórt skref, en nokkurt skref þó. Þær stefna að því, að launþegar og almenningur fái kjarabætur á þann hátt, að það raunverulega lækkar framleiðslukostnaðinn í framfærsluvísitölunni og léttir jafnhliða byrðar atvinnuveganna.

Þetta er sú stefna, sem við þurfum að fylgja í miklu ríkari mæli en gert hefur verið að undanförnu, því það hefur í raun og veru verið fylgt öfugri stefnu í þessum efnum. Og hæstv. ráðh. má vera viss um það, að það mun gerast æ oftar nú á næstu mánuðum og missirum, að hann þurfi að koma hér fram og biðja þingið um aukna skatta. Það verður skammt í næstu gengisfellinguna, ef þessu heldur áfram, sem nú á sér stað. Þess vegna er kominn tími til þess, að við reynum að stöðva okkur á þessari braut. Og þó að hér sé ekki nema um lítið viðnám að ræða, þá gæti það hjálpað til að stíga stærri spor á eftir. Ég nefni það t. d., að ef þessar ráðstafanir ná fram að ganga, þ. e. að undanþiggja þessar lífsnauðsynjar neyzlusköttum, hækka fjölskyldubæturnar og lagfæra skattvísitöluna, þá munu launþegar ekki þurfa að krefjast eins mikilla kauphækkana á vori komanda og ella. Ef þessar ráðstafanir verða allar felldar, þá verður óhjákvæmilegt fyrir launþega að reyna að rétta hlut sinn með kauphækkunum, þó að það hafi því miður ekki hin æskilegustu áhrif oft og tíðum á atvinnuvegina og betra væri að rétta hlut launþega með öðrum hætti.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð mín öllu fleiri að sinni. Ég vil aðeins segja það að lokum, að ég vænti þess, að hæstv. ráðh. taki þessar till. okkar til vinsamlegrar athugunar, ekki aðeins vegna þess að þær eru hyggileg leiðrétting á því frv., sem hér liggur fyrir, heldur einnig vegna þess, að þær marka að nokkru leyti nýtt viðhorf eða nýja stefnu í efnahagsmálum, sem við þurfum að taka upp, ef sama ólagið á ekki að vera á þessum málum hjá okkur og verið hefur á undanförnum árum og þess verði skammt að bíða, að þjóðin standi frammi fyrir fimmtu gengisfellingunni.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það hefur töluvert margt komið fram í þessum umr. hjá hv. frsm. beggja minni hl. fjhn., og þá fyrst og fremst frá hv. 4. þm. Reykv., sem flutti hér almenna ræðu um efnahagsmál og gaf góð ráð um það, hvernig ríkisstj. ætti að leysa vanda efnahagslífsins. Vissulega er það góðra gjalda vert, þegar góð ráð eru gefin, og sjálfsagt að íhuga þau, eins og hann mæltist til í lok ræðu sinnar. En ég er anzi hræddur um, að þekking mín og þroski sé ekki nægilega mikil til þess að skilja til hlítar alla þá góðsemi, sem í þessum ráðum fólst, og ég er jafnvel hræddur um það, að flokksbróðir hans, sem lengst allra hefur verið fjmrh. á Íslandi, mundi ekki hafa tekið svona leiðbeiningum sem neinum sérstökum bjargráðum, ef hann hefði verið hér í mínum sporum. En sleppum því.

Ég skal reyna að stilla mig um að fara allt of langt út í almennar umr., en það eru nokkur atriði, sem ég kemst þó ekki hjá að minnast á.

Það er þá í fyrsta lagi, í sambandi við ræðu hv. form. fjhn. Ég tel nauðsynlegt að taka fram nokkur atriði, sem hann gat sérstaklega, að ég mundi gefa yfirlýsingar um.

Í fyrsta lagi er, eins og ég gat um við 1. umr. þessa máls, gerð sú breyting á söluskattslögunum, að það er falið ráðh. í vald að ákveða með reglugerð mjög mörg atriði, sem áður voru ákveðin með lögum, varðandi álagningu og innheimtu söluskatts og hvaða aðferðum skuli beitt í því sambandi. Þetta var, eins og ég þá gat um, einfaldlega vegna þess, að það er augljóst mál, að það verður að breyta mjög verulega innheimtuaðferðum söluskatts af ýmsum ástæðum, bæði vegna þess, að ef sömu aðferð yrði fylgt áfram, þá mundi það leiða til stórkostlegs hallareksturs hjá ríkissjóði á þessu ári, og einnig vegna hins, að eftir því sem söluskatturinn hækkar, þá er það hættulegra, að innheimtuaðilar söluskatts hafi stórar fjárhæðir undir höndum, í of langan tíma, bæði vegna þess, að vafasamt er, að skilin gætu orðið jafnfullkomin, og einnig hins, að það hefur stórfellda röskun í för með sér fyrir bankakerfið í landinu, þegar teknar eru út úr bönkum, jafnvel á einum degi, 200—300 millj. kr., fjórum sinnum á ári. Af þessum ástæðum þarf að gera breytingar í þessa átt.

En hins vegar var athugun þessa máls ekki komin svo langt, að hægt væri að gera sér til hlítar grein fyrir því í tæka tíð, hvernig þessu yrði bezt hagað. Að sjálfsögðu þarf að athuga mörg atriði í þessu sambandi, m. a. atriði, sem bent er á í brtt. með þessu frv., varðandi sérkassa í verzlunum o. s. frv., sem vel getur komið til mála að innleiða, enda þótt ég telji ástæðulaust á þessu stigi að lögfesta það. En önnur atriði, eins og gjaldfrestun söluskatts og framtalsákvæði, sem eru töluvert vandmeðfarin, þarf öll að endurskoða. En ég vil láta það koma hér skýrt fram, að með öllu þessu er að því stefnt, að söluskattur verði innheimtur miklu hraðar, helzt mánaðarlega, þannig að sú skipan verði á komin, þegar fer að líða á árið. Ég tel sanngjarnt og eðlilegt, að hv. þm. fái að vita, hver grundvallarstefnan hjá rn. er í þessu sambandi.

Í annan stað var vikið að því, að það hefðu verið uppi hugmyndir um afnám söluskatts á ýmsum nauðsynjavörum, og hafa komið fram brtt. í þá átt frá hv. minni hl. fjhn., en það hefur aðeins verið talið fært að fallast á það, að söluskattur yrði að öllu leyti felldur niður á neyzlufiski, a. m. k. nýjum fiski. Það er aftur álitamál með ýmsar sértegundir fisks, sérverkaðan og þess konar, það skal ég ekkert segja um. Það á eftir að athuga það mál. A. m. k. falla niðursuðuvörur ekki undir þetta

ákvæði, en almennur neyzlufiskur. Það er bezt að segja eins og er, að orsakirnar eru tvær. Annars vegar sú ástæða, sem öllum hv. þdm. er kunn, að mjög veruleg fiskverðshækkun á sér stað einmitt um þessar mundir, og einnig er rétt að skýra frá hinu, sem ég sé ekki neina ástæðu til að leyna, að innheimta á þessum söluskatti er mjög erfið. Fiskbúðirnar, þar sem þær eru starfandi, skila þessum söluskatti, en fiskur hefur verið seldur í stórum stíl víðs vegar úti um land, jafnvel úr skipum, hann er seldur úr kerrum og kössum hér og þar og það hefur reynzt mjög miklum erfiðleikum bundið að innheimta skatt af þessari sölu. Það er rétt, sem ýmsir hv. þm. hafa oft talað um, að það er vitanlega óviðunandi að ekki sé hægt að tryggja það, að sá söluskattur, sem á er lagður, skili sér. Hér er auðvitað um að ræða töluverðan tekjumissi fyrir ríkissjóð, en með hliðsjón af þeirri verðlækkun, sem þetta gæti leitt til, eða a. m. k. með hliðsjón af þeirri verðhækkun, sem væri hægt að koma í veg fyrir, þá tel ég rétt, að þetta verði gert. Það er hins vegar til lagaheimild til handa fjmrh. að fella niður söluskatt af þeim vörum, sem honum sýnist, og af því leiðir, að það er ekki ástæða til þess að lögfesta ákvæði í þessa átt.

Í þriðja lagi, þá vék form. fjhn. að vandamáli, sem upp er komið, varðandi fargjöld, einkum með flugvélum og skipum, og er þá fyrst og fremst um að ræða fargjöld milli Íslands og annarra landa, en ekki innanlandsfargjöld. Ég tel sjálfsagt, að þetta mál verði athugað rækilega. Hér er að vísu um verulegt tekjutap að ræða, sem þarf þar af leiðandi að athuga nánar, og jafnvel þarf þá að gera ráðstafanir til þess að leggja söluskatt á einhverjar vörur, sem undanþegnar eru. Ég hef ekki gert það dæmi upp, enda er tiltölulega stutt síðan var vakið máls á þessu vandamáli fyrir alvöru. Þegar söluskattur er kominn upp í 11%, þá skapar það mikla erfiðleika, kannske lítt viðráðanlega, og miklar hættur á alls konar krókaleiðum til þess að komast undan söluskatti við kaup á farseðlum milli Íslands og annarra landa. Hættan er sú, að farið verði að kaupa þessa farseðla erlendis, og þá fá þeir, sem hafa yfir gjaldeyri að ráða, betri aðstöðu til þess að losna við söluskattinn. Þannig gæti hér skapazt mismunun, sem er nauðsynlegt að taka til alvarlegrar athugunar. Hér er einnig fyrir hendi heimild til að fella niður söluskatt, að einhverju eða öllu leyti, og mun þetta vandamál verða tekið til mjög alvarlegrar athugunar.

Ég geri mér fullkomlega grein fyrir eðli vandans, en hér er um að ræða verulegt tekjutap, sem þarf að íhuga, hvernig á að mæta og hvort það er hægt án sérstakra ráðstafana. Annað atriði í þessu sambandi er, að það er ekki endilega nauðsynlegt að fella niður söluskatt á fargjöldum innanlands, þótt þetta væri gert á fargjöldum milli landa. En ég lýsi því yfir, að þetta mun tekið til mjög alvarlegrar íhugunar, og mér eru fullljós þau vandamál, sem hér er við að glíma. — Þetta var um þau almennu atriði, sem varða afgreiðslu málsins.

Það má svo náttúrlega endalaust ræða um það, sem hér hefur komið fram í ræðum framsögumanna minni hl., og þá, eins og ég sagði, fyrst og fremst ræðu hv. 4. þm. Reykv.

Ræða hv. frsm. 1. minni hl. var stutt og hann hélt sig algerlega við efni málsins, lýsti aðeins stuðningi sínum við þær brtt., sem hér eru, að vísu einnig andstöðu sinni við frv. í heild, en eins og hann tók fram, þá byggist hún á því, að hann og hans flokksmenn hafa lýst afstöðu sinni gegn EFTA-málinu í heild og lýstu því þá yfir, að afstaðan til söluskattsins mundi að sjálfsögðu markast af þeirri meginástæðu, og er ekkert við því að segja.

En varðandi þær brtt., sem fluttar eru sameiginlega af minni hl., þá vildi ég aðeins taka það fram, að það að fella niður söluskatt af fleiri vörutegundum en frv. gerir ráð fyrir, sé ég ekki möguleika til að gera vegna þess tekjutaps, sem það hefur í för með sér. Að vísu er það hárrétt hjá frsm. 2. minni hl. að auðvitað lækkar verðlag eftir því sem skattar og tollar eru lækkaðir. Það þarf enga sérstaka þekkingu til þess að átta sig á þeim hlutum. Vandamálið er aðeins, hvað hægt er að ganga langt í því efni, hvort þessi lækkun plús fjölskyldubótahækkunin mundi nema þremur vísitölustigum, en það hef ég ekki reiknað út. Ég leyfi mér að vísu að efast mjög um það. En hér er alla vega um að ræða till., sem nema mjög miklum fjárhæðum til lækkunar, ekki sízt ef þetta á að vega 3 vísitölustig, því hann sagði, að niðurgreiðsla á hverju vísitölustigi væri talin kosta á annað hundrað millj. kr., þannig að það mundu þá verða á fjórða hundrað millj. kr., sem hér væri um að ræða. Ef við eigum að taka skattvísitöluna með, sem kemur ekki þessu máli beint við, þá hefur áður verið reiknað út, að ef ætti að hækka hana um 40 stig, þá mundi það valda um 300 millj. kr. tekjutapi fyrir ríkissjóð einan. Hér er því augljóslega um að ræða slíkar tölur, sem ég veit að hv. frsm. er svo kunnugur og öllum hnútum varðandi tölumeðferð, að þetta er auðvitað ekki hægt nema stefna að stórkostlegum hallarekstri fyrir ríkissjóð. Ég tel ekki mögulegt að fallast á þetta, þó það væri vissulega æskilegt, eins og hann taldi að ég af góðmennsku minni mundi segja hér, ef ég man rétt, að það væri æskilegt og rétt að lækka vörur, um það erum við sammála, en það er bara því miður ekki hægt. Það væri ákaflega æskilegt að geta afnumið alla tolla og skatta, en ég er hræddur um, að það yrði þá að afnema eitthvað fleira, sem fólkinu þætti ekki eins þægilegt.

Varðandi það að setja nýjar reglur um kassa í verzlunum og annað þess háttar, vil ég segja þetta. Það mál hefur verið athugað áður, eins og hv. þm. gat um, og það er rétt, að þetta er gert í ýmsum löndum, eins og t. d. Bandaríkjunum. Þetta hefur verið athugað af okkar söluskattssérfræðingum og þeim, sem fást við eftirlit með innheimtu söluskatts, og það kann vel að vera, að það sé hægt að taka þessa aðferð upp. En það er ekki hægt nema að vissu marki. Við þekkjum það úr viðskiptalífi hér, einkum utan Reykjavíkur, að oft er í mjög stórum stíl ekki um að ræða staðgreiðslu. Og í öllum slíkum tilfellum, svo mun t. d. vera í langflestum kaupfélögunum, er í raun og veru engum aurum í kassana að stinga, vegna þess að varan er skrifuð. Þetta er sérstakt vandamál, sem hér er við að fást. Sumar verzlanir fá ekki vörurnar greiddar fyrr en eftir tiltekinn tíma, þannig að það er ógerlegt að skylda þær til þess að láta daglega í kassann peninga, sem svara til sölu dagsins. Þetta er því verulega flókið mál.

Ég vil hins vegar taka það fram, að ég er sammála hv. frsm. beggja minni hl. fjhn. um, að það verður að setja almennar reglur til þess að reyna að tryggja sem bezt

innheimtu söluskattsins, og er vaxandi nauðsyn að gera slíkar ráðstafanir, eftir því sem söluskatturinn hækkar.

Ég hef aftur á móti sáralitla trú á þessu ákvæði, að taka tíunda eða fimmta hluta allra söluskattsskýrslna til sérstakrar rannsóknar. Og skattrannsóknarstjóri er þessu máli ekki meðmæltur og telur, að það mundi aðeins verða til þess að skapa erfiðleika og brengla eftirlitið, vegna þess að eftirlitið er framkvæmt í mörgum tilfellum með allt öðrum aðferðum. Það eru tekin yfirlit, við skulum segja yfir heilar greinar verzlunar, og það væri í mörgum tilfellum verið að framkvæma alveg ástæðulausa athugun með því að taka út skýrslur, þar sem ekki er nokkur ástæða til þess að halda að eigi sér stað undanskot. Fyrirtæki hafa mjög mismunandi aðstöðu til þess, og þess vegna held ég, að það væri ekki ráðlegt að lögfesta þessa aðferð, en vitanlega er hægt að gera það. Ég hef áður skýrt frá hér í þingi, að það hefur verið athugað, hvort ekki væri hægt að koma þessu við og rannsaka einstök sveitarfélög, en málið er ekki einfalt í meðferð og ekki er nein vissa fyrir því, að það hefði mjög jákvæða þýðingu, heldur yrði það fyrst og fremst til þess að auka vinnu án þess að skila þeim afrakstri, sem ég veit að allir stefna að, en það er að reyna að tryggja, að þetta eftirlit okkar skili sem beztum árangri. Þess vegna mundi ég ekki telja heppilegt að lögfesta þetta, en vitanlega hefur skatteftirlitið algerlega í sinni hendi að framkvæma slíka útdráttarreglu, ef því sýnist svo og telur, að hún sé heppilegri en aðrar aðferðir.

Varðandi till. um fjölskyldubætur, þá er ég fyrst og fremst andvígur henni vegna þess, að það er auðvitað með öllu óeðlilegt, að ákveða í lögum um söluskatt, að meðan tiltekinn söluskattur eigi að gilda, þá skuli viss hluti hans renna til tiltekinna þarfa, eins og hér er gert ráð fyrir. Fjölskyldubætur eru hverju sinni ákveðnar með fjárl., og núna hefur verið ákveðin veruleg hækkun á þeim, eða sem svarar 50 millj. kr. á ársgrundvelli, sem beinlínis er gert til þess að mæta þeim sjónarmiðum, sem báðir hv. frsm. minni hl. lýstu, þ. e. að draga úr afleiðingum söluskattshækkunarinnar fyrir hinn almenna borgara og sérstaklega í þessu tilviki fyrir barnafólk, sem hér á hlut að máli. Sú hækkun fjölskyldubóta, sem var ákveðin nú í ár, skiptir mjög verulegum fjárhæðum. En þessa aðferð tel ég ekki æskilega og mjög óheppilega, að ákveða, að á meðan einhver tiltekinn skattur sé í gildi, skuli ráðstafa honum í tilteknar áttir. Það er alls ekki þar með sagt, að menn telji eðlilegt að nota hann í þessu skyni. Menn kynnu að komast að þeirri niðurstöðu, að það væri æskilegra að nota hann á annan hátt, og það hafa jafnvel verið uppi um það hugmyndir að afnema fjölskyldubætur og breyta kerfinu algerlega. Kann vel að vera, að það verði gert, um það skal ég ekki segja, en þetta er mál, sem verið hefur í athugun.

Ég tel sem sagt ekki mögulegt, að fallast á þessar brtt., með þeim skýringum, sem ég hef hér gefið, og vil þess vegna eindregið fara fram á það við hv. þm., að þær verði ekki samþykktar.

Varðandi karp okkar hv. 4. þm. Reykv. um æskuhugsjónamál mitt um skattvísitöluna skal ég ekki segja margt. Við höfum rætt um þetta í blöðum. Ég sé, að hann er búinn að ná sér á strik aftur, eins og hann oft gerir, og það er erfitt að berja niður selshöfuðið, eins og segir einhvers staðar í þjóðsögu. Ég sá um daginn, að hann var búinn að skrifa heila bls. enn í Tímann um þessa æskuhugsjón mína, sem mér þykir ákaflega gleðilegt að hann haldi á lofti, og reikna út, hvaða hagsbætur það hefði fyrir hinn almenna borgara, ef vísitalan yrði hækkuð um 40 stig. Ég er ekki á nokkurn hátt að mótmæla því, að það væru stórfelldar hagsbætur að hækka vísitöluna um 40 stig, í staðinn fyrir þau 11 stig, sem hefur verið ákveðið að hækka hana um. En málið er bara miklu flóknara en þetta. Ég hef áður skýrt frá því, að þetta mundi kosta ríkissjóðinn einan um 300 millj. kr. á ári. En það er ekki það alvarlegasta. Það, sem ég vildi vekja athygli hv. þm. á, er það, að skattvísitalan gildir einnig um útsvör til sveitarfélaga, og eftir því, sem kunnugir menn hafa sagt mér, þá mundi 40 stiga hækkun skattvísitölu leiða til fjárþrots líklega hvers einasta sveitarfélags á landinu. Það er nú svo komið, að fjöldi sveitarfélaga verður að nota álagsheimildina að fullu, allt upp í 20%, og á s. l. ári voru á milli 10 og 20 sveitarfélög, sem þurftu sérstaka aðstoð úr jöfnunarsjóði til þess að ná saman endum. Ef hækka ætti vísitöluna um 40 stig í viðbót; ja, hamingjan sanna, ég veit ekki hvernig þessi sveitarfélög kæmust þá af. Þótt ríkið gæti kannske leyft sér að gera þetta með því að yfirdraga úr Seðlabankanum, þá er ég ekki viss um, að Seðlabankinn leyfði sveitarfélögunum að viðhafa þá aðferð. Þetta væri því gersamlega óframkvæmanlegt, eins og nú er, hvort sem menn telja þetta rétt eða rangt.

Ég vil svo jafnframt upplýsa það varðandi mína æskuhugsjón, að hún er algerlega misskilin, vegna þess að það hefur aldrei verið hugsun mín né skoðun, og það er ekki sú hugsun, sem liggur á bak við skattvísitöluna, að hún eigi að fara eftir framfærsluvísitölu, ef hún hækkar meira en kaupgjaldsvísitala, heldur á kaupgjaldsvísitalan að vera viðmiðunin. Og ég get játað það fúslega og er ekkert að draga neitt undan í því, að ég hef nokkuð syndgað í þessu efni líka, vegna þess að skattvísitalan núna síðustu tvö árin hefur ekki fyllilega nægt til þess að mæta hækkun kaupgjaldsvísitölunnar. Þetta er rétt, og það stafar af því, eins og ég hef áður sagt, að ég hef talið að það væri þó skárra, að hækka ekki vísitöluna að fullu sem þessu nemur heldur en að þurfa að grípa til annarra skattálaga, sem mundu ekki verða almenningi hagkvæmari. Þessar syndir mínar skal ég játa, en ekki þá, að mér hafi nokkurn tíma hugkvæmzt það, að hægt væri að leysa úr kjarabótamálum með þeim hætti, sem nú hefur gerzt, þar sem framfærsluvísitalan hefur hækkað stórkostlega miklu meira en kaupgjaldsvísitalan. Það mundi leiða til þess, að þá yrði farið að nota skattálögurnar til sveitarfélaga og ríkis beinlínis til þess að bæta upp kjaraskerðingu af öðrum ástæðum en þeim, sem stafa af því, að kaupið hækkar, í staðinn fyrir það, að skattvísitalan hefur alltaf verið hugsuð til þess að koma í veg fyrir það, að menn greiddu hlutfallslega hærra af sínu kaupi og kæmust í hærri skattflokk við það, að laun þeirra hækkuðu af verðlagsástæðum eða verðhækkunarástæðum. En þetta er grundvöllurinn undir skattvísitölunni. Þetta tel ég nauðsynlegt að taka fram.

Ég skal svo ekki orðlengja mikið um þetta enn. Ég vil aðeins endurtaka það, að ég er algerlega sammála hv.

frsm. minni hl. beggja um, að það þarf að leggja ríka áherzlu á það að auka eftirlit með innheimtu söluskatts svo sem verða má. Það hafa farið fram allvíðtækar kannanir, hvernig söluskattsskil hafa verið, og það er sem betur fer margt, sem bendir til þess, að þau hafi farið batnandi á undanförnum árum, einkum athugun, sem Efnahagsstofnunin hefur gert. Það er að vísu ófullkomið og getur aldrei orðið nákvæmt, en miðað við sömu aðferðir frá ári til árs, sem beitt hefur verið, þá er það ljóst, að söluskattsskilin hafa batnað. En auðvitað leiðir hækkun söluskatts til nauðsynjar á auknu eftirliti. Ég hef áður skýrt frá því og get gert það enn, að nú á þessu ári er þegar byrjuð rækileg athugun á því, hvort virðisaukaskattskerfið kynni að henta okkur og hvort rétt væri að innleiða það, og þá fyrst og fremst með það í huga, að með því móti væri e. t. v. hægt að tryggja betri skil á skattinum. Ég held nú í sannleika sagt, að eini kosturinn við virðisaukaskattskerfið sé sá, að það tryggi betri skil, vegna þess að því miður fylgir því aukin skriffinnska og eftirlit og kostnaður, en segja má, að það geti vel svarað þeim kostnaði, ef hægt er að tryggja betri skil á skattinum.

Varðandi efnahagsmálastefnu Norðurlanda og það, sem hv. 4. þm. Reykv. ræddi í því efni, kaupgjald og verðlag, þá kemur það vitanlega ekki þessu máli við og hefur heldur ekki í þessum löndum verið á neinn hátt þáttur í söluskattsmáli. Þetta er almenn efnahagsmálastefna, að reyna að stuðla að þessu, og ég hygg, að menn hafi viljað stuðla að þessu hér á Íslandi líka, en það hefur ekki tekizt af ýmsum ástæðum, sem ég sé ekki ástæðu til að fara út í hér, að undanskildu því, sem við vitum ósköp gerla, hverjar orsakirnar hafa verið til kjararýrnunar núna síðustu 2—3 árin. Það þarf ég ekki að orðlengja um, því það vitum við allir, að þar höfum við algjöra sérstöðu hér á Íslandi.

Varðandi söluskattinn vil ég aðeins taka það fram, að ég hef áður skýrt frá því, að það hefur lengi verið haft í huga, að við mundum þurfa að mæta tollalækkunum, annaðhvort vegna aðildar að tollabandalögum eða almennt, vegna þess að tollar eru ekki hærri í nokkru nálægu landi, og því yrðum við að stefna að lækkun tolla, sérstaklega hátolla. Þess vegna hefur söluskatturinn ekki verið hækkaður hér í 5 ár. Frá því að ég tók hér við mínu embætti, hef ég verið andvígur því að hækka söluskatt og það beinlínis með þessum rökum. Ég hef oftar en einu sinni skýrt frá því í fjárlagaræðum og viðar, að söluskattur er nú hér miklum mun lægri en í öllum nálægum löndum. Á Norðurlöndunum öllum er hann frá milli 11 og 12% og allt upp í 20% í Noregi, en hefur til þessa verið 7½% hér og mundi nú fara upp í 11%.

Varðandi þær tölur, sem nefndar hafa verið um gróða og tap í sambandi við söluskattinn, þá sé ég ekki ástæðu til þess að ræða það hér. Það var gert mjög ýtarlega við fjárlagaafgreiðslu, og þar er að sjá nákvæmar áætlanir um það, hvað áætlað er, að söluskatturinn gefi í ár, miðað við breyttar innheimtuaðferðir, og hvaða útgjöld eru hins vegar á fjárl. Og mér er ekki kunnugt um, að það hafi verið neinar deilur um þær útgjaldatill., sem samþykktar voru hér á Alþ. og leiddu að vissu leyti til þess, að það varð að afla nokkurra nýrra tekna. Hv. alþm. voru yfirleitt allir sammála um, að um mikið nauðsynjamál væri að ræða, þar sem voru flestar þær hækkunartill. Ég vil sérstaklega í því sambandi geta þess, að um 100 millj. af þeim eru hækkanir, sem beinlínis voru gerðar til þess að jafna aðstöðu almennings og sérstaklega láglaunafólks í sambandi við söluskattshækkunina, og að öðru leyti voru samþ. hér á Alþ. mjög verulegar hækkanir á framlögum til verklegra framkvæmda, sem ég man, að hv. frsm. minni hl. fjvn. lýsti hér sérstakri ánægju sinni yfir.

Að tekjuliðir séu áætlaðir allt of lágir í frv., eins og hv. 4. þm. Reykv. sagði, það skal ég auðvitað ekkert fullyrða um. Um það getur enginn fullyrt fyrir fram. Sannleikurinn er hins vegar sá, að síðustu árin hefur þetta verið áætlað mjög nærri lagi. Og þegar hann talar um mikinn mun, sem hafi verið, upp á nokkur hundruð millj. kr., þá tekur hann þar með, að ég hygg, svokallaða eyrnamarkaða tekjustofna, sem hafa verið að hækka með sérstökum ráðstöfunum, t. d. vegaskattinn, sem hækkaði mjög verulega og felur auðvitað ekki í sér neina áætlun í fjárl., og ýmis önnur gjöld, sem eru veigamikill þáttur í innheimtu ríkissjóðs. En staðreyndin, sem við stöndum andspænis í þessum efnum síðustu árin, er því miður sú sorgarsaga, að tekjurnar hafa verið áætlaðar of háar, miðað við óhjákvæmileg ríkisútgjöld, þannig að það er búinn að vera halli á ríkisbúskapnum nú síðustu árin, og ég hygg, að það megi miklu fremur deila á mig fyrir það, og hefur reyndar stundum verið gert, að það hafi verið rekinn hallarekstur hjá ríkissjóði, sem er alveg hárrétt. Ýmsir góðir vinir mínir og glöggir menn í stjórnarandstöðuliðinu hafa bent á, að auðvitað geti það ekki gengið til lengdar, og ég er algerlega sammála því.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að það hefði bara leitt til þess, að ég hefði eytt minna, ef ég hefði áætlað þetta með öðrum hætti. Það hygg ég að sé mikill misskilningur. Mér þætti raunar fróðlegt að fá að sjá það, ef hv. þm., sem hefur nú aðgang að nokkuð stóru blaði, dytti nú í hug einhverja helgina, að setjast niður við að finna út, hverju ég hefði beinlínis eytt í óþarfa hvert árið. Það kann vel að vera, að hann finni út nokkur hundruð millj. af þessu tagi, en ég á eftir að sjá þessar tölur. Ég hef a. m. k. ekki viljandi greitt úr ríkissjóði neina fjárhæð, sem ég hef talið mögulegt að komast hjá að greiða. Það held ég, að ég geti fullyrt með góðri samvizku. En það að áætla tekjurnar of lágar og fara enn glannalegar í fjárhagsáætlunum, sem minn mæti samstarfsmaður, 3. þm. Vesturl., hefur nú stundum deilt á mig fyrir, og það vafalaust með töluverðum rétti, þá hef ég nú meiri ástæðu til að hlusta á þá gagnrýni og hygg, að hún sé réttmætari en hin, að ég hafi hér farið eitthvað óskynsamlega að ráði mínu og hafi fyrir bragðið ekki haldizt á þessum peningum, af því að ég hafi áætlað skakkt.

Ég sé nú, að þetta hefur orðið lengra mál hjá mér heldur en ég vildi, og eins og ég sagði áðan, þá er það síður en svo, að ég telji rétt, að efna hér til almennra umr. um efnahagsmál. Það gefast ótalmörg önnur tilefni til þess. En það er kannske eðlilegt, að inn í þetta komi það atriði, hvort það séu til peningar til þess að gefa eftir þær tekjur, sem brtt. fjalla um. Við því er ekkert að segja. Við erum þar ekki á sama máli, ég og hv. 4. þm. Reykv., og þó að ég viti, að við viljum báðir

gjarnan geta komizt á sama mál, ef við gætum, þá held ég, að það sé ekki hægt í þessu sambandi, þannig að um þetta þýðir ekki frekar að karpa.

En sem sagt, niðurstaða mín er sú, að ég tel ekki mögulegt, afkomu ríkissjóðs vegna, þó að það kynni að vera æskilegt af öðrum ástæðum, að skerða tekjur ríkissjóðs jafnmikið og hér er lagt til, og verð því mjög að mælast til, að þessar till. verði felldar, en að öðru leyti vísa ég til þess, sem ég þegar hef sagt, að það er ákveðinn ásetningur að afnema söluskatt af neyzlufiski. Því hefur þegar verið lýst yfir í sambandi við fjárlög, að verðhækkun á kjöti og smjöri verður greidd niður, þannig að verðhækkun kemur ekki til á þessum vörum, og einnig hafa verið gerðar ráðstafanir með sérstökum fjárveitingum til að hækka fjölskyldubætur og til þess að hækka greiðslur lífeyristrygginganna eða ellitrygginganna, einmitt með það í huga, sem menn hafa talað hér um, að létta þunganum af þeim, sem lakast eru settir.

Það er skoðun mín eftir athugun á öllum aðstæðum málsins, að vegna þeirra breytinga, þ. e. a. s. ef allt gengur eins og til er ætlazt með lækkun á vöruverði vegna tollabreytinganna og vegna þeirra niðurgreiðsluráðstafana, sem ég hef hér gert ráð fyrir, og vegna hækkunar á söluskatti, þá eigi ekki að þurfa að verða nein teljandi hækkun á vísitölu vegna þeirra kerfisbreytinga, sem hér er verið að gera.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Við 1. umr. um þetta mál, frv. til l. um breyt. á söluskattslögum, tók ég eindregna afstöðu og þarf þess vegna ekki að endurtaka það, að ég er og hef alla tíð verið algerlega andvígur tekjuöflun ríkissjóðs með söluskatti.

Þá gerði ég grein fyrir því, hvers vegna ég er andvígur honum. Ég tel hann koma ranglátlega niður. Með honum verður ekki stefnt að því, að skattþunginn leggist á breiðu bökin. Hann leggst miklu fremur á bök hinna veikari fjárhagsaðila í þjóðfélaginu og hann innheimtist illa, honum er stolið undan. Það er viðurkennt af flestum, sem á það mál minnast, jafnvel af fjmrh. sjálfum, þó að hann segi nú, að það sé í minna mæli en oft áður. En vel skilar hann sér ekki í ríkissjóð, og það er alveg vitað og einnig viðurkennt af flestum, að hann skilar sér því verr sem hann er hækkaður meir. Þá er freistingin meiri, úr því að möguleikarnir eru fyrir hendi, til þess að láta hann ekki skila sér í ríkissjóðinn, og þarf því að herða með öllum ráðum á innheimtu hans.

Það er ekki um það deilt, að nærri lætur, að söluskatturinn verði nú hálfur þriðji milljarður kr. eftir þá hækkun, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. En eins og allir vita, er ætlunin að hækka söluskattinn nú um 3½%. Hann hefur verið til þessa 7½%, en verður nú hækkaður í 11% á öllum vörum.

Ég sé það í nál. 1. minni hl. fjhn., hv. 4. þm. Austf., Lúðvíks Jósefssonar, sem ég hef ekki séð síðan ég kom á þing 1946, í eitthvað milli 20 og 30 ár, — ég hef aldrei séð það fyrr í þskj., að þm. væri svo viðkvæmur á taugum, að hann í nál. hreytti pólitískum skætingi í aðra þm. í leiðinni. Svona geta menn verið veikir fyrir. Látum það nú vera, ef við, ég eða Björn Jónsson alþm., hefðum verið í n. og verið eitthvað að angra hann þar í sambandi við afgreiðslu málsins. En því er ekki til að dreifa. Hann verður að koma að sínum pólitíska skætingi í okkar garð, þó að við höfum ekki verið viðriðnir nefndarstörfin og komum ekkert við sögu í nál., sem skýrir auðvitað frá nefndarstarfinu. En einsdæmin eru kannske verst, svo er sagt, og látum það þá vera. Hann hefur þurft að létta á sínum taugum, og það er gott, ef það hefur tekizt með þessu. Hann vék einnig að þessu sama í framsöguræðu sinni áðan og sagði, að því hefði verið lýst yfir af ríkisstj. við meðferð EFTA-málsins, að hún hygðist bæta sér tekjutap vegna lækkaðra tolla með söluskattshækkun. Þetta er rétt. Þetta var ætlun ríkisstj. Hitt er aftur öllum mönnum augljóst mál, að ríkisstj. gat, ef hún vildi, valið einhverjar aðrar leiðir til að bæta sér upp tekjutapið vegna EFTA-inngöngunnar heldur en að leggja á söluskatt. Um það get ég ekki ímyndað mér annað en ég og hv. 4. þm. Austf. séum sammála. Þetta var ekki eina nauðsynlega og undankomulausa leiðin. Þess vegna velur ríkisstj. söluskattsleiðina til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð algerlega á sína eigin ábyrgð, en ekki þeirra manna, hvorki mín né hv. 4. þm. Austf., sem lýstum því yfir, að við höfum alltaf á allri okkar þingmannsævi verið andvígir söluskatti og erum það enn, og höfum lýst því yfir, að við greiðum atkv. á móti þessu frv. Samt eigum við að bera ábyrgð á því, — ja, ekki hann, — ekki hann með því að greiða atkv. á móti því, en við með því að greiða líka atkv. á móti því, við eigum að vera ábyrgir fyrir frv. Svona „hundalógik" er áreiðanlega borin hér á borð í taugaæsingi.

Nei, það hefði vissulega verið hægt að fara aðrar leiðir til þess að afla þeirra tekna, sem EFTA-inngangan sviptir okkur. Ríkisstj. segir, að hún muni þurfa um 500 millj. kr. í ríkissjóð til þess að bæta sér upp þetta tekjutap af tollalækkuninni. En þetta frv. þýðir ekki bara um 500 millj. kr. hækkun. Það er talið, að í því felist um 800—850 millj. kr. hækkun. 350 millj. kr. umfram það, sem leiðir af tollalækkuninni. Kannske hv. 4. þm. Austf. telji, að við berum líka ábyrgð á þessari upphæð, sem leggst á skattþegnana. Það er sennilegt.

Mér virðist það liggja ljóst fyrir, ef þetta er rétt, og móti því hefur hæstv. ríkisstj. ekki borið á nokkurn hátt, að hún er í leiðinni að afla sér tekna, sem nema um eða yfir 300 millj. kr. umfram það, sem leiðir af tollalækkuninni. Þetta er raunar bókstaflega viðurkennt í nál. hv. meiri hl., því að þar segir:

„Gerir frv. þetta ráð fyrir nokkurri hækkun söluskatts (það er nú reyndar hvorki meira né minna en 3½%) og að með því verði unninn upp tekjumissir ríkissjóðs og auk þess fengnar tekjur til handa ríkissjóði vegna aukinna framlaga til verklegra framkvæmda og hækkunar á bótum almannatrygginga."

Sem sagt, verklegra framkvæmda og trygginga. Auðvitað verður þetta ekki lagt í neina sérstaka skúffu vegna þeirra hluta. En það er viðurkennt þarna, að auk þess sé aflað tekna handa ríkissjóði, og það er talið, að sú aukatekjuöflun nemi um 300 millj. kr., sem hæstv. ríkisstj. viðurkennir, að sé ekki á neinn hátt í sambandi við EFTA-inngönguna.

Það olli engum vandkvæðum að fá því fram komið fyrir jólin að láta afgreiðslu söluskattsmálsins bíða og

aðskilja það frá afgreiðslu EFTA-málsins, enda var það auðvitað algerlega sjálfstætt mál út af fyrir sig, hvaða tekjuöflunarleiðir væru farnar til þess að bæta upp tollalækkunina að því er varðaði hag ríkissjóðs. Við erum hér að fjalla um þetta algerlega sjálfstæða mál og hæstv. ríkisstj. verður að eiga það á hættu, að ef þetta mál yrði fellt, þyrfti hún að stinga upp á einhverri annarri tekjuöflunarleið til þess að koma endum ríkissjóðsins saman. Vitanlega treystir hún á sinn meiri hl. á hv. Alþ. við að koma þessu máli í örugga höfn, hvað svo sem minni hl. segir, er sem sagt alveg staðráðin í því að fella allar till. minni hl., og því hefur þegar verið lýst yfir fyrir hönd ríkisstj., að svo verði gert. Það er aldrei neitt vinsælt að benda á skatta, sem eiga að leggjast á herðar skattþegnanna. En ég verð að segja það, að ég mundi með góðri samvizku styðja hverja hugsanlega leið aðra til tekjuöflunar heldur en söluskattinn. Ég mundi t. d. hiklaust segja, að ég vildi heldur, að þeirra 500 millj. kr., sem afla verður vegna tollalækkunarinnar, væri aflað með eignarskatti, sem væri t. d. tekinn af eignum umfram visst lágmark. Þar með væri þó fenginn grundvöllur fyrir tekjuöflun, sem hægt væri að láta leggjast á eignaraðilana í landinu, á visst lágmark. En það hefur vafalaust ekki verið hugsað til þess að fara þá leið. Eða velja þá leið einmitt á þessum tímamótum, sem margar nágrannaþjóðir okkar hafa valið fremur en söluskattsleiðina, nefnilega virðisaukaskattinn, sem talið er, að hafi þó þann kost umfram söluskattinn, að hann skili sér betur, að það sé auðveldara að „kontrolera" hann. Og það er ekki lítill kostur, þó það væri rétt, sem hæstv. ráðh. segir, að hann muni hins vegar kosta allmikla skriffinnsku, en það gerir söluskatturinn líka. Skattaeftirlitskerfið kostar ekki neitt lítið. Án þess mundi hann áreiðanlega innheimtast afleitlega. En það er tilkostnaður, sem verður þó að kosta til, til þess að hafa úti öll spjót, svo að hann skili sér að meiri hluta. Þannig kemur nú alls ekki kostnaðarlaust eða fyrirhafnarlaust í ríkissjóðinn það af honum, sem þangað skilar sér nokkurn tíma.

Mér finnst eðlilegt, að spurt sé, hvort það sé ekki í undirbúningi og hvort ekki hafi verið framkvæmanlegt nú á þessum tímamótum að taka upp virðisaukaskatt í staðinn fyrir söluskatt. Það er önnur leiðin, sem mér kemur í hug að benda á og ætti að hafa verið fær, því að það mál hefði getað verið um langan tíma að undanförnu í undirbúningi hjá hæstv. ríkisstj., ef hún hefði haft hug á að taka það úrræði nú og leysa málið með því. Einnig má spyrja um það, hvort hæstv. ríkisstj. hugsi sér t. d. að vinna að því að undirbúa, að söluskatturinn verði leystur af hólmi innan einhvers ákveðins tíma með því að taka upp virðisaukaskatt. Ég endurtek það, að ég tel það mikið til bóta, ef það er rétt, sem fullyrt er af skattayfirvöldum, að hann hafi þann kost, að auðveldara sé að „kontrolera" hann og hann skili sér þannig betur en söluskattur.

Það eru hér ýmsar brtt. við þetta frv., sem fyrst og fremst víkja að því að undanþiggja söluskatti ákveðna vöruflokka, sem almenningur kemst ekki hjá að kaupa af brýnustu lífsnauðsynjum. Slíkar till. höfum við í stjórnarandstöðunni margoft flutt, ýmist þessi flokkur í þetta skiptið eða annar flokkur öðru sinni, og þetta hefur verið stráfellt hverju sinni. Því er borið við, að það sé erfitt að undanþiggja ákveðnar vörutegundir skattinum. Ógerlegt er sagt, að hafa hann mismunandi háan vegna framkvæmdaatriða, og þannig staðið gegn því, að það sé gert. Ég er alveg samþykkur þeim till., sem í þessa átt ganga, og einnig till. í þá átt, að ekki verði settur söluskattur á stóra útgjaldaliði fólks, eins og t. d. raforkuverð og hitaveitugjöld, og ég get ekki skilið, að það sé ekki framkvæmanlegt, ef hæstv. fjmrh. vildi aðeins sjá af þeim tekjum, sem ríkissjóður missti við að undanþiggja þessa innlendu vöru- og þjónustuflokka. Það ætti hann þó að geta, ef ekki væri um meiri tekjuöflun að ræða heldur en þá, sem þarf til að vega á móti lækkuðum tollum. Hann ætti að geta fengið 500 millj. kr. inn, þrátt fyrir að innheimta söluskattsins væri takmarkaðri og undan felldir ýmsir neyzluvöruflokkar og þjónusta, eins og t. d. raforkan og hitaveitugjöldin. En hann segist þurfa á meiri tekjuöflun að halda og það er ekkert dulið af meiri hl. og það virði ég við hann.

En ef svo fer, að engar till. fáist samþykktar um að undanþiggja brýnustu nauðsynjar söluskattinum, þá teldi ég, að reynandi væri að bera fram till. um lækkun söluskattsins í 2½% í staðinn fyrir 3½% og miða þannig tekjuöflunina nokkurn veginn við það, sem upplýst er, að tollarnir lækki um vegna inngöngunnar í EFTA. Þó teldi ég ekki rétt að bera fram slíka till. fyrr en við 3. umr., ef þá væri komið í ljós, að engin af brtt. um að undanþiggja nauðsynjavöruflokka söluskattinum hefðu verið samþykktar. Þá væri það eðlilegt við 3. umr. að lækka söluskattinn, þannig að hann yrði ekki 11%, heldur 10%.

Mér þykir það furðulegt, að till., sem oft hefur verið borin fram til þess að stuðla að betri innheimtu söluskatts og er nú enn flutt, og sem ég hef alltaf verið sannfærður um, að hefði við full rök að styðjast, einmitt í sambandi við innheimtu söluskattsins, skuli aldrei ná fram að ganga. Það er till., sem nú er á þskj. 276, um að fyrirskipa öllum fyrirtækjum og afgreiðslustöðum, þar sem söluskattur er innheimtur, að taka upp peningakassa, sem auðvelt sé að stimpla í öll söluskattsskyld viðskipti, þannig að eftirlitsmenn í fjmrn. einir eigi aðgang að viðkomandi hólfi kassans og geti þannig „kontrolerað" allt, sem í gegnum hann fer. Jú, hæstv. fjmrh. kemur hér og segir, að þetta sé nú þekkt fyrirbæri í öðrum löndum, meira að segja í Bandaríkjunum, og vafalaust hafi Bandaríkjamenn ekki tekið þetta upp að ófyrirsynju eða vitandi það, að þetta bæri engan árangur. Nei, hæstv. ráðh. viðurkenndi, að þetta væri að mjög miklu leyti framkvæmanlegt í viðskiptum hjá okkur. En því ekki að taka þetta upp gagnvart þeim hluta viðskiptanna, sem þetta nær til? Hvers vegna þessi sífelldu undanbrögð að gera þetta, því það er vitað, að þetta mundi bæta að verulegu leyti innheimtuna á söluskattinum, útiloka möguleika á að stela undan? En það er sífelldlega látið undir höfuð leggjast, ár eftir ár, hvernig sem stjórnarandstaðan hér hamrar á þessari uppástungu, og bara beitt úrtölum. Það finnst mér ekki nógu gott. Vitað mál er, að með því að taka þetta upp, þá væri búið að auðvelda nokkuð eftirlitið, gera það umfangsminna að öðru leyti í viðskiptunum, ef það nær ekki til þeirra að öllu leyti. Og þá væri auðveldara að taka á viðskiptunum að öðru leyti og eftirlitinu með innheimtu söluskattsins af þeim, t. d.

með útdrætti, ef fimmti hver skattþegn væri dreginn út algerlega eftir blindri tilviljun og ætti yfir sér vofandi, ef um skattsvik væri að ræða, að hans skattaskjöl kæmu upp. Og því betur er sú leið framkvæmanleg, sem hún á að ná yfir takmarkaðra svið.

Ef þetta hvort tveggja væri gert, væri hægt að „kontrolera" söluskattinn og koma að mestu eða kannske öllu leyti í veg fyrir, að honum væri stolið undan, þ. e. lagður á skattþegnana, innheimtur af þeim, en komi ekki til nota í þarfir ríkisins, eins og nú hefur meira og minna borið við fram til þessa, af því að eftirlitið hefur ekki verið nógu gott og ekki leitað neinna úrræða, þau ekki nýtt, sem þó er vitað um og menn viðurkenna, að gætu komið að haldi. Ég hefði haldið, að hæstv. ríkisstj. tæki hverri þeirri till. opnum örmum, sem að því stuðlaði, að innheimta söluskattsins yrði fullkomnari, söluskatturinn skilaði sér betur í ríkissjóðinn, og fæ ég ekki skilið þá tregðu, sem alltaf verður vart við varðandi aðgerðir í þessa átt. Það er engu líkara en það séu til staðar einhverjir brjóstmylkingar, sem verða að hafa svigrúm til þess að stela undan skatti, sem er þó það versta í þjóðfélaginu. Það er ranglætið, sem við slíkt skapast. Þeim heiðarlegu er hegnt sem skattþegnum, en hinum er gefinn kostur á að komast upp með lögbrot af grófustu tegund, því að það verða skattsvik að teljast. Ég álít ámælisvert, ef ekki fæst samþykkt till. um að taka í notkun þessa peningakassa, sem svona eru útbúnir og eru alkunnir í þessari þjónustu, og til viðbótar þá að öðru leyti útdráttarkerfið, svo að sérhver skattþegn geti átt það á hættu, að hans skattaskjöl komi til ýtarlegrar rannsóknar og skattsvik komist þannig upp, hvar sem niður væri borið. Það vita auðvitað engir fyrir fram.

Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um málið, það er alveg óþarft, að öðru leyti en því, að ég endurtek það, að það er mín till., að þetta frv. verði fellt. Mér þykir líklegt, að að öllum öðrum till. felldum muni ég flytja eða standa að flutningi till. um, að söluskatturinn verði lækkaður í 10%, þegar útséð er um það, að ekki fáist horfið frá þessari skattainnheimtu í söluskattsformi né heldur neinar lagfæringar í þá átt að takmarka innheimtu hans af brýnustu lífsnauðsynjum. Ég tel, að það eigi að takmarka söluskattinn við það, að hann geti „dekkað" um 500 millj. kr.

Ég mun greiða atkv. á móti þessu frv.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Áður en ég vík að þessu frv., vil ég víkja að því, sem hæstv. fjmrh. sagði áðan í sambandi við innheimtuna á söluskattinum. Oft hafa hér á hv. Alþ. farið fram umr. um innheimtu á söluskatti og gengið í þá átt, að hún væri ekki svo sem skyldi.

Í sambandi við peningakassa þá, sem um er rætt og till. hér um á þskj. frá hv. minni hl. fjhn., þá hef ég skilið það svo, að þegar um vörupantanir væri að ræða, yrði að fara fram kassastimplun og greiðsla. Þá yrði fyrirtækið, sem afgreiddi vöruna, að greiða fyrir þessa kaupendur, þar sem það er orðið ábyrgt fyrir söluskattinum við það að afgreiða vörurnar. Það hefur ekki verið talið, eða ég veit ekki til þess, að það hafi verið talin rök fyrir því, að skila ekki inn söluskatti, þó að fyrirtæki hafi ekki getað innheimt hjá viðkomandi aðila. Og auðvitað verður það að vera svo, að um leið og það afgreiðir vöruna til viðkomandi aðila, þá verður það ábyrgt fyrir skilum söluskattsins.

Ég held líka, að staðgreiðsla stuðli að nokkru leyti að vöruafgreiðslu í gegnum kassa, þó bein kassagreiðsla sé mjög að færast í vöxt. Og þegar um svo miklar fjárhæðir er að ræða, eins og hér er ætlazt til að verði, þá verður að gera allt til þess, að þær komist til skila. Því þegar söluskattur er orðinn 11% af heildarútsöluverði vörunnar, þá skiptir það verulegu máli, hvort hann kemur á réttan stað. Ég held, að þetta muni ekki valda þeim erfiðleikum, sem mér fannst hæstv. ráðh. gera ráð fyrir.

Ég ætla ekki að fara út í almennar umr. um fjárlög né afgreiðslu þeirra, en það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að við lýstum fylgi okkar við þá hækkun, sem gerð var á útgjöldum vegna verklegra framkvæmda og almannatrygginga, og skal ég undirstrika það, án þess að skýra þetta neitt frekar.

Við 1. umr. þessa frv. hér á hv. Alþ. gerði ég grein fyrir afstöðu minni til málsins og jafnframt fyrir afstöðu Framsfl. Síðan sú umr. fór fram, hefur margt skýrzt betur en þá var orðið, og það gefur mér tilefni til þess að segja nokkur orð til viðbótar við þessa umr. málsins. Eins og ég tók fram þá og vil endurtaka nú, tel ég að hér sé um að ræða eitt það stærsta mál, sem fram hefur verið lagt hér á hv. Alþ. að þessu sinni. Þetta söluskattsfrv. er ekki frv. um það eitt að afla ríkissjóði tekna vegna þarfa hans, heldur er hér um algera stefnubreytingu að ræða í tekjuöflun ríkissjóðs. Hér kemur í raun og veru fram viðhorf stjórnmálaflokkanna í landinu til hins almenna borgara. Þess vegna er hér um miklu meira mál að ræða en þær 1000 millj., sem hér er verið að afla. Það er sem sagt um algera byltingu að ræða í sambandi við þessa tekjuöflun. Það var ljóst, að það mundi verða gerð hér breyting í sambandi við, hvernig þessa fjár skyldi aflað, og það kom fram í fjárlagaræðu hæstv. fjmrh., að hann stefndi að hækkun á söluskatti. Okkur, fulltrúum Framsfl. í fjhn., fannst því nauðsyn bera til að nota tækifærið til þess að gera ítrekaða tilraun til að fá hinar mestu nauðsynjavörur undanþegnar söluskatti. Við töldum, að það mundi verða tækifæri til að ná þessari breytingu fram nú, þar sem allt virtist stefna að því, að um söluskattshækkun yrði að ræða. Ég verð að segja, að ég hef því orðið fyrir verulegum vonbrigðum með, að það mál okkar skuli ekki hafa fengið betri hljómgrunn hér á hv. Alþ. en raun hefur orðið á. Þó ber að virða það, sem hv. formaður fjhn. þessarar hv. d., hv. 1. þm. Reykn., lýsti hér yfir í sambandi við fiskinn, því það er sannarlega gleðilegt, að hann skuli þó eiga að vera undanþeginn söluskatti, og það var skýrt fram tekið hjá hæstv. ráðh., að innheimta á þeim tekjustofni ríkissjóðs mun hafa skilað sér illa. Það ber líka að virða það, sem náðst hefur fram með andstöðu við söluskattinn á almennar neyzluvörur, að hann skuli ekki eiga að hækka á kjöti, á kindakjöti og smjöri. En lengra ná þessar lagfæringar ekki og ber að harma það, að svo skuli fara.

Mér þykir líka rétt að benda á það í sambandi við þetta mál, að hæstv. ríkisstj. notar EFTA-málið sem forsendu fyrir þeirri breytingu, sem hér er verið að gera.

Ég taldi, að þegar búið var að samþykkja það hér á hv. Alþ., að Ísland gerðist aðili að EFTA, þá bæri nauðsyn til að reyna að sameina þjóðina til þess að búa sig undir þá breytingu og reyna að stuðla að því, að sem minnst átök yrðu um málið. Enda var það svo á hv. Alþ., að þegar þetta mál var tekið til meðferðar fyrir jólin, urðu um það minni deilur en venja hefur verið um stórmál hér á hv. Alþ. En það, sem er merkilegt við þetta, er, að hæstv. ríkisstj. virðist ekki gera neitt í því að sameina þjóðina um þetta mál, heldur hefur hún tekið þann kostinn að gera sér allverulegan mat úr mismunandi skoðunum manna á því, og kennt við EFTA-málið óskylda þætti, eins og t. d. þetta söluskattsmál eða tekjuöflunina, sem væru þau eingöngu bundin því.

Nú er það rétt, eins og komið hefur fram, að tekjuöflun sú, sem hér er verið að ræða um, er ekki að öllu leyti bundin við EFTA-málið. Það 400 millj. kr. tekjutap, sem verður af völdum tollalækkananna, er ekki allt vegna breytingarinnar við EFTA-aðildina, þar eð upphaflega var ráðgert, að þetta yrðu um 360 millj. kr. En 50 millj. kr. af þeim tekjum, sem talið er að ríkissjóður muni missa, stafa af þeirri breytingu á tollskránni, að felld eru niður leyfisgjöld af bifreiðum. Sá tekjumissir er talinn nema 50 millj. kr. Áður fyrr var talið alveg óhugsandi, að ríkissjóður gæti af þeim aurum séð, þegar verið var að streða við það, að þeir gengju til vegamála í landinu, en nú hefur hins vegar verið horfið að því ráði. En það skýrir sig nú oft síðar, þó um það sé deilt, þegar málið er til meðferðar, að það er hægt að finna leiðir til þess að mæta hinum og þessum þörfum, ef að því er stefnt. Þess vegna er ekki hægt að skrifa á reikning tollalagabreytingarinnar vegna EFTA-aðildar, nema innan við 400 millj. kr. af þeirri tekjuöflun, sem hér er stefnt að. Hins vegar hefur hæstv. ríkisstj. viljað tengja þetta sem mest EFTA-aðildinni og gera málið þannig, að það sé á þann reikning skrifað. Það hefur líka verið mikið gert að því, eins og ég gat um áðan, að blása upp andstöðu stjórnarandstöðunnar við afgreiðslu á EFTA-málinu, eins og færð væri á þann reikning öll sú tekjuöflun, sem verið er að fara fram á, og m. a. hefur það komið fram í þeim umr., að það er harmað, að ekki skyldu vera fleiri andstæðingar EFTA-málsins hér á hv. Alþ. heldur en raun var á. Þetta hefur komið mjög fram í blöðum stjórnarsinna og verið blásið mikið út.

Nú er það eitt af því skemmtilega, sem maður kynnist í pólitíkinni, þegar slíkar harmatölur eru fram bornar um, að andstaðan hafi verið of lítil. Þeir vita það ósköp vel, stjórnarsinnar, eins og aðrir hv. þm., að aðferð stjórnarandstöðu á hverjum tíma er jafnan sú, að þegar hún vill ekki greiða atkv. gegn máli, þá heldur hún að sér höndum við atkvgr. og afgreiðslu. Og það er auðvitað eðlilegur háttur, þar sem hún vill ekki taka á sig þá ábyrgð, sem af framkvæmdinni leiðir og ríkisstj. á hverjum tíma fer með. Í því sambandi verður mér hugsað til þess, þegar bjargráðin voru hér til meðferðar í hv. Nd. vorið 1958. Nokkur umr. hafði þar farið fram og m. a. kom það í ljós, að sumir af stjórnarliðum þá voru ekki fylgismenn málsins. En við afgreiðslu á málinu við 2. umr. gerðist það, að margir stjórnarandstæðingar sátu hjá við atkvgr. til þess að tryggja málinu framgang. Þeim var það auðvitað ljóst, að það var nægjanlegt, til þess að málið næði fram að ganga, en þeir breyttu sinni afstöðu til málsins við 3. umr., þegar þeir sáu, að þeirra liðsinnis þurfti ekki með til þess að tryggja málinu framgang. Og hver er svo ástæðan fyrir því, að þannig er á málum haldið í sambandi við EFTA-málið af hálfu hæstv. ríkisstj.? Ástæðan er kannske fyrst og fremst það mál, sem við erum að fást við nú.

Söluskattsmálið er stefnumótandi mál. Það sem hæstv. ríkisstj. ætlaði sér og þurfti á að halda í sambandi við það var, að átökin og deilurnar um EFTA-málið yrðu það miklar, að söluskattsmálið hyrfi í skuggann. Hér er nefnilega um stórpólitískt mál að ræða, eins og ég tók fram áðan, stærsta pólitíska málið, sem enn hefur verið lagt fram á hv. Alþ. að þessu sinni. Hér er um það að ræða, að beina tekjuöflun ríkisins, á hátt í einum milljarði króna, eða a. m. k. 800—900 millj. kr., að hinum almenna borgara. Þetta er mergurinn málsins. Þá munu hv. þm. hugsa: Hvernig á að standa að þessu máli, þar eð ríkissjóður verður auðvitað að fá sínar tekjur?

Ég hef áður bent á það og vil endurtaka það, að það er jafnvel hægt að nota söluskatt án þess að fara þá leið, sem hæstv. ríkisstj. fer nú. Ef gerðar eru hliðarráðstafanir til þess að bæta þeim tekjuminni í þjóðfélaginu upp það, sem er verið að gera með söluskattshækkuninni, þá er hægt að nota hann. En ef á að nota söluskattinn, eins og hér er gert, þ. e. að hækka hann án nokkurra hliðarráðstafana, þá er hann algjörlega ónothæfur, því þá er verið að mismuna fólkinu í landinu með því að færa byrðarnar yfir á bak hins almenna borgara, einmitt þeirra, sem hafa stærstu fjölskyldurnar. Þetta er mergur málsins. Kjarninn í þessu er ekki talan, sem um er að ræða, heldur stefnan. Og ef þetta á að vera stefnan, sem fylgja skal við þær breytingar, sem þarf að gera á tollinnheimtu okkar, þá endurtek ég það, að hér er um algera byltingu að ræða.

Og þá vil ég koma að því, hvernig hægt væri að mæta þessu nú með því að nota söluskattinn. Það væri í fyrsta lagi hægt að gera það með því, eins og hér hefur verið bent á, að fella niður söluskattinn af mestu nauðsynjavörunum. Ég vil taka undir það með hv. 9. þm. Reykv., að það eru engin vandkvæði á því að fella niður söluskatt af gjöldum til rafmagnsveitu og hitaveitu. Þetta er orðin almenn neyzluvara í landinu. Og það sama er að segja um olíuna til húsupphitunar. Þetta er líka afskaplega auðvelt við að fást. Þess vegna er hægt, ef vilji er fyrir hendi til að fella niður söluskatt af mestu nauðsynjunum, að velja það, sem minnst hætta er á, að skapi svindl eða vanskil á söluskattinum.

Það væri líka hægt að mæta þessu með því að auka niðurgreiðslurnar á nauðsynjavörum. Hugsið ykkur bara ráðstafanirnar, sem voru gerðar hér haustið 1966, þegar niðurgreiðslurnar voru stórauknar, svo að til þeirra var varið á fjárlögum 1967 á 8. hundrað millj. kr. En nú eru þær á milli 500 og 600 millj. kr. Það var talin ástæða til að gera þetta, vegna þess að það þurfti að bæta um fyrir fólki í landinu, dýrtíðin var orðin svo mikil. En síðan er búið að fella gengið tvisvar og nú er verið að hækka söluskattinn stórkostlega. Ef það hafa verið nokkur rök fyrir því, að það hafi verið nauðsynlegt, nema vegna kosninganna 1967, að auka niður-

greiðslurnar haustið 1966, hvernig er þá hægt að halda því fram, að það sé hægt að komast af með minni niðurgreiðslur nú? Það er með öllu óhugsandi að gera það, enda veit ég, að það mun enginn reyna að halda slíku fram.

Það sama er að segja um skattvísitöluna. Ef hún hefur verið réttmæt, eins og hún var ákveðin 1967, er þá hægt að gera ráð fyrir því, að persónufrádráttur 1970 sé hlutfallslega minni en þá? Hvaða rök eru fyrir því?

Það er hægt að halda því fram með réttu, að ríkissjóður megi ekki missa tekjur, en það, hvernig á að afla teknanna, hvort á að taka þær af hinum almenna borgara fyrst og fremst, það er mál, sem hægt er að deila um. Stefnan í þessu máli er deiluatriðið og mergur málsins. Þess vegna, eins og ég sagði áðan, var það nauðsynlegt fyrir hæstv. ríkisstj. að haga málflutningi sínum um EFTA-málið eins og hún hefur gert s. l. mánuð, því það var nauðsynlegt að láta umræðurnar snúast um það, til þess að komast laumulega fram hjá þessu. Það er ekki hægt að halda því fram með rökum, að ekki hefði verið hægt að afgr. þáttinn gagnvart tekjuöfluninni, þ. e. gagnvart EFTA, á annan hátt en hér er lagt til.

Í þriðja lagi er hægt að mæta þessum söluskatti með auknum fjölskyldubótum og tryggingum. Það, sem við gerðum við fjárlagaafgreiðsluna fyrir jólin með því að auka fjölskyldubætur, var aðeins til að mæta hluta af því, sem orðið var og á var fallið vegna gengislækkunarinnar í fyrra, en ekki til þess að mæta því, sem ókomið var. Þess vegna er, eins og hv. 4. þm. Reykv. sýndi fram á, fullkomin ástæða til að stórauka fjölskyldubæturnar, og án þess að ég sé nú nógu vel að mér um skattamál þeirra á Norðurlöndum, þá tel ég mig þó vita það, að það, sem þeir einmitt gera í sambandi við tekjuöflunina, er að nota tryggingakerfið til þess að hagræða fyrir þá, sem minni hafa gjaldgetuna, en það er einmitt fólkið, sem þarf að kaupa mest af matvælunum vegna stórrar fjölskyldu. En það er þetta fólk, sem nú verður látið borga mest.

Það er líka hægt að nota tekjuskattinn og útsvörin til þess að bæta upp óþægindi af söluskattinum. Það er ekki sama, hvort við byggjum tekjuskatt og útsvör á lágum eða háum söluskatti. Það er samband á milli þessarna, og það er óhugsandi annað en að taka tillit til þess, þegar svo róttæk breyting er gerð, eins og hér er verið að gera. Að mínu mati er því óhugsandi að gera slíka breytingu á tekjuöflun ríkissjóðs með einhliða hækkun söluskatts, án þess að taka þessa þætti með. Það er meira að segja hægt að nota söluskatt sem tekjuform fyrir ríkissjóð og halda þó þeirri stefnu, sem við höfum fylgt, að reyna að hagræða fyrir þá, sem lægri hafa tekjurnar. En til þess verður að nota þau hjálpartæki, sem tiltæk eru og ég hef hér drepið á, í því skyni.

Þess vegna getur hér ekki verið um annað að ræða en stefnuákvörðun hæstv. ríkisstj. um það, að þannig skuli ekki að farið, því ef hún hefði áhuga fyrir því að hagræða hlutunum í þágu þeirra, sem minni hafa tekjurnar, þá mundi hún geta gert það. Ég vil einnig segja það, að þetta kemur nú fram á versta tíma, vegna þess að tekjur fólksins í landinu eru komnar niður fyrir lágmark. Og það hefur ekki sízt gengið í þá áttina á s. l. ári. Þess vegna endurtek ég það, að ef það hefur verið þörf fyrir að greiða niður vörur haustið 1966 vegna afkomu fólksins í landinu, þá er það nú brýn nauðsyn.

Svo vil ég einnig geta þess, hver áhrif þessi söluskattshækkun kann að hafa á sölu á innlendum afurðum. Vil ég þar fyrst og fremst nefna landbúnaðarvörurnar. Nú er það góðra gjalda vert, sem gert er, að söluskattshækkunin kemur ekki á kindakjöt og smjör. Það er nokkurs virði, svo langt sem það nær. En þetta nær heldur ekki til fleiri vörutegunda. Þess vegna fer það svo, að aðrar vörutegundir halda áfram að hækka, og það gerir það að verkum, að salan er í hættu. Þetta gerir það líka að verkum, að það þrengir þá möguleika, sem bóndinn, framleiðandinn hefur til þess að ná þeim tekjum, sem hann á að hafa samkvæmt framleiðslulögunum og er sambærilegt við aðrar stéttir. Eftir því sem við komum með fleiri álögur á útsöluverðið, því minni verður hlutur bóndans í því. Það er staðreynd. Enn fremur er það vitanlegt, að það er nokkuð gert að því að selja nautakjöt og hrossakjöt og aðrar kjöttegundir fram hjá sölusamlögum, kaupmönnum og kaupfélögum, með beinni sölu. Eftir því sem álögurnar með skatti og söluskatti hækka, því meira verður um þetta. Þetta er afskaplega hjáróma, á sama tíma og löggjafinn er að gera mjög háar kröfur um meðferð á þessum matvælum, sem gerir það að verkum, að það verður að leggja stórkostlega fjármuni í það að útbúa sláturhús og annað slíkt, til þess að framleiðsluvaran sé sem bezt úr garði gerð. En þessi ráðstöfun mun hins vegar verða til þess, að miklu meira verður gert af því að selja þessar vörur beint, og þar með fellur náttúrlega söluskatturinn niður. Þó að kindakjötið, smjörið og mjólkin séu undanþegin söluskatti, þá er nautakjöt, hrossakjöt, ostur, skyr og rjómi allt með söluskatti og hækkar því í verði nú, þegar lögin koma til framkvæmda. Hér er því um mjög alvarlegt mál að ræða, því það er ekki eingöngu verið að hækka verðlagið fyrir neytendurna í landinu, heldur hefur þetta veruleg áhrif á söluna á þessum nauðsynlegu neyzluvörum.

Þegar hér er komið, þá er kannske rétt að víkja betur að því en áður hefur verið gert, hvernig átti þá að bæta ríkissjóði upp tekjumissinn, svo hann næði þeim tekjum, sem nauðsyn ber til. Ég hef áður tekið það fram í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna, að sú stefna á að vera gildandi, að ríkissjóður sé yfirleitt rekinn hallalaust. Halli hjá ríkissjóði vegna reksturs með venjulegum hætti á ekki að geta átt sér stað eða er a. m. k. mjög óæskilegur. Hins vegar getur komið til þeirra aðgerða í efnahagsmálum þjóðarinnar, sem geta réttlætt það, að ríkissjóður sé rekinn með halla eitt ár í senn. Og þegar á að fara að gera það upp við sig, hvernig á að innheimta tekjur til ríkissjóðs nú, og ef engin önnur leið er fær heldur en söluskattshækkun án þess að gera nokkrar hliðarráðstafanir, þá verður að íhuga það, hvort það sé framkvæmanlegt að leggja hana á hinn almenna borgara í landinu með þá tekjumöguleika, sem hann hefur. Verður ríkissjóður ekki að gera það upp við sig, hvort það geti ekki verið hugsanlegt, að þetta eina ár geti orðið halli, til þess að gera þessa breytingu ekki eins erfiða og hún annars yrði? Að minni hyggju er það óframkvæmanlegt að ráðast alltaf á garðinn, þar sem hann er lægstur. En það er alltaf verið að gera það, var

gert 1967, með gengisbreytingunni þá, í enn þá grófara mæli með gengisbreytingunni 1968 og í þriðja sinn nú með söluskattsbreytingunni. Það er verið að ráðast á garðinn, þar sem hann er lægstur, með því að færa þessa tekjuöflun yfir á hinn almenna borgara. Og að minni hyggju er það óframkvæmanlegt. Ég hef áður tekið það fram, að ofan á gengisbreytingarnar er ekki hægt að gera þessar ráðstafanir, miðað við það kaupgjald, sem nú er í landinu.

Ég vil að lokum undirstrika það, að það verður að leysa málefni þjóðarinnar að annarri leið en þeirri að sækja fjármagnið til þeirra, sem minnst hafa af því. Það er ekki hægt að koma efnahagsmálum þjóðarinnar á réttan kjöl eftir þessari leið, en það er jafnvel hægt að nota söluskatt sem höfuðtekjustofn þjóðfélags, jafnvel ríkis, ef jafnhliða væru gerðar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, vegna hinna tekjuminni. Og þær leiðir eru nú þekktar, en það vantar aðeins viljann til þess að fara þær.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég ætla ekki að blanda mér inn í þær umr., sem hér hafa farið fram, um almenn fjármál. Söluskattshækkun þessi fylgir EFTA-aðildinni. Það er afráðið, að við förum í EFTA. Þess vegna geri ég ráð fyrir, að það sé ekki til neins að tala um það og það sé óhjákvæmilegt að taka söluskattinn.

Það hefur komið hér fram í umr., m. a. hjá hæstv. fjmrh., að ætlunin er að afnema söluskatt á fiski. Þetta er að vísu vel gert. Fyrir eitthvað 4—5 árum, held ég, að við Jón Skaftason höfum flutt till. um það, að söluskattur væri afnuminn á þeim vörum, sem voru niðurgreiddar af ríkinu, og fiskur var þar meðtalinn, auk þess kjöt og mjólkurafurðir, aðrar en nýmjólk. Með því að afnema söluskatt á fiski breytist verðlagið í landinu, þannig að það verður hagkvæmara fyrir fólkið að kaupa fisk heldur en landbúnaðarvörur, sem þarf að greiða söluskatt af.

Mér hefur skilizt á því, sem fram hefur komið hér í umr., að meiningin sé að hækka ekki söluskatt á smjöri og kjöti, en sá söluskattur, sem er, 7½%, haldist. Nú vitum við það, að fólkið er alltaf að leita eftir þeim vörum, sem ódýrastar eru, og það er peningaleysi, sem veldur því. Við vitum það einnig, að maður, sem þarf að vinna með venjulegum daglaunum fyrir 4—5 manna fjölskyldu, þarf að spara hvern einasta eyri og er tæpast að kaupið endist, enda sennilega illmögulegt. Þar sem hjónin vinna bæði úti, en það eru ekki allir, sem hafa aðstöðu til þess, þar er afkoma fjölskyldunnar mjög sæmileg, en það er mál út af fyrir sig, sem þarf að taka til athugunar, ef ógerlegt verður að hækka kaupið neitt að ráði, hvort það verður þá ekki hreinlega að styrkja þær fjölskyldur meira með barnalífeyri, þar sem konan hefur enga möguleika á að vinna úti, fyrir utan það, að það er engan veginn víst, að konur fái vinnu, þótt þær vilji vinna úti. Þess fór að gæta s. l. ár, að fólkið fór að draga stórkostlega úr kjötneyzlu, og mikill fjöldi fólks er farinn að borða smjörlíki í staðinn fyrir smjör. Þetta hlýtur að stórdraga úr sölu á kjöti og smjöri.

Fyrir okkur, sem rekum landbúnað, er þetta alvörumál. Ef söluskattur er afnuminn á niðurgreiddar vörur, þá þarf það ekki að hafa áhrif á afkomu ríkisins. En þá er ekki hægt að lækka vöruna, en það væri æskilegast fyrir okkur, sem rekum landbúnað, að hægt væri að afnema söluskattinn og hafa sömu niðurgreiðslur. Það kostar dálítil fjárútlát fyrir ríkið. Ég sé ekki annað en þarna sé dálítið alvarlegur hlutur að gerast fyrir landbúnaðinn, ef fiskur er lækkaður í verði, því þá eykst fiskneyzlan og dregur úr kjötneyzlunni. Þess vegna væri brýn þörf á að gera einhverjar ráðstafanir til þess að lækka kjötvörur, svo framarlega sem kaup fólksins í landinu hækkar ekki. Það er engin afkoma að geta aldrei veitt sér það að borða kjöt.

Annað var það, sem kom réttilega fram hjá fjmrh., og það er það, að fólk kaupir mikið af fiski, án þess að söluskattur sé greiddur. En það er nákvæmlega það, sem er að gerast í kjötmálunum. Fólkið er meira og minna að fara inn á það að kaupa heila skrokka frá bændum, setja þá í frystikistur hjá sér, sérstaklega hér á Suðurlandsundirlendinu og meira að segja fyrir norðan líka, og geymir það til vetrarins. Þetta er sjálfsbjargarviðleitni hjá fólkinu.

Ég skil vel, að það er ekki þægilegt að taka alla kornvöru, olíu, rafmagn og því um líkt og undanþiggja það söluskatti. Það er endalaust hægt að koma með slíkar lækkunartill. Vitanlega þarf ríkissjóður einhvers staðar að fá sínar tekjur, og ef við komum með lækkunartill., verðum við að benda á einhverjar aðrar tekjuöflunarleiðir. Ég skal ekki fullyrða um, hvernig afkoma ríkissjóðsins verður s. l. ár, og má vera, að skattarnir séu það háir, að það væri hægt að lækka þá eitthvað. Það liggur a. m. k. ekki ljóst fyrir enn. En þarna er atriði, sem við verðum að taka mjög til athugunar, hvort ekki er nein leið til að lækka útsöluverð á kjöti og smjöri, ef á að lækka útsöluverð á öðrum matvörum, eins og t. d. að afnema söluskatt á fiski.

Ég sé ekki annað en það reki að því, þegar við göngum algerlega í EFTA og ef á að fara þá leið að hækka söluskattinn og hafa hann fyrir aðaltekjustofn ríkisins, að söluskatturinn fari upp í 20% á flestum vörum, og þá skiptir miklu máli, að það sé ekki neinu skotið undan af þessum söluskatti. Það má vel vera, að kassarnir geri eitthvert gagn, en einhlítir eru þeir ekki. Við vitum það, að menn þurfa alls ekki að stimpla inn, þó að þeir selji einhvern hlut, svo að það er engan veginn einhlítt ráð. En það getur skeð, að þeir geri eitthvert gagn, og má vera, að þeir séu til bóta, en það þarf þó að athuga öll fskj. með í verzlunum og allar vinnuskýrslur og allt slíkt. Vitanlega er minni hætta á, að stóru fyrirtækin skjóti undan söluskatti. Það er ákaflega erfitt að rugla bókhald og rekstur stórra fyrirtækja með því, en smáfyrirtæki, sem eru rekin algerlega eða að mestu leyti af eigandanum, þar sem lítil vinna er keypt, þá er erfitt að koma algerlega í veg fyrir þetta.

Viðvíkjandi því, sem kom fram hjá fjmrh., að ógerlegt væri að taka fullt tillit til vísitölunnar við skattútreikning og það mundi valda ríkissjóði allt að 300 millj. kr. tjóni, þá skal ég ekki dæma um það, hvað ríkissjóður þolir. Uppgjör fyrir s. l. ár liggur ekki alveg ljóst fyrir, en hitt er annað mál, að vegna útsvaranna væri það hægt, ef vilji væri fyrir hendi. Við vitum það, að tekjur og eignir manna gera hvorki að vaxa né minnka, hvort sem vísitalan er hærri eða lægri, sem dregin er frá vegna

persónulegra þarfa. Það þarf bara að breyta eitthvað niðurjöfnunarreglunum. Vitanlega er fólkið ekkert færara um að borga, þó það greiði hærri skatt, því það vaxa ekkert tekjur þess eða eignir við það, að vísitalan sé óraunhæf. Það má vel vera, að það þyrfti að breyta niðurjöfnunarreglunum til þess að hrepparnir næðu því, sem þeir þyrftu að fá. En þetta hefur engin áhrif á gjaldþolið, og þess vegna væri náttúrlega auðvelt, ef fjmrh. hefði viljað og álitið gerlegt fyrir ríkissjóðinn að draga alveg fulla vísitölu frá.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Aðalatriðið er það, að ég vildi benda á, að ég er hræddur við þetta misræmi, sem verður í verðlagi matvæla, með því að lækka söluskattinn á neyzlufiskinum, en láta verðið vera óbreytt á landbúnaðarafurðunum. Það er að verða mjög iskyggilegt fyrir bændurna, hvað sölumöguleikarnir minnka. Má vera, að þeir rýmkist eitthvað lítillega til annarra landa, en það verður ekki sambærilegt verð við það, sem bændurnir þurfa að fá.

Frsm. 1. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykv., Hannibal Valdimarsson, kvartaði hér undan þeim ummælum, sem ég hafði hér um hans afstöðu eða ábyrgð á þessu frv., þessari söluskattshækkun, sem hér er verið að ræða um. Ummæli mín í þessum efnum um hv. þm. eru fullkomlega eðlileg. Ég benti á það, eins og aðrir ræðumenn hafa hér gert, að þessi söluskattshækkun, sem hér er á ferðinni nú, er bein afleiðing af samþykktinni um EFTA-aðild. Þetta viðurkennir t. d. ríkisstj. algerlega. Og því er það, að ég tel þá aðila, sem stóðu að samþykkt aðildarinnar að EFTA, ábyrga fyrir þeirri stefnu, sem fram kemur í þessu frv. um hækkun á söluskatti.

Það eru ekki bara stjórnarflokkarnir, sem eru ábyrgir fyrir afleiðingunum af því, að við göngum í EFTA, heldur og allir þeir, sem samþykktu þessa aðild. Og ástæðurnar til þess eru þær, eins og ég vék hér að, að það lá alveg skýrt og greinilega fyrir, um hvað aðildin að EFTA snerist. Hún snerist ekki aðeins um það að ganga í þennan félagsskap, heldur um það að ganga í þennan félagsskap á tilteknum, afmörkuðum grundvelli. Það lá sem sagt fyrir, að um það hafði verið samið, að það ætti að lækka tolla eftir fastákveðnum reglum, en í staðinn skyldi koma hækkun á söluskatti. Þetta lá fyrir. Enginn hafði verið dulinn þessa og þar með ekki þessi hv. þm., sem átti sæti í EFTA-nefnd.

Auðvitað vita hv. þm. það, að aðildinni að EFTA fylgdu ýmsir skilmálar, t. d. þeir, að það var nokkurn veginn gefið mál, að það mundu skapast í ýmsum tilfellum erfiðleikar fyrir innlenda iðnaðarvörufram-leiðslu, og jafnvel gæti af því hlotizt atvinnuleysi í einstaka tilfellum. Þeir, sem samþykktu EFTA-aðild, bera þar af leiðandi ábyrgð á þessum afleiðingum sem og öðrum varðandi málið. Menn geta ekki skotið sér undan því og sagt: Þetta kemur okkur ekki við. Nákvæmlega sama er það, að þeir, sem samþykktu EFTA-aðild, voru að samþykkja það um leið, af því að það var yfirlýst stefna, að það skyldi hér taka upp mismunandi tolla í viðskiptum við einstakar þjóðir. Þetta var eitt af skilyrðunum, sem lágu fyrir. Alveg eins var með það atriði, að það átti samkv. EFTA-samningum að veita útlendingum tiltekna aðstöðu til atvinnurekstrar í landinu. Þeir, sem samþykktu EFTA-aðildina, gerðu það á þeim grundvelli, sem fyrir lá.

Ég tel því, að það sé vitanlega hlægilegt og í rauninni broslegt, þegar þeir, sem samþykktu EFTA-aðild, koma svo á eftir og segja: Já, en ég vildi samþykkja EFTA-aðild á allt öðrum grundvelli heldur en þeim, sem fyrir lá. Um það var vitanlega ekki að ræða. Hér lá engin till. fyrir um það. Það var gerð hér full grein fyrir því, á hvaða grundvelli EFTA-aðildin byggðist. Og ég tel, að í þeim efnum hafi ekkert verið undan dregið. Meira að segja hafði ríkisstj. lýst yfir því alveg skýrt og greinilega, hver stefna hennar í atvinnu- og viðskiptamálum væri, með aðildinni að EFTA. Hún taldi t. d., að það væri til bóta, að útlendingar yrðu hér í ríkara mæli en áður þátttakendur í ýmsum atvinnurekstri í landinu. Þetta liggur fyrir bókað. Þetta var yfirlýst stefna. Þeir, sem samþykktu EFTA-aðild, gerðust vitanlega ábyrgir fyrir þessari stefnu um leið. Þeim, sem vildu EFTA-aðild á allt öðrum grundvelli, bar vitanlega að flytja till. um það og setja þau skilyrði þar fram, en ekki að samþykkja þá till., sem ríkisstj. lagði fyrir og byggð var á tilteknum grundvelli.

Ég álít því, að hv. 9. þm. Reykv. geti ekki skotið sér undan því á neinn hátt að bera ábyrgð á söluskattshækkuninni, að því leyti til sem hún var beinlínis bundin við EFTA-samþykktina. Hitt skal ég taka fram alveg ljúflega, að að því leyti til sem hér er um meiri söluskattshækkun að ræða heldur en þurfti til þess að bæta upp tekjumissinn, sem grundvöllur hafði verið lagður að með EFTA-aðild, ber hv. þm. út af fyrir sig ekki ábyrgð á því. Og það er kannske vegna þess, að hv. þm. finnur þetta, sem hann fitjar nú upp á því, að hann muni hér við 3. umr. flytja till. um það, að söluskattshækkunin verði bara 2½%, því að hann finnur það, að hann er raunverulega ábyrgur fyrir söluskattshækkun sem þessu nemur. Með flutningi slíkrar till. og með því að standa síðan að málinu á þeim grundvelli, þ. e. hækka söluskattinn um 2½%, þá tel ég, að hann sé fyllilega ábyrgur fyrir því, sem hann hefur gert með samþykki sínu við EFTA-aðild. En ein af mörgum ástæðum til þess, að ég og við Alþb.-menn vorum á móti EFTA-aðild, voru einmitt þeir skilmálar, sem EFTA-aðildinni fylgdu.

Tilraunir hv. þm. til þess að benda hér á einhverjar aðrar leiðir, sem hefði mátt taka upp, eru vegna þess, sem ég hef hér sagt, í raun og veru alveg út í hött. Þær eru líka að mínum dómi broslegar. Hér er vitanlega ekki um það að ræða að ætla skyndilega að fara að innheimta sérstakan eignarskatt, sem nemur 500 millj. kr. á ári eða meira, á þeim grundvelli, sem eignarskattar eru á lagðir og innheimtir hér. Það þarf að gera stórkostlega breytingu, svo að viðunandi grundvöllur fáist fyrir slíku, og ég álít því, að ábending í þá átt sé mjög ótímabær, eins og málin standa.

Sama er að segja um ábendingar um virðisaukaskatt. Það vitum við allir, að slíkur skattur verður ekki tekinn upp hér í skyndi, og í eðli sínu er virðisaukaskatturinn ekkert annað en söluskattur með tiltekinni aðferð. Ég geri því ekki stóran mun á virðisaukaskatti og söluskatti. Hann getur orðið, í vissum tilvikum a. m. k., nokkru öruggari í innheimtu, og er það kostur, en hann hefur marga sömu galla og söluskatturinn, í sambandi

við álagningu á ýmiss konar nauðsynjar. Hér er því ekki um það að ræða, sem hv. þm. minntist hér á, að ríkisstj. hefði getað valið aðrar leiðir. Hún valdi leiðina, skýrði frá því, flutti till. um það, og þeir, sem greiddu þeirri till. atkv., hlutu vitanlega að gera það á þeim grundvelli, sem markaður var.

Mér finnst, að afstaða hæstv. fjmrh. til þeirra till., sem hér hafa komið fram um aukið eftirlit í sambandi **við innheimtu söluskatts, sé allt of neikvæð. Auðvitað** vitum við það, að þegar tekin eru upp öryggisákvæði um innheimtu á söluskatti, þá má búast við því, að þau öryggisákvæði verði ekki fullkomlega þétt í öllum tilfellum. En þau geta bætt ástandið frá því, sem það er. Ég álít því, að hæstv. fjmrh. ætti að taka undir þær till., sem við þrír þm. stöndum hér að því að flytja, til þess að gera innheimtuna á þessum skatti betri en hún hefur verið. Það er enginn vafi á því, að ef það lægi fyrir, að árlega skyldi fara fram gaumgæfileg athugun eða rannsókn á söluskattsframtölum og söluskattsgreiðslum, samkv. útdrætti, hjá 10% af þeim aðilum, sem eiga að greiða söluskatt, þá mundi það veita mikið aðhald og það mundi koma upp um ýmsa og þar af leiðandi í framtíðinni draga úr söluskattssvikum. Það dugir ekki **að segja það, að skattayfirvöldin hafi heimild til að** gera þetta, og á meðan þau hafa ekki notað þessa heimild, er því eðlilegt, að Alþingi komi með sínar till. um, að þetta verði tekið upp. Þegar fjmrh. veit, hvernig allt er í pottinn búið, þá á hann að taka þessu fegins hendi og mæla með, að þetta verði samþ.

Auk þess er enginn vafi á því, að ef teknir yrðu upp á öllum viðskiptastöðum peningakassar, sem sérstakt eftirlit yrði haft með af umboðsmönnum rn. og inn á skyldi stimpla öll söluskattsskyld viðskipti, þá mundi það auka á aðhald og tryggja skil á söluskatti til mikilla muna frá því, sem nú er. Það er engin tilviljun, að aðrar þjóðir hafa tekið upp þessa aðferð. Ég segi ekki, að þessi atriði mundu verða til þess að gera innheimtuna fullkomlega 100% eða tryggja það, að allt kæmi til skila. En mér finnst, að þegar till. í þessa átt eru fluttar, þá séu viðbrögð hæstv. ríkisstj. allt of neikvæð. Hún sér alltaf einhverja annmarka á því að samþykkja slíkar till. Og t. d. það atriði, sem hæstv. fjmrh. minntist hér á, að það mundi verða einhverjum vandkvæðum bundið að koma þessum peningakössum fyrir og láta þá ná sínum tilgangi, þar sem það ætti sér stað í ýmsum tilvikum, að varan væri lánuð, en ekki greidd við afhendingu, það breytir vitanlega hér engu um. Öll slík viðskipti verður þá að skrifa og það þarf að gefa fyrirmæli um það, að sérstakar nótur skuli gefnar út í sambandi við slíkt og svo er vitanlega hægt að stimpla slík viðskipti, ef þau eru söluskattsskyld, inn í kassann eftir sem áður. Ég álít, að slík undantekningaratriði geti ekki verið til þess að afsaka það, að þetta kerfi er ekki tekið upp.

Ég skal svo ekki ræða um þetta mál frekar. Ég hef lýst afstöðu minni og okkar Alþb.-manna til frv. Við erum andvígir söluskattinum og við erum andvígir þeirri hækkun hans, sem felst í þessu frv., bæði að því leyti til, sem leiðir beinlínis af EFTA-aðildinni, og eins í sambandi við þá viðbótartekjuöflun til ríkissjóðs, sem hér er lagt til, að eigi sér stað. Við erum andvígir þessum hækkunum, en gerum þó tilraunir til þess að fá nokkrar lagfæringar á gildandi lögum um söluskatt, en það breytir eigi að síður ekki þeirri meginafstöðu okkar, að við erum á móti söluskattinum og á móti þessu frv. Það er okkar meginafstaða.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að lýsa með nokkrum orðum afstöðu minni til þessa máls. Með þessu frv. og breytingunum á tollskránni er verið að gerbreyta skattheimtu ríkissjóðs. Þetta er bein afleiðing af aðild okkar að EFTA. EFTA er orsökin og hér er afleiðingin, og lá hún alltaf fyrir, þegar EFTA-málið var á ferðinni.

Nú á að lækka tolla á bæði þörfum og óþörfum **varningi, og til að vega á móti þessum tollalækkunum er svo söluskattur hækkaður, og þá jafnt á brýnustu** nauðsynjavörum sem ónauðsynlegum vörum. Og það er rétt að hafa það í huga, að hér er aðeins um upphaf að ræða. Tollarnir eru nú lækkaðir sem nemur 30%, heildarstefnan er sú, þó að nokkru meiri lækkun sé nú á ýmsum vörum, og söluskattur er svo hækkaður um 3.5%, jafnt á öllum vörum. Í framhaldi af því, sem nú er byrjað á, á síðan að afnema alveg tolla í EFTA-löndunum, og áreiðanlega hljótum við að verða að lækka til verulegra muna tolla til samræmis gagnvart öðrum viðskiptalöndum okkar.

Það sjá því allir, að hér er um gífurlega mikla fjármuni að ræða, sem ríkissjóður hefur fram að þessu fengið í tolltekjum. Það þarf sjálfsagt ekki að hugsa lengi um það, að það er ekki ætlunin að gefa eftir þær tekjur, sem ríkissjóður hefur þarna haft, heldur afla þeirra á annan hátt, enda hefur það verið sagt alveg skýrum orðum allan tímann. Og ég sé nú satt að segja ekki nein ráð til þess, að þessi mismunur verði veginn upp að verulegu leyti með öðrum hætti en fara inn á söluskattsleiðina eða jafngildi hennar. Við getum náttúrlega sagt, að það ættu að vera miklu þyngri skattar á háum tekjum og miklum eignum, en það mættu nú vera meiri tekjurnar og meiri eignirnar, ef það ætti að koma réttlátlega niður, sem gætu staðið undir þeim upphæðum, sem hér er um að ræða, þegar að lokum kemur.

Nei, aðildin að EFTA er frumorsökin í þessu efni. Þar er teningnum kastað. Það var vitað, hvert stefndi, og einmitt af þessum sökum greiddum við Alþb.-menn m. a. atkv. gegn EFTA-aðildinni. Það voru margar girnilegar till. hér til meðferðar í gær um lækkun á tollskránni, sem maður mjög gjarnan hefði viljað styðja. En ég greiddi ekki atkv. með einni einustu slíkra till., vegna þess að ég vissi það, að sú skylda lá á að koma með annað á móti, til þess að ekki hallaðist á. Og ég vil ekki skipta á því að lækka innflutningstollinn á ýmsum vörum, svona miðlungsþörfum og óþörfum, og vita það að þeim fjármunum, sem ríkissjóður missir á þann hátt, á að ná inn aftur með því að skattleggja brýnustu nauðsynjar almennings. Það er um þetta, sem málið snýst. Það er þessi stefnubreyting, sem þetta mál fjallar um. Og það er þessi stefnubreyting, sem ég er algerlega andvígur.

Verkalýðshreyfingin í þessu landi hefur alla tíð verið andvíg söluskattsleiðinni og telur það ranglátustu innheimtuleið skattheimtunnar, sem nú er í landinu. Afleiðingar þessarar stefnubreytingar og hækkunar söluskattsins nú eru þær, að þeir, sem stærstar fjölskyldur

hafa og lægstar tekjur, fá þessar byrðar á sig fyrst og fremst. Úr þessu væri hægt að draga, en það breytir því ekki, að stefnan er röng. Væri þó hægt að draga úr afleiðingunum með hliðarráðstöfunum. Þær fylgja engar þessu frv. eða þessum aðgerðum. Þess vegna er sjáanlegt, að þessar ráðstafanir hljóta að leiða til kauphækkana, beinna kauphækkana. Hæstv. fjmrh. taldi í ræðu sinni áðan, að þær mundu ekki valda teljandi hækkunum á framfærsluvísitölunni. Þó að þær gerðu **það ekki, þá vitum við ósköp vel, að framfærsluvísitalan** er núna ekki sá mælikvarði, sem getur sagt til um, hvaða afleiðingar þessar ráðstafanir hafa fyrir barnmargar fjölskyldur og láglaunafólk. Vísitalan er núna ekki sá mælikvarði. Ég ætla ekki að fara út í frekari útskýringar á því, en það er öruggt, að hún er það ekki.

Það er sem sagt að mínum dómi algerlega öruggt, að launafólk og alveg sérstaklega láglaunafólkið verður að afla sér mótvirðis þessarar skerðingar með kauphækkunum. Og þá held ég, að það væri nú hyggilegt fyrir ráðamenn þessarar þjóðar að íhuga ofurlítið, í hvaða atvinnugreinum þetta láglaunafólk er. Það er fyrst og fremst í fiskiðnaðinum og hvers konar öðrum iðnaði hér á landi, sem nú á að keppa við EFTA-löndin og EFTA-vörur. Ég held, — og það kom mjög greinilega fram hér í umr. um EFTA-aðildina, — að það sé áreiðanlega nokkur þrýstingur gegn því, að tilkostnaður þessara atvinnugreina aukist verulega, enda beint sagt hér úr þessum ræðustóli af einum hv. alþm., sem jafnframt er iðnrekandi. Það er út af fyrir sig ósköp eðlilegt, að þessir menn hugsi á þennan veg. En hver verður aðstaða okkar þá, og hvað hugsa stjórnarvöld sér einmitt um aðstöðu þessara fyrirtækja, þegar beinlínis eru gerðar ráðstafanir af opinberri hálfu, sem hljóta að stuðla að því, að kaupgjald hækki umfram það, sem nú er algerlega nauðsynlegt að hækka það af öðrum ástæðum?

Söluskatturinn er að mínum dómi ranglát skattheimta. Þetta er sífellt að verða stærri og stærri hluti af skattheimtunni í landinu, og ég hygg, að það sé ekki **mjög fjarri því, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. taldi áðan,** að þegar tollalækkunin verður öll komin fram í dagsins ljós, þá muni söluskatturinn nálgast 20%. Aðrir skattar hafa svo sem ekki lækkað, þótt söluskatturinn hafi hækkað og þótt hann hækki nú. Það vita allir, að þróunin hefur orðið öfug. Aðrir skattar, tekjuskattar og tekjuútsvar, hafa hækkað hlutfallslega á síðustu árum, einmitt vegna þess, eins og hæstv. fjmrh. játaði hér öðru eða þriðja sinni í dag, að skattvísitalan hefur verið óbreytt og ekki verið færð til samræmis því, sem hefði átt að vera. Á sama tíma er svo líka vitað, að möguleikar fólks til þess að standa undir kaupum allra brýnustu nauðþurfta hafa af öðrum ástæðum einnig rýrnað mjög mikið, þ. e. a. s. vegna minnkandi atvinnu.

Ég skal ekki lengja þessar umr. Ég hef lýst hér afstöðu okkar Alþb.-manna. Hér eru fluttar till. um að undanþiggja vissar vörur söluskatti. Vissulega yrðu þær til bóta, gætu orðið verulega til bóta, eins og till. um betra eftirlit með innheimtu söluskattsins. Þar má náttúrulega ekkert til spara, og satt að segja skil ég ekki þá neikvæðu afstöðu, sem hæstv. **fjmrh. lét í ljós áðan** til þeirra mála. Ég held, að lánsverzlun kaupfélaga og annarra slíkra úti á landi geti ekki verið nein afsökun fyrir því að taka ekki upp kassaeftirlitið, og svo held ég nú satt að segja, að kaupfélögin úti á landsbyggðinni séu ekki sá aðili, sem menn væna fyrst og fremst um skattsvikin. Þau hljóta fyrst og fremst að liggja annars staðar.

Það er að sjálfsögðu líka gott eitt að segja um auknar **fjölskyldubætur. Auðvitað gætu þær verulega dregið úr áhrifum hækkunar söluskattsins, en ég vil nú þó hafa** þann fyrirvara á, bæði um fjölskyldubætur, svo og auknar niðurgreiðslur og aðra slíka þætti þessara mála, sem menn hafa mjög rætt um, að ef tekna til þessara hluta er aflað með jafnvel enn hærri söluskatti, þá fer svona ávinningur að verða tvíræður.

En eins og ég segi, þær till., sem hér eru fluttar, mundu bæta nokkuð úr, og að sjálfsögðu mun ég fylgja þeim, en það, sem er hér höfuðatriðið, er það, að ég er andvígur þeirri stefnu, sem mörkuð er með flutningi þessa frv. og er í beinum tengslum við tollskrána. Það er stefnan sjálf, sem er meginatriðið, og henni er ég því algerlega andvígur.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég held það sé rétt með farið hjá mér, að það sem ég man fyrst eftir almennum umr. um stjórnmál, var deila á milli tveggja þáv. þm. á fundi austur í Neskaupstað um tolla- og skattamál. Deilan spannst út af ákveðnum tolli á tilteknum neyzluvörum almennings. En í raun og veru var þó ágreiningurinn um miklu meira en þennan einstaka toll. Hann var um meginstefnu í þessum málum, um það, hvort ætti að afla tekna í vaxandi mæli með neyzlusköttum, ellegar með þeim hætti, þar sem ætla mætti, að skattarnir legðust á breiðustu bökin. Annar aðili í þessari deilu var fulltrúi Alþfl., sem þá var hinn eini svokallaði verkalýðsflokkur, og afstaða hans í **þessu máli var mjög hörð og á þá lund að mæla gegn** neyzlusköttunum.

Nú er mikið vatn til sjávar runnið, síðan þetta var, og það hefur að sjálfsögðu margt breytzt í þjóðfélaginu, og því er vafalaust haldið fram af þeim, sem standa að flutningi þessa frv. hér, að þær breytingar réttlæti það að hverfa enn í vaxandi mæli að því að skattleggja neyzluna, skattleggja þá efnaminnstu, en frá hinu, að reyna að láta skattana koma þar niður, sem mest er getan til þess að bera þá. En ég held, að það sé erfitt að sanna, að slík þróun hafi átt sér stað í okkar þjóðfélagi, að þetta sé í raun og veru forsvaranlegt.

Það hefur mjög komið fram í þessum umr., og það raunar viðurkenna nú allir, að hækkun söluskattsins snertir fyrst og fremst neyzluna og er fyrst og fremst mál hinna efnaminnstu í þjóðfélaginu, þeirra, sem flesta munna hafa að seðja. En það hefur einnig verið vikið að því hér í umr., hvernig þær breytingar, sem nú verða á söluskatti og tollum, snerta einstakar greinar í þjóðfélaginu, einstaka atvinnuvegi. Það hefur m. a. verið vikið að því hér, hvaða áhrif þessar breytingar hafa á landbúnaðinn. Ég vil alveg taka undir það, sem hér hefur komið fram hjá fleiri en einum hv. þm., að áhrifin eru mjög óheppileg fyrir þann atvinnuveg.

Án þess að fara langt út í það, vil ég aðeins leyfa mér að árétta 2—3 atriði. Ég vil árétta það í fyrsta lagi, að hækkun á útsöluverði landbúnaðarvara nú er mjög ó-

heppileg. Sumar af vörum íslenzks landbúnaðar eiga í vök að verjast á markaðinum, og það hefur borið á minnkandi sölu á ýmsum vörutegundum, sem auðsýnilega er bein afleiðing af skertri kaupgetu almennings í landinu. Allt, sem verður til þess að hækka enn þessa vöru, hlýtur að hafa í för með sér aukna hættu á því, að meira dragi úr sölu hennar innanlands. Það er í alla staði óheppilegt. Það er óhagstætt fyrir framleiðendurna, bændurna, og það er óhagstætt fyrir neytendurna, að minna sé neytt af þeim ágætu vörum en áður, og það er óhagstætt fyrir þjóðfélagið í heild. Það er líka á fleiri sviðum töluverð hætta, sem því fylgir, að innheimta svona geysiháan söluskatt af einstökum vörutegundum landbúnaðarframleiðslunnar. Það er stóraukin hætta á, að sala fram hjá kerfinu aukist, og það er að öllu leyti til óhagræðis. Það eykur glundroða í afurðasölunni og það þýðir þá líka skertar tekjur fyrir ríkissjóð.

Í annan stað er það orðið augljóst, eftir að maður sér nokkurn veginn, hvernig tollskráin verður afgreidd, og má kannske líka segja, hvernig þetta mál verður afgreitt, að ýmsar af þeim vörum, sem snerta rekstur landbúnaðarins, hækka í verði. Sumar rekstrarvörur gera það, þó að aðrar séu undanþegnar söluskatti. En alveg sérstaklega kemur þó fram veruleg hækkun, sem erfitt verður að mæta og er óheppileg, á vélum, sem notaðar eru við ræktunina. Jafnvel þær vélar, sem njóta nokkurrar lækkunar í tollskrá, koma til með að hækka í verði, vegna þess að söluskattshækkunin gerir meira en að éta upp tollalækkunina. En hvað snertir ræktunarvélarnar sérstaklega, þá hækka þær mikið meira, vegna þess að tollur á þeim lækkar ekkert, en söluskattshækkunin kemur þar ofan á útsöluverðið, eins og kunnugt er. Þetta nemur háum upphæðum á þessi stóru og dýru tæki. Ég sagði það hér áður við umr. um tollskrána, og ég vil endurtaka það hér og legg á það áherzlu, að ég tel það afar óeðlilegt, eins og allt er í pottinn búið, að ríkissjóður taki til sín svo háar upphæðir, sem hann kemur til með að gera, af verði þessara tækja, sem er ekki minna en 1 millj. af meðalstórri jarðýtu, eins og tíðkast hjá ræktunarsamböndunum.

Ég tel þetta alveg óeðlilegt, að landbúnaðinum sé íþyngt á þennan hátt. Það má leiða að því mörg rök, en ég læt nægja að nefna aðeins eitt eða tvö atriði. Það liggur fyrir í skýrslum hagstofunnar ár eftir ár, að bændur eru tekjulægsta stétt þjóðfélagsins, og það vita það allir menn, að ræktunin er undirstaðan í búskapnum, ásamt svo með verkun fóðursins, og þess vegna kemur það mjög óheppilega við að heimta þarna til ríkissjóðs enn þá meir en áður hefur verið gert. Þá má rétt minna á það, að þau fyrirtæki, sem annast grófvinnslu landsins, ræktunarsamböndin, standa einmitt nú í dag ákaflega höllum fæti vegna þeirra áfalla, sem þau hlutu við gengislækkanirnar. Þau höfðu þurft að taka bæði erlend lán og gengistryggð lán innanlands til kaupa á sínum tækjum. Það er þess vegna áreiðanlega alveg rétt, sem hér hefur komið fram, m. a. hjá hv. 3. þm. Vesturl., að þær breytingar, sem verða munu á tolli og söluskatti í heild, leiða til aukins óhagræðis fyrir landbúnaðinn sem atvinnuveg, til viðbótar því, sem einnig liggur í augum uppi, að söluskattshækkunin á neyzluvörunum hlýtur að leggjast mjög þungt á bændastéttina, vegna þess hvað hún er tekjulág, því að þær stéttir, sem minnstar tekjur hafa, nota auðvitað tiltölulega mest af sínum tekjum til þess að kaupa allra brýnustu nauðsynjar, sem flestar taka við söluskattshækkuninni með fullum þunga.

Það var mikið rætt hér í umr. um EFTA, að undirbúningur þess máls hefði ekki verið upp á marga fiska, og að margt hefði verið ógert hér innanlands, sem þurft hefði að gera, til þess að hægt væri að ákveða inngöngu í EFTA með eðlilegum hætti. Ég held, að þessi hækkun söluskattsins með „einu pennastriki“ sé enn eitt dæmið um hinn slælega undirbúning þessa máls í heild. Það kom greinilega fram hjá hv. frsm. 2. minni hl., hver gerbreyting það er á skattakerfinu, sem stefnt er að með enn hækkandi söluskattsinnheimtu. Og mér hefur fundizt það skína í gegn í ummælum hæstv. fjmrh., bæði þegar hann flutti sína fjárlagaræðu við 1. umr. fjárl. og eins þegar hann talaði hér áðan í þessu máli, að hann telur söluskattinn enn svo lágan hér, miðað við það, sem er hjá nálægum þjóðum, að vel geti komið til greina, að hækka hann enn, ef á þyrfti að halda, svo að þetta skref, sem nú er stigið, er að minni hyggju ekki nema byrjunin, ef svo á að halda áfram, sem horfir. Og með þessum aðgerðum og áframhaldi af þeim, þá er ekki hægt að neita því, að það er í stórauknum mæli horfið frá þeirri meginstefnu í tekjuöflun til opinberra þarfa að leitast við að láta hana sem allra mest koma á breiðustu bökin, en hlífa hinum, sem minnstu hafa úr að spila.

Það er oft verið að vitna til þess, sem gerist á Norðurlöndum. Hæstv. fjmrh. hefur oft vikið að því, og það hefur komið fram í blöðum stjórnarflokkanna og í þeirra málflutningi, að þar sé tekinn mjög hár söluskattur og hann sé innheimtur þar sums staðar í öðru formi heldur en hér. Hv. frsm. 2. minni hl., 4. þm. Reykv., vék nokkuð að þessu atriði og hann benti á það, hversu margt í efnahagskerfinu og fjármálaheiminum hjá nágrönnum okkar á Norðurlöndum er gerólíkt því, sem hér er. Hann minntist m. a. á tryggingakerfið, sem er a. m. k. hjá sumum þeirra miklu viðameira og fullkomnara heldur en hér. Og hann drap á það, sem er ekki minna atriði í þessu sambandi, og það er þróun verðlags og kaupgjalds í þessum löndum. Þar hafa ekki tíðkazt um langt skeið þau stökk, sem hér hafa orðið, og þróunin er önnur þar að því leyti, að hér hefur varan, neyzluvaran, hækkað miklu meira hlutfallslega heldur en kaupgjaldið, gagnstætt því, sem þar hefur átt sér stað. Hæstv. ráðh. vildi ekki ræða mikið um þetta í einstökum atriðum, og þó fannst mér hann raunar enn vera að vitna til Norðurlanda um upphæð söluskattsins. En þetta hliðraði hann sér alveg hjá að ræða í einstökum atriðum.

Það ætti að vera óþarfi að eyða mörgum orðum hér í að rökstyðja það, sem ég sagði áðan, að neyzluvörur hafi hér á undanförnum árum hækkað hlutfallslega miklu meira en kaupgjaldið. En ég ætla bara aðeins að nefna 2—3 tölur í því sambandi. Þær eru að vísu frá því í nóvember í haust, en verðhækkanirnar halda áfram og eiga eftir að verða meiri, þegar söluskatturinn kemur ofan á. Ég hef hér lista yfir 7 vörutegundir innfluttar, og á þeim lista er hækkun á áratug frá 276% og upp í rúm 800%. En ef aftur er litið á tímakaup Dagsbrúnarmanna

í 2. flokki, þá er hækkunin á því 190%. Og ef menn líta svo á innlendu matvöruna, þá er þróunin þar í sömu átt, þó að þar sé ekki um eins hrikalegt ósamræmi að ræða og í þeim vöruflokkum innfluttum, sem hæst hafa stigið. En þó er það svo, að nýmjólk hefur hækkað um 233% og er þó minnsta hækkunin, því það hefur verið með ýmsum ráðum reynt að halda verði á henni sem allra mest niðri. M. a. ber hún ekki söluskatt. En svo aftur þegar litið er á mestu hækkunina, þá verður það fiskurinn, sem mætir þar augum, því að ýsa hefur hækkað um 471%. Þetta er, eins og allir sjá, í æpandi ósamræmi við 190% kaupgjaldshækkun á sama tíma. Ég hef alltaf tilhneigingu til þess að taka allar tölur, jafnvel þó að þær komi frá okkar trúverðugustu stofnunum, eins og Hagstofu Íslands, með nokkurri varúð, því að auðvitað skiptir miklu máli, hvernig útreikningar eru undirbyggðir. En því miður er ómögulegt að ganga fram hjá því, að þessi hefur þróunin orðið. Neyzluvaran hefur hækkað miklu meira hlutfallslega heldur en kaupgjaldið á síðustu árum.

Í þessum samanburði, sem ég áðan vitnaði til, er miðað við verðlagið og kaupgjaldið, eins og það var 1. nóv. 1958 annars vegar og 1. nóv. 1969 hins vegar. Ég held, að hæstv. ríkisstj. ætti að bera þessa þróun saman við það, sem hefur gerzt á Norðurlöndunum á sama tíma, áður en eða a. m. k. um leið og hún ber saman upphæð söluskatts í prósentum hér og þar.

En nú gerist það, að ofan í þessa þróun mála þykir það hlýða að stórhækka söluskattinn á nær allar þær vörur, sem hann hefur áður lagzt á, og þ. á m. allar brýnustu þarfir fjölskyldunnar, að undanteknum þeim örfáu liðum, sem undanþegnir eru og hv. þdm. er kunnugt um. Það er hækkaður hitakostnaðurinn á heimilunum og það er hækkaður söluskattur á ljósunum og innlendum og erlendum matvörum. Þetta eru að mínum dómi alveg óhæfileg vinnubrögð og mér liggur við að segja ósæmileg, eins og allt er í pottinn búið. Og mig grunar satt að segja, að þessi stefna, — ég vil nú raunar heldur kalla það viðbrögð hæstv. ríkisstj. í þessum málum byggist a. m. k. að einhverju leyti á tímahraki í sambandi við ákvörðun um aðild Íslands að EFTA. M. ö. o.: í stað þess að gera það, sem gera þurfti og ég hygg, að flestar ríkisstjórnir hefðu a. m. k. viljað reyna til hins ýtrasta, þ. e. að taka tekjuöflunarkerfið allt saman til gagngerðrar endurskoðunar og alhliða athugunar, þá er farið út í þessa ófæru. Ég held það hljóti bara að vera, að þetta tímahrak sé að einhverju leyti ástæðan til þess, að farið er út á þessa braut í svona ríkum mæli. Manni virðist það svo fráleitt eins og ástandið er.

Svo eru vitanlega fleiri hliðar á þessu máli heldur en sú hliðin, sem snýr beint að neytandanum og sérstaklega að stærstu fjölskyldunum. Hvað leiðir af þessu framferði, þegar frá líður og áhrifin af þessum aðgerðum fara að koma í ljós og verka á þjóðlífið? Ég held, að það sé alveg óumflýjanlegt, að af þessu leiði hærri kaupkröfur launþega og hærri kaupgreiðslur, því að eftir því sem verðbólgan vex og magnast og verð hækkar á allra brýnustu lífsnauðsynjum, eftir því verður erfiðara að halda niðri kaupgjaldi. Þetta er alveg óumflýjanleg þróun, og getur ekki annað farið á eftir svona aðgerðum heldur en einmitt þetta. Og það er sjálfsagt ekki langt eftir því að bíða. Þannig er það, að skattlagning af þessu tagi örvar þá óheillaþróun, sem ýtir undir verðbólguvöxtinn og sjálfsagt nú eins og áður um langan tíma leiðir til nýrrar gengisfellingar, ef ekki er spyrnt við fótum. Ég get engan veginn viðurkennt, að það sé hægt að telja þessi ummæli hrakspár eða að þetta sé mælt út í bláinn, heldur eru þetta augljósar staðreyndir, sem blasa við hverjum einasta manni. Ég held, að enginn maður, sem þarf að framfæra fjölskyldu af eigin handafla, geti af launatekjum sínum einum saman lifað mannsæmandi lífi. Og ég efast meira að segja alveg um það, að hæstv. ríkisstj. geti einu sinni látið reikningsmeistara sína reikna það út, að það sé hægt að lifa af þessum tekjum. Og þó að það kannske tækist, þá er það allt annað en raunveruleikinn.

Á þeim uppgripaárum, sem einkennt hafa meginhlutann af samstarfstíma núv. stjórnarflokka, hafa margir lagt hart að sér við það að koma upp húsi yfir höfuð sitt og fjölskyldu sinnar og við það að búa heimili sín nokkuð vel, betur en áður þekktist, meðan menn höfðu minna handa í milli. Það má kannske segja það, að ýmsir hafi teflt djarft, en þar getur enginn öðrum láð, því það hefur verið einkenni á þjóðfélaginu á þessu tímabili. Það er áreiðanlega óþarfi að lýsa erfiðleikum þessa fólks og alþýðu manna yfirleitt við að standa við persónulegar skuldbindingar sínar, sem leiðir af þessu, sem ég núna var að nefna. En því miður eru það áreiðanlega allt of margir líka, sem eiga núna fullt í fangi með að hafa til hnífs og skeiðar, þeir sem hafa marga munna að seðja og þurfa að byggja á eigin handafla.

Glögga mynd af þessu gefa ummæli, sem greind kona, ekki Íslendingur, en þó íslenzkur borgari, lét falla við mig í vor í sambandi við það vandamál, sem liggur mörgum mjög á hjarta og oft hefur verið rætt hér í hv. Alþ., þ. e. erfiðleikana við að kosta börn sín á skóla utan heimilis. Hún sagði svo: „Við getum þetta eitt ár eða tvö, en síðan rekur allt í strand.“ Það mun vera eins um þessa hluti og þær persónulegu skuldbindingar manna, sem ég vék að áðan, í sambandi við húsnæðismál o. fl. og jafnvel eins og bara það að framfleyta stórri fjölskyldu. Það er svolítil teygja í þessu fyrst. En hversu lengi endist hún? Það er einmitt undir þessum kringumstæðum, sem hæstv. ríkisstj. þykir bezt hlýða að hækka almennt söluskattinn, einmitt þann nefskatt, sem leggst þyngst á stærstu fjölskyldurnar og um leið á efnaminnsta fólkið, sem minnst kaupir af hátollavörum og mest af allra brýnustu nauðþurftum.

Það er óhjákvæmilegt að mótmæla þessari aðferð harðlega. Og það hlýtur einnig að verða að mótmæla því, að um leið og söluskatturinn er hækkaður um allt að 50%, þá séu ekki gerðar róttækar ráðstafanir til þess að tryggja betur réttláta álagningu hans og svo innheimtuna. Ég álít, að það sé ekki gert í frv. ríkisstj., eins og það liggur fyrir hér. Hæstv. ráðh. sagði áðan, að það væri margt í undirbúningi eða það væri verið að skoða þessi mál öll. Það er vafalaust alveg rétt og það sannar það, sem ég sagði áðan, að hæstv. ríkisstj. er ekki einu sinni tilbúin með þessa lausn, hvað þá að hún hafi snúizt í því, sem hefði þó þurft að gera, að taka tekjuöflunarkerfið í heild til athugunar.

Í brtt. okkar þriggja alþm. í minni hl. fjhn. eru tvær till. um þetta efni. Hæstv. fjmrh. taldi báðum þessum

till. flest til forāttu hérna áðan, og þær verða væntanlega felldar hér í d. Það má þó mikið vera, ef ekki er hægt, með þessum aðgerðum m. a., að koma á auknu eftirliti og betri innheimtu söluskattsins heldur en nú er. Við, þessir þrír, höfum flutt till. um að gera nokkrar aðrar breytingar á frv. og fella niður söluskatt af einstökum vörum, sem telja verður til allra brýnustu nauðsynja. Hæstv. fjmrh. hafði það eitt um þetta að segja, að ríkissjóður þyldi ekki þann tekjumissi, sem leiddi af samþykkt þessara till. Hv. frsm. 2. minni hl. fjhn., 4. þm. Reykv., gerði í sinni framsöguræðu nokkuð ýtarlega grein fyrir því, hvernig hann teldi, að samþykkt þessara till. mundi verka fyrir ríkissjóð. Mér fannst hæstv. fjmrh. alveg fara fram hjá því að ræða nokkuð þann rökstuðning í einstökum atriðum, en láta sér nægja að segja bara: Þetta er ekki hægt. Ég vil vekja athygli á þessu. Rökstuðningur hv. 4. þm. Reykv. var ýtarlegur og mér fannst ráðherra afgreiða þetta á nokkuð „billegan“ hátt.

Hæstv. ráðherra hafði orð á því, að frsm. 2. minni hl. hefði hafið hér almennar umr. um skatta- og efnahagsmál. Jú, það var alveg merkilegt, að hann skyldi gera það! En það hefði þó sannarlega ekki verið ástæðulaust að fara út í slíkar almennar umr., þegar á að gera svona hluti, eins og verið er að gera með þessu frv., og þegar gefið er í skyn, að það sé ekki nema byrjun. Það væri sannarlega full ástæða til þess. Og ég vil segja það, að ef það er meiningin að afgreiða þetta mál úr hv. d. hér í kvöld og það tekst, þá sleppur hæstv. ríkisstj. „billega“ frá umr. um svo veigamikið mál sem þetta. Því hér er ekki um neitt smámál að ræða í eðli sínu, heldur er um að ræða eins konar byltingu í tekjuöflunarkerfinu, og þó byltingu, sem er gerð í mesta flaustri og án skipulegs undirbúnings, sem skylt hefði þó verið að láta fara fram.

Mér fannst það eftirtektarvert í ræðu hæstv. fjmrh., sem hann sagði um sveitarfélögin og hver hætta þeim væri búin af hugsanlegum tekjumissi. Ég held hann hafi sagt, að það leiddi til gjaldþrots þeirra, ef þau misstu þarna tiltekinn hluta af sínum tekjum. En í því sambandi gat hann þess, að mjög mörg sveitarfélög hefðu verið með álagninguna alveg í toppi og enn nokkur hefðu þurft á aðstoð að halda úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Við höfum fyrir nokkru fengið að kenna á atvinnuleysi hér á landi nú að nýju eftir margra ára hlé, og það er viðvarandi enn. Ég held, að þessir hlutir báðir til samans, atvinnuleysið og stórvandræði hjá sveitarfélögunum, gefi nú hæstv. ríkisstj. ærið tilefni til þess að endurskoða eitthvað sína stefnu.

Ég vil að lokum leggja áherzlu á það, að enda þótt ég sé andvígur þeirri stefnu, sem í frv. felst, þá taldi ég mér skylt að taka þátt í að flytja brtt. við það og leitast við með þeim hætti að sverfa af suma verstu gallana. Mér er það ákaflega vel ljóst, að jafnvel þó að till. okkar í minni hl. fjhn. yrðu samþykktar, þá ná þær í raun og veru skammt. Við flytjum m. a. till. um sérstakar greiðslur til fjölskyldubóta. Okkur er það áreiðanlega öllum ljóst, að jafnvel þó hún yrði samþykkt, þá nær það skammt. En slík aðgerð hefði þó þann kostinn, að það væri hægt að beina því fé, sem varið yrði til úrbóta, beint til þeirra, sem allra höllustum fæti standa.

Hv. frsm. 2. minni hl. lýsti þessum brtt. í einstökum atriðum og ég skal ekki tefja tímann með því að endurtaka það hér. Hæstv. ráðherra skoraði á hv. þd. að fella þessar till. og ég geng út frá því sem gefnu, að liðsmenn ríkisstj., hv. þm. stjórnarflokkanna hér í d., verði við þessu kalli. En ég hef þó hug á því, að freista þess enn við 3. umr. að bera fram brtt. um lagfæringar og þá taka upp einhvern hluta af þeim, sem nú hafa verið fluttar, ef ske kynni að einhver tilslökun fengist í málinu.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Það er eingöngu vegna ólæknandi þrákelkni hv. 4. þm. Austf., sem ég ætla að segja hér nokkur orð.

Ég fullyrti það í dag, að það mundi nálega vera einsdæmi í þingsögunni, að menn væru þannig andlega á sig komnir, að þeir settu slettur og brigzlyrði til þingfélaga sinna í nál., því venjulega reyndu menn á yfirborðinu að hafa form nál. þannig, að þau litu út fyrir að vera málefnaleg. En það er eins og einn hv. þdm. sagði við mig í dag: Ég held, að þetta séu einsdæmi. Nú er það ekki svo, að hv. þm. hafi ástæðu til þess að draga nafn mitt og Björns Jónssonar alþm. inn í umtal í nál. eða við höfum verið starfandi í n. með honum og verið honum þar erfiðir. Nei, nei, við komum þar ekkert við sögu, og það var því ekki til neitt beint tilefni til þess að sletta óþverra á okkur. Það var ekki einu sinni gert í tilefni af því, að við værum þm., heldur varð hann að koma þessu á forseta og varaforseta Alþýðusambandsins. Það var tilgangurinn, og það varð að koma fram í nál. Hann fæst ekki til þess að sjá neina yfirsjón sína í þessu, og þá ann ég honum þess, að þetta verði hans minnisvarði í þingtíðindum, þessi munnsöfnuður, því hann er einsdæmi. Og einsdæmin eru verst.

Hv. þm. heldur því fram, að ég og Björn Jónsson berum ábyrgð á söluskattsfrv. ríkisstj., af því ríkisstj. hafði látið það uppi strax og EFTA-málið var til afgreiðslu, að hún ætlaði að bæta sér upp tekjutap ríkissjóðs með söluskatti. Þar af leiðir, að þið berið ábyrgð á þessu frv., segir hv. þm. Nú spyr ég: Getur hv. þm. fært nokkur rök að því, að nokkur stafur eða stafkrókur sé í EFTA-sáttmálanum um það, að söluskattur skyldi hækkaður á Íslandi, ef Ísland gerðist aðili? Ég hygg að hann geti það ekki. Ég hygg, að það hafi ekki verið samkvæmt neinum fyrirmælum eða skuldbindingum við EFTA, að ríkisstj. vill hækka söluskatt til þess að bæta sér upp tekjutap vegna tollalækkana. Það var áreiðanlega hennar eigin ákvörðun og uppfinning, óháð EFTA-löndunum eða kröfum frá þeim.

Ég vil gjarnan spyrja hæstv. fjmrh. að því, því hann getur svarað því með jái eða neii, eða bara með höfuðhneigingu eða höfuðhristingu, ef hann vill: Var ríkisstj. Íslands á nokkurn hátt skuldbundin EFTA-löndunum með að afla sér tekna með nokkrum ákveðnum hætti, ef Ísland yrði aðili að EFTA? — Ég var að beina spurningu til hæstv. ráðh. og sagði, að honum væri auðvelt að svara, ef hann vildi gera svo vel, með jái eða neii, eða með höfuðhristingu eða höfuðhneigingu, því spurningin væri bara þessi: Var ríkisstj. Íslands á nokkurn hátt skuldbundin EFTA-löndunum með að afla sér

tekna með ákveðnum hætti, t. d. söluskatti? (**Fjmrh.:** Nei. — Gripið fram í.) Hún hafði ákveðið það, og það er auðvitað hennar ákvörðun og er á hennar eigin ábyrgð, hvenær sem hún er tekin. En ráðh. hefur svarað af drengskap. Það var engin skuldbinding hvílandi á ríkisstj. Íslands um það að leggja á söluskatt í sambandi við inngöngu Íslands í EFTA. Málin eru tvö sjálfstæð mál, og þar með er búið að afhjúpa hv. þm. svo rækilega frammi fyrir öllum þingheimi, að hann getur ekki klórað í bakkann lengur, þó hann langi til þess. Hér með læt ég þessu andsvari mínu lokið.

Frsm. 1. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Ég hef ekki mikla löngun til að karpa við þennan hv. þm. um þetta atriði, en hann vék sér greinilega undan því, sem ég hafði hér lagt aðaláherzlu á, að ríkisstj. hafði gert grein fyrir því í till. sinni um aðild að EFTA, hverjir skilmálarnir væru og um hvað væri búið að semja, og skýrði þar líka frá því, að um leið og tollarnir yrðu lækkaðir, þá yrði söluskattur hækkaður. Það þurfti ekki að standa í neinum EFTA-sáttmála. Það stóð ekki í EFTA-sáttmála, að við ættum að lækka tollana um 30% í fyrsta áfanga, en það var bara samið um það. Það voru skilyrði. Það voru þau skilyrði, sem lágu fyrir, þegar till. var flutt hér á Alþ., og ríkisstj. hafði ekki dregið neitt undan með það, að það, sem þessu ætti að fylgja sem bein afleiðing, væri söluskattshækkun. Og auðvitað þýðir ekkert fyrir þennan hv. þm. að neita því, að hann vitanlega greiddi atkvæði um till. ríkisstj. á þeim grundvelli, sem ríkisstj. lagði till. fram á, en ekki á einhverjum allt öðrum grundvelli, sem hann hafði hugsað sér.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Með þessu síðasta innleggi í málið hækkaði hv. þm. svolítið minnisvarðann um hið einstæða í þingsögunni, og ég ann honum þess.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19:17 atkv.
Brtt. 276,I felld með 19:17 atkv.
2. gr. samþ. með 19:16 atkv.
Brtt. 276,II.1 (ný 3. gr.) samþ. með 19:18 atkv.
– 276, II.2 felld með 19:17 atkv.
3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 19:11 atkv.
Brtt. 276,III felld með 19:18 atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 19:10 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:17 atkv.

Á 45. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 287).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Mér fannst rétt að gera með örfáum orðum grein fyrir því, af hverju það var, að ég greiddi atkv. á móti þessu frv., en það stafar af því, að ég hef frá fyrstu tíð verið á móti þeirri skattlagningaraðferð að innheimta söluskatt af brýnustu lífsnauðsynjum almennings, eins og t. d. mat, vinnufötum, ljósi og hita, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv.

Mér finnst hægt að tala um það að innheimta söluskatt af ýmsu, sem ekki tilheyrir frumþörfum manna, en með söluskatti viðreisnarstjórnarinnar er í raun og veru verið að draga af þeim fátæku bita og sopa, líkt og heylítill bóndi gerir við búfé sitt. Það voru til í mínu ungdæmi bændur, sem vanfóðruðu kýrnar og ærnar, en höfðu kannske stríðalda gæðinga sína inni við töðustall. Mér finnst atferli hæstv. ríkisstj. minna mig á slíka bændur. Verðbólgan og gengisfellingarnar hafa leikið alþýðu manna hér á landi grátt á undanförnum árum, og nú hefur atvinnuleysið bætzt við. En samt heldur hæstv. ríkisstj. áfram að skara í verðbólguglæðurnar. Þetta frv. er sá skörungur, sem ég spái að æsi til nýs launastríðs, því eins og allir vita á almenningur ekki aðra leið, þegar hann hættir að geta borið þær byrðar, sem á veik bök eru lagðar, heldur en að heimta þá meiri laun.

Mér er ljóst, að einhvern veginn þarf ríkisstj. að bæta upp tekjutapið af tollalækkuninni, sem nú hefur verið samþ. hér í þessari hv. d. Eðlilegast hefði verið að hækka beina skatta, þannig að hinir efnuðu bæru þar þyngstu byrðarnar, tækju á sig meginhlutann af því, sem nú þurfti að bæta við, í staðinn fyrir það, sem tapazt hafði með tollalækkununum. En með söluskatti, sem sífellt er verið að hækka og nær orðið til flestra lífsnauðsynja, borga þeir mest, sem flesta hafa til að fæða og klæða, eins og allir vita, en það fer oftast saman, að þeir eru fátækastir og hafa af minnstu að taka. Þetta er svo kunnugt, að það þarf varla að nefna það.

Ríkisstj. þykist ætla að jafna þennan mun að einhverju leyti, þó ekki liggi nú fyrir neitt ákveðið um það frá henni, en maður hefur jafnvel heyrt, að það standi til að auka eitthvað við fjölskyldubætur og aðrar bætur til þess að draga á þann hátt e. t. v. eitthvað úr mestu erfiðleikum þeirra fátækustu. En um þetta liggur þó ekkert ljóst fyrir.

Ég tel, að á því væri mikil þörf, þegar þetta frv. verður orðið að lögum eins og það liggur hér fyrir, að eitthvað yrði gert til þess að auka fjölskyldubætur, mæðralaun og aðrar slíkar bætur, örorku- og ellilífeyri, til þess að reyna að koma í veg fyrir, að þeir, sem þyngstar byrðarnar bera í sambandi við fjölskyldumál og í sambandi við þennan söluskatt, þyrftu ekki að fara eins illa út úr þessari löggjöf og mér virðist að hljóti að verða.

Fjölskyldubætur eru t. d. núna ekki nema liðlega 4000 kr. fyrir hvert barn. Við vitum, hversu lítill hver þúsund króna seðillinn er, þegar á að fara að nota hann, og þessar bætur tel ég að þurfi að hækka verulega. Hámarkslaun verkamanna með 8 tíma vinnu á dag yfir árið eru, held ég, ekki há. Ég held, að þau hljóti að hrökkva skammt, þó fjölskyldan sé ekki nema 4—5 í heimili, hvað þá ef fleiri eru.

Verkamaður með 8 tíma vinnu getur kannske komizt í 150 þús. kr. tekjur yfir árið, ef alltaf er stöðug vinna. Það er ekki hægt að fara hart með þessar tekjur, til þess að þær geti hrokkið fyrir lífsþörfunum. Ég hygg, að 4 manna fjölskylda þurfi um 100 þús. kr. fyrir fötum og mat, ef sparlega er með farið. Þá sjáum við, að af því eru

teknar 11 þús. í söluskatt. Maðurinn verður að borga af þessari litlu upphæð 11 þús. kr. í söluskatt af matnum og fötunum.

Mér er ljóst, að söluskattur er mjög þægileg skattlagningaraðferð fyrir ríkisstjórnir, og líka þá, sem eru efnaðir. Þeir komast vel út úr sínum sköttum á þennan hátt. En ég held, að þessi skattlagningaraðferð verki alveg eins og mölur í tekjum þeirra fátæku.

Ég man nú vel eftir því, svo gamall er ég, að einu sinni var Alþfl., sem er annar stjórnarfl. núna, mjög mikið á móti óbeinum sköttum. Hans talsmenn töluðu um það á sinni tíð, að byrðarnar ættu þeir að bera, sem breiðust hefðu bökin. Þetta var nú á þeim dögum, þegar ég var ungur, og þótt ég væri aldrei Alþýðuflokksmaður, þá hlustaði ég vel á það, sem fram fór, og var hrifinn af þessari kenningu og taldi hana réttláta. Nú hefur þetta mjög breytzt hjá þessum flokki, og nú tekur hann þátt í því að dreifa sköttunum aðallega á þá, sem veikasta hafa aðstöðuna til þess að bera þá. Þetta tel ég mjög illa farið og ég harma það, að Alþfl. skuli hafa farið út á þessa braut. Nú eiga veiku bökin að bæta á sig, en hin breiðu ekki að sama skapi, skv. því frv., sem hér liggur fyrir.

Mér finnst alltaf, að með söluskatti sé líkast því sem lægzt sé að skattborgurunum með lævíslegum hætti, eins og þegar veiðimaður læðist í hentugt færi við fórnardýr sitt. Þannig kemur þessi leiðinlegi skattur mér fyrir sjónir. Það er svo illt að vara sig á honum. Maður veit miklu betur um skattinn sinn, ef maður fær hann sér á gjaldseðli, en þessi söluskattur, hann grípur inn í allt, sem maður kaupir. Þess vegna er erfitt fyrir almenning að vara sig á þessum skatti og engin leið er að komast undan honum auðvitað, þar sem hann leggst á brýnustu lífsnauðsynjar. Nú er hann t. d. kominn á hvern bita og sopa, nema mjólkina.

Árni Óla rithöfundur segir frá því í bók, sem hann hefur nýlega skrifað um Viðeyjarklaustur, að bændum þótti illt að búa undir osttollinum illræmda, sem lagður var á bændur hér í nágrenni Viðeyjarklausturs til þess að fæða munkana og halda klaustrinu uppi. Og það fór nú þannig, að þessi tollur fór með tímanum að gjaldast illa. Munkarnir létu þó nokkuð koma í staðinn fyrir skattinn. Þeir báðu fyrir sálum þeirra, sem skattinn áttu að greiða. En mér er ekki kunnugt um það, að ríkisstj. biðji fyrir þeim, sem söluskattinn eiga að borga, frekar en aðra skatta, þannig að henni ferst miklu verr en munkunum, þó að þetta væri illur og óréttlátur skattur.

Það er nú einn höfuðgallinn á söluskattinum, að ríkið, sem á að njóta hans, býr ekki svo um hnútana, að skatturinn, sem hinir snauðu hafa verið píndir til þess að borga, komi örugglega allur til skila. Það eru af mjög mörgum taldar miklar líkur til þess, að svo sé ekki, hann skili sér ekki að fullu, og hefur það komið fram í umr. um þetta mál á Alþ. En valdhafarnir vilja ekki gera öruggar ráðstafanir til innheimtunnar. Það kann að vera, að það séu ýmsir erfiðleikar á því, að gera þessar ráðstafanir alveg fullkomlega öruggar, en ég hygg þó, að með þeirri till., sem að vísu var samþ. hér áðan, en er þó ekki nema heimildartill., um peningakassa í viðskiptafyrirtækjum, þar sem söluskatturinn er greiddur um leið og viðtakandi vörunnar greiðir hana, þá sé mikið öryggi í því fólgið. Og ég vil vonast til þess, að hæstv. fjmrh., sem ég er alveg sannfærður um að vill ná skattinum í ríkiskassann, geri nú sitt til þess að þessi leið verði prófuð.

Ríkisstj. hefur viljað treysta á þegnskap allra þeirra mörgu manna og aðila, sem eiga að standa skil á skattinum til ríkisins. Ég efa alls ekki, að það eru margir, sem eru þessa trausts verðir, en það væri ekkert óeðlilegt að mínum dómi, ef miðað er við kunnan mannlegan breyskleika, þó að ekki væru allir, sem gætu staðizt þá freistingu, sem því er samfara, að meðhöndla fé hins opinbera eins og sína eign, þegar það er tiltölulega auðvelt án þess að upp um það þurfi að komast. Þess vegna er það ákaflega áríðandi að mínum dómi og gerir mönnum léttara að greiða skattinn, ef það er nokkurn veginn örugglega tryggt, að hann geti komizt til skila þangað, sem hann á að fara, í ríkiskassann.

Söluskattur í svo stórum mæli sem nú er orðið um að ræða hér, eftir að þetta frv. verður að l., hann er, — eins og ég hef áður vikið að, — mjög óréttlátur gagnvart hinum fátæku í landinu og því hættulegri fyrir þá, þegar verðbólga er hraðfara og gengisfellingar stórstígar og tíðar, eins og hér hefur átt sér stað á síðasta áratug. Reynslan er yfirleitt sú, að fátæka fólkið, sem er meiri hluti þjóðarinnar og það líklega mikill meiri hluti þjóðarinnar, það mætir tekjuskerðingu og skattpíningu með sífellt auknum sparnaði, um aðrar leiðir er ekki að ræða fyrir þetta fólk. Þessi sparnaður gengur m. a. og kannske aðallega út á það að spara fæðið, sem fólkið þarf. Það fer að kaupa fæðu, sem er ódýr, en getur þó veitt því saðningu í bili. En hins er þá auðvitað ekki gætt, sem ekki er von, að þá sparar það sér þær fæðutegundir, sem mest og bezt næringargildi hafa inni að halda og nauðsynlegastar eru fyrir heilsuna, fyrir líkamann. Það er gömul reynsla, að þessi sparnaður bitnar fyrst og fremst á hinum innlendu landbúnaðarvörum, kjöti, smjöri, nýmjólk, rjóma o. fl., eins og komið hefur fram í þessum umr. og ég veit af nokkurri þekkingu að er fullkomlega rétt, salan á þessum vörutegundum hefur minnkað. Og það er reynslan, að þess gætir alltaf fyrst, að fólkið fer að spara þessar vörur, þegar harðnar í ári og tekjurnar minnka. Þetta hygg ég, að geti haft mjög alvarlegar afleiðingar, bæði í sambandi við heilsufar þessa fólks, sem ekki getur veitt sér að kaupa þessar hollu fæðutegundir, sem landið gefur af sér, og um leið fyrir hina láglaunuðu bændastétt, sem má þola það, að tekjur hennar skerðist enn. Við slíku er hún ekki búin. Hún þyrfti fremur á því að halda, að markaðir örvuðust fyrir hennar framleiðslu.

Ég er mjög sammála því, sem fram kemur í nál. 2. minni hl. fjhn., að það hefði nú í sambandi við EFTA-aðildina átt að taka allt tekjuöflunarkerfi ríkisins til endurskoðunar og hafa við þá athugun það að grundvallarreglu, að helztu lífsnauðsynjar yrðu sem minnst og helzt ekkert skattlagðar. Ég er viss um, að með því móti mundi hagur ríkisins og þjóðarheildarinnar vera bezt tryggður og þá væri helzt von um frið og kyrrð í þessu landi.

Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr. með lengra máli og læt máli mínu því lokið.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég boðaði það við 2. umr. málsins, að ég mundi e. t. v. við 3. umr.

freista þess að bera fram brtt. við frv. um söluskattinn. Það fór svo sem ég hugði, að felldar voru allar þær till., sem í þá átt gengu að takmarka söluskattsinnheimtuna, létta henni af brýnustu nauðsynjum, en hins vegar var samþ. till., sem heldur ætti að drýgja tekjur ríkissjóðs af söluskattinum, þ. e. a. s. kassatillagan, sem ég lét í ljós furðu mína yfir áðan, að ekki fengist samþ., hversu oft sem hún væri borin fram, þar sem hún væri þó líkleg til þess að stuðla að því, að söluskatturinn skilaði sér betur til hæstv. fjmrh. Hann hefur sennilega lagt þarna líknarhöndina á að bjarga þessu í land og setur svo upp kassana og notar sjálfsagt heimildina til þess að draga þarna meiri björg í bú.

Mín till. er aðeins um það, að 1. gr. frv. breytist á þann veg, að í stað orðanna: 11%, komi 9½%. Þetta eru lágar tölur, sem þarna eru nefndar í þessari till., en þær þýða það þó samt, ef till. hlýtur samþykki, að söluskatturinn lækkar um nokkur hundruð millj. kr. Samt sem áður ætti hann að standa vel undir þeim skakkaföllum, sem ríkissjóður verður fyrir af lækkun tolla skv. tollskránni, eins og hún hefur verið afgreidd. Ég legg þessa till. fram, herra forseti, og óska þess, að leitað verði afbrigða um hana, þar sem hún er bæði of seint fram komin og skrifleg.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 289) leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Við leggjum hér fram brtt. við þetta lagafrv., og ásamt mér flytja hana hv. 5. þm. Austf., Vilhjálmur Hjálmarsson, hv. 3. þm. Vesturl., Halldór E. Sigurðsson, og hv. 2. þm. Suðurl., Ágúst Þorvaldsson: „Á eftir 1. gr. komi ný gr. svo hljóðandi: Á eftir orðinu „nýmjólk" í 2. tölul. 6. gr. 1. komi: smjör, ostur, skyr, kjöt, kartöflur."

Ástæðan fyrir því, að við leyfum okkur að bera þessa brtt. fram, ætti að vera öllum hv. þm. augljós. Það er auðséð, að ef þessari stefnu, sem hæstv. ríkisstj. hefur og er að taka hér upp, verður framfylgt á þann veg, sem manni sýnist, þá er alveg sýnilegt, að það er verið að knýja fram á næstu árum neyzlubreytingu hjá þjóðinni.

Eins og hv. þm. sjá, þá hlýtur þessi söluskattshækkun að valda töluvert miklum framleiðslukostnaði á landbúnaðarvörum. Því hefur að vísu verið heitið að greiða niður hækkunina eða sem svarar hækkun á smjöri og dilkakjöti, en ekki á öðrum vörum. Framleiðslukostnaðurinn hækkar t. d. töluvert mikið í sambandi við vélaliðinn, sem er orðinn ákaflega hár hjá bændunum. Í tollskránni, sem var afgr. hér á dögunum, voru varahlutir ekki í þeim lið, sem ákveðið var að lækka. Þess vegna kemur söluskattshækkun á þennan lið. Síðan hefur það skeð, að það hefur verið rýmkað um verðlagsákvæði á varahlutunum og að undanförnu hafa þeir hækkað. Það er líka sýnilegt, að viðgerðarþjónustan hlýtur að hækka, kaupið hlýtur að stórhækka á næstu mánuðum, og þetta verður til þess að hækka landbúnaðarvörurnar.

Hv. 5. þm. Austf., Vilhjálmur Hjálmarsson, hann sýndi fram á það glögglega hér áðan, hvernig söluskattshækkunin, sem kemur á jarðýturnar, verkar til hækkunar á alla ræktun. Þetta sýnist kannske ekki vera svo ákaflega há upphæð, 3½%, en þessar vélar eru svo dýrar, að þessi skattur á hverja vél nemur á milli 100 og 200 þús. kr.

Ég gat um það áðan, að þetta mundi, þegar til lengdar léti, knýja fram neyzlubreytingu. Það er enginn vafi á því, eins og hefur komið fram hér í umr., að annaðhvort verður á næstu árum að lækka tollinn frá öðrum ríkjum en EFTA-ríkjunum, eða þá að innflutningurinn breytist, hann vex frá EFTA-þjóðunum og minnkar frá öðrum þjóðum. Þetta þýðir það, að tolltekjurnar hljóta að minnka. Af því leiðir svo, að ef innheimta á til sameiginlegra þarfa þjóðfélagsins, þá þarf söluskatturinn að hækka enn meira en nú er reiknað með. Og ef landbúnaðarvörurnar hækka meira en iðnaðarvörur, sem eru innfluttar og hægt er að neyta í staðinn fyrir landbúnaðarvörur, þá er það auðséð, að þessara vara verður neytt í mjög auknum mæli, en þjóðin minnkar neyzlu hinnar hollu og góðu framleiðslu landbúnaðarins, eins og átt hefur sér stað á undanförnum árum.

Hæstv. fjmrh. hvatti mjög til þess áðan að fella þær till., sem voru lagðar fram af hv. minni hl. fjhn. Ég held, að hæstv. fjmrh. ætti að athuga, hvað hann er að gera og hvernig þetta gæti orðið til þess að breyta ýmsu í okkar landi. Hann er fulltrúi bænda á Norðurlandi og lágtekjumanna. Hann má ekki gleyma því, að hann er ekki eingöngu hæstv. fjmrh., hann er líka fulltrúi þeirra. Og það er enginn vafi á því, að þessi mál mun bera á góma fyrir næstu kosningar og það mun verða bent á það, til hvers það muni leiða, ef þessi stefna verður knúin fram.

Það hefur verið rætt um það hér í umr., að í sjálfu sér segi vísitalan lítið um það í raun og veru, hvernig þetta muni verka. Ég var að athuga Hagtíðindin áðan, og þar kemur fram, að í nóvember er vísitala matvöru 142 stig, en kaupgjaldsvísitalan er tæp 29% af því, og þegar maður fer að athuga það, að í raun og veru fer mikill hluti þeirra ráðstöfunartekna, sem stór hluti þjóðarinnar hefur nú, til þess að kaupa matvöruna, þá sjáum við nokkuð, hvernig þetta allt verkar. Ég geri ráð fyrir því, að hæstv. fjmrh. komi hér upp á eftir og segi: Þetta væri náttúrlega gott, ef væri hægt að gera þetta, en ríkiskassinn bara þolir það ekki. Það þarf þá einhvern veginn að fá tekjur á móti. – En ef maður fer að athuga, hvað söluskattshækkunin muni nema miklu annars vegar og hins vegar hvað tollalækkanirnar muni nema miklu, þá sést, að tollalækkanirnar munu nema eitthvað innan við 500 millj., en söluskattshækkunin milli 800 og 900 millj. kr. En þessar till., sem við fjórmenningarnir berum hér fram, mundu ekki hafa áhrif á nema sem svarar 100 millj., þannig að út af fyrir sig er enginn vandi að koma því heim og saman, að sá söluskattur, sem á að innheimta, mundi samt sem áður nema hundruðum millj. kr. fram yfir tollalækkunina.

Hæstv. fjmrh. talaði um það hér áðan, að það mundi verða ákaflega erfitt að koma á hinu svokallaða kassafyrirkomulagi við að innheimta söluskattinn, og benti á, að það væri víða, sem ekki væri um staðgreiðslu að ræða, t. d. hjá kaupfélögunum. Ég er alveg viss um það, að það er enginn vandi, ef vilji væri fyrir hendi hjá hæstv. fjmrh., að komast fram hjá þeim þröskuldi. Það var mér mjög mikið gleðiefni, að þessi till. skyldi hljóta

samþykki hér áðan, og ég vona, að einhverjir af fulltrúum bænda og láglaunastéttanna hafi nú þrek í sér til þess að samþykkja þessa till., sem við höfum borið fram.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta mikið, en þó er rétt að athuga, hvernig verðlagið hefur breytzt á undanförnum árum, og það sýnast nú vera horfur á því, að það muni halda áfram að hækka, t. d. á matvörunum, með ekki minni hraða en undanfarið, hvorki innlend matvælaframleiðsla né sumt af hinni erlendu. Mig langar til þess að rifja það aðeins upp, hvernig þróunin hefur verið á tímabilinu frá 1958 og fram að áramótunum síðustu. T. d. hefur kaffið hækkað um 276%, molasykurinn um 240%, strásykurinn um 250%, hveitið um 580%, haframjölið um 819%, hrísgrjónin um 665% og rúgbrauð um 300%. En á þessum sama tíma hefur nýmjólkin hækkað um 233%, smjörið um 237%, rjómi um 244%, súpukjöt um 307%, saltkjöt um 330%, hangikjöt um 272%, ýsa um 471% og saltfiskur um 444%. Vísitala byggingarkostnaðar hefur á sama tíma hækkað, – eftir því sem þessir vísu menn reikna nú út, og ég hef ástæðu til að ætla, að það sé nú kannske ekki alveg allt toppreiknað, — um 219%, en kaupgjaldið hefur hækkað um 190% á sama tíma. Þannig er nú útkoman. Og enn á að fara að gera ráðstafanir til þess að breikka enn þá það bil, sem er á milli verðlagsins og kaupgjaldsins. Hvernig dettur mönnum þetta í hug?

Herra forseti. Ég verð að leggja þetta fram sem skriflega till., þar sem ekki vannst tími til að prenta þskj., og þar sem þetta er of seint fram komið, óska ég eftir því, að afbrigða verði leitað um till.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 290) leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykv., Hannibal Valdimarsson, hefur flutt hér till. til breyt. á 1. gr. frv. um það, að í stað þess, að söluskatturinn verði ákveðinn 11%, verði hann ákveðinn 9½, en það jafngildir 2% hækkun á söluskattinum frá því, sem nú er.

Ég er andvígur því, að söluskatturinn verði hækkaður um 3½%, og einnig því, að hann hækki um 2%. Ég tel, að till. í þessa átt gefi aðeins það í skyn, að sá, sem hana flytur, geti hugsað sér það, að söluskattsprósentan verði sú, sem lagt er til í till. hans. Þær brtt., sem við hér í minni hl. fjhn. fluttum við frv., voru um að bæta nokkrum nýjum gr. við gildandi lög, sem allar miða að því að lækka þann söluskatt í innheimtu, sem er nú samkv. lögum, og miða að því að gera innheimtuna á söluskatti öruggari en hún hefur verið. Við fluttum hins vegar enga till. um 1. gr. frv., sem beinlínis fjallar um ákvörðun söluskattsins, en þar er afstaða okkar sú, að við erum á móti þessum söluskatti. Ég tel, að það sé ekki á neinn hátt hægt að skilja till. sem þessa á annan veg en þann, að sá, sem hana flytur, vilji á óbeinan hátt viðurkenna, að það sé réttmætt að hækka söluskatt um 2%, en of mikið að hækka hann um 3½, m. ö. o. að það sé réttmætt að hækka söluskattinn nokkurn veginn til jafns við það í krónum talið sem tollalækkuninni nemur.

Ég skil mætavel tilfinningar hv. 9. þm. Reykv. í þessum efnum, með tilliti til þeirrar afstöðu, sem hann hefur tekið til þessa máls, en það breytir ekki afstöðu minni til þess. Ég get ekki tekið þátt í að greiða atkv. með till. sem þessari. Ég vil t. d. benda á það, að ekki hefur þessum hv. þm. né öðrum dottið í hug, þegar hér hafa legið fyrir till. um að lækka gengi krónunnar um svo og svo mörg prósent, 40% í sumum tilfellum, að flytja þá till. um, að lækkunin skyldi vera 35%. Það hefur að vísu einu sinni komið fyrir, að einn hv. þm. hafði beinlínis lagt til, að gengislækkunin yrði minni. En hann ætlaði sér og lýsti því yfir, að hann mundi standa með slíkri till. og standa að slíkri gengislækkun. En ég vildi í þessum efnum spyrja hv. þm.: Hvernig stendur á því, að hann flytur hér ekki till. um það, að eignarskattur skuli hækkaður um 500 millj. kr., eins og hann benti á í umr., að hægt væri, í staðinn fyrir að fara þessa söluskattshækkunarleið? Af hverju kemur hann ekki með þá till.?

Nei, afstaða okkar Alþb.-manna til þessa frv. er sú, eins og komið hefur fram í þessum umr., að við erum á móti söluskattinum og algerlega á móti allri þeirri hækkun á honum, sem felst í þessu frv. og 1. gr. frv. fjallar um. Við viljum ekki á neinn hátt taka undir það, að við séum eins og að gefa í skyn að við gætum sætt okkur við hálfa hækkun. Það gerum við ekki. Við munum því ekki taka þátt í atkvgr. um þessa brtt. hv. þm. og teljum enda að það sé rétt, að þeir einir greiði atkv. um hana, sem vilji gefa það í skyn, að þeir geti sætt sig við þessa hækkun á söluskattinum.

Aðrar brtt., sem hér hafa komið fram og miða að því að lækka gildandi söluskatt, mun ég styðja, en þessa till. get ég ekki stutt af þeim ástæðum, sem ég hef nú greint, og mun því ekki taka þátt í atkvgr. um hana.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Eitt af boðorðum og loforðum í bókinni „Viðreisn" frá 1960 var að afnema tekjuskatta á þurftarlaun. Þar er og getið um nýjan söluskatt. Þá voru sett þau lög um söluskatt, sem nú er verið að breyta og ekki í fyrsta sinn. Þau gerðu ráð fyrir 3% söluskatti. Árið 1964 beitir svo ríkisstj. sér fyrir því að hækka söluskattinn í 7½%, og núna á þessu ári erum við með nýtt frv. í höndunum frá þessari sömu hæstv. ríkisstj. um að hækka söluskattinn í 11%. Til hliðar við þetta hafa svo verið gerðar ýmsar smátilfærslur. Það hefur verið hætt að undanþiggja póst og síma söluskatti, og það hefur á tímabilinu verið byrjað að leggja söluskatt á soðninguna o. fl. Svo er gefið í skyn, eins og ég vék að áðan, við 2. umr., að von sé á meiru. Ég veit nú ekki, hvað er skerfur til þess að auka dýrtíð í landinu og verðbólgu, ef það er ekki þetta, því svona aðgerðir geta ekki annað en ýtt undir kaupkröfur og það fremur en flestar aðrar ráðstafanir, vil ég segja, því að lægst launuðu stéttirnar geta ekkert annað gert, en að auka sínar kaupkröfur, þegar stjórnarvöldin standa að málum á þennan hátt.

Eins og ég gat um við 2. umr., hef ég og fleiri hv. þm. enn flutt brtt. við söluskattsfrv., nú við 3. umr. Við viljum með því freista þess að fá fram hluta af því, sem fólst í þeim brtt., sem við fluttum hér þrír úr minni hl. fjhn. Ég ætla ekki að

bæta neinu við þann rökstuðning, sem hv. 1. flm. bar hér fram fyrir þessum brtt. Ég held, að hv. þdm. ættu vel að athuga það, hvort ekki er nú gerlegt, að reyna þó þessa tilhliðrun. Áhrif þess yrðu á ýmsan hátt til bóta, þau mundu væntanlega örva söluna og þá um leið spara útflutningsbætur, og það sem er þó mest um vert að mínum dómi, að svo langt sem þau næðu mundu þau létta undir með þeim sérstaklega, sem flesta munna hafa að seðja.

Ég vil árétta það, sem ég sagði við 2. umr., að mér virðist ekki hafa komið nægilega skýrt fram í málflutningi hæstv. ríkisstj., hvað það er, sem hún telur, að mæli með þessari skattheimtu, frekar en skattheimtu í einhverju öðru formi, hvað það er, sem að hennar dómi rennir stoðum undir það, að þessi aðferð sé sú bezta, eins og á stendur. Mér fannst ekkert af þessu koma fram í ræðu hæstv. fjmrh. við 2. umr. málsins. Meginuppistaðan í hans rökum fyrir söluskattsfrv. fannst mér nánast aðeins vera þetta tvennt, að það vantar í kassann, og það er miklu hærri söluskattur á Norðurlöndum.

Hæstv. ráðh. svaraði engu þeim aths., sem ég beindi til hans við 2. umr., og ég vil enn ítreka þær og leyfi mér að vænta þess, að hæstv. ráðh. sjái ástæðu til þess að gefa okkur nánari skýringar, t. d. á þessum samanburði sínum við Norðurlönd.

Ég get rifjað það upp, sem ég sagði áðan og enn hefur komið fram hér, að það er talið, að á tímabilinu 1958—1969 hafi þróunin í verðlags- og kaupgjaldsmálum annars vegar orðið sú, að tímakaup í dagvinnu hafi hækkað um 190%, en helztu innlend matvæli að hinu leytinu hækkað um 233—441% og nokkrar helztu erlendu neyzluvörurnar frá 278—819%. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. vilji nú bera þetta saman við þróunina á öðrum Norðurlöndum, sem hann sífellt vitnar til, þegar talað er um upphæð söluskattsins. Er að finna þar einhverja hliðstæðu? Eða er þróunin þar eiginlega alveg gagnstæð við þetta? Mér finnst það alveg lágmark, að hæstv. ráðh. reyni að gera grein fyrir þessu. Og ef hann getur ekki fært sterk rök fyrir því, að þróunin í kaupgjalds- og verðlagsmálunum sé hliðstæð á hinum Norðurlöndunum, hliðstæð því, sem hér hefur gerzt, þá finnst mér það algerlega ómerk orð, að bera saman prósentuupphæð söluskattsins hér og þar, ef þjóðir þeirra landa búa við allt, allt aðra þróun í kaupgjalds- og verðlagsmálum heldur en við búum við nú í dag.

Ég vil enn fremur spyrja hæstv. ráðh. og biðja hann að greina okkur nokkru nánar frá því: Hvaða rök eru fyrir því, að nota þessa skattaaðferð í svona ríkum mæli, eins og hér er um að ræða, fremur en einhverja aðra aðferð? Það kemur t. d. ekkert fram um þetta í aths. með þessu frv., ekki eitt einasta orð, sem rökstyður það, að þessi aðferð sé sú eina rétta. Og ég vil bara spyrja: Er þetta hægt? Er það hægt að moka mörg hundruð millj. kr. álögum á almenna neyzlu í landinu, eins og nú er ástatt, án þess að færa fram nokkurn rökstuðning fyrir því, að þessi leið sé betri en aðrar leiðir?

Ég ætla ekki að fara að endurtaka það, sem ég sagði hér við 2. umr. um það, hversu launþegar og hinn almenni neytandi og sérstaklega stóru fjölskyldurnar eru undir það búnar að mæta þessum álögum. Ég ætla ekki að fara að endurtaka það. Ég aðeins vitna til þess, sem ég sagði þá.

Að minni hyggju er það raunar margt, sem mælir gegn svona háum söluskatti hér, en kannske eru meginatriðin tvö: Annars vegar það, að reynst hefur töluvert erfitt að ná fullum árangri í álagningu og innheimtu söluskattsins, og það er álitið, að mjög týnist af honum á leiðinni í ríkiskassann. Og það held ég, að allir hljóti að vera sammála um, að sú hætta vex, en minnkar ekki, þegar skatturinn er stórhækkaður, hækkaður um 50%. Ég endurtek það, sem ég sagði hér við 2. umr., að ég álít, að það sé allt of lítið gert af því með ákvæðum frv. að herða eftirlit með innheimtu skattsins. Það er búið að sýna sig nú, að það eru fleiri þeirrar skoðunar en við stjórnarandstæðingar. Það vekur áreiðanlega eftirtekt, sem gerðist hér áðan, að stjórnarandstæðingum barst liðsauki, sem nægði til þess að samþykkja till. um sérstaka kassa í söluskattsskyldum búðum. Það fer ekki fram hjá mönnum, að það eru fleiri en við í stjórnarandstöðunni, sem telja, að hér sé þörf róttækari aðgerða til að tryggja innheimtu söluskattsins heldur en felast í ákvæðum frv., eins og það var lagt fram af hálfu hæstv. ríkisstj. Þetta álít ég, að sé annað meginatriðið, sem mælir gegn því að stórhækka söluskattinn.

Hitt atriðið er svo það, sem ég hef margtekið hér fram og er langþyngst á metum í mínum huga, að enginn skattur leggst þyngra á stærstu fjölskyldurnar, eða m. ö. o. á þá, sem erfiðast eiga um vik að borga hann. En vissulega er það margt fleira, sem mælir hér í gegn, og áður hefur raunar verið rakið ýtarlega. En samt sem áður, þrátt fyrir harða gagnrýni, eru litlir tilburðir til þess af hálfu hæstv. ríkisstj. að rökstyðja það, að einmitt þessi aðferð sé sú eina rétta aðferð, sem nú bar að beita, þegar innheimta þurfti með nýjum hætti fé í ríkiskassann.

Úr því að ég fór að beina þessum spurningum til hæstv. fjmrh. og hann svaraði ekki neinu við 2. umr., þá vil ég enn leyfa mér að spyrja: Hvað átti hann við í fjárlagaræðunni, þegar hann talaði um það, að komið gæti til mála, um leið og söluskattur væri hækkaður, að nota þá tækifærið til að afnema ýmsa leiða smærri skatta, sem óheppilegir væru og bökuðu óeðlilega fyrirhöfn? Ég hef ekki orðið var við það, að neitt afnám slíkra gjalda hafi átt sér stað eða sé fyrirhugað í sambandi við þessa söluskattshækkun, sem hér er verið að ræða um í kvöld. Ég hef ekki orðið var við það. Og ég vil spyrja: Er það kannske ætlunin á næsta reglulegu Alþ. að gera þá gangskör að því að framkvæma þetta og kannske einhverjar aðrar breytingar í þá átt að hækka enn söluskattinn frá því, sem nú er ákveðið, þegar hann skal hækka í 11%? Mér finnst eðlilegt að spyrja um þetta nú. Það var áreiðanlega tekið eftir þessum ummælum hæstv. ráðh., þegar hann flutti sína fjárlagaræðu. Hitt er kannske heldur mikil hnýsni, ef maður spyrði um það nú við þessa umr., hvort hæstv. ríkisstj. hafi nokkuð hugleitt það, á hvern hátt hún ætlar að mæta því, þegar næst verða lækkaðir tollar vegna inngöngunnar í EFTA. En vissulega gæti verið fróðlegt að heyra eitthvað um það nú.

En alveg sérstaklega held ég, að ástæða væri til þess við þessa umr., áður en hv. d. afgreiðir þetta mál frá sér, að hæstv. ríkisstj. gerði okkur svolítið gleggri

grein fyrir því en áður, hvers vegna hún hefur talið rétt að velja einmitt þessa leið til skattlagningar.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Mér fannst vel til fundið af hv. 2. þm. Sunnl. að minnast á ostatollinn, sem menn urðu í gamla daga að borga til Viðeyjarklausturs, því að hér er líka um ostatoll að ræða, söluskatt af osti eiga menn að greiða. En nú er komin fram brtt. við frv. frá nokkrum þm. um að afnema þennan ostatoll, þ. e. a. s. taka ost undan söluskatti. Hv. þm. drap á það, að menn hefðu fengið dálítið í staðinn í gamla daga, er munkarnir báðu fyrir sálum þeirra manna, sem borguðu ostatollinn. Ekki veit ég, hvort þessi brtt. er sprottin af því, að þm. vantreysta hæstv. fjmrh. til að gera það sama, ef ostatollur þessi á að haldast, og það lái ég þeim ekki, því að bænakvak heyrir ekki undir fjmrh. Ég held, að það hljóti að heyra undir kirkjumálaráðh. Þess vegna er ekki við því að búast, að hæstv. fjmrh. láti mönnum neitt í té fyrir ostatollinn.

En sleppum þessu. Mig langar til að koma með fsp. til þeirra hv. þm., sem áttu sæti í fjhn.: Bar það aldrei á góma að hafa söluskattinn misháan og draga þar með úr því ranglæti, sem láglaunafólk verður fyrir og söluskatturinn veldur, þegar hann leggst jafnt á allar nauðsynjar? Ég vil líta svo á, að það séu möguleikar til þess að hafa söluskatt misháan eftir því, hverjar vörurnar eru. Ég skal játa það, að það þarf nokkurn undirbúning að slíkum tillöguflutningi, en það nálgast þó nokkuð það fyrirkomulag, sem hefur verið á tollum, því þeir hafa verið misháir eftir því, hverjar vörurnar voru. En ég hef engan mann heyrt minnast á það, að þetta hafi nokkurn tíma borið á góma, en það hefði sannarlega verið mikill ávinningur að því að hafa söluskattinn misháan, engan á einstaka vörutegundum, lágan á öðrum, en þeim mun hærri á þeim, sem miður nauðsynlegar teljast. Það vekur athygli mína, að ekki einn einasti ræðumaður, sem ég hef hlustað á, hefur minnzt á þetta. Ég hef reyndar heyrt því fleygt, að það sé erfitt í framkvæmdinni við innheimtu skattsins, en það á ég ákaflega erfitt með að skilja, því að væntanlega verður eitthvert eftirlit með því, hvort neytendur njóta þessara tollalækkana, sem fyrirhugaðar eru, og þá yrði líka að hafa eftirlit með því, hvort verðlagið á vörunum væri í samræmi við það, sem söluskatturinn er á hverri vörutegund fyrir sig.

Annars stóð ég aðallega upp vegna þeirrar brtt., sem hv. 9. þm. Reykv. flytur, að söluskatturinn verði ekki nema 9½%. Hv. 4. þm. Austf. mótmælti þessari till. og hann skildi hana þannig, að flm. og væntanlega þeir, sem kynnu að greiða atkv. með till., væru því þá samþykkir að hækka söluskattinn úr 7½% upp í 9½%. Nú vil ég láta þá skoðun mína í ljós, að ég lít ekki eins á og hv. 4. þm. Austf. Till. er um það að lækka skatt, sem búið er að samþykkja að skuli vera 11%, lækka hann niður í 9½%. Og ég vil segja það, að af tvennu illu vil ég heldur, að söluskatturinn sé 9½% heldur en 11%. Og það er fjarri því, að ég teldi mig vera að samþykkja frv., þó að ég greiddi atkv. með slíkri brtt. Ef svo vildi nú til, að meiri hl. fengist með þessari brtt., þá er söluskatturinn lækkaður og unnið að hagsmunum þeirra, sem verst eru staddir í þjóðfélaginu. Ég get því ekki séð neitt athugavert við að greiða atkv. með þessari till.

En hitt vil ég taka fram, að þó að till. hv. þm. yrði samþ., þá greiði ég samt atkv. gegn frv. Ég er ekki að samþykkja frv. Ég er ekki að samþykkja að hækka söluskatt upp í 9½% fyrir það. Ég vil nota tækifærið og reyna að draga úr mestu vitleysunni, ef það tækist, en greiði síðan atkv. gegn frv. En að greiða atkv. gegn þessari brtt., það skil ég ekki. Ég get ekki verið með í því að greiða atkv. gegn till., sem lækkar söluskattinn.

Þessa skýringu vildi ég gjarnan láta koma fram, því að ég skil ekki þessa skýringu hv. 4. þm. Austf. Það getur verið, að hann hafi meint það, að hv. flm. till. mundi þá samþ. frv., en það á ekki við mig a. m. k. Ég mun ekki samþ. frv., þó að þessi till. hv. þm. verði samþ. En betra er að lækka söluskattinn eitthvað heldur en að hafa hann óskertan 11%, eins og nú er búið að samþ.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt athugasemd vegna orða, er hv. 5. þm. Austf. lét falla í lok ræðu sinnar hér fyrir stuttu, er hann lét eiginlega í það skína, að vegna afstöðu minnar við atkvgr. við 2. umr. í þessu máli væri ég sammála honum og öðrum stjórnarandstöðuþm. um að sú breyting, sem var gerð við 2. umr., væri eingöngu til þess að koma í veg fyrir undandrátt og misferli í greiðslu á þegar innheimtum söluskatti til ríkissjóðs. Ég skal vissulega viðurkenna það, að bæði í röðum þeirra, sem innheimta þennan söluskatt, eins og sjálfsagt í röðum annarra atvinnustétta finnast breyskir menn, og ég er ekki í nokkrum vafa um, að þeir finnast einnig þarna, og ef þessari heimild verður beitt, getur dregið úr þessum misferlum.

En þetta er alls ekki aðalástæðan fyrir afstöðu minni, heldur kannske aðallega sú að firra þá aðila, sem þessi verk vinna fyrir það opinbera, að innheimta söluskattinn, — að firra þá sífelldum aðdróttunum þessa þm. og annarra, sem bera þeim sífellt á brýn, að þeir misfari með þetta fé, sem almenningur þegar á.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þessar umr. eru nú orðnar ærið langar, bæði við 2. umr. málsins og nú aftur við 3. umr., og þó hér hafi að vísu margar ræður verið fluttar, hefur efni þeirra ekki verið eftir því fjölbreytt. Það liggur nokkurn veginn í augum uppi, hver tilgangurinn muni vera, og ég veit það, að minn ágæti vinur, ritstjóri Tímans, mun fá núna næstu daga mjög mikið efni í blað sitt, fyrst ræðurnar eru samdar með það í huga að fylla síður Tímans, og er ekkert nema gott eitt um það að segja, en hins vegar hversu gagnleg sú lesning er, það er annað mál.

Ég ætla ekki að fara almennt út í orðræður um þessi mál og tel alveg þarflaust að vera að endurtaka sífellt aftur og aftur það, sem sagt hefur verið. En það eru nokkur atriði, sem ég vildi þó minnast á, vegna þess að þau hafa ýmist verið orðuð í fsp.-formi eða beinlínis hefur verið um hreinar missagnir að ræða, sem ég er ekki að halda fram að hafi verið vísvitandi, heldur vegna þess, að menn hafa ekki athugað eðli og efni málsins og í hita dagsins hefur þetta flotið með.

Það hefur mikið verið um það talað og það hljómar

auðvitað ósköp vel, að það sé hér verið að taka upp nýja skattlagningu, sem eigi að byggjast á því, að það eigi að ofsækja þá, sem miður eru settir í þjóðfélaginu, og hlynna að þeim, sem betur eru settir. Nú er þetta auðvitað ákaflega mikill misskilningur. Menn ganga fram hjá margvíslegum atriðum í þessu efni, sem nauðsynlegt er að hafa í huga. Það er alveg rétt, að hér er verið að breyta um innheimtukerfi, þ. e. a. s. það er horfið frá einni tegund óbeinna skatta yfir í aðra tegund óbeinna skatta, þ. e. a. s. frá verðtolli, sem er sá hæsti hér, sem þekkist, og ég held að öllum hafi verið ljóst, að yrði óumflýjanlegt að gera breytingar á, — enda hefur á undanförnum árum smám saman verið frá þessu horfið, og engin þjóð, sem ég þekki til hér nálægt okkur, hefur aðflutningsgjöld með neitt svipuðum hætti, eins og við, — það er sem sagt horfið frá þessum gjöldum yfir til söluskatts í töluvert stóru stökki nú. Þó er þetta auðvitað ekki nýtt mál, þetta er fyrir löngu komið á dagskrá, og söluskatturinn er ekki nýtt fyrirbrigði, þó hann sé hækkaður nú sem þessu nemur, en vitanlega er það rétt, að hann leggst á meginhluta af öllum vörum. Hitt er annað mál, að það er auðvitað ekki rétt og ekki heiðarlega frá sagt, að það sé ekki hirt um að létta byrðar þeirra, sem lakar eru settir. Ég gat þess í ræðu minni hér áðan og sé ekki ástæðu til þess að endurtaka það allt. Menn segja, að það séu engar hliðarráðstafanir gerðar. Þær hafa þegar verið ákveðnar í allstórum stíl og frá þeim hefur verið skýrt í sambandi við fjárlög, og frv. um það efni eru væntanleg fyrir þingið nú á næstunni, bæði um hækkun fjölskyldubóta, um hækkun á ellilífeyri og það hefur verið ákveðið að greiða niður hækkun á söluskatti á vissum vörum, sem hefur verið skýrt frá, og mun það taka gildi frá 1. marz, þannig að þær vörur hækka ekki í verði, og svo hefur verið ákveðið að fella alveg niður söluskatt á fiski. Það er því síður en svo, að það hafi ekki verið hugsað fyrir því að undanþiggja hér ýmsar nauðsynjar. Og að segja svo, að það sé hér beinlínis verið að stuðla að því að breyta neyzluvenjum fólks, það er gersamlega út í hött. Það er ekkert verið að hækka þessar vörur. Hvort þessar vörur kunna eitthvað að hækka síðar af einhverjum ástæðum, um það skal ég ekkert segja, en þær hafa sífellt verið að hækka, búvörur t. d., ekki vegna söluskatts, heldur af ýmsum öðrum ástæðum.

En ég vil minna á, að það eru fleiri nauðsynjar hér, sem almenningur notar, heldur en matvörur. Það eru ekki heldur litlar nauðsynjar fatnaðurinn, og þær tollabreytingar, sem nú eru gerðar, geta stuðlað að allverulegri lækkun á tilkostnaði í sambandi við fatakaup, og það er ekkert lítið atriði fyrir hinn almenna borgara. Það eru vissulega í tollskránni margar vörutegundir, sem eru nauðsynjavörur heimilanna og verða lækkaðar með þeim ráðstöfunum, sem hér er verið að gera. Menn horfa því mjög einhliða og af mikilli óbilgirni á þetta mál, án þess að sýna sanngirni, heldur leggja þeir allt kapp á að reyna að koma því inn hjá fólki, að hér eigi að fara að taka upp einhverja ofsóknarherferð.

Það er sagt, að það hafi engin rök komið fram um það, hvers vegna þessi aðferð er valin fremur en aðrar. Ég hef ekki heyrt nein rök fyrir því, að það sé hugsanlegt að velja neina aðra aðferð. Og ég get alveg fullkomlega lýst því yfir sem minni skoðun, að ég álít, að engin aðferð hafi verið nærtækari og eðlilegri heldur en þessi. Ég hef skýrt frá því, að söluskattur hefur ekki verið hækkaður nú á fimm ára bili, með það í huga, að við mundum þurfa að hækka söluskattinn, þegar kæmi að því að breyta aðflutningsgjöldunum og lækka þau, ef við gerðumst aðilar að einhverjum viðskiptabandalögum eða vegna almennra nauðsynja á því að lækka þessi gjöld. Og að láta sér hugkvæmast að hækka eignarskattinn, um 500 millj., drottinn minn dýri! Heildareignarskatturinn er nú um 150 millj. Halda menn, að það kæmi ekki einhvers staðar við atvinnureksturinn, hver útkoman úr því yrði? Ég held, að menn hafi ekki hugsað málið alvarlega niður í kjölinn með þessum hætti.

Svo er jafnvel talað um af öðrum hv. þm., að það væri nær að leggja þetta á þá, sem breiðu bökin hefðu, mér skildist með því að hækka tekjuskattinn. Ég veit ekki betur en það ágæta blað, Tíminn, hafi nýlega sagt, að í rauninni væru engir hátekjumenn til í landinu, svo ég veit ekki hvar þessi breiðu bök eru. Manni er jafnframt sagt, að það þurfi að hækka skattvísitöluna um 40 stig enn til þess að lækka skattana á þessum mönnum. Hvernig er þá hægt að samrýma það, að greiðara sé að fara þessa leið? Hér er um að ræða svo háar upphæðir, að þær verða auðvitað ekki tíndar til með neinum smágjöldum. En það er sjónarmið út af fyrir sig, að vilja hækka tekjuskattinn. Það yrði þá hér um bil að tvöfalda hann, en ég er hræddur um að það kæmi einhvers staðar hljóð úr horni, ef það yrði gert.

Ég held þess vegna, að ég hafi ekki þurft að benda á nein sérstök rök fyrir því, að það hefur verið valin þessi aðferð með söluskattinn. Ég held, að það hafi hreint og beint allir gert sér grein fyrir því, að sú leið yrði valin. Og það er engin önnur leið fær til að ná þessum tekjum, sem hér er um að ræða.

Því er svo haldið fram, að það sé furðulegt, að ég skuli vitna í Norðurlönd í þessu sambandi, af því að þar sé allt önnur þróun í kaupgjalds- og verðlagsmálum. Það kemur þessu máli ekki nokkurn skapaðan hlut við, hver er þróunin í kaupgjalds- og verðlagsmálum á Norðurlöndum. Það, sem má segja að skipti máli, þegar verið er að ræða um tekjuöflun ríkisins, er t. d. það, sem hv. 4. þm. Reykv. vék hér að og ég álít að sé miklu efnislegra atriði í þessu sambandi, hvort það er rétt, að það hafi verið um að ræða stórkostlegar hækkanir á tekjuöflun ríkissjóðs á undanförnum árum. Og þá er auðvitað ekki nema um eina viðmiðun að ræða, og það er viðmiðunin við þjóðartekjur. Þá kemur það í ljós, að allt frá því 1959 hefur ekki verið um að ræða hlutfallslega hækkun á tekjuöflun ríkissjóðs, miðað við þjóðartekjur, nema núna síðasta ár, en eins og menn vita hafa þjóðartekjur lækkað tvö síðustu ár um nær 14% vegna þeirra stórkostlegu áfalla, sem við urðum fyrir, þannig að það er ekki að undra, að tekjuöflunin hafi nokkuð aukizt hlutfallslega, eða um 2%, af þessum ástæðum. En það sýnir sig, miðað við þessa stórfelldu lækkun þjóðartekna, að það er síður en svo hægt að segja, að þessar álögur hafi raunverulega hækkað, ef allt hefði verið með eðlilegum hætti.

En þróun kaupgjalds- og verðlagsmála er auðvitað allt annað mál og á ekkert skylt við það, hvort menn geta borgað söluskatt eða eiga að borga beina skatta. Í

þeim löndum t. d., þar sem menn segja að hagur fólks hafi batnað, þar er mikið talað um það og hefur verið unnið að því á undanförnum árum að lækka beina skatta. Það hefur verið mikið kvartað í þessum löndum, t. d. Noregi, yfir því, hvað beinir skattar væru háir, og þar eru menn komnir með 20% virðisaukaskatt. Ég álít því, að það sé fullkomlega eðlilegur samanburður, sem ég hef gert hér í sambandi við þetta, því hér er um skattheimtu nákvæmlega sama eðlis að ræða, og á hún ekkert skylt við það, hver efnahagsþróunin er að öðru leyti í þessum löndum, nema við gerum upp það dæmi í heild fyrir ríki og sveitarfélög, að þannig sé ástatt hjá okkur, að við verðum að draga saman seglin í heild í kröfum á þjóðfélagsborgarana. Það er mál út af fyrir sig, hvort svo er háttað. En hins vegar vil ég þá einnig upplýsa það, að það er síður en svo, að hér á Íslandi sé tekinn hærri hluti þjóðartekna til opinberra þarfa sveitarfélaga og ríkis heldur en gert er í nálægum löndum. Jafnvel er það mun lægra en í ýmsum löndum, sem eru okkur nálæg. Þetta eru þau almennu atriði, sem sérstaklega var verið að ýta á eftir, að ég léti eitthvað til mín heyra um.

Hv. 5. þm. Austf. spurðist fyrir um það, hvernig stæði á því, að ekki væru afnumdir þeir sérskattar, sem ég gat um í fjárlagaræðu. Það er alveg rétt, að ég orðaði það þar, að ég teldi nauðsynlegt að taka sérskattana til athugunar, því þeir eru mesta ólán, ég skal játa það. En það er bezt að segja hverja sögu eins og hún er. Það hefur ekki rúmazt innan þessarar tekjuöflunar, sem nú er gert ráð fyrir í sambandi við söluskattinn, að afnema þessa sérskatta, og þeir eru flestir þess eðlis, að þeir hafa sáralítil áhrif á vísitölu. Aftur á móti hefur söluskatturinn það allverulega. Það þótti því alls ekki fært að hækka söluskattinn meira, til þess að hægt væri að afnema þessa sérskatta.

Hvað ríkisstj. ætlar að gera eftir fjögur ár, veit ég ekki. Það getur vel verið, að við getum slegið því föstu núna, að hún sitji eftir fjögur ár, en við höfum nú ekki gengið alveg út frá því sem gefnu, að við þyrftum að ákveða það núna strax, hvaða skattaaðferðir við hefðum til þess að mæta 10% tollalækkuninni, sem verður eftir 4 ár. Það veit enginn í dag, hvernig ástandið verður þá um tekjuöflun og þróun þjóðartekna og hvort yfirleitt þarf að gera nokkrar sérstakar ráðstafanir eða ekki. A. m. k. verð ég að biðja hv. þm. að afsaka það, að ríkisstj. hefur láðst að gera áætlun fjögur ár fram í tímann um það, hvað hún ætlar þá að gera. En ég hygg, að það verði hægt að mæta þeim vanda.

Þá vil ég aðeins upplýsa það, að það er misskilningur, að það hafi verið hægt að undanþiggja Póst og síma söluskattsgreiðslum, því það er enginn söluskattur greiddur af þjónustu Pósts og síma. Það var aflað heimildar til þess hér fyrir ári, að ég hygg, að hætta að undanþiggja Póst og síma söluskatti, en sú heimild var aldrei notuð.

Hér hefur hvað eftir annað verið talað um, að valdhafarnir — og væntanlega þá átt þar fyrst og fremst við mig — hafi engan áhuga á því að innheimta söluskattinn og sýni kæruleysi í því efni og merkum till., sem fluttar eru hér til að koma í veg fyrir allt undanskot söluskatts. Ég get auðvitað ekkert sagt um það annað en hver verður að halda það, sem honum finnst sennilegt, hvort ég hafi ekki áhuga á því sem fjmrh., að söluskattur innheimtist. Hvað sem líður ostatollinum og bænum mínum fyrir þeim, sem borga þann toll, þá getur nú vel verið, að ég sé ekki sérlega bænheitur í því sambandi, því ég hygg, að ég biðji e. t. v. enn þá sterkari bænir í þá átt, að menn borgi sína tolla og skatta yfirleitt, þannig að ég held, að varla geti nokkur þm. í alvöru látið sér detta í hug, að ég hafi ekki áhuga á því, að þessi gjöld skili sér. Og þó að ég leyfi mér að draga í efa, að menn hafi fundið púðrið, ef ég má orða það svo, þó þeim hafi dottið í hug að setja upp tvöfalda peningakassa, þá er það ekki vegna þess, að ég vilji ekki nota þá aðferð, ef hún er líkleg til þess að bæta ástandið í þessum efnum. Þetta er ekkert nýtt fyrirbrigði, og ég gat um það áðan, að þetta er gert sums staðar, en með mjög misjöfnum árangri, vegna þess að það er engin trygging fyrir því, að það verði stimplað í þessa kassa yfirleitt. Hins vegar er hér um að ræða stórfelld aukaútgjöld fyrir lítil fyrirtæki og margir þeir aðilar, sem e. t. v. er mest hætta á að skili ekki söluskatti, hafa hreint og beint engan kassa. Þannig er þetta miklu flóknara mál en svo, að menn megi halda, að þarna sé fundið upp eitthvert þjóðráð til þess að fá inn milljónir króna. Ég get alveg fullvissað menn um það, að ef það verður niðurstaðan af þeim athugunum, sem mínir embættismenn hafa gert, á öllum hugsanlegum úrræðum, til þess að koma í veg fyrir, að undanskot verði á söluskatti, að þetta sé líklegt úrræði, þá verður það notað. En hvað sem þessari samþykkt hér líður, þá verður úrræðið ekki notað bara vegna þess, að mönnum hafi dottið það í hug, ef það sýnir sig, að það skili ekki árangri. Það er það, sem á veltur, en ekki það, að gagnrýni mín á þessari hugmynd bendi í þá átt, að ég hafi engan áhuga á því að innheimta söluskatt.

Það var misskilningur, sem hér kom líka fram hjá einum hv. þm., að það yrði hækkun á vélum til landbúnaðarins vegna söluskattshækkunar. Það er alls ekki rétt. Það má segja, ef hann vill, ½% hækkun, því vélarnar eru lækkaðar úr 10% tolli í 7%, og varahlutir eru einnig lækkaðir, þannig að hér er vitanlega um misskilning að ræða.

Þá talar hann einnig um það, að tolltekjurnar muni lækka, vegna þess að innflutningur færðist til EFTA-landa. Það er gert ráð fyrir því, að innflutningur færist til EFTA-landa í stórum stíl, og það er einmitt áætlun um það í okkar tolltekjumissi, að innflutningur færist yfir til þeirra landa, þar sem hagstæðara verður að kaupa vörurnar.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, aðeins að lokum segja hv. samþm. mínum, 5. þm. Norðurl. e., það, að ég mun fara mínar götur fyrir því, þó að hann sé að hræða mig á bændum og mínum kjósendum í Norðurl. e. Ég hef aldrei hingað til orðið var við það, að þeir fordæmdu það, að menn gerðu skyldu sína í þeim störfum, sem þeir eiga að sinna, og að þeir sérstaklega verðlaunuðu linkind. Ég held, að það sé ekki mjög líklegt til fylgisauka á Norðurlandi eystra. Get ég svo látið nóg um það sagt.

Frsm. 2. minni hl. (Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls við þessa umr., en nokkur ummæli, sem féllu hjá hæstv. fjmrh.,

gáfu mér tilefni til þess að segja nokkur orð eða gera nokkrar aths. við það, sem fram kom hjá honum.

Í fyrsta lagi vildi hæstv. ráðh. halda því fram, að það væri enginn eðlismunur á tollum og söluskatti, þ. e. á þeim tolli, sem hér er verið að lækka, og þeim söluskatti, sem nú er verið að hækka. Ég er nú alveg hissa, að hæstv ráðh. skuli halda slíku fram, því honum ætti að vera manna bezt ljóst, að á þessum tveimur tekjuöflunaraðferðum er sá reginmunur, að tollarnir leggjast mishátt á vörurnar eftir því, hvað þær eru taldar nauðsynlegar, en söluskatturinn leggst jafnt á allar vörur. Þetta er búið að segja svo oft hér, að ég held, að hæstv. ráðh. ætti að vera búinn að taka eftir þessu og þá miklu fremur að hæstv. ráðh. hefði átt að vita þetta en aðrir. (Gripið fram í.) Enginn teljandi eðlismismunur, kom fram í ræðu ráðh., og engin meiri háttar breyting. En þetta er að sjálfsögðu meginbreyting, því annar skatturinn er innheimtur mismunandi, en hinn jafnt. Og ég er alveg hissa, að jafngreindur og gætinn maður og hæstv. fjmrh. er skuli halda slíku fram.

Þá vildi hæstv. ráðh. gera mikið úr þeim hliðarráðstöfunum, sem ríkisstj. gerði jafnhliða þessari söluskattshækkun. Og hann var í því sambandi að tala um hækkun á fjölskyldubótum, ellilífeyri og að það ætti ekki að innheimta söluskatt af fiski. Hæstv. ráðh. veit það manna bezt, að þær hækkanir á ellilífeyri og fjölskyldubótum, sem hann er að tala um, voru samþykktar í sambandi við afgreiðslu fjárl. fyrir jólin og stóðu ekki í neinu sambandi við þessa hækkun á söluskatti. Það var þar verið að vinna upp lækkun á þessum bótum, sem átt hafði sér stað á undanförnum árum. Í því sambandi vil ég benda hæstv. ráðh. á að lesa t. d. forystugrein Alþbl. frá 25. nóv. s. l., en þar er sagt, að kaupmáttur ellilífeyris hafi minnkað um 11% síðan 1967 og þetta þurfi að vinna upp. Enn fremur er sagt, að kaupmáttur fjölskyldubóta hafi lækkað um 40% síðan 1961. Sú hækkun á ellilífeyri, sem var samþ. í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna fyrir jólin, átti að vera til þess að vinna þá rýrnun upp, sem hafði orðið á ellilífeyrinum á undanförnum árum, en ekki til þess að mæta þeim skakkaföllum, sem leiðir af hækkun söluskattsins. Í sambandi við fjárlögin voru fjölskyldubæturnar hækkaðar um 10%, eða ¼ af þeirri rýrnun, sem átt hafði sér stað síðan 1961, og jafnvel þótt sú till. hefði verið samþ., sem við fluttum hér þremenningarnir við 2. umr., þá hefðu fjölskyldubæturnar samt ekki náð þeim kaupmætti, sem þær höfðu 1961. Þær hækkanir á fjölskyldubótum og ellilífeyri, sem áttu sér stað í sambandi við fjárlögin, voru þannig til að bæta þá rýrnun, sem orðin var áður, en bættu hana alls ekki að fullu. Þess vegna geta þær ekki á neinn hátt bætt þær hækkanir, sem verða á söluskattinum samkvæmt þessu frv. Þær ráðstafanir eru þess vegna ekki að neinu leyti í sambandi við þetta mál. Þær eru sprottnar af allt öðrum rótum. Og þess vegna er það alrangt hjá hæstv. ráðh., að í sambandi við þessa hækkun söluskattsins hafi einhverjar slíkar hliðarráðstafanir átt sér stað, eins og hann vildi halda fram. Þar var ríkisstj. að bæta upp rýrnun, sem orðin var á umræddum bótum, en ekki að vega á móti söluskattshækkuninni.

Þá kom ráðh. með þá fullyrðingu, að þróunin í kaupgjalds- og verðlagsmálum skipti engu máli, þegar um það væri að ræða að leggja á skatt þann, sem fjallað er um í þessu frv. Að sjálfsögðu skiptir það meginmáli. Það er allt annað, hvort skattar eru hækkaðir undir þeim kringumstæðum, þegar kaupmáttur launa fer hækkandi, eins og hefur t. d. verið á Norðurlöndum, eða hvort hækkun skatta á sér stað á þeim tíma, þegar kaupmáttur launa fer minnkandi, eins og verið hefur hér á landi á undanförnum árum. Hæstv. ráðh. hlýtur að geta gert greinarmun á þessu tvennu. Það er alls ekki sambærilegt að tala um þá söluskattshækkun, sem átt hefur sér stað á Norðurlöndum á undanförnum árum, þegar kaupmáttur launa hefur þar farið hækkandi, og launþegar hafa þess vegna miklu betur getað risið undir þessum skattahækkunum, og bera það svo saman við ástandið hér, þar sem kaupmáttur launanna hefur farið lækkandi og svo er bætt ofan á það stórhækkuðum söluskatti. Það er að sjálfsögðu allt annað. Þess vegna er það, að þróunin í kaupgjalds- og verðlagsmálum skiptir meginmáli, þegar verið er að leggja á skatta. Það skiptir að sjálfsögðu miklu í þessu sambandi, hver grundvöllurinn er, sem verið er að byggja á.

Hæstv. ráðh. vildi gera lítið úr þeirri innheimtuaðferð, sem honum hefur verið heimilað að taka upp við 2. umr. þessa máls. Ég veit ekki, hvað hæstv. ráðh. hefur fyrir sér í þessum efnum. Mér er hins vegar kunnugt um það, að víða annars staðar, t. d. í Bandaríkjunum, í Danmörku og víðar, hefur þessi innheimtuaðferð verið viðhöfð og hún hefur verið talin gefast þar vel. Það hefur a. m. k. ekki verið horfið frá henni, heldur hefur hún þvert á móti verið færð út. Það má vel vera, að það sé ekki hægt að koma henni á í öllum tilfellum, en það er áreiðanlega hægt að gera það í mjög mörgum tilfellum, og hún á þá ekki síður að geta komið að gagni hér en í öðrum löndum, þar sem hún hefur verið viðhöfð.

Ég skal svo ekki lengja þessar umr. mjög mikið úr þessu. Ég sé, að hæstv. ríkisstj. ætlar að sitja fast við þann keip að framkvæma þá byltingu í skattamálum, sem raunverulega felst í þessu frv., þ. e. að láta söluskatt, sem leggst jafnt á allar vörur, koma í staðinn fyrir misháa tolla, og þarf ég ekki að lýsa því nánar, í hverju þessi bylting er fólgin, því það hefur verið rækilega gert. Það er bersýnilegt, að ríkisstj. ætlar að framkvæma þessa stefnubreytingu án þess að henni eigi að fylgja nokkrar hliðarráðstafanir til að bæta aðstöðu þeirra, sem söluskattshækkunin bitnar þyngst á, en það eru þeir, sem hafa minnstar tekjur og hafa fyrir stærstum fjölskyldum að sjá. Þessa stefnubyltingu í skattamálum ætlar ríkisstj. að framkvæma, það liggur nú ljóst fyrir.

Við stjórnarandstæðingar höfum reynt að koma fram endurbótum á þessu frv. Í fyrsta lagi höfum við reynt að draga úr mestu rangindunum, sem af þessu mun leiða, með því að afnema söluskattinn á nokkrum helztu lífsnauðsynjunum og með því að auka fjölskyldubætur. Þetta hefði orðið til þess, að þeir, sem erfiðasta aðstöðu hafa fjárhagslega, hefðu sloppið betur en ella. Á þetta vill ríkisstj. ekki fallast. Við höfum í öðru lagi reynt annað í sambandi við þetta mál, sem ekki er þýðingarminna, þ. e. að hefja nokkurt viðnám gegn verðbólgunni í landinu. Af samþykkt okkar till. hefði það leitt, að framfærsluvísitalan hefði lækkað um 3 stig, þ.e. komið hefði verið í veg fyrir 3 stiga hækkun hennar. Þetta mundi létta álögurnar á atvinnuvegina í landinu

um hvorki meira né minna en rúml. 300 millj. kr., því það er talið, að hvert eitt stig, sem framfærsluvísitalan hækkar um, auki útgjöld atvinnuveganna um 110 millj. kr. Ef inn á þessa braut hefði verið farið, hefði þarna skapazt nokkurt viðnám gegn vaxandi verðbólgu og vaxandi erfiðleikum fyrir atvinnuvegina, sem leiðir af sífelldum hækkunum, og launþegar þó staðið betur eftir en áður, vegna þess að það er áreiðanlega miklu meiri hagur fyrir þá að fá kjarabætur í formi þeirra verðlækkana, sem við höfum lagt hér til, heldur en í formi beinna kauphækkana. Ríkisstj. hefur hafnað þessum till. okkar. Hún vill ekki draga úr mestu rangindunum gagnvart þeim, sem erfiðasta eiga aðstöðuna, og hún vill ekki hefja neitt viðnám gegn verðbólgunni. Af þessu hlýtur að leiða það, að þegar launþegar nú hefja samninga við atvinnurekendur á næsta vori, þá verða þeir að gera kröfur um og knýja fram miklu meiri kauphækkanir en ella hefði þurft. Og það kemur svo til með að hafa sín áhrif á verðlagið og verðbólguna á eftir.

En ríkisstj. vill ekki hverfa að þessu ráði. Hún vill halda áfram gömlu verðbólgustefnunni, sem hefur leitt til fjögurra gengisfellinga á einum áratug, sem er algjört einsdæmi — einstætt, held ég, ja, einstætt í vestrænum löndum a. m. k. eftir síðari styrjöldina. — Við höfum reynt að aðvara hana, en hún hefur ekki viljað hlýða á það. Hún ber ábyrgðina á því, sem kemur, og tekur afleiðingunum af því, en mér segir svo hugur um, að með því að vilja nú ekki ráðast gegn verðbólgunni, eins og við höfum lagt til, þá sé þess ekki langt að bíða, a. m. k. ef þessi ríkisstj. fær einhver áhrif að hafa, að hér verði fimmta gengisfellingin gerð.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. var að kvarta undan því, að við segðum að hæstv. ríkisstj. væri nú að ofsækja fátækt fólk. Hann vildi líka meina það, að það væri svo sem ekki mikil breyting frá því, sem áður var, þessi innheimta til almenningsþarfa, með því að hætta eða minnka að leggja háa tolla á lítt nauðsynlegar vörur, en láta þess í stað borga háa söluskatta af nauðsynjum almennings. En ég er nú ákaflega hræddur um það, þó að hæstv. fjmrh. sé mikill ræðuskörungur og sé góður að villa um fyrir fólki, að þá verði það erfitt fyrir hann í þessu tilviki.

Hann var að tala um, að það væri alger misskilningur, að þessi nýja stefna mundi leiða til þess, að það yrði neyzlubreyting hér á örfáum árum. En ég er bara ekki viss um það, að hæstv. fjmrh. hafi athugað, hvernig þetta er að breytast.

Hann sagði sjálfur í ræðu sinni áðan, að hann sæi ekki aðra leið til þess að innheimta í ríkiskassann en þá að hækka söluskattinn. Í þessu fólst raunar sú yfirlýsing, að ef þessi hæstv. ríkisstj. mundi sitja eitthvað lengur við völd, þá mundi tollalækkunum í framtíðinni verða mætt með hækkuðum söluskatti, a. m. k. kemur hæstv. ráðh. ekki auga á aðra leið nú. Og hann spurði þingheim: Getið þið bent á aðra leið? Hann hafði ekki heyrt annað, og það var eins og það væri útilokað.

Þá sjáum við það, að þessar nauðþurftir almennings á að hækka, á sama tíma sem innfluttar vörur, t. d. neyzluvörur, iðnaðarvörur lækka. Það getur vel verið, að hæstv. ráðh. skilji það ekki, en almenningur skilur það, að hann verður að reyna að fá sem mest fyrir sína peninga, og þetta hlýtur að leiða til neyzlubreytingar, ef þessi stefna nær fram að ganga, sem ég vona ekki.

Hæstv. ráðh. talar um, að ég hafi misskilið það, að varahlutir til véla og bíla, því það er það sama, lækkuðu ekki. Ég stend í þeirri meiningu, að það sé alveg óbreyttur tollur á varahlutum í bíla og vélar, það er alveg það sama, það er ekkert aðgreint nema í einstaka, örfáum tilfellum. Ég óska bara eftir því, að hæstv. ráðh. sýni mér það og nefni tollskrárnúmerið á þessum varahlutum og sýni fram á, að þetta hafi lækkað. Ég held, að hæstv. alþm. standi yfirleitt í þeirri meiningu, að þetta sé óbreytt, en ég er ekki alveg viss um, að hæstv. ráðh. viti alveg, um hvað hann er að tala.

Það er náttúrlega alveg þýðingarlaust, að vera að pexa um þessa hluti hér, en við sjáum það eftir útkomuna úr næstu kosningum, hvort hæstv. ríkisstj. heldur velli, þ. e. hvort lýðskrumið heldur velli.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. vill halda því fram, að um enga möguleika aðra sé að ræða til þess að afla ríkissjóði tekna vegna tekjulækkunar, sem hann hefur orðið fyrir, en að fara í söluskattinn. Það er eina bjargráðið, sem hann sér. Hann telur allt annað ómögulegt. Eignarskattinn getur hann ekki hugsað sér að hækka. Það er alveg gefinn hlutur, því eignarskattar hér á landi eru sama sem engir. Og til þess að afla 100 millj. kr. tekna með eignarskatti, þá skal það játað, að það yrði að hækka gífurlega mikið eignarskatt á stóreignum. En það er líka skattlagning, sem kæmi misjafnlega niður á bökin, eftir því hvað þau væru breið og sterk. En slík tekjuöflun finnur ekki náð fyrir augum hæstv. ríkisstj., ekki heldur skattlagning á hátekjur. Vissulega eru þessir möguleikar og margir aðrir fyrir hendi, ef hæstv. ríkisstj. vildi fara aðrar leiðir en söluskattsleiðina. En hún er einsýn á þetta og vill bara setja kíkinn fyrir blinda augað, þegar um allar aðrar leiðir er að ræða.

Hv. 4. þm. Austurl. kom hér upp í ræðustól áðan til þess að tilkynna, að hann ætlaði að sitja hjá við atkvgr. um till. mína. Ég sá, að þá færðist breitt bros yfir andlitið á 4. þm. Reykv. og hann sagði með ánægjubrosi: „Ja, það er stundum gott að sitja hjá.“ Þetta var Framsóknarkvak, sem kom frá hjartanu, og hann gladdist yfir því, að nú hefði honum bætzt einn hjásetumaður. Jú, þetta er ekki nema eðlilegt. Ég skil þetta. En hvað þýðir það að sitja hjá við atkvgr. um till., sem er um það að freista þess á síðustu stundu að lækka söluskattsinnheimtu um nokkur hundruð millj. kr.? Þýðir þetta nokkuð annað en það, að hv. þm. segir: „Það skiptir engu með nokkur hundruð millj. kr. innheimtu til eða frá af alþýðu manna í landinu. Ég læt mig það engu skipta og sit á rassinum.“ Þetta þýðir það. Ég hefði vænzt þess, að hv. þm. hefði stundum viljað lyfta sér úr sæti, einhvern tíma endranær til þess að létta nokkur hundruð millj. kr. skattlagningu af almenningi, en nú hefur hann ekki þrek til þess. Hann er sjálfur búinn að taka þátt í því núna í hv. fjhn. að stuðla að lækkun tekna hjá ríkinu með niðurfellingu tolla, sem sennilega nema a. m. k. 4–5 hundruð millj. kr. — hátt í 8 hundruð millj. kr. alls. Þegar tilraun er svo gerð til þess

á síðustu stundu hér í hv. d. að setja skattheimtunni þau takmörk, að ekki verði farið lengra en að fá tekjur á móti þeirri tekjulækkun, sem ríkissjóður hefur orðið fyrir, svo tekjuaðstaðan verði þannig óbreytt, þá er bara setið hjá.

Mér kemur þetta svo sem ekkert á óvart, þegar ég hugsa til liðins tíma. Það hefur alltaf verið stefna þessa hv. þm. að greiða atkv. með útgjaldatill., en að vera hreinn og saklaus af því í allri skattapólitík að greiða atkv. með meiri tekjuöflun á móti. Það má vel vera að hann haldi, að það fáist einhver pólitísk uppskera af svona pólitík, en ég er alveg viss um, að þetta er svo harðsoðin loddarapólitík, að hann fær engin atkv. út á þetta. Það er alveg augljóst.

En hinu verður ekki neitað, að það skiptir nokkru máli að freista þess allt fram á síðustu stundu að draga úr skattlagningunni, og það skildi hv. 1. þm. Vestf. vel, enda var það ekki torskilið. En fari svo, að þetta takist ekki og till. mín verði felld vegna hjásetu nokkurra manna, sem láta sig þessi mál nú engu skipta, þá er það a. m. k. víst, að ekki hefði tekizt að koma söluskattinum lengra niður með því móti. Þá hefur það verið fullreynt á síðustu stundu, hvort ekki er hægt að draga úr þessari skattlagningu og sýna þó nokkra ábyrgðartilfinningu í því að sætta sig við að búið var að leggja drög að nýrri skattlagningu fyrir afgreiðslu þessa frv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð í tilefni af því, sem hv. 9. þm. Reykv. sagði hér. Hann sagði, að ég hefði tekið þátt í því, að lækka tolla hér jafnvel um 800 millj. kr., sem enginn hefur heyrt talað um að hafi yfirleitt verið gert. En það er með þetta eins og annað í hans nákvæmni hér. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki talið, að sú tollalækkun, sem hér er verið að samþ. þessa dagana, sé nema í kringum 400—500 millj. á ársgrundvelli, en þessi hv. þm. telur nú, að lækkunin nemi 800 millj. Hann hafði auðvitað ekki kært sig um að veita því athygli, að ég hafði sagt í umr. um málið, að ég hefði ekki tekið þátt í því að standa að þessum tollalækkunum. Ég fylgdi þar að vísu einstaka till., en var á móti meginstefnunni, sem þarna kom fram, og sat hjá við afgreiðslu málsins. Mér fannst það hæfa, að þeir bæru þar ábyrgð á því, sem þar var að gerast, sem höfðu staðið að samþykkt EFTA-aðildar.

Þessi hv. þm. stillir því máli, sem hér er um að ræða, þannig upp, að hér liggi það fyrir að lækka söluskatt. Hér liggur fyrir till. um að hækka söluskatt úr 7½%, og hann vill hækka hann í 9½%. Það er það, sem um er að ræða. Söluskatturinn er 7½%. Það er það, sem söluskatturinn er. Það er hér till. um að hækka hann um 3½%, og svo er hér líka till. um að hækka hann um 2%. Ég er algerlega á móti söluskattshækkuninni, og ég vil því ekki taka undir neina þá till., sem gefur það í skyn, að ég sé með eða styðji einhverja hækkun á söluskatti. Þar skilur á milli minnar afstöðu og hans. Hann er í rauninni skyldugur til að standa hér með söluskattshækkun, eins og greinilega kom fram í hans máli, sem nemur auknum tekjum fyrir ríkissjóð til jafns við þá tollalækkun, sem hann hefur staðið að með því að samþ. aðildina að EFTA. Og af því flytur hann till. um þetta. Hann sagði hér orðrétt um þetta, „að hér væri ekki farið lengra í að hækka söluskattinn en sem næmi tollalækkuninni". Ég veit það, þetta er meginhugsunin í hans tillöguflutningi. Það er ekki farið lengra en sem þessu nemur. En ég er á móti því að fara svo langt, af því að ég hef verið á móti þessari aðgerð í heild.

Þessi hv. þm. fullyrti það, að ég væri aldrei með neinum till., sem miði að tekjuöflun, því það gæfist ekki nógu vel til atkvæðasöfnunar. Hann ætlar nú allt í einu að verða svo ábyrgur maður að vera með tekjuöflun og fá út á það atkv. Hann um það. Hann velur sér þá leið, sem hér kemur fram í þessari söluskattstill.

Hér er raunverulega um það að ræða, hvort menn vilja hækka söluskattinn eða ekki. Ég er á móti hækkuninni og af því greiði ég jöfnum höndum atkv. á móti hvaða hækkun sem er. Hins vegar er það, að þegar slík till. er flutt á þessu stigi málsins, þá mun ég sitja hjá við þá atkvgr. og tel, að það sé réttast að þeir einir greiði þeirri till. atkv., sem raunverulega taka undir það, að réttmætt sé að hækka söluskattinn sem tollalækkuninni nemur. Ég tel það við hæfi, að það séu þeir einir, sem samþ. þá till.

ATKVGR.

Brtt. 289 felld með 19:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, SV, VH, ÞÞ, ÁÞ, EystJ, GíslG, HS, HV, IG, JK, JSk.

nei: PS, SI, SvJ, BGr, BF, BBen, BGuðm, EmJ, FÞ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, MB, MÁM, PJ, SB.

BP, EðS, GeirG, JónasÁ, LJós, MK greiddu ekki atkv.

3 þm. (SP, BK, BrS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég tel nú, að betri sé hálfur skaði en allur, og segi því já.

Brtt. 290 felld með 19:18 atkv.

Frv. samþ. með 19:18 atkv. og afgr. til Ed.

Á 32. fundi í Sþ., 28. jan., skýrði forseti frá því, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 42. fundi í Ed., 29. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem hv. þdm. er kunnugt, var það boðað þegar fyrir áramót í sambandi við umr. um EFTA, að jafnhliða þeim tollabreytingum, sem gera þyrfti í sambandi við EFTA-aðildina, þá yrði að gera sérstakar ráðstafanir til að afla fjár til að mæta þeim tekjumissi, er hér yrði um að ræða fyrir ríkissjóð. Var þá þegar skýrt frá því, að ríkisstj. áformaði að afla þessa nauðsynlega viðbótarfjármagns með hækkun söluskatts, og er frv. það, sem hér um ræðir, í samræmi við þá yfirlýsingu.

Söluskattur hér á Íslandi hefur verið óbreyttur allt síðan í ársbyrjun 1965, þ. e. hann hefur ekki verið hækkaður í 5 ár og er nú langtum lægstur á öllum Norðurlöndunum, þar eð söluskattur í þessum löndum er yfir 11% og allt upp í 20% í Noregi, eftir að virðisaukaskatturinn tók þar gildi um síðustu áramót. Hér er

lagt til, að söluskatturinn hækki úr 7½% í 11%, og er reiknað með því, svo sem þegar hefur verið áætlað í fjárlögum, að með þessum hætti sé hægt að jafna þann tekjumissi, sem ríkið verður fyrir vegna lækkunar aðflutningsgjalda. Jafnframt er hér um nokkra tekjuöflun að ræða í tvennum tilgangi að segja má. Annars vegar er um að ræða tekjuöflun upp á um 100 millj. kr., sem raunverulega er í sambandi við söluskattsálagninguna og er hugsuð til þess að létta byrðar af söluskattinum hjá þeim, sem hafa erfiðasta aðstöðu, þannig að hér er ekki um að ræða tekjuöflun fyrir ríkissjóð, heldur aðeins millifærslu fjár. En þetta fé rennur til þrenns konar þarfa: til hækkunar fjölskyldubóta, til hækkunar ellilífeyris og til niðurgreiðslu á nokkrum vörutegundum, en áformað er, eins og áður hefur verið lýst yfir, að greidd verði niður verðhækkun sú, sem hækkunin mundi ella leiða af sér, á dilkakjöti og smjöri.

Jafnframt hefur verið áformað að fella niður með öllu söluskatt af neyzlufiski. Nú er ekki þar með sagt, að það beinlínis valdi lækkun á neyzlufiski, en það mun a. m. k. koma í veg fyrir verulega hækkun, sem fyrirsjáanleg er annars einmitt á þessari vörutegund vegna þeirrar hækkunar, sem orðið hefur á fiskverði og hlyti að koma fram í verði á neyzlufiski innan skamms. Hér er um að ræða vörutegund, sem er einmitt mjög mikilvæg neyzluvara fyrir þá, sem minnstu hafa úr að spila í þjóðfélaginu, og var því þessi ákvörðun tekin, auk þess sem ástæðulaust er að leyna því, að það hafa verið miklir erfiðleikar á að framkvæma innheimtu söluskatts af fiski. Það eru í rauninni fyrst og fremst hinar stærri fiskverzlanir, sem greiða hann, en það er vitað, að mikið af fisksölu fer fram utan fiskverzlana, þannig að ef áætluð fiskneyzla í landinu er borin saman við það, sem inn kemur af söluskatti, þá er auðséð, að söluskattur af þessari vörutegund skilar sér mjög illa. Þannig verður hér ekki um mjög tilfinnanlegan tekjumissi að ræða fyrir ríkissjóð.

Í annan stað, eins og fjárlög bera með sér, skortir fjármagn til þess að framkvæma þær miklu hækkanir, sem gerðar voru í meðförum Alþ. á fjárveitingum til verklegra framkvæmda og hv. þm. voru sammála um og enginn ágreiningur um í fjvn. Alþ. Vitanlega varð þá að sjá fyrir fé til þeirra framkvæmda, en það voru á annað hundrað millj. kr., sem þurfti að afla sérstaklega í því skyni, og er gert ráð fyrir, að þessi söluskattshækkun jafni einnig þau met. Að öðru leyti, eins og áætlun fjárlaga bendir til, kemur í ljós, að það er ekki gert ráð fyrir því í þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið, fyrst og fremst af Efnahagsstofnuninni, að tekjuaukning ríkissjóðs af þessum ráðstöfunum geri meira en að vega upp útgjöldin vegna verðtollslækkananna og aðra þá útgjaldaþörf, sem ég hef gert grein fyrir.

Í 2. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir því að breyta ákvæðum laganna, sem nú gilda, en þar er að finna tilteknar fastmótaðar reglur um það, hvernig haga skuli greiðslu söluskattsins, framtali, álagningu og öðrum atriðum varðandi framkvæmd söluskattsins. Það er augljóst, að það þarf að gera á þessu víðtækar breytingar, og í rauninni er ekki hægt að átta sig til hlítar á því, hvaða breytingar þarf að gera, fyrr en söluskattsálagningin nýja er komin á, og er þess vegna leitað eftir því í þessu lagafrv., sem er í rauninni eðlilegt og í samræmi við önnur lög um innheimtu opinberra gjalda, að það séu gefnar víðtækar heimildir til þess að ákveða með reglugerð, eftir því sem henta þykir, bæði form á framtölum og hvernig innheimtunni skuli háttað og eftirliti með henni.

Ég vil hins vegar láta það koma skýrt fram, að það er ætlunin, að söluskattur verði innheimtur miklu hraðar en áður hefur verið. Hann hefur hingað til verið innheimtur ársfjórðungslega og hefur í rauninni verið kvartað yfir því af ýmsum aðilum. Bæði hefur þetta reynzt nokkuð tilfinnanlegt fyrir söluskattsgreiðendur, þó að vísu felist í því allveruleg hlunnindi að hafa söluskattinn svo lengi í sínum höndum, en hættan hefur verið sú, að fyrirtæki hafa átt erfitt með að standa í skilum ársfjórðungslega, því þau hafa ekki hirt um að leggja til hliðar þá fjárhæð, sem þau eiga að standa skil á. Verður þetta mun tilfinnanlegra eftir því sem söluskatturinn verður hærri. Þá er því heldur ekki að leyna, að þessi ársfjórðungslega innheimta söluskattsins hefur haft mjög ill áhrif á bankakerfið, þar sem geysilegar fjárhæðir hafa streymt út úr bönkunum, annaðhvort úr innistæðureikningum eða þá að fyrirtæki hafa þurft að fá aðstoð síns viðskiptabanka til þess að greiða þær á tilteknum gjalddögum. Þetta hefur að undanförnu verið svo á einum degi, fjórum sinnum á ári. Þá hafa komið inn til ríkissjóðs á þriðja hundrað millj. kr., sem hafa að sjálfsögðu að verulegu leyti streymt út úr bankakerfinu og raskað starfsemi þess. Það er því áformað að breyta álagningu og innheimtu söluskatts, en það eru víðtækar reglur, sem þar þarf að taka til meðferðar, og það tekur nokkurn tíma að átta sig á til hlítar, hvernig hagkvæmast yrði að framkvæma þetta. Jafnframt vil ég láta það koma fram, að það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að gera allar hugsanlegar ráðstafanir til að tryggja það, að söluskattur komi til skila.

Það er gert ráð fyrir, að áfram standi í lögunum formleg heimild til að stöðva atvinnurekstur, sem er áhrifaríkasta ráðið til þess að ná söluskattinum inn, og hefur leitt til þess, að skil af honum hafa verið mjög góð, sérstaklega hér í Reykjavík. Nú á síðasta ári hefur rn. gefið formleg fyrirmæli um það, að slíkri heimild yrði beitt alls staðar á landinu, og hefur það leitt til þess, að söluskattur hefur innheimzt mun betur á s. l. ári en áður og meginhlutinn af eftirstöðvum af söluskatti, sem hefur því miður verið töluverður í sumum innheimtuumdæmum. Þær eftirstöðvar eru nú að verða sáralitlar eða horfnar að mestu. En að öðru leyti þarf að sjálfsögðu að tryggja það, að söluskatturinn skili sér, og mun einskis látið ófreistað í því efni. Ég vil láta það koma fram, að starfsemi skattrannsóknardeildarinnar hefur verið aukin á þessu ári og ætlunin er, að auka hana enn meir og samræma betur starfsemi rannsóknardeildarinnar og skattstofanna. Annars hefur yfireftirlit með innheimtu söluskatts ekki verið í höndum ríkisskattstjóra, heldur í höndum skattstofunnar í Reykjavík, og er það nú í athugun, hvort það er heppilegt fyrirkomulag eða hvort ætti að breyta þeirri yfirstjórn. Um það get ég ekkert sagt á þessu stigi málsins.

Hv. Nd. þótti rétt að lögfesta hér sérstaka heimild til fjmrh. um að innleiða svokallað tvöfalt kassakerfi í verzlunum. Ég lýsti því yfir í d., að ég sæi enga ástæðu

til að lögfesta sérstaka heimild í þessa átt, hún mundi vera fyrir hendi samkv. því orðalagi, sem er á þessari gr., ef rn. þætti það henta. Þetta hefur áður komið mjög til greina og verið á dagskrá. En satt bezt að segja hafa menn ekki haft mjög mikla trú á því, að þetta mundi auka öryggi í innheimtu, það mundi raunverulega ekki ná til þeirra aðila, sem mest hætta er á að skjóti söluskatti undan, því margir þeir aðilar hafa ekki einu sinni einn kassa, hvað þá tvo. Í annan stað er það að sjálfsögðu undir hælinn lagt, hvort menn leggja til hliðar í kassa slíkar greiðslur jafnóðum og viðskiptin fara fram. Það er oft og tíðum engin aðstaða fyrir fólk að fylgjast með því, þannig að það er auðvitað ekki hægt að taka það sem góða og gilda vöru, sem kann að vera stimplað á viðkomandi kassa, það mundi kosta rannsókn hvort eð er. Og enn eitt atriði, sem ég benti á í því sambandi, er það, að víða um landið er ekki um nein „kontant"-viðskipti að ræða. Sérstaklega á þetta sér stað í verzlunum úti um land og mundi vera miklum erfiðleikum bundið að fylgjast með því. En ég vil taka það skýrt fram, að með þessu er ég ekki að hafa á móti því, að reyndar séu allar leiðir til þess að innheimta söluskattinn sem jákvæðast, og það er vitanlega vaxandi þörf á því, eins og ég sagði, vegna hækkunar hans, heldur vil ég aðeins benda á það, að þetta úrræði hefur verið íhugað og ég álít ekki, að það sé neitt töfraúrræði, sem geti leitt til þess, að við getum leyst þennan vanda. Auk þess er því ekki að leyna, að þetta mun einnig hafa í för með sér mjög mikinn tilkostnað fyrir minni fyrirtæki, sem getur orðið þeim nokkuð þungbær. En sleppum því. Þetta atriði verður að sjálfsögðu að athuga gaumgæfilega, þó það hafi áður verið íhugað, og með hliðsjón af þeim breytingum, sem nú verða.

Ég tók það fram í Nd., sem ég tel rétt að endurtaka hér, að til meðferðar fjhn. kom erindi frá flugfélögum og skipafélögum, þar sem á það var bent, að söluskattsálagning á farseðla skapaði innlendum aðilum stórfelld vandræði í samkeppni við erlendar ferðaskrifstofur og erlenda söluaðila og jafnvel erlend skipa- og flugfélög, vegna þess að söluskattur af slíkum farseðlum mundi óvíða eða hvergi vera tekinn í nálægum löndum, og gæti það leitt til þess, að farþegar færu heldur með erlendum flugfélögum og jafnvel skipafélögum, og ekki síður til hins, að hætta væri á því, að menn færu að leika þann leik að kaupa farseðla erlendis, og losna þannig við að greiða þann söluskatt, sem er álagður hér. Ég lýsti því þar yfir og vil endurtaka það í þessari hv. d., að þetta vandamál mun tekið til mjög rækilegrar meðferðar og athugunar í rn., sérstaklega hvað varðar söluskatt af erlendum farseðlum. Það er auðvitað allt annað með söluskatt af ferðalögum innanlands. Ég þori ekki að gefa neina yfirlýsingu um það, hvort hægt er að fella hann niður, því þar yrði um að ræða mjög mikið tekjutjón, ef allt þetta á að koma til. En mér sýnist nokkurn veginn augljóst, að það verði að finna úrræði til þess að lagfæra þetta varðandi flugfélögin og skipafélögin, fyrst og fremst þó flugfélögin, í sambandi við sölu farseðla milli landa.

Þá lýsti ég því þar einnig yfir, sem ég raunar hef einnig gert í þessari hv. d., að ákveðið væri að fella niður söluskatt af neyzlufiski. Það var talið rétt og nauðsynlegt að þessar yfirlýsingar kæmu fram í d., áður en málið yrði afgr., af því að hv. n. vildi gjarnan, að það lægi hér fyrir, hvernig hugsunin væri að framkvæma þessi atriði. En það var ekki talin ástæða til þess að setja um þetta ákvæði í frv., vegna þess að fjmrh. hefur almenna heimild til þess að fella niður söluskatt af öllum þeim vörum eða þjónustu, sem söluskattur er á lagður, eftir því sem henta þykir. Það eru hins vegar ýmis ákvæði í söluskattslögunum um þjónustu, sem ekki er beinlínis leyft að leggja söluskatt á, það er annað mál. En þetta er sem sagt hægt að gera án nokkurra beinna lagafyrirmæla.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að orðlengja um þetta mál, það hafa komið um það raddir, og vafalaust koma þær raddir einnig fram í þessari hv. d., að æskilegt væri að undanþiggja margar aðrar vörutegundir söluskatti. Vitanlega væri æskilegt að undanþiggja söluskatti ýmis gjöld og margvíslegar nauðsynjar, en hér er um það vandamál að ræða, sem ekki verður fram hjá gengið, að með einhverjum hætti verður að afla þess fjár, sem ríkissjóður þarf á að halda til þeirra framkvæmda, sem hið háa Alþ. hefur þegar með fjárlögum ákveðið, að ríkið skuli standa undir. Það hefur ekki verið fundin önnur leið eðlilegri en sú, sem hér er um að ræða, og eins og ég í upphafi máls míns sagði, þá hef ég oftar en einu sinni lýst yfir því í fjárlagaræðum undanfarin ár, að það væri óumflýjanleg nauðsyn að taka til endurskoðunar hið mjög svo háa aðflutningsgjaldakerfi, sem er hér á landi. Aðflutningsgjöld hafa að vísu verið lækkuð verulega á undanförnum árum, en langt frá því nægilega, því þau eru hér hærri en þekkist í nálægum löndum, og skapar það að sjálfsögðu margvíslega erfiðleika og hættur í milliríkjaviðskiptum, hvað þá þegar það kemur til, sem nú hefur gerzt, að við erum vegna beinna samninga við erlenda aðila skuldbundnir til þess að lækka þessi gjöld og smám saman fella þau niður gegn þeim fríðindum, sem við höfum talið að væru okkur meira virði.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, að orðlengja frekar um þetta á þessu stigi, nema frekari tilefni gefist til, en legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Kristján Thorlacius: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til umr., gerir ráð fyrir hækkun á söluskatti úr 7½% í 11%. Að nokkru leyti er þetta afleiðing af þeim tollalækkunum, sem frv. til l. um tollskrá o. fl., sem nú liggur fyrir hv. Alþ., gerir ráð fyrir. Þær tollalækkanir eru að nokkru afleiðing af inngöngu Íslands í EFTA. Í leiðinni á svo að innheimta nokkur hundruð millj. með söluskatti, sem ganga eiga til að vega á móti tollalækkuninni og meira til.

Í aths. við frv. til l. um tollskrá o. fl., sem einnig liggur hér fyrir hv. Alþ., er boðuð ný stefna í skatta- og tollamálum. Þar segir, að sú tilfærsla, sem þetta frv. og tollskrárfrv. gera ráð fyrir, frá aðflutningsgjöldum yfir í söluskatt, sé fyrsta stóra skrefið til þess að hverfa frá aðflutningsgjöldum sem aðaltekjulind ríkissjóðs. Í ljósi þessarar yfirlýsingar verður að líta á þetta frv., sem hér er til umr., sem miklu meira stórmál en annars hefði verið. Og þó er það sannarlega nógu mikið stórmál fyrir almenning, að söluskattur skuli eiga að hækka um

3½%, því væntanlega þýðir það hækkun á söluskatti upp undir 800 millj. kr. miðað við heilt ár. Tollalækkanir munu væntanlega nema um 440 millj. kr. og hreinar viðbótarálögur eru því um 360 millj. kr. En sagan er ekki öll sögð með því. Fyrir almenning verður þessi breyting vafalaust miklu óhagstæðari en sem nemur hinum beinu hækkunum á gjöldunum. Hér hefði sannarlega átt að taka aðra stefnu.

Það er vissulega röng og háskaleg stefna að færa gjaldheimtu ríkisins jafnt og þétt yfir í söluskattsformið, hætta að innheimta skatta og önnur gjöld til þarfa ríkisins með þeim hætti, að hinir tekjuhærri, hinir efnameiri greiði hlutfallslega meira. Það var áður fyrr kallað að leggja byrðarnar á þau bökin sem breiðust eru. Nú er verið að snúa þessu við. Með þessu frv. og þeirri stefnu, sem boðuð er, er horfið að því, að gjaldabyrðarnar leggist þyngst á þá, sem óhjákvæmilega verða að kaupa mest af nauðsynjavörum. Það kemur líka glögglega fram í aths. við tollskrárfrv., að þessi er ætlunin. Þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar til lengdar lætur má ætla, að tekjur ríkissjóðs verði háðar minni sveiflum eftir því sem á líður þessa þróun. Miklar og óvæntar tekjur vegna mikilla kaupa á hátolluðum vörum á velgengnistímum mundu hætta að falla til ríkissjóðs. Missir slíkra tekna þegar þrengir að mundi þá ekki verða eins tilfinnanlegur.“

Með öðrum orðum þýðir þetta, að gjöldin á að færa yfir á hinar almennu neyzluvörur manna. Það þýðir, að þegar að þrengir hjá ríkissjóði, á hann tekjurnar samt vísar, því eitt af því, sem við getum nokkurn veginn gengið út frá í þessum heimi, er, að í lengstu lög þurfa menn að kaupa sér eitthvað til að borða og klæðast. En þegar þrengir að, þá verða erfiðleikar mismiklir hjá þegnum þjóðfélagsins, þeir verða mestir hjá tekjulágum og fjölmennum fjölskyldum, en jafnvel þó að verulega þrengi að hjá þessu fólki, þá eru til stórir hópar manna, sem hafa góð fjárráð, og það er eðlilegt og sjálfsagt, að þeir greiði meiri gjöld til hins opinbera en hinir efnaminni og tekjuminni. Ástandið er þannig í okkar þjóðfélagi, að tekjuskiptingin er á annan veg en æskilegt væri.

Að mínum dómi er söluskatturinn ein versta tegund skattheimtu fyrir almenning. Það er staðreynd, að við verðum aðilar að EFTA, og þá verður ekki hjá því komizt að breyta tollunum, að því er tekur til þeirra vara, sem undir EFTA-samninginn koma. En tekna til þess að mæta þeim lækkunum ætti að mínum dómi að afla með allt öðrum hætti en hér er gert ráð fyrir. Það á tvímælalaust að miða við þá grundvallarreglu, að gjöld á lífsnauðsynjum séu engin, eða sem allra minnst. Sú stefna, sem boðuð er, að lækka og fella niður aðflutningsgjöld af munaðarvörum og afla í þess stað tekna með söluskatti, hlýtur að koma óeðlilega niður á almenningi, nema jafnframt séu gerðar víðtækar ráðstafanir í launamálum, tryggingarmálum, t. d. með greiðslu hærri fjölskyldubóta, eða á öðrum sviðum, til þess að vega á móti þessari breytingu.

Ég er andvígur því frv. um hækkun söluskatts, sem hér liggur fyrir. Og enn þá andvígari þeirri stefnu, sem fram kemur í aths. við tollskrárfrv., um að hætta að innheimta misháa tolla eftir mikilvægi vörunnar fyrir þegnana. Vafalaust mun sú andstaða, sem vitað er um í hv. þd. gegn þessu frv., þó ekki nægja til þess að fella það. Þess vegna tel ég sjálfsagt að gera tilraun til þess við 2. umr. málsins að flytja við það brtt., til þess að reyna að draga úr þeim byrðum, sem frv. leggur á almenning, eins og unnt er. Kemur þar til greina afnám söluskatts á brýnustu lífsnauðsynjum, hækkun fjölskyldubóta og lagfæringar á skattinum, svo eitthvað sé nefnt. Raunar þarf einnig nauðsynlega að endurskoða allt skattakerfið.

Það er á allra vitorði, að tekjurýrnun hefur orðið gífurleg hjá almenningi að undanförnu, og stórfelld launahækkun er orðin óumflýjanleg nauðsyn, sem ekki verður með nokkurri sanngirni staðið gegn. Þetta frv. um hækkun söluskatts, sem hér liggur fyrir, eykur verulega á þá nauðsyn. Mín skoðun er sú, að skynsamlegra væri fyrir ríkisstj. að koma til móts við brtt., sem leitast við að draga úr áföllum í sambandi við hinar auknu álögur, heldur en að knýja fram stóraukin útgjöld almennings, sem á engan hátt er fær um að standa undir núverandi framfærslukostnaði, hvað þá þeim miklu verðhækkunum, sem verða afleiðing þessa frv., nema til komi stórfelldar launahækkanir.

Ég get fullyrt það, að meðal launamanna er þetta frv. mikið rætt. Og menn hafa miklar áhyggjur af því, að enn á að vega í þann knérunn að rýra tekjur launamanna. Það er óhætt að fullyrða það eftir þær yfirlýsingar, sem ýmsir valdamiklir menn í fjármálalífi þjóðarinnar hafa gefið nú um þessi áramót, um að flest gangi nú í haginn í efnahagsmálum, að menn hafi sízt búizt við því, að nú dyndi yfir enn ein holskefla verðhækkana og kjararýrnunar.

Þetta frv. var af hv. fjhn. Nd. sent til umsagnar þeirra launþegasamtaka, sem ég er formaður í, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og stjórn samtakanna gerði ályktun um þetta mál. Í svari stjórnar BSRB segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Í grg. með frv. til l. um tollskrá o. fl. er frá því greint, að sú breyt. á tekjustofnum ríkissjóðs frá aðflutningsgjöldum yfir í söluskatt, sem þessi frv. gera ráð fyrir, sé fyrsta stóra skrefið til að hverfa frá aðflutningsgjöldum sem aðaltekjulind ríkissjóðs. Sú stefna að lækka og fella niður aðflutningsgjöld af munaðarvörum og afla í þess stað tekna með söluskatti hlýtur að færa gjaldabyrðina óeðlilega yfir á herðar hins almenna launþega, nema jafnframt séu gerðar víðtækar ráðstafanir í launamálum, tryggingamálum eða á annan hátt til að vega á móti þessari breytingu. Þá fylgir þessu sú hætta, að mun erfiðara er að koma í veg fyrir undandrátt á söluskatti en að öllu jöfnu. Stjórn BSRB er af framangreindum ástæðum andvíg þeirri stefnu, sem fram kemur í fyrrgreindum frv., án frekari ráðstafana. Jafnframt ítrekar bandalagsstjórnin ályktanir samtakanna um nauðsyn á auknu eftirliti með skattframtölum og söluskattsskilum.“

Hvernig hugsar hæstv. ríkisstj. sér, að það geti gengið svo til áfram, að launum manna sé þrýst langt niður fyrir það, sem eðlilegt getur talizt og hægt er að bjóða launþegum? Og vissulega eru það margir, sem ekki láta sér þetta lynda. Dæmi um það er sá mikli fjöldi manna, sem hefur flúið til annarra landa, þar sem atvinna er fyrir hendi og launakjör eru lífvænleg.

Ég hef hér undir höndum upplýsingar um launakjör

opinberra starfsmanna í Danmörku, en þar voru gerðir nýir samningar við opinbera starfsmenn á síðasta ári, sem síðan voru staðfestir með lögum, eins og tíðkast þar í landi. Ég skal taka það fram, áður en ég vitna í þessar upplýsingar, sem ég hef áður tekið fram opinberlega, að fullkominn samanburð er ekki hægt að gera á launum í öðrum löndum og hér, nema traustar upplýsingar liggi fyrir um verðlag. Þó gefa þessar tölur, sem ég mun hér nefna, áreiðanlega allgóða hugmynd, gefa mynd um þann mismun kjara, sem er hér og í Danmörku.

Ég tek þá fyrst dæmi um bréfbera. Byrjunarlaun bréfbera í Danmörku samkvæmt samningunum, sem gerðir voru þar í fyrra, eru 26 500 kr. á mánuði, en hámarkslaun eftir 12 ára starf 30 þús. Hvernig er þetta svo á Íslandi? Hver eru byrjunarlaun og hámarkslaun bréfbera á Íslandi í dag? Jú, byrjunarlaun eru 11 900 kr. og hámarkslaun eftir 12 ár 14 þús.

Ég tek hér annað dæmi, af ljósmæðrum. Í Danmörku hefur ljósmóðir í byrjunarlaun 35 700 kr. og í hámarkslaun 40 þús. kr. eftir 10 ár. Á Íslandi eru byrjunarlaun ljósmóður 13 814 kr., en hámarkslaun 16 188 kr. eftir 12 ára starf.

Þá vil ég taka hér dæmi um arkitekt. Í Danmörku, samkv. þeim samningum, sem ég nefndi, hefur arkitekt 80 þús. kr. á mánuði, á Íslandi 22 200 kr. og hámarkslaun eftir 8 ára starf 24 400 kr. Allt er þetta miðað við íslenzkar krónur.

Það er staðreynd, að þeir aðilar, sem nógu mikla hörku hafa sýnt, hafa fengið sitt fram, þó að valdhöfunum hafi ennþá tekizt að leyna því, með hvaða hætti hefur verið samið við ýmsar stéttir þjóðfélagsins. Það væri t. d. fróðlegt að fá það upplýst hjá hæstv. ráðh., hvernig samið var við flugmenn á s. l. sumri, eftir að þeir höfðu brotið á bak aftur brbl. um bann við launahækkunum til þeirra, sem ríkisstj. setti. Það er opinbert leyndarmál, að fyrir milligöngu ríkisstj. var samið um mjög verulegar launahækkanir til flugmanna, á sama tíma sem með harðri hendi voru knúðir fram smánarsamningar við verkamenn og aðra launamenn. Og það er einnig staðreynd, að ýmsum öðrum stéttum hefur tekizt að rétta verulega hlut sinn, og nýjasta dæmið, sem ég hef frétt um, en hef þó ekki haft aðstöðu til að fá staðfest, er að blaðamönnum muni fyrir fáum dögum hafa tekizt að semja um rösklega 20% launahækkun. Ég þori ekki að fullyrða, að þetta sé rétt, en þetta eru þær fréttir, sem ég hef fengið, en óstaðfestar. Sjálfsagt vita hæstv. ráðh. nánar um þetta.

Stjórnarblaðið Vísir upplýsir það fyrir tveim dögum, að vilji muni vera hjá ríkisstj. til þess að hækka verulega laun ráðuneytisstjóra, dómara og annarra hæst settu embættismanna hjá ríkinu. Ég get fullvissað hv. alþm. um, að samtök opinberra starfsmanna telja óhjákvæmilega nauðsyn, að allir opinberir starfsmenn fái verulega launahækkun eins fljótt og verða má. Ég leyfi mér að vona, að það sé ranghermi hjá dagblaðinu Vísi, að vilji ríkisstj. sé eingöngu til þess að hækka laun „toppanna", eins og blaðið kemst að orði. Ég vona, að vilji verði fyrir allsherjar kjarabótum til opinberra starfsmanna og allra launþega í landinu.

Enn hefur Bandalag starfsmanna ríkis og bæja ekki tekið ákvörðun um þær launakröfur, sem settar verða fram næsta sumar. En af því, sem er að gerast í landinu, er augljóst, að kröfur verkalýðsfélaganna og BSRB hljóta að verða háar og þær verða áreiðanlega ekki bara fyrir „toppana", heldur alla starfsmenn. Í þessu efni hlýtur að vera höfð mikil hliðsjón af því, sem er að gerast á hv. Alþ. þessa dagana. Með þeirri stefnu, sem tekin er með hækkun söluskattsins, og væntanlegri tilfærslu ríkisteknanna meira og meira yfir í söluskatt er bætt olíu á eld dýrtíðar í landinu, svo þolinmæði launþega er þrotin.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., felur í sér tvö meginatriði. Í fyrsta lagi er það sú stefna, sem það gerir ráð fyrir að fylgt verði í skattamálum, og í öðru lagi eru ákvæði frv. um söluskattshækkunina, hinar auknu álögur, sem af henni mun leiða. Ég vil nú við þessa 1. umr. fara nokkrum orðum um þessi meginatriði málsins.

Til þess að gera sér rétta grein fyrir þeirri stefnubreytingu í skattamálum, sem í frv. þessu felst, og er þó raunar framhald af þeirri stefnu, sem áður hefur verið tekin upp í þessum efnum af núv. ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar, þá er rétt að líta til baka og skoða breytinguna í ljósi þess, sem liðið er. Söluskatturinn á sér nokkuð langa sögu og hann á sér fyrirrennara eða fyrirmynd, en það er veltuskatturinn, sem lagður var á 1945 fyrir forgöngu og að tilhlutan nýsköpunarstjórnarinnar. En sá skattur var þannig úr garði gerður, að þáv. fjmrh., sem beitti sér fyrir málinu, lýsti yfir því við umr. um málið, að hann teldi ógerlegt að hafa uppi slíka skattheimtu nema í eitt skipti, enda var þessi skattur ekki frádráttarbær til skatts og ekki mátti hækka vöruverð hans vegna, þannig að hann gat í reynd komið fram sem eignarskattur á fyrirtæki, sem raunverulega var rekið með halla. Nýsköpunarstjórnin, sem gaf sjálfri sér það nafn, sýndi mikla röggsemi við að ráðstafa stríðsgróðanum á stuttum tíma, og ég skal taka það fram, að vissulega fór allmikið af þeim verðmætum til þarflegra hluta, þó mikill misbrestur væri í því efni. En þegar nýsköpunarstjórnin lét af völdum í árslokin 1946, þá var fjárþröng og fjárþörf ríkissjóðs mikil og þá voru útflutningsatvinnuvegirnir komnir í það horf, að Alþ. taldi óhjákvæmilegt að taka ríkisábyrgð á framleiðslu vélbátaflotans. Til þess að standa straum af þessum skuldbindingum ríkisins var stofnaður sjóður, hinn svonefndi dýrtíðarsjóður, með l. 1947. Í þennan sjóð varð að afla mikils fjár, og þá var gripið til ýmissa ráða og m. a. lagður á nokkur söluskattur. En það var ekki eina skattheimtan, sem þá var lögboðin, heldur var það þáttur af stærra máli, því þá var lagður á svonefndur eignaraukaskattur og aðflutningsgjöld nokkuð hækkuð í sama skyni. Söluskatturinn stóð svo lítt breyttur nokkur ár og hann var með mun rýmri undanþágum heldur en verið hefur síðan 1960, og þessi tiltölulega lági og takmarkaði söluskattur var lagður á í því sérstaka augnamiði að standa straum af dýrtíðarráðstöfunum, sem óhjákvæmilegar þóttu, en ekki lagður á sem gjaldstofn fyrir ríkissjóð sjálfan.

Þetta er mönnum kunnugt og að þessu hefur verið vikið greinilega, þ. á m. af einum þeirra hæstv. ráðh., sem standa að flutningi þessa frv. Í þingtíðindum eru skráð svo hljóðandi ummæli núv. formanns Alþfl.,

Gylfa Þ. Gíslasonar, um söluskattinn, sem ég vil nú lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Söluskattur var á sínum tíma lagður á til þess að standa undir alveg ákveðnum gjöldum, sem ríkissjóður þá þurfti að inna af hendi. Söluskatturinn var lagður á til þess að koma í veg fyrir gengislækkun af þeirri stjórn, sem þá sat. Það var höfuðhlutverk hans. Það var eina hlutverkið, en það var svo mikilvægt, að það gat réttlætt slíka skattlagningu sem hér er um að ræða, svo óheyrilega ranglát og ósanngjörn sem hún er. Það þurfti mikið að liggja við, til þess að verjandi væri að leggja tugmilljónir í þessu formi á neyzlu almennings í landinu. Eina markmiðið, sem gat komið til greina að þjóna með slíkri skattlagningu, var að koma í veg fyrir gengisfall krónunnar. Það var gert 1948 og 1949 með því að leggja á þennan mjög svo þungbæra skatt. Almenningur sætti sig við það, að svo miklu leyti sem hann gerði það, einvörðungu vegna þess að hann fann og hann skildi, að það var til þess að koma í veg fyrir það, sem var enn þá verra, gengishrun krónunnar."

Með viðreisnarstefnunni, sem tekin var upp 1960, var gerð mikil breyting á í þessum efnum. Þá var lagður á almennur söluskattur sem tekjustofn fyrir ríkissjóð, — tekjustofn, sem átti að skila mjög ríflegum fjárhæðum í ríkissjóð. En jafnhliða var gengi krónunnar lækkað að mjög miklum mun, svo að þá og síðan höfum við ekki haft það, sem formaður Alþfl. sagði, að við hefðum búið við 1948 og 1949, þ. e. söluskatt til þess að koma í veg fyrir gengishrun, heldur höfum við síðan 1960 haft hvort tveggja: Stórfellt gengisfall krónunnar og hækkandi söluskatt, sem tekjustofn fyrir ríkissjóð. En þegar fjallað var um hinn almenna söluskatt í febrúar og marz 1960, þá voru m. a. færð fram fyrir því máli þau rök eða þær málsbætur, að hinn takmarkaði söluskattur, sem áður var, mundi hverfa og falla inn í hinn almenna nýja söluskatt, og hins vegar, að afnema ætti tekjuskatt á almennar launatekjur.

Nú skal ég víkja að fyrra atriðinu. Auðvitað er það rétt, enda sjálfsagt, að hinn takmarkaði söluskattur, sem áður var lagður á, hann hvarf inn í skattinn, sem ákveðinn var 1960. Þá var hann ákveðinn 3% í smásölu. En það sat ekki lengi við sama hjá hæstv. ríkisstj., því ekki liðu mörg ár, þangað til söluskatturinn var hækkaður úr 3% upp í 5½%, nokkru síðar var hann enn hækkaður úr 5½% í 7½% og nú er hér á ferðinni frv. um að hækka þennan sama skatt upp í 11%, svo það eru stigin með stuttu millibili allstór skref á þessari braut.

Það, sem er kannske alvarlegast og gerir þetta mál enn þá stærra en þessar prósentutölur, sem í frv. standa, segja til um, er það, sem fram kemur í grg. tollskrárfrv., sem nú liggur hér fyrir hv. þd. Þar er það gefið ótvírætt í skyn, að þetta sé aðeins áfangi á leiðinni, áfangi á þeirri braut að auka söluskatta, en draga úr innflutningsgjöldum þar á móti. Hér segir orðrétt: „Sú stefna, sem mörkuð er samhliða ráðagerðum um aðild Íslands að EFTA, er því fyrsta stóra skrefið til að hverfa frá aðflutningsgjöldum sem aðaltekjulind ríkissjóðs. Sú þróun, sem hafin er með þessari stefnubreytingu, hlýtur að gerast hægt á löngum tíma. Tímasetning hennar er ákveðin eingöngu að því marki sem hún tengist aðild að EFTA, en augljóst er, að háum fjáröflunartollum verður ekki haldið til lengdar á vörum, sem eru EFTA óviðkomandi, þegar tollar verndarvara, hráefna og véla, falla smám saman niður."

Þá vil ég víkja fáum orðum að hinu atriðinu, sem fært var fram til málsbóta fyrir söluskattinum 1960, þ. e. að afnema ætti tekjuskatt á almennar launatekjur. Mér skilst, að þannig hafi nú farið um þetta fyrirheit, að nú sé svo komið, að menn greiði ekki aðeins tekjuskatt af tiltölulega lágum launum, heldur þurfi ekki háar tekjur til þess að komast í hæsta skattþrep. Ég ætla að það sé rétt, að skattvísitalan, sem miðað verður við á þessu ári, sé ákveðin 137 stig. (**Gripið fram í:** Má ég skjóta fram í? Hún er 140.) Ég hef nú sett hér á blað tölur, miðaðar við 137 stig, og getur vel verið, að skakki ofurlitlu, en það er sjálfsagt að hafa það, sem sannara reynist.

Mér skilst, að miðað við þá skattvísitölu, sem ég nefndi, yrði persónufrádráttur einhleyps manns tæpar 110 þús. kr., en til þess að komast í hæsta skattþrep þurfi aðeins 85 þús. kr. skattskyldar tekjur, þ. e. a. s. þá 195 þús. kr. nettótekjur. Ef um hjón er að ræða, þá hef ég ætlað skv. þeirri skattvísitölu, sem ég nefndi, — og hér getur ekki munað miklu, þó hún breytist um 3 stig, — að persónufrádráttur yrði rúml. 153 þús. kr., og til þess að komast í hæsta skattþrep, þá þyrfti aðeins 85 þús. kr. skattskyldar tekjur, þ. e. a. s. að hjón, sem hefðu u. þ. b. 210 þús. kr. nettótekjur, greiddu ekki aðeins tekjuskatt, heldur næðu þau því að lenda í hæsta skattþrepi með hluta af sínu skattgjaldi. Ég fæ ekki betur séð en að fyrirheitið frá 1960 um afnám tekjuskatts á almennum launatekjum sé í reyndinni á þennan veg.

Það er mjög gömul regla í okkar þjóðfélagi að innheimta gjöld til opinberra þarfa eftir efnum og ástæðum. Þannig var þetta beinlínis orðið í grundvelli til útsvarsálagningar til skamms tíma, og í reynd hafa hin margvíslegustu gjöld til almennra þarfa verið við þetta miðuð, að þeir, sem betur stæðu, greiddu hlutfallslega meira en hinir. Við þetta sjónarmið eru lögin um tekju- og eignarskatt miðuð, þar sem skattstigar fara hækkandi eftir því sem tekjurnar verða hærri. Sama gildir um eignarskattinn. Þessi regla er enn í gildi í sambandi við útsvör, bæði samkv. þeim grundvelli, sem áður gilti, og samkv. þeim útsvarsstigum, sem nú er farið eftir við álagningu þeirra gjalda.

Tollar eru í eðli sínu grundvallaðir á sama sjónarmiði, þ. e. að gjaldið, sem lagt er á vörurnar, sé misjafnlega hátt eftir því, hvort vörurnar, sem keyptar eru, teljast nauðsynjavörur, miður þarfar eða óþarfar.

Aðstöðugjöldin eru að nokkru leyti miðuð við sama sjónarmið, því það er ekki sama prósentugjald lögboðið á alla starfsemi.

Þetta hefur verið mjög ákveðin og almenn stefna í íslenzkum skattamálum, líklega allt frá fornu fari eða a. m. k. um mjög langan tíma. En söluskatturinn er að þessu leyti annars eðlis heldur en tollar, að það er jafnt prósentugjald á allar vörur, hvort sem það eru nauðsynjavörur, miður þarfar eða óþarfar vörur. Það hefur því oft verið bent á það, hvað þessi tekjustofn væri varhugaverður og kæmi þungt niður á þeim, sem hafa stóra fjölskyldu, litla kaupgetu og úr litlu að spila. Ég vil leggja mjög ríka áherzlu á þetta sjónarmið í sambandi við það mál, sem hér er til umr. Ég vil leyfa mér í því sambandi að benda á, að þeir þm., sem nú eru í stjórn-

arandstöðu, eru ekki einir um þetta sjónarmið. A. m. k. hafa Alþfl.-þm. oft látið uppi mjög ákveðnar skoðanir í þessu efni. Ég fletti hér upp á ummælum, sem þingtíðindin geyma, eftir hinn greinda og reynda þingskörung Harald Guðmundsson, sem hann á sínum tíma viðhafði um þennan tekjustofn, söluskattinn. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég álít, og Alþfl. er sömu skoðunar, að mér liggur við að segja, af öllum þeim tollum, sem á eru lagðir hjá okkur, sé söluskatturinn ranglátastur og óskynsamlegastur. Hann er ranglátastur, af því að hann lendir langþyngst á þeim, sem minnsta getu hafa til að greiða til opinberra þarfa. Hann fellur langþyngst á barnmargar fjölskyldur og stór heimili, og það þarf ekki orðum að því að eyða, hversu ranglátt slíkt fyrirkomulag er við innheimtu opinberra gjalda. Aðrir tollar ýmsir, ég vil nú ekki segja flestir, eru þó á lagðir með það sjónarmið fyrir augum, að þeir séu mismunandi þungir, eins og t. d. verðtollurinn, eftir því hvaða vörur eiga í hlut og hvort hægt sé að komast af án þeirra eða ekki. En til þessa sjónarmiðs, er engan veginn tekið tillit við álagningu söluskattsins, heldur þvert á móti. Í öðru lagi liggur í augum uppi, að söluskattur hlýtur að hækka verðlag í landinu og þar af leiðandi dýrtíðina a. m. k. sem skattinum nemur og þeirri álagningu, sem óhjákvæmilega hlýtur að koma á hann í öllum viðskiptum. Sú aukna dýrtíð, sem af þessu stafar, kemur svo fram í hækkuðum framleiðslukostnaði. Af því leiðir aftur, að útflutningsvörur okkar, sem framleiddar eru með þessum háa framleiðslukostnaði, verða torseldari og standa þess vegna lakar að vígi í samkeppninni við hliðstæðar vörur á heimsmarkaðinum. Tollur þessi og skattur er því hvort tveggja í senn, ranglátur gagnvart þeim, sem greiða hann, og mjög óskynsamlegur frá sjónarmiði þjóðfélagsheildarinnar."

Í sama streng tók núv. form. Alþfl., þegar hann hafði aðra afstöðu gagnvart ríkisstj., en hann hefur nú. Hann tók það fram, að við allt annað bættist það, „að söluskatturinn er í eðli sínu ranglátur, það er einhver ranglátasti skattur, sem lagður hefur verið á af íslenzka löggjafanum." Það liggur í augum uppi, að því lengra sem gengið er á þeirri braut að innheimta söluskatt og gera hann í æ ríkari mæli, eins og virðist stefnt að, að tekjustofni fyrir ríkissjóð í þeim mun ríkari mæli koma fram þeir annmarkar, þetta ranglæti, sem skatturinn hefur í för með sér.

Þá kem ég að því að fara nokkrum orðum um hitt meginatriði þessa frv., þ. e. skattahækkunina, þær nýju álögur, sem í frv. felast. Sú skýring er gefin á þessu máli, að söluskattshækkunin sé að miklu leyti tilfærsla á tekjum, sem ríkið innheimtir, vegna þess að tollar samkvæmt EFTA-samningnum séu lækkaðir að nokkru leyti á móti þeirri hækkun, sem af þessu frv. leiðir. En þetta frv. gengur þó lengra en að mæta þessari tilfærslu, því í leiðinni eru teknar allríflegar fjárhæðir til þess að standa straum af útgjöldum ríkissjóðs.

Því er stundum haldið fram, að þessa óbeinu skattheimtu megi milda gagnvart hinum almenna þegni með því að bæta hlut hans á öðrum sviðum, t. d. með því að hækka bætur almannatrygginga. Þetta er að vissu leyti rétt, og það er vitanlega góðra gjalda vert að sjá hlut þeirra borgið, sem eru þannig settir, að þeir eiga rétt á stuðningi samkvæmt almannatryggingalögum og þurfa á þeim stuðningi að halda. En þetta er þó ekki aðalatriði málsins. Aðalatriði málsins er það, að atvinnulífið geti borið sig með eðlilegum hætti og að hinn fullvinnandi maður, sem hefur fyrir heimili að sjá, hvort sem er í þéttbýli eða strjálbýli, geti haft sæmilega aðstöðu og að þannig sé búið að honum, að fjárhagur hans geti verið nokkurn veginn tryggur.

Nú vil ég í þessu sambandi minna á eina þjóðfélagsstétt, allfjölmenna og það er bændastéttin. Samkvæmt verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða er gert ráð fyrir því, að meðalbúið skili tekjum sem nemi 570 þús. kr. á ári. Tæpur helmingur þessara tekna samkvæmt verðlagsgrundvelli fer til að greiða ýmiss konar gjöld og rekstrarkostnað vegna búskaparins, en rúmur helmingur þessara tekna er ætlaður í verðlagsgrundvelli sem laun handa bóndanum og fjölskyldu hans. Þegar miklum gjöldum er hlaðið á rekstrarvörurnar og allt það, sem fjölskyldan í sveitinni þarf að kaupa til búrekstrarins, þá verður niðurstaðan sú, að sá hlutinn, sem ætlaður er í verðlagsgrundvelli til þess að standa undir þessum kostnaði, hrekkur ekki til þess. En að sama skapi skerðist sá hlutinn, sem í verðlagsgrundvelli er ætlaður að vera hreinar tekjur eða launatekjur bóndans og fjölskyldunnar. Þessi hefur greinilega orðið niðurstaðan á s. l. árum, eftir því sem bezt verður séð. Að þessu vék búnaðarmálastjóri í yfirliti um íslenzkan landbúnað, sem hann flutti í ríkisútvarpið eftir áramótin og birt var í blöðum. Þar segir hann svo: „Efnahagur bænda hefur þrengzt að undanförnu. Samkvæmt niðurstöðum búreikninga reyndust meðaltekjur bænda vera 173 þús. kr. á árinu 1968. Óruggt má telja, að bændur séu tekjulægsta stétt þjóðfélagsins liðið ár, eins og 1968. Þeir bændur, er búreikninga færðu 1968, juku þá skuldir sínar að meðaltali um 40 þús. kr. það ár, og nettótap þeirra var 24 þús. kr. Engar líkur eru á, að árið 1969 sé þeim hagstæðara, og útlitið er ískyggilegt." Þetta voru orð búnaðarmálastjóra.

Hvernig skyldi nú sú fjölskylda, sem hefur 173 þús. kr. tekjur til þess að fullnægja þörfum sínum, þegar rekstrarkostnaður hefur verið greiddur, standa að vígi til þess að taka á sig stórhækkaðar álögur í formi söluskatts, sem leggst undantekningarlítið á allt það, sem heimilið þarf að kaupa? Ég held, að það séu mjög óhagstæð skipti fyrir sveitaheimilið að fá tollana lækkaða, við skulum segja á byggingarefni, og taka svo á sig hækkaðan söluskatt, sem leggst á allar slíkar vörur. Þegar ráðizt er í byggingu peningshúsa t. d., sem er óhjákvæmilegt við og við, þá er með ýmsum sérstökum fjárhagsráðstöfunum, svo sem lántökum, hægt að standa straum af því, en þegar hækkaður söluskattur leggst á allt það, sem keypt er daglega til heimilisins, þá verða það vitanlega miklu þungbærari gjöld heldur en tollar, þó þeir leggist á vörur eins og byggingarefni, sem ég nefndi.

En nú er það staðreynd, að hv. Alþ. hefur samþ. samninginn um aðild að EFTA. Og það er vitanlega skiljanlegt og eðlilegt, að þeir, sem að þeirri samþykkt stóðu, sjái sig knúða til að taka afleiðingunum af því, m. a. með flutningi þessa frv. En ég gat þess fyrr í ræðu minni, að málið snýst nú ekki allt um þessa tilfærslu, heldur felst meira í því. Og þá segja menn: Við verðum

að sjá fjárhag ríkissjóðs borgið, og þetta er óhjákvæmileg ráðstöfun til þess.

Ég var að nokkru leyti áheyrandi að þeim umr., sem fóru fram um þessi mál í Nd., og ég heyrði að einn þm., sem þar talaði, setti fram þá skoðun, að hæstv. fjmrh. mundi bara eyða minna, ef hann fengi svolítið minna í ríkissjóð, og gá svolítið betur að útgjöldunum, svo það væri ekkert í hættu. Ég held, að ég hafi heyrt það rétt, að hæstv. fjmrh. svaraði þessum ræðumanni þannig, að þetta væri hinn mesti misskilningur, því hann sem ráðh. mundi ekki greiða fé úr ríkissjóði að óþörfu. Ég vefengi þetta út af fyrir sig alls ekki. Ég hef enga ástæðu til þess að ætla annað en hæstv. fjmrh. vilji reynast samvizkusamur embættismaður í því starfi, sem hann gegnir. En með því er ekki öll sagan sögð.

Fyrir 10 árum, í febrúar og marz 1960, var fjallað um söluskattinn, hinn almenna söluskatt, sem þá var lögtekinn, og þá hafði nýlega verið gengið frá þeim lögum um efnahagsmál, sem eru grundvöllur að viðreisnarstefnunni, viðreisnarkerfinu. Ef einhver þm. hefði spáð því eða fullyrt það hér í ræðustóli Alþ., að frá því í ársbyrjun 1960 til ársloka 1969, eða á 10 ára tímabili, yrði gengi íslenzku krónunnar fellt fjórum sinnum og það stórkostlega, að fjárl. mundu á einum áratug áttfaldast að krónutölu, miðað við þær krónur vitanlega, sem gengislækkuninni fylgja, og að hækkunin á fjárl. ríkisins frá einu ári til annars á þessu 10 ára tímabili mundi nema í krónutölu svipaðri upphæð og heildarupphæð fjárl. var árlega á áratugnum 1950–1960, — ef einhver hefði spáð þessu hér í ræðustóli á Alþingi fyrir 10 árum, hvað hefði verið sagt um slíka spádóma? Ég held, að þetta hefði ekki þótt trúlegt. Ég held, að sá maður hefði ekki þótt gæddur spámannsgáfu. Ég held, að hann hefði þótt býsna ósanngjarn og orð hans hefðu ekki verið tekin alvarlega. Nú blasir reynslan við.

Þetta hefur allt saman gerzt á s. l. áratug, sem framhald eða fylgifiskur viðreisnarkerfisins. Og þó að ég dragi það ekki í efa, að hæstv. fjmrh. vilji út af fyrir sig veita aðhald í útgjöldum ríkissjóðs, þá er hann ekki eins og laxinn, sem leitar sterklega á móti straumi og stiklar fossa, svo ég vitni í orð skáldsins. Hann flýtur með straumnum, berst með straumnum. Og hann er að vissu leyti í erfiðri aðstöðu, því hann er að nokkru leyti flæktur í viðreisnarnetinu.

En þegar svo er um aðstöðu velviljaðra, glöggra og góðra manna, er þá ekki ástæða til að taka allt kerfið til endurskoðunar? Og í sambandi við það, að endurskoða þá stefnu um skattaálögur til ríkisins, sem þetta frv. er einn þáttur í? Það er vitanlegt, svo ég vitni nú aftur í orð hins reynda og greinda þm., Haralds Guðmundssonar, sem ég las hér áðan, að áhrif söluskattsins ná ekki eingöngu til hvers einstaks heimilis, heldur hækkar söluskatturinn verðlagið í landinu og gerir útflutningsvörur okkar að því leyti ósamkeppnishæfari á erlendum mörkuðum, þar sem þessi skattur er svo víðtækur og færist út í allt viðskipta- og fjármálakerfið, eins og raun ber vitni um.

Það er því, held ég, alveg augljóst, að það er full ástæða til þess að endurskoða þetta frv. í þessari hv. d., og ég tel víst, að sú hv. þn., sem fær málið til athugunar, leggi sig fram um það, að koma fram breytingum, sem horfa til bóta á þessu frv. og að þessari hv. d. muni að því leyti takast betur en Nd. við afgreiðslu málsins.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. mikið, þó að freistandi væri að gera ýmislegt að umtalsefni, sem tveir hv. þm. hafa hér sagt, en ræður þeirra beggja voru hinar prúðmannlegustu, og ég vil sérstaklega þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir falleg ummæli hans í minn garð persónulega, þó að hann teldi nú, að ég væri illa flæktur í viðreisnarnetinu og léti berast með straumnum, þótt ég gjarnan vildi annað gera. Að vissu leyti má auðvitað segja það, að fjmrh. verði að berast með straumnum. Hann er háður vissri þróun í þjóðfélaginu og verður að sjá fyrir þeim þörfum, sem ætlazt er til að hann sjái fyrir á hverjum tíma varðandi ríkisútgjöld, sem að meginhluta til eru lögbundin og ákveðin af Alþ., eins og við þekkjum. Þá á hann í rauninni ekki nema tveggja kosta völ í þeim efnum: annaðhvort að leggja það til að skerða beinlínis þá þjónustu, sem þjóðfélagsborgararnir búa við samkv. þessum lögum, eða leggja til að draga úr framlögum til svokallaðra verklegra framkvæmda. Í rauninni hefur enginn fjmrh. hér átt annarra kosta völ, hvort sem það hefur verið ég eða mínir fyrirrennarar, sem hafa átt við þennan vanda að glíma.

Hitt er annað mál, að varðandi spádóma þá, sem hann gat um, og hvað sagt hefði verið um þann mann, sem hefði farið að spá því í upphafi viðreisnartímabilsins, að fjárlagaþróun yrði með þeim hætti, sem hann gat þar um, og gengisbreytingar jafntíðar, þá vil ég aðeins segja það, að vafalaust hefði mönnum þá þótt ósennilegt, að það ástand mundi skapast, sem skapazt hefur í þjóðfélaginu og er einstakt meðal allra hliðstæðra þjóða, að útflutningstekjur þjóðarinnar lækkuðu á tveimur árum um 50%. Ég býst við, að engum hefði þótt það sennilegt þá, hvorki stjórnarliðum né stjórnarandstæðingum, að slíkt kynni að koma fyrir á þessu tímabili. Við vitum, að tvær þær gengisbreytingar, sem gerðar hafa verið, stafa af þessum óvenjulegu ástæðum, en ekki fyrst og fremst af verðþenslu innan þjóðfélagsins, eins og hafði átt sér stað með gengisbreytingarnar áður. Þetta veit ég, að hv. þm., sem er mjög glöggur og skýr maður, veit gjörla. Eðli þessara tveggja gengisbreytinga nú og hinna fyrri gengisbreytinga er mjög mismunandi.

Varðandi svo hitt, að fjárlög hafi áttfaldazt á 10 árum, þá er það nú ekki alveg réttur samanburður af þeirri einföldu ástæðu, sem hv. þm. er kunn, þykist ég gjörla vita, vegna þeirrar þekkingar, sem hann hefur á þingstörfum, þingsögu og þróun mála hér, að fjárlög eru auðvitað sett upp með allt öðrum hætti heldur en var fyrir 10 árum. Nú eru í fjárl. nálægt 2000 millj. kr., sem þá voru alls ekki teknar í fjárlög. Þær voru settar inn með hinu nýja fjárlagakerfi, sem nú er upp tekið. Jafnframt er það vitað, að 1959 og 1960 var haldið utan fjárlaga upphæðum, sem reyndust á þeim árum jafnháar fjárl. sjálfum, þannig að í stað þess, að þar væri um 1000 millj. að ræða, voru það rúmar 2000 millj. En þetta er ekki það, sem skiptir öllu máli. Það má deila um þetta fram og aftur. Það, sem skiptir meginmáli í sambandi við, hvort útgjöld ríkissjóðs hafi raunverulega

aukizt með óeðlilegum hætti, er auðvitað sú viðmiðun, hvort ríkið tekur meira í sinn hlut af þjóðartekjum að krónutali, heldur en áður hefur verið. Og það hefur ekki gerzt frá því árið 1950, þrátt fyrir geysilegar hækkanir fjárl. á hverjum tíma, því þjóðartekjur hafa vaxið það mikið, en það er aðeins nú tvö síðustu árin, sem prósentutala ríkisútgjalda af þjóðartekjum hefur aukizt um nálægt 2%, en á þessu sama tímabili hafa þjóðartekjur líka lækkað um 14%. Hv. þm. veit nákvæmlega jafnvel og ég, að það verður ekki gerð sú stökkbreyting í útgjöldum ríkissjóðs, nema með því að stórskerða annaðhvort framlög til verklegra framkvæmda, sem hafa nú beinlínis verið hækkuð á þessum árum, eða þá skerða þjónustulið ríkisins. Sú leið hefur verið valin tvö síðustu árin í öllum þessum erfiðleikum, að reyna í von um, að þetta yrði ekki langt tímabil, sem erfiðleikarnir stæðu, að halda í fullum gangi allri þeirri umbótalöggjöf, sem samin hefur verið bæði í félagsmálum, menntamálum og heilbrigðismálum og veldur langmestum útgjaldaauka frá ári til árs. Það hefur verið reynt að hagga ekki þessari löggjöf, heldur miklu fremur auka við hana, þannig að það er auðvitað ekki að undra, þó að útgjöld ríkissjóðs hækki hlutfallslega eitthvað, sem þó er sáralítið, miðað við þá skerðingu, sem orðið hefur á þjóðartekjum.

Hv. þm. vék að afnámi tekjuskatts á almennum launatekjum og taldi, að illa hefði verið að því staðið. Ég er honum ekki alveg sammála um þetta atriði. Það kann hins vegar vel að vera svo, að það sé rétt að hækka markið, sem þarf að ná til þess að menn komist upp í hámarksskattstiga. Það kann að vera, að það hafi alltaf verið of lágt, og það er þá spurning um það, hvort menn vilja fremur hverfa meira frá beinum sköttum heldur en verið hefur. Hins vegar er það svo, að samkv. núgildandi reglum eru það 243 þús. kr. rúmar, sem hjón mega hafa, áður en þau komast í 27% skattstiga, og er þá innifalinn í því persónufrádráttur 156 800 kr., þannig að það munar kannske ekki öllu, þó talan sé tekin eins og hv. þm. gat um, en vitanlega eru það stór hlunnindi, að persónufrádrátturinn er þarna, sem er ekki borgað neitt af. Það eru vitanlega bara tekjurnar, sem eru umfram þessi 243 þús. kr., sem komast í hæsta skattflokk. Þetta er ekki deiluefni milli mín og hv. þm. Ég taldi aðeins rétt, að þessar tölur kæmu fram, til þess að menn áttuðu sig á þessu. Það kann vel að vera, að það sé ástæða til þess að hækka þetta, og ég skal sérstaklega taka það fram, að í sambandi við staðgreiðslukerfið er það mjög vel athugandi að minni hyggju að hækka verulega upphæðina, sem menn borga sama prósentuskatt af. Það er í sumum löndum þannig jafnvel með staðgreiðslukerfið, að það er ekki látið ná til tekna nema upp að vissu marki, þar sem menn eru í sama prósentuflokki, hver sem sú prósenta er, þ. e. a. s. jöfn prósenta, vegna þess að það er mjög erfitt um vik með staðgreiðslukerfið, ef mismunandi prósentuflokkar eru gildandi. Þetta kemur til álita, þegar að meðferð þess máls kemur, sem ég vona að verði innan tíðar.

Það er alveg rétt, sem kom fram hjá hv. þm. báðum, að með þessu frv. er horfið verulega inn á nýjar brautir, og var reyndar gert upp úr 1960, því þá var horfið meira að óbeinum sköttum frá beinum sköttum. Það er þróun, sem hefur átt sér stað í ákaflega mörgum löndum, og án þess að ég ætli hér sérstaklega að fara að verja Alþfl., þá hefur legið fyrir yfirlýsing um það frá Alþfl., að hann hafi breytt um skoðun í þessum efnum og telji það eðlilegt, sem jafnaðarmannaflokkar hafa gert á Norðurlöndum, að stefna að því að hverfa frá beinu sköttunum í vaxandi mæli og jafnvel stefna að afnámi þeirra á hinum lægri tekjum og að óbeinum sköttum, söluskatti fyrst og fremst, og bæta heldur með tryggingabótum hag þeirra, sem lakast eru settir. Þetta er sú yfirlýsing, sem Alþfl.-menn hafa gefið af sinni hálfu. Þetta sjónarmið fellur í rauninni saman við sjónarmið Sjálfstfl. í þessum efnum. Ég hef samt ekki trú á því, að menn treysti sér til þess að hverfa alveg frá beinum sköttum. Mér finnst sennilegra, að horfið yrði að því, sem mér finnst ekki óráðlegt, að beinu skattarnir yrðu að verulegu eða kannske að öllu leyti á vegum sveitarfélaganna, og væri þá færð yfir til þeirra aukin starfsemi, en óbeinu skattarnir féllu til ríkissjóðs, því það er auðvitað slæmt, að tveir aðilar þurfi að höggva í sama skattstofninn. Að vísu kann þetta að breytast með staðgreiðslukerfinu, því þá verður það einn aðili, sem sér um innheimtu hvort sem er, og síðan verður þessu skipt niður milli sveitarfélaga og ríkis. En það er alveg rétt, að það er horfið frá þessu í öllum nálægum löndum, og vitanlega er gersamlega útilokað fyrir okkur að halda uppi algerlega andstæðri stefnu í aðflutningsgjaldamálum, sem leiðir til algerlega óheilbrigðrar verðþróunar í landinu og hefur í för með sér stórfellda hættu á smygli og alls kyns erfiðleika.

Menn tala mikið um hátollavörur og ónauðsynlegar vörur. Vitanlega er sannleikurinn sá, að þegar við förum að skoða þetta dæmi niður í kjölinn, þá held ég, að menn ættu einhvern tíma að íhuga, — og það veit ég, að jafnfróður maður og hv. 2. þm. Austf. er manna líklegastur til þess að gera, — hverjar þessar ónauðsynlegu vörur eru. Hann sagði hér áðan, að það gerði minna til, þó það væru hærri tollar á byggingarvörum heldur en matvörum. Ég er ekki alveg viss um þetta, vegna þess að þegar til lengdar lætur þurfa flestir að byggja yfir sig, og húsnæðiskostnaðarliðurinn er ekki síður nauðsynjar en margt annað. Hv. 11. þm. Reykv. sagði hér áðan, sem rétt var, að fólk þyrfti fyrst og fremst að borða og klæðast, og það er rétt. Það hefur verið reynt að halda söluskattshækkuninni niðri á nauðsynlegustu framleiðsluvörum hér innanlands, annaðhvort með niðurgreiðslum eða með niðurfellingu á söluskatti, og enn fremur skulum við ekki gleyma því, að tollalækkanirnar hafa í för með sér allverulega lækkun á fatnaði og ýmsum brýnum nauðsynjavörum heimilanna. Það, sem enn er í hátollaflokki, svo að ég veki athygli á einhverju, sem við teljum að þurfi að lækka, eru fjölmörg heimilistæki, sem eru mjög nauðsynleg. Fólk sparar þetta kannske við sig, en allir þurfa að kaupa þetta, í mismunandi ríkum mæli að vísu. Og þeir, sem eru efnaðir, kaupa þetta þá í stærri stíl og borga þá náttúrlega meira fyrir það, þó að það verði horfið að því að hafa þessi geysilega háu aðflutningsgjöld svo mismunandi, sem raun ber hér vitni um. Og ég hygg, að allir þeir, sem hafa skoðað tollskrána, komist að raun um það, að því fer víðs fjarri, að hægt sé að segja, að þar séu einhverjar vörur svo óþarfar, að það sé hægt að hafa þær í geysilega háum tollflokkum. Sumar þessar vörur eru bein-

línis þess eðlis, að það er boðið heim hættunni, að þeim verði smyglað. Það er ekki langt síðan svo var litið á, að nælonsokkar væru lúxusvara. Ég veit nú ekki, hvort kvenfólkið mundi líta þannig á það. Og þá var tollur lækkaður á þeim um helming í einu og það leiddi af sér alveg sömu tolltekjur fyrir ríkið, því verðið á þeim hafði ekki verið í neinu samræmi við verðlag á þessari vöru í nálægum löndum, og hafði þetta þess vegna leitt af sér stórkostlegt smygl. Við skulum taka sem dæmi núna, að það er lækkaður verulega tollur á ljósmyndavörum og filmum. Það má segja, að þetta sé ekki nauðsynjavara, þó að verulegur hluti borgaranna noti hana. En mergurinn málsins er sá, að við erum ekki í neinum vafa um það, að á þessum vörum er um að ræða stórfellt smygl, þannig að við teljum skynsamlegra að lækka þessa tolla, og ég hygg, að tolltekjurnar muni samt ekki minnka af þessum ástæðum.

Svona eru mörg atriði, sem hér koma til greina, og ég held, að við megum ekki afgreiða þetta mál svo „billega" að segja, að hér sé verið að hverfa inn á þá braut að níðast á þeim, sem lakar eru settir. Þetta er stefna, sem fylgt er í öllum nálægum löndum og við komumst ekki hjá að samræma okkar gjöld í verulega ríkum mæli því, sem gildir í þeim löndum, sem við höfum helzt viðskipti við. Hitt er svo alveg rétt, að það þarf auðvitað að gera ýmsar hliðarráðstafanir til þess að bætt sé aðstaða þeirra, sem lakar eru settir, og ég tel, að þær hliðarráðstafanir hafi verið gerðar að ýmsu leyti. Hvort það er í nógu ríkum mæli, það getur okkur alltaf greint á um. En hér er ekki um neina stefnubreytingu að ræða hjá stjórnvöldum í þá átt, að það eigi að reyna að hlynna að þeim, sem betri kjör hafa. Það er síður en svo.

Hvort yfir skellur ný holskefla verðhækkana, eins og hv. 11. þm. Reykv. sagði, þá er það skoðun okkar og von, að það verði ekki, vegna þess að það mætast hér lækkanir og hækkanir sitt á hvað á ýmsum vörum. Innfluttar vörur lækka, iðnaðarvörur lækka einnig hér innanlands vegna stórfelldrar lækkunar á hráefnum til iðnaðarins, og þar verður auðvitað um margvíslegar nauðsynjavörur að ræða, þó að aðrar vörur hækki eitthvað vegna söluskattsins. Þegar það dæmi allt saman verður gert upp, þá er það a. m. k. von okkar við athugun á þessu máli, að hér verði ekki um neina verulega almenna verðlagshækkun að ræða af þessum sökum, þannig að framfærsluvísitalan breytist ekki að neinu ráði vegna þessara breytinga.

Varðandi það, sem snertir laun í ýmsum löndum og samanburð á launum, þá er það nú alveg rétt, sem hv. 11. þm. Reykv. sagði, að slíkur launasamanburður er ákaflega hæpinn, og ég held, að það gefi mjög villandi mynd að halda því fram, að það fólk, sem hann gat um í sinni ræðu, búi við helmingi betri kjör eða jafnvel þrisvar sinnum betri kjör í Danmörku en hér, þegar allt kemur til alls. A. m. k. vill það fólk, sem maður hefur tal af í þessum löndum, ekki segja, að það sé þannig, og það vill verða svo með þá, sem hafa farið til Svíþjóðar, að frádrátturinn reynist anzi mikill, þegar allt kemur til alls, þegar þeir fara að gera upp dæmið, þó að kaupið á pappírnum sé hærra. Þarna kemur ótalmargt til greina, eins og hv. þm. gat réttilega um, þannig að þessar tölur segja ekki alla sögu, þó það sé fróðlegt að heyra þær.

Hitt er allt annað mál, að það væri mjög æskilegt, að hér væri hægt að hækka laun og það allverulega. Ég er alveg sammála hv. þm. um það. Hér er aðeins spurning um það, hvað atvinnuvegir okkar þola. Ég held, að við þurfum ekki að deila um það nokkurn skapaðan hlut, að hverju væri æskilegt að stefna. Ég deili ekki heldur við hv. 11. þm. Reykv. um, að það er nauðsynlegt að bæta kjör opinberra starfsmanna. En mér þykir gott að geta komið fram þeirri leiðréttingu, að það er algerlega villandi sagt frá í Vísi í viðtali, sem blaðið átti við deildarstjóra launadeildar fjmrn., — sem hann að vísu einnig hefur sent blaðinu leiðréttingu á, ég veit ekki, hvort hún hefur verið birt ennþá, en tel rétt, að þetta komi hér fram, — að ríkisstj. hefur ekki lýst yfir nokkrum einasta vilja í eina né neina átt í þessu sambandi, allra sízt þeim að hækka laun einhverra tiltekinna hæst launaðra embættismanna. Hv. þm. veit mætavel, að við höfum bæði sjálfir og okkar starfsmenn verið að vinna að athugun á sérstöku starfsmatskerfi, sem er að vísu ekki ólíklegt, að hækki laun ýmissa þeirra, sem eru kannske í hærri launaflokkum, vegna þess að launamismunur hér er orðinn ákaflega lítill og miklu minni en þekkist í nokkru nálægu landi. Að hve miklu leyti hægt verður að byrja neðan frá og hækka laun þeirra lægstu, skal ég ekkert segja um. En ég hygg, að það sé ekki ágreiningur okkar í milli um það, og það þekkja menn gerla frá deilum háskólamannanna og samtaka þeirra, að hér sé orðið um að ræða óeðlilega lítinn launamun, þ. e. um 2½-faldan launamismun, sem er fjarri því að vera í samræmi við það, sem er á hinum Norðurlöndunum. Þar er launamunur miklu hærri, t. d. í Danmörku, sem hv. þm. vitnaði í. Það er ekkert ólíklegt, að þarna sé á ferðinni visst vandamál. Það er rétt, sem hann sagði, að sumar stéttir hafa rifið sig út úr; stéttir, sem hafa haft sérstöðu í þjóðfélaginu, eins og læknar og verkfræðingar. Þá sögu þekkjum við og skal ég ekki rekja hana hér.

Hins vegar vil ég taka það fram, að það er ekki rétt frá sagt, að fyrir milligöngu ríkisstj. hafi laun flugmanna verið hækkuð á bak við tjöldin. Mér er ekki grunlaust um, að flugfélögin sjálf hafi eitthvað hækkað þau laun. En það voru ekki brotin niður þau brbl., sem ríkisstj. setti, heldur voru þetta samningar, sem við vitum sannast sagna ekki gjörla um, hvernig hafa verið, en þeir munu hafa hljóðað upp á einhver meiri fríðindi heldur en opinberlega kom fram. Það hafa einnig staðið yfir viðræður við blaðamenn, sem mjög hafa borið sig saman við prentara og fréttamenn útvarps og sjónvarps, og kannske verður samið milli vinnuveitenda og launþega um töluverða launahækkun til þessara aðila með þessum samanburði. Þetta eru hin eilífu vandamál, sem um er að ræða, þessi samanburður milli einstakra stétta. En ríkisvaldið hefur að sjálfsögðu ekki komið nærri því máli.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að orðlengja frekar um þetta. Ég tel ekki, að neitt hafi komið fram í þessum ræðum, sem gefi ástæðu til þess að halda uppi neinum deilum. Þær voru, eins og ég sagði, báðar fluttar á hinn prúðmannlegasta hátt og ég hef síður en svo yfir þeim að kvarta. Hér er um mismunandi sjónarmið að ræða, og er ekkert út á það að setja. Menn hafa sínar mismunandi skoðanir, og þeim hefur verið lýst.

Ég þarf ekki að taka það frekar fram, sem ég sagði í upphafi míns máls og get staðfest, að það mun verða framfylgt þeirri stefnubreytingu að lækka aðflutningsgjöld í vaxandi mæli. Það er engin launung á því. Við erum skyldugir til að gera það samkv. samningi okkar við EFTA. Það er vitanlega ekki endalaust hægt að hafa þann geysilega mun á aðflutningsgjöldum frá EFTA-löndum og öðrum löndum, sem mundi verða, ef þau gjöld yrðu ekki smám saman lækkuð. Það verður ekki að fullu gert í þessum áfanga, vegna þess að það samrýmist alls ekki samningum okkar við EFTA að gera það, en þetta er sú stefna, sem við verðum að fylgja, eftir að hafa gerzt aðilar að EFTA, og stefna, sem ég í rauninni tel, að við hefðum hlotið að neyðast til þess að taka upp, hvað sem öllu öðru hefði liðið.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Austf. gat um það í þeirri ræðu, sem hann flutti hér áðan, að sá maður hefði líklega þótt furðufugl, sem hefði staðið hér upp á þingi 1960 og spáð þeim hækkunum, sem orðið hafa á fjárl. þennan áratug. Það hefði verið talið mjög ótrúlegt og hrein fásinna, ef einhver hefði spáð rétt um það fyrir fram. Ef einhver hefði nú viljað gera þetta árið 1960, að spá fyrir um það, hvað fjárl. mundu hækka næsta áratuginn, þá hefði það auðvitað verið geysilega erfitt verk og ekki á færi neins nema manns með einhverja dulargáfu. En fyrir venjulegan mann hefði þá verið eðlilegast að líta á hækkun fjárl. næsta áratuginn á undan. Og hækkun fjárl. á árabilinu 1950—1960 var þannig, að fjárl. eiginlega nákvæmlega fimmfölduðust á þeim tíma. Aftur á móti hafa fjárl. frá 1960—1970 5½-faldazt, þannig að ekki virðist nú svo geysilega mikill munur á þessum áratug og þeim, sem næstur var á undan. En mér heyrðist hv. þm. segja, að þetta hefði áttfaldazt, en ég skil ekki, hvernig hann reiknar það út.

En það var þó svo, að ég sat á þingi þennan vetur, þ. e. 1960, í Ed. og þá töluðu hér ýmsir spámenn, samt sem áður. Ég man eftir því, að einn af flokksbræðrum þessa hv. þm. stóð hér í þessum ræðustóli og spáði Móðuharðindum af mannavöldum. Og ég get vel skilið það, hvers vegna þessi hv. þm. sér ekki ástæðu til að rifja þann spádóm upp.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið. Ég get tekið undir það, sem hér hefur verið sagt af hv. 11. þm. Reykv. og 2. þm. Austf. um þá varhugaverðu stefnubreytingu í tekjuöflunaraðferðum ríkisins, sem er að finna í þessu frv. og boðuð er. Við það, sem þar hefur verið sagt, hef ég engu að bæta.

En mig langaði aðeins til í þessu sambandi að minnast á eitt atriði, sem að vísu má segja, að sé ekki nýtt af nálinni í sambandi við þá hækkun á söluskatti, sem hér liggur fyrir, en þó verður að mínum dómi enn varhugaverðara og athugaverðara, eftir að sú hækkun er komin til greina. Það er sú skipan, sem á er höfð um innheimtu þessa skatts, að það eru hundruð, já, þúsund aðilar gerðir að innheimtumönnum fyrir ríkissjóð. Ég held, að það kerfi, sem þar er um að ræða, sé ákaflega vafasamt og það sé farið inn á ákaflega varhugaverðar brautir með því að gera svo marga aðila að innheimtumönnum fyrir ríkissjóð. Það segir sig sjálft, að það stendur misjafnlega á fjárhagslega hjá þessum aðilum, sem þannig eru gerðir að innheimtumönnum. Þeir eru vissulega misjafnlega færir um að inna þetta hlutverk af hendi, svo að í lagi sé.

Hæstv. fjmrh. minntist á í sinni frumræðu, þegar hann var að ræða um þá heimildargr., sem samþ. var í hv. Nd., að það væri nú svo ástatt í mörgum þeim fyrirtækjum, sem ættu að hafa þessa innheimtu með höndum, að þau hefðu engan kassa og sennilega ekki mikið bókhald öll. Það segir sig nú sjálft, hvernig skil verða á skatti, sem á að innheimta með slíkum hætti. Ég vil að vísu ekki vera með neinar fullyrðingar um það hér, að það hafi verið svo og svo mikil vanskil á söluskatti. Ég hef náttúrlega engin sönnunargögn í hendi um það. En hitt er þó víst, að það er nú almannarómur, að það hafi ekki allt komizt til skila í því efni, og það vil ég segja, að ég hef séð skýrslur um þetta efni staðbundnar við ákveðin landssvæði eða umdæmi, þar sem það hefur verið gert upp og birt, hvað fyrirtæki á tilteknum svæðum hafa skilað í söluskatti. Og ég vil segja, að þær skýrslur hafa vakið athygli og nánast furðu manns, því að þær hafa verið með ólíkindum.

Eins og ég sagði, er þetta ekki nýtt. Þetta hefur alltaf verið svo. En eftir því sem meir verður horfið að þessari skattheimtuaðferð, því meira á ríkissjóður undir henni, ekki sízt þegar söluskattur er hækkaður úr 7½% upp í 11%. Og ef einhver spámaður vildi nú spá því, að söluskattur ætti kannske eftir að hækka eitthvað enn, þá sjá allir, að þarna er um nokkuð varhugavert atriði að ræða. Þess vegna vil ég nú spyrja hæstv. fjmrh. í fullri vinsemd, hvort hann sé virkilega ekki kvíðinn fyrir því, að ætla að byggja á svona kerfi.

Ég viðurkenni það fyllilega, að ríkissjóður verður að fá sitt. Við gerum miklar kröfur á hendur hinu opinbera, og þá verður það auðvitað að fá tekjur til að standa undir þeim kröfum, og ég tel það ekki eftir. En ég geri þá kröfu til skattlagningar og skattheimtu, að þar sé gætt réttlætis og það séu ekki alltaf svo og svo margir, sem sleppa við það að inna af hendi þau gjöld, sem þeim réttilega ber að inna af hendi. En það finnst mér nú vilja brenna við um beinu skattana. En ég ætla nú ekki að fara að tala um það í þessu sambandi, heldur halda mig við söluskattinn. En þar hefur það líka verið haft mjög á orði, að söluskatturinn kæmi ekki allur til skila.

Nú heitir hæstv. fjmrh. því, að það muni verða hert á eftirliti með þessu og það muni verða teknar upp nýjar aðferðir í þessu efni, og mér skildist — það stendur nú víst ekki hér í frv., en það er sjálfsagt gert ráð fyrir, að það verði í reglugerð, — að nú verði krafizt mánaðarskila á söluskatti.

Þá kem ég aðeins að annarri hlið þessa máls, og hún er sú, að ríkið leggur þessa kvöð á allan þennan fjölda aðila, á öll þessi fyrirtæki, að vera innheimtuaðili fyrir það og þau taki ábyrgð á þessu. Er þetta ekki líka umhugsunarefni? Er hægt að leggja það endurgjaldslaust á allar verzlanir, starfsstofur o. s. frv., að þær hafi þetta hlutverk með höndum? Við skulum gá að því, að það er ekki um neitt smáfé að tefla, þegar búið er að hækka söluskattinn upp í 11%. Og ef á að fara að gera

mánaðarskil á þessu, þá verður bókhald þessara fyrirtækja sannarlega að vera í lagi, og það verður hreint ekki lítil fyrirhöfn, að ég ætla, sem þau verða á sig að leggja í sambandi við uppgjör á söluskatti og skil á honum. Það má segja, að þetta hafi nú kannske réttlætzt eða helgazt af því, að menn hafa reiknað með því, að fyrirtækin hefðu þessa peninga í sinni vörzlu nokkuð langan tíma og bæru úr býtum vexti af þeim, og það má vera, að það hafi bætt þeim þetta upp. En þegar á að fara að fylgja þeirri reglu, sem ég tel sjálfsagða, að það séu gerð skil mánaðarlega, þá horfir þetta nokkuð öðruvísi við. En sem sagt, ég vildi vekja athygli á því, að ég tel það orðið umhugsunarefni, ef ríkissjóður ætlar að byggja mikinn hluta af sinni skattheimtu á kerfi eins og þessu, þar sem þúsund fyrirtæki og starfsstofur, — ég veit ekki, hvað margar, — eiga að vera innheimtuaðilar fyrir hann. Það er áreiðanlega ekki kerfi, sem er til fyrirmyndar, og það væri vissulega þörf á því að leita að einhverju öðru kerfi, sem væri byggt upp með öðrum hætti.

Auðvitað er það mikilsvert, að það sé búið að þessu á allan hátt þannig, að það sé öruggt, að söluskatturinn komi allur til skila, því að annað er ranglátt og annað er siðspillandi. Ef það verður almannarómur, að fyrirtæki haldi eftir og stingi í sinn vasa svo og svo miklum hluta af þessum skatti, þá verð ég að segja, að það hlýtur að verka mjög til hins verra á almennt viðskiptasiðgæði í landinu. Þess vegna er mjög mikilsvert, að það sé neytt allra þeirra ráða, sem tiltæk eru, til þess að fá virk skil á þessu. Mér sýnist nú, að hv. Nd. hafi gert bragarbót í því efni með því að samþykkja greinina um heimild fyrir ráðh. til þess að fyrirskipa, að það skyldu teknir í notkun peningakassar, sem auðvelt er að stimpla í öll söluskattsskyld viðskipti, þannig að eftirlitsmenn fjmrn. geti gengið úr skugga um það, að allur innheimtur söluskattur komi fram. En þetta er nú ekki nema heimild fyrir ráðh. Hæstv. ráðh. lýsti því að vísu alls ekki yfir, að hann ætlaði ekki að nota þessa heimild, en hann lýsti frekar vantrú sinni á gagnsemi hennar, og af því gæti maður máske dregið þá ályktun, að hann væri í vafa um, hvort hann ætti að neyta þessarar heimildar eða ekki.

En svo skal ég ekki orðlengja þetta frekar, en vil enn undirstrika þetta atriði, og ég hefði gaman af því og mér þætti það fróðlegt að fá að heyra hugleiðingar hæstv. fjmrh. um þetta efni, því það er alveg útilokað annað en þetta sé mál, sem hæstv. fjmrh. hlýtur að hafa velt mjög fyrir sér.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, úr því sem orðið er, enda er engin ástæða til þess fyrir mig, því það hefur engu verið hnekkt af því, sem ég tók fram í ræðu minni áðan. En ég vil aðeins víkja að tveimur atriðum, sem fram komu hjá hv. 3. landsk. þm., Jóni Þorsteinssyni.

Hann taldi, að ég hefði ekki farið rétt með tölur, þegar ég sagði, að fjárl. á síðasta áratug hefðu áttfaldazt, og segir, að þau hafi 5½-faldazt síðan 1960. Það, sem hér ber á milli, er, að ég miða við fjárl. fyrir árið 1959, ári áður en viðreisnarkerfið kom til framkvæmda, og heildarupphæð þeirra fjárl. er 1 milljarður og 33 þús. kr., en heildarupphæð fjárl. fyrir árið 1970 er rúmir 8 milljarðar. Á þessum tölum byggði ég þau ummæli mín, að fjárl. hefðu áttfaldazt.

Ég skal ekki fara að ræða um fjárlagahækkun á áratugnum 1950—1960. Þar grípur ýmislegt inn í, eins og hæstv. fjmrh. raunar vék að, og er það út af fyrir sig flóknara mál en svo, að ég telji rétt að gera það að umræðuefni hér og nú í þessum fáu orðum. En sú viðmiðun mín að miða annars vegar við árið 1959 og hins vegar 1970 er að minni hyggju alveg hárrétt, því að lög um efnahagsmál, sem eru grundvöllur viðreisnarstefnunnar, tóku gildi í febrúar 1960, og fjárl. fyrir það ár voru vitanlega spegilmynd af því nýja kerfi, sem þá var sett upp.

Þá minntist hv. þm. á ummæli um Móðuharðindi af mannavöldum, og sagði, að hér hefði maður einn gerzt spámaður og haft þessi ummæli hér í ræðustóli Alþingis. Sannleikurinn er sá, að það var þingeyskur bóndi, sem lét þessi orð falla heima í sínu héraði, og einn þm. mælti þau hér fram eða lét þessa getið hér í umr. á Alþ. Sá ágæti fyrrv. þm. er mjög skáldmæltur og litríkur yfirleitt í sínum málflutningi, og það var ekkert óeðlilegt, þó að hann mælti þessi orð hér fram. Hitt vil ég segja, að bókstaflega talað er það ekki rétt lýsing, að hér séu Móðuharðindi af mannavöldum, en mér er enn spurn: Hefði einhver maður spáð því 1960, þegar viðreisnarkerfið var sett á fót, að margar fjölskyldur flyttu héðan af landinu til Ástralíu og annarra landa, svo sem til Svíþjóðar, vegna erfiðrar afkomu og atvinnuleysis, og að hér væri samfellt atvinnuleysi á mörgum stöðum á landinu, hefði það þótt trúlegt, þegar verið var að setja á fót þetta efnahagskerfi, sem þá var grundvallað? Og því segi ég það, að bókstaflega talað er ekki hægt að tala um Móðuharðindi af mannavöldum, en ég álít það hyggilegast fyrir þá, sem styðja núv. ríkisstj., að viðurkenna ástandið eins og það er og gera sér grein fyrir því, að atvinnuleysið, sem menn eiga nú við að búa, og sá fólksflutningur úr landi, sem nú á sér stað, er ekki eðlilegt ástand og ekki til þess fallið að miklast af.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Það er nú augljóst mál, að ekkert efnahagskerfi getur tryggt það, að allir landsmenn hafi fulla atvinnu heilan áratug, þannig að aldrei komi til atvinnuleysis, og það er þess vegna mjög mikill misskilningur hjá hv. stjórnarandstæðingum að álíta, að atvinnuleysið, sem hér varð mest í fyrra, stafi af efnahagsstefnunni. Það stafaði af sérstökum áföllum, sem ekki var hægt að ráða við, en eru nú góðar horfur á, að verði ráðin bót á. Hitt er svo annað mál, að þegar núv. ríkisstj. tók við, spáðu framsóknarmenn og stjórnarandstaðan atvinnuleysi. Og það má segja, að sá spádómur hafi þó, sem betur fer, ekki rætzt fyrr en árið 1969.

En um þessa deilu um fjárl. og fjárlagaupphæðina, þá undra ég mig á því, að jafnglöggur maður og hv. 2. þm. Austf. skuli telja 11 ár í áratugnum. 1959—1970 eru 11 ár. Og það er ekki heldur eðlilegt að miða við fjárl. 1959, því þá var hér tvenns konar kerfi, þ. e. annars vegar voru fjárl. og ríkissjóður, en hins vegar útflutningssjóður, sem hafði sínar tekjur og gjöld og létti á ríkissjóði. Þetta var fært í eitt kerfi með fjárl. 1960. Þess

vegna er það hrein blekking að tala um árið 1959, þótt ekki kæmi annað til, auk þess sem verður auðvitað að hafa 10 ár í áratugnum. Það er að mörgu leyti eðlilegt að taka einmitt áratuginn 1950—1960, því bæði þessi ár byrja á verulegum gengisfellingum. Þess vegna væri það sambærilegt. Það er því algerlega rangt, að fjárlagaupphæðir hafi áttfaldazt á s. l. áratug, þær hafa 5½-faldazt, en á áratugnum þar á undan fimmföldust þær.

Kristján Thorlacius: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. neitt að ráði. Það voru aðeins örfá atriði, sem fram komu í ræðu hæstv. fjmrh., sem mig langaði að minnast á.

Hæstv. ráðh. leiðrétti það, sem hann kallaði missögn, í frásögn dagblaðsins Vísis um afstöðu ríkisstj. til launamála hinna hæst launuðu embættismanna hjá ríkinu. En í sama orðinu kom það fram hjá hæstv. ráðh., að hann teldi allar líkur á því, að ríkisstj. mundi sjá sér fært að taka undir launakröfur þeirra, sem hæst eru settir í launakerfi ríkisins. Hins vegar gat ég ekki betur skilið ráðh. en hann drægi það mjög í efa, að unnt yrði að verða við öðrum launakröfum af hálfu opinberra starfsmanna heldur en þeirra, sem í hæstu launaflokkunum væru, og háskólamanna.

Ég er sammála því, að leiðrétta þarf laun háskólamanna. En það er sannarlega ekki síður þörf á að hækka verulega laun þeirra annarra, sem lægst eru launaðir, og þeirra, sem hafa miðlungslaun hjá ríkinu. Ég vil í þessu sambandi leggja áherzlu á það, að um margra ára skeið hefur það verið og er enn stefna BSRB að tryggja laun almennt, þannig að telja megi, að allir opinberir starfsmenn hafi lífvænleg laun, en jafnframt verði hæfilegt launabil innan launakerfis ríkisins. Það er vissulega rétt, að þetta launabil er nú orðið of lítið hér á landi, miðað við það, sem tíðkast í nágrannalöndum okkar. En ég vil leggja áherzlu á það, að ég tel það siðferðisskyldu, að fyrst sé hugsað um það, að menn geti lifað af launum sínum, allur almenningur í launastétt. Það er frumskyldan. En það er einnig þjóðfélagsleg nauðsyn, að það sé hæfilegt bil milli launaflokka, þannig að eftirsóknarvert sé að afla sér menntunar og taka á sig ábyrgð, sem því fylgir, að vera í ýmsum ábyrgðarstöðum og sérfræðingsstöðum hjá ríki og sveitarfélögum.

Hæstv. fjmrh. minntist á, að það hefði verið og væri stefna ríkisstj. að hverfa frá beinum sköttum til óbeinna, og gat þess í leiðinni, sem áður hafði komið fram í aths. við frv. til tollskrárlaga, sem nú liggur fyrir Alþingi, að stefnan væri sú, að hverfa frá aðflutningsgjöldum yfir til söluskatts. Það gegnir ekki alveg sama máli að mínum dómi, hvort horfið er frá beinum sköttum yfir til aðflutningsgjalda eða hvort horfið er til söluskatts eingöngu. Það er hægt að innheimta mismunandi gjöld, eins og gert er, með aðflutningsgjöldum af ýmsum vörutegundum, því þannig geta hinir verr settu kjaralega slegið því á frest eða látið það vera að kaupa ýmsar hinar tollhærri vörur, a. m. k. í bili, ef þeir hafa ekki efni á því. En því verður ekki slegið á frest, að kaupa brýnustu lífsnauðsynjar. Þess vegna tel ég það ekki koma til mála að færa innheimtu ríkissjóðs algerlega yfir á söluskattinn. Mér sýnist, að í þessu sambandi skipti engu máli, hvort aðrar þjóðir í nágrenninu hafa þetta á þennan veg. Ég sé ekki, að við þurfum að haga okkar tollakerfi og tekjuinnheimtukerfi nákvæmlega á sama hátt og aðrar þjóðir gera, því að aðstæður eru hér mjög með öðrum hætti en hjá ýmsum öðrum þjóðum. Og ég verð að segja það, að í sambandi við þær tollalækkanir, sem nú eru framkvæmdar, óttast ég mjög að þessar lækkanir komi ekki til skila til neytendanna, og það finnst mér mjög alvarlegt mál. Auðvitað á það eftir að sýna sig. En mér fyrir mitt leyti finnst það miður og ekki rétt, að stjórnarmeirihl. skyldi í Nd. fella þær till., sem áttu einmitt að reyna að tryggja það, að þessar tollalækkanir kæmu til skila til neytendanna, og finnst mér það satt að segja nokkuð grunsamlegt.

Um það, hvort ríkisstj. hefur verið með í ráðum við samninga við flugmenn, skal ég ekki fullyrða. En hitt hef ég þó fyrir satt, að þau mál hafi verið afgreidd á sameiginlegum fundum samgmrh. og samningsaðila. Ég skal ekki fullyrða þetta, en þetta er almannarómur. Og ef svo er, þá finnst mér ólíklegt, að þar hafi ekki komið til einhvers konar tilfæringar, sem ríkisstj. hefur a. m. k. vitað af.

Það er orðið mjög áberandi í seinni tíð í sambandi við launa- og kjaramál í þessu landi, að þeir samningar, sem gerðir eru, og hliðarsamningar, eru ekki birtir opinberlega og ákaflega illt í þá að ná og fá upplýsingar um þá. Tel ég þetta mjög slæma stefnu, því ég lít svo á, að almenningur í landinu eigi skilyrðislausa kröfu á að fá upplýsingar um þau launakjör, sem gilda í landinu, þannig að mönnum sé ekki mismunað í þessu efni, bæði af stjórnarvöldum og öðrum aðilum.

Það voru aðeins þessi atriði, sem ég vildi minnast á. Ég skal ekki lengja þessar umr. að ráði, eins og ég sagði, en læt máli mínu lokið.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að hafa hér mörg orð um, en vildi þó vegna ummæla hv. 11. þm. Reykv. núna benda á, að það er mín skoðun og skoðun sósíalista víðar nú, að það er nauðsyn að halda uppi eðlilegri samvinnu milli þjóðfélaga, bæði hér í Evrópu og víðar, og eðlilegt að breyta um þá stefnu, sem ríkt hefur marga áratugi, að hvert þjóðfélag loki sig inni með tollmúr. Reynslan hefur orðið bitur af því, og menn hafa lært af henni, að það er ekki heppilegasta leiðin að búa til tollskrá, sem er þannig, að tekjur af innfluttum vörum nema jafnvel yfir 100%, og vörurnar svo metnar eftir ýmsum aðferðum, eftir því hvað nauðsynlegt sé og hvað ekki. Alltaf má deila um, hvað rétt er og hvað rangt í því efni, en reynslan sýndi það, að menn urðu að fara inn á einhverjar aðrar brautir til þess hreinlega að forðast kreppu.

Hvort söluskatturinn leysir þann vanda endanlega eða ekki, skal ég ekki segja um. Og ég vil einmitt taka undir orð formanns Framsfl., sem benti á þá annmarka, sem mér finnst einna verstir við söluskattinn, en það er, hversu margir gerast innheimtumenn ríkissjóðs. Það er stærsti ókosturinn, því að það tryggir okkur ekki fulla innheimtu. Þess vegna er það höfuðatriði, að vel sé gengið frá reglunum um innheimtu og við náum öllum skattinum inn. En það er mín skoðun, að við getum ekki

haldið áfram notkun á slíkri tollskrá, eins og verið hefur í gildi hér á Íslandi undanfarna áratugi, sem hafði geysiháa innflutningstolla, og ætlast svo jafnframt til þess, að við fáum tollfrían innflutning á okkar vörum til hinna sömu þjóða, þegar við skattleggjum þeirra vörur svo óhemjulega.

Auðvitað skildi formaður Framsfl. nauðsyn þess, að ríkissjóður hefði sínar tekjur. Það væri nú annaðhvort, því að fyrrv. formaður þess flokks er búinn að vera lengur í ráðherrastóli og þar af fjmrh. en nokkur annar. Vandamálið er, með hvaða móti við öflum þessara tekna. Sem betur fer hafa menn skilið það, að eðlileg viðskipti eru stórkostleg kjarabót, og það er jafnan hagsæld í því landi, þar sem frjáls verzlun ríkir og menn loka sig ekki inni í aflæstu þjóðfélagi, umgirtu tollmúr. Hvort þessi kenning leysir allt úr læðingi til farsældar, það skal ég ekki segja neitt um.

Menn hafa verið að tala hér um spádóma, en þetta er þó það skref, sem hefur af fjölda þjóða og að margra manna yfirsýn verið talið skynsamlegt að stíga. En auðvitað er í þessum málum sem öðrum ekkert ráð svo einhlítt, að það leysi allan vanda. Rétt aðeins vil ég drepa á það, að spádómar um þenslu í ríkisbákninu segja auðvitað ekki alla söguna, ef maður víkur að orðaskiptum 2. þm. Austf. og 3. landsk. þm., vegna þess í fyrsta lagi, að á einum áratug hefur þjóðinni hér fjölgað um nærri 40 þús. manns og aukning í ríkisbúskap hlýtur þess vegna eðlilega að eiga sér stað. Að öðru leyti má á það benda, að fjárlög hljóta að sveiflast nokkuð til, eins og hjá einstaklingum, eftir velgengni. Við aukum okkar útgjöld og veitum okkur meira, þegar vel árar. Og það gekk hér mikið góðæri yfir í nokkur ár, og þá var mjög eðlilegt, að það yrði veruleg þensla í ríkisbúskapnum.

Framsóknarmenn hafa jafnan verið miklir spádómsmenn, og ég man eftir því í Tímanum, að þeir sáu fyrir, að það kæmi síld á Austfirði, og lögðu til, að þar yrðu reistar margar verksmiðjur, og hældust þeir mjög yfir því. Þeir sáu líka fyrir, að 9 árum síðar, frá 1960, yrði mikið atvinnuleysi á Íslandi. En það væri gaman að heyra, hverju þeir spá um ástandið hér 1975 eða 1979. Nú standa þessar verksmiðjur hálftómar, síldin kom ekki, og það kom ekki einu sinni ein einasta síld á land á Siglufirði í sumar, sem er í frásögur færandi.

Vandamálið er það, að við búum nú einu sinni hér á eylandi norður í höfum, við misjafnt veðurfar og við misjafnan afla. Svo erum við með þá tilburði hér á hv. Alþ. að reyna að draga úr þessum sveiflum. Okkur tekst auðvitað misjafnlega vel til, eins og öðrum dauðlegum mönnum. En við stefnum að því sama: að reyna að skapa eðlilegt jafnvægi á milli áranna.

Ég vil undirstrika það, sem kom fram hjá hv. 11. þm. Reykv., að það er auðvitað krafa okkar allra og viðleitni, að menn hafi mannsæmandi tekjur og skilyrði til að lifa. Vandamálið er, hversu meta skal slíkt. En hann gerði hér nokkurn samanburð við erlenda aðila og drap á aðeins eitt þjóðland. Ég sá það í stórri grein ekki alls fyrir löngu, þar sem ritað var um landflótta menntamanna frá Englandi til Bandaríkjanna, að þeir missa þar geysilegan fjölda færra manna vegna tekjumismunar. Þeir missa meira að segja menn til Sviss vegna tekjumismunar, og mér er ekki örgrannt um, að Danmörk eigi við svipað vandamál að etja. Þetta er vandamál lítilla þjóða í dag, vegna þess að maður, sem hefur lært og er verkfræðingur eða læknir, hann er orðinn gjaldgengur hvar sem er í heiminum, og meti hann aðeins sínar persónulegu þarfir fram yfir það, sem hann getur fengið heima hjá sér, þá hefur hann góðar og gildar ástæður til þess að fara þangað sem honum líður bezt, ef hann metur tekjurnar einar sér. En viðleitnin hér á Íslandi til að tryggja mönnum góð kjör verður að vera hin sama og verið hefur og við öll keppum að, við deilum aðeins um, hvaða leiðir skuli fara.

Þótt söluskatturinn komi auðvitað misjafnt niður verður ekki fram hjá því gengið, að hann ræður ekki úrslitum um lífvænleg kjör hér á Íslandi, því blessunarlega eru hér millifærðar hátt á annan milljarð kr., til þess að jafna aðstöðu manna, sem vegur hér nokkuð á móti. Hvort það er hægt að gera meira af því eða minna, um það má alltaf deila. Ég hefði verið ánægður, ef millifærslan gegnum almannatryggingarnar hefði verið mun meiri, en svo reyndist ekki. Við erum búnir að ganga frá fjárlögum og úr því verður ekki bætt í ár, en vonandi lagast þetta nú og við fáum betra árferði. Þá höfum við möguleika á því að millifæra meira. En niðurstaðan verður sú, að þetta mun koma nokkuð misjafnlega niður. Það mundi, a. m. k. til að byrja með, koma þyngra niður á nýlenduvörum, því þær eru ekki EFTA-vörur, og aukning á söluskatti þar mundi hækka vissa vöruflokka, en svo mundu aftur aðrir lækka, sem eru orðnir talsvert notaðir í dag af fjölda manns. Okkur er líka sagt af sérfræðingum í vísindalegum útreikningum, að vísitalan sem slík muni sáralítið eða ekkert hreyfast. En þetta gildir auðvitað um ákveðna neyzlusamsetningu.

Ég held, að ég þurfi ekki að bæta miklu við þetta. En það hefur ekki verið minnzt á þá tekjuöflunarleið, eða a. m. k. mjög lítið, sem annars staðar er verið að impra á og sums staðar hefur verið tekin upp, en það er virðisaukaskatturinn. Ég veit ekki, á hvaða stigi það mál er hér á Íslandi, hvort það hefur verið athugað sérstaklega, en ekki er ósennilegt, að það stig sé æskilegri tekjuöflun heldur en almennur neyzluskattur, eins og lagður er á hér á Íslandi í dag.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 30. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 287, n. 313 og 316, 317).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 44. fundi í Ed., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft til meðferðar það frv., sem hér liggur fyrir, en eins og nál. þau, sem útbýtt hefur verið, bera með sér, hefur hún ekki náð samstöðu um málið, þannig að við 4 nm., sem stöndum að nál. á þskj. 313, leggjum til, að frv. verði samþ. óbreytt. 2 nm. tjáðu sig

andvíga frv. og hafa skilað séráliti og lagt fram gagngerðar brtt., en 1 nm., hv. 4. þm. Norðurl. e., var fjarstaddur sökum veikinda, þegar málið var afgreitt.

Eins og hv. þdm. er kunnugt og fram kemur í grg. hæstv. ríkisstj. fyrir frv., þegar það var lagt fram, er aðalástæðan fyrir þeirri hækkun söluskatts, sem lögð er til með frv., sú að bæta ríkissjóði það tekjutap, sem hann verður fyrir vegna þeirrar tollalækkunar, sem nauðsynleg er vegna EFTA-aðildar. Hv. stjórnarandstæðingar, sem lagzt hafa gegn frv. þessu, viðurkenna a. m. k. að nokkru þörf tekjuöflunar í stað tollteknanna, sem niður falla, en segja, að aðra leið beri að fara í því efni en þá að hækka söluskattinn. Nú býst ég við því, að það mundi vefjast talsvert fyrir hv. stjórnarandstæðingum, ef þeir ættu að gera ákveðnar till. um það að afla þótt ekki væri nema 500 millj. kr. í ríkissjóð eftir öðrum leiðum en þeirri að hækka söluskattinn. Skal ég ekki gera þeim það til skapraunar að pressa þá upp í krók, hvað það snertir. En mér finnst, að þær till., sem fram koma í nál. hv. minni hl., séu alls kostar ófullnægjandi varðandi þetta atriði.

Rökin gegn því að nota söluskattinn sem skattstofn eru þau, að þar sem söluskatturinn leggst hlutfallslega jafnt á öll neyzluútgjöld, þá hljóti hann að hvíla tiltölulega þyngra á efnaminna fólki heldur en hinu efnameira. Sé yfir skamman tíma litið, er þetta að vísu að því leyti rétt, að sá hluti teknanna, sem sparaður er, sleppur við skattinn. En gera má ráð fyrir því, að efnafólk spari stærri hluta tekna sinna en hið efnaminna. Að því slepptu, að í landi eins og okkar, þar sem fjármagn skortir tilfinnanlega, má færa góð rök fyrir því, að skynsamlegt sé að hvetja fólk til þess að spara, þá ber þess að gæta í þessu sambandi, að þeir, sem leggja einhvern hluta tekna sinna fyrir, taka sparifé sitt ekki með sér yfir í eilífðina. Tilgangur sparifjársöfnunar einstaklinga er því að jafnaði sá að nota peningana til einhvers síðar, og þá verða þeir auðvitað að greiða söluskatt. Er til lengdar lætur, greiðist söluskattur því að jafnaði hlutfallslega jafnt af öllum tekjum.

Nú er ég að vísu sammála hv. 11. þm. Reykv., sem hér talaði við 1. umr. málsins, um það, að skattaálagningin í heild eigi að vera stighækkandi miðað við efnahag, ef stighækkunin gengur þá ekki út í þær öfgar, að hún lami alveg hvöt manna til þess að afla sér tekna. Það má nefna í þessu sambandi, að það var reiknað út áður en skattalagabreytingin var gerð 1960, að fyrir fiskisæla skipstjóra borgaði það sig ekki að vera lengur en hálft árið á sjó, því að allar tekjur, sem þeir ynnu sér inn umfram þetta, færu óskiptar í skatt, eins og skattstigar voru þá. En nú hefur, eins og kunnugt er, verið ráðin á þessu nokkur bót, og skal það ekki rætt frekar. En stighækkun skattaálagningar í heild þarf ekki að þýða það, að allir þeir skattstofnar, sem notaðir eru, séu stighækkandi, og í nágrannalöndum okkar hefur sú leið verið farin, sem kunnugt er, hvað óbeinu skattana snertir að leggja annars vegar á söluskatt, sem er hlutfallslega jafn af öllum neyzluvarningi, en skattleggja sérstaklega tilteknar vörutegundir, sem litið er á sem munaðarvöru, svo sem áfengi, tóbak, einkabifreiðar o. fl. Eru söluskattar þó þar sem kunnugt er allmiklu hærri en hér á landi, og verður svo jafnvel eftir þá hækkun, sem hér er lagt til að verði gerð á söluskattinum. Það eru jafnaðarmannastjórnir á hinum Norðurlöndunum, sem yfirleitt hafa beitt sér fyrir þeirri breytingu á skattakerfinu að lækka aðflutningsgjöld og beina skatta, en hækka í þess stað söluskattana, og verður því tæplega haldið fram, að þær hafi gert slíkt í fjandsamlegum tilgangi við verkalýðinn.

Því var haldið fram við 1. umr. þessa máls af þeim hv. stjórnarandstæðingum, sem þá tóku til máls, að sú tilfærsla skattanna, sem hér um ræðir, þýddi kjaraskerðingu fyrir almenning og aukna dýrtíð. Þetta er ósannað mál, svo að ekki sé meira sagt. Það hefur verið upplýst, að vísitala framfærslukostnaðar muni haldast óbreytt eða því sem næst, þrátt fyrir þessar aðgerðir. Slíkri staðhæfingu til grundvallar verður því að leggja einhvern annan mælikvarða en vísitölu framfærslukostnaðar, og hver er sá mælikvarði annar? Nú er það svo sem kunnugt er með þá vísitölu, sem nú er notuð, að um hana varð samkomulag milli ríkisstj. og aðila vinnumarkaðarins á sínum tíma, og þess má geta, eða á það má minna réttara sagt, að verkalýðssamtökin töldu sér svo mikinn hag í því, að hinn nýi vísitölugrundvöllur væri upp tekinn, að segja má, að þau hafi fært töluverðar fórnir í því skyni, því að samkv. gildandi vísitölu og gildandi kjarasamningum bar þeim 1. des. 1967 6% hækkun á vísitöluuppbót, en samkv. nýju vísitölunni aðeins rúmlega 3%, svo að að vissu leyti mátti segja, að þarna væri um fórn að ræða. En með því var það undirstrikað, sem ég tel út af fyrir sig alveg rétta afstöðu frá hagsmunasjónarmiði þeirra aðila, sem þarna áttu hlut að máli, að þessi samtök hafa talið sér breytinguna í hag. En ef þessi vísitala er nú alröng og vanmetur þær verðhækkanir, sem verða af völdum þessara skattabreytinga, þá kemur spurningin um það, hvaða mælikvarða annan á að nota þarna. En það hefur ekki komið fram.

Það kom einnig fram í ræðum þeirra beggja, hv. 11. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Austf., að þeir virtust líta á það sem sjálfsagðan hlut, að lækkun aðflutningsgjalda þýddi aðeins verðlækkun munaðarvöru, sem einkum væri keypt af efnafólki, en þá um leið samsvarandi hækkun nauðsynja vegna söluskattsins. Ég dreg satt að segja mjög í efa, að þessi staðhæfing eigi sér nokkra stoð í veruleikanum. Það er að mínu áliti síður en svo víst, að efnafólk noti tiltölulega meira af aðfluttum vörum en þeir efnaminni. Þvert á móti má færa þau rök fyrir hinu gagnstæða, að munaður er öðru fremur fólginn í kaupum á ýmiss konar þjónustu, svo sem skemmtunum, ferðalögum utan lands og innan o. s. frv., en miklu síður í kaupum á þeim vörum, sem nú verður einkum verðlækkun á, svo sem fatnaði, búsáhöldum o. fl. Hitt skal tekið fram, að úr þessu yrði auðvitað aldrei fyllilega skorið, nema gerð væri sérstök rannsókn eða athugun á skiptingu neyzluútgjalda fólks í mismunandi tekjuflokkum. En ég endurtek það, að ég tel það algerlega ósannað mál, svo að ekki sé tekið dýpra í árinni, að þessi breyting þurfi að vera efnaminna fólkinu í óhag. Enda væri það svo, að ef þessi skoðun, sem hv. þm. héldu fram við 1. umr. málsins, væri rétt, þá bryti það mjög í bága við það, sem þessir sömu þm. hafa haldið fram við önnur tækifæri, og hef ég þar í huga gengisfellingar. Þegar þær hafa verið framkvæmdar, þá hygg ég það ekki rangt með farið, að þessir sömu þm. hafi

talið, að gengisfelling bitnaði einmitt sérstaklega á lágtekjufólki. En ef það væri svo, að það sé fyrst og fremst efnafólk, sem nota þarf aðfluttar vörur, þá ætti gengislækkun einmitt ávallt að vera tilvalin leið til að leggja byrðarnar á breiðu bökin, eins og það er orðað. En eins og ég sagði, held ég, að það sé rétt munað hjá mér, — það mundi þá leiðréttast, ef ég fer rangt með, — að hvorugur hv. þm. var þessarar skoðunar, þegar gengið var fellt á s. l. ári.

Nú er ég auðvitað ekki að halda því fram, að það eigi að greiða sömu aðflutningsgjöld af öllum varningi, sem inn er fluttur. Auðvitað er rétt að mismuna þar að vissu marki. En sá mikli mismunur, sem verið hefur á aðflutningsgjöldum hér á landi eftir því, hvort þær hafa verið taldar meira eða minna nauðsynlegar, hefur haft margvísleg óheppileg áhrif, sem að mínu áliti gera meira en að vega upp á móti þeim kostum, sem slíkt kann að hafa í för með sér. Og vil ég þá í fyrsta lagi nefna það, að það er alveg afstætt hugtak, svo að ekki sé meira sagt, hvað er nauðsynlegt og hvað er munaður, þannig að enginn viðurkenndur mælikvarði er til á það, hvernig greina beri þarna á milli, og jafnvel þó að slíkur mælikvarði væri til, mundi hann ábyggilega vera sí-breytilegur eftir mismunandi neyzluvenjum.

Í öðru lagi má í þessu sambandi benda á hættuna á smygli í stórum stíl, sem er bein afleiðing hinna geysiháu tolla, sem voru hér í gildi fram að tollalagabreytingunni árið 1961, en sú tollalagabreyting var einmitt sett til höfuðs smyglinu. Þrátt fyrir hana má segja, að enn sé pottur brotinn í þessu efni. Að þessu var vikið í ræðu hæstv. fjmrh. við 1. umr. málsins. Ég get samt ekki stillt mig um að bæta því þar við, að minna á upplýsingar, sem hæstv. fyrrv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, gaf hér í hv. d., þegar málið var til meðferðar fyrir hér um bil 9 árum, og ber þá aftur á góma hina margumtöluðu nælonsokka. Hann sagðist hafa spurzt fyrir um það hjá Hagstofunni, hvað innflutningur á nælonsokkum hefði verið mikill s. l. ár. Um það höfðu engar innflutningsskýrslur borizt, þannig að hvað þessa vörutegund snerti var samkvæmt hagsskýrslum innflutningurinn ekki neinn. En ég minnist þess ekki að hafa hitt nokkurn kvenmann, sem ég tók eftir að væri í öðru en nælonsokkum. Hefði svo verið, að þær væru almennt farnar að ganga í íslenzkum ullarsokkum, hefði maður vafalaust tekið eftir því. En vera má, að einhver hv. þm. sjái ástæðu til þess að leiðrétta þessi ummæli mín. Innflutningurinn var sem sagt enginn, en þó vitað, að um verulega neyzlu á þessari vöru var að ræða, því eins og ég sagði, þá gengu allar konur a. m. k. hér á Reykjavíkursvæðinu í nælonsokkum. Þegar búið var að lækka tollinn verulega, þá hafa þeir, sem þessar vörur fluttu inn, talið, að áhættan við smyglið væri orðin of mikil, þannig að þeir völdu þá leiðina að láta þetta ganga gegnum tollyfirvöld, eins og annan innflutning.

Þetta var nú annað atriðið, en í þriðja lagi, og það tel ég ekki það þýðingarminnsta, af því að það er atriði, sem oft sést yfir í þessu sambandi, þá hljóta hin geysilega misháu aðflutningsgjöld að hafa mjög óheppileg áhrif á uppbyggingu iðnaðarins, því það hlýtur nú einu sinni að vera þannig með alla tolla, sem á eru lagðir, hvort heldur tilgangurinn með þeim er að afla fjár til ríkisins eða að vernda innlenda framleiðslu, að þeir hafa verndaráhrif. Af þessu leiðir þá, að það, hvað iðnaðurinn eigi að hafa mikla tollvernd, mundi vera metið með tilliti til þess, hvort framleiddar eru óþarfavörur eða nauðsynjar, þannig að þeim mun meiri óþarfi sem er framleiddur, þeim mun meiri verður tollverndin, og svo öfugt. Mér kæmi það mjög á óvart, ef allir hv. þdm. væru ekki sammála um það, hvað sem öllu öðru líður, að slík stefna í verndartollamálum er auðvitað mjög óheilbrigð og óeðlileg. Ég fjölyrði nú ekki meira um þetta.

Í þeim ræðum, sem þessir tveir hv. þm., sem ég nefndi, fluttu hér við 1. umr., var komið allvíða við, þannig að segja mátti, að með því væru hafnar almennar stjórnmálaumræður, sem ég vil ekki taka þátt í hér, því ég tel það ástæðulaust. En ég get þó ekki látið hjá líða, því það vakti sérstaka athygli mína, að fara aðeins örfáum orðum um þær tölulegu upplýsingar, sem hv. 11. þm. Reykv. gaf um launakjör í Danmörku. Ég dreg ekki í efa, að með þessar tölur hafi rétt verið farið, og víst er um það, hvað sem öllu öðru líður, að nú munu launatekjur í Danmörku yfirleitt vera hærri heldur en hér á landi, mælt í raunverulegum verðmætum. Svo er samkvæmt OECD-skýrslunni, sem liggur á borði hv. þm., en þar er um nýja skýrslu að ræða. En í þeirri skýrslu, sem gefin var út fyrir 2–3 árum, var niðurstaðan sú, að raunverulegar þjóðartekjur á mann hér á landi væru allt að því 20% hærri en í Noregi eða Danmörku.

Nú álít ég, að þetta megi ekki taka of alvarlega, því góð rök má færa fyrir því, að íslenzka krónan hafi á þeim tíma verið ofmetin. Hitt mundi sennilega ekki vera fjarri lagi, að á þessum tíma hafi raunverulegar þjóðartekjur á mann hér á landi verið svipaðar og í Danmörku og Noregi. En ef við berum okkur saman við Danmörku nú, þá hefur sú þróun orðið, eins og kunnugt er, vegna óviðráðanlegra áfalla, sem þjóðarbúskapur okkar hefur orðið fyrir, að þjóðartekjurnar hafa lækkað um 15—20%, en á þessum sama tíma hafa Danir búið við jafnan hagvöxt, u. þ. b. 4—5% á ári, svo það er auðvitað óhjákvæmilegt, að þessi munur komi fram í launakjörum. Hitt er svo annað mál, að þær tölur, sem hv. þm. fór hér með, — og það kom raunar fram hjá honum, að hann gerði sér það ljóst að vissu marki, — ofmeta mjög þann mun, sem hér er um að ræða. Stærsti liðurinn, sem þarf að leiðrétta við slíkan samanburð, er, að beinir skattar í Danmörku eru allt aðrir og miklu hærri en hér. Þó að menn kvarti að vísu yfir beinu sköttunum hér, þá er það ekki sambærilegt við það, sem er í Danmörku og á öðrum Norðurlöndum, enda verða þessar þjóðir, sem hafa sama og engin aðflutningsgjöld, að bæta sér það upp með einhverju móti. Varðandi Danmörku skal ég upplýsa það, að samkvæmt þeim skattstigum, sem giltu 1965, — og ég veit ekki til þess, að róttæk breyting hafi orðið þar á síðan þá, — var mönnum gert að greiða til ríkisins 70% af þeim tekjum, sem voru yfir 25 þús. danskar kr., en það jafngildir um 300 þús. ísl. kr., og allt upp í 110%. Þetta voru aðeins beinu skattarnir til ríkisins, en hér við bætast tekjuútsvörin, sem að vísu eru til muna lægri en hér á landi, en námu þó 10—15%, að því er ég bezt veit, svo hér er auðvitað um alveg ósambærilega hluti að

ræða. Þó er rétt að það komi fram í sambandi við þetta, að þetta jafnast nokkuð út, vegna þess að í Danmörku eru allir skattar frádráttarbærir, en hér eru það aðeins útsvörin, eins og kunnugt er. Það er þó auðsætt, að hér er um allt annað að ræða, og það verður að taka þetta inn í dæmið, ef bera á saman kjör launþega í Danmörku og á Íslandi.

Svo er önnur spurning í þessu sambandi, en það er verðlagið. Ég man ekki betur en að á s. l. hausti hlustaði ég á útvarpsviðtal einmitt við hv. 11. þm. Reykv., sem hafði þá dvalið um nokkurt skeið í Danmörku, og þar svaraði hann því til aðspurður um, hvort verðlag væri hærra í Danmörku eða hér, að sér fyndist, að svo mundi vera, og það held ég sé rétt, að öðru leyti en því, að auðvitað er samanburður á verðlagi í mismunandi löndum ákaflega erfiður. Í Danmörku er öll þjónusta yfirleitt dýrari heldur en hér, og það stafar m. a. af hærra kaupgjaldi. Aftur á móti er ýmiss konar búðarvarningur, eins og fatnaður, búsáhöld, smávarningur o. þ. h., ódýrari þar, en það stafar af lágum aðflutningsgjöldum. Í heild hygg ég þó, að sú skoðun, sem kom fram hjá hv. þm. um þetta, sé rétt, og dregur það eðlilega úr þeim mun á raunverulegum kjörum, sem hér er um að ræða. Aftur á móti gáfu þær tölur, sem hv. þm. tilfærði, rétta mynd af öðru, nefnilega því, að launamismunur í Danmörku er til mikilla muna meiri en hér á landi, þó að þetta jafnist að vísu nokkuð vegna hinna geysiháu skatta, sem þar er um að ræða. Að öðru leyti skal ég ekki ræða kaupgjaldsmálin.

Hv. 11. þm. Reykv. undirstrikaði það mjög, að þörf væri mikilla kauphækkana. Það mundi ég í sjálfu sér geta tekið undir, ef hægt væri að sjá fyrir því, að þessar kauphækkanir, sem launþegunum vissulega er þörf á, væri hægt að taka annars staðar frá, en úr vösum launþeganna sjálfra. Í því sambandi vil ég leyfa mér að minna þá hv. þdm., sem um lengri tíma hafa átt sæti hér í hv. d., á það, að hv. fyrrv. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, útbýtti hér þing eftir þing, sem fskj. með frv., sem hann flutti um áætlunarráð ríkisins, rannsókn, sem opinberar stofnanir höfðu gert um þróun kaupmáttar launa á u. þ. b. 15 ára tímabili, frá 1945–1960. Þó að geysimiklar kauphækkanir hefðu átt sér stað á þessu tímabili, þá stóð kaupmáttur launa nokkurn veginn í stað, sem þýðir það, að allar þær kauphækkanir, sem náðust fram á þeim tíma, voru sóttar í vasa launþeganna sjálfra, og það eru auðvitað ekki kjarabætur. Það verður að sjá til þess, að kauphækkanirnar komi einhvers staðar annars staðar frá. Þetta fjölyrði ég ekki frekar um, en vil telja bæði tímabært fyrir atvinnurekendur og launþega og eftir atvikum fulltrúa ríkisvaldsins að setjast nú þegar á rökstóla og framkvæma hlutlæga athugun á þeim möguleikum, sem fyrir hendi kunna að vera í þessu efni, svo ekki verði stofnað til stórvandræða á vinnumarkaðinum á komandi sumri.

Þá vil ég að síðustu aðeins víkja að spurningunni um innheimtu söluskatts, sem hér hefur borið á góma, og ástæðunni til þess, að yfirleitt hefur þeirri reglu verið fylgt við álagningu söluskatts að hafa hann nokkurn veginn jafnan. Hún er sú, að talið hefur verið óframkvæmanlegt, að hafa fullnægjandi eftirlit með því í verzlunum, sem verzla bæði með söluskattsskyldar og söluskattslausar vörur eða vörur, sem hafa mismunandi háan söluskatt, að þessu sé haldið aðgreindu. Auðvitað er hægt, eins og heimild var samþ. um í Nd., að gera fyrirtækjum skylt að hafa tvo kassa, eins og það er kallað á miður góðu máli. En eins og hæstv. fjmrh. benti á, þá hefur mönnum dottið þetta í hug annars staðar, en þeir hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að jafnvel þó þetta væri framkvæmanlegt, þá væri það algerlega ófullnægjandi lausn, ef það kæmi þá að nokkru gagni, því spurningin er, hver á að tryggja það, að það séu þær réttu upphæðir, sem settar eru í hvorn kassann um sig. Það er þarna, sem vandinn liggur. Þess vegna, — þó segja megi, að það hafi auðvitað engan skaðað, að þessi heimild til handa fjmrh. var samþykkt, — hef ég takmarkaða trú á, að slíkt geti komið að gagni. Það er auðvitað til önnur leið í þessu efni, sem meiri árangurs mundi vera að vænta af, en það er ef söluskattinum væri, eins og þegar hefur verið gert á hinum Norðurlöndunum, breytt í virðisaukaskatt. Þetta hefur auðvitað sína annmarka. Þeir, sem skatturinn er innheimtur hjá, verða fleiri en nú er, og það út af fyrir sig er ekki gott, því innheimtan verður kostnaðarsamari. En þá fær maður fram svipað ástand og nú ríkir hér á launamarkaðinum, en ástæðan til þess, að erfiðara er fyrir launþega að koma tekjum sínum undan skatti en aðra, — og þeir leggja þess vegna mikla áherzlu á, að sem strangast eftirlit sé haft með skattframtölum, — er sú, að atvinnurekandinn verður að gefa þetta upp, ella verður hann að greiða skatta af laununum sjálfur. En þegar söluskatturinn er lagður á á mörgum stigum, þá hafa þessir aðilar, sem framleiða vöruna á hinum einstöku stigum, eftirlit hvor með öðrum. Hver um sig verður að gefa það upp, hvað hann hafi keypt af þeim, sem eru á næsta framleiðslustigi á undan honum, þannig að virðisaukaskatturinn, ef hann er lögleiddur, skapar þannig miklu meiri möguleika á því að hafa fullnægjandi eftirlit með skattheimtunni. Þess vegna tek ég undir þá skoðun, sem mér skildist að kæmi fram hjá hæstv. fjmrh., að ef söluskatturinn á að vera svo stór tekjustofn sem nú er, þá á auðvitað að gera meiri kröfur en áður til eftirlits með honum. En þá hygg ég, að flestir muni komast að þeirri niðurstöðu, að það verði að taka upp virðisaukaskatt, þó að það kosti auðvitað sitt.

Ég álít, hvað sem öllu öðru líður, að þær aðgerðir, sem hér er um að ræða, valdi almenningi ekki kjararýrnun. Ég tel það algerlega ósannað mál og að frekar megi færa rök fyrir því gagnstæða, því sú breyting, sem gerð er á tollalögum, EFTA-aðildin o. s. frv. ættu frekar að vera spor í áttina til betri kjara heldur en lakari kjara. En þar með er auðvitað ekki sagt, að ekki sé frekari úrbóta þörf í skattamálum. Það ber vissulega nauðsyn til, að þau séu alltaf til endurskoðunar, enda, eins og komið hefur fram og öllum þdm. er kunnugt um, þá er það ekki lagfæring á skattamálunum út af fyrir sig, sem fyrst og fremst hefur legið því að baki, að þessi breyting hefur verið gerð, heldur sú nauðsyn, sem skapazt hefur til nýrra tekjuöflunaraðferða vegna EFTA-aðildarinnar og tollalækkunarinnar í sambandi við hana.

Frsm. minni hl. (Kristján Thorlacius): Herra forseti. Með frv. því, sem hér er til umr., og þeim yfirlýsingum, sem gefnar hafa verið við meðferð málsins af hæstv.

ráðh., er í raun og veru brotið blað í sögu skattamála hér á landi. Sú þróun hefur verið allör að undanförnu, að horfið hefur verið frá beinum sköttum yfir til óbeinna skatta, en eins og upplýst er í aths. við tollskrárfrv., sem einnig er til afgreiðslu hér á hv. Alþ., er mikið af hinum óbeinu sköttum enn innheimt í formi aðflutningsgjalda, sem eru mismunandi á hinar ýmsu vörutegundir eftir því, hve nauðsynlegar þær eru fyrir almenning. Í aths. við tollskrárfrv. er frá því greint, að beinar tolltekjur ríkissjóðs nemi yfir 30% af heildartekjunum samkvæmt fjárlfrv. fyrir árið 1970. Nú er því lýst yfir, að á næstu árum eigi að stíga skrefið til fulls og hverfa frá aðflutningsgjöldum sem aðaltekjulind ríkissjóðs.

Með söluskattsfrv., sem hér liggur fyrir, er stigið stórt skref í þessa átt. Með þessari stefnubreytingu, þessari gjörbyltingu í skattheimtu ríkisins, er verið að hverfa frá þeirri reglu, sem verið hefur leiðarljós Íslendinga um langan aldur, að menn greiði til sameiginlegra þarfa samfélagsins eftir efnum og ástæðum, miðað við fjárhagsgetu. Það, sem í staðinn á að koma, er söluskatturinn, sem í reynd er nefskattur, og kemur fjárhagslega þyngst niður á þeim, sem minnsta hafa getuna til þess að greiða skatta, þ. e. tekjulágu fólki, og allra verst kemur slíkur skattur við mannmargar fjölskyldur.

Menn kveinka sér mjög undan hinum beinu sköttum, og vissulega eru þeir þungir á mörgum. Það skattaform er fyrst og fremst gagnrýnt fyrir þá ágalla, sem reynzt hafa margir á því í sambandi við undandrátt á framtölum. Ef rétt er á haldið, er beina skattaaðferðin bezta skattheimtuaðferðin fyrir almenning. Það þýðir ekki að loka augunum fyrir því, að beinu skattarnir koma óvenjulega þungt niður á þeim, sem nú taka laun hjá öðrum. Þetta er ekki kerfinu að kenna, heldur framkvæmdinni, og ég er þess fullviss, að til eru aðferðir, sem eru þess umkomnar að bæta úr þeim ágöllum, sem nú eru á framkvæmd álagningar beinan skatta til ríkis og sveitarfélaga. Og enn sannfærðari er ég um það, að með því að færa skattheimtuna yfir í söluskatt, er verið að fara úr öskunni í eldinn. Áreiðanlega eru hvergi meiri möguleikar til skattsvika en einmitt með innheimtu söluskatts, og allar líkur benda til, að hundruð millj. kr. af söluskatti, sem neytendur greiða, muni aldrei komast til skila í ríkissjóð. Meðan við enn byggjum að nokkru á beinum rekstri fyrirtækja, haldast í hendur vanskil á söluskatti og undandráttur á framtölum til álagningar tekjuskatts og útsvara.

Mismunandi háir tollar á aðfluttum vörum eru mun hagkvæmari fyrir almenning en söluskatturinn, sem á að koma jafnt á allar vörur. Að mínum dómi er það fráleit stefna að hverfa frá beinum sköttum og mismunandi háum aðflutningsgjöldum yfir í söluskatt. Hér ætti að snúa blaðinu við og herða framkvæmd skatteftirlits við álagningu beinna skatta. Slíkt er hvort sem er óumflýjanleg nauðsyn vegna innheimtu útsvara til sveitarfélaga. Hækkun söluskattsins kallar einnig á mjög aukið eftirlit og gagnrýni á framtölum söluskattsgreiðenda, því eins og ég sagði áðan, þá haldast í hendur undandráttur á skattframtölum og vanskil á söluskatti.

Við, sem stöndum að áliti minni hl. fjhn., við hv. 3. þm. Vestf., erum andvígir því frv., sem hér liggur fyrir til umr. um hækkun á söluskatti, og leggjum til, að það verði fellt. Samkv. frv. á söluskatturinn að hækka úr 7½% í 11%. Sú tekjuaukning, sem ríkissjóður ætlar að fá samkvæmt ákvæðum frv., á að nokkru að ganga til þess að bæta þann tekjumissi, sem stafar af lækkun á tollum vegna aðildar Íslands að EFTA, og að nokkru til annarra útgjalda ríkissjóðs, sem óviðkomandi eru EFTA-aðildinni. Við teljum, að þessara tekna hefði átt að afla með allt öðrum hætti til þess að mæta þeirri tollalækkun, sem leiðir af EFTA-aðildinni. Það hefði átt að fara þær tekjuöflunarleiðir, sem valda því að helztu lífsnauðsynjar verði ekkert eða sem allra minnst skattlagðar. Einnig er til sú leið að bæta upp álögur á neyzluvörur með auknum fjölskyldubótum eða á annan hátt. Það eru ýmsar aðrar leiðir til í því.

Við viljum gera tilraun til þess að flytja brtt. í hv. þd. við þetta frv., sem mundu, ef samþ. yrðu, draga verulega úr áfleiðingunum fyrir almenning af þeirri ranglátu skattheimtu, sem hér er á ferðinni. Við leggjum til, að söluskattur verði alveg afnuminn af kjötvörum, smjöri, osti, skyri, kartöflum, kaffi, sykri, kornvörum, rafmagni, heitu vatni og gasolíu til heimilisnota. Í öðru lagi leggjum við til, að fjölskyldubæturnar verði hækkaðar um 20%, og mundi sú hækkun nema 1000 kr. á hvert barn. Ef till. okkar nær samþykki, mundi það væntanlega kosta ríkissjóð samtals um 345 millj. kr. Þar á móti mundi koma u. þ. b. 50—60 millj. kr. útgjaldalækkun hjá ríkinu, sem stafar af því, að þær ráðstafanir, sem við leggjum til að gerðar verði til að létta byrðar almennings vegna söluskattshækkunarinnar, mundu hafa í för með sér 3 stiga lækkun vísitölunnar, samkvæmt áætlun Hagstofunnar. Þegar tekið er tillit til þessa, mundi þetta ekki kosta ríkið nema 285—295 millj. kr. á yfirstandandi ári.

Samkvæmt upplýsingum þeirra, sem mest hafa með efnahagsmál þjóðarinnar að gera, hefur ástandið í þeim efnum mjög batnað að undanförnu, og er því full ástæða til að ætla, að afkoma ríkissjóðs verði betri á þessu ári en á undanförnum árum, þegar efnahagslífið var í öldudal. Það er því, að okkar dómi engin ástæða til að ætla, að þær 250—300 millj. kr., sem ríkissjóður fær í auknum tekjum vegna hækkaðs söluskatts samkvæmt þessu frv., þurfi raunverulega til þeirra útgjalda, sem hæstv. fjmrh. gerir ráð fyrir að þær gangi til. Þá fjárhæð, sem hér um ræðir, má því nota til þeirra ráðstafana, sem brtt. okkar gera ráð fyrir.

Það er á allra vitorði, að tekjurýrnun hjá almenningi hefur orðið gífurleg að undanförnu og stórfelld launahækkun er orðin óumflýjanleg nauðsyn, sem ekki verður með nokkurri sanngirni staðið gegn. Þetta frv. um hækkun söluskatts, sem hér liggur fyrir, eykur verulega á þá nauðsyn. Okkar skoðun er sú, að skynsamlegra væri fyrir ríkisstj. og þingmeirihluta hennar að samþ. brtt., sem miða að því að draga úr áföllunum hjá almenningi í sambandi við hinar auknu álögur, heldur en að bæta enn olíu á eldinn í landinu, sem leiðir til ófarnaðar fyrir alla landsmenn.

Hv. 12. þm. Reykv. var hér með nokkrar hugleiðingar í ræðu sinni hér fyrr við þessa umr. í hv. d. út af ummælum okkar hv. 2. þm. Austf. við 1. umr. þessa máls. Eins og búast mátti við af þessum hv. þm., þá var hann ákaflega hógvær og hafði mikla fyrirvara í sínum

málflutningi, og m. a. hafði hann þá fyrirvara um flest það, sem hann sagði, að mjög væri erfitt að skera úr um það, hvor hefði réttara fyrir sér í því, sem um var rætt, hann eða við hv. 2. þm. Austf. Og ég held nú, að þar sem þessi yfirlýsing hans liggur fyrir, þá þýði lítið fyrir okkur að eyða tíma hv. Alþ. í að halda langar ræður um slík mál. Það mundu þá væntanlega standa yfir eilífar umræður, þar sem hvor aðilinn segir sitt, og aðrir yrðu þá væntanlega að dæma um, hvor hefði rétt fyrir sér, og mundu þá sennilega eiga nokkuð erfitt með það, ef rétt er hjá hv. þm., að erfiðleikar séu á að skera úr um það.

Í sambandi við aðflutningsgjöldin komst hv. 12. þm. Reykv. efnislega að orði eitthvað á þá leið, að honum fyndist það rétt stefna að mismuna nokkuð í aðflutningsgjöldum eftir því, hvort um væri að ræða munaðarvörur eða aðrar vörur, sem væru meira nauðsynlegar. Ég er honum alveg sammála um þetta, eins og fram kom í ræðu minni hér í gær, og við hv. 2. þm. Austf. höfum í ræðum okkar lagt áherzlu á það. En ég vil í þessu sambandi benda hv. þm. á það, að hér hafa komið fram skýrar yfirlýsingar frá hæstv. forsrh., sem hann styður í ríkisstj., um að það eigi að afnema öll aðflutningsgjöld. Það er stefna ríkisstj. og þm. hennar, og þegar slíkt hefur tekizt, þá getum við hv. 12. þm. Reykv. væntanlega orðið sammála um það, að enginn möguleiki verður þá á að hafa mismunandi háa tolla, eftir að búið er að afnema þá. Mér finnst því, að þarna skjóti nokkuð skökku við í málflutningi hv. þm.

Í sambandi við smyglmálin, þá getur það vel verið rétt, að þar geti verið nokkur hætta á ferðinni. Ég hef nú satt að segja ekki athugað það, hvað margar konur gengu í nælonsokkum á tilteknu tímabili, en vafalaust hefur hv. þm. tekið betur eftir því en ég, og sjálfsagt er það rétt hjá honum, að þær hafi verið allmargar, en ekki skal ég taka upp umr. við hann á Alþ. um það.

Í sambandi við tölur þær, sem ég nefndi hér við 2. umr. um laun opinberra ríkisstarfsmanna í Danmörku, og tók þaðan nokkur dæmi og bar saman við laun hér á landi, þá vil ég enn minna á það, að ég hafði þar fullan fyrirvara á, að því er varðaði framfærslukostnað. Hann reyndi að færa nokkur rök að því, að framfærslukostnaðurinn í Danmörku væri mun meiri en hér. Hann taldi m. a., að beinir skattar væru mjög háir í Danmörku og það væri mjög mikið lóð á vogarskálina í því efni að gera framfærslukostnaðinn mun hærri þar en hér. En ég minni á í þessu sambandi og legg áherzlu á það, að ef við berum skatta í Danmörku og öðrum löndum yfirleitt saman við skatta hér á Íslandi, þá verðum við að taka fleiri samanburðartölur heldur en beinar tölur, og hann minntist réttilega á óbeinu skattana hér. Það verður auðvitað að tína þetta allt saman og bera saman alla tolla og söluskatt, þ. e. aðflutningsgjöld, söluskatt og beina skatta. Ég hef ekki tölur í höndunum um þetta frekar en hann, en ég hef borið mig saman við menn í Danmörku, rætt þessi mál við menn þar og við komumst að þeirri niðurstöðu, að þegar allt væri tekið með í reikninginn, beinir skattar og tollar, þá mundi þetta vera nokkuð svipað þar í landi og hér. Ég hygg, að hv. þm. hafi hlotið að verða mismæli, þegar hann taldi, að af tiltekinni tekjuupphæð í Danmörku greiddu menn 110% í skatt. Ég held það geti varla verið og það hljóti að hafa verið mismæli hjá hv. þm. Þá eru þeir fjmrh. í Danmörku fremri fjmrh. hér, og finnst okkur þó að hann hafi komizt nógu langt.

Ég hygg, að í sambandi við þessi verðlagsmál sé það rétt hjá hv. þm., að ég hafi áður látið þess getið, í svari við spurningu eins fréttamanns, að verðlag í Danmörku væri að mínum dómi nokkru hærra en hér. Þetta er auðvitað mismunandi á ýmsum vörutegundum. Ég hef orðið var við það, að ýmiss fatnaður, t. d. á karlmenn, er í vissum tilfellum mun ódýrari heldur en hér. Aðrar vörutegundir eru þar vafalaust dýrari, og eftir því sem ég hef komist næst, sem ferðamaður, þá er verðlag væntanlega öllu hærra í Danmörku. En það hrekur það ekki, að þær tölur, sem ég fór með hér í gær, eru í höfuðatriðum réttar, þ. e. að laun eru meira en helmingi hærri hjá sambærilegum starfsmönnum í Danmörku heldur en hér. Og þegar ofar kemur í stigann, verða launin þar, vegna launamismunar þrefalt hærri a. m. k., sbr. dæmið, sem ég nefndi um arkitekta. Ég fullyrði því, að hinn raunverulegi munur á vöruverði þar og hér er áreiðanlega mjög hagstæður dönskum launamönnum. Þótt við höfum ekki aðstöðu til þess að bera þetta saman nákvæmlega, þá er algerlega óhætt að fullyrða það, að íslenzkir launamenn eru komnir langt á eftir starfsbræðrum sínum á Norðurlöndum hvað kjör snertir, um það er engum blöðum að fletta.

Það er alveg rétt, að launamismunur í Danmörku og á öðrum Norðurlöndum er mun meiri heldur en hér á landi, og ein af orsökunum til þess, að launamismunurinn hér á landi hefur minnkað óvenjumikið núna á seinustu tímum, er sú ráðstöfun ríkisstj. að afnema verðlagsuppbót á laun, og þeir samningar, sem gerðir hafa verið fyrir tilstilli ríkisstj. um að skerða verðlagsuppbótina á laun, þannig að full vísitala á laun er ekki greidd af hærri launum en 10 þús. kr. Eftir kjarasamningana 1963 voru hæstu laun opinberra starfsmanna innan launakerfisins 3.1 sinnum hærri en lægstu launin voru. Áður en þessir samningar voru gerðir, voru hæstu launin 2.9 sinnum hærri en lægstu launin. En núna er þetta komið niður í það, að hæstu launin eru 2.3 sinnum hærri en lægstu launin. Þetta er þróun, sem auðvitað er þjóðhagslega mjög hættuleg. Að halda launum niðri, eins og gert er hér á landi, er yfirleitt þjóðhagslega hættulegt. Og til viðbótar því, legg ég áherzlu á það, að fyrsta skilyrðið er, að viðunandi laun séu hjá hinum lægst launuðu, síðan þarf að vera launamismunur, til þess að þjóðfélagið fái hæfa menn til þess að mennta sig til sérfræðistafa og til ábyrgðarstarfa.

Ég veit, að hv. 12. þm. Reykv. hefur skilning á þessum málum, og ég vil vænta þess, að hann beiti sér fyrir því meðal flokksbræðra sinna á Alþingi og í ríkisstj., að alvara verði gerð úr því að bæta úr launakjörum manna hér á landi, fyrst og fremst hinna láglaunuðu, og svo verði bætt úr brýnni nauðsyn þess að afnema fyrst og fremst þá vísitöluskerðingu, sem hér er, þannig að full vísitala verði greidd. Það væri mjög mikið spor í áttina, ef hvort tveggja færi saman, að greidd yrði veruleg kauphækkun til allra opinberra starfsmanna, grunnlaunahækkun, og síðan afnumin takmörkun á kaupgjaldsvísitölu. Ég efast ekkert um, að þessi hv. þm. muni vera á því, að þessa sé þörf, en ég vil nú skora á hann, ef hann hefur fastar skoðanir á þessu máli, að hlýða nú ekki flokksbræðrum sínum lengur með það að

halda niðri launum í landinu og viðhalda þannig launakerfi hér, sem er að verða þjóðinni til stórskaða.

Það kom fram í ræðu hv. 12. þm. Reykv., að hann vildi vissulega stuðla að launahækkunum hér, ef efnahagur þjóðarinnar þyldi það. Ég vil í þessu sambandi minna á ummæli, sem komið hafa fram nú eftir áramótin hjá ýmsum af forustumönnum þjóðarinnar í fjármálum um, að efnahagurinn sé síbatnandi. Ég vil einnig minna á ummæli, sem einn af forustumönnum í járniðnaðinum viðhafði í útvarpi eða sjónvarpi núna eftir áramótin, það var formaður Fél. ísl. iðnrekenda, en hann sagði, að hann teldi iðnaðinn nú þola verulegar launahækkanir.

Vildi ég því mega vænta þess, að launþegasamtökin í landinu ættu hv. 12. þm. Reykv. að, þegar launakjarabaráttan hefst í vor.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Ég ætla nú ekki að lengja þessar umr., þó að sitt af hverju, sem fram kom í ræðu hv. 11. þm. Reykv., geti kannske gefið tilefni til athugasemda, en að öðru leyti var málflutningur hans mjög málefnalegur og prúðmannlegur. Það er þó eitt atriði, sem ég sé ástæðu til að leiðrétta. Hann fullyrti, að það væru mismæli, þegar ég sagði, að skattstiginn í Danmörku færi upp í 110%. Ég furða mig nú ekkert á því, þótt honum komi þetta þannig fyrir sjónir og vafalaust öðrum hv. þdm. En þetta voru ekki mismæli og heimild mín fyrir þessum háu skattstigum er bók, að vísu fræðilegs efnis, um skattamál eftir kunnan danskan hagfræðiprófessor, en hann var um skeið fjmrh. Dana og var nýkominn úr því starfi, þegar hann skrifaði þessa 2. útgáfu af bók sinni. Þar birtir hann skattstigana í Danmörku, eins og þeir voru 1965, og þar fara þeir upp í 110%, þegar um einhleyping er að ræða, en aftur á móti, þegar um er að ræða þá, sem hafa fyrir fjölskyldu að sjá, þá fara þeir ekki hærra en í 105%. Einmitt af því, að þessi 105% eru þarna, þá taldi ég víst að þarna gæti ekki verið um prentvillu að ræða, en það væri þó hugsanlegur möguleiki. Í sambandi við þetta ber að hafa hugfast, að allir skattar þar eru frádráttarbærir, þannig að yfir lengri tíma jafnast þetta nokkuð upp, en svona er þetta. Ég hverf ekki frá því, að þær tölur sem hv. þm. nefndi, verða að leiðréttast með tilliti til þess, en það getur vel verið, að skattbyrðin í heild sé ekki öllu meiri í Danmörku heldur en hér á landi. Ég hygg þó, að skatturinn sé heldur þyngri þar en hér, því þeir hafa sínar landvarnir og mikil útgjöld til þeirra, sem við höfum ekki. En þegar um óbeina skatta er að ræða, þá eru þeir minni í Danmörku en hér, og það er hlutur, sem kemur inn í verðlagið, þannig að ef maður vill gera sér grein fyrir raunverulegum kaupmætti launa, þá má ekki líta á brúttótekjurnar, heldur það, sem launþegarnir hafa til ráðstöfunar eftir að beinu skattarnir eru greiddir.

Varðandi vísitöluna og kaupgjaldsmálin, þá er ég hv. þm. sammála um, að það beri að greiða eins hátt kaup og atvinnuvegirnir geti á hverjum tíma staðið undir, og sé það þannig, sem ég tel að sé að einhverju leyti, að gjaldgeta þeirra hafi aukizt, þá er auðvitað eðlilegt að kaupið hækki. Það, sem má hins vegar ekki koma fyrir og er lítil kjarabót, heldur jafnvel það gagnstæða, er að hækka kaupgjald í trausti þess, að ríkið komi svo til, ef atvinnuvegirnir treysta sér ekki til að borga það, og greiði það sem á vantar, eins og hefur hvað eftir annað gerzt. Þá kemur spurningin um það, ef atvinnuvegirnir geta ekki staðið undir því kaupgjaldi, sem samið er um, þannig að þetta þarf að koma annars staðar frá, hvaðan á þá að taka þennan mismun. Ef atvinnurekendurnir greiða þegar hærra kaup heldur en þeir geta borið, þá verður þessi mismunur ekki tekinn af þeim, og hvert er þá hægt að sækja hann annað en í vasa launþeganna sjálfra? Það er ekki til neinn þriðji aðili, sem hvorki tilheyrir atvinnurekendum né launþegum, sem fær er um að taka á sig byrðar.

En að lokum vildi ég aðeins leiðrétta það hjá hv. þm., þegar hann talaði um það, að ríkisstj. hefði beitt sér fyrir þeirri vísitöluskerðingu, sem nú á sér stað. Ég veit ekki betur en þetta hafi verið ákveðið með samningum milli atvinnurekenda og launþega, og mér er a. m. k. ókunnugt um það, að fulltrúar frá ríkisstj. hafi verið á þeim næturfundi, sem þetta var ákveðið á. Hins vegar er ég alveg sammála hv. þm. um það, að vísitöluskerðing í þeirri mynd, sem þar var samið um, er algerlega fráleit, og ég mun styðja hann og aðra í því eftir mætti, að frá því fyrirkomulagi, sem nú er, verði horfið. Það er hægt að sætta sig við það á neyðartímum, að það sé greidd sama uppbót á öll laun, hvað sem þar er miðað við, þannig að ekki sé greidd nein vísitöluuppbót á laun umfram ákveðið mark. Mér finnst, að tímabundið geti hinir hærra launuðu sætt sig við slíkt. En þetta fyrirkomulag, sem upp hefur verið tekið, að vísitöluuppbótin fellur niður, þýðir það t. d. hjá ríkinu og raunar á hinum almenna vinnumarkaði líka, að lægri launaflokkarnir hljóta smám saman að fara upp fyrir þá hærri, og það er alger fjarstæða. Þetta hefur ávallt verið skoðun mín, og ég vænti þess, að þess verði skammt að bíða, að þetta verði afnumið, sem aldrei hefði átt að innleiða að mínum dómi.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil nú ekki láta þessa umr. hjá líða án þess að spyrja fáeinna spurninga um það mál, sem hér liggur fyrir í þessari hv. deild.

Það kom í sjálfu sér engum á óvart, að frv. um allverulega hækkun söluskatts var lagt fram hér á Alþingi. Það hafði verið boðað þegar áður en ákvörðun var tekin varðandi inngöngu Íslands í EFTA, að sú leið yrði farin að hækka söluskattinn til þess að vega upp á móti því tapi, sem ríkissjóður yrði fyrir í sambandi við tollalækkanir vegna EFTA-aðildar. Það var í rauninni ekki nema tvennt, sem var í nokkurri óvissu að því er snerti meginatriði þessa frv. Annað var það, hversu hár söluskatturinn yrði, hversu mikil hækkun yrði á söluskatti, og í öðru lagi, hvort hér yrði um að ræða jafnan söluskatt á allar vörur, einnig hinar brýnustu lífsnauðsynjar, eða hvort hann yrði e. t. v. mishár. Nú er þetta orðið ljóst, að söluskatturinn skal skv. frv. hækka úr 7½ í 11%, og eftir því sem upplýsingar hafa verið gefnar um og eftir því sem reynslan af söluskatti, sem nemur 7½% hefur sýnt, þá er hér um að ræða hækkun á ársgrundvelli um ca. 830 millj. kr. Söluskatturinn allur, þegar miðað er við áætlaða viðskiptaveltu á þessu ári, verður 2.6 milljarðar eða 2600 millj. kr., og enn er boðað að

lengra verði haldið á þessari braut, að lækka tolla, en þá trúlega að hækka söluskatt í einhverri mynd, annaðhvort í þeirri mynd, sem hann er nú í, eða þá í allbreyttri mynd, hinn svonefnda virðisaukaskatt, sem mér skilst að sé nú jafnvel til umræðu og geti orðið á næstu árum.

Hæstv. fjmrh. sagði hér í sambandi við þetta mál við 1. umr., að söluskattur hafi verið hér undanfarin ár til mikilla muna lægri heldur en í nálægari löndum. Mér skildist á honum, að Íslendingar hefðu dregizt þarna býsna mikið aftur úr, og lá næstum því í orðunum, að þetta væri okkur til hálfgerðs vansa, að hafa dregizt þarna aftur úr nágrannaþjóðunum. Þar sem hæstv ráðh. er nú dugandi maður, er hann vís til að laga þetta. Hann gerir það þegar nokkuð með þessu frv., og ef hann verður dálítið lengur í þeim stól, sem hann situr í nú, þá er líklegt, að hann komi til með að laga það, þannig að við verðum ekki á þessu sviði fremur en öðrum skattasviðum eftirbátar annarra í skattheimtu.

Það er nú e. t. v. ofdirfska hjá mér að fara að eiga orðaskraf um skattamál við frsm. meiri hl., hv. 12. þm. Reykv., því hann er, eins og kunnugt er, hagfræðiprófessor og allra manna bezt að sér í þessum málum. Það er nú kannske vegna þess, að ég og aðrir þm. í þessari hv. d. höfum verið lærisveinar hans að segja má, sumir allmörg undanfarin ár, að ég dirfist að koma að örfáum aths. við það, sem hann sagði. Hann hefur kennt manni sitt hvað í hagfræði, a. m. k. þeim, sem næmir eru, og ég ætla ekki að halda því fram, að þegar eitthvað er torskilið í hans kenningum, eins og mér fannst nú bera á núna, þá sé það af því, að hann sé ekki nógu lærður eða ekki nógu góður kennari, heldur býst ég við, að það sé af því að ég er nokkuð tornæmur. En þó hefur mér fundizt bera á því, að í hans oft og tíðum fróðlegu og greinargóðu fróðleikserindum um hagfræðileg efni komi það fyrir, þegar hann er að verja eða útskýra ákveðna þætti viðreisnarinnar sælu, að hagfræðin hjá honum sé svolítið torskilin. Ég ætla ekki að leyfa mér að segja, að hún sé vafasöm, heldur að hún sé svolítið torskilin og stundum heldur langsótt.

Hv. 12. þm. Reykv. talaði um það, að stjórnarandstaðan hefði ekki haldið því sama fram, þegar gengisfellingin var á ferðinni síðast, sem hún gerði nú. Og ég heyrði ekki betur en hv. þm. talaði um gengisfellinguna á s. l. ári. Þetta eru nú vafalaust mismæli eða misminni, a. m. k. leiðréttist það hér með, ef hv. þm. man það ekki, að það bar nú svo við, að það var engin gengisfelling á s. l. ári, hún var að vísu í hittiðfyrra og árið þar áður og kannske verður hún nú í ár, en árið 1969 datt alveg út. Það var engin gengisfelling hjá hæstv. ríkisstj. á því ári. Mér dettur ekki í hug að efast um það, að hv. þm. hefði haft mörg rök til að sýna fram á nauðsyn gengisfellingar árið 1969, ef þess hefði verið þörf, en hann slapp nú við það sem betur fór.

Hv. þm. mótmælti því nokkuð kröftuglega, að sú lækkun tolla, sem nú er ákveðin, og sú hækkun söluskatts, sem ráðgerð er í þessu frv., séu láglaunafólki og launafólki almennt í óhag, eins og við stjórnarandstæðingar höfum haldið fram. Og hann vildi með lærdómi sínum sýna fram á það, að söluskatturinn væri ekki óhagstæðari en mismunandi háir tollar. Þetta á ég dálítið erfitt með að skilja og þarf vafalaust að fá öllu betri útskýringar á þessu hjá mínum ágæta kennara í hagfræði, hv. 12. þm. Reykv., en látum nú vera, þó að þarna sé ekki um mikinn mun að ræða. En hitt fæ ég með engu móti skilið, — eða sú hagfræði stendur a. m. k. í mér enn sem komið er, — að tollaeftirgjöf upp á rúml. 500 millj. kr. og skattheimta upp á 830 millj. kr., komi alveg nákvæmlega í sama stað niður fyrir þá, sem annars vegar eiga að fá 500 millj. kr. eftirgefnar og eiga hins vegar að borga 830 millj. kr. Nei, ég held, að það sé enginn vafi á því, að þessi breyting á skattheimtu ríkisins kemur býsna illa við allan almenning og hún verður honum sízt til hagsbóta. Og satt að segja er ég dálítið undrandi á því, hversu hæstv. ríkisstj. virðist vera treg til þess að draga úr þeim vanköntum, sem á þessu fyrirkomulagi eru, að draga úr því, að söluskattshækkunin leggist þyngra en skyldi á þann, sem hefur minnstar tekjurnar, og þó sérstaklega á þann, sem hefur flesta á sínu framfæri, og jafnframt hversu treg hún virðist vera til þess að reyna að tryggja það, að þær tollalækkanir, sem samþykktar hafa verið, komi öllum almenningi til góða, eftir því sem mögulegt er, í lækkuðu vöruverði. Með því, að fella í fyrsta lagi tillögur framsóknar- og Alþb.-manna í hv. Nd., um að undanþiggja söluskatti nokkrar allra brýnustu lífsnauðsynjar almennings, þá hefur hæstv. ríkisstj. og stuðningslið hennar að mínum dómi sýnt heldur lítinn skilning á því, að þessar tolla- og skattabreytingar koma býsna þungt niður á þeim, sem hafa marga á framfæri sínu. Og með því að fella einnig tillögu Alþb. í Nd. um, að gerðar yrðu sérstakar ráðstafanir til þess að reyna að tryggja, að tollalækkanirnar kæmu þó fram í lækkuðu útsöluverði, þá sýnist mér einnig, að hæstv. ríkisstj. og stuðningslið hennar geri minna en ætla mætti til þess að draga úr þeim mismun, sem þarna er á tollalækkunum annars vegar og söluskattshækkuninni hins vegar.

Það mætti vafalaust nefna mörg dæmi um það, hvernig það kemur við hinn almenna neytanda, að fá annars vegar ákveðna tolla lækkaða eða jafnvel fellda niður og að fá svo söluskattinn hækkaðan um 3½%. Ég ætla að láta nægja að nefna hér eitt dæmi. Skömmu eftir að tollfrv. nýja kom fram, þá hitti ég bókaútgefanda hér í bænum, öflugan og ágætan stuðningsmann hæstv. fjmrh., og hann var, eins og ég raunar líka, ósköp ánægður með það, að nú skyldi loksins verða af því, að sá tollur, sem verið hefur á pappír til prentunar bóka, yrði felldur niður, og mér skildist á honum, að hann væri það ánægður með þetta, að hann vildi senda hæstv. fjmrh. sérstakt þakkarávarp í tilefni af þessu. Ég veit ekki, hvort hann hefur gert það, það kann aðeins að hafa dregið úr því, að ég bað hann að reikna með mér lítið dæmi. Og það var, hvað tolleftirgjöfin á pappír annars vegar lækkaði bókina og hvað 3½% söluskattsaukning hækkaði verðið á bókinni. Nú skal ég taka það fram, að það má segja, að útgefandanum komi niðurfellingin á pappírstollinum til góða, því það er ekki hann, heldur kaupandinn, sem borgar söluskattinn. Þetta er að vissu leyti rétt, en það þarf þó að athuga, að það eru takmörk fyrir því, hvernig hægt er að verðleggja bók, og þetta kemur, þegar til lengdar lætur, í sama stað niður.

Við fórum þarna yfir lítið dæmi, sem er í stuttu máli á þá leið, að pappír í meðalbók kostar 40 þús. kr., eftir er gefinn 30% tollur, þ. e. 12 þús. kr. Bókin er prentuð í

2000 eintaka upplagi. Eintakið er síðan selt á 400 kr. Það gera samtals 800 þús. kr., þ. e. a. s. markaðsverð bókarinnar. Söluskattshækkunin, 3½% af þeirri upphæð, er 28 þús. kr. Mismunurinn á 12 þús. kr. tollaeftirgjöf og 28 þús. kr. söluskattshækkun er, sem sagt, 16 þús. kr., þannig að ég sé ekki betur en að kaupendur umræddra bóka þurfi að borga 16 þús. kr. meira eftir en áður, þó þarna sé um að ræða algjöra niðurfellingu þeirra tolla, sem voru á þessari vörutegund. Ég held því, hvað svo sem sagt hefur verið í sambandi við þessa breytingu, bæði af hv. 12. þm. Reykv. og öðrum, að þessi breyting sé alveg tvímælalaust hinum almenna borgara og láglaunamanninum í óhag, og ég get ekki betur séð en það sé algerlega á fullum rökum reist, sem hv. 11. þm. Reykv. lagði hér áherzlu á, bæði í ræðu sinni í gær og í ræðu sinni áðan, að þessar breytingar á skattheimtunni séu enn ein röksemd fyrir kröfunni um hækkað kaupgjald.

Afstaða Alþb. til þessa máls er skýr. Alþb.-menn voru andvígir EFTA-aðildinni, og ein af helztu afleiðingum hennar, sem þegar var boðuð, er farið var að ræða það mál, er, að söluskatturinn verður hækkaður til þess að mæta þeim tollalækkunum, sem koma til framkvæmdar. Síðan hefur komið í ljós, eins og ég hef áður rakið og margir á undan mér, að í leiðinni á að ná í nokkur hundruð millj. kr. til þess að standa undir öðrum þörfum ríkissjóðs, og vitanlega er þar um aukna skattheimtu að ræða, hvernig sem reynt er að beita öllum hagfræðikenningum til þess að afsanna það.

Ég held ég hafi það mín síðustu orð við þessa umr. að taka undir það, að endurskoðun alls skattakerfisins frá rótum er bráðnauðsynleg. Ég held, að það verði að hafa þessa endurskoðun mjög róttæka og það beri að haga henni þannig, að skattlagningin verði mest á það, sem kallað er eyðsla umfram það, sem menn þurfa til þess að geta lifað sómasamlega, og svo skattlagning á gróða, þar sem um verulegan gróða er að ræða. Það er ekki réttlátt og það er ekki viturleg stefna í skattamálum í heild, að menn eigi að bera hinar sameiginlegu byrðar þeim mun þyngra sem þeir hafa fleiri á framfæri sínu, heldur eigi að hafa það að leiðarljósi í sambandi við hina nauðsynlegu endurskoðun allrar skattheimtu hins opinbera, ekki aðeins ríkis, heldur einnig bæjar- og sveitarfélaga, að menn eigi að borga til hinna sameiginlegu þarfa eftir efnum og ástæðum, eins og svo vel var orðað í gamla daga. Ég veit, að það eru til ýmis ráð til þess að gera þetta nú með nútímalegri aðferðum heldur en áður var, og þá er sjálfsagt að beita þeim, en ég vil leggja áherzlu á, að þessi meginhugmynd, að menn beri hinar sameiginlegu byrðar eftir efnum og ástæðum, er að mínu viti enn í fullu gildi, og hún ætti einmitt að vera markmiðið, þegar að því kemur að taka allt skattakerfið og tollakerfið til rækilegrar endurskoðunar.

Frsm. minni hl. (Kristján Thorlacius): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Ég vildi aðeins gera aths. við eitt atriði, sem fram kom í síðustu ræðu hv. 12. þm. Reykv. Hann sagðist ekki vita til þess, að ríkisstj. hefði átt neinn hlut að þeirri vísitöluskerðingu, sem nú gildir, varðandi launagreiðslur hér á landi. Ég held, að það viti það allir landsmenn aðrir en 12. þm. Reykv., að ríkisstj. hefur afdrifarík áhrif á alla launasamninga í landinu, og ég held, að það viti það allir, sem fylgzt hafa með launasamningum á undanförnum missirum, að atvinnurekendur hafa mátt treysta á það, þegar kjaradeilur hafa staðið yfir, að ríkisstj. hafi að lokum verið tilbúin að gefa út brbl. í kjaradeilunum, ef á hefur þurft að halda. Og til sönnunar því, að þetta er a. m. k. svo, að því er opinbera starfsmenn varðar og þá vísitöluskerðingu, sem þeir búa við í dag, þá vil ég benda hv. 12. þm. Reykv. og öðrum hv. þm. á það, að samtök opinberra starfsmanna hafa gert um það kröfu að fá greidda fulla vísitölu á laun, en hæstv. ríkisstj. hefur synjað þeirrar kröfu. Og a. m. k. í því tilfelli, sem ég hér nefndi, er engum blöðum um það að fletta, að það er hæstv. ríkisstj., sem hefur ráðið því, að um vísitöluskerðingu er að ræða. Og að sjálfsögðu vita það allir menn, að það er einnig ríkisstj. og hennar stefna í kjaramálum, sem ræður því, að aðrir launþegar í landinu fá ekki fulla vísitöluuppbót á laun sín. Um þetta þurfum við hv. 12. þm. Reykv. ekki að deila.

ATKVGR.
Brtt. 317, I felld með 10:8 atkv.
1. gr. samþ. með 10:8 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10:5 atkv.
Brtt. 317, II felld með 10:8 atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 10:9 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:8 atkv.

Á 45. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:8 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 335).

---

12. Iðnþróunarsjóður.

Á 46. fundi í Nd., 29. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um Iðnþróunarsjóð [156. mál] (stjfrv., A. 291).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil biðja velvirðingar á því, að frv. til l. um Iðnþróunarsjóðinn skuli ekki vera fyrr komið fram, og á það rætur sínar að rekja til nokkurra mistaka. Ég vil þó mega vona, að það þurfi ekki að valda því, að þinginu auðnist ekki að afgreiða þetta mál nú fyrir fundarhlé vegna Norðurlandaráðsins. Það er því fremur vegna þess, að hér er í raun og veru um einfalda löggjöf að ræða, þar sem meginatriði hennar er, að ríkisstj. skuli vera heimilt

að staðfesta fyrir Íslands hönd samning ríkisstj. Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns iðnþróunarsjóðs fyrir Ísland, sem gerður var í Rvík 12. des. 1969. En einmitt þessi samningur hefur áður legið fyrir hér í þinginu sem fskj. með þáltill. um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu og efni samningsins er kunnugt þm. Það, sem í lögunum er að öðru leyti, má segja, að sé fremur formsatriði, en það er, að sjóðurinn skuli nefnast hér Iðnþróunarsjóður, hann er kallaður Norrænn iðnþróunarsjóður í samningsgerðinni, en af hentugleikaástæðum var talið eðlilegra, að hann héti hér á landi Iðnþróunarsjóður, en það stangast ekki heldur á við önnur sjóðsheiti hér á landi og á þess vegna ekki að valda neinum misskilningi.

Að öðru leyti eru svo ákvæði um stjórnir sjóðsins, nánar gerð grein fyrir þeim. Það má segja, að augljóst sé af samningnum um sjálfa sjóðsstjórnina, þ. e. a. s. sem skipuð er fulltrúum frá öllum Norðurlöndunum, 5 manna stjórn, en framkvæmdastjórnin átti að vera skipuð úr bankakerfinu, og það eru ákvæði um það í 4. gr., að iðnrh. skipi 5 menn í framkvæmdanefnd sjóðsins eftir tilnefningu Seðlabanka Íslands, Landsbanka Íslands, Iðnaðarbanka Íslands og Iðnlánasjóðs, sem hver tilnefnir einn mann, og Útvegsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, sem tilnefna einn mann sameiginlega. Hér er farin sú leið að taka tilnefningar frá þeim aðilum, sem mest eru riðnir við störf og framkvæmd á störfum sjóðsins, og er þá miðað við það fjármagn, sem viðkomandi viðskiptabankar og sjóðir hafa í iðnaðinum. Landsbanki Íslands og Iðnaðarbankinn eru þar stærstu aðilarnir, en útlán þessara aðila til iðnaðar munu vera nálægt 500 millj. kr. hjá hvorum. Síðan er Iðnlánasjóðurinn með nálægt 400 millj. kr. í útlánum núna. Honum vex að sjálfsögðu jafnt og þétt fiskur um hrygg og verður innan tíðar sá, sem hefur mest fjármagn þessara aðila í útlánum, eins og hann er uppbyggður. En Útvegsbanki og Búnaðarbanki eru með svipuð útlán í iðnaði, um eða kringum 300 millj. kr. Það er rétt að segja það, að í sjálfu sér hefði kannske verið æskilegast, að sjóðsstjórnin — framkvæmdastjórnin — hefði verið skipuð 6 mönnum, þ. e. a. s. að Útvegsbankinn hefði getað tilnefnt einn og Búnaðarbankinn einn. En það var hins vegar ákveðið í samningnum um sjóðinn, svo að þessu gátum við ekki breytt. Hygg ég, að gott samkomulag geti náðst um þetta fyrirkomulag, þannig að í raun og veru standi allir þessir aðilar að framkvæmdastjórninni. Í EFTA-nefndinni á sínum tíma, þegar rætt var um, hvaða hátt menn vildu hafa á þessari framkvæmdastjórn, þá var það sameiginleg skoðun, ég held mér sé óhætt að segja allra aðila, bæði stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga, að hentugast væri, að það væru fulltrúar frá bankakerfinu og viðskiptabönkunum og Iðnlánasjóði þá líka, en við það sköpuðust náin tengsl, sem mikilsverð voru að áliti allra nefndarmanna, milli stjórnar fjárfestingarsjóðs eins og Iðnþróunarsjóðurinn er og þeirra viðskiptabanka og annarra aðila, sem lána til iðnaðarins.

Það er, eins og gefur að skilja, mjög mikilsvert fyrir iðnaðinn, að þær venjur og reglur mótist hér, þegar ákvarðanir eru teknar um fjárfestingarlán til hans, að þá sé um leið um það rætt og jafnvel fastmælum bundið á milli aðila, sem ætti að geta orðið í svona framkvæmdastjórn, hvar viðkomandi aðili mundi hafa sín viðskiptalán. Enda þykir það nú vera nauðsynlegur háttur, sem því miður hefur oft verið misbrestur á á fyrri árum hjá okkur, að menn geri sér í upphafi grein fyrir rekstrarfjárþörf við það fyrirtæki, sem verið er að stofnsetja, um leið og fjárfestingarþörfin er metin og sótt um stofnlán.

Önnur ákvæði eru í samræmi við það, sem gert hefur verið ráð fyrir í samningnum, og þarf því ekki að fjalla frekar um. Sjálfur samningurinn er í slíku tilfelli fylgiskjal með löggjöfinni.

Um athugasemdir við frv. þarf ég ekki að fara mörgum orðum. Þar er gerð grein fyrir því, sem þm. hefur áður verið gerð grein fyrir, hvernig hugmyndin að sjóðnum er til komin, til að reyna að auka gagnkvæm viðskipti Íslendinga og hinna Norðurlandanna fjögurra, þar sem því miður hefur hallazt mjög á á undanförnum árum, og einnig að auðvelda Íslendingum viðskipti sín almennt innan Fríverzlunarsamtakanna. Þessi sjónarmið voru af hálfu Norðurlandanna, fulltrúa í þeirra eigin ríkisstjórnum, viðurkennd, að þau væru mikils virði, og þess vegna vel tekið undir þessar hugmyndir að stofna hinn svokallaða Norræna iðnþróunarsjóð. En augljóst mál var það, að einmitt við inngönguna í EFTA og til þess þá einnig að herða á eðlilegu jafnvægi í viðskiptum sérstaklega á milli Norðurlandanna og Íslands, var eiginlega íslenzkum iðnaði þörf mjög verulegs aukins fjármagns. Af þessum sökum var það svo, að sjóðurinn var endanlega ákveðinn í ísl. kr. 1232 millj. og með þeirri skiptingu, sem hv. þm. er kunnugt um og gerð er grein fyrir í athugasemdum.

Loks vil ég aðeins minna á, að hér hefur verið látið fylgja í fskj. áætlun frá Seðlabanka Íslands. Óskað var eftir því, að hann gerði nokkra áætlun um sjóðinn, hvernig hann byggði sig upp og hvernig fjármagn hans mundi vera, en eins og tekið er fram af Seðlabankans hálfu, þá er byggt á gefnum forsendum, sem þurfa ekki endilega að vera með þeim hætti, sem bankinn hefur gert ráð fyrir. Það er þess vegna meira sett fram til þess, að þm. geti áttað sig á, hvernig í raun og veru sjóðurinn muni þróast, en hann er eins og kunnugt er með þeim hætti, að þegar 10 ár eru liðin, þá eigum við Íslendingar aftur að fara að greiða, en að vísu vaxtalaust, framlagið frá hinum Norðurlöndunum. Þess vegna, eftir að höfuðstóllinn hefur náð hámarki eftir 10 ár, þá fer sjálfur höfuðstóllinn nokkuð að minnka vegna endurgreiðslnanna, sem þá nema nálægt 80 millj. kr. árlega í 15 ár. Eftir 25 ár hefur stofnfé verið endurgreitt, og þá er sjóðurinn orðinn að eign okkar Íslendinga einna, og starfi sjóðurinn þá áfram, sem auðvitað má telja mestar líkur á, þá þarf bæði að setja honum nýja löggjöf og nýjar reglur. En þá hefur hann aukna möguleika til þess að halda áfram að vaxa, eins og venjulegir stofnfjársjóðir gera. Hér er nokkurt frávik á þessu tímabili. Það kemur einnig fram, að sjóðurinn hefur mest fé til ráðstöfunar á fyrstu árunum, en það er m. a. vegna þess, að gert er ráð fyrir, að þá sé mest þörf fyrir, að hagnýtt verði til fulls heimildin í samningnum um sjóðinn að verja allt að 10% af stofnfénu til sérstakra lána með hagkvæmum kjörum eða beinlínis til framlaga til þess

að stuðla að rannsóknum, tækniaðstoð og markaðskönnunum.

Ég hygg svo, herra forseti, að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð til skilgreiningar á þessu frv., en vil mælast til þess, að frv. verði að lokinni umr. vísað til iðnn. og 2. umr. Og þá vil ég biðja hv. n. að hafa í huga þann möguleika, að við getum gengið frá þessu frv. um sjóðinn fyrir þinghlé, alla vega þannig, að löggjöf um hann liggi fyrir, þegar ráðgert er, að við verðum aðilar að EFTA 1. marz. En það þarf auðvitað verulegan undirbúning til starfsemi slíks sjóðs, og er þegar hafið í rn. að undirbúa starfsemi sjóðsins, þar til að því kemur, að honum verði sett stjórn, sem ekki yrði þá fyrr en á því tímabili, að sjálf þátttakan í EFTA verður raunhæf, en það er hins vegar verulegt atriði, að undirbúningur þess, viðræður við hin Norðurlöndin líka, fari fram, svo að allt geti tekið gildi í einu, þátttakan í EFTA og formleg skipun í sjóðinn eftir þann undirbúning, sem nú þarf að fara fram, meðan málið er í burðarliðnum.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Eins og hefur komið fram hjá hæstv. iðnmrh., þá er kannske ekki mikil ástæða til þess, að langar umr. verði hér um þetta mál, því að hér er í rauninni fyrst og fremst um staðfestingu á gerðu samkomulagi að ræða, sem þinginu hefur þegar verið gerð grein fyrir. Hér er um stofnun sjóðs að ræða, sem vissulega getur komið að gagni, ef vel tekst til með framkvæmdina.

Ég vildi aðeins segja það í tilefni af því, sem kom fram í ræðu hans, að það mundi hafa verið sameiginlegt álit fulltrúa í EFTA-nefnd, sem hefðu athugað þessi mál á sínum tíma, að heppilegast væri, að í framkvæmdastjórn sjóðsins yrðu fulltrúar frá bankakerfinu, að þetta er ekki rétt hvað mig áhrærir. Ég hef ekki verið á þeirri skoðun og er ekki á þeirri skoðun. Ég held, að það hefði farið betur að hafa þetta á annan veg. En þetta er ekkert meginatriði. Mín skoðun er sú, að það hefði verið miklu eðlilegra, að það hefði verið skipuð sérstök framkvæmdastjórn fyrir þennan sjóð, sem síðan hefði haft, eins og gert er ráð fyrir í samkomulaginu, náið samstarf við bankakerfið eða þá aðila, sem hafa með stofnlánaveitingar til iðnaðarins að gera. Ég vil einnig segja það, að ég tel fyrir mitt leyti, að eigi fulltrúar bankanna að vera í þessari framkvæmdastjórn, sem ég tel talsvert gallað, þá tel ég eðlilegra, að það væru aðeins fulltrúar viðskiptabankanna, ekki fulltrúar Seðlabankans. Ég tel, að þetta samrýmist í rauninni ekki þeim grundvelli, sem lagður er að störfum Seðlabankans, að hann sé með fulltrúa í svona lánastofnun, sem fjallar um lánveitingar til einstakra aðila. Ég teldi miklu eðlilegra, að hann ætti ekki fulltrúa í þessari framkvæmdastjórn.

En svo er hér eitt atriði, sem ég óska eftir að verði upplýst nokkru nánar, ef ekki við 1. umr., þá við þá n., sem fær málið til athugunar, en það er, að hér er um þýðingarmikinn stofnlánasjóð að ræða fyrir iðnaðinn, en eins og fram hefur komið í umr. hér áður, þá er það nokkuð óljóst, hvað talið er flokkast undir iðnað hér í landi, og það skiptir því allmiklu máli, hvaða aðilar það eru, sem geta raunverulega átt von á því að fá lán eða fyrirgreiðslu úr þessum sjóði. Ég spyr t. d. um það, en legg ekki neina höfuðáherzlu á að fá svar við því við þessa umr., en það komi þá fram við nefndarstörf: Getur fiskiðnaðurinn fengið lán úr þessum sjóði, fiskiðnaðurinn almennt, þar á ég t. d. við frystihús og annan slíkan fiskiðnað, síldarverksmiðjur, fiskmjölsverksmiðjur og annan slíkan fiskiðnað, eða geta t. d. niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðjur eða aðrar tegundir af fiskiðnaði flokkazt undir þessa lánveitingu, eða geta þessir aðilar ekki fengið lán úr þessum sjóði? Eru mörkin kannske þau sömu, sem hér voru skilgreind í sambandi við EFTA-umr. af hæstv. viðskmrh., þar sem hann tók t. d. frystihúsarekstur og slíkan fiskiðnað út úr og taldi hann með sjávarútvegi, en hins vegar taldi hann með iðnaði niðursuðu og niðurlagningu og þá verksmiðjurekstur í vissum öðrum tilvikum, þar sem viðurkennt væri, að slík framleiðsla flokkaðist undir EFTA-meðferð? Ég álít, að það sé nauðsynlegt, að þetta fái að koma hér fram, hvaða greinar iðnaðar geta raunverulega flokkazt hér undir. Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða málið frekar hér við 1. umr. Það fer til n. og fær þar sína athugun.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Í till. á undanförnum þingum og í umr. um iðnaðinn hefur af okkur framsóknarmönnum verið bent á nauðsyn þess að útvega iðnaðinum í landinu aukið fjármagn, og í umr. um EFTA-málið lögðum við áherzlu á það, að iðnaðurinn í landinu væri ekki nógu vel undir það búinn að taka þátt í þeirri samkeppni, sem fram undan væri í sambandi við EFTA-aðildina, og að brýn nauðsyn væri til að nota tímann vel til að búa íslenzkan iðnað undir það. Nú hefur hins vegar verið ákveðið, að Ísland gengur í EFTA eftir rúmlega mánuð, og okkur er það ljóst, framsóknarmönnum, og leggjum á það mikla áherzlu, að þjóðin verður að sameinast í þeim verkefnum til þess að standa sem bezt að því máli og hagnýta sér sem bezt þá möguleika, sem hún kynni að eiga á því sviði. Enda þótt mönnum hefði getað sýnzt sitt hvað um málið í heild, meðan það var á afgreiðslustigi, þá er það nú á því stigi, að sameinast þarf til átaka til þess að búa atvinnuvegi þjóðarinnar sem bezt undir þetta samstarf.

Einn þátturinn í EFTA-málinu var Iðnþróunarsjóðurinn, og það gerðu sér allir grein fyrir því, að þar voru á ferðinni fjármunir, sem iðnaðurinn þurfti á að halda og þarf að hagnýta. Framsfl. mun því ekki leggja stein í götu þessa máls, nema síður sé, enda gerði hann það ekki við EFTA-málið í heild.

Það eina, sem ég vildi segja í sambandi við þetta frv., sem lítill tími hefur verið til þess að skoða, — stefnan var áður mörkuð, svo að hún var kunn, — það er um sjóðsstjórnina, að hún nær yfir mjög takmarkað svið, og er mjög á valdi hæstv. ráðh., sem með þetta mál fer, hvernig til tekst með þá skipan. Hér getur verið um einhliða skipan á flestum sviðum að ræða, ef þannig verður á haldið. Í okkar bankakerfi hefur það verið svo, að það hefur verið tekið tillit til ýmissa hluta á sviði atvinnumála og einnig stjórnmála. Og það skiptir verulegu máli í þessu sambandi, þegar þessi stjórn verður skipuð, sem er eingöngu skipuð eftir viðhorfi bankanna, að það sé einnig tekið tillit til þeirra mála, sem lögð eru til grundvallar við skipan bankastjórastarfanna.

Að öðru leyti mun ég ekki orðlengja um þetta frv. við

þessa umr., enda gefur það ekki sérstakt tilefni til umr. hér, og get endurtekið, að það hefur alltaf verið okkar stefna og okkar till., að iðnaðurinn í landinu þyrfti aukið fjármagn og án aukins fjármagns mundi hann ekki geta orðið sá atvinnuvegur í okkar þjóðfélagi, sem við stefnum að og viljum að hann verði.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég fagna því, að þetta frv. er fram komið, og þá má segja, að yfirleitt horfi iðnaður mjög björtum augum til framtíðarinnar hvað það snertir að fá stóraukið fjármagn til uppbyggingar iðnaðarins. En það, sem ég vildi segja við þessa 1. umr. málsins hér í hv. d., var það í raun og veru, sem fram kom hjá 4. þm. Austf., að ég vildi spyrjast fyrir um það, hvort það væri ekki litið svo á, að þessi Iðnþróunarsjóður næði til niðursuðuiðnaðarins og jafnvel niðurlagningar. Hins vegar hefur mér skilist, að hann næði ekki til fiskiðnaðar almennt. En það má segja, að fiskiðnaður almennt hafi fengið fjármagn í gegnum Stofnlánadeild sjávarútvegsins, en hinn ungi og vanmáttugi niðursuðuiðnaður okkar hefur í raun og veru verið utan við flestallar fjárútveganir, og þess vegna vildi ég gjarnan fá um það upplýsingar, hvort það væri ekki af hæstv. iðnrh. litið svo á, að tilgangur sjóðsins væri einnig að byggja upp niðursuðuiðnað og þá jafnvel líka niðurlagningariðnað.

Eina grein þessa stutta frv. vil ég leyfa mér að gera nokkra aths. við, en það er 4. gr. frv. Ég er andvígur því og í raun og veru róttækari en hv. 4. þm. Austf., að hann taldi rétt, að framkvæmdastjórnin væri ekki skipuð fulltrúum bankanna, en alveg sérstaklega þó ekki fulltrúa Seðlabankans. Ég tel enga ástæðu til þess, að í hvert skipti sem lagt er hér fram frv. og lög eru staðfest um sjóði, lánasjóði til atvinnuveganna, að endilega eigi bankastjórar að ráða slíkum framkvæmdasjóðum. Ég tel sjálfsagt í tilfellum sem þessum, að það eigi að vera fulltrúar þeirra atvinnugreina, sem sjóðunum er ætlað að styrkja og starfa fyrir, og þeir eigi að vera þar í minni hl., þannig að það sé tryggt, að þeir geti gætt hagsmuna sinna samtaka, en að öðru leyti tel ég rétt, að löggjafarsamkoman kjósi hverju sinni meiri hl. í stjórn þessara sjóða, en ekki bankarnir. Og hvað sem líður viðhorfum manna til stjórnmálaflokka og stjórnmálamanna í landinu, þá treysti ég þeim miklu betur til þess að vera mannlegum og réttlátum í sambandi við atvinnuvegina heldur en framkvæmdastjórn, þar sem saman eru komnir 4—5 bankastjórar. Þess vegna ætla ég að lýsa því yfir hér í upphafi, að ég mun greiða atkv. á móti þessari grein frv. á síðari stigum málsins, en ég vænti þess, að hv. n., sem fær frv. til meðferðar, breyti þessu, því að þetta er orðið hvimleitt fyrirbrigði í frv., sem flutt eru um stofnlánasjóði.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta mál, og þeir hv. þm., sem hér hafa talað, hafa tekið fram sumt af því, sem ég vildi gera að umræðuefni. En það er þá í fyrsta lagi um stjórn sjóðsins og þá ekki síst það atriði, sem hv. síðasti ræðumaður og raunar einnig hv. 4. þm. Austf. minntist á, spurningin um það, til hvers þessi Iðnþróunarsjóður eigi að ná, nánari skilgreining á því, til hvaða iðngreina þessi sjóður eigi að ná, og ég vænti þess þá, að hæstv. ráðherra svari því.

Sama er að segja um 4. gr., þar sem fjallað er um stjórn sjóðsins, að ég tel, að sú grein sé ákaflega óheppileg, og hefði verið æskilegra, að þeim málum hefði verið skipað á annan veg en gert er ráð fyrir. Hins vegar sýnist mér, að þarna sé úr vöndu að ráða fyrir okkur hér í þinginu, vegna þess að ég sé ekki betur samkv. 1. gr. þessa frv. en hér sé um að ræða staðfestingu á gerðum samningi. Við stöndum í rauninni frammi fyrir gerðum hlut, þannig að við verðum annaðhvort að hafna frv. með öllu ellegar samþ. það eins og það liggur fyrir, vegna þess að það segir svo í fylgiskjali, sem fylgir þessu þingskjali, um stjórnina, — og eins og menn vita, þá er það undirritað af ráðherrum Norðurlanda, — þar stendur, að framkvæmdastjórn skipi framkvæmdastjóri sjóðsins og 5 fulltrúar íslenzka bankakerfisins, þannig að það virðist vera frá þessu gengið nú þegar, að þetta skuli svo vera, og er þetta samkomulag, sem ráðherrar annarra landa hafa undirritað, og þess vegna dálítið erfitt um vik fyrir okkur þingmenn hér að breyta þessu. Á þetta vildi ég benda og held, að ég fari þar rétt með, en ég kann þessu þó ekki vel.

En ég hefði þó viljað minnast á eitt atriði, sem ég held að hafi ekki borið á góma hér í þessum umr., en er þó nokkurs virði. Ég ætla ekki að fara mikið út í EFTA-málið og hef ekki tekið þátt í umr. um það efni hér og skal láta það algerlega ógert að lýsa skoðunum mínum á því máli frá rótum, en hins vegar er mér ljóst, að við stöndum núna frammi fyrir því, að við verðum EFTA-aðilar um sinn a. m. k., og að því er stefnt, að við aðlögum atvinnuvegi okkar þessari aðild. En þá vil ég benda á það í þessu sambandi, að þegar rætt er um atvinnuvegina og EFTA-aðildina, þá hafa umr. um það verið ákaflega almennar, menn hafa rætt mjög almennt um, hvaða áhrif EFTA-aðildin kunni að hafa á iðnaðinn. Hins vegar hefur minna verið um það rætt, sem kannske er von, hvaða áhrif EFTA-aðildin kunni að hafa á hvert einstakt fyrirtæki, þannig að hver einstakur iðnrekandi veit ákaflega lítið um það, hvaða áhrif EFTA-aðildin muni hafa á hans sérstaka fyrirtæki. Og það er einmitt þetta, sem ég vil benda á. Það er ákaflega mikilvægt og ekki síður mikilvægt en að ræða um þessi mál almennt og ræða um hver áhrif EFTA-aðildin mun í heild hafa á einstakar iðngreinar. En það, sem á skortir, er þetta, að hvert einstakt fyrirtæki geti, svo að vel sé, gert sér fyllilega grein fyrir því, hvaða áhrif EFTA-aðildin kunni að hafa á framleiðslu þess og starfsemi.

Og úr því að við erum á annað borð orðnir aðilar að EFTA og stöndum frammi fyrir því, þá hygg ég, að okkur vanti fjármagn, eða réttara sagt, að fyrirtækin vanti fjármagn til þess að kosta ýmiss konar sérfræðilegar rannsóknir á því, hver áhrif EFTA-aðild hafi á rekstur þeirra, og einnig, með hvaða hætti viðkomandi fyrirtæki geti aðlagað rekstur sinn harðnandi samkeppni, sem hlýtur að leiða af EFTA-aðildinni. Ég minnist á þetta atriði í sambandi við þetta mál vegna þess, að mér finnst, að það eigi og hljóti að koma til greina, að úr Iðnþróunarsjóði verði einstökum fyrir-

tækjum lánað nákvæmlega í því skyni, sem ég er hér að minnast á. Skal ég svo ekki hafa fleiri orð um þetta.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Mig langaði með örfáum orðum að gera athugasemd við eitt atriði í þessari samningsgerð, sem ekki hefur enn borið á góma í þessari umr., sem hér hefur orðið. Það er það atriði í samningi þeim, sem hæstv. ríkisstjórn hefur gert við ríkisstjórnir annarra Norðurlanda, að stofnfé það, sem lagt er fram, skuli vera vaxtalaust.

Það hefur verið skýrt frá því í almennri skýrslu í sambandi við EFTA-aðildina, að upptök þessa máls hafi verið þau, að hæstv. forsrh. Íslands hafi snúið sér til ríkisstj. annarra Norðurlanda og farið fram á það, að þessi sjóður yrði stofnaður á þennan hátt. Hæstv. ráðherra hafði sem sé farið fram á það, að ekki aðeins fengjum við lánsfé hjá öðrum Norðurlöndum, heldur að ekki yrðu greiddir vextir af þessu lánsfé, en þetta jafngildir því að sjálfsögðu, miðað við venjuleg lánaviðskipti, að það var farið fram á beina peningagjöf af okkar hálfu. Ég tel þetta vera mjög óeðlilega málaleitun og algerlega ástæðulausa. Enda þótt fjárhagsaðstæður okkar hafi verið erfiðar á ýmsan hátt, þá voru þær ekki svo erfiðar, að við þyrftum að fara fram á slíkt sem þetta. Þetta hefur verið varið með því af hæstv. viðskmrh., að í sambandi við aðild að EFTA mundu önnur Norðurlönd hagnast meira á viðskiptum við okkur heldur en við af viðskiptum við þau, vegna þess að þannig væri samskiptum þessum háttað. Nú var aðild að EFTA rökstudd með því af ríkisstjórn Íslands, að við mundum hagnast á henni, — við mundum ekki tapa á henni, við mundum hagnast á henni. Og ef hæstv. ríkisstjórn trúir sjálf á þessar röksemdir, þá höfum við að sjálfsögðu engar forsendur til að fara fram á neinar bætur vegna þess, að við gengjum í EFTA. Ég þekki ekki heldur nein þau EFTA-sjónarmið, sem segi til um það, að það eigi að vera jafnvægi í viðskiptum einstakra ríkja innan EFTA, þannig að þarna er greinilega um blekkingar að ræða. Það, sem þarna gerist, er einvörðungu það, að ríkisstjórn Íslands notar sér það, að hún veit, að við njótum velvildar annars staðar á Norðurlöndum og að frændþjóðir okkar þar vilja gera vel við okkur. En slíka vinsemd eigum við ekki að misnota á þennan hátt. Fjármunir eru að vísu mikilvægir, en sjálfsvirðing getur verið enn þá mikilvægari, og með því að leggjast svona lágt aftur og aftur, eins og gert er af íslenzkum stjórnarvöldum, þá erum við að lama sjálfsvirðingu okkar sjálfra, og þar erum við að vinna okkur tjón, sem engan veginn verður bætt með þeim fjármunum, sem við kunnum að afla með þessu móti.

Þessi samningur hefur þegar verið gerður, og það er að sjálfsögðu ekki raunsætt að koma með till. um, að honum verði breytt. En ég vildi við 1. umr. þessa máls, að þessar athugasemdir af minni hálfu yrðu skráðar í þingskjöl.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess með örfáum orðum að leiðrétta þann misskilning, sem hér kom enn fram hjá hv. þm., sem síðast var að tala, hv. 6. þm. Reykv., að Íslendingar hafi lagzt lágt við stofnun norræna iðnþróunarsjóðsins á Íslandi, að þeir hafi misnotað velvild Norðurlandaþjóða í garð Íslendinga og í þessu sambandi þegið eitthvað af þeim, sem óviðurkvæmilegt sé.

Það er rétt, sem áður hefur verið frá skýrt, að hæstv. forsrh. hreyfði þessu máli fyrst, eftir að það hafði verið rætt í ríkisstjórninni, við sína starfsbræður, þegar þeir hittust í einni af höfuðborgum Norðurlandanna. Síðan átti ég viðræður um málið við mína starfsbræður, oftar en einu sinni, og samningsgerðin um þetta var fyrst og fremst í mínum höndum og samstarfsmanna minna.

Sú hugmynd, sem upphaflega var sett fram að vandlega athuguðu máli við ríkisstjórnir hinna Norðurlandanna af okkur tveimur við starfsbræður okkar, var sú, að eitt af því, sem mundi baga okkur Íslendinga í sambandi við EFTA-aðild, væri fjárskortur til þess að stuðla að uppbyggingu íslenzks iðnaðar, aðhæfingu hans að nýjum markaði og bættum tæknibúnaði hans, að bættri samkeppnisaðstöðu hans. Þessari hugmynd var hreyft á algerlega almennum grundvelli, án þess að farið væri í upphafi fram á nokkur sérstök kjör af nokkru sérstöku tagi. Það var vakin athygli á fjármagnsskorti Íslands, á almennum fjármagnsskorti Íslands, sem mundi verða sérstaklega tilfinnanlegur í sambandi við aðild Íslands að EFTA. Það væru á því miklir erfiðleikar fyrir okkur að aðlaga okkur á jafnskömmum tíma og nauðsynlegt var talið að hinum nýja markaði, ef við ættum ekki aðgang að auknu fjármagni erlendis frá. Þannig var þessi hugmynd sett fram af hæstv. forsrh. í viðræðum við starfsbræður hans og af mér í viðræðum við mína starfsbræður. Það var ekki farið fram á nein sérstök fríðindi í því sambandi. Það getur ekki talizt að fara fram á fríðindi að benda á þá augljósu staðreynd, sem það er, að hér er um fjárskort að ræða, sem er sérstaklega tilfinnanlegur á aðlögunartímabili okkar að EFTA-markaðinum. Og það getur með engu móti heldur talizt óviðeigandi að vekja sérstaklega athygli á þessari staðreynd, þessari ómótmælanlegu staðreynd, gagnvart þeim þjóðum, sem augljóst var, að í bráð högnuðust meira á aðild Íslands að EFTA en við gerum sjálfir, þegar gagnkvæm skipti eru skoðuð. Það var staðreynd, sem hafði komið fram löngu áður í viðræðum mínum við starfsbræður mína, viðurkennd af þeim og ríkisstjórnum Norðurlandanna í heild, að í bráð hallaði á Ísland.

Það var staðreynd, sem allir höfðu löngu áður viðurkennt, að það hallaði í bráð nokkuð á Ísland, hinum Norðurlöndunum í hag, ef skipti þessara fimm ríkja væru skoðuð í heild, í sambandi við aðild Íslands að EFTA. Og það hafði verið margrætt, með hverjum hætti hugsanlegt væri að bæta hér úr. Hugmyndin um það, að hin Norðurlöndin leyfðu innflutning á lambakjöti í auknum mæli til Norðurlandanna er eldri. Það var sú hugmynd, sem fyrst kom fram til þess að jafna metin í viðskiptum milli landanna. Síðan fæddist sú hugmynd hér innanlands, að hugsanlegt væri að jafna metin enn frekar með því, að hin Norðurlöndin stuðluðu að því ásamt Íslandi, að bætt yrði úr þeim fjármagnsskorti, sem hér er við að etja. Og það var sú hugmynd, sem sett var fram af okkur hæstv. forsrh. í

viðræðum við starfsbræður okkar sem hugmynd, án þess að hún væri formuð hvað snertir kjör að einu eða neinu leyti, jafnvel ekki einu sinni, hvort skyldi vera um sjóð að ræða með framlögum frá öllum Norðurlöndunum fimm eða almennt lánsfé. Sú niðurstaða, sem af þessu fékkst og liggur fyrir í þessu frv., varð síðan til smám saman í þeim ýtarlegu viðræðum, sem fram fóru um málið milli ráðherra og embættismanna.

Ég get fullyrt, og það skulu vera síðustu orð mín í þessu máli, að í þeim löngu viðræðum hafi málsvarar Íslands aldrei sett fram neinar þær óskir eða komið að neinu leyti þannig fram, að sóma Íslands þurfi að teljast nokkur skaði af. Og ég fullyrði líka, að hin Norðurlöndin líta að engu leyti þannig á og hafa aldrei litið þannig á, að við höfum í þessum viðræðum nokkru sinni farið fram á nokkurn skapaðan hlut, sem ekki sé algjörlega eðlilegur frá þeirra sjónarmiði og okkar sjónarmiði.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskmrh. fyrir þessar skýringar. Hann greindi frá því að í viðræðum íslenzkra ráðherra við ráðherra annarra Norðurlanda hafi sú ósk ekki verið borin fram í upphafi af Íslendingum, að við fengjum þetta fjármagn vaxtalaust. Og hann sagðist vilja taka þetta fram, til þess að það væri skýrt, að við hefðum ekki farið fram á neitt, sem ekki væri í samræmi við sóma Íslands. Ég gat ekki skilið þetta öðruvísi en svo, að hæstv. ráðherra hefði talið það ósæmandi fyrir okkur Íslendinga að fara fram á þetta. Það er ekki hægt að skýra þessi ummæli hæstv. ráðherra á annan hátt. En um það, hvernig þessi hugmynd hefði fæðzt, fengum við enga vitneskju. Hæstv. ráðherra sagði aðeins, að hugmyndin hefði orðið til. Einhvers staðar hlýtur hún að hafa orðið til. Einhver hefur orðað hana fyrst, og það væri afar fróðlegt að fá um það frekari vitneskju hjá hæstv. ráðh. Ég skal engan veginn draga í efa það, sem hann hefur sagt um málflutning íslenzkra ráðherra í þessum viðræðum. En á hitt vil ég minna, að það gerðist um svipað leyti, að hæstv. forsrh. átti um það viðræður við sænsk stjórnarvöld, hvort þau væru ekki reiðubúin til þess að veita íslenzkum námsmönnum í Svíþjóð aðgang að sænsku námslaunafé, vegna þess að Lánasjóður íslenzkra námsmanna væri ekki nægilega öflugur til að tryggja íslenzkum námsmönnum sömu kjör og sænskir hafa. Það var farið fram á það af hálfu íslenzkra stjórnvalda, að sænsk stjórnarvöld hlypu þarna undir bagga. Þetta er ástæðan fyrir því, að ég taldi engan veginn ólíklegt, að þessi hugmynd um vaxtalaust fé hefði komið frá íslenzkum stjórnarvöldum, þó að ég sé engan veginn að vefengja það, sem hæstv. ráðherra segir.

En jafnvel þó að þessi hugmynd hafi í rauninni komið frá öðrum, þá var algerlega ástæðulaust fyrir stjórnarvöld okkar að fallast á hana. Það var tvímælalaust vinsemdarvottur af ríkisstjórnum annarra Norðurlanda að láta okkur hafa þetta lánsfé, og við gátum vel greitt fyrir þetta lánsfé hóflega vexti. Það átti hreinlega að vera afstaða ráðherra okkar í þessum viðræðum, að við vildum greiða hóflega vexti af þessu lánsfé. Hvaðan svo sem þessar hugmyndir hafa komið, þá er ekki mikil reisn í því að þiggja þessi kjör heldur.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Mér er ljóst, að þar sem frv. er seint fram komið og ég hef lagt áherzlu á afgreiðslu þess, þá verð ég mjög að takmarka mál mitt og skal þess vegna alveg sneiða hjá öllum deilum eða hugsanlegum deilum um þetta mál. Skoðanir manna um það, hvort fulltrúar stjórnmálaflokka eða bankastjórar séu mannlegri eða réttlátari, um það skal ég ekki hafa nein orð, eða hvort menn telja, að hér þurfi að halda sérstaka ræðu til þess að halda uppi sjálfsvirðingu sinni í þinginu, sem yrði rituð í þingtíðindin, án þess að nokkur fyrirvari sé gerður um það, þegar menn taka til máls um hvaða mál sem er. En ég var spurður sérstaklega að því og það var innt eftir því, að kannske þyrfti að gera betri skilgreiningu á því, hvað teldist iðnaður í þessu sambandi, sem undir þennan sjóð mundi heyra, og það af fleiri en einum þingmanni. Það er auðvitað sjálfsagt að athuga það mál nánar, og ég fellst alveg á fulla nauðsyn þess. En í stórum dráttum skilst mér, að það mundi fyrst og fremst skilgreinast af því, hvaða atvinnureksttur hér á landi greiðir iðnlánasjóðsgjald. Um það hafa verið settar reglugerðir, og varðandi fiskafurðir, þá hafa niðursuðuverksmiðjurnar allar greitt iðnlánasjóðsgjaldið og verið taldar til iðnaðar. Það hefur hins vegar verið ein verksmiðja, niðurlagningarverksmiðja, sem hefur greitt útflutningsgjald og ekki iðnlánasjóðsgjald. En með reglugerðinni um verkaskiptingu ráðherra á grundvelli laga um Stjórnarráð Íslands frá áramótum, þá er alveg skýrt kveðið á um þetta, að fiskniðursuða og niðurlagning tilheyri iðnaðinum, þannig að frá þessu sjónarmiði er þetta ljóst. Ég man eftir því, að þegar við vorum að semja reglugerð um iðnlánasjóðsgjaldið, þá voru nokkur matsatriði um það t. d., hvað í landbúnaði skyldi greiða iðnlánasjóðsgjald, vera talið iðnaður í þeim skilningi. Við reyndum að greiða fram úr því eftir okkar beztu vitund og með samkomulagi við aðila, og mér er ekki kunnugt um, að neinar deilur eða efi hafi risið um það. En slík atriði þurfa sjálfsagt í framkvæmdinni að athugast nánar. Aftur er það rétt um frystiiðnaðinn, sem tekið hefur verið fram, að hann hefur notið sinna stofnlána á öðru sviði heldur en í iðnlánasjóði, og það hefur beinlínis verið tekið fram af hálfu stjórnvalda, sem sérstaklega hafa verið um það spurð, að sá iðnaður, fiskiðnaður, sem svo er kallaður, gæti ekki notið lána úr þessum sjóði.

Ég vil aðeins taka það fram varðandi það, sem fram kom hjá hv. 3. þm. Norðurl. e., að það vantaði á, að einstök fyrirtæki gætu gert sér grein fyrir áhrifum EFTA-aðildar á rekstur þeirra, að þá var á s. l. ári gerð alveg sérstök gangskör að því, að hin einstöku fyrirtæki gætu gert sér grein fyrir áhrifum hugsanlegrar EFTA-aðildar á rekstur þeirra. Þá voru settar á laggirnar, eins og skýrt hefur verið frá reyndar hér í þinginu við önnur tækifæri, nefndir ýmissa greina í iðnaðinum, sem ýtarlegar viðræður voru hafðar við af þeim embættismönnum og sérfræðingum, sem fjölluðu um EFTA-málin og hugsanleg áhrif EFTA-aðildar. Það hefur komið fram í viðræðum fulltrúa iðnrekenda við ráðherra, — fjmrh., viðskrh., iðnrh., — að gaumgæfilega væri fylgzt með einstökum greinum í iðnaðinum, ef fram kæmi í framkvæmdinni, að áhrif aðildarinnar væru t. d. of þungbær og neikvæðari en áður

hefði verið gert ráð fyrir. Af þessum sökum verður því eitt af veigameiri atriðum í sambandi við framkvæmd iðnaðarmála á fyrstu árum EFTA-aðildar að gera sér grein fyrir áhrifunum. Að þessu er þegar hafinn undirbúningur. Þar með eru t. d. stórvægileg mál, eins og t. d. skattamálin, sem þurfa að breytast almennt vegna hugsanlegra áhrifa á iðnfyrirtæki í samkeppni við erlend iðnfyrirtæki. Einnig er verið að undirbúa og hugsunin að reyna að koma sem allra fyrst í framkvæmd sérstöku útflutningslánakerfi, sem við höfum ekki haft fram að þessu, í líkingu við það, sem aðrar þjóðir í EFTA og reyndar utan EFTA hafa til stuðnings sínum útflutningsiðnaði. Það er auðvitað gefið mál og hefur verið ljóst, að ýmis iðnfyrirtæki hér þurfa á tækniaðstoð að halda og aðstoð við rannsóknir á sínum hag og markaðskannanir, og það er einmitt gert ráð fyrir því, að 10% af stofnframlagi Iðnþróunarsjóðsins megi verja m. a. til þess að styðja atriði eins og þetta. Á sama tíma hefur verið leitað eftir tækniaðstoð frá Sameinuðu þjóðunum, þeirra stofnun, OECD, sem skammstöfuð er á erlendu máli, og hér eru núna staddir þrír fulltrúar frá stofnun þeirri, sem er mjög stór stofnun og hefur aðsetur sitt í Vín, til þess að ræða við fulltrúa iðnaðarins og iðnrekenda, iðnrn. og Rannsóknaráð ríkisins og aðrar skyldar stofnanir, rannsóknastofnanir iðnaðarins, um þá hugsanlegu tækniaðstoð, sem þessi stofnun gæti einmitt veitt á þessum tímamótum, sem við núna stöndum. Sömuleiðis höfum við athugað nokkuð, hvort við gætum notið að einhverju leyti aukinnar aðstoðar frá OECD, sem við á sínum tíma nutum töluverðrar tækniaðstoðar frá, en það mál er ekki eins langt komið. Þetta vildi ég aðeins nefna til að vekja athygli á því, að á slíkum sviðum verður auðvitað að hafa sérstaka gát, einmitt í sambandi við fyrstu þátttöku okkar í EFTA og á fyrstu tímunum, og hvernig málin þróast, enda hefur iðnrn. þegar gert ráðstafanir til þess, að á þessu ári verði unnið að iðnþróunaráætlun fram til ársins 1980, — ég veit ekki, hvort ég má nota orðið áratug, hvort hann er byrjaður eða ekki byrjaður, — og það er m. a. út frá því sjónarmiði, að auðveldara verði að gera sér grein fyrir áhrifum á einstök fyrirtæki og hugsanlegum frávikum frá slíkum áætlunum, sem gerðar yrðu. Ef langtímaáætlun yrði gerð, 5–10 ára, þá mundi sennilega í framkvæmdinni hafður sá háttur á, eins og tíðkast mjög, að endurskoða hana frá ári til árs með smábreytingum, sem gera þarf.

Ég skal svo ekki hafa mín orð fleiri og endurtek það, sem ég sagði í upphafi, að í þeim mismunandi skoðunum eða deilum, sem upp hafa komið, mun ég ekki á þessu stigi málsins taka neinn þátt.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. hefur gert hér að umtalsefni það ákvæði samningsins, að lánsfé skuli vera vaxtalaust, og það var sannarlega ekki vanþörf á að drepa á þetta atriði. Það er nú svo komið fyrir Íslandi, að það þarf að fara að óska eftir erlendu lánsfé án vaxta. Þetta minnir mig á gamla daga, þegar menn þurftu að leita eftir sveitarstyrk, hann var ekki með neinum vöxtum. Mér sýnist, að við séum komnir niður á það svið, að það sé eitthvað líkt ástatt fyrir okkur í hópi þjóðanna eins og þessu fólki, sem á sínum tíma þurfti að biðja um sveitarstyrk. Mér finnst þetta bókstaflega vera yfirlýsing íslenzkra stjórnvalda um það, að nú sé Ísland orðið fjárhagslega vanþróað land, því að það getur ekki talizt þróað land, sem biður aðrar þjóðir um vaxtalaust fé.

Það var á það drepið, að þessu yrði ekki breytt, af því að samningurinn væri gerður, og þess vegna yrði Alþ. annaðhvort að samþykkja samninginn eins og hann er eða ekki. En ósköp eru áhrif Alþ. farin að verða lítil á móts við ríkisstjórnarinnar, þegar það má ekki eða getur ekki breytt einu einasta atriði í samningi, sem gerður hefur verið við aðra þjóð. Ég skal ekki ræða um eða fullyrða um, í hvaða formi sú breyting þyrfti að vera að fá þessu ákvæði samningsins breytt, en ég tek það ekki trúanlegt, að það sé ekki hægt, að Íslendingar geti ekki óskað eftir því, að sú eina breyting verði gerð á samningnum, að þeir borgi vexti, einhverja hóflega vexti af fénu, eins og venjulegt er milli þjóða. Ég vil benda hv. n., sem fær þetta mál til athugunar, á að aðgæta þetta rækilega, hvort það sé útilokað að fá slíku breytt sem þessu, og ekki get ég ímyndað mér, að þjóðirnar — Norðurlandaþjóðir, — sem leggja fram þetta fé eða lána þetta fé, geti haft eitthvað á móti því, ef Íslendingar óska eftir því að borga einhverja hóflega vexti af láninu. En eins og það er, þá vil ég taka undir það, að þetta er ekki Íslandi og Íslendingum til neins sóma.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil aðeins út af ræðu hv. síðasta ræðumanns, 1. þm. Vestf., segja örfá orð. Hann segir sem svo, að hann telji, vegna þess að við fáum þarna vaxtalaust lán, sem við endurgreiðum á 25 árum, þá megi telja, að svo sé komið fyrir Íslandi, að við séum eins konar þurfalingar í samfélagi þjóðanna, að við séum komin niður á það svið, að sveitarstyrkur hafi verið veittur vaxtalaust o. s. frv., og var ýmislegt annarlegt sagt í þessu sambandi. Og hann var jafnvel að leggja það til, að n., sem fengi frv. til meðferðar, spyrðist fyrir um það, grennslaðist eftir því, hvort við gætum ekki fengið að borga vexti af þessu. Ég vil segja þessum hv. þm. það, að ef hann álítur, að við séum komin niður á eitthvert annað svið en við áður höfum verið á, þá hefur Ísland þegið stórkostlegt gjafafé frá öðrum þjóðum, án þess að hann hafi nokkuð — eða hans flokkur — tekið nærri sér að taka á móti því né nokkurn tíma borið fram, að það væri endurgreitt. (Gripið fram í.) Það hefur þó Framsfl. gert og undir forsæti formanns Framsfl. Ég minni hér aðeins á Marshall-aðstoðina á því sviði og margs konar hlunnindalán, sem í tengslum við hana voru á sínum tíma, og voru menn þó ekki kallaðir þurfalingar.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. hefur minnzt á það, að Íslendingar hafa þegið gjafafé áður. Þetta er rétt, og mér hefur alltaf þótt skömm að því. En þar með staðfestir hann það, að þetta sé gjafafé, og þetta er mér alveg nóg.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta er alveg rangt, og þess vegna hlýtur þetta að vera langt í

frá að vera nóg fyrir hv. þm., 1. þm. Vestf., því að það er munur á því að fá vaxtalaust lán eða gjafafé, og það var það, sem ég vakti athygli á í fyrri ræðu minni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til iðnn. með 27 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 30. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 291, n. 322).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Iðnn. hv. d. hefur athugað frv. þetta og haft það til meðferðar, og þótt hv. þdm. hafi ekki enn fengið nál., þá liggur þó sú staðreynd fyrir, að n. skilar sameiginlegu nál. og efnislega er n. sammála frv. þessu og styður það, en nm. allir áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., og a. m. k. einn nm., hv. 2. landsk. þm., mun flytja hér brtt. á eftir við 4. gr. Við þá gr. voru gerðar nokkrar aths. við 1. umr. málsins, og einmitt það atriði var mikið rætt í n. á fundi hennar í dag, og því verður ekki á móti borið, að þær aths., sem fram komu við 1. umr. málsins, falla nokkuð í jarðveg þeirra, sem þessa n. sitja, þótt allir séu ekki sammála þar um. Hins vegar hafði n. samráð við iðnrh., sem tjáði sig fúsan til þess að leggja fram brtt. við þessa gr., sem hann mun gera hér sjálfur grein fyrir á eftir, þess eðlis, að Seðlabankinn muni ekki fá fulltrúa í stjórn þessa sjóðs, heldur fái Útvegsbanki Íslands og Búnaðarbanki Íslands sinn fulltrúa hvor. Sjálfur var ég með þá aths., og ég held, að við séum allir sammála um það, nm., að nauðsynlegt sé, að sá aðili í stjórn bankanna, sem Sþ. kýs, þ. e. bankaráðið, hafi með þessa tilnefningu að gera. Á þetta atriði hefur hæstv. iðnrh. ekki aðeins fallizt, heldur og talið sjálfsagt. Ég mun ekki ræða þetta efnislega, hæstv. ráðh. gerði það ýtarlega við 1. umr. hér í hv. d. í gær, og mun ég ekki hafa fleiri orð um þetta, en mæli með því, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu, sem hæstv. iðnrh. hefur boðað.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Eins og fram kom við framsögu n., gerði ég henni grein fyrir því, að ég mundi flytja brtt. við 4. gr., en á nokkrum atriðum hennar kom fram gagnrýni við 1. umr. málsins, og sumar þeirra gat ég efnislega alveg fallizt á og féllu einnig innan þess ramma, sem samningurinn sjálfur segir til um, og er af þeim ástæðum einnig hægt að breyta þessu ákvæði. En það er í því fólgið að breyta skipun framkvæmdastjórnarinnar þannig, að það séu aðeins viðskiptabankarnir, sem tilnefni fulltrúa í hana, auk Iðnlánasjóðs. Þá mundi gr. hljóða þannig, að „iðnrh. skipar 5 menn í framkvæmdastjórn sjóðsins eftir tilnefningu eftirtalinna aðila: Landsbanka Íslands, Iðnaðarbanka Íslands h. f., Iðnlánasjóðs, Útvegsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, sem hver tilnefnir einn mann. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt, og skal skipunartími aðalmanna og varamanna vera 3 ár. Ráðh. skipar formann framkvæmdastjórnar, en hún skiptir með sér verkum að öðru leyti.“

Það var nokkur óánægja, sem var mjög skiljanleg, hjá fyrirsvarsmönnum Útvegsbanka og Búnaðarbanka, að þeir þyrftu að sameinast um einn mann, og ég hef látið í ljós við fulltrúa þessara stofnana, að ég mundi hafa lagt til, að 6 menn væru í þessari stjórn, þannig að hver þessara banka hefði aðild að framkvæmdastjórn sjóðsins. Það er auk þess höfð gát á því nægjanlega snemma. En hins vegar, eftir að samningurinn var gerður og undirritaður hér í desembermánuði, þá voru ákvæði hans bindandi að því leyti, að framkvæmdastjórnina skipa framkvæmdastjóri sjóðsins og 5 fulltrúar íslenzka bankakerfisins. Í samningnum er einnig sagt, að aðsetur sjóðsins sé í Reykjavík, og Seðlabanki Íslands þarf að veita sjóðnum nauðsynlega fyrirgreiðslu og starfsaðstöðu. Þess vegna höfðum við haft Seðlabankann sem aðila til þess að tilnefna fulltrúa í framkvæmdastjórn og lagt það til og töldum, að sjóðnum væri að því mikill styrkur, þar sem Seðlabankinn ætti að sjá sjóðnum fyrir nauðsynlegri fyrirgreiðslu og starfsaðstöðu.

Nú hef ég rætt það hins vegar við Seðlabankann, að eðli málsins samkv. væri það æskilegra, að viðskiptabankarnir allir, sem hér væru nefndir, ættu aðild að stjórninni til jafns hver við annan, og þeir bankastjórar, sem ég hef rætt þetta við, hafa fallizt á það sjónarmið, enda hef ég tjáð þeim og vil tjá hv. þd. það um leið, að ég hef ákveðið að tilnefna seðlabankastjóra dr. Jóhannes Nordal í stjórn sjóðsins. Það er 5 manna stjórnin, sem sæti á í einn aðili frá hverju hinna 5 Norðurlanda. En einmitt framkvæmdastjórnin og stjórn sjóðsins þurfa að hafa nána samvinnu sín á milli, og með þessum hætti held ég, að þessu sé í alla staði vel fyrir komið, og vinnst þá það, að Útvegsbankinn og Búnaðarbankinn tilnefna hvor sinn manninn eins og hinir bankarnir í stjórn sjóðsins. Þetta er meginefni till., og ég skal ekki að öðru leyti ræða annan ágreining, sem fram kom hér, en það er mín skoðun, eins og ég lýsti í upphafi, að það sé þessum sjóði mjög til styrktar sem stofnsjóði og fjárfestingarsjóði fyrir iðnaðinn að hafa náin tengsl við alla þá banka, sem veita iðnaðinum verulega fyrirgreiðslu í lánum, rekstrarlánum og stofnlánum, að öðru leyti.

Ég vil, herra forseti, leyfa mér að leggja fram þessa skrifl. brtt. og bið um afbrigði fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 320) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Iðnn. fjallaði um þetta mál á fundi kl. eitt í dag og hefur ekki unnizt mikill tími til þess að skoða málið, og var ekki búizt við, að það kæmi hér á dagskrá núna. Ég lýsti því yfir í n., að ég mundi flytja brtt. við 4. gr. frv. Það kom fram ýmis gagnrýni á einmitt þeirri gr. frv. hér við umr. í gær. Ég ætla ekki að rekja þær, en ég er eindregið þeirrar skoðunar, að framkvæmdastjórn þessa sjóðs, sem nú er gert ráð fyrir í 4. gr., að skipuð sé fulltrúum úr bankakerfinu, eigi ekki að vera þannig, og ég skal að vísu játa, að sú brtt., sem hæstv. iðnmrh. nú hefur flutt, bætir þar nokkuð um. En í grundvallaratriðum er það þó hið sama, þ. e. a. s. það er bankakerfið, sem á að tilnefna

þessa menn og ráðh. síðan að skipa þá. Ég er algerlega andvígur þessum hætti og leyfi mér að flytja hér skrifl. brtt. við 4. gr. frv. Hún er á þessa leið, með leyfi forseta:

„4. gr. orðist svo:

Framkvæmdastjórn sjóðsins skipa 5 menn kosnir hlutfallskosningu af Alþ. Kjörtímabil stjórnar skal vera 3 ár, og skulu 5 varamenn einnig kosnir til þriggja ára. Ráðh. skipar formann framkvæmdastjórnar úr hópi hinna kjörnu manna, en stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti."

Ég skal svo ekki að öðru leyti fjalla um þetta mál, en styð frv. með þessum fyrirvara.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 230) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég skal ekkert gagnrýna það, þó að menn hafi mismunandi skoðanir á því, hvernig framkvæmdastjórnin skuli skipuð, en ég vara alvarlega við samþykkt þessarar brtt., því að með því er verið að hafna samningnum, sem gerður var við hin Norðurlöndin, og það er í raun og veru sama sem sú samningsgerð þurfi að takast upp aftur, hvort sem það mundi bera árangur eða ekki, um það skal ég ekki tjá mig, en þetta vil ég, að menn geri sér ljóst. Ég vil svo taka fram það, sem ég hafði ætlað mér, en gleymdi áðan, en hv. 10. þm. Reykv. vék að, að bankaráð bankanna er yfirstjórn bankanna, og það er auðvitað eðlilegt og sjálfsagt og ég hef alltaf gert ráð fyrir því, að bankaráðin fái til meðferðar og ákvörðunar tilnefningu á þessum mönnum af hálfu bankanna.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það var aðeins ein fsp. til hæstv. iðnrh. Ég vildi spyrjast fyrir um það, hvort það hafi verið ákveðin krafa fulltrúa ríkisstj. hinna Norðurlandanna, að framkvæmdastjórnin, sem gert er ráð fyrir fyrir þennan sjóð, verði valin af íslenzka bankakerfinu, m. ö. o. hvort það hafi verið krafa fulltrúa ríkisstj. hinna Norðurlandanna, að framkvæmdastjórnin væri skipuð fulltrúum úr íslenzka bankakerfinu.

Ég lýsti því yfir hér í gær, að ég væri andvígur því, að fulltrúar bankakerfisins færu með framkvæmdastjórn. En ef það er ófrávíkjanleg krafa Norðurlandanna og Iðnþróunarsjóðurinn gæti kannske að engu orðið, þá verða menn að sætta sig við ýmislegt annað en gott þykir. En ég trúi því ekki, að vinaþjóðirnar á Norðurlöndum hafi gert þessa kröfu, fyrr en ég fæ það þá staðfest, og skil ekki í öðru en það megi taka upp samningaviðræður um þetta mál. Og ég lýsi því enn einu sinni yfir, að ég er andvígur því að fá bankakerfinu stjórn fleiri fjárfestingarsjóða en þegar hefur verið gert.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Út af þessari fsp. hv. þm. get ég svarað því neitandi þannig, að það var engin krafa frá fulltrúum hinna Norðurlandanna, að þessi háttur yrði á, en þetta er sameiginleg niðurstaða samninganna, og það var sameiginleg skoðun okkar allra, og það var álit okkar í íslenzku ríkisstj., að þessi verði beztur háttur á þessu, og ég mundi ekki beita mér fyrir endurskoðun samningsins í þá átt, sem hér er stungið upp á.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 230 felld með 18:10 atkv.
— 220 (ný 4. gr.) samþ. með 25:3 atkv.
5.—8. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 334).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 45. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 46. fundi í Ed., 2. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta til l. um Iðnþróunarsjóð, sem hlotið hefur afgreiðslu í hv. Nd., er þess efnis, að ríkisstj. sé heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samning ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns iðnþróunarsjóðs fyrir Ísland, sem gerður var í Reykjavík 12. des. 1969, en samningurinn um þennan norræna iðnþróunarsjóð lá fyrir sem fskj. með þáltill. um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu, sem lögð var fyrir Alþ. fyrir jólin og afgr. þá, eins og kunnugt er, og er hv. þm. því kunnugt efni þessa samnings fyrir alllöngu. Hins vegar bið ég velvirðingar á því, að þetta frv. hefur ekki fyrr fram komið, og voru nokkur mistök í því. En efni málsins er að öðru leyti ekki flókið, og ætti það ekki að koma að sök, vona ég, þar sem mönnum var áður kunnugt efni sjálfs samningsins, sem á að staðfesta. Það er ákvæði um heiti sjóðsins í 2. gr. Hann nefnist hér á Íslandi Iðnþróunarsjóður af hentugleikaástæðum, og það stangast ekki á við neitt annað heiti og fer vel á því og er styttra en að kenna hann við hinn norræna uppruna hans, skulum við segja. En að öðru leyti eru svo ákvæði um, hvernig framkvæmdastjórnin skuli skipuð, en um það var í samningnum aðeins það ákvæði, að framkvæmdastjórnin skuli skipuð 5 fulltrúum íslenzka bankakerfisins.

Hér er í 4. gr. kveðið á um, hvernig sú skipan skuli vera, og það er þá þannig, að stjórnin skuli skipuð fulltrúum, sem tilnefndir eru af viðskiptabönkunum, Landsbanka Íslands, Iðnaðarbanka Íslands, Útvegsbanka og Búnaðarbanka, sem hver skipar sinn fulltrúa og Iðnlánasjóður fimmta fulltrúann. Þannig er málið afgreitt frá Nd., og var að vísu nokkur ágreiningur um

það, sumir töldu eðlilegra að skipa þennan sjóð fulltrúum kosnum af Alþ. Um það má auðvitað hafa mismunandi skoðanir. Við, sem unnum að undirbúningi þessa samnings, bæði íslenzkir aðilar og erlendir aðilar, vorum sammála um þá niðurstöðu, að hentugast væri og hagkvæmast að skipa hann fulltrúum frá bankakerfinu. Það er mín persónulega skoðun, að það sé einnig það hentugasta og hagkvæmasta í þessu tilfelli, en með því er örugglega tryggt, að við nálgumst það mark, sem við höfum verið að reyna að stefna að með mismunandi góðum árangri á undanförnum árum, að tryggja betur samræmi í fjárfestingarlánamálum og rekstrarmálum fyrirtækjanna. Þetta mundi að sjálfsögðu leiða til þess, að þegar þessi sjóður veitir a. m. k. nýjum fyrirtækjum stofnfjárlán til þess að hefja undirbúning að stofnun og rekstri fyrirtækis, þá er jafnframt ákveðið, hvað ætlað sé um rekstrarfjárþörfina og hvaða aðili af þessum bönkum muni veita þar til þann atbeina, sem þarf í sambandi við sjálfan reksturinn.

Ég skal ekki að öðru leyti gera þann ágreining, sem hér kom fram, að umtalsefni, en vil aðeins vekja athygli á því, sem ég gerði grein fyrir í Nd., að frá þessu er því miður ekki hægt að hverfa nú vegna ákvæðis samningsins sjálfs, og mundi það hafa að mínum dómi mjög alvarlegar afleiðingar og ekki skemmtilegar, ef slík breyting yrði samþykkt, því að hún brýtur í bága við samninginn sjálfan, sem ákveður, að framkvæmdastjórnin skuli skipuð fulltrúum úr bankakerfinu, og þyrfti þá með einhverjum hætti að taka það upp til endurskoðunar, ef menn hefðu viljað. Sjálfur hef ég ekki þá skoðun, að það sé rétt, og hef lýst því yfir, að ég mundi ekki, ef svo yrði, beita mér fyrir slíkri endurskoðun.

Ég hygg, að að öðru leyti þurfi ég ekki að gera nánari grein fyrir þessu máli nú miðað við það, sem áður hefur verið sagt um sjóðinn í umr. um aðild að Fríverslunarbandalaginu. Aths. hafa þm. haft aðstöðu til þess að kynna sér, og ég vil aðeins geta þess í sambandi við fskj. um útlán Iðnþróunarsjóðs, sem útbúið var að beiðni ríkisstj. af Seðlabankanum, að það byggist auðvitað á því sem gefnum forsendum, sem ekki er vitað, að verði nákvæmlega þær, af þeim, sem unnu að því að útbúa þetta yfirlit. Fyrir því er nánar gerð grein, en ástæðan til að láta það fylgja var aðeins sú, að það gæfi þm. nokkra yfirsýn yfir, hvernig hugsanlega gæti orðið þróun þessa sjóðs. Sjóðurinn er í erlendri mynt, og þarf að endurgreiða lánin til hinna Norðurlandanna að 10 árum liðnum á 15 árum, og þar af leiðandi gæti verið um gengisáhættu að ræða. Það er augljóst af þessu, að fyrirtæki, sem mundu fá lán úr sjóðnum, sem væru útflutningsfyrirtæki, gætu borið slíka áhættu, en til þess að draga úr þessari áhættu fyrir aðra aðila, gæti auðvitað komið til álita að hafa mismunandi vexti, gefa þeim þá hagræði í vöxtum miðað við áhættu, sem þeir taka varðandi breytingar á genginu, og eins væri sá möguleiki fyrir hendi að byggja upp nokkurn varasjóð, þannig að sjóðurinn sjálfur tæki á sig nokkra gengisáhættu. Ákvarðanir um þetta verður að sjálfsögðu stjórn sjóðsins að taka á sínum tíma, þegar hún er komin á laggirnar, og er ekki hægt að fullyrða um, hvernig það verður. Þess vegna verður að taka með fyrirvara þessa þróunaráætlun, sem í fskj. felst, en þótti þó rétt að gera grein fyrir því, hvernig hún yrði, sem er þá einnig í aðalatriðum það, hvernig sjóðurinn í stórum dráttum mundi vaxa og breyta eðli sínu frá því að vera að mestu leyti byggður upp af stofnfé frá hinum Norðurlöndunum, en smátt og smátt á 25 ára tímabilinu verða að íslenzkum sjóði, og þyrfti þá að sjálfsögðu að setja nýja löggjöf um sjóðinn, þegar þar að kemur.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði, eitt ákvæði í þessu frv., sem ég þarf að gera örlitlar aths. við, og það er raunar það ákvæði, sem hæstv. iðnrh. drap á, að nokkur ágreiningur hefði orðið um í Nd., þ. e. a. s. skipun hinnar svokölluðu framkvæmdastjórnar sjóðsins.

Ég vil í fyrsta lagi segja það, að ég hefði fyrir mitt leyti talið æskilegt, að þannig hefði verið hægt að koma þessum málum fyrir, að það hefði ekki þurft að setja á fót neina nýja stjórn eða n. til þess að annast þau málefni, sem framkvæmdastjórninni er ætlað að fara með. Við höfum hér ærið margar n. og sjóðsstjórnir, því að sá háttur hefur verið hafður á, að það hefur verið sett upp sérstök n. eða sérstök stjórn fyrir hvern fjárfestingarsjóð eða fyrirgreiðslusjóð, og afleiðingin af því er orðin sú, sem ég hef stundum leyft mér að gagnrýna, að menn þurfa að leita á býsna marga staði, þegar þeir þurfa á fyrirgreiðslu að halda. Ég tel, að það væri fólgin í því mikil vinnuhagræðing, ef það væri hægt að sameina þetta eitthvað, og ég hefði talið rétt að stíga slíkt spor í sambandi við þetta mál. Ég hefði vel getað hugsað mér það, að t. d. stjórn Framkvæmdasjóðs eða kannske stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs hefði getað farið með það hlutverk, sem þessari framkvæmdastjórn er ætlað, og þá hefði því samfara verið nokkur sparnaður, að vísu ekkert meginatriði, en að mínu viti rétt stefna með vinnuhagræðingu í þessu efni að dreifa þessu ekki eins og gert hefur verið, heldur stefna nokkuð að því að sameina þetta.

Þetta hefði ég kosið helzt, en að því frágengnu þætti mér bezt fara á því, að framkvæmdastjórnin væri þingkjörin n., svo sem reyndar kom fram till. um í hv. Nd. En samkvæmt þessu frv. er gert ráð fyrir því, að tilteknir bankar og sjóðir nefni menn í framkvæmdastjórnina. Það er að vísu ekki alveg óþekkt fyrirbrigði. Það má segja, að það sé t. d. í samræmi við það, sem tíðkast í sambandi við Fiskveiðasjóð, en annars held ég, að það sé ótvírætt aðalreglan um fjárfestingar- og framkvæmdasjóði, að það sé fyrir þeim þingkjörin n. Í Fiskveiðasjóði hefur það orðið þannig, að þar sitja bankastjórar úr bönkum þeim, sem eiga að tilnefna í stjórn Fiskveiðasjóðs. Ég man ekki, hvort það er alveg samkvæmt lögum, að það skuli vera bankastjórar, það getur vel verið, ég man það ekki. En hvað um það, þá sýnist mér, að það muni nokkrar líkur benda til þess, að það verði sá háttur hafður á í þessu sambandi líka, að það verði bankastjórarnir sjálfir, sem verði valdir í þessa stjórn. Nú eru náttúrlega bankastjórarnir ekki lakari menn en aðrir, síður en svo. En bankastjórar eru störfum hlaðnir menn, og það er gert ráð fyrir því í

lögum um þessa banka, bæði viðskiptabankana og Seðlabankann, að bankastjórar sinni ekki öðrum störfum, nema þá að leyfi yfirmanna þeirra komi til. Og það álít ég út af fyrir sig eðlilegt ákvæði. Nú hefur ekki verið farið fullkomlega eftir þessu í framkvæmdinni, þannig að bankastjórar hafa tekið að sér, sjálfsagt með leyfi hlutaðeigandi yfirmanna, nokkur aukastörf. Ég leyfi mér að draga í efa, að það sé eiginlega fært að leggja á þá öllu meiri störf en þeir hafa, að þeir muni hafa starfsþrek til þess að inna meiri störf af hendi. Þess vegna er ég á móti því, að ofhlaða bankastjórana svo störfum og reyndar starfsmenn almennt. Ég held þess vegna, að þetta sé ekki heppilegt fyrirkomulag, sem þarna er gert ráð fyrir, heldur væri æskilegra, að þessi framkvæmdastjórn væri þingkjörin. Ég skal að vísu játa, að það eru viss rök, sem hæstv. iðnrh. gat um, að það sé nauðsynleg viss yfirsýn yfir allar lánveitingar og það ætti að réttlæta það, að bankastjórarnir eða fulltrúar bankakerfisins ættu þarna hlut að. Ég viðurkenni, að það eru viss rök, sem þarna er um að ræða. En þau rök hafa samt ekki leitt til þess, að þeirri reglu hafi almennt verið fylgt. Eins og ég sagði áðan, þá held ég, að það sé miklu tíðara, að það séu sérstakar nefndir, sérstakar stjórnir, sem fara með lánveitingar eða úthlutanir úr hinum ýmsu einstöku fjárfestingarsjóðum. Og þó að þetta geti haft sína kosti að vissu marki, að hafa þetta í höndum bankanna, eins og hæstv. iðnrh. drap á, þá held ég, að það geti líka haft sína ókosti.

Það er gert ráð fyrir því í þessum samningi, að lán megi veita til fyrirtækja í einkaeign eða í eigu opinberra aðila og til fjárfestingarlánasjóða. Ég held, að það sé ekki heppilegt, eins og útkoman verður, ef þetta verður samþ. svona, að það séu fyrirsvarsmenn í einstökum fjárfestingarsjóðum, sem fara þarna að nokkru leyti a. m. k. með ákvörðunarvald.

Þetta vildi ég aðeins benda á, en ætla ekkert að vera að fjölyrða um það frekar. En ég vænti þess, að hv. iðnn., sem fær þetta frv. til meðferðar, taki þessar aths. eða ábendingar mínar til íhugunar. Að vísu er það rétt, sem hæstv. iðnrh. sagði, að það er ákvæði í samningnum á þessa lund, að framkvæmdastjórnin skuli skipuð fulltrúum íslenzka bankakerfisins. En það er gefið mál, að fyrir hina samningsaðilana, Norðurlandaþjóðirnar, getur þetta ekki skipt máli. Ég get ekki skilið það, að þetta sé nokkurt atriði fyrir þær. Þetta hlýtur að vera komið inn fyrir ósk frá íslenzku ríkisstj. Ég get ekki séð, að þetta sé nokkurt atriði fyrir Norðurlandaþjóðirnar, og ég álít þess vegna, að þær mundu hiklaust fallast á breytingu á þessu ákvæði, ef á þyrfti að halda, þannig að ég held, að menn ættu ekki að setja það of mikið fyrir sig, þó að þetta hafi komizt þarna inn í samninginn. Það má reyndar kannske um það deila, hvort það sé eðlilegt, að ákvæði um þessa ráðsmennsku á sjóðnum hér innanlands sé í samningnum. Það virðist alveg hafa verið nægilegt að hafa þá ákvörðun um stjórn, sem þar er.

Annars finnst mér, en ég ætla ekki að fara að gera neitt sérstakt veður út af því, að það sé nokkuð óljós verkaskipting á milli þessarar svokölluðu stjórnar og svo aftur þessarar framkvæmdastjórnar, og virðist mér, að stjórnin geti, ef hún vill það, haft tögl og hagldir, en geti svo framselt framkvæmdastjórninni það af sínu valdi, sem hún kýs. En hvað sem því líður, þá tel ég, að þetta ákvæði geti ekki verið atriði, sem okkar samningsaðilar leggi nokkra áherzlu á, og þess vegna mundi vera auðvelt að fá því breytt, ef mönnum sýndist það.

Svo vil ég segja það um þennan Iðnþróunarsjóð, að ég vænti góðs af honum. Ég tel það lofsvert af Norðurlandaþjóðunum að hafa veitt okkur þá aðstoð, sem um er að tefla. Ég fyrir mitt leyti vil ekki á nokkurn hátt vanmeta þá aðstoð, sem þar kemur fram, og það er síður en svo, að ég telji okkur það nokkra minnkun að þiggja aðstoð frá þessum frændþjóðum okkar. Ég efa það ekki, að sú aðstoð er af þeirra hálfu veitt af góðum hug. Og þó að það megi segja að vísu, að þessi sjóður hrökkvi skammt til þess að koma hér á allsherjar iðnvæðingu, þá er ég fyrir mitt leyti ekki í vafa um það, að hann getur gert verulegt gagn, og þess vegna fagna ég þessari sjóðsstofnun og álít, að við þurfum að halda þannig á þeim málum, að hann verði okkar iðnaði að sem mestu gagni. Hitt er svo annað mál, sem ég þarf ekki að undirstrika hér, en kom fram í sambandi við EFTA-umr., að ég hefði raunar talið, að þennan sjóð hefði átt að stofna, áður en við gerðumst aðilar að EFTA, og áhrifa slíks sjóðs hefði þurft að vera farið að gæta verulega í framkvæmd, áður en við gerðumst aðilar að EFTA, en um það atriði þýðir ekki að tala, úr því sem komið er.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það situr nú sízt á mér að tefja fyrir þessu máli með umr. Ég ætla ekki heldur að hafa mál mitt langt, og um flest af því, sem hv. síðasti ræðumaður vék að og hafði nokkuð aðrar skoðanir á en er í frv., það eru allt atriði þess eðlis, að vissulega getur sitt hvað sýnzt hverjum í því máli og má færa mörg rök með eða á móti, eins og um skipan stjórnar sjóðsins, hvort hún eigi að vera skipuð fulltrúum frá bankakerfinu eða vera þingkosin. Það má segja, að að vissu leyti sé ekki ný stjórn, sem kemur þarna í kerfið, þar sem fulltrúar frá bankakerfinu eiga að mynda framkvæmdastjórnina, því að þetta eru mennirnir, sem hvort eð er eru í þessum málum, og að það sé ofvaxið starfsþreki þeirra, það held ég að sé síður en svo, og ég held, að í mörgum tilfellum muni það mjög létta fyrir þeim að vera sjálfir þátttakendur í þessari framkvæmdastjórn. Ég held einnig, að það geti orðið hentugt fyrir viðskiptaaðilana, fyrirtækin, að geta einmitt rætt við þá fulltrúa bankakerfisins, sem eru jafnframt í þeirra viðskiptabanka, áður en málin koma til afgreiðslu eða eru lögð fyrir í sjálfri framkvæmdastjórninni. Er ég sammála hv. þm. um það, að ég geri ráð fyrir því, enda tel ég það eðlilegast, að það séu bankastjórarnir sjálfir, sem verði tilnefndir af bönkunum. Það er ekki okkar að segja til um það. Þessi mál koma auðvitað fyrir í bankaráðunum, yfirstjórn bankanna, og þau tilnefna þá fulltrúa, en mín skoðun er sú, að það væri eðlilegast. Nú er orðin sú breyting á, að í flestum bönkunum, held ég að segja megi, séu aðstoðarbankastjórar, einn eða fleiri, og ég segi það sem mína reynslu frá þeim tíma, sem ég var í rúman áratug bankastjóri Útvegsbankans, að í raun og veru ættu mörg af þeim störfum, sem bankastjórar verja miklum tíma til, að flytjast meira á hendur aðstoðarbankastjóra,

þ. e. afgreiðsla minni háttar mála og sífelld viðtöl um minni háttar mál, þannig að þeir geti gefið sig meir en aðstaða hefur verið til að stærri málum, stefnumörkun og mótun í sambandi við bankastjórnina. Og það hlýtur auðvitað að verða töluvert mikið um það í sambandi við framkvæmdastjórn eins og þessa að taka stefnumótandi ákvarðanir og leggja fyrir stjórn sjóðsins.

Það er rétt, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði líka, að það er nokkuð óljóst um mörkin á milli stjórnar og framkvæmdastjórnar. Önnur er að vísu yfirstjórn hinnar tvímælalaust, og það mun sjálfsagt ákvarðast í framkvæmdinni, hvor stjórnin það verður.

Ég vil taka alveg undir það, svo að það sé alveg ljóst, að það var ekki krafa hinna Norðurlandaþjóðanna, að þessi skipan væri á höfð. Hins vegar var það sameiginleg niðurstaða og sameiginleg skoðun allra samningsaðila. Það getur vel verið, að það hafi ráðið, að þeir hafi hugsað sem svo: Úr því að íslenzku aðilarnir eru á þessari skoðun, þá getum við ekkert haft við það að athuga.

Enn fremur segi ég það, að þegar þetta er komið í ganginn og farið að vinna og eins auðvitað ef þykir ástæða til, þá ættu ekki að vera nein vandkvæði á því að taka þetta til umræðu. Ég er sammála hv. þm. um það, að ég geri ekki ráð fyrir því, að fulltrúar hinna Norðurlandanna létu sig það miklu skipta, en mundu segja sem svo, að þessu skyldum við ráða eins og okkur þætti bezt henta við okkar kerfi. En eins og aðstaðan er nú, þá er því miður ekki hægt að breyta frá þessu, — því miður, segi ég fyrir hönd þeirra, sem vildu hafa það öðruvísi, en sjálfur hef ég hins vegar þá skoðun, að þetta geti verið heppilegra fyrirkomulag.

Ég vil svo mega óska þess, eins og sakir standa og þar sem stendur nú til að fresta þinginu, að hv. n. geti hagað störfum sínum þannig, að málið geti orðið afgr. ekki síðar en á morgun hér í hv. deild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til iðnn. með 19 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 3. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 334, n. 351).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Frv. til l. um Iðnþróunarsjóð, 156. mál Nd., hefur verið til athugunar hjá iðnn., og hefur n. látið fara frá sér álit á þskj. 351. Mælir n. sameiginlega með frv., en einstakir nm. hafa samkv. því óbundnar hendur um að flytja eða fylgja brtt.

Frv. þetta er lagt fram af hæstv. ríkisstj. vegna aðildar Íslands að EFTA og ákvörðunar Norðurlandaþjóða um að aðstoða Íslendinga við að komast yfir þá erfiðleika, er innganga í EFTA kann að hafa í för með sér fyrir íslenzkan iðnað, og til þess að örva iðnþróun landsins. Nokkrar umr. urðu um Iðnþróunarsjóð, þegar aðild Íslands að EFTA var ákveðin, og er ekki ástæða til þess að rekja þær hér. En ég held, að hv. þdm. geti tekið undir ummæli hv. 1. þm. Norðurl. v. í gær, þar sem hann taldi hér vera um mikinn vináttuvott að ræða hjá norrænum frændum okkar, og beri sízt að vanmeta þann góða hug, sem að baki sjóðsins stæði.

Nokkur ágreiningur hefur verið um, hvort framkvæmdastjórn sjóðsins skyldi þingkjörin eða kjörin af bankaráðum og stjórn Iðnlánasjóðs, eins og nú er gert ráð fyrir. Frv. í upprunalegri mynd gerði ráð fyrir, að Seðlabanki Íslands ætti aðild að framkvæmdastjórn, en samkv. brtt. hæstv. iðnrh. við meðferð málsins í Nd. var samþykkt, að framkvæmdastjórn 5 manna yrði kosin af bankaráðum Landsbanka, Útvegsbanka, Iðnaðarbanka, Búnaðarbanka og af stjórn Iðnlánasjóðs. Þannig liggur því málið fyrir í þessari hv. þd.

Við 2. umr. málsins í gær kom einnig fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. v., að þessi sjóður væri betur kominn undir yfirráðum Framkvæmdasjóðs eða Atvinnujöfnunarsjóðs. Ég tel, að markmið sjóðsins séu slík, að það væri hrein fásinna að setja sjóðnum slík ákvæði. Sami hv. þm. fordæmdi það, að bankastjórar yrðu kjörnir til þess að vera í framkvæmdastjórn. Lagafrv. er ekki einskorðað við bankastjóra í framkvæmdastjórn, heldur fulltrúa íslenzka bankakerfisins. Þar með koma að sjálfsögðu til greina a. m. k. allir bankaráðsmenn allra viðkomandi bankastofnana, svo og stjórnarmeðlimir Iðnlánasjóðs. Ég tel mikilsvert, að náið samstarf verði milli Iðnþróunarsjóðs og þeirra viðskiptabanka og viðskiptabankanna yfirleitt, því að eins og hæstv. iðnrh. vék að, þegar hann talaði fyrir málinu í gær, þá er brýn nauðsyn þess, að stofn- og rekstrarfjárþörf fyrirtækja sé samræmd. Það hefur ætíð verið mikill misbrestur hér á. Fjárfestingarsjóðir veita lán til uppbyggingar, en rekstrarfjárþörf hefur ekki verið sinnt, eða þveröfugt. Með þessu ætti að ráðast bót á hvað Iðnþróunarsjóð og iðnaðinn snertir.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta, en mæli með frv. um Iðnþróunarsjóð, að það verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 360).

---

13. Iðja og iðnaður.

Á 19. fundi í Sþ., 5. des., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað [115. mál] (stjfrv., A. 148).

Á 22. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þess er getið í aths. um þáltill. í sambandi við aðild Íslands að EFTA, 117. þingmál, að þetta mál, 115. þingmál, og einnig 116. þingmál, frv. til l. um breyt. á l. um verzlunaratvinnu, muni verða lagt fyrir þingið í tengslum við þáltill. um EFTA-aðild. Er nánar gerð grein fyrir því þar, hver tilgangurinn með flutningi þessara mála er, og kom það einnig fram í framsögu hæstv. viðskmrh., fyrir EFTA-till. Í raun og veru er hér um sáralitla breytingu frá ákvæðum gildandi löggjafar að ræða. Á það ekki sízt við um þetta frv., um breyt. á l. um iðju og iðnað. Eins og áður skulu lögreglustjórar gefa út iðjuleyfi á viðkomandi stöðum, en það er hins vegar sett ákvæði um það í 2. gr., að lögreglustjóri skuli vísa umsókn til ákvörðunar ráðh. í tilteknum tilfellum. Flest þessara skilyrða voru fyrir hendi með nokkuð öðrum hætti í 7. gr. l. um iðju og iðnað, en höfuðtilgangur þeirra er, eins og fram kemur í aths., að efla þó aðstöðu stjórnvalda til aðhalds um það, hverjir stunda iðju hér á landi.

Það er ástæða til að taka það einnig fram hér, að það eru felld brott úr ákvæðum gildandi l. þau ákvæði, sem heimila umsækjendum að bera synjun um leyfi undir úrskurð dómstólanna. Hins vegar er þarna í ákvæðum 3. gr. sagt svo, að verði ágreiningur um, hvort aðili hafi fyrirgert leyfi sínu eða hvort starfsemi hans brjóti í bága við þá heimild, sem leyfið veitir honum, þá sé honum heimilt að bera málið undir dómstólana. Í raun og veru er hér um svo litla breytingu að ræða frá gildandi lögum, að ég tel enda rétt, að hún nái fram að ganga, hvað sem kann að verða um aðildina að EFTA, og vil leyfa mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til hv. iðnn. og 2. umr.

Ég vil láta þess getið, að ég teldi eðlilegast, að þessi mál hefðu samflot með þáltill. um EFTA-aðild, og vil biðja hv. þn., sem fær þetta mál til athugunar, að hafa það í huga og leitast við að hraða afgreiðslu málsins.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Frv. það, sem hæstv. iðnmrh. mælti hér fyrir, og næsta frv., sem hér er á dagskrá, eru bæði flutt í tengslum við till. um aðild Íslands að EFTA. Eins og öllum er kunnugt, eru í 16. gr. EFTA-sáttmálans ákvæði um gagnkvæm réttindi til atvinnurekstrar í aðildarlöndum EFTA, og hér á landi hafa komið fram ýmsar aths. um það, hvað þetta gæti haft í för með sér í sambandi við atvinnurekstur útlendinga á Íslandi. Í því efni er bent á ýmsa möguleika, sem opnast erlendum aðilum, og menn hafa látið í ljós ótta í þessu sambandi.

Því hefur verið haldið fram um langt skeið í ræðum manna og í blöðum, að ætlun ríkisstj. væri sú, að girða fyrir þennan vanda með ákveðinni lagasetningu, og því hefur verið lýst yfir hér, að þetta væri mjög auðvelt. EFTA-sáttmálinn væri það losaralegur, að ríkisstj. hvers lands um sig gæti gert slíkar ráðstafanir. En þau frv., sem hér liggja fyrir, fela ekki í sér neinar slíkar ráðstafanir. Það er alger blekking. Í rauninni er það alveg rétt, sem hæstv. iðnmrh. sagði hér áðan, að í frv. um breyt. á l. um iðju og iðnað er í rauninni um sáralitla breytingu að ræða. Breytingin er raunar helzt í því fólgin, að hæstv. ráðh. fær ögn meira verksvið en ætlazt er til, að hann hafi í samræmi við núgildandi lög. En í hvorugu þessara frv. felst nein trygging, sem komið gæti í veg fyrir, að erlendir aðilar geti hafið hér þann atvinnurekstur, sem heimill verður samkv. EFTA-sáttmálanum, m. a. af þeirri einföldu ástæðu, að þeir hæstv. ráðh., sem nú fara annars vegar með iðnaðarmál og hins vegar með viðskiptamál, eru báðir miklir hvatamenn þess, að draga hingað sem mestan erlendan atvinnurekstur á þessu sviði, eins og allir vita. Hæstv. iðnmrh. hefur haft öðrum mönnum meiri forgöngu um að fá hingað til landsins erlent stórfyrirtæki, er hefur hafið hér starfrækslu með alkunnum árangri, sem mikið hefur verið rætt um á þessu þingi, og það er vitað, að hann hefur gert margar fleiri ráðstafanir til þess að reyna að hvetja erlenda aðila til þess að stofna fyrirtæki á Íslandi. M. a. greindi sjónvarpið frá því í fréttum á s. l. sumri, að hæstv. iðnmrh. væri farinn utan til Norðurlanda til þess að kanna það, hvort iðnrekendur á Norðurlöndum mundu ekki vera reiðubúnir til þess að stofna dótturfyrirtæki á Íslandi, um leið og við værum gengnir í EFTA. Þessi sjónarmið hafa komið fram hjá mörgum fleiri ráðamönnum stjórnarflokkanna. Það kemur fram í grg. fyrir EFTA-till., að menn geti ekki haft mikið á móti því, að hér verði hafin útflutningsframleiðsla á vegum útlendinga. Ég vil minna á það í þessu sambandi, að einn af forystumönnum iðnaðarmála á Íslandi, Ottó Schopka, hélt fyrir nokkrum vikum ræðu í fulltrúaráði Sjálfstfl. í Reykjavík, og taldi hann það EFTA-aðild m. a. til tekna, að með því að ganga í EFTA mundum við geta fengið bandaríska aðila til þess að stofna iðnfyrirtæki á Íslandi, vegna þess að þau kæmu þá afurðum sínum inn á EFTA-markað án þess að þurfa að fara yfir tollmúra. Og hann lagði á það mikla áherzlu, að þetta gæti orðið æskilegt fyrir bandarísk fyrirtæki, vegna þess að þau gætu hér fengið ódýrari orku en völ væri á annars staðar í Evrópu og ódýrara vinnuafl. Að halda því fram, að frv., sem leggur það í vald hæstv. iðnmrh., hvort erlendir aðilar fái að stofna hér fyrirtæki eða ekki, feli í sér tryggingu gegn því, að slíkur atvinnurekstur hefjist, er alger firra. Þar er verið að fela valdið þeim manni, sem er einna áfjáðastur í að fá slíka aðila til þess að stofna atvinnurekstur á Íslandi. Og alveg það sama á við um frv. um verzlunaratvinnu. Það er líka alkunnugt, að hæstv. viðskmrh. hefur nákvæmlega sömu afstöðu til þessara mála og hefur raunar túlkað hana lengi.

Í bakgrunni alls þessa EFTA-máls er fræg ræða, sem hæstv. viðskmrh. hélt á 100 ára afmæli Þjóðminjasafnsins, sem ég geri ráð fyrir að ýmsir muni eftir. En þá flutti hæstv. ráðh. þau fleygu orð, „að bezta ráðið til að tryggja sjálfstæði þjóðar væri að fórna sjálfstæði hennar". Og hann rökstuddi þetta með því, að sá tími væri liðinn, að lítil þjóðfélög, eins og hið íslenzka, gætu starfað af eigin rammleik. Þau yrðu að tengjast stærri heild og þau yrðu einnig að leyfa erlendu fjármagni að athafna sig hér á landi.

Ég verð að segja það, að ef mönnum er raunverulega alvara með það, að gera þurfi ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að 16. gr. EFTA-samningsins leiði hættur yfir Íslendinga, ef við göngum í EFTA, þá verður að gera það á einhvern annan hátt en með ákvæðum þeim, sem felast í þessum frv. Þessi frv. eru fyrirheit um hið gagnstæða. T. d. gæti það verið athugunarefni fyrir þá

n. eða þær n., sem fá þessi mál til meðferðar, hvort ekki væri rétt að festa í lög ákvæði um það, að umsóknir um slíkan atvinnurekstur yrði að leggja fyrir Alþ. Í því er miklu meira öryggi. Þá er þó alla vega tryggt, að málin séu rædd fyrir opnum tjöldum og almenningur eigi þess kost að fylgjast með því, en þegar valdið er í höndum ráðh., veit enginn um málalok fyrr en allt er búið og gert. En að lýsa þessum frv. sem einhverjum ráðstöfunum til þess að tryggja hagsmuni Íslendinga í þessu máli eru hreinar blekkingar. Og ég vil vænta þess, að n., sem fá þetta mál til meðferðar, taki það þeim tökum, sem ég minntist á áðan, að í þeim felist einhver trygging fyrir landsmenn.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Mér finnst rétt að vekja athygli á því, áður en þessi tvö mál, sem hér liggja fyrir og tengd eru hvort öðru, fara til n., að í þeim felst mikil stefnubreyting hjá hæstv. ríkisstj. Það hefur verið stefna hæstv. ríkisstj. að hafa hér allt sem frjálsast, takmarka ekki aðstöðu eða leyfi manna til atvinnurekstrar og að hafa hér, að því er hún hefur talið, sem frjálsasta og mesta samkeppni. Og hún hefur bæði í tíma og ótíma lýst sig andvíga alls konar höftum eða því, sem hún hefur talið höft, og fordæmt það á allan hátt. Sérstaklega hefur hún fordæmt það, ef einhverjar ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að hafa hömlur á fjárfestingunni, t. d. ef það væri stofnað til nýrra fyrirtækja í atvinnugrein, þar sem talið væri, að nægilega mörg atvinnutæki væru fyrir og þyrfti þess vegna ekki á fjölgun atvinnufyrirtækja að halda.

Í báðum þessum frv., sem hér liggja fyrir, er vikið mjög frá þessari stefnu. Áður voru leyfi til atvinnurekstrar og sérstaklega til verzlunarrekstrar nokkurn veginn frjáls. Menn gátu fengið verzlunarleyfi, ef þeir uppfylltu viss skilyrði, og átti ekki annað að vera því til hindrunar. Nú á víst að taka upp alveg nýjar reglur í þessum efnum í sambandi við iðju og iðnað. Það á að hefja könnun á því, hvort það séu ekki nægilega mörg fyrirtæki til á viðkomandi vinnustað eða verzlunarstað, hvort það séu söluskilyrði fyrir hendi, þegar um iðnaðarfyrirtæki er að ræða eða verzlunarfyrirtæki, og öðru, sem snertir fjárhagsafkomu, og svo hvaða áhrif þetta hefur á fjárhagsafkomu þeirra fyrirtækja, sem fyrir eru, og manni skilst, að það eigi ekki að veita leyfi, ef þessi skilyrði eru ekki talin fyrir hendi. Þessum báðum frv. fylgir það, að þeir embættismenn, sem eiga að framkvæma lögin, verða að taka upp verulegt fjárfestingareftirlit og rannsókn á markaði og sölumöguleikum í hverri einstakri grein, til þess að geta framfylgt lögunum eins og frv. gera ráð fyrir. Ég skal t. d. rifja það upp, að nýmælið í því frv., sem hér liggur fyrir, felst sérstaklega í 3. málsl. 2. gr., sem hljóðar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Iðjunni er annars svo háttað, að varhugavert þykir að leyfa hana, m. a. vegna þess að möguleikar til öflunar hráefnis teljist ónógir, framleiðslu- eða söluaðstæður ófullkomnar eða telja megi stofnun og starfrækslu iðjufyrirtækisins þjóðhagslega óhagkvæma."

Ekkert af þessum atriðum, sem hér eru talin upp, er að finna í núgildandi l., nema það, sem segir svo í 3. mgr. 7. gr. núgildandi laga: „Iðjan er annars svo vaxin, að hættulegt er eða varhugavert að leyfa hana." En þar er auðsjáanlega átt við allt önnur atriði heldur en þau, sem eru talin hér. Það sést af þessari gr., sem ég hef nú lesið upp, að lögin er ekki hægt að framkvæma, nema það sé tekið upp fjárfestingareftirlit og eins konar markaðseftirlit til að gera sér grein fyrir því, hvort rétt sé að leyfa stofnun viðkomandi fyrirtækis eða ekki. Þó verður þetta enn þá meira áberandi í því frv., sem fylgir hér á eftir og fjallar um breyt. á l. um verzlunaratvinnu. En þar kemur nýr liður í 2. gr., sem ekki er að finna í l. um verzlunaratvinnu nú, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Lögreglustjóri skal vísa umsókn til ákvörðunar ráðh., ef hann telur, að stofnun nýs fyrirtækis í viðkomandi verzlunargrein sé þjóðhagslega óhagkvæm, hvort heldur almennt eða miðað við fyrirhugaðan verzlunarstað, eða starfsemi umsækjanda sé annars svo háttað, að varhugavert sé að leyfa hana. Getur ráðh. synjað veitingu leyfis eða sett leyfinu sérstök skilyrði, ef ástæða er til að hans dómi. Skal réttur til verzlunarleyfis samkv. 4. og 5. gr. vera háður þeim takmörkunum, sem hér voru greindar."

Hér á sem sagt að fara fram athugun á því, þegar sótt hefur verið um ný verzlunarleyfi, hvort það séu sölumöguleikar á viðkomandi stað, þannig að það sé eðlilegt að fjölga þar fyrirtækjum, og ekki verður önnur ályktun dregin af þessu heldur en sú, að það eigi að synja um leyfið, ef markaðurinn er álitinn ónógur. Ég er alls ekki að segja það eða halda því fram, að þetta sé röng stefna, síður en svo. Ég held, að það sé á ýmsan hátt eðlilegt að taka slíkt aðhald og eftirlit upp. En hins vegar liggur það í augum uppi, að þetta brýtur algerlega gegn þeirri stefnu, sem hæstv. ríkisstj. hefur haldið fram að þessu, þ. e. að það eigi að hafa allt sem allra frjálsast í þessum efnum og ekki að viðhafa neitt slíkt eftirlit eða aðhald, sem gert er ráð fyrir í báðum þessum frv. Í staðinn fyrir það, að þetta var nokkurn veginn frjálst áður og menn gátu stofnað til atvinnufyrirtækja eða verzlunarfyrirtækja án þess að þurfa að sýna fram á nytsemi þeirra, bara ef þeir sæktu um leyfi til þess, þá verður þetta háð þeim takmörkunum hér eftir, að það séu markaðsskilyrði fyrir hendi og framleiðsluskilyrði, og það er það, sem viðkomandi embættismenn þurfa að vega og meta, þegar þeir veita slík leyfi. Hér er að ýmsu leyti tekið upp ekki ósvipað eftirlit og fjárhagsráð framkvæmdi á sínum tíma, þó að það hafi að sumu leyti gengið nokkru lengra.

Ég er ekki að segja þetta vegna þess, að ég álíti það aðhald rangt eða þau höft röng, sem felast í þessum frv., heldur til þess að benda á það, að hér hefur orðið veruleg breyting á stefnu ríkisstj. frá því, sem áður var, þ. e. a. s. gagnvart innlendum aðilum. Ég álít, að þessi frv., ef þau verða að lögum, komi fyrst og fremst til með að hafa áhrif gagnvart innlendum aðilum. Ég held, að slík ákvæði sem þessi hafi mjög lítið að segja í sambandi við EFTA-samninginn, ef úr EFTA-aðild verður, og það skipti eiginlega engu máli í sambandi við hann, hvort þessar reglur eru settar eða ekki, því að ef í EFTA-samningnum felast atvinnuréttindi fyrir útlendinga að vissu marki, þá er ekki hægt að útiloka þá með þessari löggjöf frá því að neyta þess réttar. Þeir verða að njóta síns réttar, ef til kemur, alveg jafnt Íslendingum,

hvort sem þessi lög eru í gildi eða ekki. Og ef það væri aðaltilgangurinn með þessu frv. að fara eitthvað að reyna að sniðganga þá samninga, sem hér er verið að gera, þá get ég lýst því yfir, að ég er slíku ekki fylgjandi. Ég álít, að það, sem skiptir mestu fyrir smáþjóð, sé að sú hefð skapist í heiminum, að samningar séu haldnir, og ef Ísland gerir einhverja samninga við aðrar þjóðir eða einhver bandalög, þá er það skylda okkar að halda þá samninga, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, en reyna ekki með neinum krókaleiðum að sniðganga að taka á okkur þær skyldur, sem við erum búnir að gangast undir með þessum samningum. Og ef það er tilgangurinn með þessu frv. að reyna að sniðganga eitthvað það EFTA-samkomulag, sem í ráði er að gera, þá get ég ekki fylgt því frá því sjónarmiði. Hins vegar finnst mér, að gagnvart innlendum aðilum sé þarna tekið upp aukið eftirlit og höft eða hvað sem menn vilja kalla það, sem eiga rétt á sér, því það er óeðlilegt, að það séu starfandi mörg fyrirtæki í einni atvinnugrein eða jafnvel í verzlun. Það þarf að hafa nokkurt aðhald og eftirlit með því, að þar sé ekki um of mörg fyrirtæki að ræða. Og það mundi ég telja ávinning við þessi frv., ef þau yrðu að lögum.

Hins vegar finnst mér það engu máli skipta í sambandi við þetta EFTA-mál, vegna þess að ef í þeim felst að einhverju leyti réttur fyrir útlendinga til atvinnurekstrar hér á landi, sem ég ætla ekki að ræða að þessu sinni, þá verða þeir að njóta hans án tillits til þessarar löggjafar alveg til jafns við Íslendinga. Við getum ekki samkv. þessum frv., þótt þau yrðu að lögum, svipt útlending, sem ætti rétt á því samkv. EFTA-samkomulaginu að reka hér atvinnu, þeim rétti með því að lögreglustjóri synjaði honum um leyfi, en léti t. d. Íslending hafa það, þegar nokkurn veginn stæði eins á. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að þegar við gerum samninga við aðrar þjóðir, verðum við að standa við þá, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, og það hefnir sín, ef við erum að reyna að fara einhverjar krókaleiðir til þess að komast hjá því að standa við slíkt samkomulag. Ef það býr á bak við þau frv., sem hér liggja fyrir, þá get ég strax lýst því yfir, að ég er þeim ekki samþykkur frá því sjónarmiði. Hins vegar er ég þeim samþykkur frá því sjónarmiði, að þau skapi aukið eftirlit og aðhald gagnvart innlendum aðilum, á þann hátt, að það verði ekki stofnað óhæfilega mikið af fyrirtækjum í hverri atvinnugrein eða verzlunum fjölgað óhæfilega mikið. Það tel ég, að hljóti að vera aðaltilgangurinn með þessari löggjöf. Það má segja, að í henni felist nokkur réttarskerðing sem er óhjákvæmileg frá þjóðhagslegu sjónarmiði og gildir að vísu á mörgum öðrum sviðum. Hún á að sjálfsögðu ekki síður rétt á sér, þó að hún brjóti í bága við þá stefnu, sem hæstv. ríkisstj. hefur fylgt á undanförnum árum og hefur verið fólgin í því að láta þetta allt vera sem frjálsast og afskiptaminnst.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð öllu fleiri að sinni. En ég vildi aðeins vekja athygli á því, áður en ég lýk máli mínu, að mér finnst álitamál, hvort það sé ekki gengið of langt í frv. í því að rýra rétt einstaklinga til þess að fá leyfi til iðjureksturs eða verzlunarreksturs. Samkv. núgildandi lögum hefur einstaklingur, sem sækir um verzlunarleyfi eða iðjuleyfi og er neitað um það, rétt til að leita úrskurðar dómstólanna um það, hvort hann hafi verið beittur órétti eða ekki. Mér sýnist, að samkv. frv. sé þessi réttur umsækjanda felldur niður, þannig að ef ráðh. synjar honum um leyfi, þá hafi hann ekki rétt til að leita til dómstólanna og fá úrskurð um það, hvort hann hafi verið rangindum beittur. Mér finnst það dálítið vafasamt að svipta umsækjendur, sem vilja stofna til iðju eða verzlunar, slíkum málsvarsrétti, en að því virðist vera stefnt með löggjöfinni.

En það, sem ég vil svo draga saman að lokum, er það, að mér finnst þessi frv. geta komið að gagni gagnvart innlendum aðilum, vegna þess að hér er um eftirlit eða höft að ræða, sem geta komið í veg fyrir offjölgun fyrirtækja í vissum atvinnugreinum. En hins vegar tel ég þau algerlega þýðingarlaus í sambandi við hina svokölluðu EFTA-aðild, því að við getum ekki með neinu móti eftir einhverjum krókaleiðum ætlað að sniðganga þær kvaðir, sem við tökum á okkur með henni. Við verðum að standa við þá samninga, sem við gerum við erlenda aðila, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, því að tilvera smáþjóðar eins og Íslendinga byggist á því, að hún haldi sína samninga og verði ekki sökuð um það, að hún fari einhverjar krókaleiðir til þess að komast undan þeim skyldum, sem hún tekur á sig í sambandi við þá.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 4. þm. Reykv. — Það má segja, að það sé betra að veifa röngu tré en engu, og að litlu verði Vöggur feginn, þegar hann túlkar þetta frv. um breyt. á l. um iðju og iðnað eins og nú eigi að fara að taka upp eitthvert nýtt fjárhagsráð hér á landi og að það sé til góðs. Það sama á við um hitt frv., um verzlunaratvinnu. Þetta er allt saman á mjög miklum misskilningi byggt. Hann vék reyndar að þessu sjálfur, hv. þm., og gat þess að í núgildandi l. um iðnað og iðju hefur hver maður, karl sem kona, rétt til að fá iðjuleyfi, ef hann uppfyllir viss skilyrði, sem talin eru í l. Og þessi skilyrði eru, að hann sé heimilisfastur á Íslandi, þegar leyfið er veitt, og hafi verið það síðasta árið, sé fjárráða og hafi forræði á búi sínu. Það má ekki veita manni, sem hefur orðið tvisvar gjaldþrota, iðjuleyfi, þótt hann fullnægi að öðru leyti þeim skilyrðum, sem sett eru eða sett kunna að verða samkv. lögum. En síðan er svo það ákvæði, að þegar þessi skilyrði, sem hér eru talin upp, eru fyrir hendi, þá eigi lögreglustjóri, þar sem beiðandi á lögheimili, að veita iðjuleyfi, en þó eru í 7. gr. gömlu l. ákvæði um, að ráðh. ákveði veitingu iðjuleyfanna í þremur tilteknum tilfellum, sem eru mjög svipaðs eðlis og hér er um að ræða, eins og hv. þm. vék réttilega að. Í fyrsta lagi, ef þau eru líkleg til að baka einstökum mönnum, héruðum eða ríkinu tjón vegna óhagræðis að ráði, þ. á m. aukinna sveitarþyngsla. Í öðru lagi, ef iðjan telst sérstaklega hættuleg mönnum, sem hana stunda. Og svo í þriðja lagi, ef iðjan er hins vegar svo vaxin, að hættulegt er eða varhugavert að leyfa hana. Það er í raun og veru þriðja ákvæðið, sem er öðruvísi orðað í lagabreytingunni hérna, eins og hv. þm. vék að, þ. e. a. s. ef iðjunni er annars svo háttað, að varhugavert þykir að leyfa hana, m. a. vegna þess, að möguleikar til öflunar hráefnis teljist ónógir, framleiðslu- eða söluað-

stæður ófullkomnar eða telja þegi stofnun og starfrækslu iðjufyrirtækisins þjóðhagslega óhagkvæma. Í slíkum tilfellum, ef lögreglustjóri hefur grun um þetta eða ef hann heldur, að svo sé, á hann að vísa veitingu iðjuleyfisins til ráðh. Þetta er í sjálfu sér svo veigalítið atriði, að ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um það, svo víðs fjarri lagi er túlkun hv. þm., að hér sé um að ræða einhverja nýja stefnubreytingu af hálfu ríkisstj. um fjárfestingarhömlur í landinu. Það tekur því varla að eyða fleiri orðum að því.

Báðir aðilarnir held ég að hafi túlkað nokkuð rangt 16. gr. fríverzlunarsamningsins. Ég hef nú ekki við höndina sjálfan samninginn, en ef ég man rétt, þá er 16. gr. hans alls ekki um gagnkvæm atvinnuréttindi í viðkomandi löndum, heldur mun hún orðuð eitthvað á þá leið, — skal þó hafa fyrirvara um það, — að það megi ekki mismuna aðildarríkjunum að þessu leyti í sambandi við réttindi. Og í grg. fyrir þáltill. er þannig um þetta fjallað, að hugmyndin, sem liggur að baki 16. gr., er sú, að óeðlilegt sé, að einstök aðildarríki geti komið í veg fyrir eða torveldað, að aðilar í einu aðildarríki geti stofnsett fyrirtæki í öðrum aðildarríkjum, ef það brýtur í bága við megintilgang samtakanna, sem er aukning milliríkjaviðskipta. Þetta er allt annað, og hefur af mjög mörgum, held ég, fram til þessa verið litið allt öðrum augum á ákvæði 16. gr. heldur en rétt er, og mistúlkunin liggur fyrst og fremst í því, að ríkin veiti gagnkvæm atvinnuréttindi. En greinin er ekki þannig orðuð. Hún hnígur í þá átt, að það sé óeðlilegt að mismuna ríkjunum að þessu leyti, ef það brýtur í bága við höfuðtilgang samkomulagsins um fríverzlun í löndunum. Og þetta er auðvitað allt annað.

En það, sem má segja að skipti eiginlega máli í ræðu hv. 4. þm. Reykv., er það, að hann er að gera því skóna hér, að við séum með þessari löggjöf að sniðganga milliríkjasamning, sem við ætlum að gera, og það sé auðvitað meginatriði fyrir smáþjóðir, að samningar séu haldnir. Þetta held ég að mér sé alveg óhætt að segja fortakslaust að byggist á fullkomnum misskilningi, því löggjöf svipuð þessari löggjöf hefur einmitt verið rædd mjög ýtarlega við ráð Fríverzlunarbandalagsins, þannig að við höfum ekki farið neitt á bak við tjöldin með það, hvað vekti fyrir okkur í þessu sambandi. Af hálfu þeirra aðila, sem þar eiga um mál að fjalla, er það talið fullkomlega eðlilegt að setja slíka löggjöf, enda eru þess dæmi í öðrum löndum, að slík löggjöf sé í gildi og hafi verið í gildi, og reyndar miklu fortakslausari löggjöf en þetta, án þess að að því hafi verið fundið. Þetta virðist mér í raun og veru aðalatriðið í ræðu hv. þm. Hann þarf ekki að standa í þeim misskilningi, að ríkisstj. leggi til, að breytt sé lögum, af því að ætlun hennar sé að fara á bak við samninga, sem við höfum gert. Það mundi ríkisstj. ekki gera, og hún vill fullvissa hv. Alþ. um það, að hér er engan veginn um það að ræða.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Í tilefni af því, sem hæstv. iðnmrh. sagði um 16. gr., er ég ekki með neinar útskýringar á henni og verð það ekki við þessa umr. um þetta mál, vegna þess að ég álít að 16. gr. sé þessu máli alveg óviðkomandi, því hvort heldur sem þetta frv. verður samþ. eða ekki samþ., þá mun það engu breyta í sambandi við það mál, ef í 16. gr. felast einhverjar skyldur fyrir okkur til að leyfa útlendingum hér atvinnurekstur, sem ég skal ekki leggja neinn dóm á. Í sambandi við þetta mál eiga útlendingar þann rétt eftir sem áður, hvort sem þessi frv. verða samþ. eða ekki. Þau breyta ekki neinu um það.

Varðandi það, sem hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði verið að tengja þetta mál við EFTA-aðild, þá vil ég taka það fram, að það var ekki ég, sem gerði það að fyrra bragði, heldur er það hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj., sem hefur verið að tengja þetta mál við EFTA-aðild og telur, að ef þessi frv. verði samþ., þá mundi verða auðveldara fyrir okkur að útiloka útlendinga frá atvinnurekstri hér á landi. En eins og ég hef áður sagt, munu þessi frv., þó að l. verði, ekki hafa nein áhrif í þá átt, því að útlendingar munu halda eftir sem áður jöfnum rétti við Íslendinga til þess að stunda hér verzlunaratvinnu.

En það, sem ég sagði, var, að ef það væri tilgangurinn með þessum l. að reyna einhvern veginn að sniðganga EFTA-samninginn og láta þá aðila, sem öðlast rétt samkvæmt honum, ekki njóta hans eins og samningurinn gerir ráð fyrir, þá get ég ekki verið þeim hugsunarhætti fylgjandi, því ég álít, að ef við á annað borð gerumst aðilar að einhverjum samningum, þá eigum við að standa við þá og halda þá, hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Ég álít, að tilvera smáþjóðar eins og Íslendinga byggist á því, að samningar séu virtir og hún sýni það þá jafnframt í verki, að hún virði samninga, en reyni ekki eftir neinum krókaleiðum að komast undan þeim skyldum, sem þeir kunna að leggja henni á herðar.

Aðalástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs hér aftur, var sú fullyrðing hæstv. ráðh., að í þessum frv. fælist ekki neitt, sem kallast mætti fjárfestingar- eða markaðseftirlit, né að það ætti að taka tillit til þess, er verzlunarleyfi eða iðjuleyfi væri veitt. Í núgildandi l. um verzlunaratvinnu og iðju og iðnað stendur ekki neitt um þetta. Þá eiga menn rétt á að fá leyfin, ef þeir uppfylla viss skilyrði, sem aðallega snerta menntun þeirra og eins það, að iðjan, sem þeir stunda, sé ekki mönnum hættuleg eða þjóðhagslega hættuleg. Og ef þeir fá ekki leyfin, þá eiga þeir rétt á að skjóta því máli undir úrskurð dómstólanna og fá þannig úr því skorið, hvort leyfissynjunin hafi verið réttmæt og lögleg eða ekki. Samkvæmt þeim frv., sem hér liggja fyrir, er bætt við alveg nýjum skilyrðum fyrir því, að menn megi fá leyfi. Í frv. um iðju og iðnað er þessu bætt við 3. tölul. 2. gr.: „iðjunni er annars svo háttað, að varhugavert þykir að leyfa hana“, og svo kemur nýmælið: „m. a. vegna þess að möguleikar til öflunar hráefnis teljist ónógir, framleiðslu- eða söluaðstæður ófullkomnar“. Þessu ákvæði er ekki hægt að framfylgja á annan veg en þann, að það yfirvald, sem á að veita þessi leyfi, fylgist með hráefnisaðstöðunni, fylgist með framleiðslumöguleikunum og sölumöguleikunum, og ef þetta þrennt er ekki talið fyrir hendi, þá sé ekki réttmætt að veita leyfið. Þetta kostar nýtt og stórfellt fjárhagslegt eftirlit, frá því sem áður hefur verið. Og hér er bætt við alveg nýjum skilyrðum fyrir því, að menn fái leyfi til þess að stunda iðnað og iðju. Ef við lítum á frv. um verzlunaratvinnu, þá hafa eiginlega allir skv. gildandi lögum rétt til að fá verzlunarleyfi, ef þeir fullnægja vissum menntunar-

skilyrðum. Þetta ætti að vera þingmönnum í fersku minni, vegna þess að l. um verzlunaratvinnu voru samþ. á seinasta þingi. Nú er því bætt við samkvæmt því frv., sem hér liggur fyrir, að leyfi í viðkomandi verzlunargrein sé ekki þjóðhagslega óhagkvæmt, hvort heldur er almennt eða miðað við fyrirhugaðan verzlunarstað. Þ. e. a. s. áður en verzlunarleyfi er nú veitt, þá verður það yfirvald, sem þetta leyfi veitir, að kynna sér, hvort sú starfsemi, sem sótt er leyfi til að reka, er almennt hagstæð eða óhagstæð fyrir þjóðina eða viðkomandi verzlunarstað. Þetta þýðir það, ef við tökum t. d. verzlunarstaðinn, að yfirvaldið verður þá að kynna sér hvaða markaðsmöguleikar eru fyrir hendi. Er þeim ekki fullkomlega fullnægt af þeim aðilum, sem fyrir hendi eru, og er þess vegna eðlilegt að veita nýtt leyfi? Ég get ekki skilið þessa grein í frv. á annan veg heldur en þennan, og þetta staðfestir fullkomlega það, sem ég sagði áðan, að til þess að framfylgja þessum l., svo að vel sé, verður að taka upp eins konar fjárhagslegt og markaðslegt eftirlit, til þess að yfirvaldið, sem leyfið á að veita, geti gert sér grein fyrir því, hvort það er lögum samkv. að veita það eða ekki. Og ég get ekki séð, að þetta sé sett til annars en að koma í veg fyrir offjölgun í greininni, ef fyrirtækin eru of mörg á einum vissum stað eða í landinu öllu, og að þess vegna skapist ekki samkeppni, sem gæti verið þeim fyrirtækjum, sem fyrir eru, til óhags og þjóðinni í heild. Mér sýnist, að hér sé stefnt að nokkuð svipuðu fyrirkomulagi og t. d. á sér stað hjá leigubílstjórum. Þar hefur því verið komið á, sem hefur að ýmsu leyti gefizt vel, t. d. hér í Reykjavík, að það er leyfður ákveðinn fjöldi leigubílstjóra eða leigubifreiða, og menn verða að halda sig innan þeirra marka, sem þar hefur verið samið um. Samkvæmt þessu mætti vel hugsa sér, að framhaldið yrði það, að það yrði ekki leyfð nema viss tala fyrirtækja í hverri grein.

Þetta atriði í þeim frv., sem hér liggja fyrir, felur í sér stórbreytingu frá því, sem gilt hefur hingað til. Og ég held því síður en svo fram, að sú breyting sé röng. Ég held þvert á móti, að við þurfum að taka upp eins konar eftirlit eða höft eða hvað menn vilja kalla það, sem ganga í þessa átt, og frá því sjónarmiði get ég vel fylgt þessu máli. En hins vegar tel ég það alveg gagnslaust og þýðingarlaust í sambandi við EFTA-samninginn og að það sé þess vegna ekki í neinum tengslum við það mál.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég verð nú að lýsa því yfir, að ég er algerlega sammála hæstv. ráðh. um það, að hv. 4. þm. Reykv. virðist gersamlega hafa misskilið tilganginn með flutningi þessara tveggja frv. Það liggur fyrir sem óhagganleg staðreynd, að frv. eru einvörðungu flutt til þess að standa við ákveðin loforð, sem gefin hafa verið í sambandi við 16. gr. EFTA-samninganna. Í grg. fyrir EFTA-till. segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Þó það sé meginhugsun 16. gr., að aðildarríki eigi ekki að koma í veg fyrir það eða spilla fyrir því, að tilgangur samtakanna náist, með því að skerða það jafnræði, sem afnám verndartolla og hafta á að búa fyrirtækjum á Fríverzlunarsamtaka-svæðinu, þá er það ekki tilgangur 16. gr. að skylda ríki til þess að leyfa atvinnurekstur í landi sínu, sem það er á móti. Framkvæmd Fríverzlunarsamtaka-samningsins hefur og staðfest þessa skoðun. Ekki er vitað um neitt dæmi þess, að aðilar hafi stofnað fyrirtæki í öðru aðildarríki gegn vilja stjórnarvalda þar í landi. Með hliðsjón af þeim skilningi á 16. gr., að íslenzk stjórnarvöld geti eftir sem áður haft alger yfirráð yfir því, hvort erlendu fyrirtæki er leyfð starfsemi í landinu og þá hvernig, má segja, að ákvæði hennar veiti erlendum fyrirtækjum engan nýjan rétt til atvinnurekstrar hér, ef núgildandi l. um iðju og iðnað og verzlunaratvinnu yrði breytt þannig, að leyfi þurfi til stofnunar allra nýrra fyrirtækja á þessum sviðum. Verða frv. um þetta efni lögð fyrir Alþ."

Tilgangurinn með því að flytja þessi frv. er að standa við þetta fyrirheit, að gerðar séu ráðstafanir til þess að tryggja það, að hér verði ekki stofnuð erlend fyrirtæki án samþykkis íslenzkra stjórnarvalda. Og þessi frv. verður að meta með tilliti til þess, hvort þau ná þessu markmiði eða ekki.

Ég held, að það sé algerlega út í hött að fara að ræða þessi frv. á þeim forsendum, hvaða áhrif þau hafa á þann atvinnurekstur, sem fyrir er í landinu, því það hefur alls ekki verið tilgangurinn með flutningi þessara frv. Hitt skiptir máli, hvort frv. ná þeim tilgangi, sem sagt er að þau eigi að þjóna, og eins og ég rakti í fyrri ræðu minni, tel ég mjög fjarri því fara, að svo sé.

Það er alger misskilningur hjá hv. 4. þm. Reykv., að aðildarríki EFTA hafi ekki heimild til þess að gera l. samkv. ráðstafanir til þess að takmarka hin almennu ákvæði 16. gr. Til þess er full heimild og með því er ekkert verið að fara á bak við einn eða neinn. En ég hef enga trú á því, að hæstv. ríkisstj. hafi nokkurn minnsta áhuga á því að takmarka þann erlenda atvinnurekstur, sem hér kæmi til greina samkvæmt 16. gr. Það marka ég af hinni almennu stefnu hæstv. ríkisstj., margvíslegum yfirlýsingum hennar, þ. á m. hæstv. iðnmrh., og beinum tilraunum hans til þess að fá erlenda aðila til þess að stofna hér fyrirtæki strax og við erum gengnir í EFTA, eins og hann reyndi í sumar með viðræðum sínum við norræna iðnrekendur, sem hann hreinlega spurði, hvort gætu ekki fengizt til að stofna hér dótturfyrirtæki á Íslandi eftir að við værum gengnir í EFTA. Þess vegna er það gallinn við þessi frv. og gerir þau einskis nýt plögg, að þar er enga slíka tryggingu að finna. Ég vil raunar spyrja hæstv. iðnmrh., fyrst hann leggur hér til, að honum verði persónulega falið úrslitavald um að leyfa og leyfa ekki á þessu sviði, hvort það sé ekki rétt skilið hjá mér, að sú stefna hans sé óbreytt, að það sé hagstætt fyrir Íslendinga að fá hingað erlend fyrirtæki til þess að taka upp útflutningsstarfsemi og hvort hann muni ekki reyna að beita sér fyrir því, að laða slík fyrirtæki hingað, — og mun hann ekki hagnýta sér það vald, sem í þessu frv. felst, ef það verður að l., til þess að opna sem mest fyrir slík fyrirtæki í samræmi við þessar almennu skoðanir hans?

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Varðandi þessa síðustu fsp., sem beint var til mín, þá vil ég segja það strax, að ég mundi, meðan ég fer með þessi mál, meta það í hverju einstöku tilfelli, hvort ég teldi það hagstætt fyrir Íslendinga og íslenzkan atvinnurekstur, að erlendum aðilum væri hér veitt aðstaða til atvinnurekstrar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 23. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 12. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til iðnn. með 23 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 2. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 148, n. 328, 336 og 342, 337, 343).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 34 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Iðnn. hv. d. hefur haft þetta mál til athugunar, en hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. — Eins og fram kemur í aths. með frv., þá er markmiðið með þessu frv. að efla aðstöðu stjórnarvalda til aðhalds um það, hverjir hafa leyfi til atvinnureksturs hér á landi, í þessu tilviki til iðju og iðnaðar. Atvinnurekstrarleyfi voru mjög til umræðu á sínum tíma í sambandi við 16. gr. EFTA-samningsins. Ég skal ekki nánar rifja þær umr. upp, en ég vil aðeins benda á, að þeir, sem voru varfærnastir varðandi þann samning og töldu sig mest varða framkvæmd þeirrar greinar, ættu að fagna því nýja frv., sem hér liggur fyrir.

Frv. er að sjálfsögðu þannig úr garði gert, að það stangast ekki beinlínis á við EFTA-samningana. Það má vera, að form þeirra sé með þeim hætti, að þeir, sem hug vilja hafa til þess, telji sig litlu bættari, þó að þetta frv. sé komið fram. Ég vil þó benda á það, að hér er farið að dæmi Norðmanna, en þeir hafa með svonefndri konsessions-löggjöf markað stefnuna í þessum efnum og telja hana fullnægja sínum hagsmunum. Ætti það að vera þeim nokkur huggun, sem huggast vilja.

Frv. gerir ráð fyrir, að lögreglustjórar veiti almennt atvinnurekstrarleyfi, eins og verið hefur, en kveður ótvírætt á um það, að ef atvinnureksturinn er á einhvern hátt óæskilegur eða þjóðhagslega óhagkvæmur, þá skuli vísa umsókninni til ákvörðunar ráðh. Í iðnn. komu fram efasemdir um það af hálfu minni hl., hvort óhætt væri að fela lögreglustjóra að meta það, hvað þeim bæri að senda til úrskurðar ráðh. og hvað ekki. Ég sé enga ástæðu til að vantreysta þeim í því efni, enda tel ég víst, að ríkisstj. eða viðkomandi ráðh. sendi þeim nánari fyrirmæli um meðferð þessara mála en hægt er eða rétt að setja í lög, og er þessi ótti því með öllu ástæðulaus. Það má að sjálfsögðu endalaust um það deila, hvort úrskurðarvaldið í þessum efnum eigi að vera í höndum ráðh. eða einhverrar n., eins og hugur minni hl. virðist standa til. Ég tel víst, að viðkomandi ráðh. muni telja sér skylt að hafa samráð við ríkisstj. alla, þegar um verulegt hagsmunamál er að ræða eða mál, sem orkað geta tvímælis, og það getur verið fróðlegt við þessa umr. að heyra álit ráðh. eða yfirlýsingu í því efni. Hins vegar sé ég ekki, hvaða aðili geti verið ábyrgari gagnvart Alþ. og þjóðinni en einmitt ríkisstj., og tel ég því ekki ástæðu til að breyta til í þessu efni.

Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt við þessa umr. og vísað til 3. umr.

Frsm. 2. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hafði nú gert ráð fyrir, að 1. minni hl. mundi kveðja sér hljóðs á undan 2. minni hl. eða vera til þess kvaddur, en þar sem ég hef verið kvaddur til þess af hæstv. forseta að mæla hér fyrir hönd 2. minni hl., þá mun ég að sjálfsögðu gera það, en ég mun ekki vera margorður um þetta mál.

Ég skal geta þess fyrst, að í 2. minni hl. ásamt mér er hv. 4. þm. Reykv.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, um breyt. á l. um iðju og iðnað, er einn af fylgifiskum EFTA-frv., ef svo mætti að orði kveða, en aðild Íslands að EFTA var, eins og kunnugt er, samþ. hér á hinu háa Alþ. í desembermánuði og gert ráð fyrir því, að mér skilst, að Ísland verði aðili að þessum samtökum 1. marz n. k.

Þetta frv. miðar að því, a. m. k. að nokkru leyti, að samræma þau l. um iðju og iðnað, sem nú gilda, og sérstök ákvæði í EFTA-samningnum. Segja má, að það sé rökrétt afleiðing af því, að EFTA-samningurinn hefur verið samþ. hér á Alþ. Við í 2. minni hl. teljum hins vegar, að á frv., sem hér liggur fyrir, séu gallar, sem Alþ. ætti að bæta úr.

Þetta frv. fjallar fyrst og fremst um iðjuleyfi. Það er gert ráð fyrir því eins og áður, að umsóknir um iðjuleyfi eða leyfi til iðjurekstrar séu sendar hlutaðeigandi lögreglustjóra, en í 3. málsgr. frv. segir, að lögreglustjóri skuli vísa umsókninni til ákvörðunar ráðh., ef svo stendur á, sem nánar er tilgreint:

„1) Ef iðjan er líkleg til að valda einstökum mönnum, héraðinu eða ríkinu tjóni eða óhagræði að ráði.

2) Ef iðjan er sérstaklega hættuleg mönnum, sem hana stunda.

3) Ef iðjunni er annars svo háttað, að varhugavert þykir að leyfa hana, m. a. vegna þess að möguleikar til öflunar hráefnis teljist ónógir, framleiðslu- eða söluaðstæður ófullkomnar, eða telja megi stofnun og starfrækslu iðjufyrirtækisins þjóðhagslega óhagkvæma."

Síðan segir í næstu málsgr., að ráðh. sé heimilt „að veita undanþágu frá ákvæðum 1. tölul. 1. málsgr. 3. gr. sjálfra iðjulaganna og sömuleiðis ákvæðum 4. gr., ef sérstaklega stendur á", en þessar undanþágur varða ríkisfang og heimilisfestu. Þetta eru því nokkuð þýðingarmiklar undanþágur, og þarf ekki að hafa mörg orð um það.

Ég vil þó í fyrsta lagi segja það, að ég tel, að nokkuð mikill vandi sé lagður á herðar lögreglustjórum, ef þeim er ætlað að skera úr um það sjálfum, hvort iðju þeirri, sem um er að ræða, sé annars svo háttað, að varhugavert þyki að leyfa hana, m. a. vegna þess að möguleikar til öflunar hráefnis teljist ónógir, framleiðslu- og söluaðstæður ófullkomnar eða telja megi stofnun og starfrækslu iðjufyrirtækisins þjóðhagslega óhagkvæma. Okkur í minni hl. finnst of mikill vandi lagður á herðar lögreglustjórunum, ef þeim er ætlað að úrskurða um þetta og baka sér ábyrgð af þeim úrskurði, hver svo sem hann verður. Í öðru lagi sýnist okkur minnihlutamönnum, að þegar svo kemur að því, að slíkum umsóknum er vísað til ráðh., sem l. ætlast til, þá sé þeim ráðh. þar með fengið nokkuð mikið vald. Þegar hið opinbera hefur tekið sér slíkt vald, sem þarna er um að ræða, í öðrum tilfellum, þá hefur það verið venja, að þá hafa verið settar til þess sérstakar n. eða stofnanir að meta að-

stæður og veita leyfi, en ekki falið einstökum ráðh. að gera það. Það er til of mikils ætlazt, að einstakur ráðh. eigi að hafa aðstöðu til að gera slíkt, og ýmislegt er athugavert við það að öðru leyti, að pólitískur ráðh. úthluti einn slíkum leyfum. Nú geri ég að vísu ekki ráð fyrir því, að það sé tilgangurinn með þessu frv. að það vald, sem þessum ráðh. yrði þarna fengið, yrði notað á þennan hátt, og ég geri ekki ráð fyrir, að núverandi ráðh. hafi hugsað sér það, en þetta eru l., sem eiga að gilda áfram, og þeim er þannig háttað, að ráðh. er þarna að okkar dómi fengið óeðlilegt vald. Auk þessa er svo ráðh. í frv. fengið vald til þess að veita umsækjendum undanþágu frá gildandi l. að því er varðar heimilisfang á Íslandi og ríkisfang. Og má nú vera að það sé í reyndinni stærsta atriðið af þessum, sem ég hef nú nefnt.

Það kom fram við 1. umr., að ýmsir, sem um þetta mál ræddu, töldu, að vald til þess að veita slíkar undanþágur ætti ekki að vera í höndum ráðh., heldur í höndum Alþ. hverju sinni, þannig að það ætti ekki að veita erlendum aðilum leyfi, nema það væri samþ. af Alþ., og hefur þetta vissulega nokkuð til síns máls. Það hefur alltaf verið talið, að það skipti miklu, að verndarákvæði væru í íslenzkri löggjöf, sem tryggðu Íslendingum meiri rétt en öðrum til þess að reka hér atvinnu. Nú þykjumst við hins vegar vita það, að ákvæði um það að koma þessu þannig fyrir, að Alþ. fjalli um svona undanþágur hverju sinni, eigi varla fylgi hér á hinu háa Alþ., og má að vísu segja, að það sé nokkuð þungt í vöfum að ætla Alþ. að taka slíkar ákvarðanir í löggjöf, þar sem slíkt gæti borið að milli þinga og væri óþægilegt að geta ekki veitt svör við umsóknum af þessu tagi.

Þess vegna höfum við hnigið að því ráði í 2. minni hl. að leggja til, að Alþ. kjósi sér sérstaka fulltrúa, sem séu til staðar og hafi það hlutverk, eins og segir í brtt. okkar á þskj. 342, að gefa umsögn um þessi mál til ráðh. og sömuleiðis að leggja á ráð um það, hverjar reglur ráðh. skuli setja lögreglustjórum um þau atriði, sem þeir verða að úrskurða. Við teljum þessa till. þess efnis, að hæstv. ríkisstj. ætti að geta samþ. hana og hún ætti að geta gengið fram hér á hinu háa Alþ.

Frsm. 1. minni hl. (Eðvarð Sigurðsson): Herra forseti. Það má segja, að þær breytingar á l. um iðju og iðnað, sem felast í þessu frv., séu í raun og veru ekki stórvægilegar frá l., eins og þau eru í dag. Það er rétt, að hér í 3. tölulið 2. gr. er nokkur breyting, sem þm. hafa fyrir framan sig, og ég les hana ekki upp, af því að það var minnzt á hana í ræðu hv. síðasta ræðumanns.

Ég tel, að það sé í raun og veru ekki svo stórvægileg breyt., að miklu valdi. Það getur verið álitamál, hvort stjórnarvöld á hverjum tíma, ríkisstj. og sérfræðingar hennar í þessum efnum, séu ekki fær um það að dæma um, hvað sé rétt og rangt í því, sem þar stendur. En það sem mér finnst alvarlegra við breyt. á þessum l., sem væru í raun og veru út af fyrir sig óþörf, ef ekki kæmi annað til, og það er, að það er verið að fá ráðh. í hendur aukið vald til að veita undanþágu frá þessum lögum, til þess að veita erlendum aðilum undanþágu til atvinnurekstrar hér á landi. En eins og ég segi, þá er það ekki fyrst og fremst gagnvart þessum l., því að ráðh. hefur það vald núna, samkv. 4. gr. l. um iðju og iðnað. Hins vegar er einnig verið að yfirfæra þetta vald ráðh. til annarra laga. Náskylt þessu máli er næsta dagskrármál, sem er um breyt. á l. um verzlunaratvinnu. Í þeim l. hefur ekki verið slík heimild, en nú á hún að koma þar. — Í núverandi l. um iðju og iðnað segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef félag er hlutafélag, þá skal enn fremur meira en helmingur hlutafjár vera eign manna búsettra á Íslandi, enda sé ekkert það í samþykktum félagsins, er brjóti í bága við íslenzk lög.“ Enn fremur segir: „Ráðh. er heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum um heimilisfang stjórnenda eða fulltrúa og hlutafjáreign, enda standi sérstaklega á.“ Þetta er sú undanþága, sem nú er í l. um iðju og iðnað. Þessi l. eru frá árinu 1927. — Hins vegar eru engin slík ákvæði í l. um verzlunaratvinnu. Þau lög eru tæplega 2 ára gömul, en ýmis ákvæði þar, skyld þessum, eru svo til orðrétt úr l. um iðju og iðnað. Þó sýnir það sig, að Alþ. hefur haft minni fyrirvara einmitt á þessum hlutum, að því er varðar erlenda aðila, nú fyrir tæpum tveim árum heldur en þegar l. um iðju og iðnað voru sett 1927. Ég held að þetta sé í raun og veru aðalefni þessa máls, sem hér liggur fyrir, og að mínum dómi það langvarhugaverðasta. Ég held, að einmitt nú, þegar EFTA-samningar og margt annað er á döfinni, sem gjarnan opnar erlendum aðilum meira aðgang að íslenzku atvinnulífi heldur en verið hefur, þá sé mjög óeðlilegt að slaka á því valdi, sem Alþ. á að hafa hverju sinni í þeim efnum.

Ég hef leyft mér að flytja brtt. við 2. gr. þessa frv. um að við síðustu málsgr. 2. gr. bætist svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Þó er óheimilt að veita leyfi til iðjurekstrar án samþykkis Alþ., ef viðkomandi félag eða fyrirtæki er að hálfu eða meira í eigu erlendra aðila. Engin ákvæði mega vera í samþykktum félags, sem brjóta í bága við íslenzk lög.“

Þetta síðasta er núna í l., en með þessu frv., sem hér er flutt, er ráðh. gefið vald til þess að veita einnig undanþágu frá þessu ákvæði um forgangsgildi íslenzkra laga. Ég vil, að það séu tekin af öll tvímæli um, að þetta sé ekki heimilt, eins og l. eru í dag, því það er ekki nein undanþáguheimild í þeim gagnvart þessu ákvæði, þó að það sé gagnvart ríkisfangi og hlutafjáreign, en samkvæmt frv. á ráðh. einnig að hafa þessa heimild.

Hv. 2. minni hl. iðnn. leggur til, að þessum málum verði skipað á þann veg, að Alþ. kjósi sérstaka n., ráðgjafarnefnd, sem fjalli um þessi efni, og að ráðh. hafi ekki heimild til að veita undanþágu, nema að fengnu hennar samþykki. Ég álít hins vegar, að hér sé um svo þýðingarmikil atriði að ræða, að Alþ. sjálft eigi að fjalla um það hverju sinni, ef hlutafjáreign eða eign hins erlenda aðila nær helmingi eða meira í hverju fyrirtæki eða félagi, sem um er að ræða. Ég held, að það sé mjög varhugavert, að Alþ. láti þetta vald úr höndum sér. Það er út af fyrir sig ekki verið að loka fyrir það, að slíkar heimildir séu gefnar, en það verði þá Alþ. sjálft, sem um það fjallar hverju sinni.

Eins og ég sagði, þá má máske segja, að breytingin á l. um iðju og iðnað sé ekki mjög stórvægileg, þar sem ráðh. hefur þar býsna víðtækt vald samkv. gildandi l., en nú á að yfirfæra það og meira til varðandi l. um

verzlunaratvinnu. Þetta sýnist mér vera tilgangurinn í raun og veru. Ég vil lýsa því yfir, að ef þessi till. mín fær ekki nægilegt fylgi til samþykkis hér, þá mun ég fylgja till. 2. minni hl., en ef þær ná heldur ekki samþykki, þá mun ég greiða atkv. gegn þessu frv.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það kom fram í ræðu hv. frsm. 1. minni hl., að hann telur frv. til breyt. á l. um iðju og iðnað eiginlega ekki vera neina breytingu frá þeim l., sem gildandi eru í dag, a. m. k. sáralitla, og þetta er alveg rétt hjá honum. Við erum nú, undir þessum dagskrárlið, að ræða l. um iðju og iðnað. Það er rétt, að það er svolítill stigsmunur á þeim og l. um verzlunaratvinnuna, og verður sjálfsagt komið að því, þegar það frv. verður tekið til umr. Það er þess vegna ekki rétt, að ráðh. sé fengið aukið vald frá því, sem er í l. um iðju og iðnað, með þessu frv. Það er nokkur stigsmunur á því, hvenær ráðh. á að veita og fjalla um iðjuleyfin samkv. 2. gr. þessa frv. eða samkv. 7. gr. l. um iðju og iðnað frá 1927. Þar er ákvæðið þannig, að lögreglustjóri, þar sem beiðandi á lögheimili, veitir iðjuleyfi. En hins vegar er þar sagt, að ráðh. ákveði um veitingu iðjuleyfa í vissum tilfellum, og þar er gerð nokkur breyting á, og þó einkum í sambandi við 3. tölul. í 2. gr., *sem um var rætt á sínum tíma við* l. umræðu þessa máls, og átti hann að vera til frekara öryggis í sambandi við þátttöku okkar í EFTA. Og það er höfuðtilgangur þessa frv., sem og frv. til l. um breyt. á l. um verzlunaratvinnu, að engin erlend fyrirtæki geti hafið atvinnurekstur hér á landi að óvild íslenzkra stjórnvalda.

Frsm. meiri hl. n. gerði ráð fyrir því, að ráðh., sem málið heyrði undir, mundi, ef um meiri háttar mál er að ræða, hafa samráð við ríkisstj., og ríkisstj. er náttúrlega á hverjum tíma ábyrg gagnvart Alþ. Þetta er alveg rétt skoðun hjá honum. Þannig held ég, að þetta muni verða í framkvæmd, a. m. k. meðan ég fer með þessi mál, og mér dettur ekki í hug annað en slík og svipuð framkvæmd verði viðhöfð af öðrum ráðh., sem um málið fjalla. En stefna núv. ríkisstj. er að þessu leyti skýrar mörkuð en að ráðh. hafi samráð við sína meðráðh. og ríkisstj. Þegar um meiri háttar atvinnurekstur eða þátttöku erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi verður að ræða, þá er það yfirlýst stefna núv. ríkisstj., að hún muni leita sérstakrar lagaheimildar hjá Alþ. fyrir leyfisveitingu. Þannig var farið að í sambandi við samningana um álverið. Samkv. lögum var hægt að heimila Íslenzka álfélaginu, þar sem erlent fyrirtæki á öll hlutabréfin, starfrækslu hér á landi eftir l. um iðju og iðnað. En ríkisstj. taldi fráleitt annað, með svo stórt mál, en að fara til Alþ. og fá samþykki þess fyrir því. Sama átti sér stað í sambandi við Kísiliðjuna. Ríkisstj. taldi sér skylt, eðli málsins samkv., að fara til Alþ. og fá samþykki þess fyrir henni. Sé um eitthvað hliðstætt að ræða, þrátt fyrir þessa breytingu, sem hér um ræðir, þá mundi ríkisstj. framvegis fylgja þessari stefnu. Ráðh., sem er beðinn um iðjuleyfi af erlendu fyrirtæki, telur, að málið sé það mikils virði, að hann mundi burt séð frá þessum breytingum og burt séð frá þátttöku okkar í EFTA, leita til Alþ. Hann bíður auðvitað með það að gefa svar sitt við leyfisbeiðninni, þar til hann er búinn að fá samþykki Alþ. fyrir því, með sama hætti og verið hefur til þessa. Þetta er alveg augljóst, þetta hefur verið okkar stefna, og þetta mun verða okkar stefna í núv. ríkisstj. Við höfum lýst henni yfir hér á Alþ., og hún liggur ótvírætt fyrir í þskj.

Að mínum dómi er málflutningur minni hl. um efni þessa frv. á töluverðum misskilningi byggður, að vísu ekki fyrri minni hl., því hann taldi réttilega, að það væri sáralítil breyting frá því, sem nú er. Ég er ekki alveg viss um, að ég hafi skilið rétt 2. málsgr. brtt. hv. 2. landsk. þm., að engin ákvæði megi vera í samþykktum félags, sem brjóti í bága við íslenzk lög. Það er að vísu rétt, að í eldri l. er slíkt ákvæði, en auðvitað þarf ekki að setja inn slíkt ákvæði, því ekkert félag getur starfað hér á landi með ákvæði í sínum samþykktum, sem brjóta í bága við íslenzk lög. Þetta liggur í hlutarins eðli. Ef þetta var það, sem hv. þm. var að tala um, að ráðh. væri að öðru leyti fengið meira vald en áður, með því að taka þetta burtu, — ég er ekki alveg viss um, að ég hafi skilið hann rétt, — þá vildi ég taka það fram, af því að það liggur fyrir í brtt., að þetta ákvæði sé sett inn, að það mætti setja það inn að skaðlausu, en það er að mínum dómi alveg óþarft.

Þá vildi ég aðeins tjá mig um brtt. frá 2. minni hl., að ráðh. eigi að taka ákvörðun að fenginni umsögn 7 manna ráðgjafarnefndar. Hana tel ég óþarfa og að vissu leyti óeðlilega, því miðað við þá yfirlýstu stefnu, sem núv. ríkisstj. hefur haft, þegar um meiri háttar mál er að ræða, þá hefur hún beinlínis leitað til Alþ. sjálfs. Því er það auðvitað miklu fremur, sem óþarft væri að setja upp slíka ráðgjafarnefnd.

Frsm. 1. minni hl. (Eðvarð Sigurðsson): Herra forseti. Hæstv. iðnrh. taldi, að ráðh. væru ekki fengin aukin völd með flutningi þessa frv. um breyt. á l. um iðju og iðnað. Ég tók það fram, að þau væru kannske ekki ýkjamikil varðandi þau lög. En þetta er aftur á móti stórmál varðandi lög um verzlunaratvinnu. Tilgangurinn virðist nefnilega vera sá að auka heldur þau völd, sem ráðh. hefur samkv. l. um iðju og iðnað, og fá honum alveg nýjar heimildir til að veita undanþágur frá l. um verzlunaratvinnu, og því skal þessum lögum einnig breytt til samræmis við það, sem þar á að koma fram. Hæstv. ráðh. taldi, að ríkisstj. væri að tryggja með þessu, að enginn erlendur aðili fái leyfi til atvinnurekstrar án samþykkis stjórnvalda. Lögin, eins og þau eru, veita ekki neitt slíkt leyfi. Þess vegna þarf að koma undanþága til þess. Hæstv. ráðh. talar líka mjög mikið um, að það hafi verið stefna núv. ríkisstj. að leggja öll slík stórmál fyrir Alþingi, og minnti í því sambandi á tvö mál, álsamninginn og kísilgúriðnaðinn. Sé þetta stefna hæstv. ríkisstj., þá sé ég nú ekki, að ráðh. gæti haft neitt á móti því, að svona ákvæði væri þá tekið ótvírætt inn í lög, þ. e. að ráðh. hefði ekki heimild til þess að veita neinar undanþágur, nema samþykki Alþingis kæmi til. Ég sé satt að segja ekki mótsögn í því, heldur miklu fremur hitt, að ríkisstj. ætti að vera því fylgjandi. Hins vegar er náttúrlega ekki hægt að miða lagasetningu við það, hvað einhver ákveðin ríkisstj. kynni að vilja gera og hvað ekki. Lög hljóta að vera óháð slíku, og lög eiga einmitt að segja ráðh. sem öðrum þegnum þjóðfélagsins fyrir verkum.

Hæstv. ráðh. taldi sig tæplega skilja 2. mgr. í þeirri brtt., sem ég flyt á þskj. 337, en hún er þannig:

„Engin ákvæði mega vera í samþykktum félags, sem brjóta í bága við íslenzk lög."

Þetta er ákaflega auðskilið af minni hálfu og auðskýranlegt. Það segir núna í l., að ef félag er hlutafélag, þá skal enn fremur meira en helmingur hlutafjárins vera í eign manna búsettra á Íslandi, enda sé ekkert það í samþykktum félags, er brjóti í bága við íslenzk lög. Ég vil biðja menn að athuga það, að með þessu frv., — þetta er í 4. gr. l., eins og þau eru í dag, — á síðasta mgr. 7. gr. l. að orðast svo: „Heimilt er ráðh. að veita undanþágu frá ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 3. gr." — Þetta er óbreytt, eins og það er núna — „og ákvæðum 4. gr., ef sérstaklega stendur á." Það er ekkert undan tekið og það, sem ég las, stendur í 4. gr. l. í dag. Það má nú vera, að þetta sé vansmíð á frv., og væri gott, ef svo væri, það væru þá tekin af öll tvímæli um það. En það virðist nú í rauninni vera eins og þetta mál hafi ekki verið skoðað sérstaklega náið, og það virðist vera ásetningur að koma því fram, bæði í þessum l. og eins í l. um verzlunaratvinnu, að veita ráðh. þetta leyfi.

Nú má vera, að frá sjónarhóli vissra manna sé þetta skoðað sem eins konar öryggisventill við því, sem kannske gæti ella gerzt, eftir að við erum orðnir aðilar að EFTA. En með samþykkt þeirra till., sem við í minni hl. flytjum hér núna, þá held ég, að l. yrðu aðeins tryggari og betri. Það mætti segja það, að í höndum valinna manna í ráðherrastól væri kannske ekki nein hætta á ferðum, en eins og ég sagði áðan, geta lög ekki miðazt við það, hverjir sitja í ráðherrastólum.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. um þetta mál. Þó er eitt atriði, sem mér láðist að geta áðan í sambandi við l. um verzlunaratvinnu, sem ég vil, að komi fram núna, þar eð hv. 2. landsk. þm. vitnaði til breytingar á þeim, sem hefði verið gerð fyrir tveimur árum, og þá hefði ekki verið í þeim l. heimild fyrir ráðh. að veita undanþágur, eins og í l. um iðju og iðnað. Þetta atriði kom ekki til umr. hér í þinginu í sambandi við l. og það var ekki nein breyting frá eldri l. um verzlunaratvinnu að þessu leyti, en þau voru frá 1925. En það gat litið út eins og hv. þm. setti þetta fram, að fyrir tveimur árum hefði þessu verið breytt. En l. frá 1925 voru að þessu leyti alveg óbreytt, miðað við l. frá 1967 eða 1968.

En varðandi svo 2. málsgr. í brtt. hv. 2. landsk. þm., úr því að umr. hafa orðið um það hér og þm. virkilega halda, að það sé hægt, eins og þetta er útbúið, að fá ráðherraheimild til þess að veita undanþágu frá íslenzkum lögum, þá hef ég ekkert á móti því, að sá liður sé samþykktur, og það er þá bezt að hafa það alveg ákveðið. Ég sagði áðan, þetta lægi í hlutarins eðli og því algerlega óþarft að setja þetta í lög, en það er auðvitað eins gott, úr því að enn er vitnað til þess, að þetta standi þá alveg tvímælalaust. Það var í eldri lögum. (Gripið fram í.) Já, ég er að segja það, úr því að hv. þm. vill hafa þennan skilning, þá skulum við taka af öll tvímæli, og ég fyrir mitt leyti legg þá til, að við samþykkjum þetta. Það væri að vísu réttara að hafa orðalagið svolítið öðruvísi, vegna þess að það er veitt heimild til undanþágu frá ákvæðum 4. gr., nema því, að engin ákvæði megi vera í samþykktum félagsins, er brjóti í bága við íslenzk lög. Gr. er þannig orðuð, að þetta skiptir ekki miklu máli.

Við getum að mínum dómi samþykkt þessa brtt., þ. e. a. s. 2. lið hennar, og mundi ég þá leggja til, að brtt. á þskj. 337 yrði borin upp í tvennu lagi, þegar þar að kemur.

Frsm. 2. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil nú mjög eindregið beina því til hæstv. ráðh., að hann fallist á brtt. 2. minni hl. n. á þskj. 343. Hæstv. ráðh. gat þess, að hann hefði gefið yfirlýsingu í sambandi við EFTA-málið á sínum tíma, þess efnis, að hvenær sem um meiri háttar mál væri að ræða, mundi hann bera það undir Alþingi. Það er nú auðvitað alltaf álitamál, hvenær um meiri háttar mál er að ræða af þessu tagi. En ef sú n. væri til staðar, sem 2. minni hl. iðnn. hefur lagt til, að kosin yrði, þá mundi ráðh. sjálfsagt geta fengið álit hennar á því, hvort um meiri háttar mál væri að ræða eða ekki, og yrði þá væntanlega ekki ágreiningur um það, hvað bera skyldi undir Alþ. og hvað ekki. En í till. um nefndina felst auðvitað það, að Alþ. í heild eða fulltrúar Alþ. í heild eigi þess kost að fylgjast rækilega með þessum málum og segja álit sitt á þeim, áður en þau eru afgreidd. Það skiptir auðvitað meginmáli.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 337,1 felld með 19:14 atkv.
Brtt. 337,2 samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 343 felld með 20:15 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 22:5 atkv.
3.—4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:1 atkv.

Á 52. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 352).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21:7 atkv. og afgr. til Ed.

Á 47. fundi í Ed., 3. febr., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar, og var frv. á þskj. 352 útbýtt á fundinum.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta til l. um breyt. á l. um iðju og iðnað er á vissan hátt lagt fyrir þingið sem fylgifrv. þáltill. um aðild okkar að EFTA. Sumir hafa lagt þann skilning í atvinnuréttargrein EFTA-samningsins, 16. gr., að það kynni að verða of rúm aðstaða fyrir erlend fyrirtæki til starfrækslu hér

á landi, og því öruggara fyrir okkur að setja svipaða löggjöf til varnar því, ef okkur sýndist svo, og t. d. Norðmenn hafa haft hjá sér. Við höfðum hana því nokkuð til fyrirmyndar.

Það er aðaltilgangur þessa frv. að tryggja það með þeim breytingum, sem á l. yrðu gerðar og í raun og veru eru efnislega mjög litlar, að erlend fyrirtæki geti ekki hafið atvinnurekstur hér á landi gegn vilja íslenzkra stjórnvalda. Að vísu hefur mín skoðun jafnan verið sú, að 16. gr. EFTA-sáttmálans væri í raun og veru þannig, að þess væri naumast þörf. Út í það skal ég ekki fara nú, en þetta er höfuðtilgangurinn. Breytingin er lítil frá því, sem áður var, en einkum er það í 3. tölul. 2. gr., sem breytingin er fólgin, en þar er styrkt aðstaða ríkisstj. og stjórnarvalda til þess að leyfa eða leyfa ekki iðnrekstur erlendra fyrirtækja.

Ég vil leyfa mér að leggja til, herra forseti, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Björn Fr. Björnsson: Herra forseti. Í grg. fyrir þessu frv., sem hér liggur fyrir til umr., segir m. a., að það sé flutt í því skyni að efla aðstöðu stjórnarvalda til aðhalds um það, hverjir stundað geti iðju hér á landi. Það er út af fyrir sig ekkert við slíkt að athuga, og stjórnarvöld eiga að hafa aðstöðu til þess að sjá svo um, að eigi geti orðið hér neitt á í þessum efnum, svo mikilsverð sem þau eru um alla framkvæmd.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að við framsóknarmenn á hv. Alþ. vorum andvígir því, að gengið væri í EFTA á þessu stigi, en till. okkar þar að lútandi náðu ekki fram að ganga, og nú er svo komið, að við verðum þar löglegir meðlimir eftir nokkrar vikur. Við töldum það m. a. höfuðástæðu fyrir okkar afstöðu að þessu leyti, að eigi hefðu verið gerðar nauðsynlegar ráðstafanir eða áætlunargerðir varðandi iðnað og iðju í þessu landi og iðnaðurinn stæði það höllum fæti, að áður en gengið yrði í slíkan félagsskap sem Fríverzlunarbandalagið, væri nauðsynlegt, að við styrktum okkar iðnað betur og gerðum allt, sem í okkar valdi stæði til þess. En innganga okkar í EFTA er að verða staðreynd og þess vegna er það ekki nema eðlilegt, að frv. það, sem hér er til umr., og eins frv. um breyt. á l. um verzlunaratvinnu séu hér á ferðinni og ekkert við það að athuga.

Í sambandi við frv. tel ég, að nokkur galli sé á því. Í 2. gr. frv. stendur, að lögreglustjórar veiti iðjuleyfi, og það hefur að vísu lengi verið. En þeirra vald nær töluvert lengra, því sé hins vegar svo, að lögreglustjóri sjái einhverja meinbugi á því að veita leyfi, þá hefur hann rétt til að vísa umsókn um leyfi til ákvörðunar ráðh. eða rn. Þó að ég viti það, að lögreglustjórar, sem ég þekki til, vilji allt vel gera, bæði í slíkum efnum sem þessum og öðrum, þá tel ég, að það sé of mikill ábyrgðarhluti lagður á lögreglustjóra í svo mikilsvarðandi málum, og ef eitthvað þætti athugavert að mati lögreglustjóra við umsókn um iðjuleyfi, þá yrði reyndin sú, að lögreglustjóri vísaði málinu ætíð til ráðh. Ég þykist vita, að sú yrði þróunin. Þetta þykir mér ekki nægilega gott að þessu leyti, en hitt er annað, að ég mun ekki flytja brtt. við frv.

Svo í öðru lagi er viðkomandi ráðh. heimilt að veita undanþágu frá vissum ákvæðum í frv. og l., ef sérstaklega stendur á, og þannig kemur það þá fram, að ráðh. getur veitt margs kyns undanþágur, sem ég tel, að væri ekki eðlilegt, að ráðh. væri heimilt, og þó sérstaklega varðandi eitt atriði, en það eru félög, sem koma til með að verða hér rekin til viðbótar við þau, sem fyrir eru, á vegum útlendra aðila að nokkru leyti. Ég mundi vilja koma því ákvæði inn í þetta frv., að Alþ. hefði úrskurðarvald um það, hvort fyrirtæki eða félagsskapur, sem erlendir aðilar ættu 50% eða meira í, fengi leyfi til starfrækslu hér á landi. Mér þykir það ákaflega eðlilegt, og þó að sumir haldi því fram, að þetta sé eða gæti verið nokkuð þungt í vöfum, þá hygg ég, að í flestum tilfellum ætti það ekki að vera svo, og meira lægi ekki á en svo, að til Alþingis væri hægt að leita til endanlegs úrskurðar í hverju tilviki.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að ræða þetta mál. Mér finnst eðlilegt, að svona fylgifrv. komi fram, úr því að innganga í EFTA er ákveðin, og að okkar málefni séu að öðru leyti samræmd eða aðlöguð þessum samningum, sem við erum að gera, að því er varðar Fríverzlunarbandalagið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til iðnn. með 16 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 352, n. 355).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Eins og hv. dm. er kunnugt, er tími naumur til afgreiðslu á þessu máli, en í Nd. var gerð á því nokkur breyting, eins og kemur fram á þskj. 352. Þar var ákvæði tekið inn, er hljóðar á þessa leið:

„Engin ákvæði mega vera í samþykktum félags, sem brjóta í bága við íslenzk lög."

Þetta er síðasta mgr. 2. gr. frv. Nál. hefur verið lagt fram skriflega. Iðnn. fékk nauman tíma til að athuga frv., en varð sammála um að mæla með því í heild, þó taka einstakir nm. fram, að þeir áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., og eins og kom fram á nefndarfundi reikna ég með, að einhverjir nm. kunni að koma með till. og verður hún þá skriflega flutt, ef fram kemur.

Að svo mæltu legg ég til, að frv. verði samþykkt.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Það er hinn yfirlýsti tilgangur þessa frv. að samræma ýmis ákvæði íslenzkrar löggjafar ákvæðum EFTA-samningsins. Iðnn. hefur á stuttum fundi nú áðan fjallað um þetta mál, og það varð sameiginleg niðurstaða nm., að samræming af þessu tagi væri rökrétt afleiðing af aðild Íslands að EFTA. Hins vegar lítum við 3 nm. þannig á, að í einu veigamiklu atriði þurfi að gera breytingu á þessu frv., til þess að vel sé. Það er þess vegna, sem við flytjum hér brtt., að vísu skriflega, við frv. Það eru hv. 4. þm. Sunnl., Björn Fr. Björnsson, hv. 11. þm. Reykv., Kristján

Thorlacius, og ég. Við erum því andvígir, að fela ráðh. eins víðtækt vald og gert er ráð fyrir í þessu frv. til þess m. a. að veita erlendum aðilum undanþágu til atvinnurekstrar hér á landi.

Hv. 4. þm. Sunnl. ræddi þetta mál nokkuð hér við 1. umr., og ég skal því ekki hafa mörg orð um þetta, en vil leggja á það áherzlu, að hér er mikilvægt mál á ferðinni, og við þremenningarnir í iðnn. lítum þannig á, að það sé á engan hátt forsvaranlegt af Alþ. að afsala sér slíku valdi í hendur ráðh., og teljum, að miklu máli skipti, að breyting verði gerð hér á. Þess vegna leyfum við okkur að leggja til, að aftan við næstsíðustu mgr. 2. gr. bætist: „Þó er óheimilt að veita leyfi til iðjurekstrar án samþykkis Alþingis, ef viðkomandi félag eða fyrirtæki er að hálfu eða meira í eigu erlendra aðila."

Ég sé ekki ástæðu til, nema þá að sérstaklega gefnu tilefni, að rökstyðja nánar þessa brtt. Þetta mál, sem hún snertir, hefur verið mikið rætt og menn hafa vafalaust mótað afstöðu sína til þess. Ég leyfi mér fyrir hönd okkar flm. að æskja þess við hæstv. forseta, að hann leiti afbrigða fyrir þessari till., þannig að hún megi einnig koma til atkvgr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 361) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. En mér finnst ástæða til þess að vekja athygli á því, sem mér finnst, að nokkurs misskilnings gætir í viðhorfi þm. samkv. því, sem fram hefur komið í ræðu hv. síðasta ræðumanns. Þessi lög og lög um verzlunaratvinnu, eða frv. um breyt. á þeim, eru ekki flutt til þess að samræma löggjöf okkar ákvæði EFTA-samningsins, heldur eru þau flutt til þess að verja okkur gegn hugsanlegum áhrifum af ákvæðum EFTA-samkomulagsins, sem ég og sagði í minni fyrri ræðu. Ég hefði nú talið það óþarft, en að tilhlutan ríkisstj. er þetta nú samt sem áður sett og þetta gerðu Norðmenn. Þetta hefur verið rætt við EFTA-ráðið, og mundu það ekki teljast neinar vanefndir á skuldbindingum okkar gagnvart samningnum, ef svona ákvæði væru fyrir hendi.

Í öðru lagi er það ekki rétt, að hér sé verið að afsala sér meiri rétti til ráðh. heldur en verið hefur, því ef þessi breyting er ekki gerð á l. um iðju og iðnað, hefur ráðh. samkv. þessum l., sem eru í gildi og mundu þá gilda, ef ekki yrði við þeim hróflað, rétt til þess að veita hvaða erlendu fyrirtæki sem er rétt til iðjurekstrar hér á landi, enda þótt útlendingar ættu 100% af hlutafénu. Þetta er sú gildandi löggjöf, sem við búum við, svo að hér er ekki verið að breyta neitt til frá því, sem verið hefur. Hins vegar hefur það verið yfirlýst stefna núv. ríkisstj. að koma til Alþ., þegar svo stendur á, að um meiri háttar mál er að ræða, og var því lýst yfir bæði í sambandi við samningana um álverið, þar sem Íslenzka álfélagið er, eins og kunnugt er, eign erlends fyrirtækis eða hlutaféð allt eign Alusuisse, og einnig í sambandi við Kísiliðjuna, enda þótt útlendir ættu þar innan við helming af hlutafé, eða 30–35%, ég man nú ekki, hvað það var nákvæmlega.

En þetta ætla ég hins vegar ekki að hafa fleiri orð um, en mér finnst, að menn verði að gera sér grein fyrir þessum efnisatriðum málsins.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki fjölyrða mikið um þetta atriði eða fara að upphefja langt karp við hæstv. ráðh. Það má e. t. v. segja, og ég býst við, að það sé rétt hjá honum, að í þeim lögum, sem gilt hafa um iðju og iðnað, hafi verið býsna rúm heimildarákvæði til handa ráðh. um leyfisveitingar og að mínum dómi óeðlilega rúm, og það er þá ekki sízt til þess að bæta þar um, sem till. okkar er flutt. En aftur á móti hygg ég, að í því frv., sem þessu fylgir og er hér á dagskrá á eftir, frv. um verzlunaratvinnu, sé beinlínis verið að rýmka þær heimildir, sem ráðh. hefur haft, ef þau lög verða samþ. eins og þau liggja nú fyrir. Allri slíkri rýmkun er ég algerlega andvígur og tel raunar, að það hafi verið helzt til rúmt í þessum efnum, að því er snertir a. m. k. lög um iðju og iðnað, og legg á það áherzlu, að Alþ. á ekki að láta slíkt vald, eins og þar getur verið um að ræða, í hendurnar á einstökum ráðherra.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 361 felld með 10:9 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 363).

---

14. Verzlunaratvinna.

Á 19. fundi í Sþ., 5. des., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 2. maí 1968, um verzlunaratvinnu [116. mál] (stjfrv., A. 149).

Á 22. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég þarf ekki að segja nema örfá orð um þetta frv., sem, eins og fram hefur komið, er flutt jafnhliða frv. til l. um breyt. á l. um iðju og iðnað, og hefur eins og það þann höfuðtilgang, að efla aðstöðu stjórnarvalda til aðhalds um það, hverjir stunda verzlunaratvinnu hér á landi. Það má því segja, að það sé rétt metið, að bæði frv. hafi þennan megintilgang, sem í grg. er lýst.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta nú. Ég tel heppilegast, að þessi frv. fari í sömu n., — það getur orkað nokkuð tvímælis, — en vil leggja það til, ef ekki

koma mótmæli gegn því, að þessum frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. iðnn. og 2. umr., og þá með það í huga, að þeir menn, sem fjalla um annað frv., fjalli um þau bæði í þessari hv. deild.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 23. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 12. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til iðnn. með 22 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 2. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 149, n. 329, 338 og 340, 339, 341).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 34 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Iðnn. hv. d. hefur haft þetta mál til athugunar, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Frv. þetta hefur verið samflota næsta dagskrármáli á undan, sem var verið að ljúka við að ræða hér, um iðju og iðnað, og markmið þess er, að efla aðstöðu stjórnvalda til aðhalds um það, hverjir geti stundað atvinnurekstur hér á landi. Í þessu tilfellinu er um verzlunaratvinnu að ræða. Allt, sem ég sagði um hið fyrra frv., á við um þetta síðara frv., og er því lagt til hér, eins og þar, að frv. verði samþ. óbreytt við þessa umr. og því vísað til 3. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Eðvarð Sigurðsson): Herra forseti. Ég get látið nægja að vísa til þess, sem ég sagði um næsta dagskrármál hér á undan, um breytingar á l. um iðju og iðnað. Þetta mál er eins vaxið. Sá er þó munurinn, að í þeim l., sem hér um ræðir, l. um verzlunaratvinnu, hafa ekki verið nein þau undanþáguákvæði, sem nú er gert ráð fyrir að í þessi lög verði sett, en þau ákvæði eru sama eðlis og um hið fyrra frv. er að segja.

Ég flyt á þskj. 339 sams konar brtt. við þetta frv. og við hið fyrra frv.

Frsm. 2. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Varðandi frv. á þskj. 149 um breytingu á lögum um verzlunaratvinnu get ég látið nægja að vísa til nál. 2. minni hl. um mál nr. 115 á þskj. 148 og einnig til þeirrar framsöguræðu, sem ég flutti fyrir hönd 2. minni hl. í dag um það mál. 2. minni hl. flytur á þskj. 341 brtt. við 2. gr. þessa frv., og er hún sama efnis og sú brtt., sem við fluttum við hitt frv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Að gefnu tilefni tel ég rétt að gefa við þessa umr. hliðstæða yfirlýsingu varðandi væntanlega framkvæmd þeirra lagaákvæða, sem hér er lagt til að verði lögtekin, og hæstv. iðnrh. gaf hér fyrr í dag varðandi væntanlega framkvæmd á ákvæðum þeirra l., sem þá voru til 1. umr., þ. e. frv. til l. um breyt. á l. um iðju og iðnað. Ef leyfisveitingar koma til minna kasta sem viðskrh. samkvæmt þessu frv., mun ég ræða málið í ríkisstj., og afstaða ríkisstj. í heild mun þar verða látin gilda, svo sem venja er í mikilvægum málum eins og þessu. Ég geri og ráð fyrir því, að ef um alveg sérstök vandamál er að ræða í þessu sambandi, muni verða leitað til Alþ., þannig að augljóst megi telja, að meiri hl. Alþ. standi að baki mikilvægum ákvörðunum í þessum efnum. Ég get einnig bætt því við, sem hæstv. iðnrh. sagði áðan, að ég tel það mjög koma til athugunar, að hlutaðeigandi ráðh. veiti Alþ., skömmu eftir að það hefur komið saman, skýrslu um þau mál, sem komið hafa til kasta ráðh. um þetta efni, hvort sem um synjun á leyfisveitingu hefur verið að ræða eða samþykkt á henni. En að sjálfsögðu verða leyfisveitingar birtar, þær eru að sjálfsögðu opinberar. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því, að frá synjunum verði skýrt í opinberum skjölum. En ég tel, að það sé jafneðlilegt, að Alþ. fái vitneskju um synjanir eins og samþykktir, og tel rétt, að ríkisstj. taki það til athugunar, með hverjum hætti hún getur tryggt það, að Alþ. fái að fylgjast nákvæmlega með því, sem gerist, í framhaldi af þeirri tvöföldu lagasetningu, sem hér er gert ráð fyrir. Ég tel sjálfsagt, að Alþ. viti nákvæmlega, hvað í þessum efnum er að gerast, hvort sem beiðni er samþ. eða henni er synjað, enda starfa ráðh. sjálfsagt á ábyrgð Alþ. við ráðstafanir eins og þessar.

Frsm. 1. minni hl. (Eðvarð Sigurðsson): Herra forseti. Við umr. um 1. dagskrármálið, breyt. á l. um iðju og iðnað, lagði hæstv. iðnrh. til, að brtt. mín væri borin upp í tvennu lagi, vegna þess að hann vildi taka af öll tvímæli um það, að ráðh. hefði ekki leyfi til að brjóta íslenzk lög, eða þau leyfi, sem hann gæfi út, brytu ekki í bága við íslenzk lög. Nú hefur hæstv. viðskrh. tekið til máls. Hann hefur ekki sagt neitt um þessa till., en ég vil benda á, að í frv., eins og það liggur nú fyrir, er gert ráð fyrir því, að ráðh. fái heimild til þess að veita undanþágu frá 5. gr. l., eins og þau eru núna í dag, og þar er ekkert undanskilið. Í 5. gr. l. er m. a. að finna þessa setningu: „Sé félag hlutafélag, skal hlutafé enn fremur vera að meira en helmingi eign manna búsettra hér á landi, enda sé ekkert í samþykktum félags, er brjóti í bága við íslenzk lög.“ Samkvæmt frv. því, sem hér liggur fyrir, er farið fram á það, að Alþ. veiti ráðh. heimild til þess að veita undanþágu frá þessari lagagrein allri.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér láðist að geta um þessa till., vegna þess að eins og allir hv. þm. hafa tekið eftir, þá var hliðstæð brtt. samþ. með shlj. atkv. við frv. til l. um breyt. á l. um iðju og iðnað, og ég hafði gert ráð fyrir, að forseti hefði sama hátt á því, hvernig hann bæri upp þessa till., og hafði hugsað mér að greiða atkv. með síðari lið hennar, því að ég tel eðlilegt, að fullt samræmi sé í þessari tvenns konar lagasetningu. Þetta taldi ég vera svo sjálfsagðan hlut, að þess vegna láðist mér að geta þess. Að gefnu tilefni þessa hv. þm. mæli ég með því, að síðari liður brtt. hans verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 339,1 felld með 20:13 atkv.
— 339,2 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 341 felld með 20:16 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 20:8 atkv.
3.—4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:6 atkv.

Á 52. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 353).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21:7 atkv. og afgr. til Ed.

Á 47. fundi í Ed., 3. febr., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar, og var frv. á þskj. 353 útbýtt á fundinum.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég lagði þetta frv. fyrir þingið í Nd., en frá áramótum hefur orðið verkaskipting, eins og kunnugt er, þannig að málefni um verzlunaratvinnu heyra undir viðskrh., og ætti hann því formlega að mæla fyrir frv. hér og enda ætlaði hann að gera það, en hann hefur ekki áttað sig á því, hve störf d. hafa gengið fljótt. Ég mun því hlaupa í skarðið.

Þetta frv. er í raun og veru flutt í nánum tengslum við frv. um breyt. á l. um iðju og iðnað og hefur það þann sama megintilgang, að styrkja aðstöðu stjórnvalda til þess að tryggja það, að atvinna í verzlunarrekstri og þá fyrst og fremst erlendra aðila hér á landi geti ekki átt sér stað gegn vilja íslenzkra stjórnvalda. Þetta er meginatriði frv., og tel ég, að ekki þurfi frekar orðum um það að fara nú. Þetta hefur töluvert verið rætt áður í sambandi við EFTA-málin í Sþ., og þm. kunnugt, um hvað er hér að ræða.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og þá til sömu n. og hinu frv., þ. e. hv. iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til iðnn. með 19 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 353, n. 356).

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Iðnn. hefur fengið þetta mál til meðferðar og haft stuttan tíma til athugunar á því. Nm. ræddu frv., eins og það lá fyrir með áorðinni breyt. á þskj. 353, eins og það kom frá Nd., en þar var gerð sú breyting, að ákvæði kemur inn í 2. gr. frv., síðustu mgr., að engin ákvæði megi vera í samþykktum félags, sem brjóti í bága við íslenzk lög. Nm. eru sammála um að mæla með samþykkt frv., eins og það liggur fyrir á þskj. 149 og 353, en einstakir nm. áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram yrðu bornar. Þar sem tími var stuttur, verða þeir að koma með skriflegar brtt., ef þeir vilja notfæra sér sinn fyrirvara.

Að svo mæltu legg ég til, að frv. verði samþ.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Varðandi það frv., sem hér er til umr., skal ég vísa til þeirra orða, sem ég sagði um það frv., sem afgreitt var hér næst á undan. Við 3 nm., hv. 4. þm. Sunnl., hv. 11. þm. Reykv. og ég, leyfum okkur að flytja einnig við þetta frv. sams konar brtt. og við fluttum við frv. um iðju og iðnað. Þessi brtt. kæmi aftan við næstsíðustu mgr. 2. gr. og er svo hljóðandi:

„Þó er óheimilt að veita leyfi til verzlunarrekstrar án samþykkis Alþingis, ef viðkomandi félag eða fyrirtæki er að hálfu eða meira í eigu erlendra aðila."

Ég afhendi hæstv. forseta svo þessa brtt. og æski þess, að hann leiti afbrigða um hana.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 362) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 362 felld með 10:9 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 364).

---

15. Almannatryggingar (stjfrv.).

Á 12. fundi í Ed., 10. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, og l. nr. 83 29. des. 1967 [80. mál] (stjfrv., A. 89).

Á 14. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Um langan tíma hafa viss sjúkdómstilfelli, sem ekki hefur verið unnt að veita viðeigandi meðferð hér á landi,

valdið miklum vandkvæðum. Sjúklingar þeir, sem hér eiga hlut að máli, hafa orðið að leita læknishjálpar erlendis án þess að fá kostnað þann, sem óhjákvæmilega leiðir af slíkum utanförum, endurgreiddan, nema aðeins að nokkrum hluta. Sú regla hefur jafnan gilt um slíkan sjúkrakostnað tryggðra manna, að slíkur kostnaður hefur verið endurgreiddur aðeins að því marki, sem hliðstæður kostnaður hefði numið hér á landi, samkv. gildandi samningum og gjaldskrám. Hefur um þetta einu gilt, hversu brýn þörf var fyrir sjúkrahjálp erlendis og hvort mögulegt var eða ekki að veita hlutaðeigandi sjúklingi nauðsynlega hjálp hér á landi. Einstök sjúkdómstilfelli hafa haft í för með sér mjög stórfelld útgjöld umfram það, sem sjúkratryggingar bæta, jafnvel svo stórfelld, að þau hafa valdið verulegri röskun á afkomu sjúklings eða aðstandenda hans.

Til ýmissa ráða hefur verið gripið til aðstoðar þessum sjúklingum, en þau hafa yfirleitt verið ófullnægjandi, erfið og seinvirk, og aðstoðin hefur áreiðanlega komið mjög misjafnlega niður. Hefur hér verið um tilfinnanlega vöntun að ræða á þeirri vernd, sem íslenzkar sjúkratryggingar veita, og enn tilfinnanlegri fyrir þá sök, á hve mörgum mikilvægum sviðum sérhæfing í læknishjálp hefur hér verið ónóg.

Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er ætlunin að bæta úr þessum vandkvæðum. Það veldur sérstökum erfiðleikum að greina þau sjúkdómstilfelli skýrt frá, þar sem brýna nauðsyn ber til hjálpar, sem ekki er unnt að veita á íslenzkum sjúkrahúsum. Ekki léttir það vandann, að stundum er sótt fast á um utanfarir af hálfu sjúklinga og reyndar aðstandenda þeirra líka, þegar um er að ræða sjúkdóma, sem ekki er mögulegt að lækna, svo að utanför yrði án árangurs. Slík atvik eru afar viðkvæm og vandmeðfarin, svo sem augljóst má vera.

Í 2. gr. frv. er lagt til, að nefnd 5 lækna verði falið að úrskurða um nauðsyn utanfarar, vegna þess að ekki sé unnt að veita hæfilega hjálp á íslenzku sjúkrahúsi, og ákveða jafnframt, hvar skuli vista sjúkling þann, sem hlut á að máli. Svo gæti virzt, sem svo fjölmenn nefnd kynni að reynast þung í vöfum og nægjanlegt væri, að tveir læknar frá Landsspítala Íslands ásamt tryggingayfirlækni úrskurðuðu um þessi tilfelli. Það er á hinn bóginn talið æskilegt, að læknar frá Borgarsjúkrahúsinu og St. Jósefsspítala eigi einnig sæti í nefndinni. Í því sambandi er því haldið fram, að flest tilvikin séu svo ótvíræð, að formaður nefndarinnar geti tekið ákvörðun án þess að halda fund. Í öðrum tilvikum getur hann ákveðið, hversu með skuli fara, eftir að hafa ráðgazt við einn eða tvo nefndarmenn í síma, þörf fyrir fund sé aðeins í fáum mjög vandasömum tilfellum.

Til skamms tíma var mjög erfitt að leysa þetta vandamál, vegna þess að sjúkrasamlögin voru mörg svo fámenn og fátæk, að þau voru alls ekki fær um að rísa undir þeim kostnaði, sem slíkar sjúkrahúsvistir erlendis höfðu í för með sér. Nokkur bót var ráðin á þessu með l. nr. 83 frá 29. des. 1967, um breyt. á l. nr. 40 frá 30. apríl 1963, um almannatryggingar. Í l. þessum er mælt svo fyrir, að sjúkrahúsvistir skuli greiddar af sjúkrasamlögum kaupstaðanna og af héraðssamlögum, — en í hverri sýslu er héraðssamlag. Þar með voru hin smáu sjúkrasamlög leyst undan skyldunni að greiða fyrir sjúkrahússvistir, en skyldan aftur á móti lögð á héraðs- og sýslusamlögin. Dreifing áhættunnar við sjúkrahúsvistun varð þannig mun meiri en áður, og byrðin því léttari fyrir hvern iðgjaldagreiðanda og jafnari í heildina tekið. Í þessum l. var einnig ákveðið, að sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins greiddi sjúkrahússvistir fyrir langlegusjúklinga, þ. e. a. s. fyrir sjúkrahússlegu, sem lengri er en 12 mánuðir. Síðan sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins tók þannig að annast kostnað langlegusjúklinga, sýnist eðlilegt, að umframkostnaður vegna sjúkravistar erlendis verði greiddur af deildinni, en komi ekki í hlut sjúkrasamlaga kaupstaðanna eða héraðssamlaga, sem sum hver eru enn of smáar einingar; svo smáar, að þessi kostnaður yrði þeim algerlega um megn. Hér er því ekki hróflað við þeim reglum, sem nú gilda um greiðslu sjúkrahúsvistar erlendis, þar sem kostnaður er innan þeirra marka, sem greiddur er fyrir vistun samlagsmanna á íslenzkum sjúkrahúsum.

Í frv. þessu er einnig lagt til, að sjúkratryggingadeild greiði ferðastyrki til þeirra, sem nauðsynlega þurfa að leita læknishjálpar erlendis. Slíkir styrkir hafa verið veittir af deildinni. Breytingin er einungis í því fólgin, að styrkveitingar þessar eru ekki háðar því, hvert framlag ríkissjóðs er til þessarar deildar. Ekki þykir ástæða til að láta ferðastyrki velta á úrskurði nefndar þeirrar, sem um ræðir í 2. gr., enda mun oft vera þörf á slíkum styrkjum í þeim tilvikum, þegar kostnaður við sjúkrahúsvistina verður ekki hærri en hér á landi og því ekki um að ræða hluttöku sjúkratryggingadeildar í honum. Gert er ráð fyrir, að ákveðin verði í reglugerð veruleg hækkun ferðastyrkja frá því, sem verið hefur. Í núgildandi l. eru ákvæði um greiðslu ferðakostnaðar innanlands. Samkv. g-lið 42. gr. almannatryggingalaga, skal greiða óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagslæknis til þeirra samlagssjúklinga, sem ekki eru ferðafærir sökum sjúkdóms síns, ef um lengri vegalengd en 10 km er að ræða á landi eða ef nota verður skip eða flugvélar til flutninga. Ferðakostnað þennan skal greiða að hálfu, ef læknir notar eigið farartæki, ellegar að ¾. Samkv. h-lið sömu gr. skal og greiða óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks samlagsmanns í sjúkrahús innanlands að ¾ hlutum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúka svo varið, að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum að dómi samlagslæknis og sjúkrasamlagsstjórnar. Ákvæði frv. um greiðslu á ferðastyrk vegna utanlandsferða eru því í fullu samræmi við meginreglur gildandi l. um greiðslu ferðakostnaðar vegna sjúklinga.

Gera verður ráð fyrir allmiklum kostnaði vegna ákvæða þessa frv. Áætlun um þennan kostnað liggur hins vegar ekki fyrir, enda mjög vandkvæðum bundið að gera slíka áætlun, sem ætla mætti svo nákvæma, að verulegs virðis væri. Gizka má á, að kostnaðarauki vegna þessa frv. geti orðið ca. 6 millj. kr. á ári. Þrír aðilar bera þunga sjúkratrygginganna í hlutföllum, sem láta nærri því, sem hér segir: Ríkissjóður 57%, hinir tryggðu 23% og sveitarsjóðir 20%.

Það er engum vafa undirorpið, að hér er um réttlætismál að ræða, sem er fullkomlega í anda þeirrar hugsunar, er lá að baki l. um Tryggingastofnun ríkisins, og þar áður alþýðutryggingar. Með hliðsjón af þeirri reynslu af þeim lagasetningum, sem nú er fengin, vona

ég, að ekki þurfi að verða ágreiningur hér á hv. Alþ. um enn eitt atriði til fullkomnunar á þeirri lagasetningu.

Ég tel ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa um frv. fleiri orð, en legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

Jón Árnason: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð, til þess að láta í ljósi ánægju yfir framkomu þessa frv.

Það var hinn 17. apríl 1968, sem Alþ. samþ. till. til þál., sem ég ásamt nokkrum fleiri alþm. bar fram og var efnislega það, sem þetta frv. felur í sér. — Með frv. þessu, ef að lögum verður, er stigið stórt spor í átt að aukinni samhjálp á sviði sjúkratryggingamála. Það er kunnara en frá þurfi að segja, hve miklir erfiðleikar hafa á stundum átt sér stað hjá efnalitlum einstaklingum, þegar til þess hefur komið, að sjúkdóm, sem ekki hefur verið aðstaða til að veita læknishjálp við hér á landi, hefur borið að höndum.

Á fjárl. yfirstandandi árs er varið 700 þús. kr. til þess að aðstoða í þessu skyni. Þessari upphæð var skipt á milli 20 sjúklinga, sem leita þurftu læknishjálpar erlendis á yfirstandandi ári. En auk þess voru um 6 sjúklingar, eftir því sem landlæknir upplýsir, sem ekki gátu fengið neinn styrk að þessu sinni, og bíða því eftir að fá frekari fyrirgreiðslu nú þegar. Gera má ráð fyrir, að tala þeirra, sem þannig stendur á um, verði orðin a. m. k. 8-10 um áramót.

Ég er þess fullviss, að mál þetta muni hljóta óskiptan stuðning á Alþ. og eiga því öruggan framgang. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um málið, en vil aðeins láta ánægju mína í ljós yfir því, að frv. þetta er fram komið.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég get nú tekið undir það, sem hæstv. félmrh. og hv. 2. þm. Vesturl. hafa sagt hér um þetta mál. Ég hygg, að það verði engin fyrirstaða gegn því, að fá alþm. til að samþykkja þessa sjálfsögðu réttarbót, og menn hafa talað um það, að þetta hafi löngum verið nokkuð ljóst, að þarna væri atriði í tryggingalöggjöfinni, sem þyrfti að lagfæra.

Hv. 2. þm. Vesturl. hefur minnt á það, að fyrir hálfu öðru ári hefði verið samþ. till. frá honum, ásamt fleiri þm., um að taka þessi mál til endurskoðunar. Það er vissulega rétt. Ég hygg, að það mætti, ef ástæða væri talin til, rekja þetta mál enn þá lengra aftur í tímann. Eftir því sem ég veit bezt, var þessu máli hreyft í tryggingaráði í ársbyrjun 1967. Ég hygg, að það hafi verið hv. 1. þm. Vesturl., sem það gerði. Það er þarflaust að vera að telja það fram, hverjir hafa séð nauðsyn á þessum lagfæringum. Ég ætla ekki að gera það að neinni uppistöðu í ræðu minni, aðeins minna á það, að þessu hefur verið hreyft í tryggingaráði og borgarstjórn Reykjavíkur mun hafa ályktað um málið, svo að ljóst er, að hér er atriði, sem allir eru sammála um, að lagfæra þurfi.

En það hefur tekið þó nokkurn tíma fyrir hv. rn. að koma því frv. út, sem nú er hér til umr., því að þó að ekki sé miðað við annað en fyrrnefnda þáltill., sem Alþ. samþykkti, þá eru nú liðnir 18 mánuðir síðan. Og í grg. segir, að ástæðurnar til þess, að ekki hefur verið úr þessu bætt, séu aðallega tvær. Það er í fyrsta lagi, að erfiðleikar séu á að greina þau tilfelli skýrt frá, þar sem brýn nauðsyn er hjálpar umfram almennar reglur, og svo í öðru lagi, að sjúkratryggingin hafi verið borin uppi af allt of smáum einingum. Hvort tveggja er vissulega rétt, en við þetta hef ég það að athuga, í fyrsta lagi, að jafnerfitt er nú, eins og alltaf hefur verið, að greina þessi tilvik frá og einhvern tíma verður að höggva á þann hnút. Nú hefur það verið gert og hefði alveg eins mátt gerast fyrr. Í öðru lagi er sagt, að þeir aðilar, sem eiga að bera uppi sjúkratrygginguna, hafi verið of smáir, en einnig úr þessu atriði hefur verið bætt fyrir alllöngu, því að sjúkratryggingadeildin, sem nú er ætlað þetta hlutverk, var stofnsett í ársbyrjun 1968.

Um sjálf efnisatriðin langar mig til þess að segja þetta. Það kemur ekki fram í frv., hvaða ferðastyrki er ráðgert að veita. Það er sagt, að það sé atriði, sem eigi að ákveða með reglugerð, sem tryggingaráð setur. En ég tel, og kem því hér með á framfæri við þá menn, sem þetta mál eiga að skoða, að sjúklingar ættu að fá fargjöldin greidd að fullu. Það er sérstakt tilvik, sem þessi lög ná til, þegar það er að beztu manna yfirsýn eina leiðin til lækninga að fara utan, vegna þess að þar eru sérfræðingar og aðstaða, sem ekki er til í landinu. Ég tel, að hér sé um svo mikið fjárhagslegt atriði að ræða fyrir viðkomandi sjúkling, að það verði að taka fullt tillit til þess ferðakostnaðar, sem hann þarf að greiða.

Í öðru lagi vil ég minna á það, að í mjög mörgum tilfellum þurfa fylgdarmenn að fylgja sjúklingi. Það getur staðið þannig á, — ég fer ekki nánar út í það, það skilja það allir. Það getur í flestum tilfellum verið kostnaðarsamt og erfitt fyrir fylgdarmann að leggja á sig þessar ferðir, atvinnutap og svo uppihald, og ég vil beina því til n. og hæstv. ráðh., hvort ekki væri ástæða til að ætla þessum fylgdarmönnum einhverja dagpeninga, meðan á ferðinni stendur.

Í þriðja lagi er talað um það í 2. gr., að sú aðstoð, sem þar er ráðgerð, verði til ráðstöfunar fyrir sjúkling, meðan hann vistast í erlendu sjúkrahúsi. En ég vil benda á, að mjög oft þarf utandvöl sjúklings að vera lengri heldur en þeim tíma nemur, sem hann vistast í sjúkrahúsi. Það er algengt, að sjúklingar þurfi að vera til margvíslegrar eftirmeðferðar, eftir að þeir fá ekki lengur vist á sjúkrahúsi, en þurfa þó að vera undir læknishendi, ganga til sjúkrahússins og fá þar aðhlynningu. Einnig í þessum tilfellum getur það verið sjúklingum og aðstandendum þeirra ofviða að kosta dvöl sína í fjarlægu landi. Ég vil enn fremur til viðbótar þeim atriðum, sem ég hef getið hér um, beina því til n. og hæstv. ráðh., hvort ekki væru tök á því að líta eitthvað til þessara tilvika, nú þegar á að fara að lagfæra þennan vankant á almannatryggingalöggjöfinni.

Ég skal ekki, herra forseti, vera að eyða fundartímanum í langar ræður um þetta mál. Ég endurtek það, sem ég sagði í upphafi, að hér er um mjög merkt og þarft mál að ræða, sem allir, sem unnið hafa við að koma því á rekspöl og í höfn, eiga þakkir skildar fyrir. En ég vildi koma þessum litlu ábendingum að til umhugsunar fyrir þá n., sem fær málið til meðferðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 16 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 89, n. 147).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Ed., 15. des., var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Með frv. því um breyt. á almannatryggingalögum, sem hér er til umr., er gerð till. um að auka mjög þann styrk, sem sjúkratryggingarnar veita þeim mönnum, sem þurfa að sækja læknishjálp erlendis. Menn, sem þurft hafa að fara erlendis á sjúkrahús, hafa fengið til þess nokkurn styrk eða fjárhagslegan stuðning, sem þó hefur verið talinn ófullnægjandi, en með þessu frv. er lagt til að bæta hér verulega um.

Þessu máli var vísað til heilbr.- og félmn., og n. sendi það til umsagnar Tryggingastofnunar ríkisins og fékk þaðan nokkrar ábendingar og ýmsar grg. og skilríki um það, sem gerzt hafði áður í þessu máli við undirbúning þess. Satt að segja, þegar þetta var skoðað betur, virtist þetta mál, sem í fljótu bragði sýnist vera tiltölulega einfalt, a. m. k. séð frá sjónarhóli leikmanns, vera orðið anzi flókið og margþætt. Það kom fram í þessum skjölum frá Tryggingastofnun ríkisins, að sérfræðinganna greinir nokkuð á um, hvernig heppilegast er að koma þessu fyrir, annars vegar þá sérfræðinga, sem hafa undirbúið þetta mál af hálfu rn., og hins vegar þá, sem hjá Tryggingastofnuninni eða á vegum hennar starfa. Þarna eru að vísu engin meiri háttar ágreiningsefni, en þó nokkuð mismunandi skoðanir á, hvernig þessu kerfi verður bezt fyrir komið. Þegar n. fór að athuga þetta, taldi hún sér ekki vel fært að fara að gera upp á milli skoðana þessara sérfræðinga, sem um málið höfðu fjallað á ýmsum undirbúningsstigum, heldur tók hún þá stefnu, að mæla með því, að frv. yrði samþ. óbreytt, í fyrsta lagi vegna þess, að hér er þó örugglega um verulegar úrbætur að ræða fyrir það fólk, sem þarf á því að halda að fara til útlanda og fá þar læknishjálp, og í öðru lagi vegna þess, að n. leit svo á, að sanngjarnar og skynsamlegar reglur yrðu ekki settar um þetta til frambúðar nema að fenginni meiri reynslu. Og það var einnig skoðun nm., að það hlyti að reka að því á allra næstu árum, að almannatryggingalöggjöfin í heild yrði tekin til endurskoðunar og þá gæfist sjálfsagt tilefni til að endurskoða þau ákvæði, sem í þessu frv. felast, að fenginni þeirri reynslu, sem þá yrði á komin. Það varð því niðurstaða n., eins og fram kemur á nál., að leggja til, að frv. yrði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 25. fundi í Nd., 15. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 36. fundi í Nd., 13. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 28 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 89, n. 348).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er komið frá hv. Ed. og hlaut þar einróma samþykki. Þegar það kom til þessarar hv. d., var því vísað til heilbr.- og félmn., sem afgr. það á fundi sínum 2. febr. og varð sammála um að mæla með, að það yrði samþ. óbreytt.

Að efni til gengur frv. í þá átt, að þeim aðilum, sem leita þurfa lækninga á erlendum sjúkrahúsum, verði til þess veitt nokkru meiri aðstoð heldur en verið hefur áður. Verður það að teljast vel farið, og eins og ég sagði leggur heilbr.- og félmn. einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 386).

---

16. Rafmagnsveitur ríkisins.

Á 1. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 96 22. des. 1965, um ráðstafanir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins 19. mál] (stjfrv., A. 9).

Á 3. fundi í Nd., 16. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 4. fundi í Nd., 21. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin í júnímánuði s. l. Það var kunnugt, að fjárhagur Rafmagnsveitna ríkisins fór mjög versnandi af ýmsum ástæðum. Rekstrarkostnaður hafði aukizt, og svo hafa Rafmagnsveitur ríkisins talsvert af erlendum lánum og við gengisbreytinguna versnaði hagur Rafmagnsveitnanna mjög. Það var skipuð n. til þess að athuga, á hvern hátt hægast væri að bæta úr þessu, og skilaði hún áliti í

byrjun júnímánaðar og lagði þar til, að verðjöfnunargjaldið yrði tvöfaldað, en þannig mætti brúa það bil, sem hafði skapazt, án þess að hækka raforkuverð í dreifbýlinu og í ýmsum kauptúnum landsins, sem Rafmagnsveiturnar sjá fyrir rafmagni. Og til þess að rétta við fjárhag Rafmagnsveitnanna var horfið að því ráði, eins og getið er um hér í þessum lögum, að tvöfalda verðjöfnunargjaldið, sem áður hafði verið 35 millj. kr., í 70 millj. kr.

Menn tala um það, að það eigi að vera eitt og sama raforkuverð um allt land, og má vel vera, að það eigi sér nokkra stoð, að taka undir það. En það er sitt hvað, að hafa alveg sama orkuverð um allt land eða gera ráðstafanir til þess að jafna orkuverðið. Það er vitað mál, að orkuverðið er í dag mjög misjafnt eftir aðstæðum, en með þessu verðjöfnunargjaldi, sem nú hefur verið tvöfaldað, er stigið mikilvægt spor í þá átt að jafna þann mismun, sem á þessu er.

Ég sé ekki ástæðu til þess að vera að lesa hverja gr. þessa frv., sem hv. þm. hafa fyrir framan sig. Frv. skýrir sig sjálft. Þetta er aðalatriðið. En auk þess er með þessum l. gert ráð fyrir því, að það sé skipuð sérstök stjórn, sem fari með málefni Rafmagnsveitna ríkisins, undir yfirstjórn ráðherra. Út af fyrir sig er það ekki óeðlilegt. Rafmagnsveitur ríkisins eru það mikið fyrirtæki og spanna það stórt svið, að ekki er óeðlilegt, að þar sé stjórn til stuðnings framkvæmdastjóra, sem fari með þessi mál undir yfirstjórn ráðh.

Af því að við erum að ræða hér um orkumál og raforkuverð, þá þykir mér rétt í tilefni af því, sem kom fram í útvarpsumr. í gærkvöld og prentað er með feitu letri í Þjóðviljanum í morgun, að fara nokkrum orðum um staðreyndirnar í því máli.

Ég er alveg viss um það, að hv. 6. þm. Reykv. hefur ekki viljað fara með vísvitandi ósannindi, og af því að ég veit, að hann vill hafa það heldur, sem sannara reynist, þá veit ég, að ég geri bæði honum og öðrum hv. þm. og einnig landsmönnum öllum greiða með því að skýra frá staðreyndum. Það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði í gær, voru blekkingar, og þær eru endurteknar í feitletursfyrirsögn í Þjóðviljanum í morgun, og veit ég, að hv. 6. þm. Reykv. tekur það vel upp, að þetta skuli nú vera leiðrétt.

Hv. þm. talaði um, að stofnkostnaður virkjunar við Búrfell hefði farið 25% fram úr áætlun. En staðreyndin er, að upphafleg áætlun hljóðaði upp á 42.8 millj. dollara, miðað við það gengi, sem þá var. En nú áætlast stofnkostnaður virkjunarinnar, að vöxtum á byggingartíma meðtöldum, 3760 millj. kr. eða 42.7 millj. dollara. Það er aðeins minna heldur en upphafleg áætlun. Þetta eru staðreyndirnar í málinu. Og hv. þm. þarf að vita um þær. Í þessum tölum er meðtalið það miðlunarrými í Þórisvatni, sem upprunalega var reiknað með og hugsað var fyrir núverandi Búrfellsvirkjun, en nú er fyrirhugað að ráðast í miklu meiri miðlun, með tilliti til örari uppbyggingar kerfisins, nýrra virkjana í Tungnaá og síðar stækkunar Búrfellsvirkjunar. Áætlað er, að 210 MW virkjun við Búrfell gefi 1720 millj. kwst. á ári, og sé miðað við, að rekstrarkostnaður sé 10% af stofnkostnaði, en það er talið mjög ríflegt að gera ráð fyrir því, verður einingarverðið tæpir 22 aurar á kwst. Það passar nú ekki við þær fullyrðingar, sem hv. þm. viðhafði hér í gær og allir þekkja, sem hafa hlustað á hann og lesið Þjóðviljann. Ég held, að það sé mjög þarft fyrir hv. þm. að vita um þessar staðreyndir.

Þó að ekki sé búið að fullprófa vélarnar, eru líkur á, að þær muni skila allt að 15% meiri afköstum en 210 MW, eða 240 MW. Þegar hægt verður að fullnýta það afl, lækkar kwst. í 19 aura, og þá fjarlægist þetta enn fullyrðingar hv. þm. Rétt er að benda á, að sé reiknað með 7% vöxtum af þeim lánum, sem tekin hafa verið til þessarar virkjunar, og 40 ára annuiteti, — en 40 ár er sá afskriftatími virkjunarinnar, sem hæfilegt er að reikna með, — þá verður rekstrarkostnaður ekki nema 8.5%, í stað þess að hann var í hinu tilfellinu reiknaður 10%, sem er sennilega of hátt. Verð kwst. er þá 16—19 aurar í stað 19–22 aura. Og í rauninni gefur þessi útreikningur réttasta matið á kostnaðarverði orkunnar. En það hefur aldrei verið farið dult með það, að framleiðsluverð Búrfellsvirkjunar lægi mjög nærri söluverðinu til ÍSALs, og í Búrfellsvirkjun var ráðizt annars vegar vegna þess, að á þann hátt fengum við sjálfir ódýrara rafmagn en frá smávirkjunum, og hins vegar vegna annars hagnaðar af álbræðslunni. En þetta virðist hv. 6. þm. Reykv. eiga ákaflega erfitt með að skilja. Kannske lætur hann sér detta það í hug, að það væri ódýrara að við hefðum bara reist fyrir innanlandsmarkaðinn einhverja smávirkjun. Málflutningur hans byggist á þeirri ófugu hugsun, og er það alveg merkilegt. Hins vegar hefur aldrei verið farið dult með það, að afkoma Landsvirkjunar yrði erfið fyrstu árin, á meðan virkjunin yrði ekki nema hálfnýtt, en langmestur hluti kostnaðarins áfallinn. Þessir byrjunarörðugleikar hefðu að sjálfsögðu orðið miklu meiri, ef stækkun álbræðslunnar og virkjunarinnar hefði ekki verið flýtt, svo að ekki sé nú minnzt á útkomuna, ef virkjað væri smátt, eins og hv. 6. þm. Reykv. hefði viljað gera. Hv. 6. þm. Reykv. vildi ekki virkja nema fyrir innanlandsmarkaðinn, og þá hefðu sennilega verið virkjuð 30 þús. kw í staðinn fyrir 210 þús. Það hefði líka verið dýrt að vera með stórvirkjun, sem engan kaupanda hafði að orkunni, og ekki hefðu það verið góð búvísindi.

Ég tel rétt að láta þessar staðreyndir koma hér fram. Það eru staðreyndir, sem fyrir liggja og ekki er hægt að rengja. Og hv. alþm. og fólkið í landinu eiga rétt á því að fá upplýsingar um þetta mál, sem ekki verða vefengdar, úr því að hv. 6. þm. Reykv. kastaði þessu fram í gærkvöld og endurtekur það í blaði sínu án þess að hafa gert sér fulla grein fyrir því, hvað hann var að segja. Það eina, sem hann hefur sér til málsbóta, er, að hann hafi ekki verið búinn að gera sér fulla grein fyrir því eða að hann hafi fengið skakkar upplýsingar hjá einhverjum aðilum. Mér dettur ekki í hug að halda, að þessi hv. þm. hafi vísvitandi farið með rangt mál, og því er það gott, að hann fær tækifæri til þess að leiðrétta það sjálfur, sem hann hefur farið rangt með.

Herra forseti. Ég vil svo leggja til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Það var vissulega tími til kominn, að æðstu ráðamenn gæfu einhverjar skýrslur um það, hvernig mál standa í sambandi við kostnað við Búrfellsvirkjun og framleiðslukostnað á

raforku þaðan. — Ég veitti því athygli, þegar stöðin tók til starfa, að þá voru ekki birtar þær tölur, sem venja er að birta við slík tækifæri. Og þegar ég fór að grennslast fyrir um málið, kom það í ljós, að þetta var vegna þess, að það var litið á þessar tölur sem hreint feimnismál. Það var ekki ætlun stjórnarvaldanna að gefa þessar tölur upp, eins og sakir stóðu, vegna þess að útkoman úr þeim gekk gersamlega í berhögg við kenningar þessara sömu manna. Ég hef aflað mér fullrar vitneskju um þetta mál, og ég get sagt hæstv. ráðh. það, að þær tölur, sem ég fór með hér í gær, hef ég sannreynt að fullu. Í júnílok í sumar var gefið upp af verkfræðingum Búrfellsvirkjunar, að kostnaður væri þá áætlaður 32 millj. 572 þús. dollarar. Upphafleg áætlun um framkvæmdirnar á því stigi var hins vegar 25.8 millj. dollarar. Hér er um að ræða hækkun, sem nemur 25%. Í þessa upphæð, sem ég nefndi áðan, 32 millj. dollara, vantaði vexti á byggingartímanum. Þegar þeir eru meðtaldir, er kostnaður kominn upp í 3160 millj. kr. Við þá tölu bætast tollar og skattar í ríkissjóð, sem ekki voru heldur með í þessari tölu. Enn fremur þarf að bæta við þessa tölu gengistapi á innlendum kostnaði, vegna þess að tekin hafa verið erlend lán til allra framkvæmdanna, einnig innlenda kostnaðarins, en gengistapið nemur yfir 200 millj. kr. Þarna þarf einnig að bæta við greiðslu fyrir vatnsréttindi, sem er að vísu ekki há upphæð, en þó 10 millj. kr., og síðast verður að hafa þarna með kostnað við gasaflsstöðina, sem er 280 millj. og var heldur ekki í þessari upphæð. Þessi kostnaður samtals er 3 770 millj. kr. Og eins og hæstv. ráðh. gat réttilega um, er rekstrarkostnaður reiknaður 10% af þeirri upphæð. Framleiðsla raforku nú er 840 millj. kwst., og af því leiðir, að framleiðslukostnaður á kwst. er nú, eins og sakir standa, 45 aurar. Hæstv. ráðh. nefndi ekki, hver framleiðslukostnaðurinn á kwst. væri núna samkv. sínum tölum. Það væri fróðlegt, ef hann vildi gera það og bera einnig þá tölu saman við þá 22 aura, sem útlendingarnir borga og færa síðan rök að því, að slík viðskipti séu hagkvæm.

En þessi framleiðsla verður öll mun hagkvæmari, þegar Búrfellsvirkjun er tekin til starfa með fullum afköstum. Þá bætist við þann kostnað, sem ég ræddi um áðan, verð þeirra véla, sem bætt verður við og kosta munu um 250 millj. kr., og enn fremur kostnaður við miðlunarmannvirki í Þórisvatni, sem verður um 350 millj. Þar með er heildarkostnaðurinn kominn upp í 4 370 millj. kr. Framleiðslan verður þá 1680 millj. kwst. og kostnaður á kwst. 26 aurar.

Nú er það að vísu tilgangslítið, að við stöndum hér til skiptis, hæstv. ráðh. og ég, og birtum ólíkar tölur um þessi atriði. Ég held, að hér sé um það alvarlegt mál að ræða, að það sé ástæða til fyrir Alþ. að framkvæma á því sjálfstæða rannsókn, hvað rétt er og hvað rangt í þessu máli. Ég vil skora á hæstv. ráðh. að fallast á það með mér, að hv. Nd. skipi rannsóknarnefnd til þess að komast að raun um, hvaða staðreyndir eru þarna réttar, og hún leggi síðan þær staðreyndir fyrir Alþ. Á annan hátt getum við ekki komizt að öruggri niðurstöðu um þetta atriði. Það er algerlega tilgangslaust, að hæstv. ráðh. ætlist til þess, að menn taki mark á staðhæfingum hans, vegna þess að þeir heyri til sama flokki eða styðji sömu ríkisstj. og hann; eða ég ætlist til þess, að menn trúi orðum mínum á einhverjum hliðstæðum forsendum. Þetta er mál, sem ekki á að þurfa að deila um hér í ræðustóli. Þetta er hægt að sannreyna. Og ég vil skora á hæstv. ráðh. að fallast á það, að Alþ. skipi slíka rannsóknarnefnd.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er rétt, að það er til lítils, að við séum hér að fara til skiptis upp í ræðustólinn, ég og hv. 6. þm. Reykv., úr því að hann ekki vill taka staðreyndirnar gildar. En ég hafði nú vænzt þess, að til þess kæmi ekki, og þær heimildir, sem ég hef fyrir því, sem ég fór hér með áðan, eru frá framkvæmdastjóra Landsvirkjunarinnar, Eiríki Briem. Hann tekur tölurnar upp úr bókhaldi fyrirtækisins.

Hv. þm. talar um, að það sé þörf á að skipa rannsóknarnefnd. En hvernig er með Landsvirkjun? Eiga ekki allir þingflokkar fulltrúa í stjórn Landsvirkjunar? Framkvæmdastjóri Landsvirkjunar starfar í umboði stjórnarinnar, og er nokkur hv. þm., sem vill halda því fram, að framkvæmdastjóri Landsvirkjunar hafi tekið skakkar tölur upp úr bókhaldinu til þess að villa fyrir þm.? Þær tölur, sem ég fór með hér áðan, eru eftir honum hafðar. Ég held nú, að hv. 6. þm. Reykv. hafi alls ekki meint þetta. Hann var aðeins að tala um það, að hann hefði fengið upplýsingar, en hjá hverjum? Ekki hefur hann fengið þær hjá fulltrúa Alþb. í stjórn Landsvirkjunar, því að þær upplýsingar, sem hann gefur, hljóta að vera alveg samhljóða upplýsingum framkvæmdastjórans. Þá hefur hann farið eitthvað út fyrir bæjarvegginn og talað við mann, sem vissi ekki það, sem rétt var. Það er vorkunnarmál. Það getur komið fyrir okkur alla að leita á skakkan stað eftir því, sem við viljum finna. En ég er sannfærður um það, að fulltrúi Alþb. í stjórn Landsvirkjunar hefur ekki villt um fyrir manninum, því að ef hann hefði farið til hans, hefði hann fengið alveg sömu upplýsingar og ég fékk hjá framkvæmdastjóra Landsvirkjunar.

Hv. þm. var að tala um það, að þegar stöðin var tekin í notkun, hafi ekki verið nein hátíðahöld, og það hafi verið vegna þess, að tölurnar um kostnaðinn hafi verið feimnismál. En það ber nú ákaflega lítið á milli hjá okkur um stofnkostnaðinn. Hv. 6. þm. Reykv. segir, að stofnkostnaðurinn sé 3770 millj. Framkvæmdastjórinn segir hins vegar, að hann sé 3760 millj. Þetta munar nú alveg ótrúlega litlu í samanburði við allt hitt, sem hv. þm. hefur sagt um þetta mál.

Hv. þm. spyr: Hver er kostnaður á kwst. nú? Því get ég ekki svarað, vegna þess að ég veit ekki, hvort það eru notuð núna 60 þús. kw frá Búrfelli eða 100 eða 110. Ég get vel trúað því, ef það eru ekki seld núna nema 60 þús. kw frá stöðinni, að kwst. kosti 45 aura. En ég hygg, að framleiðslan sé komin upp í 100 eða jafnvel 110 kw. Hitt er svo það, sem við erum allir sammála um og höfum vitað, að á fyrstu mánuðunum og jafnvel fyrstu árunum verður framleiðslan dýrari en hún kemur til með að verða. Og það vinnst upp á seinna stigi, sem er erfitt í byrjun. Útreikningar stjórnar Landsvirkjunar liggja fyrir um það, að þetta er mjög hagstætt og að þeir, sem eru á þessu orkuveitusvæði, fá mun ódýrari raforku til heimilisnota heldur en þeir annars hefðu fengið. Auk þess fær þjóðin hundruð millj. kr. í gjaldeyri út úr þessu fyrirtæki, þegar það er komið í fullan gang.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Nú fer að komast óvæntur og snögglegur botn í þessa deilu okkar hæstv. ráðh. Hæstv. ráðh. lýsti yfir því hér áðan úr þessum ræðustóli, að kostnaður við Búrfellsvirkjun væri núna 3760 millj. kr. (Gripið fram í.) Kostnaðurinn, eins og hann er áætlaður núna, er þessi. — Hann sagði, að það munaði 10 millj. á þessari tölu og minni, og sagðist ekki vita, hvernig reiknaður væri kostnaður á kwst. Það er ósköp einfalt mál. Þær vélar, sem nú eru í stöðinni, geta framleitt sem hámark 840 millj. kwst. Það er ekki annað fyrir hæstv. ráðh. að gera en að deila með þessari tölu í rekstrarkostnaðinn, sem er 10% af byggingarkostnaði. Og þegar hæstv. ráðh. deilir, koma út úr því 45 aurar á kwst. eða kannske brot úr eyri minna, ef hann vill hengja sig í þessar 10 millj., sem ber á milli. Þetta er ósköp einföld staðreynd, sem allir hv. alþm. hljóta að skilja. En við þennan kostnað eiga eftir að bætast vélarnar, sem koma í virkjunina, til þess að hún nái fullum afköstum, og miðlunarmannvirkin, og þá fer kostnaðurinn, eins og ég hef sagt hér áður, bæði í gær og fyrr í dag, upp í 4 370 millj. kr. En þá hækka afköstin upp í 1680 millj. kwst. og kostnaðurinn verður, eins og ég sagði, 26 aurar á kwst., þannig að ég held, að það væri ráð fyrir hæstv. ráðh. að taka aftur þau stóru orð, sem hann notaði í fyrstu ræðu sinni. Hann er sjálfur búinn að viðurkenna úr þessum ræðustóli, að þær tölur, sem ég fór með, hafi verið réttar. Sé um einhvern misskilning að ræða í þessu sambandi, er sá misskilningur hjá hæstv. ráðh., en ekki hjá mér, því að sú tala, sem þarna er um að ræða, 3760 millj. kr., er kostnaðurinn, eins og hann er áætlaður núna, en síðan eiga eftir að bætast þar við þær framkvæmdir, sem óunnar eru.

Það er tilgangslaust fyrir hæstv. ráðh. að standa hér og vitna til fulltrúa Alþb. í Landsvirkjunarstjórn. Þær staðhæfingar, sem hæstv. ráðh. fór með, voru ekki frá Landsvirkjunarstjórn. Þær voru einvörðungu frá framkvæmdastjóranum. Þetta hefur ekki verið borið undir Landsvirkjunarstjórn. En eins og ég sagði áðan, það er í sjálfu sér tilgangslaust að deila um þessa hluti. Þessar staðreyndir verða að liggja fyrir, og þessar staðreyndir verða auðvitað ekki faldar til lengdar. Það verður ekki falið til lengdar, að fyrstu 3—4 árin verða þessi viðskipti svo óhagstæð, að hinn erlendi kaupandi greiðir aðeins helminginn af framleiðslukostnaði raforkunnar. Aðeins helminginn! Hinn helminginn verður að greiða með því að láta innlenda neytendur greiða miklu hærra verð fyrir raforkuna. Það verður að skattleggja Íslendinga, til þess að hægt sé að selja útlendingum raforkuna á þessu lága verði. Þessi met jafnast til muna, þegar stöðin fer að starfa með fullum afköstum. En þá eykst líka stórlega raforkumagnið, sem útlendingar kaupa. Hver eyrir, sem skakkar, þýðir stórfelldar upphæðir á ári. 4 aurar, aðeins 4 aurar undir kostnaðarverði, jafngilda 45 millj. kr. á ári.

Þetta eru staðreyndir, sem menn þurfa að velta mjög gaumgæfilega fyrir sér einmitt núna, vegna þess að hæstv. ríkisstj. hefur boðað það sem allsherjarbjargráð að semja við útlendinga um fleiri og fleiri slíkar verksmiðjur á Íslandi. Fram hafa komið hugmyndir um að koma upp 6—7 hliðstæðum verksmiðjum á næsta áratug eða svo. Og ekki linnir áróðri fyrir slíkum framkvæmdum í ræðum forystumanna og málgögnum þeirra. En ef viðskiptin eru ekki hagkvæmari en það, að þessir aðilar nýta ekki aðeins orkulindir okkar, heldur verðum við líka að greiða þeim fé fyrir að nota orkuna, þá er mér spurn: Hvernig á framtíð Íslendinga að geta verið fólgin í slíkum viðskiptum? Jafnvel þó að slík viðskipti stæðust og útlendingar greiddu raforkuna á kostnaðarverði, eins og hæstv. ráðh. vill gera sér vonir um, að muni verða eftir nokkur ár, þá felst í þessu það eitt, að erlendir aðilar nýta orkulindir okkar, taka verðmætisaukann og flytja hann mestmegnis úr landi. Orkulindir okkar nýtast þá ekki handa okkur sjálfum til þess að byggja upp sjálfstætt atvinnulíf á Íslandi. Þetta er sams konar iðja og menn þekkja úr nýlendum og hálfnýlendum, þar sem erlendir gróðaaðilar nýta yfirburði sína að fjármagni og tækniþekkingu til þess að hirða arð af auðlindum smærra eða fátækara ríkis. Það alvarlega í þessu er einmitt þessi meginstefna, að hæstv. ríkisstj. virðist ekki koma auga á neina framtíð aðra en þá að fela útlendingum að koma upp fleiri og fleiri fyrirtækjum á Íslandi. Hana skortir allt þrek til þess að byggja upp íslenzka atvinnuvegi. Hún telur, að þjóðin geti lifað á því að virkja vatnsföllin og eftirláta útlendingum að hagnýta þau. Þetta eru, eins og þær tölur sýna, sem ég rakti hér í gær, ákaflega slæm viðskipti, léleg hagfræði. En þetta er miklu meira en það. Í þessu felst uppgjöf og vantrú á getu Íslendinga. Í þessu felst sú hætta, að við verðum ekki menn til þess að starfrækja hér sjálfstæða atvinnuvegi, eins og við verðum að gera.

Ég held, að þessi áróður fyrir erlendri stóriðju á Íslandi sé einhver versti óleikur, sem valdamenn geta gert þjóðinni. Nú ríður á allt öðru en þessu. Og ég held, að það væri nærtækara verkefni fyrir hæstv. ráðh. að hugsa sitt mál alvarlega í einrúmi og íhuga, hvort sú stefna, sem hann hefur tekið þátt í að móta að undanförnu, er ekki röng, hvort reynslan hefur ekki sannað, að hún stenzt ekki, og hann hefur þá vonandi manndóm og djörfung til þess að koma fram og viðurkenna það, að reynslan hafi sannað, að þessi viðskipti séu óhagkvæm og að Íslendingar verði að leita annarra og sjálfstæðari leiða til þess að efla atvinnuvegi sína.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég verð nú að biðja afsökunar á því, að ég gerði mér ekki grein fyrir því, að það væru svo miklar stórlygar í Þjóðviljanum eins og raun ber vitni. Þjóðviljinn segir, að kostnaðurinn sé þegar orðinn 3770 millj. En ég hef ekki lesið þetta nógu nákvæmt. Ég taldi, að það, sem hv. þm. hefði meint, væri það, að kostnaðurinn yrði þetta. En hlutur hv. þm. batnar nú ekki við þetta. Hann verður nú anzi slæmur á eftir, þegar menn gera sér grein fyrir þessum staðreyndum. Hann fullyrðir, að stofnkostnaðurinn sé orðinn þetta. Og svo, til þess að smokka sér út úr þessari vitleysu, segir hann, að þetta hafi ekki verið borið undir stjórn Landsvirkjunar, stjórn Landsvirkjunar vissi ekkert um þetta, af því að ég hefði verið hér með allt aðrar tölur, sem væru hafðar eftir framkvæmdastjóranum. Framkvæmdastjórinn segir, að nú áætlist stofnkostnaður virkjunarinnar, með vöxtum á byggingartíma meðtöldum, 3760 millj. kr. eða 42.7 millj. dollara, sem er 100 þús. dollurum lægra en upphafleg áætlun. Og framkvæmdastjórinn segir, að í

framangreindum tölum sé með talið það miðlunarrými í Þórisvatni, sem upprunalega var reiknað með og hugsað fyrir núv. Búrfellsvirkjun. En nú er til athugunar að ráðast í miklu meiri miðlun með tilliti til örari uppbyggingar kerfisins og nýrra virkjana í Tungnaá og síðari stækkunar á Búrfellsvirkjun.

En hv. 6. þm. Reykv. segir, að þetta kosti allt saman miklu meira. Það eigi eftir að bæta þarna við alls konar kostnaði, sem framkvæmdastjórinn veit ekkert um og stjórn Landsvirkjunar veit ekkert um. Ég verð að segja það, að það er raunalegt, að hv. þm. skuli setja sig í þessa aðstöðu, að menn geti ekki tekið mark á því, sem hann er að segja hér í ræðustólnum.

Eins og ég sagði hér í byrjun, getur það komið fyrir alla að fara með rangt mál, af því að þeir hafi fengið skakkar upplýsingar eða ekki gert sér grein fyrir því rétta. En þegar menn vilja ekki taka við leiðréttingu, þegar hún liggur alveg á borðinu, þá verður ákaflega erfitt að afsaka það. Og þetta tal um það, að við séum að gefa með orkuverðinu til álbræðslunnar, er ekki meira en það, sem alltaf hefur verið upplýst, að í byrjun yrði orkuframleiðslan dýrari en það, sem álverksmiðjan borgaði. En eins og kemur fram í þessu plaggi, sem ég er með fyrir framan mig, og útreikningum framkvæmdastjórans, verður framleiðslukostnaðurinn talsvert lægri en álverksmiðjan borgar. Og það, sem skiptir náttúrlega verulegu máli, er, að við fáum í heild á þessu orkuveitusvæði miklu ódýrari orku en við annars hefðum átt kost á.

Tal um það, að núv. ríkisstj. og stjórnarflokkar hafi ekki trú á innlendum atvinnuvegum, hafi ekki þrek til þess að byggja þá upp, það er nokkuð, sem ekki tekur að ræða um við þennan hv. þm., vegna þess að það stangast ekki síður á við staðreyndir en annað, sem hér hefur verið um rætt. Það er vitað mál, að það er stefnumál núv. ríkisstj. að byggja upp og styrkja hina gömlu atvinnuvegi, jafnframt því sem nýjum stoðum er rennt undir atvinnulífið til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Það er þetta markmið, sem núv. ríkisstj. stefnir að og hefur unnið betur að en nokkru sinni áður hefur verið gert. Þetta er það, sem flestir vita, og hv. 6. þm. Reykv. gerir sér ábyggilega grein fyrir þessu, enda þótt hann vilji ekki viðurkenna það á þessari stundu.

Þegar hann talar um 45 aura á kwst. og svo 26 aura, þegar það er komið í lágmark, þá tekur hann ekki til greina útreikninga framkvæmdastjóra Landsvirkjunar í því tilliti frekar en öðru, og þá verð ég nú að segja það, að það er tilgangslaust að vera að ræða við þennan hv. þm., úr því að hann ekki vill taka neinum rökum og staðreyndum, sem liggja fyrir.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég ætla mér ekki að blanda mér í þá talnadeilu, sem hér hefur farið fram á milli hv. 6. þm. Reykv. og hæstv. raforkumrh. Til þess brestur mig aðstöðu. En ég vil aðeins taka undir það, sem hér hefur komið fram, að ég held, að það væri gott að fá þetta mál nákvæmlega upplýst, og ég tel alveg víst, að ráðh. muni vilja stuðla að því, vegna þess að hann telur sig hafa pálmann í höndunum. Ef hlutlaus rannsókn er látin fara fram á þessu, mun það rétta koma í ljós.

En vegna þess að hér hefur það borið á góma, hvernig hæstv. ríkisstj. hafi tekizt að semja við álbræðsluna á sínum tíma um raforkuverðið, þá langar mig til að vekja athygli á einu atriði, sem er alveg augljós staðreynd um það, hvernig henni hefur tekizt til í þeim efnum í samanburði við aðra.

Um það leyti, sem við sömdum við álbræðsluna um raforkuverðið, voru Norðmenn að semja við hliðstæð fyrirtæki, og þeir fengu þá fyrir raforku, sem þeir sömdu um sölu á til erlendrar álbræðslu, 3.2 mill, en við fengum ekki nema 2.5 mill fyrir okkar, þannig að hér var um slíkan verðmun að ræða, að Norðmenn fengu 28% meira fyrir raforkuna heldur en við fengum með samningum við þessi álbræðslufyrirtæki. Samkv. upplýsingum, sem voru birtar í Morgunblaðinu 1. eða 2. þ. m., munum við, þegar álbræðslan nýtir til fulls það orkumagn, sem um er samið, að hún fái á árinu 1974 eða þar í kring, fá fyrir orkuna um 270 millj. kr. Ef við hefðum hins vegar samið með líkum hætti og Norðmenn og fengið það sama fyrir raforkuna og þeir, þá mundum við hafa fengið 70—80 millj. kr. meira á ári. Ég held, að hér sé um staðreynd að ræða, sem ekki er hægt að bera á móti og liggur alveg ljóst fyrir. Á 20 árum nemur þetta 1400—1500 millj. kr., og ef menn bæta svo við vöxtum og vaxtavöxtum, er þessi upphæð miklu hærri. Þess vegna má fullyrða það, að sá munur, sem er á raforkuverðinu hér hjá okkur og í Noregi, svarar til þess, að á 20 árum mundi vera hægt að byggja fyrir þennan mismun mjög stórt orkuver, næstum því eins stórt og Búrfellsvirkjun. Þetta er sá stóri munur, sem er á norska samningnum og íslenzka samningnum, sem gerðir voru um sölu á raforku til álbræðslu á sama tíma. Ég held, að þetta sýni það alveg óumdeilanlega, hve hörmulega illa ríkisstj. hefur tekizt í þessum samningum, þegar menn gera sér ljósan þennan mikla mun, sem er á samningnum, sem Norðmenn gerðu við álbræðslu, á sama tíma og við vorum að semja við Svisslendingana í Straumsvík. Þess ber svo að gæta, sem ekki er tekið með í reikninginn, að í Noregi verða álhringarnir að borga tolla og skatta alveg til samræmis við innlend fyrirtæki. Hér nýtur álbræðslan stórkostlegrar undanþágu í þeim efnum. Hún borgar enga tolla og miklu minna framleiðslugjald heldur en mundi nema þeim sköttum, sem hún yrði að borga, ef hún væri látin lúta íslenzkum lögum.

Þessar staðreyndir, sem ég hef nú nefnt og liggja alveg ljóst fyrir og ekki verður borið á móti, sýna það ákaflega glöggt, hve hörmulega illa ríkisstj. hefur tekizt í þessum samningum, og þess vegna voru þeir ekki afsakanlegir á sínum tíma. Ég er alveg sannfærður um það, að ef það hefðu verið traustari samningamenn Íslands megin við borðið, þegar verið var að vinna að þessum málum, þá hefði verið auðvelt að fá miklu hagstæðari samninga, alls ekki lakari en þá, sem Norðmenn fengu. En svona varð niðurstaðan.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð í tilefni af því, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði hér áðan.

Það mun vera rétt, að raforkuverðið er nokkru hærra í Noregi heldur en hér. En skatturinn er mjög lítill, sem

álverksmiðjurnar í Noregi greiða til Norðmanna, og þess vegna vil ég ekki fullyrða um þetta, því að ég hef þetta nú ekki í höndunum. En þegar tekið er tillit til þess, hvað skatturinn er mikill, sem álverksmiðjan greiðir til Íslands, þá fæst mjög svipað út úr því og þeim skatti, sem álverksmiðjurnar greiða í Noregi. En ég vil ekki fullyrða neitt hérna, því maður getur flett þessu upp, en ég man ekki betur en álverksmiðjan greiði 3 mill núna fyrstu árin, en hv. 4. þm. Reykv. sagði 2.5. Svo lækkar orkuverðið um leið og skatturinn hækkar. Þannig mun það vera, að þetta jafnar sig nokkuð upp, og norsku samningarnir eru, þegar á allt er litið, ekki hagstæðari fyrir Norðmenn heldur en álsamningurinn við Svisslendingana er fyrir Íslendinga. Bæði hv. 4. þm. Reykv. og ég getum rifjað þetta upp. Ég las þetta einu sinni, og við höfum gert það báðir, en ég vil ekki fullyrða um þetta nema í aðaldráttum. En við getum á byggilega, með því að fletta þessu upp á ný, sannfært okkur um það, hvað rétt er í þessu. Þó vil ég alveg fullyrða, að þær tölur, sem hv. 4. þm. Reykv. fór með hér áðan, eru ekki nærri lagi, þegar hann tekur tillit til þess, hvað miklu hærri skattar eru greiddir af framleiðslunni hér, — ákveðið af hverju tonni, — heldur en í Noregi.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að lengja þessar umr. mikið, því að það var lítið, sem kom fram hjá hæstv. raforkumrh. Hann vildi helzt færa það til réttlætingar á raforkusamningnum við álbræðsluna í Straumsvík, þegar gerður er samanburður á honum og hliðstæðum samningum, sem Norðmenn hafa gert við hliðstæð fyrirtæki, að skattar mundu vera miklu lægri í Noregi. Samkvæmt þeim samningum, sem erlendar álbræðslur hafa gert við Norðmenn, verða þær að borga nákvæmlega sömu skatta og norsk fyrirtæki. Þær eru alveg undir norskum skattalögum. Ef það kann að koma fyrir, að það verði mikill halli á rekstri þeirra eða þær geri ekki betur en rétt að bera sig, þá verða skattarnir náttúrlega ekki mjög háir. En niðurstaðan er nú yfirleitt sú með þessi fyrirtæki, og hefur sérstaklega verið svo nú síðari árin, að þau hafa verið rekin með mjög góðum hagnaði, og þess vegna get ég ekki trúað því, að eins og málin standa nú, séu mjög lágir skattar á þessum fyrirtækjum í Noregi, því útþenslan hjá álbræðslunum bendir líka til þess, að þar sé ekki um nein tekjuhallafyrirtæki að ræða.

Í sambandi við það, sem hæstv. ráðh. sagði um raforkuverðið, þá er það rétt, að allra fyrstu árin mun álbræðslan greiða 3 mill fyrir raforkuna, en gegn því fær hún lækkun á framleiðslugjaldinu, þannig að raunverulega borgar hún ekki nema 2.5 mill. Þessi breyting varð á sínum tíma vegna þess, að þegar Alþjóðabankinn fór að athuga þá rekstrarreikninga frá Landsvirkjun, sem hann fékk, taldi hann sig komast að raun um það, að það væri of lítið fyrir Búrfellsvirkjun að fá 2.5 mill fyrstu árin, hún yrði að fá a. m. k. 3 mill og því var það, sem þessi tilfærsla var gerð, að álbræðslan borgar 3 mill fyrstu árin, en fær um leið tilsvarandi lækkun á framleiðslugjaldinu. En svo, þegar samningarnir eru komnir til fullra framkvæmda, þá borgar hún ekki nema 2.5, en sams konar fyrirtæki, sem sömdu við Norðmenn á sama tíma, verða að borga 3.2. Þar er um 28% verðmun að ræða. Og ef það er rétt, sem stóð í Morgunblaðinu í byrjun þessa mánaðar, að þegar samningarnir eru komnir til fullra framkvæmda, borgi álbræðslan fyrir raforkuna 270 millj. kr., þá svarar það til þess, að hún mundi hafa þurft að borga um 75 millj. kr. meira, ef hér hefðu gilt sömu samningar um þetta efni og gerðir voru í Noregi á sínum tíma. Ég held, að sú tala nægi alveg til að sýna, hve óhagstæður þessi samningur var.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins tvær eða þrjár setningar. Ég vil nú ekki fullyrða það, sem ekki stenzt. En það liggur alveg fyrir, að álverksmiðjur í Noregi borga miklu minni skatt heldur en álverksmiðjan í Straumsvík gerir hér, og þess vegna er það orðaleikur, þegar hv. 4. þm. Reykv. er að tala um það, að raforkuverðið sé lægra hér heldur en í Noregi, því við vinnum það upp með því að taka meira framleiðslugjald af álverksmiðjunni hér heldur en Norðmenn fá frá þeim verksmiðjum, sem þar eru staðsettar. Og ég gæti bezt trúað því, að munurinn yrði miklu meiri en 70—80 millj., eins og hv. 4. þm. Reykv. var að nefna áðan, sem við fáum í skatta umfram það, sem Norðmenn fá, þótt ég hefði nú ekki haldið, að samningarnir væru hagstæðari hjá okkur en Norðmönnunum. En það skyldi nú ekki vera, þegar tekið er tillit til skattanna og orkuverðsins, sem álverksmiðjan greiðir hér og það svo borið saman við orkuverðið og skattana, sem álverksmiðjur greiða í Noregi, að niðurstaðan yrði sú, að okkar samningar væru hagstæðari, þegar þetta er allt tekið með í reikninginn. (Gripið fram í.) Ég man þessar tölur ekki, en það er alveg öruggt mál, að það munar mjög miklu á sköttum, sem greiddir eru af álverksmiðjunni í Noregi, og því, sem hér er greitt. En þetta getum við, eins og ég sagði áðan, alveg fengið upplýst með því að rifja upp þessa samninga, sem við erum ekki með fyrir framan okkur nú.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að blanda mér inn í þá deilu eða þær umr., sem hér hafa orðið um Búrfellsvirkjun og sölu á rafmagni til álbræðslunnar, heldur vildi ég fara nokkrum orðum um efni þess frv., sem hér liggur fyrir.

Ég tel, að það sé eðlilegt, að þm. staldri nokkuð við, þegar það liggur ljóst fyrir, að leggja þarf allháan skatt á neytendur í landinu til þess að standa undir auknum rekstrarhalla Rafmagnsveitna ríkisins. Eftir því sem ég get gert mér grein fyrir þessu máli, þá mun þetta fyrst og fremst stafa af því, að á sínum tíma, — ég þori nú ekki að fullyrða, hversu langt er síðan, ég hygg, að það séu milli 15—20 ár síðan, — hafi forsvarsmenn Rafmagnsveitna ríkisins, þáv. raforkumálastjóri, tekið upp ranga stefnu í þessum málum. Það var þá lögð á það mjög rík áherzla, að ná sem allra flestum og helzt öllum rafmagnsveitum á landinu undir Rafmagnsveitur ríkisins, taka þær úr höndum einkaaðila, sem þá voru í flestum tilfellum hin ýmsu sveitarfélög, og leggja þær undir Rafmagnsveitur ríkisins. Þetta tókst að nokkru leyti. En ef málið er skoðað, kemur það í ljós, að þau

sveitarfélög, sem sáu fram á erfiðleika í sambandi við rekstur sinna rafveitna, féllust á að láta Rafmagnsveitur ríkisins taka við veitunum. Þegar svo kom að hinum stærri veitum, sem sýnt höfðu, að þær voru reknar með hagnaði, þá strandaði málið. Ég hygg, að það hafi verið í tíð vinstri stjórnarinnar, sem var gerð mjög hörð hríð að mörgum hinna stærri rafveitna, bæði með alls konar fagurgala um mjög hagstæða samninga og jafnvel hótunum við einstakar rafveitur í sambandi við fyrirgreiðslu, sem þær þurftu að fá innta af hendi, og reynt að ná þessum stærri rafmagnsveitum undir Rafmagnsveitur ríkisins. En málið strandaði og síðan hefur þetta alltaf verið rekið, sem eðlilegt er, með nokkrum halla.

Ég minnist þess, að þegar ég átti sæti í fjvn., var forstjóri Rafmagnsveitna ríkisins kallaður þar á fund, og hann beðinn að gera grein fyrir framtíðarrekstri Rafmagnsveitna ríkisins. Hann var þá með áætlun um framtíðarrekstur í nokkur ár, 4—5 ár fram í tímann, þar sem hann lagði það fyrir fjvn., að þessi halli mundi fara árminnkandi og hverfa að vissu árabili loknu. Auðvitað tók fjvn. þetta gott og gilt, en því miður hefur þetta ekki staðizt, heldur farið eins og sjá má af fjárl. og af því frv., sem hér liggur fyrir. Því miður sígur alltaf á verri hliðina, þannig að rekstrarhalli verður meiri og meiri, og ég tel, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, hljóti að athuga, hvort ekki er hægt að finna leiðir til þess að bæta úr þessu.

Ég hef orðið þess var, að það er að skapast tilhneiging aftur hjá ýmsum aðilum til að breyta í hið fyrra form, þ. e. að einstaka sveitarfélög fái aðstöðu til þess að yfirtaka rafveitur aftur, kannske eitt sveitarfélag út af fyrir sig, en þó mun það vera frekar í því formi, að einstök landssvæði taki að sér rekstur tiltekinna rafveitna. Ég tel, að ef á þennan hátt væri hægt að komast út úr þessari sjálfheldu, sem ég tel að Rafmagnsveitur ríkisins og auðvitað Alþ. séu að komast í með rekstur hinna ýmsu rafveitna, sem heyra undir Rafmagnsveiturnar, sé sjálfsagt að athuga það og skoða mjög vel, hvort ekki er hægt að bæta úr þessu. Ég tel, að þetta sé það stórt mál, að þetta hljóti að verða að athuga, og jafnframt tel ég, að það sé orðið tímabært að athuga alla uppbyggingu á þeirri stofnun, sem með þessi mál fer. Ég hef aflað mér nokkurra upplýsinga í þessu sambandi, en er ekki tilbúinn að ræða þær á þessu stigi, en ég tel að það sé sjálfsagt að athuga, hvort ekki er hægt að koma rafmagnsmálunum í heild fyrir á hagkvæmari hátt en þetta frv. gefur tilefni til að ætla í sambandi við rekstur á Rafmagnsveitum ríkisins.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Aðeins örstutt aths. í tilefni af orðaskiptum hæstv. raforkumrh. og hv. 4. þm. Reykv. um samninga þá, sem gerðir voru hér á landi, í samanburði við samninga annars staðar. Það vill svo vel til, að ég get greint frá vitnisburði manns, sem ætti að vera býsna vel dómbær um þá hluti. Þessi maður er Emanuel R. Meyer, aðalframkvæmdastjóri Swiss Aluminium. Ég hitti hann fyrir 2 árum, þegar hann kom til landsins, og gat lagt fyrir hann nokkrar spurningar. Ég spurði hann m. a. að því, hvort auðhringurinn hefði nokkurs staðar annars staðar í Evrópu náð samningum um jafnlágt raforkuverð og á Íslandi. Hann svaraði því til, að verðið á Íslandi væri langlægsta verð, sem hringurinn greiddi í Evrópu. Ég spurði hann að því, hvort ákvæðin um skatta, þ. e. sérsamningurinn um skattgreiðslur fyrirtækisins, væru hliðstæð samningum í öðrum löndum. Hann kvað það ekki vera, og hann sagði, að þetta væri algert einsdæmi. Ég spurði forstjórann raunar einnig að því, hvort þess væru dæmi í öðrum löndum, að þessi auðhringur væri óháður dómstólum landsins sem hann starfaði í, — en það atriði var sem kunnugt er í samningunum hér, að það verði ekki íslenzkir dómstólar, sem fjalla um ágreiningsefni, sem koma upp við auðfélagið. Hann svaraði mér því, að þetta ákvæði væri algert einsdæmi.

Ég hefði getað spurt framkvæmdastjórann um fleira, ef ég hefði haft hugkvæmni til þess, en ég hafði satt að segja ekki forspá til þess að spyrja hann um það, hvernig kaupi við verksmiðjuna væri háttað í samanburði við kaup annars staðar, enda var málið ekki komið á þann grundvöll þá, að hægt væri að sjá það fyrir. En nú hygg ég, að kaupgjaldið, sem greitt er hér á Íslandi til starfsmanna verksmiðjunnar, sé lægra en í öllum öðrum Evrópulöndum. Okkur var sagt að það væri einn ávinningurinn af því að semja við þetta erlenda auðfélag, að þarna fengi hópur manna vinnu. En nú er búið að ganga þannig frá launum, sem þeir fá greidd fyrir vinnuna, að þau eru lægri en í nokkru öðru landi í Evrópu. Ég veit raunar ekki til þess heldur, að það atriði, sem tekið var upp í samningum við verkalýðsfélögin og gerir lítt framkvæmanlegt eða óframkvæmanlegt fyrir verkalýðsfélög að gera verkföll í þessu fyrirtæki, jafnvel þótt þau telji sér það nauðsynlegt, sé í samningum við álbræðslur í öðrum löndum, a. m. k. sá ég það í nýjustu skýrslu framkvæmdastjórans, að hann talaði um erfiða afkomu fyrirtækja sinna á Ítalíu, vegna þess að rekstur þeirra hefði truflazt af vinnudeilum. Þar virðast því ekki vera slík ákvæði.

Ég hygg, að það sé alveg sama, hvar borið er niður í sambandi við þessa samninga, sem íslenzk stjórnarvöld hafa gert við Swiss Aluminium. Ég held að öll ákvæði samninganna, hvert eitt og einasta, séu lakari en hliðstæðir samningar, sem dæmi eru um í öðrum löndum.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. vitnar í samtal, sem hann átti við framkvæmdastjóra Swiss Aluminium, Meyer að nafni, fyrir 2—3 árum. Ég efast ekkert um að þetta samtal hafi átt sér stað, og það væri nokkuð langt gengið að segja, að hv. 6. þm. Reykv. færi þarna alveg rangt með. En mér virðist þetta geta nokkuð passað, þegar Meyer talar um, að þetta sé lægra raforkuverð, sem samið er um hér, heldur en annars staðar, og hann segir einnig, að það sé alveg einsdæmi, hvernig samið hafi verið um skattana hér á landi. Það er alveg rétt, því um leið og þeir fá lægra orkuverð hér heldur en gerist, þá borga þeir hærri skatta. Þeir borga hér ákveðið framleiðslugjald af hverju tonni, og það fer ekkert á milli mála, hvað þeir framleiða mikið, en annars staðar borga þeir af nettóhagnaði, sem alltaf verður óverulegur, eftir þeim afskriftareglum, sem þeir hafa. Þetta gæti þess vegna farið nokkuð saman.

Hv. þm. sagðist halda, að þetta væru lögfestir samn-

ingar, sem gerðir hefðu verið við erlend stóriðjufyrirtæki, en tók ekki dýpra í árinni, en eigum við ekki bara að bera þessa samninga alveg nákvæmlega saman og hætta að deila um þetta svona hvað eftir annað, án þess að hafa samningana fyrir framan okkur? Við höfum allir einu sinni lesið þessa samninga og kannske tvisvar. Við höfum einnig kíkt í norsku samningana. En þetta þarf að rifja upp til þess að geta rökrætt um þetta. Ég hef þá hugmynd, að okkar samningur sé a. m. k. eins hagstæður og sá norski. En við skulum, af því að það er skynsamlegast fyrir okkur, bíða með fullyrðingar í þessu efni, þangað til við höfum rifjað þessa samninga upp. Við eigum það sameiginlegt, að við höfum ekki lesið þessa samninga síðustu mánuðina a. m. k., og við þurfum að rifja þá upp til þess að geta komið hér með alls kyns fullyrðingar.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég get alveg verið sammála hæstv. raforkumrh. um það, að það muni vera gott fyrir hann að lesa aftur raforkusamninginn og það, sem í honum felst og kom fram í sambandi við umr., sem fóru fram hér á Alþ., þegar um hann var rætt, því að nú í þessum umr. hefur komið fram grundvallarmisskilningur hjá hæstv. ráðh. í sambandi við þessi mál. Hann virðist álíta og heldur því fram, að framleiðslugjaldið svokallaða sé þannig til komið, að með því sé verið að bæta Íslendingum það upp, að samið var um of lágt rafmagnsverð. Það er ekki minnsta samband á milli framleiðslugjaldsins og raforkuverðsins. Framleiðslugjaldið er þannig til komið, að í staðinn fyrir það, að álbræðslan greiði tekju- og eignarskatt samkvæmt íslenzkum l., þá greiðir hún þetta framleiðslugjald. Og það var reynt að finna það út eftir einhverju mati, að framleiðslugjaldið væri nokkuð svipað því, sem álbræðslan mundi hafa þurft að greiða í tekjuskatt og eignarskatt samkvæmt þeim l., sem þá voru í gildi. Það var náttúrlega ákaflega erfitt að meta þetta, vegna þess að hér var fyrst og fremst miðað við rekstraráætlun, sem fyrirtækið sjálft hafði gert, og þess vegna var ákaflega erfitt að segja til um það, hvað það mundi raunverulega hafa greitt í tekju- og eignarskatt, ef það hefði verið háð venjulegri íslenzkri löggjöf um þetta efni. Í Noregi er þetta þannig, að álbræðslur verða að greiða þar skatta eins og önnur fyrirtæki. Þær hafa ekki neinar undanþágur í þessu efni.

Ráðh. hefur verið að tala um, að það væru mjög lágir skattar á álbræðslum í Noregi. Það er nákvæmlega sama skattákvæðið, sem gildir um álbræðslur þar og um önnur fyrirtæki, og ef þær græða, sem þær hafa yfirleitt gert á síðari árum, þá geta skattarnir orðið mjög háir. Auk þess er það, að álbræðsla í Noregi býr ekki við neitt öryggi í þessum efnum, eins og t. d. þetta fasta framleiðslugjald. Þingið og ríkið getur hvenær sem er hækkað skattana, ef það telur það rétta aðferð, og þá verður álbræðslan þar að lúta því eins og önnur fyrirtæki. Með þessu framleiðslugjaldi hér býr álbræðslan við algjört öryggi í þessum efnum, því hún veit alveg, hvað hún þarf að greiða, og á ekki neina hættu yfir sér vegna breytinga, sem kunna að verða á skattalögum.

Það er ekki hægt fyrir okkur að fullyrða neitt um það, hvaða skattar það eru, sem álbræðslur greiða nú í Noregi, hvort það er hærra eða lægra en framleiðslugjaldið. Það mætti segja mér, að það væri miklu hærra. Hitt er það, að á vissum tíma í Noregi, þegar gekk yfirleitt hálfilla með álbræðslurekstur í heiminum og fyrirtækin þar voru nýlega tekin til starfa með þessar miklu afskriftir, þá greiddu þau ekki tiltölulega háa skatta. En það segir ekkert um það, hverjar skattgreiðslurnar eru í ár eða hverjar þær koma til með að verða, vegna þess að það er alveg háð afkomu fyrirtækisins. Það gæti kannske í sumum tilfellum orðið eitthvað lægra heldur en sem svarar framleiðslugjaldinu hér, ef reksturinn gengi illa. En það getur líka orðið margfalt framleiðslugjald, ef reksturinn gengur vel, eins og yfirleitt gengur hjá álbræðslunum í dag.

Hitt er reginmisskilningur, sem ráðh. var að halda hér fram áðan, að það hafi verið samið um framleiðslugjaldið sem einhverja uppbót á raforkuverðið. Það eru ekki nokkur tengsl þar á milli. Framleiðslugjaldið kemur í staðinn fyrir tekju- og eignarskatt, sem og útsvar, sem fyrirtækið hefði annars orðið að greiða. Það er eingöngu látið vega á móti því, en ekki hinu. Þess vegna er það herfilegur misskilningur hjá ráðh., að framleiðslugjaldið sé til þess að bæta upp raforkuverðið. Það sýnir það, að hann þarf að lesa um þessi mál betur, áður en hann getur tekið þátt í þeim umr., sem eru hér á Alþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 5. fundi í Nd., 23. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, n. 170, 171).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 15. des., var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft frv. þetta til athugunar og rætt það allýtarlega á 5 fundum. Það kom fram við 1. umr. frv., að það er flutt til staðfestingar á brbl. frá 23. júní s. l., og við þá umr. var einnig greint frá því, af hvaða rótum það er runnið, að nauðsynlegt þótti að setja þessi brbl. N. varð eigi að síður sammála um að leita nánari upplýsinga um hag og rekstur Rafmagnsveitna ríkisins og hvaða framvindu mætti vænta um rekstur þeirrar stofnunar á næstu árum. N. kvaddi því á sinn fund rafmagnsveitustjóra ásamt nýskipaðri stjórn Rafmagnsveitna ríkisins, og gáfu þeir aðilar n. marghátt-aðar upplýsingar og létu henni ýmis gögn í té. Meðal þeirra gagna voru ágrip af rekstrarreikningi Rafmagnsveitnanna frá 1968, rekstraráætlanir yfir árin 1969—1970, skrá um vanskilalán, og ýmis fleiri atriði í sambandi við hag og rekstur stofnunarinnar. Eftir þessum gögnum kemur það í ljós, að á árinu 1968 varð 1.6 millj. kr. halli á rekstri Rafmagnsveitna ríkisins. Eru þá ekki með í þeim tölum vanskilalán stofnunarinnar,

m. a. við orkusjóð, sem frá árunum 1967—1968 nema samtals 19.2 millj. kr. Þá eru þar ekki meðtalin vanskil á tollalánum, sem eru frá árunum 1966—1968 samtals 33.2 millj. kr., og í áætlun fyrir árin 1969 og 1970 13.8 millj. kr., eða samtals á þessum árum öllum 47 millj. kr.

Nú er það svo með tollalánin, að það er í rauninni óafgreitt mál, hvernig með þau verður farið, en fordæmi munu vera fyrir því, að ríkissjóður hafi gefið eftir tolla af vörum og varningi til Rafmagnsveitna ríkisins.

Eftir þeim rekstraráætlunum, sem fyrir liggja varðandi árið 1969, sem nú er senn á enda runnið, þá er þar reiknað með 3 millj. kr. halla, og þá með því að inn í rekstur þess árs sé komin sú hækkun verðjöfnunargjaldsins, sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Við rekstraráætlun þessa árs var einnig tekið tillit til þeirra sparnaðartill., sem RARIK-nefndin svokallaða, sem skipuð var snemma á þessu ári til að endurskoða hag og rekstur Rafmagnsveitna ríkisins, gerði till. um á seinni hluta síðasta vetrar og námu milli 19 og 20 millj. kr. Þess er þó þar að gæta, að þar var ekki nema að litlu leyti um beinan sparnað að ræða, heldur að miklu leyti endurskoðun á áætlun, þannig að áætlaður rekstrarkostnaður var skorinn niður, en tekjumegin var heildsala og smásala rafmagns hækkuð. Hinn beini sparnaður eftir þessum till. var mjög lítill. Þessi n. mun um þessar mundir vera um það bil að skila áliti, en fjhn. fékk ekki í hendur gögn frá henni og ég hef ekki séð þau enn. En þeirra mun að vænta innan tíðar.

Þessari versnandi afkomu Rafmagnsveitna ríkisins skal ég ekki fara langt út í að lýsa né af hverju hún stafar. Það var gert nokkuð við 1. umr. frv. Það má þó e. t. v. minna á stærstu liðina, sem munur er á milli ára 1968 og 1969. Þar eru t. d. vextir og afborganir af lánum, sem hækka á milli þessara tveggja ára um 36 millj. kr. Það verkar vissulega mjög mikið, að afborganir og vextir af þessum lánum, sem eru að miklu leyti erlend lán, hækka vegna gengislækkunarinnar síðustu, og einnig vegna þess, að ný lán hafa verið tekin, á árinu 1968 20 millj. kr. og á árinu 1969 40 millj. kr. Einnig hækkar olíuverð o. fl. í samræmi við verðlagsþróun í landinu. Tekjuliðirnir hækka einnig verulega og þá fyrst og fremst orkusalan, bæði í heildsölu og smásölu, eða samtals um 68 millj. kr. milli þessara tveggja ára.

Á árinu 1970 er gert ráð fyrir í þessum áætlunum, að reksturinn verði í jafnvægi, en lengra ná áætlanir Rafmagnsveitnanna ekki. En eftir þeim upplýsingum, sem stjórn og rafmagnsveitustjóri gáfu n., má frekar vænta þess, ef ekki verður um stórfelldar breytingar á verðlagsþróun innanlands að ræða, að reksturinn færist í jákvæða átt heldur en hitt. Þessi hækkun verðjöfnunargjaldsins, sem er 100% og nemur á ársgrundvelli um 35 millj. kr., mun að dómi Rafmagnsveitna ríkisins leiða til þess, að smásöluverð rafmagns til notenda hækki um 4—5%. Þó að hér sé um verðjöfnunargjald að ræða, þá verkar það ekki mjög mikið til þess að jafna verð á rafmagni til notenda í landinu. Sá verðmunur stendur óbreyttur í krónutölu, en hins vegar vegur það töluvert hlutfallslega, þannig að verðmismunurinn er mun minni hlutfallslega eftir en áður, og er gjaldið því spor í þá átt að jafna þennan verðmun.

Í 6. gr. þessa frv. er ákveðið þess efnis, að ráðh. sá, sem fer með raforkumál, skipar 3 menn til þess að eiga sæti í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins. Hér er um nýmæli að ræða. Áður hefur þessi stofnun ekki lotið sérstakri stjórn, heldur verið stjórnað af rafmagnsveitustjóra undir yfirstjórn raforkumrh. Á hinum síðustu misserum hefur þess nokkuð orðið vart, að gagnrýni hafi gætt á því skipulagi, sem ríkir í stjórn rafveitumála í landinu. Hefur þar verið um að ræða spurninguna um sterka yfirstjórn Rafmagnsveitna ríkisins annars vegar, en aukna aðild sveitar- og héraðsstjórna og í sumum tilfellum aukið sjálfræði einstakra landshluta, að því er varðar þeirra eigin raforkumál, hins vegar. Um þessi atriði urðu m. a. töluverðar umr. á raforkumálaráðstefnu Sambands ísl. sveitarfélaga fyrir nokkrum vikum. Komu þar fram óskir frá fulltrúum einstakra landshluta, sem gengu mislangt í þessum efnum. Þeir, sem lengst vildu ganga, vildu taka stjórn þessara mála að verulegu leyti úr höndum Rafmagnsveitna ríkisins og í eigin hendur. Fulltrúar annarra landssvæða vildu fá beina aðild að stjórn Rafmagnsveitnanna, og enn aðrir virtust því hlynntir, að skipað yrði eins konar fulltrúaráð héraðsstjórna og héraðsrafveitna til þess að fylgjast með og hafa áhrif á stjórn Rafmagnsveitna ríkisins. Með ákvæðum 6. gr. þessa frv. er vissulega gengið nokkuð til móts við þau sjónarmið, sem hér hefur verið lýst og þarna hafa komið fram, m. a. með því að einn úr þriggja manna stjórn Rafmagnsveitnanna skuli skipaður samkv. till. Sambands ísl. rafveitna, sem er samband héraðsrafveitna í landinu. N. ræddi þessi atriði nokkuð og var efins í því, að með ákvæðum 6. gr. frv. væri fundin frambúðarlausn þessara mála. T. d. gerir frvgr. ráð fyrir því, að stjórnin sé skipuð án takmörkunar á skipunartíma, og er það mál, sem vissulega er til athugunar. N. var þó sammála um að gera ekki að svo komnu máli aðrar aths. við 6. gr. frv. en þær, sem hér hafa komið fram í framsögu, þar sem hún telur næsta líklegt, að þessi atriði verði tekin til nánari athugunar síðar, þegar betri undirbúningur hefur farið fram.

N. flytur eina brtt. við frv. Hún er þó ekki efnisleg, heldur einungis formleg. Það er við 7. gr., að í stað þess, að lög þessi öðlist gildi 1. júlí 1969, komi: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“ Brbl. tóku gildi 1. júlí s. l. og gilda þar til þetta frv. hefur verið afgreitt. Ef það nær samþykki hv. Alþ., er eðlilegt að þau lög, sem með því eru samþ., taki þá þegar gildi. Ef það verður fellt, þá falla jafnframt brbl., og er því gildistakan sniðin eftir því.

Að öðru leyti mælir n. einróma með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 171 (ný 7. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 13. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 181, 182).

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. afgreiddi mál þetta með shlj. nál. á þskj. 170 við 2.

umr. — Eftir 2. umr. varð niðurstaða okkar tveggja þm., mín og hv. 1. landsk. þm., að rétt væri að flytja brtt. við 6. gr. frv., sem og við gerum á þskj. 182 með vitund annarra hv. nm., um að, þar sem gert er ráð fyrir því í gr. að ráðh. sá, sem fer með raforkumál, skipi 3 menn til að eiga sæti í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins, á eftir orðunum „þrjá menn" komi: „til fjögurra ára í senn". Teljum við flm. þessarar brtt., að eðlilegt sé, að það sé tímaákvörðun um skipun þessarar stjórnar Rafmagnsveitna ríkisins og þá um leið, að hún sé til fjögurra ára í senn.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Það er aðeins út af því, að ég veit, að það hefur á síðasta ári starfað rannsóknarnefnd við að kanna fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins, og mér er tjáð, að það muni vera komið út nál., eða a. m. k. hafi n. þessi lokið störfum og skilað allmiklu nál., sem mig langaði til að beina þeirri fsp. til hæstv. ríkisstj., hvort við alþm. mundum ekki mega vænta þess að fá þetta nál. á borðin.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta skal verða tekið til athugunar, sú ósk, sem felst í þeirri aths. eða fsp., sem hv. þm. gerði. — Eins og kunnugt er, hafa þessi mál skipt um rn. nú um áramótin, vegna nýrrar reglugerðar um stjórnarráðið, og fellur nú meðferð orkumálanna undir iðnrn. Eins og gefur að skilja er ýmislegt við slíka breytingu, sem þörf er að athuga af nýjum mönnum, sem þar koma til, en ég skal láta athuga það nánar, án nokkurrar tafar, að verða við þessari ósk, sem hér hefur borizt.

ATKVGR.

Brtt. 182 samþ. með 23 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 30. fundi í Sþ., 14. jan., var frv. útbýtt frá Ed., eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 229).

Á 34. fundi í Ed., 15. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Ed., 19. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. það til l., um breyt. á l. um ráðstafanir til þess að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins, til staðfestingar brbl., sem sett voru í sumar, hefur hlotið afgreiðslu í Nd. og er nú komið þaðan. Aðalefni þess er, í fyrsta lagi, að leggja á verðjöfnunargjald, sem verja skal til bóta á fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins, og í öðru lagi er það nýmæli í frv. og brbl., að sett er sérstök þriggja manna stjórn yfir Rafmagnsveitur ríkisins. Af þeim er einn skipaður samkvæmt till. Sambands ísl. rafveitna. Ráðh. skipar formann stjórnarinnar. Stjórnin hefur með höndum stjórn Rafmagnsveitna ríkisins undir yfirstjórn ráðh., og ákveður ráðh. starfshætti og starfskjör stjórnarinnar.

Ég mun ekki að svo komnu hafa frekari grg. fyrir þessu frv., en ef n. sú, sem fær málið til meðferðar, þyrfti á frekari skýringum að halda, þá mun ég að sjálfsögðu láta þær í té, en eins og kunnugt er, hefur sú breyting orðið á skipan mála, að raforkumálin hafa flutzt til iðnrn. núna um áramótin.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 229, n. 388).

Frsm. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á l. um ráðstafanir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins hefur verið samþ. í hv. Nd. og verið til athugunar að undanförnu í iðnn. þessarar hv. d. Á þskj. 388 hefur iðnn. gefið út nál., þar sem shlj. er mælt með samþykkt frv.

Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út 23. júní 1969. Gert er ráð fyrir 42 kr. hækkun aflgjalds pr. kw og 2 aura hækkun á orkugjald hverrar kwst. Hækkun verðjöfnunargjaldsins, sem hér um ræðir, nemur 35 millj. kr. á ársgrundvelli, en samkv. rekstraráætlun fyrir 1970 er áætlað, að rekstur Rafmagnsveitna ríkisins verði í jafnvægi með þessari hækkun. Áætlað er, að rafmagnshækkun sú, sem frv. þetta gerir ráð fyrir til neytenda, nemi um 4—5%.

6. gr. l. kveður á um skipun þriggja manna stjórnarnefndar Rafmagnsveitna ríkisins, og þarf undirskrift tveggja stjórnenda til að skuldbinda Rafmagnsveiturnar. Hv. Nd. gerði þá breytingu á frv., að þessi stjórnarnefnd yrði skipuð til fjögurra ára. Stjórnarnefndin mun þegar hafa tekið til starfa, eftir að brbl. voru gefin út, en í henni eru Bjarni Bragi Jónsson, formaður, Jóhann Indriðason verkfræðingur, tilnefndur af Sambandi ísl. rafveitna, og Kjartan Jóhannsson verkfræðingur. N. mun hafa haldið um eða yfir 20 fundi. Ekki er vitað, hvað þessi n. hefur áorkað til bætts skipulags stofnunarinnar, enda skammur tími, sem hún hefur starfað. Eflaust lætur hæstv. orkumálaráðh. Alþ. síðar í té vitneskju um störf stjórnarnefndarinnar, og gefst þá væntanlega einnig tækifæri til að ræða skýrslu, sem hv. alþm. hefur verið send, skýrslu svokallaðrar rafveitunefndar til raforkumrh., dags. í nóv. 1969. Þessi skýrsla, sem er í tveimur bindum, er hið fróðlegasta plagg, og af henni má ráða það, að margt mætti betur fara í rekstri rafveitna, og kemur það heim við almennt álit, eftir því sem ég persónulega tel, en um það skal ekki fjallað hér nú. Það er einnig mín persónulega skoðun, að ógerlegt sé að halda áfram hækkun raforkuverðs, t. d. til iðnrekstrar eða þar sem útflutningsatvinnuvegirnir eiga í hlut, heldur verði bætt skipulag á þessum málum og hagkvæmari lán að vega upp á móti þeim hækkunum, sem kynnu að verða á rekstrinum.

Iðnn. mælir, eins og fyrr er sagt, með frv. því, sem hér um ræðir, og enda er ekki að vænta, að jafnvægi í

rekstri fyrri ára og nú náist á annan og hagkvæmari hátt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 422).

---

17. Menntaskólar.

Á 2. fundi í Nd., 14. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um menntaskóla [15. mál] (stjfrv., A. 15).

Á 4. fundi í Nd., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. var lagt fyrir hv. Nd. á síðasta þingi og hlaut þá afgreiðslu d., var samþ. einróma í þessari hv. d., eins og það er nú lagt fyrir d. öðru sinni. Þegar við 1. umr. frv. á síðasta þingi urðu nokkrar umr. um einstök atriði frv., einkum og sér í lagi 1. gr. þess. Algert samkomulag varð um það að breyta henni í það horf, sem hún er nú í þessu frv. Hv. menntmn. þessarar d. starfaði mjög rösklega að málinu og varð sammála um till. sínar, sem einnig hlutu einróma samþykki í hv. d., þannig að hv. Nd. afgreiddi málið frá sér að undangenginni ýtarlegri athugun í n. Hins vegar tók hv. Ed. málið ekki til meðferðar, enda var nokkuð áliðið þings, þegar hún fékk það sent.

Þar eð málið hefur hlotið ýtarlega meðferð í hv. Nd., – ég fylgdi því úr hlaði með framsöguræðu, þar sem ég rakti allan aðdraganda málsins og kjarna þeirrar nýskipunar, sem hér er um að ræða, og frsm. menntmn. og menntmn.-menn fluttu auk þess ýtarlegar ræður um málið, – geri ég ráð fyrir því eða veit raunar, að málið er fullkunnugt hv. þdm., svo að ég sé ekki ástæðu til þess að kynna málið hér öðru sinni. Vildi ég mega óska þess, þar eð hv. menntmn. þrautþekkir málið einmitt í því formi, sem það er nú lagt fyrir, að hún geti unnið skjótt og rösklega, eins og hún gerði í fyrra, þannig að hv. Ed. fái málið sem fyrst til meðferðar. Ég læt í ljós þá ósk, að hv. Alþ. afgreiði þetta mál sem fyrst, vegna þess að talsvert verk bíður varðandi samningu reglugerðar samkv. þessu frv. Verði það samþ., mælir það fyrir um talsvert róttækar breytingar á kennsluskipulagi menntaskólanna, og þeir þurfa nokkurn tíma til þess að undirbúa þær breytingar. Þeim mun fyrr sem menntaskólarnir í landinu vita, eftir hvaða reglum þeir eiga að hefja störf á næsta hausti, þeim mun betra fyrir starfsemi skólanna, þeim mun betur undirbúið má gera ráð fyrir, að skólastarfið í menntaskólunum verði á næsta hausti.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að óska þess, að þessu frv. verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 15, n. 71, 72).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Frv. til l. um menntaskóla var flutt á síðasta þingi og var þá vísað til menntmn. þessarar hv. d. Menntmn. tók frv. þá til rækilegrar athugunar og hafði samband við alla aðila, sem það beinlínis varðar. N. gerði margar brtt. við frv. og voru þær samþ. hér í d.

Nú hefur frv. verið endurflutt og hafa verið gerðar á því þær breytingar, sem óskað var eftir og samþ. voru í n. á síðasta þingi. Þess vegna hefur menntmn. ekki séð ástæðu til þess að hefja nú aftur ýtarlega athugun á frv., en vill greiða fyrir framgangi þess með því að afgreiða það fljótt. Þó gerir n. tvær brtt., sem ekki eru um efnisatriði, en þær eru á þskj. 72.

Önnur brtt. er orðalagsbreyting varðandi yfirkennara. Í 13. gr. eru taldar upp þær stöður, sem eiga að vera við menntaskóla. Samkv. ósk menntaskólakennara var þar bætt inn yfirkennurum, sem hafa gegnt fullri kennslu við menntaskóla í 16 ár, en að sjálfsögðu er ekki ætlunin, að neinum menntaskóla beri skylda til þess að ráða menn, sem hafa kennt lengi, heldur er aðeins verið að halda við hefð, sem tíðkazt hefur við menntaskólana til þess.

Síðari brtt. er um að breyta orðalaginu „frjálsra valgreina“ í „valgreina“, þ. e. sleppa orðinu „frjálsra“. Það var gert í öllu frv. s. l. vor, en þá hefur sézt yfir þetta eina atriði.

Með þessum tveimur smávægilegu breytingum leggur menntmn. einróma til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
10.–12. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 72, 1 samþ. með 27 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
14.—19. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
20.—21. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
22.—24. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
25. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 72, 2 samþ. með 26 shlj. atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
27. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 95).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 13. fundi í Ed., 11. nóv., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 14. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 15. fundi í Ed., 17. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég bið hv. deild að afsaka, að á mér hefur svolítið staðið, en ég var að svara fsp. í hv. Nd. og gat ekki komið fyrr en því var lokið.

Þetta frv. um menntaskóla, sem hér er nú til 1. umr. í hv. Ed., hefur verið samþ. í hv. Nd. með shlj. atkv. Það var lagt fyrir hv. Nd. á s. l. þingi og hlaut þá mjög rækilega athugun í menntmn. þeirrar d., og um málið fóru fram mjög ýtarlegar umr. í hv. Nd. Eftir að gerðar höfðu verið smávægilegar breytingar á frv. í þeirri d., var það samþ. með shlj. atkv. og vísað til hv. Ed. En vegna þess hve liðið var á þingið, þá kom það aldrei á dagskrá hér í þessari hv. d. Nú hefur málið hins vegar gengið greitt í gegnum hv. Nd. og er nú komið til meðferðar þessarar hv. deildar.

Það er rétt að gera í örfáum orðum grein fyrir tilorðningu þessa frv. og meginefni þess. Frv. er samið af nefnd, sem menntmrh. skipaði 7. marz 1963 til þess að endurskoða gildandi lög og reglugerðarákvæði um menntaskóla. Í nefndina voru skipaðir Kristinn Ármannsson, þáverandi rektor Menntaskólans í Reykjavík, Ármann Snævarr, háskólarektor, Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, dr. Broddi Jóhannesson, skólastjóri Kennaraskóla Íslands, Jóhann S. Hannesson, skólameistari Menntaskólans að Laugarvatni, dr. Jón Gíslason, skólastjóri Verzlunarskóla Íslands, og Þórarinn Björnsson, þáverandi skólameistari Menntaskólans á Akureyri. Árna Gunnarssyni, fulltrúa í menntmrn., var falið að vera ritari nefndarinnar. Sumarið 1964 var Magnús Magnússon, prófessor, skipaður varamaður háskólarektors, og gegndi hann því starfi þangað til í janúar 1966. Í sept. 1965 var Einar Magnússon, núverandi rektor Menntaskólans í Reykjavík, skipaður í nefndina og Guðmundur Arnlaugsson, rektor hins nýstofnaða Menntaskóla við Hamrahlíð. Þá tók Steindór Steindórsson sæti í nefndinni haustið 1966, er hann hafði verið settur skólameistari Menntaskólans á Akureyri í stað Þórarins Björnssonar. Kristinn Ármannsson gegndi formennsku í nefndinni, þar til hann lézt í júlí 1966, þá var Þórarinn Björnsson skipaður formaður hennar, en vegna veikinda hans tók Jóhann S. Hannesson við formennsku í ágúst 1966 og gegndi formennsku, þangað til nefndin lauk störfum.

Meginbreytingarnar, sem í þessu frv. felast, eru þessar: Það er ekki gert ráð fyrir því, að fjöldi menntaskóla sé lengur ákveðinn í lögum, heldur er gert ráð fyrir því, að stofnun nýrra skóla skuli fara eftir fjárveitingum Alþ. og ákvörðun ráðh. Það er því ekki ástæða til þess að endurtaka gildandi lagaákvæði um það, hvar menntaskólar skuli starfa, en fjölgun menntaskóla er síðan háð fjárveitingum Alþ. og ákvörðun ráðh.

Gert er ráð fyrir því, að próf úr bóknámsdeild miðskóla verði áfram beinasta inngönguleiðin í menntaskóla, en veitt er skýlausari heimild en er í gildandi lögum, um að taka nemendur í menntaskóla af öðrum skólastigum, ef undirbúningur telst vera fullnægjandi. – Ákvæði um 16 ára lágmarksaldur til inngöngu í menntaskóla er afnumið.

Tekin er upp nýskipan um skiptingu námsbrauta innan skólanna, og raskar hún verulega núverandi deildaskiptingu og bekkjakerfi. Námsefni verður þríþætt: kjarni, kjörsvið og frjálsar valgreinar. Kjarninn er það námsefni, sem er sameiginlegt öllum nemendum skólans, hvaða námsbraut sem þeir velja sér. Kjörsviðin, sem verða grundvöllur deildaskiptingar, eru flokkar samstæðra greina, þar sem hver nemandi skal velja einn slíkan flokk í heild. Valgreinar eru það námsefni hvers nemanda, sem ekki telst til kjarnans eða kjörsviðs hans. Er gert ráð fyrir því, að þar geti bæði verið um að ræða viðbótarnám í skyldugreinum og nýjar greinar. Af um 144 einingum heildarnámsefnis má kjarninn svonefndi nema allt að 100 einingum, kjörsviðið skal nema a. m. k. 24 einingum og valgreinar a. m. k. 14 einingum. Kennslugreinar eru ekki tilteknar í frv., eins og nú er gert í gildandi lögum. Er gert ráð fyrir, að í námsskrá og í reglugerð verði nánar ákveðið um efnisinnihald kjarna, kjörsviða og valgreina.

Heimilað er að skipta skólaárinu í námsáfanga eða annir, og skal í lok hvers áfanga úrskurðað um hæfni nemenda til að hefja nám í næsta áfanga. Losað er um ákvæði varðandi árspróf, en lokapróf í hverri grein skal halda, þegar kennslu í henni lýkur að fullu. Stúdentsprófi er náð, þegar nemandi hefur staðizt öll lokapróf á kjörsviði sínu og lokið prófi í öðrum greinum eftir fyrirmælum reglugerðar. Heimilað er að setja í reglugerð ákvæði um námsefni og prófkröfur, er miðist við annað fullnaðarpróf úr menntaskóla en stúdentspróf, þ. e. a. s. fyrir þá, sem ekki stefna að háskólanámi.

Kveðið er á um, að við hvern menntaskóla skuli skipað í eftirtalin störf, auk kennara og skólastjóra: Aðstoðarskólastjóri eða konrektor, bókavörður, deildarstjóri, yfirkennari, námsráðunautar og félagsráðunautar. Þessir starfsmenn mega allir vera í hópi kennara, og má fela sama manni fleiri en eitt starf. Þá er enn fremur gert ráð fyrir stöðum á skrifstofu, þ. e. a. s. fulltrúastöðum og gjaldkerastöðu, einnig stöðu húsvarðar og tækjavarðar. Í heimavistarskólum á auk þess að vera starf húsbónda og húsfreyju. Tölu fastra kennara skal miða við, að eigi komi fleiri nemendur en 20 á hvern fastakennara. En eftir núgildandi lögum skal að jafnaði skipaður einn fastur kennari á hverja bekkjardeild.

Í frv. er nánar skilgreint heldur en gert er í gildandi lögum, hvaða kröfur eru gerðar til háskólamenntunar menntaskólakennara.

Þá er í frv. sérstakur kafli um húsrými og tæki, og er gert ráð fyrir, að í hverjum skóla skuli séð fyrir húsrými, sem nægi til allrar venjulegrar starfsemi skólans, en í

því sambandi eru nefndar ýmsar tegundir húsnæðis. Sérstök ákvæði eru um bókasöfn og lestrarsali, kveðið er á um, að kennslustofur skólanna skuli eftir föngum vera fagkennslustofur, þ. e. a. s. að hver stofa sé miðuð við þarfir ákveðinnar kennslugreinar.

Í hverjum skóla skal mynda skólaráð og hér er um algert nýmæli að ræða. Skólaráð skipa aðstoðarskólastjóri, fulltrúar almenns kennarafundar og fulltrúar nemenda. Skólastjóri og skólaráð mynda skólastjórn. Í hverjum skóla skal vera nemendaráð, er skal vera fulltrúi nemenda gagnvart skólastjóra og skólastjórn og henni til aðstoðar í málefnum nemenda. Skólastjórar allra skóla á menntaskólastiginu skulu mynda samstarfsnefnd, og ennfremur eru í frv. ákvæði um skólalækna og skólahjúkrunarkonu.

Varðandi hugsanlegan kostnaðarauka af þeirri nýskipan menntaskólanámsins, sem ég hef nú gefið stutta lýsingu á, er það að segja, að ýmis nýmæli frv. eru þannig vaxin, að mjög torvelt hlýtur að vera að segja um, hvaða breytingar á kostnaði þau munu hafa í för með sér. Á það einkum við um þá breytingu, sem frv. gerir ráð fyrir á kennsluháttum skólanna, þ. e. rýmkun deildaskiptingar og upptöku valgreina. Hér munu ýmis framkvæmdaatriði að sjálfsögðu valda miklu um kostnaðinn. Gera verður ráð fyrir, að settar verði reglur um lágmarksfjölda nemenda, til þess að kennslu verði haldið uppi í valgreinum, og einnig kann fækkun á sameiginlegum skyldugreinum að leiða til sparnaðar á móti kostnaðaraukningu, sem leiðir af fjölgun námsgreina. Verkaskipting á milli skóla kemur og til greina til þess að geta gefið kost á fjölbreytilegri námsbrautum með hagkvæmari nýtingu kennslukrafta.

Það er ljóst, að þessi nýja skipan menntaskólanámsins mun krefjast mikils skipulagsstarfs, en ekki þarf að fullyrða, að hún hljóti óhjákvæmilega að hafa mikla kostnaðaraukningu í för með sér. Þegar hafa verið gerðar tilraunir með ýmsar þær breytingar, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, sérstaklega í Hamrahlíðarskóla og Menntaskólanum að Laugarvatni, þannig að nokkur reynsla er þegar fengin af ýmsum þeim nýmælum, sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Með þessu móti vona ég, að mér hafi tekizt að gera í stuttu máli grein fyrir meginstefnubreytingunni, sem um yrði að ræða í menntaskólanámi, ef þetta frv. yrði að lögum. Ég hygg, að mér sé óhætt að segja, að skólamenn og þá sérstaklega skólastjórar og kennarar menntaskólastigsins, – það á raunar líka við um nemendurna, – séu á einu máli um, að þær breytingar, sem hér er gert ráð fyrir, horfi allar til bóta, þannig að þeir menntaskólar, sem mundu starfa eftir að þetta frv. yrði samþ., mundu verða betri menntaskólar en þeir, sem nú starfa í landinu.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess nú þegar við 1. umr. þessa máls hér í deildinni, að leggja á það áherzlu, að frá mínu sjónarmiði er hér um að ræða mjög þarft og mikilvægt mál, og ég vil gjarnan, að það komi fram úr þingmannahópi og frá þm. stjórnarandstöðu, að ég tel, að að þessu máli hafi verið sérlega vel unnið og árangurinn sé eftir því. Ég tel, að sú nefnd, sem hefur unnið að menntaskólafrv., eigi þakkir skildar fyrir það mikla starf, sem hún hefur leyst af hendi, og ég fagna því, að árangurinn hefur orðið svo góður sem ég tel að raun beri vitni um og þetta frv. sýni. Nm. hafa verið óhræddir við að gera tillögur um mjög verulegar breytingar í menntaskólanámi, sem í megindráttum eru tvímælalaust til bóta, án þess þó að vera svo róttækir, að þeir vilji umbylta öllu, sem áður reyndist vel eða sæmilega. Ég held, að þarna sé stigið myndarlegt spor, án þess þó að vera glannalegt.

Þetta frv. var lagt fyrir þingið í fyrra og komst þá í gegnum hv. Nd., en strandaði í þessari d., af hvaða ástæðum sem það nú var. Ég vænti þess, að svo þurfi ekki að fara að þessu sinni, heldur megi þetta mál, sem þegar hefur fengið mjög rækilegan undirbúning, hafa greiðan gang í gegnum þingið.

Hæstv. menntmrh. lagði að vísu á það allmikla áherzlu í framsöguræðu sinni, að hann vænti þess, að kostnaðaraukinn, sem leiddi af samþykkt þessa lagafrv., yrði ekki mjög mikill. Ég er nú engan veginn viss um það, því ef vel og rækilega verður að framkvæmdinni staðið, þá geri ég fastlega ráð fyrir, að af henni hljótist töluverður kostnaðarauki. En ég held, að hiklaust sé til svo mikils að vinna, að það sé ástæðulaust að horfa þar allt of mikið í skildinginn.

Ég vona sem sagt, að þetta frv., sem ég tel mjög mikilsvert, megi nú fá greiðan gang í gegnum Alþ. Ég á sæti í þeirri n., sem fær málið til meðferðar, og skal því ekki gera nú að umtalsefni örfá atriði, sem ég kynni að hreyfa í n., en vil aðeins ítreka það, að ég fagna þessu frv. og tel, að þeir, sem að samningu þess hafa staðið, og hæstv. menntmrh., eigi þakkir skildar fyrir mjög gott starf.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Þegar þetta mál var til umr. í Ed. í fyrra, lýsti ég eindregnu fylgi við það í meginatriðum. Þá stóð svo á, að það var á síðustu dögum þingsins, sem frv. kom hingað til Ed. Það náði svo langt, að því var vísað til menntmn. En það kom aldrei frá menntmn. Ég vil láta það koma fram hér, að því var lýst yfir skýrt í menntmn. í fyrra, að stjórnarandstöðuflokkarnir væru reiðubúnir til þess að afgr. málið þá, enda þótt það væri í raun og veru óforsvaranlega stuttur tími, sem þessari hv. deild var ætlaður til meðferðar þess. Ég vil að það liggi alveg ljóst fyrir, að það voru stjórnarflokkarnir sjálfir, sem ákváðu að stöðva þetta mál í fyrravetur.

Auður Auðuns: Herra forseti. Vegna þeirra ummæla, sem hér hafa fallið, vil ég sem formaður menntmn. undirstrika það, að á þeim fáu dögum, sem eftir voru af þinghaldinu í fyrra og menntmn. þessarar hv. deildar hafði menntaskólafrv. til meðferðar, var það mitt mat og fleiri í n., að það væri ekki hægt að gera svo stóru máli sem þessu nein viðhlítandi skil á svo stuttum tíma. Ég mætti e. t. v. bæta því hér við, að ég hef persónulega í huga að leita eftir áliti nm. um vissar breytingar á frv., sem ég t. d. tel að hafi verið of skammur tími til þess að athuga til hlítar á þessum fáu dögum. Fleira hef ég ekki

um málið að segja að svo stöddu. Frv. sjálft fer til n., sem ég á sæti í, og nú gefst nægur tími til þess að athuga það.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það er ánægjulegt, ef ræða hv. síðasta ræðumanns er vitni um það, að framvegis eigi að taka upp ný vinnubrögð hér í nefndarstörfum. Við erum því ekkert óvanir hér í þessari hv. d., að til okkar séu afgr. á síðustu dögum þingsins viðamiklir lagabálkar, og ég hef ekki orðið var við það, að neinar sérstakar áhyggjur hafi þjakað suma hv. nefndarformenn, þó að það hafi ekki gefizt ýkjamikill tími til þess að athuga þau mál. Og það hafa þó æðioft verið mál, sem menn hafa haft mjög skiptar skoðanir á. En svo var nú ekki háttað, eftir því sem virtist, um þetta mál.

Ég skal ekki að öðru leyti fara út í frv. sjálft, það má eflaust lengi deila um einstök atriði, enda skilst mér, að það frv., sem hér liggur fyrir, sé kannske fyrst og fremst það sem kalla má rammalöggjöf, þ. e. það verður að fylla út í það að vissu leyti eftir á með reglugerð. En að meginstefnu til er þetta frv. að mínum dómi spor í rétta átt, og það voru menn sammála um s. l. vetur. Það hefði verið hægt að afgr. það þá, ef stjórnarflokkarnir hefðu verið sammála um það. En það má kannske segja, að það sé ekki neinn skaði skeður, þó að það hafi dregizt þetta. Ég vænti þess, að sá sami hugsunarháttur og kom fram hjá hv. þm., 2. þm. Reykv., sem ég tel út af fyrir sig mjög lofsverðan, eigi eftir að ráða mjög miklu á þessu þingi og framvegis.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Ég skal viðurkenna það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði hér, að stundum hafi verið gert of mikið af því að afgr. mál með hraði á síðustu dögum þingsins, og er það vissulega ekki til fyrirmyndar. En það var annað, sem hann sagði í sinni fyrri ræðu, sem ég vil ekki samþ., en hann sagði, að stjórnarflokkarnir hefðu stöðvað þetta mál í Ed. á síðasta þingi. Sjálfur hafði ég ýmislegt við þetta frv. að athuga, sem ég taldi alveg nauðsynlegt að kanna. Ég taldi, að málinu lægi heldur ekki mjög mikið á. Ég var þess vegna eindregið því fylgjandi, þar sem svona örstuttur tími var til stefnu og ýmislegt þurfti að athuga að mínum dómi, að málinu yrði frestað og það yrði ekki afgr. Ég vil taka það fram, að þetta var eingöngu mín persónulega skoðun. Um þetta hafði ég ekki nein fyrirmæli frá stjórnarflokkunum. (Gripið fram í.) Jú, jú, ég held að hv. form. Framsfl. ætti ekki að gera sér neinar vonir um breytingar á því, en ég vil taka það fram, að ég lít ekki á þetta mál sem flokksmál, þetta menntaskólafrv., og mér finnst, að það eigi ekki að vera flokkspólitískt. Ég álít að málið sé ekki þess eðlis.

En það, sem ég vildi svo að lokum bæta við, er þetta: Fyrir utan þessa veigamiklu ástæðu til þess að fresta því að afgr. frv. í fyrra, þá vil ég bæta því við, að þetta voru algerlega óviðunandi vinnubrögð hjá Nd., að liggja yfir þessu máli mánuðum saman og skila því svo loksins til Ed., þegar örfáir dagar voru til þingslita. (Gripið fram í.) Já, og það var vissulega nægjanlegt, þó það hefðu ekki verið neinar aðrar ástæður fyrir hendi, til þess að afgr. ekki málið og mótmæla slíkum vinnubrögðum í Nd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til menntmn. með 16 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 95, n. 373, 374).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Menntmn. hefur rætt þetta frv. til l. um menntaskóla ýtarlega á mörgum fundum. Eins og kemur fram í nál., hafa mætt á nefndarfundum nokkrir þeir aðilar, sem unnu að samningu frv., nánar tiltekið skólameistarinn á Laugarvatni, rektor Menntaskólans við Hamrahlíð og ráðuneytisstjórinn í menntmrn., og enn fremur hafa mætt á fundi fulltrúar og þ. á m. formaður Félags menntaskólakennara, en áður hafði n. borizt erindi frá félaginu.

Þetta frv. hefur legið lengi fyrir Alþ., bæði á síðasta þingi og nú þessu. Fyrir þetta þing var frv. lagt í þeirri mynd, sem það hafði eftir meðferð þess í hv. Nd. í fyrra, en þar voru gerðar á því ýmsar breytingar. Þm. hafa þess vegna haft góðan tíma til þess að kynna sér frv. Líka fylgdi hæstv. menntmrh. því úr hlaði í fyrra með ýtarlegri framsöguræðu og nú aftur á þessu þingi, svo að mér sýnist ekki ástæða til þess að fara að rifja upp enn einu sinni efni frv. almennt né heldur í einstökum greinum. En ég vil aðeins segja það, að ég hygg, að þm. yfirleitt séu þeirrar skoðunar, að þetta frv. miði að miklum umbótum á menntaskólastiginu. Það er þó í þessu sambandi vert að geta þess, að sum þau nýmæli, sem frv. hefur að geyma, eru þegar komin til framkvæmda í ýmsum menntaskólanna.

Eftir rækilega athugun á frv. voru nm. sammála um það, að gera þyrfti á því nokkrar breytingar, og flytur n. um það brtt. á þskj. 374. Ég skal þá strax snúa mér að því að gera grein fyrir þessum brtt. n.

Sú gr. frv., sem hvað mest var rædd í n., var 13. gr. þess. Og við þá gr. er 1. brtt. menntmn. í þremur stafl. Ég skal víkja fyrst að stafl. a, sem er við 1. mgr. 13. gr. Í 2. mgr. 13. gr. frv. segir, að við hvern menntaskóla skuli skipað í þau störf, sem svo eru talin upp. N. þótti einsætt, að það hlyti að velta bæði á stærð skólanna og ýmsum öðrum aðstæðum, hvort og hvenær nauðsynlegt væri að ráða í öll þau störf, sem talin eru upp í gr. Það ríkja t. d. allt önnur viðhorf, þegar hugsað er um lítinn skóla, við skulum segja Ísafjarðarskólann, og svo aftur stærstu menntaskólana. N. taldi rétt, að því væri þá sniðinn stakkur með ákvæðum í reglugerð, hvenær ráða skyldi það starfslið, sem upp er talið í 13. gr. Þá fannst n. líka nokkuð óeðlilegt, að það væri skipað í öll þessi störf. Í frv. er gert ráð fyrir, að það megi fela kennurum, og þá hverjum einum, fleiri en eitt af þessum störfum samtímis. Það kæmi þá væntanlega til lækkunar á kennsluskyldu eða niðurfellingar að öllu, allt eftir því hve viðamikil þau störf yrðu, sem kennurunum yrðu falin. Það mundi líka vera heppilegt að hafa ráðningu í sum þessara starfa tímabundna. Það mun einnig hafa vakað fyrir þeim, sem stóðu að samningu

frv., og sú skoðun kom greinilega fram á nefndarfundi hjá þeim fulltrúum, sem þar mættu af hálfu menntaskólakennaranna. Þessi tvö atriði, sem ég nú nefndi, eiga við a-lið í 1. brtt. menntmn.

Þá kem ég að stafl. b í 1. brtt., sem á við A-lið 13. gr. frv., og þar er lagt til, að 4. tölul. falli niður, en hann er svo hljóðandi í frv.: „Yfirkennarar, enda hafi þeir gegnt fullri kennslu við menntaskóla í 16 ár, en eru þó eigi deildarstjórar.“ Það liggur alveg ljóst fyrir, að menntaskólakennarar nefnast yfirkennarar, þegar þeir hafa gegnt fullu starfi í 16 ár, án þess að nokkur breyting verði á störfum þeirra eða launaflokkshækkun fylgi. Það sýnist því allsendis óeðlilegt að telja upp yfirkennara í hópi þeirra starfa, sem ráða skal í, því að starfsheitið kemur af sjálfu sér eftir 16 ára starf. Ég mun síðar koma aftur að yfirkennurunum.

Þá er það c-liður í 1. brtt., sem á við B-lið 13. gr. í 1. tölul. Í B-lið 13. gr. segir: „Fulltrúi, er sé skólastjóra og yfirkennara til aðstoðar við dagleg störf.“ Brtt. n. er sú, að í stað orðsins „yfirkennara“ komi „aðstoðarskólastjóra“. Þetta er nánast leiðrétting, sem mönnum hefur yfirsézt, eftir að þessum lið hafði verið breytt í meðförum þingsins í fyrra. Þá hét sú staða, sem nú er í frv. kölluð aðstoðarskólastjórastaða, yfirkennarastaða. Sem sé, brtt. er einungis leiðrétting til samræmingar við þá breytingu.

2. brtt. n. er við 14. gr. og er, eins og þar segir, um, að á eftir 1. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi: „Þeir kennarar, er gegnt hafa fullri kennslu við menntaskóla í 16 ár, hljóta starfsheitið yfirkennarar.“ Þetta hefur tíðkazt undanfarin ár, án þess þó, eins og ég áður sagði, að nein breyting yrði á störfum kennara við það eða launahækkun fylgdi. Kennarar, sem kennt hafa þetta langan tíma fulla kennslu, bera heitið yfirkennarar, og n. sýndist ekki ástæða til þess að fara að breyta til í þeim efnum. En eins og ég áður sagði, sýndist mönnum eðlilegt, að þetta ætti heima í 14. gr. frv., en ekki í 13., sem fjallar um störf, sem þarf að ráða í.

Um 3. brtt., sem menntmn. flytur, er það að segja, að þar – í 1. mgr. 16. gr. – er um hreint samningsatriði að ræða, samkv. lögum um samningsrétt opinberra starfsmanna, og slíkt ákvæði á því ekki heima í frv.

4. og síðasta brtt. er við 26. gr. frv., en í 26. gr. eru talin upp þau atriði, sem skipa þarf með reglugerð. Sú brtt., sem n. flytur, er til samræmis við þá brtt., sem hún hefur flutt við 1. mgr. 13. gr., sem sé að ákveðið skuli með reglugerð, hvenær nemendafjöldi og annað valdi því, að skipa skuli í störf samkv. 13. gr., og brtt. er um það, að framan við 7. tölul. bætist orðin „ráðningu starfsliðs“, sem ætti þá að taka til þessa ákvæðis í 1. mgr. 13. gr., ef sú brtt. verður samþ.

Ég hef þá gert grein fyrir þeim brtt., sem menntmn. flytur. Það voru að sjálfsögðu mörg önnur atriði til athugunar hjá n., sem komu til álita. Það er rétt í þessu sambandi að láta þess getið, að á s. l. hausti, eins og hv. þdm. mun e. t. v. reka minni til, héldu menntaskólanemar eða þeirra samband sitt þing, og var þar mjög til umr. og athugunar, að tekið yrði upp ákveðið einkunnakerfi, svonefnt stigakerfi, sem tíðkast orðið víða annars staðar, sérstaklega í Svíþjóð, þar sem það er mjög almennt notað í skólakerfinu. Þeirri fsp. var varpað fram, og ég ætla, að það hafi einmitt verið á þeim fundi, þar sem fulltrúar menntaskólakennaranna mættu, hvort frv., eins og það liggur fyrir, mundi á nokkurn hátt hindra það, að unnt yrði að koma þeirri skipan á, ef til kæmi, og kennararnir, sem að sjálfsögðu eru nákunnugir frv. og þekkja manna bezt til í menntaskólunum og hafa þess vegna hvað bezta aðstöðu til þess að gera sér grein fyrir, hvernig þessi lög verða í framkvæmd, þeir töldu, að í frv. væri ekkert það, sem hindraði að taka upp slíkt kerfi.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um frv. eða afstöðu n. fleiri orð. Ég vil, eins og áður sagði og fram kemur í nál. á þskj. 373, aðeins endurtaka það, að n. leggur einróma til, að frv. verði samþ. með þessum breytingum, sem nú hefur verið lýst, en einstakir nm. áskilja sér þó rétt til að flytja brtt. við frv. og fylgja brtt., sem fram kynnu að koma.

ATKVGR.
1.—5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
10.—12. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 374,1 samþ. með 16 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 374,2 samþ. með 16 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
15. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 374,3 samþ. með 15 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
17.—19. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
20.—21. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
22.—24. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
25. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 374,4 samþ. með 16 shlj. atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
27. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 385).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 56. fundi í Nd., 9. marz, skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 57. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 61. fundi í Nd., 17. marz, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 385, n. 418).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ed. gerði örfáar breyt. á frv. um menntaskóla og hefur menntmn. þessarar hv. d. skoðað frv., eins og það er þaðan komið.

Í 13. gr. frv. eru taldar upp allmargar stöður, sem skulu vera við menntaskóla. Í þessari upptalningu eru

mikilvæg nýmæli, þar sem gert er ráð fyrir, að unnin verði margvísleg störf við skólana, sem þar hafa lítt þekkzt til þessa. Hins vegar hefur Ed. breytt hinu almenna ákvæði þannig, að því skuli ekki slegið föstu, að allir menntaskólar hafi öll þessi störf, heldur skuli ákveða það með reglugerð, miðað við stærð þeirra og aðrar aðstæður, hver af störfunum skuli vera við hvern skóla. Er það eðlilegt, því það er ekki nauðsynlegt, að nýir og litlir skólar byrji með allar þessar stöður, heldur fái þeir þær smám saman, eftir því sem skólarnir vaxa og þeir þurfa á þessum starfskröftum að halda.

Þá hafði verið sett í þessa upptalningu starfsheitið „yfirkennari“, og er það hin venjulega staða yfirkennara eða réttara sagt hinn venjulegi titill, sem menntaskólakennarar hafa fengið eftir 16 ár. Ed. hefur tekið þetta út úr upptalningu um fastar stöður á þeim grundvelli, að hér sé raunverulega ekki um starf að ræða. Hins vegar hefur d. sett það annars staðar inn í frv., að kennarar, sem kennt hafi í 16 ár, skuli fá þennan titil, svo að þessi gamla hefð menntaskólanna verði órofin.

Loks hefur Ed. tekið út úr frv. nokkur ákvæði um kennsluskyldu, og gerir það á þeim grundvelli, að slík ákvæði eigi ekki að vera í l., því þar sé um samningsatriði að ræða á milli opinberra starfsmanna og ríkisvaldsins.

Menntmn. Nd. hefur rætt öll þessi atriði og fellst á þær breytingar, sem Ed. hefur gert á frv.

ATKVGR.

Frv., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 441).

18. Eftirlaun aldraðra í stéttarfélögum.

Á 33. fundi í Ed., 13. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum [142. mál] (stjfrv., A. 225).

Á 34. fundi í Ed., 15. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Áður en ég fer nokkrum orðum um þetta frv., tel ég nauðsynlegt að taka það fram, vegna ummæla, sem fram komu hér á hv. Alþ. rétt fyrir þingfrestun eða jólaleyfi þm., að ríkisstj. hygðist bregðast þeirri skyldu sinni að bera fram þetta frv., að sú var alls ekki ætlunin og hefur aldrei staðið til. Hins vegar barst frv. ekki fullbúið frá hlutaðeigandi aðilum fyrr en 5 dögum fyrir þingfrestun, en þá voru miklir annadagar fram undan og erfitt hefði þá verið að koma málinu fram. Málsaðilum var hins vegar boðið, ef nauðsynlegt væri að lögin tækju gildi um áramót, að það yrði flutt sem brbl. En að lögfræðilegri athugun lokinni þótti ljóst, að þess var ekki þörf, þar sem frv. eða það málefni, sem í því felst, mundi engan skaða bíða, þó að það biði rétts fundartíma Alþingis.

Að samningu þessa frv. var þannig staðið, að á grundvelli þeirrar yfirlýsingar, sem í grg. getur, undirbjó ráðuneytisstjórinn í félmrn. uppkast að frv. Það fór síðan til athugunar til fulltrúa samningsaðila og er nú í þeirri mynd, sem þeir aðilar, þ. e. fulltrúar vinnuveitenda og Alþýðusambandsins, skiluðu því úr sínum höndum rétt fyrir jólaleyfið.

Í samningum atvinnurekenda og Alþýðusambands Íslands, er gerðir voru 19. maí 1969, eru ákvæði um að koma á fót lífeyrissjóðum fyrir félaga í stéttarfélögum, sem eru í Alþýðusambandi Íslands. Í sambandi við þessa samningsgerð lýsti ríkisstj. yfir því, að hún mundi beita sér fyrir greiðslu lífeyris til aldraðra í stéttarfélögum innan Alþýðusambands Íslands, þ. e. þeirra, sem náð hafa 55 ára aldri í árslok 1969 og voru í starfi sem launþegar í árslok 1967 eftir þeim reglum, sem fylgiskjal með yfirlýsingu ríkisstj. geymir. Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstj. skyldi fjár aflað til þessara lífeyrisgreiðslna að ¾ hlutum úr Atvinnuleysistryggingasjóði og að ¼ hluta úr ríkissjóði.

Frv. það um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, sem hér liggur fyrir, er í samræmi við téða yfirlýsingu ríkisstj. og fskj. það, sem henni fylgir. Yfirlýsingin og fskj. eru prentuð sem fskj. með frv., merkt I og II. Samkvæmt 2. gr. frv. eiga þeir rétt til eftirlauna, „sem fullnægja öllum eftirtöldum skilyrðum: a) eru orðnir 55 ára 31. des. 1969. b) hafa náð 70 ára aldri og látið af störfum. Nú tekur maður, sem látið hefur af störfum, upp störf að nýju, og fellur þá niður réttur hans til eftirlauna, á meðan hann heldur áfram störfum. Slík niðurfelling skal reiknuð í heilum mánuðum fyrir hvert almanaksár um sig, en broti úr mánuði sleppt. c) voru í starfi í árslok 1967, sem verið hefði tryggingarskylt samkvæmt samkomulagi atvinnurekenda og Alþýðusambands Íslands frá 19. maí 1969, ef samkomulagið hefði öðlazt gildi 1. janúar 1955. d) hafa áunnið sér réttindatíma samkvæmt 4. gr., sbr. 6. gr. Falli félagi frá eftir 31. des. 1969, sem áunnið hefur sér a. m. k. 5 ára réttindi, skal eftirlifandi maki hans eiga rétt til eftirlauna samkvæmt 6. gr.,“ sbr. 3. gr. frv.

Fjárhæð eftirlauna miðast við réttindatíma og meðallaun félagans, eftir því sem nánar greinir í 4., 5. og 6. gr. frv. Skemmri réttindatími en 10 ár veitir sjóðfélaga sjálfum ekki rétt til eftirlauna. Eftirlaun til eftirlifandi maka greiðast hins vegar, hafi hinn látni áunnið sér a. m. k. 5 ára réttindi. Fjárhæð eftirlauna miðast við meðallaun félaga, eins og áður sagði, og nema við 10 ára réttindatíma 12.5% af meðaltekjum og geta numið 30%, ef réttindatími er orðinn 20 ár eða meira. Eftirlaun eftirlifandi maka nema 10% af meðallaunum fyrir 5 ára réttindatíma, hækka síðan um 1% fyrir hvert ár, sem réttindatími fer fram yfir 5 ár, og nema mest 25% meðallauna, þegar réttindatími er 20 ár eða meira.

Áætlað hefur verið, að eftirlaun nemi 25 millj. kr. á þessu ári. Í samræmi við það eru fjárveitingar á fjárl. þessa árs til þessa 6 millj. 250 þús. Kæmi þá í hlut Atvinnuleysistryggingasjóðs að greiða 18 millj. 750 þús. kr. vegna þessara eftirlauna á þessu ári. Stjórnir hlutaðeigandi lífeyrissjóða úrskurða eftirlaun og annast greiðslur þeirra. Eigi hlutaðeigandi eftirlaunaþegi ekki

lífeyrisrétt í neinum lífeyrissjóði, skal stjórn lífeyrissjóðs stéttarfélags hans úrskurða eftirlaunin og greiða þau.

Ráðh. skipar 3 menn í nefnd, einn samkv. tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkv. tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og einn án tilnefningar, og sé hann formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. N. hefur umsjón með úthlutun eftirlauna og úthlutar stjórnum lífeyrissjóða, sbr. 8. gr., fé því, sem þarf til greiðslu eftirlaunanna. Hún úrskurðar og um ágreining, sem upp kann að koma um úrskurðun og greiðslu eftirlauna.

Ég tel nauðsynlegt að geta þess í lokin, að hraða þarf afgreiðslu þessa lagafrv., svo að greiðsla eftirlauna geti hafizt frá síðustu áramótum, eins og gert er ráð fyrir í frv. og um var samið við lausn kjaradeilunnar 19. maí 1969.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fara fleiri orðum um frv. á þessu stigi, en legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 22. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 225, n. 247).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Á s. l. vori var háð víðtæk kjaradeila, er lauk með samkomulagi gerðu 19. maí 1969, milli stéttarfélaga innan Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda. Einn þáttur þess samkomulags var stofnun lífeyrissjóða til handa því verkafólki, er engra lífeyrisréttinda hafði notið áður. Áætlað var, að með þessu samkomulagi fengju u. þ. b. 25 þús. manns aðild að lífeyrissjóðum. Ljóst var þó, að þessir nýju lífeyrissjóðir stéttarfélaganna væru þess fjárhagslega vanbúnir að greiða lífeyri til félagsmanna í stéttarfélögum, er láta mundu af störfum fyrir aldurs sakir á næstu árum. Til þess að leysa þennan vanda hljóp ríkisstj. undir bagga og lofaði að beita sér fyrir sérstökum lífeyrisgreiðslum til aldraðra félagsmanna í stéttarfélögum innan Alþýðusambands Íslands. Þetta loforð var gefið í tvenns konar tilgangi. Annars vegar til að tryggja því aldraða fólki, sem hér um ræðir, nokkur lífeyrisréttindi, og hins vegar til að greiða fyrir lausn kjaradeilunnar í heild.

Frv. það um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, sem hér er til umr., er flutt til efnda á áðurgreindu loforði ríkisstj. Um þessi lífeyrisréttindi aldraðs fólks gaf ríkisstj. út sérstaka yfirlýsingu hinn 18. maí 1969 ásamt sérstökum fskj., þar sem lífeyrisréttindunum eru gerð ýtarleg skil. Þessi skjöl eru prentuð með frv. Frv. er í raun réttri ekki annað en efnisatriði fskj. og yfirlýsingarinnar klædd í lagalegan búning. Helztu atriði frv. eru þessi:

Ríkissjóður, að ¼ hluta, og Atvinnuleysistryggingasjóður, að ¾ hlutum, skulu greiða eftirlaun til aldraðra félagsmanna í stéttarfélögum innan Alþýðusambands Íslands á tímabilinu frá 1. janúar 1970 til 1. janúar 1985. En að þeim tíma liðnum er ætlazt til, að viðkomandi lífeyrissjóður stéttarfélaganna taki á sig þessar greiðslur. Reyndar má eins orða þetta svo, að ríkissjóður og Atvinnuleysistryggingasjóður séu með umræddum eftirlaunagreiðslum samkvæmt frv. að kaupa öldruðu fólki lífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum stéttarfélaganna eða öðrum lífeyrissjóðum, sem félagsmenn innan Alþýðusambands Íslands eiga aðild að.

Rétt til eftirlauna samkvæmt frv. eiga þeir einir, sem fullnægja öllum eftirtöldum skilyrðum: 1. Eru orðnir 55 ára 31. des. 1969. 2. Hafa náð 70 ára aldri og látið af störfum. 3. Voru í starfi í árslok 1967. 4. Hafa áunnið sér réttindatíma. — Til réttindatíma félagsmanns skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955, sem hann hefur verið við störf, sem greidd eru samkvæmt launatöxtum stéttarfélaga innan Alþýðusambands Íslands, og aðeins þann tíma, sem hann hefur verið fullgildur félagi innan stéttarfélags.

Fjárhæð eftirlauna miðast við réttindatíma. Skemmri réttindatími en 10 ár veitir sjóðfélaga sjálfum ekki rétt til eftirlauna. En eftir 10 ára réttindatíma verða eftirlaunin 12.5% af meðallaunum og fara síðan smátt og smátt vaxandi unz þau ná 30% af meðallaunum eftir 20 ára réttindatíma. Eftirlaun til eftirlifandi maka koma hins vegar fyrst til eftir 5 ára réttindatíma og verða þá 10% af meðallaunum, en fara síðan hækkandi og ná 25% eftir 20 ára réttindatíma. Eftirlaunagreiðslur samkv. frv. eru ekki verðtryggðar. Til frádráttar eftirlaunagreiðslum samkv. frv. koma greiðslur úr lífeyrissjóðum, en frádráttar mun þó lítið gæta fyrstu árin, vegna þess að flestir lífeyrissjóðir stéttarfélaganna innan Alþýðusambands Íslands eru nýir af nálinni.

Áætlað hefur verið, að eftirlaunagreiðslur ríkissjóðs og Atvinnuleysistryggingasjóðs samkvæmt frv. muni nema 25–30 millj. kr. á yfirstandandi ári, en fara síðan smátt og smátt hækkandi fram til ársins 1980 miðað við núverandi kaupgjald, en fara síðan lækkandi á tímabilinu 1980–1985, þangað til greiðslurnar falla niður.

Mál þetta er í rauninni flókið og margslungið, ef það er krufið til mergjar, og ég sé ekki ástæðu til að fara frekar út í þá sálma, enda er það naumast á færi annarra en sérfræðinga. Við því má búast, að þeim lagareglum um eftirlaunagreiðslur, sem hér verða settar, þurfi síðar að breyta eitthvað, þegar reynsla er komin á.

Þessu frv. var vísað til heilbr.- og félmn. N. kvaddi á sinn fund Guðjón Hansen tryggingafræðing, sem unnið hefur að þessum málum fyrir ríkisstj., og ræddi efni frv. við hann og fékk ýmiss konar upplýsingar og skýringar hjá honum. N. varð sammála um að mæla með samþykkt frv., svo sem fram kemur í nál. á þskj. 247, en einstakir nm. áskildu sér þó rétt til að flytja brtt. eða styðja brtt., ef fram kynnu að koma.

Nú er svo málum komið, að allar hinar fjölmennari stéttir þjóðfélagsins eiga aðild að lífeyrissjóðum nema bændastéttin, en hennar hlutur mun brátt verða réttur í því efni. Þessari þróun ber að fagna, en hitt má ekki gleymast, að enn eru margir einstaklingar útundan, sem falla ekki undir reglur þeirra lífeyrissjóða, sem fyrir eru eða nú er verið að stofna. Markmiðið hlýtur að vera, að allir landsmenn hljóti lífeyrisréttindi.

Kristján Thorlacius: Herra forseti. Frv. það um eftirlaun aldraðra í stéttarfélögum, sem hér er til 2. umr., er til staðfestingar á samkomulagi, sem ríkisstj. gerði við verkalýðsfélögin á s. l. ári. Hér er stigið skref í þá átt,

að allir landsmenn fái eftirlaunarétt, og er það fagnaðarefni. Ég mun því greiða þessu frv. atkv. mitt. En ástæðan til þess, að ég tek til máls, er fyrst og fremst sú, að ég vildi leyfa mér að beina því til hv. n., að hún athugaði tvö atriði í sambandi við mál þetta fyrir 3. umr.

Allstór hópur launþega hjá ríki og bæjarfélögum er lausráðinn og ekki aðilar að lífeyrissjóðum. Samtök opinberra starfsmanna hafa unnið að því að fá þá skipan, að starfsmönnum sé ekki árum saman haldið þannig utan við lífeyrissjóðina, en þrátt fyrir það er hópur þessi allstór ennþá, hve stór veit ég ekki, líklega nokkur hundruð.

Á s.l. sumri fékk Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og einstök félög bæjarstarfsmanna loforð um, að eftirlaunamál þessa starfsfólks yrðu tekin til athugunar og reynt að finna lausn á þeim, sem menn gætu við unað. Mér ekki kunnugt um, að niðurstaða í þessu máli sé fengin, og að því er eftirlaunarétt varðar, eru þeir starfsmenn, sem ég er að tala um, hliðstætt settir og þeir launþegar sem frv. fjallar um. Það væri því alveg rökrétt, að ákvæði um þá væru tekin með í þetta frv., í öllu falli er það réttlátt, að þeir verði ekki skildir eftir. Má vel vera, að hentugra þætti að leysa þeirra mál sérstaklega, og skiptir auðvitað ekki máli um formið.

Þá vildi ég einnig skjóta því hér fram, hvort ekki geti verið um aðra launþega að ræða, sem lenda utan við væntanleg ákvæði með eftirlaun, vegna þess að þeir hafa ekki aðstöðu til að vera í verkalýðsfélagi, enda þótt þeir ættu annars að vera í Alþýðusambandinu. Ég á hér ekki við þá, sem eru á félagssvæði tiltekinna verkalýðsfélaga og hafa sjálfir ekki viljað vera í stéttarfélagi. Aðstæður kunna að vera þannig, að mönnum hafi ekki af einhverjum ástæðum gefizt kostur á að vera félagsbundnir, t. d. vegna fámennis og af einhverjum öðrum ástæðum á einhverjum stað. Það er ekki réttlátt að skilja þá menn eftir, sem þannig er ástatt um.

Ég vona að n. sjái sér fært að athuga þessi atriði á milli umr. Ég skal svo ekki lengja þetta frekar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–12. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 26. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 41. fundi í Ed., 27. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Kristján Thorlacius: Herra forseti. Við hv. 6. þm. Sunnl. höfum leyft okkur að flytja brtt. á þskj. 284 við þetta frv., sem hér er til umr., um að á eftir 1. mgr. 1. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

„Auk þeirra, sem taldir eru í 1. mgr., skal veita öðrum launþegum eftirlaunarétt sem hér segir:

1. Starfsmönnum ríkisins, sem ekki eiga aðildarrétt að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóði barnakennara, Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna og Lífeyrissjóði ljósmæðra.

2. Starfsmönnum bæjar- og sveitarfélaga, sem ekki eiga aðildarrétt að lífeyrissjóðum hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélaga.

3. Þeim starfsmönnum hjá einkafyrirtækjum, sem ekki eru á félagssvæði verkalýðsfélags, en ættu annars aðildarrétt að Alþýðusambandi Íslands."

Þessi brtt. fjallar sem sagt um lausráðna starfsmenn hjá ríki, bæjar- og sveitarfélögum og um starfsmenn hjá einkafyrirtækjum, sem ekki eru á félagssvæði verkalýðsfélaganna, en ættu annars aðild að Alþýðusambandi Íslands. Ef frv. yrði samþ. óbreytt, yrðu þessir launþegar, sem eru allmargir, skildir eftir, þegar það skref verður stigið, að öðrum launþegum verða tryggð eftirlaun að vissu marki, en slíkt væri misrétti, að láta nokkur hundruð manns verða útundan, þegar slíkt skref er stigið í rétta átt sem hér er gert.

Við flm. þessarar brtt. teljum öll rök mæla með því, að ákvæði um eftirlaun þeirra starfsmanna, sem um ræðir í brtt., verði tekið inn í frv. Eigi verða heldur séð nein vandkvæði á, að slíkt verði gert. Frv. gerir ráð fyrir því, að fé til þessara eftirlauna komi að ¾ hlutum frá Atvinnuleysistryggingasjóði og að ¼ hluta úr ríkissjóði. Ekkert á að vera því til fyrirstöðu, að þessir sömu aðilar greiði eftirlaun til þeirra starfsmanna, sem brtt. gerir ráð fyrir. Í því sambandi má benda á það, að framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs er að ¾ frá ríki og sveitarfélögum og ¼ frá vinnuveitendum. Þeir launþegar, sem ekki eru teknir í þetta frv., fá engar atvinnuleysisbætur, þó að þeir verði atvinnulausir, sem vissulega kemur fyrir, þar sem hér er um lausráðna starfsmenn að ræða, og þyrfti auðvitað að leiðrétta þann galla á l. um atvinnuleysistryggingar, og á engan hátt má sá ágalli á ákvæðum Atvinnuleysistryggingasjóðs verða til þess að hindra, að þetta fólk fái eftirlaun. Að því er varðar lausráðna starfsmenn ríkis og sveitarfélaga er það svo, að þeir taka venjulega laun samkv. ákvæðum um laun fastráðinna starfsmanna þessara aðila, en þau laun hafa lengi verið og eru ákveðin nokkru lægri en sambærilegra starfsmanna annarra, m. a. með þeim rökum, að þeir hafi eftirlaunarétt og meiri atvinnustyrk. Það væri því á allan hátt ranglátt, að skilja þetta lausráðna fólk eftir, þegar öðrum er tryggður nokkur eftirlaunaréttur með lögum, og vænti ég þess, að til slíks þurfi ekki að koma og hv. þdm. muni geta fallizt á að samþykkja þá brtt., sem hér liggur fyrir.

ATKVGR.
Afbrigði um brtt. 284, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Við 2. umr. um þetta mál beindi hv. 11. þm. Reykv. tilmælum til heilbr.- og félmn. um að athuga þetta frv. á nýjan leik milli 2. og 3. umr., og benti hann þar á tiltekin atriði, sem hann áleit, að þyrfti að athuga og jafnvel að gera breytingar á frv. í tilefni af þeim. Í framhaldi af þessum aths. hv. 11. þm. Reykv. barst hv. heilbr.- og félmn. Ed. bréf frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, dags. 23. þ. m., sem hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Bandalagið leyfir sér að snúa sér til hv. n. í sambandi við frv. til l. um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum, sem nú liggur fyrir Alþingi. Vill Bandalagið benda á, að allmargir starfsmenn, sem hliðstætt eru

settir þeim starfsmönnum innan Alþýðusambands Íslands, sem frv. tekur til, munu verða útundan, ef frv. verður samþ. óbreytt. Er hér um að ræða starfsmenn, sem lausráðnir eru hjá ríki og bæjarfélögum, og vafalaust allmarga fleiri menn, sem vegna ýmissa aðstæðna eiga ekki aðildarrétt að Alþýðusambandi Íslands. Bandalagið fer þess hér með á leit, að hv. n. beiti sér fyrir breytingu á frv., sem tryggi þessum mönnum sama rétt til eftirlauna og þeim, er í frv. greinir."

Haldinn var fundur í heilbr.- og félmn. eftir 2. umr. um frv. og eftir að þetta bréf barst til þess að ræða þetta mál á nýjan leik og athuga sérstaklega, hvort tilefni væri til þess, að n. gerði einhverjar brtt. við frv. Niðurstaðan á þeim nefndarfundi varð sú, að ekki var talið fært, að n. í heild flytti neina brtt. við frv. Hins vegar stóð eftir sem áður óbreyttur sá fyrirvari, sem einstakir nm. höfðu gert. Þeir undirrituðu nál. á þá lund, að þeir áskildu sér rétt til að flytja brtt. við frv. eða fylgja brtt., er fram kynnu að koma. En ástæðan til þess, að n. taldi ekki fært að gera brtt. við frv., er fyrst og fremst sú, að með þessu frv. er verið að efna sérstakt samkomulag, sem ríkisstj. gerði við verkalýðshreyfinguna, á þá lund, að ríkið og Atvinnuleysistryggingasjóður borgi eða kaupi lífeyrisréttindi í tilteknum lífeyrissjóðum, sem yfirleitt er verið að stofna, fyrir aldrað verkafólk í stéttarfélögum innan Alþýðusambands Íslands. Það er að vísu rétt, að utan við þetta samkomulag eru margir hópar og einstaklingar, sem ekki hafa tryggt sér lífeyrisréttindi, en nm. fannst það vera málefni, sem þyrfti að athuga betur. Inn í þetta sérstaka frv. væri ekki æskilegt að blanda fleiri hópum, enda væri gersamlega útilokað að taka þarna fleiri inn, hvað þá að tæma það allt, sem óleyst er á þessu sviði, nema að undangenginni mjög ýtarlegri athugun og könnun, sem ekki er ástæða til að bíða eftir varðandi það fyrirheit, sem gefið var stéttarfélögum innan Alþýðusambands Íslands. Auk þess væri það naumast viðeigandi að gera nokkrar breytingar á þessu frv., nema þá að undangengnu nýju samkomulagi við Alþýðusambandið og verkalýðshreyfinguna.

Það er út af fyrir sig alveg rétt, að margir eru þeir, sem þetta samkomulag tekur ekki til. En samkomulagið við verkalýðshreyfinguna byggist á því, að keyptur er lífeyrisréttur fyrir aldraða fólk í lífeyrissjóðum, sem þegar er búið að stofna eða verið er að ganga frá. Hins vegar eru aðrir starfshópar, sem eiga eftir að tryggja sér lífeyrisréttindi. Þar er undirbúningi málanna ekki komið svona langt, og ef við tökum t. d. þessa menn, sem fjallað er um í bréfinu frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, þá er það út af fyrir sig ljóst, að ef þessir menn eru í verkalýðsfélögum innan Alþýðusambandsins og hafa unnið hjá ríki og bæ eftir taxta verkalýðsfélaganna, þá verða þeir auðvitað aðnjótandi þess frv., sem hér er ætlunin að samþykkja. Ef þeir hins vegar eru ekki í verkalýðsfélagi innan Alþýðusambandsins og hafa kannske ekki heldur tekið laun sín eftir töxtum þeirra, heldur eftir töxtum opinberra starfsmanna, þá er það eðlilegast, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja taki upp viðræður við ríkið, að því er varðar þessa ríkisstarfsmenn, og við sveitarfélögin eða Samband ísl. sveitarfélaga, að því er varðar bæjarstarfsmennina, og reyni að tryggja þessum mönnum hliðstæðan rétt og verkamönnum var tryggður með samkomulaginu frá 19. maí s. l., sem hér er verið að staðfesta.

Eftir því sem ég bezt veit, mun tiltekinn hópur ríkisstarfsmanna, starfsmenn hjá Áfengis- og tóbaksverzluninni, sem höfðu ekki greitt í lífeyrissjóð, hafa fengið úrlausn. Ég skal ekki dæma um það, hvort hún er þeim hagfelldari heldur en sú, sem hér er verið að leggja til fyrir menn innan Alþýðusambands Íslands, en þar er málið leyst á öðrum grundvelli.

Reyndar er það mín persónulega skoðun, að þetta mál verði aldrei leyst þannig, að allir fái þessi lífeyrisréttindi, nema á þann eina hátt, að það verði settur á stofn lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn. Auðvitað er hægt að leysa þetta á annan og miklu torsóttari hátt, með því að taka fyrir hvern einasta smáhóp af öllum þeim tugum eða hundruðum slíkra hópa, sem eftir eru, og hreinsa þetta smátt og smátt upp. Það eru kannske ekki alls kostar heppileg vinnubrögð, þó að vissulega sé búið að gefa tilefni til þeirra. En þá þarf að taka hvern slíkan hóp rækilega fyrir og kanna, hvaða lífeyrissjóður vill taka við þeim, og þá síðan, hvort ríkisvaldið eða einhver opinber aðili vill greiða fyrir þeim í þessum sjóði með því að borga eftirlaunagreiðslur.

Ég vil undirstrika það, að með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er ekki verið að stofna neinn lífeyrissjóð. Það er bara verið að lögfesta vissar greiðslur í lífeyrissjóði, sem þegar eru til, og ég tel, að þess vegna þurfi, þegar aðrir hópar fá sína úrlausn, að liggja alveg ljóst fyrir, að þeir hópar eigi aðgang að tilgreindum lífeyrissjóðum, og forráðamenn eða þau stéttasamtök, sem að þeim lífeyrissjóðum standa, hafi samið við ríkisstj. og aðra aðila um sams konar réttindi, sem ég tel vissulega, að sé ekkert óeðlilegt að veita slíku fólki. En það væri fyrst, þegar málið yrði komið á sams konar stig og það er nú komið gagnvart stéttarfélögum Alþýðusambandsins, sem tímabært yrði að lögfesta reglur um þetta. Af þessum sökum taldi n. ekki eðlilegt, að neitt væri hróflað við því frv., sem hér liggur fyrir.

ATKVGR.

Brtt. 284 felld með 11:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓlJ, Þþ, ÁB, BGuðbj, BFB, KTh, GilsG.

nei: MJ, ÓB, StG, SvG, AuA, OA, BJ, JónÁ, JÁH, JÞ, JR.

2 þm. (KGuðj, EggÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Því miður var ég ekki hér viðstaddur, áður en umr. lauk því ég hefði gjarnan viljað segja nokkur orð um þetta mál, en ég var bundinn við annað mál í Nd. Mér leyfist þess vegna kannske að segja örfá orð um atkv. mitt í þessu sambandi, af því að ég tel nauðsynlegt, að sjónarmið mitt komi hér fram.

Ég er efnislega sammála því, að nauðsynlegt er að leysa þann vanda, sem brtt. fjallar um, og hef raunar í viðræðum við formann Bandalags starfsmanna ríkis og bæja talið rétt, að hann vekti athygli Alþingis á því við meðferð þessa máls, hvaða vanda hér væri um að ræða varðandi þá aðila, sem brtt. fjallar um, sem eru bæði opinberir starfsmenn, starfsmenn sveitarfélaga og

verkamenn á stöðum, þar sem verkalýðsfélög eru ekki starfandi. Það hefur hins vegar komið í ljós, að ekki hefur orðið um það samkomulag hér í hv. n., sem hefur haft málið til meðferðar. Ég tel það vera grundvallaratriði, að það sé ekki knúin fram breyting á þessu, nema þá í samráði við verkalýðshreyfinguna, sem er aðili að þessari löggjöf, þannig að það mál þarf að kannast til hlítar. Það er vafalaust hægt með sérstökum aðgerðum að leysa vanda ríkisstarfsmanna í þessu sambandi, en vandamál hinna verður að leysa með beinum löggjafaratriðum. En með hliðsjón af því, að ekki hefur tekizt að ná því samkomulagi um lausn málsins, sem maður hefði jafnvel vonazt til, að gæti náðst hér, þá sé ég mér ekki fært og tel ekki hyggilegt að knýja fram breytingar á frv. með þessum hætti og segi því nei.

Björn Jónsson: Herra forseti. Það stóð nú þannig á, að ég var nauðbeygður til að víkja af fundi, þegar um þetta mál var rætt hér, og þykir mér það mjög miður að hafa ekki heyrt umr. En ég þykist sjá af skjótum yfirlestri á þessari till. frá hv. þm., Kristjáni Thorlacius, hvað hér er um að ræða. Hér er um það að ræða að taka upp í sambandi við þetta mál alveg sérstakt vandamál, sem varðar opinbera starfsmenn og verkamenn, sem ekki eru búsettir á neinu félagssvæði verkalýðsfélaga. Og eftir því sem ég fæ bezt skilið, er það þá meiningin, að þeir sjóðir, sem samið hefur verið um milli Alþýðusambandsins og samtaka vinnuveitenda, taki að sér að veita þessu fólki lífeyrisrétt með þeirri fyrirgreiðslu, sem í l. er annars ákveðin til handa hluta af verkamönnum.

Í sambandi við þetta þykir mér rétt að benda á, að engin erindi um þetta hafa borizt frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja til þeirra hagsmunasamtaka, sem hafa samið um þessa frjálsu lífeyrissjóði, er eiga að annast þessar lífeyrisgreiðslur, sem hér er um að ræða, og liggur þess vegna ekkert fyrir um það, hvernig þau mundu taka því. Hér er ekki um lögboðinn lífeyrissjóð að ræða, heldur frjálsan lífeyrissjóð, sem tekur þarna að sér það hlutverk að greiða mjög litlum hluta af verkamönnum, sem ættu með eðlilegum hætti að hafa lífeyrisréttindi, lífeyri um nokkurra ára skeið. Mér þykir reyndar heldur ólíklegt, að verkalýðsfélögin og vinnuveitendasamtökin mundu vilja taka að sér að sjá um lífeyrisgreiðslur til þessara manna, meðan svo stendur á, að þau hafa ekki komið nema mjög takmörkuðum hluta af sínum áhugamálum fram í sambandi við lífeyrisréttindi verkamanna. Þó skal ég ekki taka munninn of fullan um það. En ekkert liggur fyrir um þetta.

Á það má enn fremur benda, að hér er um alveg fastákveðinn samning að ræða, sem hagsmunasamtökin hafa gert, og þess vegna er óeðlilegt að blanda inn í hann öðrum og ég vil segja óskyldum málum. Ég tel það ekki mögulegt, a. m. k. ekki með þeim litla undirbúningi, sem það mál hefur fengið. Á hinn bóginn er auðsætt, að með tilkomu lífeyrissjóða, sem nú eru að taka til starfa, og lífeyrisgreiðslna til nokkurs hluta af verkamönnum skapast nokkurt misrétti innan raða verkafólksins, því þar er ekki um að ræða, að aðrir fái lífeyrisréttindi heldur en þeir, sem unnu til ársloka 1967, þannig að mikill meiri hl. af verkamönnum verður útundan, þrátt fyrir þetta samkomulag. Það skapast líka misræmi gagnvart öðrum, eins og starfsmönnum ríkisins og starfsmönnum bæjarfélaganna, sem svipað stendur á um.

Ég held, að þess vegna sé réttast að taka þetta mál upp sem sérstakt mál, en ekki í beinum tengslum við þessa samninga, sem hér er verið að staðfesta, að því leyti sem þörf er löggjafarstaðfestingar í sambandi við þá. Ég kynni þó að hafa haft aðra afstöðu til málsins, ef þessi málaleitan Bandalagsins hefði komið fyrr fram og hægt hefði verið að ræða hana í Alþýðusambandinu. En svo er ekki. Af þessum ástæðum öllum, sem ég hef rakið, sé ég mér ekki annað fært en segja nei við till. Hins vegar væri ég tilbúinn að styðja þetta, ef það væri tekið upp með öðrum hætti og sem sjálfstætt mál.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 44. fundi í Nd., 27. jan., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 46. fundi í Nd., 29. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, hefur verið afgr. í hv. Ed. með shlj. atkv. á tiltölulega skömmum tíma. Því heyrðist hreyft rétt fyrir þingleyfi alþm., að nokkur efi væri í hugum manna um það, hvort þetta frv. næði fram að ganga á réttum tíma. Það var ekki óeðlilegt út af fyrir sig, en þess ber að geta í þessu sambandi, að frv. barst ekki frá hlutaðeigandi aðilum fyrr en nokkrum dögum fyrir þinglok og voru þá miklar annir á Alþ., þannig að óeðlilegt þótti, að hrista málið í gegn á örskömmum tíma, þar sem um allviðamikið mál er að ræða. Lögfræðileg athugun á frv. leiddi það einnig í ljós, að það skipti ekki máli fyrir framgang málsins, þó að veittur yrði eðlilegur tími á Alþ. til meðferðar þess, og á það ekki að þurfa að skaða meginefni málsins, enda vænti ég þess, að hér, eins og í hv. Ed., verði ekki ágreiningur um málið.

Í samningum þeim milli atvinnurekenda og Alþýðusambands Íslands, sem gerðir voru 19. maí 1969, eru ákvæði um að koma á fót lífeyrissjóðum fyrir félaga í stéttarfélögum, sem eru í Alþýðusambandi Íslands. Í sambandi við þessa samningsgerð lýsti ríkisstj. yfir því, að hún mundi beita sér fyrir greiðslu lífeyris til aldraðra félaga í stéttarfélögum innan Alþýðusambands Íslands, þ. e. þeirra, sem náð hafa 55 ára aldri í árslok 1969 og voru í starfi sem launþegar í árslok 1967, eftir þeim reglum, sem fylgiskjal með yfirlýsingu ríkisstj. geymir. Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstj. skyldi fjár aflað til þessara lífeyrisgreiðslna að ¾ hlutum úr Atvinnuleysistryggingasjóði og að ¼ hluta úr ríkissjóði.

Frv. það um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögunum, sem hér liggur nú fyrir, er í samræmi við téða yfirlýsingu ríkisstj. og fskj. það, sem henni fylgir. Yfirlýsingin og fskj. eru prentuð sem fskj. með frv., merkt I og II. Samkvæmt 2. gr. frv. eiga þeir rétt til eftirlauna, „sem fullnægja öllum eftirtöldum skilyrðum: a) Eru orðnir 55 ára 31. des. 1969. b) Hafa náð 70 ára aldri og látið af störfum. Nú tekur maður, sem látið hefur af störfum, upp störf að nýju, og fellur þá niður réttur hans til eftirlauna, á meðan hann heldur áfram störfum. Slík niðurfelling skal reiknuð í heilum mánuðum

fyrir hvert almanaksár um sig, en broti úr mánuði sleppt. c) voru í starfi í árslok 1967, sem verið hefði tryggingarskylt samkvæmt samkomulagi atvinnurekenda og Alþýðusambands Íslands frá 19. maí 1969, ef samkomulagið hefði öðlazt gildi 1. jan. 1955. d) hafa áunnið sér réttindatíma samkvæmt 4. gr., sbr. 6. gr. – Falli félagi frá eftir 31. des. 1969, sem áunnið hefur sér a. m. k. 5 ára réttindi, skal eftirlifandi maki hans eiga rétt til eftirlauna samkvæmt 6. gr.", sbr. 4. gr. frv.

Fjárhæð eftirlauna miðast við réttindatíma og meðallaun félagans, eftir því sem nánar greinir í 4., 5. og 6. gr. frv. Skemmri réttindatími en 10 ár veitir sjóðfélaga sjálfum ekki rétt til eftirlauna. Eftirlaun til eftirlifandi maka greiðast hins vegar, hafi hinn látni áunnið sér a. m. k. 5 ára réttindi. Fjárhæð eftirlauna miðast við meðallaun félaga, eins og ég áður sagði, og nema 12.5% *af meðallaunum við 10 ára réttindatíma og geta numið* 30%, þegar réttindatími er orðinn 20 ár eða meira. Eftirlaun eftirlifandi maka nema 10% af meðallaunum fyrir 5 ára réttindatíma, hækka síðan um 1% fyrir hvert ár, sem réttindatími fer fram yfir 5 ár, og nema mest 25% meðallauna, þegar réttindatími er 20 ár eða meira.

Áætlað hefur verið, að eftirlaun nemi 25 millj. kr. á þessu ári. Í samræmi við það er fjárveiting á fjárl. þessa árs til þessa 6 millj. 250 þús. kr. Kæmi þá í hlut Atvinnuleysistryggingasjóðs að greiða 18 millj. 750 þús. kr. vegna þessara eftirlauna á þessu ári. Stjórnir hlutaðeigandi lífeyrissjóða úrskurða eftirlaun og annast greiðslur þeirra. Eigi hlutaðeigandi eftirlaunaþegi ekki lífeyrisrétt í neinum lífeyrissjóði, skal stjórn lífeyrissjóðs stéttarfélags hans úrskurða eftirlaunin og greiða þau.

Ráðh. skipar 3 menn í nefnd, einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og einn án tilnefningar, og sé hann formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndin hefur umsjón með úthlutun eftirlauna og úthlutar stjórnum lífeyrissjóða, sbr. 8. gr., fé því, sem þarf til greiðslu eftirlaunanna. Hún úrskurðar og um ágreining, sem upp kann að koma um úrskurðun og greiðslu eftirlauna.

Það er nauðsynlegt að hraða afgreiðslu þessa laga-frv., svo að greiðsla eftirlauna geti hafizt frá síðustu áramótum, eins og gert er ráð fyrir í frv. og um var samið við lausn kjaradeilunnar 19. maí 1969. Ég vildi því eindregið beina þeim tilmælum til hv. n., sem fær frv. til meðferðar, að hún reyni að hraða afgreiðslu frv., sem ég vænti að sé ekki ágreiningur um hér í deildinni.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt, þá voru gerðir samningar um lífeyrissjóði fyrir sjómenn í áföngum á s. l. vetri. Að samningum um lífeyrissjóð fyrir þá stóðu bæði samtök undirmanna, sem eru í flestum tilfellum félagar innan Alþýðusambands Íslands, og einnig félög, sem eru innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Þegar síðan þeir samningar, sem þetta frv. er til staðfestingar á, voru gerðir á s.l. vori, þá var því heitið, sem nú kemur hér fram í frv.-formi, að ríkisstj. mundi beita sér fyrir því, að gætt yrði hagsmuna þeirra, sem komnir eru yfir þann aldur, er getur gefið þeim rétt á greiðslum úr þessum lífeyrissjóðum, sem samið var um.

Ég vil mjög eindregið beina því til þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar, hvort ekki sé rétt að gera þá breyt. á þessu frv., að aldraðir félagar úr félögum innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands njóti þessarar aðildar einnig. Ég byggi það m. a. á því, að meginhluti þess fjármagns, sem á að standa undir þessum kostnaði, eða ¾ hlutar þess, er fenginn úr Atvinnuleysistryggingasjóði, en í þann sjóð er einnig greitt af þessum mönnum. Ég er þess vegna alveg sammála skoðun meiri hl. í Ed. gagnvart þeirri brtt., sem þar kom fram um að breyta þessu frv. á þann veg, að miklu fleiri aðilar yrðu þessara hlunninda aðnjótandi, þ. e. a. s. þeir, sem ekki er borgað af til þessa sjóðs.

Ég mun ekki á þessu stigi hafa frekari orð um frv. þetta, ég vil aðeins fagna því, að það skuli vera komið fram, og um leið samfagna ég þeim aðilum, sem að því stóðu. En eins og ég tók fram, þá vil ég beina því til hv. n., sem fær málið til meðferðar, að taka þetta atriði til velviljaðrar athugunar.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Það má kannske segja, að það sé óþarfi fyrir mig að taka til máls hér við 1. umr. um þetta mál, þar sem lagt hefur verið til, að frv. verði vísað til þeirrar n., sem ég á sæti í, og gefst mér þar að sjálfsögðu tækifæri til þess að skoða það nánar. – En ég vil taka undir það, sem hv. 10. þm. Reykv. benti hér á, því ég teldi eðlilegt, að þeir innan sjómannastéttarinnar, sem ekki eiga aðild að Alþýðusambandinu, nytu einnig þeirra réttinda, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Ef við t. d. skoðum eina skipshöfn, þá er það vitað, að hásetarnir á skipinu eru innan Alþýðusambandsins, þar eru einnig matsveinar og þar eru einnig vélstjórar, en stýrimenn og skipstjórar eru þar ekki. Ég tel því, að það sé óeðlilegt að gera greinarmun þarna á, því að vissulega hefur verið greitt vegna yfirmanna á skipum til Atvinnuleysistryggingasjóðs, sem á að standa undir þessum útgjöldum að ¾ hlutum. Ég mundi telja mjög óeðlilegt, að skipstjóri eða stýrimaður, sem hefur farið í land fyrir aldurs sakir, nyti ekki sömu réttinda og aðrir, sem hann hefur haft á skipinu hjá sér, njóta, ef þeir eru meðlimir þeirra félaga, sem eru í Alþýðusambandi Íslands.

En eins og ég sagði, málið kemur til n., sem ég á sæti í, og gefst mér þar tækifæri til þess að skoða það nánar, en vildi þó láta þetta koma hér fram við 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 225, n. 419).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, er komið til þessarar hv. d. frá Ed. Ef ég man rétt, þá var það hér til 1. umr. rétt fyrir þinghlé og var þá vísað til heilbr.- og félmn. Við þær umr. kom

fram ábending um að eðlilegt væri, að til viðbótar þeim aðilum, sem þarna koma til greina, þ. e. hinum öldruðu félögum í stéttarfélögum innan Alþýðusambands Íslands, kæmu einnig meðlimir Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, sem ekki eru í stéttarfélögum innan Alþýðusambandsins.

Eftir þinghlé tók n. þetta frv. til athugunar og þar með þessa ábendingu og óskaði upplýsinga frá Farmannasambandinu, um hvað marga aðila gæti verið að ræða þar. Farmannasambandinu gafst ekki tími til að skila fullnægjandi gögnum, þannig að n. eða einstaka menn innan n. töldu ekki ástæðu til þess að flytja neina brtt. við frv. að svo stöddu. Það hafði einnig komið í ljós við nánari athugun hjá forsvarsmönnum Alþýðusambands Íslands, að einhverjir vankantar mundu geta orðið á framkvæmd málsins, ef það ætti að ná til allra þeirra aðila, sem þeir töldu eðlilegt að það næði til. Það varð því samkomulag innan n. um að flytja þá brtt., sem fram kemur á þskj. 419 og er við bráðabirgðaákvæði frv., en brtt. hljóðar svo, með leyfi forseta: „Gert er ráð fyrir, að endurskoðun fari fram á l. þessum eftir nokkra byrjunarreynslu af l., ef aðilar samkomulagsins frá 19. maí 1969 eru sammála um, að það sé æskilegt vegna framkvæmdar laganna."

Það gefst því væntanlega síðar tækifæri til að skoða þetta mál nánar, bæði gagnvart meðlimum Farmannasambandsins, einnig kannske fleiri aðilum, sem til greina gætu komið, og einnig í sambandi við þá aðila innan Alþýðusambandsins, sem l. koma ekki til með að ná til nú í byrjun.

Ég skal taka það fram, að þó að þessi dráttur hafi orðið á afgreiðslu málsins hjá heilbr.- og félmn., þá á það ekki að koma neitt að sök í sambandi við framkvæmd l. né í sambandi við greiðslur til þeirra aðila, sem þarna eiga hlut að máli. Að þeim skýrslum, sem gert er ráð fyrir í ákvæði til bráðabirgða, að safnað skuli saman, hefur verið unnið, og þeir aðilar, sem eiga að sjá um framkvæmdina, munu hafa fengið þær til athugunar, og ætti það ekki að tefja fyrir, að greiðslan fyrir fyrsta ársfjórðung ætti að geta orðið á þeim tíma, sem gert er ráð fyrir í 7. gr. frv.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr., og leyfi mér að benda á þær brtt., sem n. hefur einróma flutt á þskj. 419.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt til þess að lögfesta samkomulag, sem gert var við ríkisstj. í samningunum 19. maí s. l. Ég hef verið þeirrar skoðunar, að það hafi mjög orkað tvímælis, hvort flytja hefði átt þetta mál inn á Alþ. í frv.-formi á þá leið, sem hér var gert. Það var vitað, þegar það samkomulag var gert, að það var ekki alfullkomið, enda greindi menn á um, hvað ætti að standa í því, og einkanlega var öll framkvæmd þess eftir, sem augljóslega hlaut að leiða í ljós ýmis atriði, sem gjarnan hefðu mátt betur fara. En hins vegar hefur þessi leið verið valin, og ég ætla ekki að gagnrýna það, út af fyrir sig, en ég tel, að þetta mál hafi orðið fyrir allt of miklum töfum. Það var lagt of seint fyrir Alþ., rétt fyrir jólin, ef ég man rétt, og hefur tafizt of lengi.

Eins og ég sagði, var hér um samkomulag að ræða, samning, sem gerður var milli ríkisstj. og verkalýðshreyfingarinnar. Það má nærri geta, að búið er að togast nokkuð á um slíkan samning, og það hlýtur að vera viðkvæmt mál, að honum sé breytt, áður en til framkvæmda kemur. Auðveldast af öllu, a. m. k. fyrir mig, væri að flytja brtt. við þetta frv., vinsælar brtt., sem ég gæti gjarnan haft tilbúnar með skömmum fyrirvara. En þá leið hef ég ekki talið rétt að fara. Það er út af fyrir sig ekkert undrunarefni, að það komi fram hugmyndir um að breyta frv., þegar það kemur fyrir Alþ. Sú varð raunin í hv. Ed. og einnig hefur sú orðið raunin hér í þessari hv. d. Ég tel, að sú málsmeðferð, sem heilbr.- og félmn. leggur nú til að verði viðhöfð, með þeirri brtt., sem n. flytur við frv., sé viturleg og menn eigi að sættast á þessa brtt.

Það er enginn efi á því, að þegar nú verður farið að framkvæma þessi lög, kemur margt upp á teninginn, sem þarf að athuga nánar og sjálfsagt að breyta. Það er einmitt af þessum sökum, sem ég tel, að heppilegra hefði verið að flytja hér aðeins frv., sem kvæði á um heimild ríkisstj. til greiðslu samkv. þessu samkomulagi. Það hefði átt að nægja á fyrsta stigi, einmitt vegna þess, hve mikil hætta er á, að það þurfi að breyta ýmsu.

Ég vil, herra forseti, leggja mikla áherzlu á, að þetta frv. verði nú afgreitt sem allra fyrst. Sannleikurinn er, að það er allt of seint á ferðinni. Það munar nú orðið um hvern daginn, svo hægt sé að fara að undirbúa framkvæmd málsins samkv. þeim l., sem Alþ. gengur nú frá. Þetta er býsna viðkvæmt mál. Hér er um marga aðila að ræða, sem eiga rétt til þessara greiðslna samkv. samningunum frá s. l. áramótum. Enn þá hefur þó ekki verið hægt að gera neitt til framkvæmda málsins vegna þeirra tafa, sem það hefur orðið fyrir. Ég vil því leggja sérstaka áherzlu á, að þessu verði nú hraðað, og lýsa ánægju minni með þá brtt., sem n. flytur.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Eins og frsm. n. tók fram hér áðan, voru uppi hugmyndir um það, eftir að málið kom hér til meðferðar í hv. d. og kom til athugunar í n., að bera fram brtt. við það á þá lund, að nokkrir tugir manna, sem eru félagsbundnir í samtökum innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, fengju einnig aðild að eftirlaunasjóði aldraðra í stéttarfélögum. Þessar hugmyndir um breytingar urðu til þess, að málið náði ekki fram að ganga núna eftir áramótin, þegar þingið kom saman, og þurfti nokkurrar athugunar við í þessu sambandi. Öllum var samt augljóst, að það er ekki auðvelt að breyta lagasetningu, sem þræðir nákvæmlega áður gert samkomulag, og hefði a. m. k. orðið að fá samþykki beggja samningsaðila til að fara út fyrir samkomulagið, en þá um leið mjög hætt við, að opnaðar væru aðrar leiðir.

Ég vil þakka meðnm. mínum fyrir það, að þegar þeim var gert það ljóst, að það gætu verið ýmis tilfelli, þar sem meðlimir innan Alþýðusambands Íslands yrðu kannske, vegna lítt hugsaðra ákvæða okkar, gerðra á einni nóttu í samningunum í maí í fyrra, útilokaðir frá því að njóta réttinda, og þannig kynnu að rísa mörg viðkvæm mál út af því, þá féllust þeir strax á það, að það væri ekki rétt að opna frv. nú fyrir nýjum aðilum, heldur bíða þess, að fyrsta reynsla fengist af framkvæmd málsins, og yrði þá opnaður möguleiki með bráðabirgðaákvæði um endurskoðun á l. Þannig er

þessi breyting á bráðabirgðaákvæðinu gerð með algeru samkomulagi og til þess að opna möguleika á því, að jafnvel innan eins árs reynslu af l. verði hægt að framkvæma endurskoðun. Þess getur orðið full þörf. Það varð niðurstaðan hjá hv. Ed., að þær brtt., sem þar komu fram, náðu ekki samþykki, og frv. hefur því komið til þessarar hv. d. óbreytt, eins og samkomulagið, sem það byggir á, mælir fyrir um.

Frv. er, eins og hér var sagt áðan, flutt til staðfestingar á samkomulagi milli ríkisstj., verkalýðssamtakanna og atvinnurekendasamtakanna á s. l. vori til lausnar á kaupgjaldsdeilu, sem þá stóð yfir. Þá var samið um það í leiðinni, að stofna skyldi á félagsgrundvelli lífeyrissjóði fyrir alla meðlimi Alþýðusambands Íslands og slíkir lífeyrissjóðir skyldu taka til starfa frá næstu áramótum. Þetta frv. snertir aðeins eina hlið þess máls. Þeir, sem nú byrja að greiða í lífeyrissjóðina, fá ekki bótaréttindi innan sjóðanna fyrr en að allmörgum árum liðnum, 15 árum, og hafa áunnið sér rétt með iðgjaldagreiðslum, eins og alkunnugt er um hliðstæða sjóði, þ. e. a. s. lífeyrissjóði. En okkur, sem að samningunum stóðum, fannst það lítt viðunandi og raunar óviðunandi að hugsa til þess, að þeir öldruðu verkamenn, sem nú væru að fara út af vinnumarkaðinum, þegar við vorum að semja, og áttu þess ekki neinn kost að gjalda í lífeyrissjóðina, fengju aldrei neitt af þeim að segja. Og þá varð niðurstaðan þessi, að ríkisstj. skuldbatt sig til að afla fjár, sem svaraði 15 ára iðgjaldagreiðslu þessa gamla fólks, sem nú væri að fara út af vinnumarkaðinum, þannig að það gæti fengið bætur greiddar úr þessum lífeyrissjóði strax eftir fyrsta ársfjórðung 1970. Ríkisstj. skuldbatt sig til að útvega þetta fé að ¼ hluta úr ríkissjóði og ¾ hlutum úr Atvinnuleysistryggingasjóði, og var á það sætzt. Þetta fé, sem þarna er um að ræða, nemur nokkuð mörgum tugum millj. kr. á ári, og verður þessum greiðslum haldið áfram í 15 næstu ár, þau 15 ár, sem þetta fólk hefði annars þurft að greiða iðgjöld til þess að öðlast lífeyrissjóðsréttindi. Það eru í raun og veru iðgjaldagreiðslur hins aldraða fólks, sem nú er að fara út af vinnumarkaðinum og hefur ekki neina tekjuvon aðra en ellilífeyrinn, svo naumt sem hann er nú skammtaður. Þessi samningsákvæði okkar og þetta frv. eiga að koma þessu gamla fólki til hjálpar.

Ég tek undir það, að málið kom fullseint fram og hefur orðið fyrir töfum, og skiptir því miklu máli, að það geti nú héðan af fengið skjóta og tafarlausa afgreiðslu, því að í raun og veru er allmikið verk óunnið enn. Verkalýðsfélögin eru að vísu alveg í þann veginn að ganga frá allri undirbúningsvinnu við stofnun lífeyrissjóðanna almennt, og ég geri ráð fyrir, að nú um þessi mánaðamót verði sú hlið málsins komin í höfn. En það er eftir að semja reglugerð á grundvelli lagasetningarinnar, og það þarf eiginlega allt saman að vera tilbúið, þegar á að koma til fyrstu greiðslna, núna eftir marzlokin. Þá er liðinn fyrsti ársfjórðungur þessa árs og þá verða fyrstu greiðslurnar að geta komið til aldraða fólksins, því að greiðslurnar í sjóðinn miðuðust við síðustu áramót og þannig er komið inn fé frá hendi ríkisstj., auk þess sem iðgjaldagreiðslur af launþegum og atvinnurekendum hófust um síðustu áramót. Ég hef heldur enga ástæðu til þess að ætla annað en málið fái héðan af mjög skjóta afgreiðslu. Það var aðeins þetta, sem tafði, að menn voru að athuga, hvort hægt væri á nokkurn hátt að rýmka lagasetninguna út fyrir samkomulagið, þannig að hún næði einnig til nokkurra tuga manna, sem höfðu þá sérstöðu, að þeir höfðu greitt til atvinnuleysistryggingganna og áttu þannig hlutdeild í því fé, sem er að verulegu leyti undirstaðan undir greiðslu fjármagnsins frá hendi ríkisins, með líkum hætti og meðlimir Alþýðusambandsins sjálfs. En það er augljóst mál, að það verða ekki aðeins nokkrir tugir, heldur kannske nokkur hundruð manna innan verkalýðshreyfingarinnar fyrir barðinu á því, að ákvæðin í samkomulaginu eru of þröng. Hagir manna geta t. d. breytzt, og það er augljóst mál, að það fólk, sem hefur flutzt úr sveit og komið inn á vinnumarkaðinn, en er samt á þessu aldursskeiði, getur útilokazt vegna ákvæðis í samkomulaginu, því að á einum stað segir þar, að til réttindatíma skuli aðeins reikna þann starfstíma, sem hlutaðeigandi hefur verið félagi stéttarfélags innan Alþýðusambands Íslands. Nú hafa menn kannske flutzt af öðrum vinnumarkaði en þeim, sem réttindi veitir, eða félög hafa myndazt síðan samkomulagið var gert, og félagahópar, sem áður voru réttindalausir, hafa þar með öðlazt réttindi í Alþýðusambandinu. Út af þessu öllu saman geta risið viðkvæm vandamál, í viðbót við mörg önnur, sem ekki koma í ljós fyrr en farið verður að framkvæma l. eins og Alþ. gengur frá þeim.

Ég tek sem sé undir þá ósk, að málið fái skjóta afgreiðslu og hægt sé því að hefja það starf, sem ekki er hægt að inna af hendi fyrr en löggjöfin liggur fyrir.

Jón Snorri Þorleifsson: Herra forseti. Ég vil aðeins láta í ljós ánægju mína með þá sameiginlegu niðurstöðu, sem heilbr.- og félmn. hefur komizt að, þ. e., að það frv., sem hér liggur fyrir, verði samþ. óbreytt frá Alþ.

Hér hefur verið á það minnzt, að þetta frv. er til staðfestingar á samkomulagi, sem gert var milli hæstv. ríkisstj. og verkalýðshreyfingarinnar í mjög erfiðum samningaviðræðum á s. l. vori og var einn þáttur í lausn þeirrar löngu kjaradeilu, sem staðið hafði þá yfir í margar vikur. Það liggur að sjálfsögðu í augum uppi, að samkomulag, sem gert er í slíkri deilu, er ekki sú lausn, sem við fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar í þeirri samninganefnd höfðum talið æskilegasta. Til þess að ná samkomulagi verða báðir aðilar að falla frá ýmsu af því, sem þeir hefðu þó frekar óskað eftir, að með yrði haft. Okkur var þess vegna að sjálfsögðu ljóst, að á þessu samkomulagi kynnu að verða ýmsir vankantar í framkvæmd, og ég hygg, að við nánari athugun málsins hjá okkur liggi það enn þá ljósara fyrir, að það væri mjög auðvelt af okkar hálfu, eins og sagt var hér áðan, að flytja vinsælar brtt., sem tækju til ýmissa þeirra atriða, sem við þegar sjáum fyrir, að munu valda miklum erfiðleikum í framkvæmd. En við höfum hins vegar ekki talið rétt að gera það á þessu stigi málsins, heldur að fá nú fyrst reynslu af málinu í framkvæmd og taka það þá síðan til endurskoðunar, þegar sú reynsla er fengin.

Ástæðan fyrir því, að verkalýðshreyfingin taldi ekki aðeins nauðsynlegt að semja á s. l. vori um lífeyrissjóði,

sem væru færir um að greiða ellilífeyri í framtíðinni, heldur taldi hún einnig nauðsynlegt, að nú þegar kæmu til lífeyrisgreiðslur til aldraðra félaga í verkalýðsfélögunum, er fyrst og fremst sprottin af þeirri reynslu, sem við höfum orðið fyrir í verkalýðshreyfingunni á undanförnum árum. Með miklum samdrætti á atvinnumarkaðinum og stórkostlegu atvinnuleysi er það staðreynd, að fyrst byrjaði þetta að bitna á eldri félögum okkar í verkalýðsfélögunum, þeim, sem voru að einhverju leyti vegna aldurs orðnir ófærari til atvinnu og til að afla sér atvinnutekna. Þeir voru fyrst látnir víkja út af vinnumarkaðinum. Þessi hópur félaga okkar í verkalýðsfélögunum, sem þannig hefur undanfarin ár orðið að ganga um atvinnulaus vegna aldurs og ekki haft annað til framfærslu en hinar allt of naumu bætur frá almannatryggingakerfinu, hefur því vægast sagt búið við mjög skarðan hlut í okkar þjóðfélagi á undanförnum árum. Það var því augljóst mál, að það yrði að rétta alveg sérstaklega hlut þessara manna, ef fjöldi þeirra ætti ekki að komast á algeran vonarvöl. Hitt er svo annað mál og það vil ég endurtaka, að okkur er ljóst, að í þessu frv. er ekki fólgið neitt allsherjar réttlæti gagnvart öldruðu fólki eða öldruðum launþegum innan verkalýðshreyfingarinnar eða utan, en væntanlega mun framkvæmd þessa frv. eða þessara laga, ef frv. verður samþ., sem ég vona, leiða til þess, að það verði þá fyrr en ella sniðnir af þeir vankantar, sem við óhjákvæmilega sjáum fyrir, þótt þeir sjáist kannske ekki allir nú þegar.

Ég vænti því, að hv. d. geti fallizt á að samþykkja frv., eins og það liggur nú fyrir, með þeirri brtt., sem fyrir liggur frá heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.–12. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 419 samþ. með 22 shlj. atkv.
Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 63. fundi í Nd., 20. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 442).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 61. fundi í Ed., 23. marz, skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta frv. var borið fram í Ed. og samþ. hér í d. og gekk þá að sjálfsögðu til Nd., þar sem það hefur einnig hlotið samþykki. En þar var gerð á því minni háttar breyting, og þess vegna er málið aftur komið hingað til Ed. Þessi brtt. er þannig, að aftan við ákvæði til bráðabirgða komi ný mgr., svo hljóðandi:

„Gert er ráð fyrir, að endurskoðun fari fram á lögum þessum eftir nokkra byrjunarreynslu af 1., ef aðilar samkomulagsins frá 19. maí 1969 eru sammála um, að það sé æskilegt vegna framkvæmdar laganna."

Þetta mál var á sínum tíma í heilbr.- og félmn. hér í deild. Ég hef ekki séð ástæðu til þess vegna þessarar breytingar að kalla n. saman til þess að fjalla sérstaklega um þessa brtt., sem samþ. var í Nd. Hún virðist svo eðlileg og sjálfsögð og gerir engar grundvallarbreytingar á frv., þannig að mér sýnist nú, að allir ættu að geta orðið sammála um að staðfesta þessa viðbót, sem Nd. hefur samþ. á frv. En að sjálfsögðu, ef einhverjir æskja þess, að þessu yrði vísað til n., þá yrði ég auðvitað reiðubúinn til þess að óska eftir því, að umr. yrði frestað og taka málið fyrir þar.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 455).

---

19. Álbræðsla við Straumsvík.

Á 14. fundi í Sþ., 19. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík [96. mál] (stjfrv., A. 112).

Á 16. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta til l., 96. mál á þskj. 112, er um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstj. Íslands og Swiss Aluminium um álbræðslu í Straumsvík. Eins og segir í 1. gr. er tilgangurinn með því að bera fram þetta frv. og fá það samþ. sem lög, að staðfesta samning milli ríkisstj. Íslands og Swiss Aluminium, dags. 28. okt. s. l., um viðauka við aðalsamninginn milli sömu aðila, dags. 28. marz 1966, um byggingu og rekstur álbræðslu við Straumsvík í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar.

Að formi til er þetta frv. byggt upp alveg í samræmi við aðalsamninginn á sínum tíma eða frv. um lagagildi aðalsamningsins, og þessi viðaukasamningur er prentaður sem fskj. með frv. þessu á íslenzku og ensku. Síðan fylgja aðrir samningar, viðaukasamningar, sem breyta þarf einnig og fylgdu á sínum tíma frv. um lagagildi aðalsamningsins 1966, en hafa út af fyrir sig ekki lagagildi, en verða að vera í samræmi við aðalsamninginn.

Það kann við fyrstu sýn að virðast nokkuð erfitt að átta sig á því, hvað felst í viðaukasamningnum, en einfaldast er að fá yfirlit um það með því að fara yfir aths. lagafrv., þar sem efnisatriði málsins eru rædd. Um aðdraganda þessa frv. get ég vísað til grg. iðnrn. um aukinn hraða við byggingu álbræðslunnar við Straumsvík og stækkun hennar, dags. 13. maí 1969, en þessari grg. var útbýtt meðal þm., áður en þingi lauk í vor.

Samningurinn, sem nefndur er hér I. viðauki við aðalsamninginn, fjallar efnislega um tvennt. Annars vegar er því slegið föstu, að byggingu síðari áfanga

álbræðslunnar, þ. e. síðari kerskálans, og þeim mannvirkjum, sem honum fylgja, verði hraðað til verulegra muna frá því, sem fyrri skuldbindingar gerðu ráð fyrir, og skal þeirri byggingu að fullu lokið 1. sept. 1972, en fyrri frestur náði til ársins 1975. Þá var samkv. fyrri samningi gert ráð fyrir því, að þegar lokið væri fyrsta áfanganum, skyldi byggð innan þriggja ára viðbót við verksmiðjuna, sem hefði 60 MW málraun og um 30 þús. tonna ársafköst, og þrem árum þar frá skyldi lokið jafnstórri nýrri viðbót, sem svaraði til u. þ. b. 30 þús. tonna árlegra afkasta. Þessum framkvæmdum skal sem sagt hraðað til ársins 1972, þannig að þeim ljúki að fullu þrem árum fyrr en áður var ráðgert.

Svo er jafnframt í öðru lagi skotið hér inn samningsgerð um stækkun á álbræðslunni. Stækkunin nemur 1/6 hluta umfram það mark, sem gildandi samningar náðu til, þ. e. úr 120 í 140 MW málraun, en í því felst stækkun, sem svarar til 10—11 þús. lesta ársafkasta á hrááli. Það hefur verið gert ráð fyrir því, eftir reynslu og nokkuð í samræmi við aukna tækni, að þar sem áður var reiknað með 60 þús. tonna ársframleiðslu, þegar álbræðslan væri komin í full afköst, þá gæti hún nú orðið allt að 66 þús. tonn, og með þessum viðauka gætu ársafköstin numið í heild 70—77 þús. lestum á ári samanlagt. Er gert ráð fyrir, að þessum viðbótaráfanga verði á vissan hátt skotið inn í framkvæmdirnar og honum verði lokið í júlímánuði á næsta ári. Það er ætlazt til þess, að þessi viðbótaráfangi verði að öllu leyti háður sömu samningsskilmálum og álbræðslan er nú, samkv. gildandi samningum frá 1966.

Þá er einnig að geta þess, að nokkur breyting er gerð á hafnar- og lóðasamningnum, en efni málsins var áður þannig, að Íslenzka álfélagið skyldi greiða jafnvirði þess kostnaðar, sem fór í að gera höfnina, með árlegum greiðslum eða annuitetsgreiðslum í 25 ár, og kæmi sú greiðsla í stað vörugjalda í höfninni á þessu tímabili. Nú er í þess stað ráðgert, að félagið greiði kostnaðinn með afborgunum, sem lokið verði á 15 árum. Þetta er þannig hugsað, að afborganirnar eru felldar niður af láni, sem gert var ráð fyrir, að takast mætti að fá til þessara hafnarframkvæmda, og að vissu leyti má því segja, að greiðslunum sé þannig komið fyrir, að þær falli saman við greiðslur af þessu láni, og á vissan hátt verður því félagið beinn greiðandi á láninu. Með þessu móti eru ríkissjóður og Hafnarfjarðarkaupstaður firrtir þeirri áhættu að þurfa að greiða niður hafnarkostnaðinn á skemmri tíma en þeim, sem félaginu var ætlaður til endanlegrar greiðslu á honum. Af hálfu fyrirsvarsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar hafa þeir ekkert við þetta að athuga að öðru leyti, og hafnar- og lóðasamningarnir eru taldir þeim til hagræðis.

Það, sem skiptir máli í þessu sambandi, er það, að mér þótti ástæða til þess að leita eftir því, skömmu eftir að álsamningarnir voru gerðir, — ég held, að það hafi byrjað snemma á árinu 1968, en þó einkum haustið 1968, — að þeim fyrirhuguðu framkvæmdum, sem þá voru til samningar um, yrði hraðað, þannig að lokamarkinu, um 60 þús. tonna álbræðslu, yrði náð þrem árum fyrr en ella, þ. e. a. s. 1972. Með þessu taldi ég, eins og á stóð í þjóðfélaginu, að framkvæmdirnar yrðu í beinna framhaldi hver af annarri og ávinningur fyrir okkur að ljúka þeim nú með meiri hraða, þó að við á sínum tíma, þegar samningarnir voru í undirbúningi, hefðum talið heppilegast, að framkvæmdirnar þyrftu ekki að ganga of fljótt, vegna hættunnar, sem við töldum þá, að kynni að geta stafað af skorti á vinnuafli. Skal ég ekki fara um það fleiri orðum, en hv. þm. er öllum ljós sú breyting, sem síðan hefur orðið á í þessu efni.

Með þessari framkvæmdaáætlun yrði stækkuninni lokið um mitt sumar 1970 og undirbúningsframkvæmdir mundu þá þegar hafnar að lokastækkuninni, og mundu verklegar framkvæmdir væntanlega hefjast, eftir því sem gert er ráð fyrir, á árinu 1971 og verða svo lokið, eins og gert er ráð fyrir, 1. sept. 1972, svo að með þessu myndast samhengi í framkvæmdunum.

Við, sem stóðum að gerð þessara samninga, bæði fyrir hönd ríkisstj. og Landsvirkjunar, töldum, að það væri verulegt hagræði eða hagsbót að þessari samningagerð. Byggðist það m. a. á því, að tekjuaukning mundi verða veruleg, bæði fyrir Landsvirkjun og einnig af framleiðslugjaldinu. Auðvitað var það okkar áhugamál nú eins og fyrr að geta fengið hærra raforkuverð en upphaflega var um samið, en þess var ekki kostur og við urðum þá að velja á milli þess að halda því, sem áður var um samið, eða að fara þá leið, sem hér er stungið upp á. Það kom fram í skýrslunni frá því í maí og er reyndar prentað hér í grg., að Landsvirkjun taldi mikið hagræði fyrir sig, að þessi samningsgerð gæti farið fram, og mér er ekki kunnugt um, að það hafi verið neinn ágreiningur um það. Þess er einnig getið á bls. 3 í skýrslunni um hagkvæmni Landsvirkjunar af stækkun bræðslunnar, að niðurstöður þeirrar fjárhagsáætlunar, sem fjallað er um hér að framan, er að finna á fskj. 2 með skýrslunni, sem fylgir einnig hér sem fskj. B. Samkv. því verður afkoma Landsvirkjunar allverulega betri, þegar gert er ráð fyrir stækkun bræðslunnar. Sem dæmi um það má einkum nefna eftirfarandi, og skal ég lesa upp þá liði, því að þeir greina einna gleggst frá því, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Nettótekjur Landsvirkjunar 1969—1985 áætlast 465.1 millj. kr. hærri með stækkun bræðslunnar en án hennar.

2. Sjóðseign Landsvirkjunar í árslok 1985 áætlast 148.7 millj. kr. hærri með stækkun bræðslunnar en án stækkunar, enda þótt afborganir með stækkuninni séu 110 millj. kr. hærri til ársloka 1985.

3. Á erfiðustu rekstrarárunum, þ. e. 1970—1972, er arðgjöfin af nettófasteign hærri með stækkuninni, eða 5.7% í stað 5%. Á árunum 1973—1985 er hins vegar arðgjöfin svipuð í báðum tilfellum, eða að meðaltali rúm 10%.

4. Þrátt fyrir 362.5 millj. kr. hærri fjárfestingu með stækkuninni eru lántökur 1969—1985 aðeins 136.2 millj. kr. hærri en án stækkunarinnar."

Gerð er grein fyrir því í aths. við frv. á bls. 13, hver munur sé á greiðslu fyrir áætlaða rafmagnssölu með auknum framkvæmdahraða og viðbótarstækkun annars vegar, og að óbreyttum samningum án hraðaaukningar hins vegar, og þar er í fyrra tilfellinu reiknað með orkusölu fyrir 3734.4 millj. kr., en að óbreyttum samningum fyrir 2838 millj. kr., þ. e. a. s. brúttótekjur Landsvirkjunar eru taldar mundu verða 896.4 millj. kr. meiri. Síðan segir í skýrslunni, að af þessum brúttó-

tekjum muni mjög verulegur hluti koma fram sem aukning á hreinum nettótekjum, þar sem framleiðslugeta Búrfellsvirkjunar nýtist miklu fyrr en ella. Og það er sú upphæð, sem ég nefndi áðan, 465 millj. kr., sem nettótekjurnar eru taldar mundu verða hærri með þessari stækkun heldur en ef samningar væru óbreyttir. En menn verða einnig að hafa það í huga, að þá er tekið tillit til þeirrar fjárfestingar í nýjum virkjunum, sem stækkunin kallar á, þegar frá líður, og það er áætlaður kostnaður af 20 MW virkjun, til þess að Búrfellsvirkjunin gæti enzt jafnlengi með þessari stækkun og gert var ráð fyrir í fyrri samningum, en þar munar, ef ég man rétt, tveimur árum, til 1974 ef bræðslan verður stækkuð, en til 1976 samkv. fyrri samningum. Kostnaður af slíkri aukningu er tekinn með, þegar reiknuð er út hagkvæmnin af þeirri stækkun, sem hér er gert ráð fyrir.

Í annan stað er svo framleiðslugjaldið, sem svo hefur verið kallað. Það breytist náttúrulega, bæði vegna þess að framkvæmdunum er nokkuð hraðað, og sérstaklega vegna þessarar viðbótarstækkunar, þ. e. um 10—11 þús. tonna ársframleiðslu, sem einnig er gert ráð fyrir. Fyrir þessu er gerð grein á bls. 14 í aths. og niðurstöður þeirrar grg., sem ég skal ekki fara að þylja yfir hv. þm., eru þær, að ef reiknað er með framleiðslugjaldinu til 1. okt. 1994, þá yrði það, miðað við það framleiðslumagn, sem menn reikna með, samtals 3846.6 millj. kr., en að óbreyttum samningum án hraðaaukningar 3154.5 millj., þannig að mismunurinn á 1 og 2, þ. e. a. s. auknum framkvæmdahraða og óbreyttum samningum, er þar talinn mundu verða 692.1 millj. kr. Þetta mundi þýða, eins og fyrirhugað er að skipta þessu gjaldi, að Atvinnujöfnunarsjóður fengi á þessu tímabili í sinn hlut 2879.6 millj. kr., Iðnlánasjóður 157.7 og Hafnarfjarðarkaupstaður 809.3 millj. kr. En það er kannske rétt að minna á það, að það er gert ráð fyrir því, að fyrst í stað fái Hafnarfjörður 25% af gjaldinu, en síðan lækki það að nokkrum árum liðnum niður í 20%, en þá hækki um leið hluti Atvinnujöfnunarsjóðs úr 70.9% í 75.9%. Gert er ráð fyrir, að iðnlánasjóðsgjaldið verði óbreytt allan tímann, 4.1%, eins og upphaflega var um samið. Hins vegar er svo gerð grein fyrir því, að það, sem ég nú hef vitnað til, er byggt á því grunngjaldi, sem aðalsamningurinn gerði ráð fyrir, en það var fyrst í stað og til ársins 1975 12.5 dollarar á tonn, en hins vegar átti gjaldið að hækka í vissum hlutföllum við hækkun heimsmarkaðsverðs á áli. Og nú hefur það skeð, síðan samningarnir voru gerðir, að álið hefur farið ört hækkandi og er nú komið upp fyrir það mark, sem þurfti að ná, til þess að hækkun á framleiðslugjaldinu ætti sér stað, þannig að nú er framleiðslugjaldið reiknað miðað við 27.5 cent á enskt pund, og það veldur hækkun á framleiðslugjaldinu, sem nemur 3.5 dollurum á lest, þannig að í staðinn fyrir grunngjaldið, eins og það upphaflega var, 12.5 dollarar, er það núna orðið 16 dollarar.

Ef við reynum að gera okkur grein fyrir, hvað þessi hækkun þýðir, þá er hér tafla um það, sem sýnir, að heildargjald með auknum framkvæmdahraða og viðbótarstækkun mundi til ársins 1994 nema 4 407.3 millj. kr., en að óbreyttum samningum 3 617 millj. kr., þannig að þarna yrði um 790.3 millj. kr. hækkun að ræða á þessu tímabili. Nú getur það tvennt skeð, að verðið á áli getur haldið áfram að hækka, þannig að þessi hækkun á framleiðslugjaldinu yrði þá meiri, en hún er hlutfallslega mikil miðað við hækkun á verðinu. Eins gæti hitt skeð, að álverðið lækkaði aftur niður fyrir þetta mark, og það mundi þá á hinn bóginn leiða af sér lækkun framleiðslugjaldsins á ný. En þó fer það aldrei niður fyrir upphaflega grunngjaldið, fyrr en verðið er komið niður í 22 cent, ef ég man rétt. Hækkunin kemur til greina, þegar það fer upp fyrir 27.5 cent, og svo lækkun aftur, þegar það fer niður fyrir 22 cent, þannig að við höfum töluvert upp á að hlaupa, áður en framleiðslugjaldið fer niður úr því, sem upphaflega var ráðgert.

Ég veit nú ekki, hvort ég þarf að hafa ýtarlegri grg. af minni hálfu að svo stöddu um þetta mál, vegna þess að með þessu frv. fylgir ýtarleg grg. og útreikningar og einnig skilgreiningar á aðalviðaukasamningnum og svo hinum samningunum, sem sumir hverjir skipta nú engu máli í þessu sambandi. Í stórum dráttum er því niðurstaðan sú, að með þessum aukna framkvæmdahraða og þessari stækkun, sem ég hef gert grein fyrir, telur Landsvirkjun, að það feli í sér mikið hagræði fyrir Landsvirkjun. Við fáum betri útkomu af framleiðslugjaldinu og við fáum töluvert meira samhengi í framkvæmdirnar í Straumsvík, sem er okkur verulega mikils virði. Ég hef nú ekki látið reikna það út, hvað þetta getur numið miklu í vinnuaukningu, en það mun koma fram í stuttri grg., sem fylgir hér, sem gefin var af álbræðslunni, þegar hún hóf vinnslu sína, að það vinna þarna núna um 550 manns. Fjöldi starfsmanna við framkvæmdir í Straumsvík, að höfninni meðtalinni, fór upp í tæplega 900 s. l. haust, þ. e. haustið 1968, þegar ég hygg, að hann hafi náð hámarki. En í skýrslunni, sem er dags. 11. nóv., segir, að nú starfi í Straumsvík um 550 manns, þegar starfsmenn við rekstur áliðjuversins eru meðtaldir. Það var einhvern tíma áætlað, held ég, að um 500 manns þyrfti við rekstur þessarar verksmiðju, þegar hún væri komin í full afköst, en þá var talað um 60 þús. tonn. En nú er aðeins um að ræða um 30—33 þús. tonna afköst. En það er nú verið að vinna að lengingu keraskálans, eins og nánar er gerð grein fyrir hérna, og það þýðir það, að þessi stækkun um 1/6 hluta kemur öll í viðbót við keraskálann, sem nú er lokið. Næsti áfangi, sem ÍSAL er skuldbundið til að hafa lokið 1972, er keraskáli jafnstór og langur og sá, sem nú er búið að ljúka með um 30—33 þús. tonna afköstum árlega. Hann verður þeim hluta styttri, sem nú er verið að bæta við keraskálann, þann fyrsta. Við erum ekki skuldbundnir til þess að leyfa neina stækkun á honum, en mér þykir líklegt, að álfélaginu muni á sínum tíma þykja mikill hagur að því fyrir sig að geta lengt þennan keraskála, annan keraskálann, þannig að hann yrði endanlega jafnlangur þeim, sem nú er byggður og verið er að byggja við, allt að því 900 m langur.

Álfélagið lét líka í ljós vilja sinn til þess, að stækkunin yrði ekki 20 MW málraun, eins og hér er um að ræða, heldur 40 MW, en Landsvirkjun taldi sig ekki hafa aðstöðu til þess að ganga að slíkum samningum á sama rafmagnsverði, því að útreikningar hennar og áætlanir eru ekki það langt komnar, að hún hefði getað gert sér grein fyrir, hvað rafmagnið mundi kosta fram yfir það, sem hér um ræðir, og því bíður það síns tíma, hvort

við teljum ástæðu til að samþykkja þá stækkun, sem þarna gæti verið um að ræða og kynni líka að vera hagkvæm.

Þegar grg. um stækkun og hraða uppbyggingu álbræðslunnar í Straumsvík var útbýtt á þinginu í vor, varð ég ekki var við, að út af því spynnust neins staðar deilur, og ég leyfi mér að vænta þess einnig, að það verði ekki deiluefni hér í þinginu, þó að nú sé leitað eftir heimild til að löggilda þennan viðbótarsamning, sem ég hef undirritað fyrir hönd ríkisstj., með fyrirvara um samþykki Alþ., og segi ég það fyrst og fremst vegna þess, að það sýnist allótvírætt, hvað sem öðrum deilum kann að líða um þetta mál frá fyrri tíð, að það, sem hér er um að ræða, sé hagkvæmt fyrir okkur, hagkvæmara en hafna því og halda áfram fyrri samningagerð. Ég var reyndar minntur á það í gær, að það hefðu verið kosnar sérstakar nefndir hér í þinginu, þegar álsamningurinn var til umr. á árinu 1966, en það mátti teljast eðlilegt á þeim tíma. Þar var um mikla nýjung að ræða og mikinn samning. Hér er í raun og veru ekki um annað að ræða en lítils háttar viðauka við hann, sem ég tel ekki, að sé þess eðlis, að það sé nein ástæða til skipunar sérstakrar nefndar, og hafði því hugsað mér herra forseti, að leggja til, að málinu yrði vísað til 2. umr. og hv. iðnn. að lokinni þessari umr.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Frv. þetta um viðaukasamning milli ríkisstj. Íslands og svissneska álfélagsins var lagt á borð þm. í gær og er tekið til 1. umr. í dag. Þetta er býsna flókið mál og margþætt, eins og frv. ber með sér, og erfitt að fjalla um það í heild efnislega með svona stuttum fyrirvara. Til þess mun að sjálfsögðu gefast tækifæri síðar, eftir að málið hefur farið til umr. í n. og hefur fengið þá könnun, sem óhjákvæmileg er. Meginatriði þessa frv. er að sjálfsögðu samningurinn um sölu á raforku, og í sambandi við þetta frv. er sjálfsagt að benda á það, að hér hefur að undanförnu verið rætt sérstaklega um raforkusamninginn við álbræðsluna. Borin hefur verið fram till. um skipun sérstakrar rannsóknarnefndar og um þá till. er nú verið að fjalla í þn. Ég tel, að það sé með öllu fráleitt að gera samning um viðbótarsölu á raforku til álbræðslunnar, fyrr en búið er að framkvæma þá rannsókn, sem þarna hefur verið lögð til. Ég tel, að þm. verði að vita það með óyggjandi vissu, hvort raforkuverð það, sem þarna er gert ráð fyrir, stendur undir framleiðslukostnaði eða ekki. Ég vil því leyfa mér að bera fram þá mjög eindregnu ósk til hæstv. ráðh., að þetta frv. um viðaukasamninginn verði stöðvað og það verði ekki tekið til afgreiðslu fyrr en búið er að framkvæma þá rannsókn, sem við höfum gert till. um. Ég tel það ósæmilegt með öllu, að alþm. taki nokkra ákvörðun um viðbótarviðskipti við álbræðsluna, fyrr en þeir hafa gengið úr skugga um, hvers eðlis þessi viðskipti eru og hvort þau eru okkur hagkvæm eða ekki.

Það urðu mjög langar umr. hér á þingi um raforkusamninginn, eins og kunnugt er. Og í lok þeirra umr. las hæstv. raforkumálaráðh. upp bréf frá bandaríska verkfræðifirmanu Harza. Það var eftir að ég hafði lokið ræðutíma mínum, svo að ég gat ekki gert neinar aths. við það þá og ætlaði mér raunar ekki að fara út í neinar almennar framhaldsumr. um raforkusamningana á þessu stigi málsins. En vegna þess, að það hefur verið staðhæft mjög í málgögnum hæstv. ríkisstj., að þetta Harza-bréf hafi gersamlega kveðið niður málflutning minn og hv. þm., Þórarins Þórarinssonar, vil ég leggja á það mikla áherzlu, að þessu fer víðs fjarri. Harza afneitar að vísu einum lið í hinni upphaflegu grg. sinni. Það afneitar þeim samanburði, sem verkfræðifirmað hefur þó birt ársfjórðungslega undanfarin ár á upphaflegri kostnaðaráætlun og kostnaði, eins og hann er núna, en sá samanburður Harza sýndi, að þarna var um að ræða 26% hækkun. Nú segir Harza, samkv. ósk hæstv. ráðh., að þessi samanburður hafi ekki verið raunhæfur. Pólitískar yfirlýsingar af þessu tagi skal ég láta liggja milli hluta, en á hitt vil ég benda, að tölum þeim, sem Harza birtir um endanlegan kostnað af virkjuninni, ber ákaflega vel saman við þær tölur, sem ég hef rakið í umr. Ég hef bent á það áður, að hæstv. raforkumálaráðh. lærði talsvert meðan umr. stóðu yfir, og þær tölur, sem hann var með, voru sífellt að nálgast þær tölur, sem ég hafði birt og þessar tölur frá Harza eru í ennþá meira samræmi.

Harza segir í bréfi sínu, að fyrri áfangi muni kosta 32.6 millj. dollara, en þá eru ekki meðtaldir vextir á byggingartíma, gengistap af innlendum kostnaði, skattar, tollar o. fl. Þá segir Harza, að það hafi fengið þá vitneskju frá Landsvirkjun, — það eru ekki tölur Harza heldur Landsvirkjunar, — að þessir kostnaðarliðir, sem ekki voru meðtaldir, nemi 6.3 millj. dollara. Þá er heildarkostnaður við fyrri áfanga kominn upp í 38.9 millj. dollara. Þá er ótalin gasaflsstöðin, sem Harza segir, að kosti 3.2 millj. dollara. En þá er heildarkostnaður við fyrri áfanga kominn upp í 42.1 millj. dollara eða 3700 millj. ísl. kr. Þetta er svo til alveg sama talan og ég var með hér í ræðu minni við 1. umr. fjárl. Og ef reiknað er orkumagn og rekstrarkostnaður á þann hátt, sem allir íslenzkir raffræðingar hafa gert við allar raforkustöðvar á Íslandi, þá verður sú staðreynd ekki umflúin, að þessi heildarkostnaður, sem Harza gefur upp, jafngildir raforkuverði, sem nú er um 45 aurar á kwst., tvöfalt meira en álbræðslan greiðir, og er þá meðgjöf okkar um 120 millj. kr. á ári, meðan svona er ástatt, að Búrfellsvirkjun starfar á hluta af endanlegum afköstum. Og ég endurtek það, sem ég sagði áðan: Þetta eru tölur Harza.

En hvað svo um síðari áfanga? Harza segir, að hann eigi aðeins að kosta 4.1 millj. dollara, og sömu tölur hefur hæstv. raforkumálaráðh. notað. Samt eru ekki liðnir nema 7 mánuðir síðan þessi sami hæstv. ráðh. lagði fram á þingi frv. um heimild til lántöku vegna síðari áfanga Búrfellsvirkjunar og greindi þar frá því, að síðari áfangi mundi kosta 7.5 millj. dollara. Ég hef þráspurt um það úr þessum ræðustól, hvernig farið sé að því að lækka þennan kostnað úr 7.5 millj. í 4.1 millj., eða um 3.4 millj., og það áður en nokkrar framkvæmdir eru hafnar. En ég hef ekki fengið neina skýringu. Ef við höldum okkur við þá tölu, sem hæstv. ríkisstj. gaf upp fyrir 7 mánuðum, þá verður heildarkostnaður af Búrfellsvirkjun 49.6 millj. dollara, en það er nákvæmlega sama talan og ég gaf upp í ræðu minni við 1. umr. fjárl. Ég held, að það skakki 5 millj. ísl. kr. Ef maður notar lægri töluna, sem fengin er með því að lækka þennan

kostnað snögglega á algerlega órökstuddan hátt, þá verður heildarkostnaður engu að síður 42.6 millj. dollara, eftir þeim tölum, sem Harza gefur upp, og eftir þeim tölum, sem hæstv. ráðh. hefur notað. Og jafnvel með þeirri tölu leiðir heildarkostnaðurinn til þess, að framleiðslukostnaður á kwst. verður ekki undir 24 aurum. Hann verður allavega yfir því verði, sem álbræðslan greiðir. Þetta eru staðreyndir, sem menn verða að átta sig á, og ég ætlast til, að hver einstakur þm. kanni þessa hluti af eigin raun, taki ekki aðra aðila trúanlega, heldur sannfæri sig um það sjálfur, hvað er rétt og hvað er rangt í þessu máli. Þess vegna lít ég á það sem meginatriði, að rannsókn á þessu atriði verði lokið, áður en ákvörðun er tekin um viðbótarsamning á raforku til álversins.

En í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, langar mig að víkja örlítið að öðru atriði. Þegar samið var við álbræðsluna, var hún, sem kunnugt er, undanþegin öllum venjulegum sköttum og skyldum, en í staðinn átti hún að greiða fast framleiðslugjald, sem þá var ákveðið 20 dollarar eða 1760 kr. á núv. gengi á hverja lest. Og það var staðhæft, að þessi fasta greiðsla jafngilti því, að álbræðslan greiddi svipaða skatta og önnur fyrirtæki á Íslandi. En álbræðslan greiðir alls ekki þessa upphæð, eins og nú standa sakir, heldur var um það samið á sínum tíma, að hún greiddi aðeins 12.5 dollara. Það hafa að vísu orðið breytingar á þessum tölum núna, vegna verðhækkunar á áli, en hlutföllin eru hin sömu. Þessi mismunur hefur verið notaður til þess að greiða með raforkunni til Búrfellsvirkjunar, svo að hægt sé að bókfæra verðið á 26.4 aura í staðinn fyrir 22 aura. En hér er að sjálfsögðu ekki um að ræða neina hækkun frá álbræðslunni. Þetta er aðeins meðgjöf úr ríkissjóði. Ríkissjóður sættir sig við lægri skatta en upphaflega var samið um, til þess að sú upphæð verði í staðinn notuð í sambandi við viðskiptin við Búrfellsvirkjun. Og hér er ekki um neinar smáupphæðir að ræða. Samkv. þeim samningi, sem hér liggur fyrir til umr., hefði álbræðslan átt að greiða 630 millj. kr. í framleiðslugjald til íslenzka ríkisins fram til 1. okt. 1975. Hins vegar mun álbræðslan aðeins greiða 393 millj. á þessu sama árabili. Mismunurinn er 237 millj. og það er framlag úr ríkissjóði Íslands til þess að greiða niður raforkuverð. Þessa niðurgreiðslu greiða Íslendingar að sjálfsögðu. En af hálfu stjórnarvalda verður þessi upphæð vafalaust notuð til þess að reyna að villa um fyrir almenningi um raunverulegt eðli þessara viðskipta.

Í grg. frv. og í ræðu hæstv. iðnmrh. hér áðan var viðbótarsala til álbræðslunnar á óbreyttu verði samt ekki fyrst og fremst rökstudd með því, að ágóði fáist af hverri kwst., heldur með hinu, að afkastageta Búrfellsvirkjunar sé svo mikil, að við þurfum ekki að nota alla orkuna, svo að það sé hagkvæmt að selja hana í stað þess að láta hana vera ónotaða. Greiðsla fyrir 20 MW í viðbót sé hreinn fjárhagslegur hagnaður fyrir Búrfellsvirkjun, vegna þess að annars hefði ekkert fengizt fyrir það orkumagn. En með röksemdafærslu af þessu tagi væri hægt að réttlæta hvaða viðskipti sem er og hvaða verð sem er. Jafnvel að það væri mannlegra og myndarlegra fyrir okkur að gefa raforkuna, en að láta þetta orkumagn ekki nýtast. En ef við höfum slík viðhorf í viðskiptum við erlendan aðila, þá erum við auðvitað að svipta okkur allri samningsaðstöðu. Í þessu felst það, að við teljum okkur ráðalausa og að við verðum að taka því, sem að okkur er rétt. En samningsaðstaða okkar er alls ekki svona léleg. Það er svissnesku álbræðslunni ákaflega mikið hagsmunamál að fá að stækka fyrirtæki sitt. Bræðslan er allt of lítil og þar af leiðandi óhagkvæm í rekstri. Og það er því stórfellt fjárhagsatriði fyrir hina erlendu eigendur að fá að stækka fyrirtækið. Við höfum fulla aðstöðu til þess að segja við viðsemjendur okkar, að við getum ekki selt þeim raforku nema tryggt sé, að greiðsla fyrir hverja kwst. standi a. m. k. undir kostnaðarverði. Og í tilefni af því, sem hæstv. iðnmrh. sagði hér áðan, að hann vissi ekki betur en Landsvirkjunarstjórn hefði staðið einhuga að slíkum samningum við álbræðsluna, þá get ég greint frá því, að þetta er ekki rétt hermt hjá hæstv. ráðh. Mér er kunnugt um það, að a. m. k. einn meðlimur Landsvirkjunarstjórnar lét bóka þann fyrirvara, að hann væri á móti raforkusölu, ef það væri ekki tryggt, að verðið stæði undir tilkostnaði okkar. Sú krafa, að við fáum greiddan kostnað við að framleiða raforku, er sannarlega ekki óbilgjörn. Og við þurfum ekki að standa frammi fyrir hinum erlendu aðilum sem neinir nauðleytamenn, vegna þess að það er hinn erlendi auðhringur sjálfur, sem hefur áhuga á að komast yfir orku okkar, breyta henni í markaðsverðmæti og flytja arðinn að verulegu leyti úr landi. Ég tel, að hæstv. iðnmrh. hafi haft allar forsendur til þess að halda fast á hagsmunum Íslendinga í þessu máli, og raunar hafði hæstv. ráðh. lofað Alþ. því, að þannig mundi hann halda á málum.

Ég hef minnt á það áður hér í umr. á þingi og ég vil minna á það enn, að í skýrslu, sem þessi hæstv. ráðh. gaf Alþ. skömmu áður en álsamningarnir voru gerðir, lagði hann á það mikla áherzlu, að það raforkuverð, sem samið hafði verið um í upphafi, væri svona lágt vegna þess, að þarna væri um að ræða tilraunastarfsemi, en við mættum ekki fallast á jafnlágt raforkuverð, ef samið yrði um aukin viðskipti. Ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að fara hér með nokkra kafla úr þessari skýrslu, sem hæstv. ráðh. lagði fyrir Alþ. Í henni segir svo á bls. 24:

„Í fyrsta lagi hugsar Swiss Aluminium sér að byggja hér á landi minnstu stærð alúmíníumverksmiðju, sem til greina er talin koma, þ. e. a. s. með 30 þús. tonna ársframleiðslu. Hefur það greinilega komið fram af hálfu fyrirtækisins, að það treystir sér ekki til þess að taka meiri áhættu hér á landi, þar sem engin erlend fyrirtæki hafa reynslu af sambærilegri starfsemi hér. Svo lítil verksmiðja er hins vegar ekki eins arðbær og stærri verksmiðja, og þarf því á hagstæðari kjörum að halda."

Neðar á sömu síðu segir svo:

„Að lokum er rétt að benda á, að líklegt er, að Swiss Aluminium mundi vilja teygja sig lengra, ef það fengi um leið fyrirheit um möguleika til stækkunar verksmiðjunnar með sæmilega hagstæðum kjörum. Það hefur hins vegar verið skoðun n., sem Alþjóðabankinn hefur einnig lagt áherzlu á, að Íslendingar ættu ekki að binda sig í þessu efni nema sem allra minnst. Vegna þess, að fyrsti áfanginn í stórvirkjunarmálum er sérstaklega erfiður hjalli fyrir Íslendinga, mundu þeir

samningar, sem nú virðast mögulegir, geta orðið Íslendingum mjög hagstæðir. Á hinn bóginn er engin ástæða til þess, að jafngóð kjör yrðu í boði, ef til stækkunar kæmi, enda yrðu þá viðhorfin í virkjunarmálum allt önnur en nú. Ef allt gengur vel í þessum efnum, svo að Íslendingar teldu sér hag í frekari stækkun alúmíníumverksmiðjunnar í framtíðinni, ættu Íslendingar að geta fengið svo að segja sömu kjör og Norðmenn þá byðu. Eftir því sem alúmíníumverksmiðjur stækka, verða þær hagstæðari, svo að Swiss Aluminium mundi tvímælalaust hafa áhuga á stækkunum, ef aðstæður í alúmíníumiðnaðinum væru þá enn svipaðar og nú. Kemur þetta m. a. í ljós af því, að fyrirtækið hefur lagt mikla áherzlu á, að nægilegt rými væri á verksmiðjusvæðinu til stækkunar, jafnvel allt að 160 þús. tonna ársframleiðslu."

Þarna segir hæstv. ráðh., að ef fallizt verði á stækkun verksmiðjunnar, höfum við full rök til að fara fram á sama verð og Norðmenn fá, en þeir fá nú 3.2 mill í staðinn fyrir þau 2.5, sem við fáum. Á bls. 28 í þessari sömu skýrslu er enn fremur komizt svo að orði um afstöðu Alþjóðabankans:

„Alþjóðabankinn hefur lagt áherzlu á, að þau kjör, sem nú hefur verið rætt um að bjóða alúmíníumbræðslunni, væru réttlætanleg vegna þeirrar þýðingar, sem alúmíníumbræðsla hefur fyrir fjárhagslega afkomu 1. áfanga Búrfellsvirkjunar. Verði alúmíníumbræðslan stækkuð í framtíðinni, telur bankinn hins vegar ekki rök fyrir því að bjóða jafnhagkvæm kjör. Hann leggur því áherzlu á, að samningar við Swiss Aluminium nú innihaldi ekki óeðlilega hagstæð skilyrði fyrir stækkun bræðslunnar í framtíðinni."

Á bls. 30 og 31 er enn fremur komizt svo að orði um þetta atriði, undir fyrirsögninni: Framtíðarmöguleikar:

„Það hefur verið lögð áherzla á það í þessari skýrslu, að bygging alúmíníumverksmiðju af þeirri stærð, sem um hefur verið talað, hafi mikla þjóðhagslega þýðingu, þó að ekki megi á þessu stigi málsins binda hendur Íslendinga með viðskiptalegum skuldbindingum um stækkun hennar. Á hinn bóginn er það mikilvægur þáttur þessa máls, að það má telja víst, að alúmíníumframleiðsla hafi mikla vaxtarmöguleika hér á landi, ef Íslendingar telja hagkvæmt að nota þá. Hins vegar er byrjunin alltaf langerfiðust, en eftir að 30 þús. tonna verksmiðja hefur verið byggð af Swiss Aluminium hér á landi, hlýtur samningsaðstaða Íslendinga varðandi frekari stækkun að verða miklu betri en ella."

Ég vil fara með þessa kafla alla til þess að sýna hvað mikla áherzlu hæstv. ráðh. lagði á þetta, þegar hann var að gefa Alþ. fyrirheitin um áframhald þessara samninga. Enn segir hann svo í lokin sem ályktunarorð:

„Æskilegt er, að slíkir samningar feli í sér sem minnstar skuldbindingar varðandi stækkun alúmíníumverksmiðjunnar í framtíðinni, þannig að áframhaldandi þróun þessa iðnaðar fari eingöngu eftir reynslu Íslendinga af þessum 1. áfanga og efnahagslegum hagsmunum Íslendinga í framtíðinni."

Ég tel, að hæstv. iðnmrh. beri skýlaus skylda til þess að standa við þessi fyrirheit, sem hann gaf Alþ., og ég tel, að Alþ. beri að tryggja það, að við þessa stefnu verði staðið.

Ég vil raunar benda á enn eitt atriði í þessu sambandi, sem ég geri ráð fyrir, að allmargir hv. alþm. kannist við. Það hefur verið rætt um það, að nú fljótlega verði lögð fyrir Alþ. till. um, að Íslendingar gerist aðilar að EFTA. Það er á allra vitorði, að álfélagið hefur lagt á það mikla áherzlu, að það teldi sér það ákaflega hagkvæmt, ef Íslendingar gengju í EFTA; félagið teldi það samsvara verulegum tekjuauka fyrir sig. Og því hefur verið haldið fram, að Íslendingar yrðu látnir njóta þess, ef þeir héldu þannig á málum, að álbræðslan gæti notið þess, að fyrirtæki hér væru innan EFTA. Þetta hefði einnig verið röksemd fyrir hæstv. ráðh. að nota í samningum sínum um raforkuverð, en jafnvel þótt þessi röksemd hafi einnig verið á hendi ráðh., þá er árangurinn ekki annar en þessi, að það er talað um óbreytt raforkuverð.

Ég hef áður vikið að því hér á þingi, að mér þótti aðferð hæstv. ráðh. í sambandi við þetta mál mjög óeðlileg. Hann skrifaði fyrst undir samning og hafði þar fyrirvara um það, að undirskriftin tæki því aðeins gildi, að Alþ. samþykkti hana. En í þessari aðferð er það að sjálfsögðu fólgið, að hæstv. ráðh. kemur með þetta frv. hingað sem eins konar úrslitakosti. Hann kemur ekki fyrst til Alþ. til að spyrja okkur, upp á hvaða býti sé unnt að semja við álbræðsluna, heldur semur hann fyrst og kemur síðan á eftir og krefst þess að Alþ. fallist á það, sem hann hefur gert. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort það sé ekki rétt skilið hjá mér, að ef Alþ. leyfði sér að breyta einum stafkrók í þessum samningum, þá væru þær undirskriftir, sem gerðar hafa verið, ógildar með öllu, þá yrðu að fara fram nýjar viðræður og nýjar undirskriftir. Ég hygg, að svo hljóti að vera, það liggur í hlutarins eðli, en vinnubrögð af þessu tagi eru að sjálfsögðu ótæk með öllu. Í sambandi við svona mál bar hæstv. ráðh. að kynna sér fyrst viðhorf Alþ. og reyna síðan að halda á þeim viðhorfum í samningum við hinn erlenda aðila.

Í umr. um þetta frv. verður að sjálfsögðu ekkert sagt um almenna gagnsemi þessara viðskipta milli Búrfellsvirkjunar og álbræðslunnar. Við höfum heyrt og séð almennan áróður af þessu tagi, og okkur hefur verið sagt, að Búrfellsvirkjun og þessir samningar við álbræðsluna hafi tryggt Íslendingum mun lægra raforkuverð en menn hefðu annars orðið að greiða. En hver er reynsla manna af þessari staðhæfingu? Ég vil enn ítreka spurningu, sem ég hef borið hér fram áður: Hvað er ætlunin að hækka raforkuna til Íslendinga mikið um næstu áramót? Er það satt, að ætlunin sé að hækka útsöluverð á raforku frá Landsvirkjun um allt að því 30% um næstu áramót? Í því yrði það þá fólgið, að heildsöluverð á raforku frá Landsvirkjun hefði hækkað um allt að því 50% á einu ári. Ef það gerist, þá veit almenningur af sinni eigin reynslu, hver einasti viðskiptavinur rafstöðva á Íslandi, hverjir hafa farið með rétt mál í þessum umr.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Þetta frv. var lagt fram hér á Alþ. í gær og þess vegna hefur verið takmarkaður tími til að kynna sér efni þess og hinar ýmsu skýrslur og tölur, sem því fylgja. Þess vegna verður það, sem ég segi hér, sagt með þeim fyrirvara, að ekki hefur gefizt tími né aðstaða til þess að íhuga efni þess

nægilega. En mér sýnist svo við fljótan yfirlestur, að í frv. felist tvö meginatriði.

Fyrra atriðið er það, að framkvæmdum við uppbyggingu álbræðslunnar verður hraðað um 2—3 ár og hún kemst af þeim ástæðum fyrr til fullra nota en ella.

Hitt atriðið sýnist mér að felist í því, að heildarsala á raforku til álbræðslunnar verður aukin úr 120 í 140 MW, eða um rúmlega 20 MW, og samfara því fari fram stækkun á álbræðslunni, sem svari því, að hún framleiði 10—11 þús. lestum meira af áli, heldur en upphaflega var gert ráð fyrir, þannig að framleiðsla hennar verði eftir þessa stækkun frá 70—77 þús. smálestir í staðinn fyrir 60—61 þús. smálestir.

Ég hygg, að það liggi í augum uppi í sambandi við fyrra atriðið, — þ. e. að framkvæmdum við álbræðsluna verði hraðað og afköst hennar verða þess vegna fyrr nýtt en ella, — að það sé óbeinn hagur að því fyrir okkur; hagur fyrir Landsvirkjun og þjóðina í heild að ýmsu leyti. Þetta þýðir t. d. það, að orka, sem ella mundi fara til einskis hjá Búrfellsvirkjun, nýtist fyrr og betur en ella, svo ég tel þetta atriði samningsins ótvírætt vera til hagræðis.

Um hitt atriðið, sem snýst um það, að orkusalan verði aukin um 20 MW, — þ. e. heildarorkusalan þegar álbræðslan verður komin til fullra nota, — er það að segja, að hvort í því felst hagræði fyrir okkur eða ekki, byggist á því, hvort það verð, sem hér fæst, fullnægir til að mæta kostnaðarverði á orkunni frá Búrfellsvirkjun eða ekki. Um þetta kom fram ágreiningur í Landsvirkjunarstjórn. Að vísu mun það vera rétt, að allir þeir, sem þar eiga sæti, greiddu atkv. með samningnum, en tveir þeirra með fyrirvara, og ég veit að annar þeirra, Sigtryggur Klemenzson, greiddi atkv. með samningnum með þeim fyrirvara, að hann teldi þetta orkuverð of lágt.

Mér finnst rétt að rifja það upp í þessu sambandi, hvernig áætlanir voru um orkuverðið, þegar frá álsamningnum var gengið hér á Alþ. vorið 1966. Orkusamningurinn var þá byggður á áætlun, sem var í stuttu máli á þessa leið: Það var gert ráð fyrir því, að fyrsti áfangi Búrfellsvirkjunar mundi kosta 31.5 millj. dollara miðað við þáverandi gengi. Það var gert ráð fyrir því, að lánin, sem fengjust til virkjunarinnar, yrðu með þeim kjörum, að vextirnir yrðu 6% og lánstíminn 25 ár. Og samkvæmt þessu átti kostnaðarverðið á rafmagni frá virkjuninni að vera 21.1 eyrir á kwst. Nú blasir það við, að þetta hefur hvergi nærri staðizt. Eins og komið hefur hér fram í umr., þá er kostnaður við 1. áfanga, sem nú er að verða búinn eða segja má, að sé lokið, orðinn 38—40 millj. dollara í staðinn fyrir 31.6 millj. dollara, eins og upphaflega var áætlað. Stofnkostnaðurinn er því orðinn einum 7—8 millj. dollara hærri en upphaflega var ráð fyrir gert, og það hlýtur að sjálfsögðu að hafa sín áhrif á rekstrarkostnaðinn. En meira munar þó í sambandi við þau lánskjör, sem eru á lánunum. Eins og ég sagði áðan, var gert ráð fyrir því í áætluninni, að vextir yrðu 6% og lánin yrðu greidd á 25 árum. En erlendu lánin, sem nú hvíla á Búrfellsvirkjun, eru í stuttu máli þessi: Lán frá Alþjóðabankanum upp á 18 millj. dollara, sem er með 6% vöxtum til 25 ára. Þar hefur það náðst, sem að var stefnt. En svo kemur 6 millj. dollara lán. Á því eru 7% vextir og það er aðeins til 15 ára. Þá kemur 4 millj. dollara lán. Á því eru 7½% vextir til 10 ára. Og í fjórða lagi kemur annað 6 millj. dollara lán, og á því eru 7½% vextir og það aðeins til 5 ára. Ég held, að það liggi í augum uppi, að lánskjörin eru þess vegna mun óhagstæðari en gert er ráð fyrir í þeirri áætlun, sem lögð var fyrir Alþ. vorið 1966 og orkusamningurinn við álbræðsluna var byggður á. Og ég held, að þegar þetta er athugað, þá sé framleiðsluverðið á kwst. frá Búrfellsvirkjun orðið miklu meira en 21.1 eyrir, sem gert var ráð fyrir, og í reynd miklu meira en þeir 22 aurar, sem við fáum fyrir kwst. af þeirri raforku, sem við seljum álbræðslunni. Við þetta er svo því að bæta, að hér er ekki reiknað með gasaflsstöðinni, en samkvæmt því, sem hæstv. raforkumrh. hefur upplýst, nemur kostnaðurinn af henni 1½ eyrir á hverja kwst., sem Búrfellsvirkjun kemur til með að framleiða, þegar hún er fullnýtt.

Mér virðist, að samkvæmt því, sem ég nú hef rakið, hljóti kostnaðarverðið á raforkunni frá Búrfellsvirkjun að vera orðið miklu meira en þeir 22 aurar, sem við fáum fyrir orkuna, sem við seljum álbræðslunni, ef áætlun sú er lögð til grundvallar, sem var lögð fyrir Alþ. 1966 og orkusamningurinn við álbræðsluna var byggður á. En það kann að vera, að við þær tölur, sem ég hef nú nefnt, megi gera einhverjar aths., og þess vegna er það eðlilegt og óhjákvæmilegt áður en frá þessum málum verður gengið, að það fari fram ýtarleg, vönduð og hlutlaus athugun á því, hvert raunverulegt framleiðsluverð er hjá Búrfellsvirkjun. Og ég segi það hvað mig snertir, að ef það kemur í ljós, að þær tölur, sem ég hef hermt, eru ekki réttar, þá skal ég fúslega viðurkenna það, en ekki fyrr en liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar um að svo sé. Ef hæstv. ríkisstj. lítur svo á málið, að þessar tölur megi vefengja, þá sé ég ekki, að hún eigi að hafa á móti því, að slík athugun fari fram. Að sjálfsögðu verður Alþ. að hafa um það fulla vitneskju, áður en endanlega er frá þessu máli gengið, hvað er hið rétta í þessum efnum. Ég trúi ekki öðru að óreyndu, en að hæstv. ríkisstj. fallist á það. Ég vænti þess að fá svar um þetta atriði hjá hæstv. iðnmrh., helzt nú við þessa umr.

Ég tek svo undir það, sem hér hefur komið fram, að ég tel eðlilegt, að áður en þetta mál verður afgr. liggi fyrir upplýsingar um það frá hæstv. ríkisstj., hvort hún fyrirhugar einhverjar hækkanir á raforkuverðinu innanlands. Ef sá samningur, sem hér liggur fyrir, er jafnhagstæður og iðnmrh. vill vera láta, þá finnst mér ólíklegt, að það þurfi að eiga sér stað nokkur hækkun á innanlandsverðinu.

Mér finnst rétt að vekja athygli á einu atriði í sambandi við framleiðslugjaldið. Í grg. frv. er að finna marga útreikninga á því, hve miklar tekjur verði af framleiðslugjaldinu, langt fram í tímann. En í því sambandi vil ég vekja athygli á þeim fyrirvara, sem er í grg. á bls. 15—16. En hann er á þessa leið:

„Á samanburðinn verður og að líta með þeim fyrirvara um endanlega fjárhæð gjaldsins, sem leiðir af ákvæðum málsgr. 27.05. í aðalsamningnum um endurgreiðslu þess að því leyti, sem það kann að fara fram úr 50% af nettótekjum ÍSALs á einhverju ári. Sá fyrirvari mundi þó aðeins hafa áhrif á gjaldtekjur áranna 1984—1994, ef á hann reynir á annað borð."

Eins og hér kemur fram, þá er það ákveði í samn-

ingnum, að álbræðslan þarf aldrei að greiða meira framleiðslugjald heldur en sem nemur 50% af nettótekjum ÍSALs. Nú var það á sínum tíma haft sem aðalröksemd gegn því að álbræðslan væri undir íslenzkum skattalögum, að það væri mjög erfitt að hafa eftirlit með framtali hennar, hún hefði það í hendi sinni að sýna mjög lítinn tekjuafgang og þar af leiðandi gæti hún að mestu komizt hjá sköttum. Mér sýnist, að samkvæmt þessu ákvæði hafi álbræðslan þennan möguleika eftir sem áður, og ef hún aðeins hagar framtölum sínum á þann veg að sýna mjög lítinn tekjuafgang, þá getur hún fengið framleiðslugjaldið verulega lækkað. Það er vert að hafa þetta atriði einnig í huga. En það getur einnig átt sér stað, að nettótekjur álbræðslunnar blekki af eðlilegum ástæðum, og þá hefur það sín áhrif á hvert framleiðslugjaldið verður.

Ég vil svo að lokum víkja að því, sem snertir næstu framkvæmdir í virkjunarmálum, en sá orkusamningur, sem hér liggur fyrir, hefur talsverð áhrif á þær. Ef þessi aukna orkusala ætti sér ekki stað, þá mundi raforkan frá Búrfellsvirkjun nægja til innanlandsnota fram til ársloka 1976, samkvæmt þeim síðustu útreikningum, sem hafa verið gerðir um þetta efni. En verði af þessari orkusölu, þá er gert ráð fyrir því, að orkan frá Búrfelli verði fullnýtt í árslok 1974. Þetta þýðir það, að við þurfum að vera fyrri til með nýjar virkjunarframkvæmdir, a. m. k. tveimur árum fyrr en ella. Ég sé í grg., að gert er ráð fyrir því, að til þess að brúa þetta bil verði ráðizt í 20 MW virkjun, er verði tilbúin fyrir árslok 1977. Ég vildi beina þeirri fsp. til hæstv. ráðh., við hvaða virkjun er hér átt, hvar ráðgert er að þessi 20 MW virkjun verði og hvað er svo ráðgert í framhaldi af henni? En það gefur auga leið, að ekki er hér langur tími til stefnu, því hér er ekki nema um 4 ár að ræða eða 6 ár, ef maður reiknar með þessari 20 MW virkjun til viðbótar, og þess vegna þarf að undirbúa alveg ákveðnar áætlanir um það, hvernig virkjunarframkvæmdir verða hér næsta áratug, ef ekki á að koma til raforkuskorts hér innanlands á þessu tímabili. Ég hygg, að það hljóti að vera svo, að Landsvirkjun hafi undirbúið einhverjar áætlanir í þessu sambandi, og þá væri fróðlegt að fá upplýsingar hæstv. ráðh. um, hverjar þær séu og hvort eitthvað sé farið að undirbúa fjáröflunarmöguleika í því sambandi og hvenær megi vænta þess, að framkvæmdir við þessar virkjanir hefjist.

Það, sem ég vil að lokum leggja áherzlu á, er það, sem ég hef raunar áður tekið fram, að mér finnst nauðsynlegt, að áður en endanlega verður gengið frá afgreiðslu málsins hér á Alþ., þá liggi fyrir eins glöggar og óhlutdrægar upplýsingar og verða má um það, hvert sé hið raunverulega framleiðsluverð á orkunni frá Búrfellsvirkjun, því að á þeim upplýsingum hljóta menn að byggja að mjög verulegu leyti þá afstöðu, sem þeir taka til þessa frv.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég get sagt eins og báðir þeir hv. þm., sem hér hafa talað, 4. þm. Reykv. og 6. þm. Reykv., að ég hafði ekki hugsað mér að gera neitt sérstaklega að umtalsefni þær deilur, sem spunnizt hafa hér í sambandi við annað þingmál, um kostnaðarverð orkunnar frá Búrfellsvirkjun. Sú rannsókn, sem þeir tala um, till. til rannsóknar, er í þinglegri meðferð hér í þinginu, og málið er eins og kunnugt er nú í n. Um það, hverjar till. n. verða eða afgreiðslu þingsins á þeirri ályktun, veit ég jafnlítið og þeir nú. Hins vegar þarf engan veginn að leggja neitt kapp á að hafa sérstakan hraða á afgreiðslu þessa máls, og þegar talað er um að þetta mál verði ekki endanlega afgr. fyrr en meiri vitneskja liggi fyrir um þau atriði, sem menn hafa þar verið að deila um, þá sé ég ekki, að það eigi að vera neitt því til fyrirstöðu, að málið geti gengið sinn vanagang hér við 1. umr. og farið til þeirrar n., sem mundi þurfa að fara í gegnum samningsuppköstin og annað slíkt, enda er þetta lagafrv., sem á fyrir höndum, eins og venja er til, þrjár umr. í báðum deildum.

Nokkuð hafa hv. þm. kvartað undan því, að frv. hafi verið lagt fram fyrst í gær og síðan tekið strax nú til umr. Þetta má að vísu alveg til sanns vegar færa, að það sé ekki mikill tími til að athuga málið, en ég hafði þá bara í huga, að í raun og veru hafði allt efni frv. verið lagt fyrir í skýrslunni frá 13. maí s. l., sem afhent var öllum þm. áður en þinginu var slitið í vor. Þar var efnishlið málanna öll skýrð og gert ráð fyrir því, að frv. yrði lagt fram um þetta og þær formlegu breytingar, sem báðir aðilar þyrftu að gera til þess að geta lagt þær fyrir þingið. Ég hafði gert mér vonir um að þetta frv. gæti verið tilbúið strax og þing kom saman, en það tók nú lengri tíma en búizt var við að koma þessum málum formlega í höfn, þó að efnishliðarnar væru allar ljósar. Að þessu var unnið af fulltrúum Alusuisse, ÍSALs og ríkisstj., og fulltrúum Alþjóðabankans einnig, áður en þeir samningar voru undirritaðir, sem hér er lagt til að fái lagagildi.

Það skiptir í sjálfu sér litlu máli þetta ákvæði, sem hv. 4. þm. Reykv. vék að, þ. e. sá fyrirvari, að framleiðslugjaldið fari ekki fram úr 50% af nettótekjum ÍSALs. Það var til umræðu á sínum tíma og ég gerði þá grein fyrir því, en í því sambandi vil ég aðeins minna á það, að í stjórn ÍSALs eru tveir umboðsmenn ríkisstj. Ég hygg, að við eigum þá að hafa mjög góða aðstöðu til þess að fylgjast fullkomlega með rekstri fyrirtækisins, bókhaldi þess, uppgjöri og öðru slíku, þannig að það sé af þeim ástæðum ekki þörf á því að ala á neinni tortryggni í garð fyrirtækisins í sambandi við fölsuð framtöl, sem gætu aðstoðað ÍSAL til þess að fá fram lækkun framleiðslugjaldsins samkvæmt þessari grein.

Um 20 MW virkjunina, sem hv. 4. þm. Reykv. spurði um, þá veit ég ekki annað en það, sem kom fram í grg., að Landsvirkjun reiknaði með kostnaði vegna 20 MW vatnsaflsstöðvar, er tekin yrði í notkun í ársbyrjun 1975. Þar held ég að sé miðað við meðalverð, mér er ekki kunnugt um annað, svo að ég get ekki upplýst á þessu stigi, hvort um tiltekna vatnsvirkjun er þarna að ræða. En það er að sjálfsögðu rétt að reyna að afla frekari upplýsinga um þetta og koma þeim á framfæri við þm. og þá n., sem fær málið til athugunar. Landsvirkjun hefur ekki lagt fram grg., sem ég hef séð, um áætlanir á næstu árum, en það getur verið, að þess sé getið í þessum grg., þó að ég muni það ekki á þessu stigi málsins, að það sé nokkuð mótað nú þegar, hvað hér er um að ræða, þ. e. hvers konar virkjun og hver áætlaður kostnaður kynni að vera.

Varðandi ræðu hv. 6. þm. Reykv., þá hef ég eiginlega litla ástæðu til þess að segja mikið um hana. Hv. þm. gerði mikið úr því, að ég hefði lagt fram skýrslu á sínum tíma, þegar málið var á undirbúningsstigi, og þá talað um að við ættum síðar meir að geta krafizt hærra raforkuverðs en í álsamningunum yrði. Þegar samningarnir voru gerðir vorið 1966, þá voru þeir miðaðir við 60 þús. tonna bræðslu, sem ekki yrði lokið fyrr en 1975. Hvort eitthvað kemur fram í þessari eldri skýrslu um það, hvenær gert var ráð fyrir, að þeirri virkjun væri lokið, get ég auðvitað ekkert sagt núna, man það ekki svo glöggt, en það liggur í hlutarins eðli, — og það las hv. þm. upp úr skýrslunni, — að einmitt þegar byggingu væri lokið og um það væri að ræða að stækka þá álbræðslu, — enda yrðu þá viðhorfin í virkjunarmálum allt önnur en nú, — þá yrði ekki hægt að byrja á því fyrr en eftir 1975. Ég hygg, að það verði að meta margt af þessu, sem hv. þm. las þarna upp, með hliðsjón af því, hvenær það er sagt og hvað þá var áformað, og bera það svo saman við það, sem er verið að gera núna. Það er það, sem ég legg megináherzlu á og ég gerði í sambandi við þessa samningsgerð, sem hér er til meðferðar, að þessari stækkun, sem við erum að tala um núna, þ. e. a. s. 10 þús. tonna ársframleiðsla, sem krefst 20 MW orku, er skotið inn í framkvæmdaröðina, þannig að hún á að vera búin 1970. En við erum þá með samninga í gildi um, að verksmiðjubyggingunni ætti ekki að vera lokið fyrr en 1975. Stækkuninni er skotið inn á þessu stigi, og eins og hv. 4. þm. Reykv. benti réttilega á, er það hagkvæmt fyrir Landsvirkjunina á þessu stigi málsins að auka orkunotkunina við þær virkjunarframkvæmdir, sem þegar hafa átt sér stað, til þess að geta á þann hátt á erfiðum tíma nýtt meira af orkunni, sem ella færi til einskis.

Ég legg ekkert sérstakt upp úr því að elta ólar við fleira, sem sagt var, en ég hygg, að í raun og veru sé það, ef betur er að gáð, töluvert villandi, sem fram var sett af hv. þm., og það verði að meta með hliðsjón af aðstæðum nú þegar við erum að gera þessa samninga og selja 20 MW í viðbót á sama verði og frá árinu 1970.

Mér er ekki kunnugt um það, að álbræðslan eða fyrirsvarsmenn hennar hafi lagt neina sérstaka áherzlu á, að við gengjum í EFTA, hvað þá að ég hafi nokkurn tíma heyrt, að þeir hafi haft orð á því, en þetta var nú orðað svona hjá einum hv. þm., að ef við gengjum í EFTA, þá skyldum við fá að njóta góðs af því á einn eða annan hátt. Þetta er mér alveg ókunnugt um. Ég veit hins vegar það, að ÍSAL eða Alusuisse, sem selur þetta hráál allt saman, hafði upphaflega gert ráð fyrir að hafa aðalmarkað sinn fyrir álið í Englandi. Svo í millitíðinni ráðast Englendingar í álbræðslubyggingar sínar með því móti að veita opinbera styrki til þeirra, sem nema einhvers staðar á milli 30 og 40% af kostnaðinum. Þá ættu þeir að hafa eigið ál á sínum markaði. Þó hygg ég, að það sé langt frá því að fullnægja því, sem enski markaðurinn tekur af áli. En ég held, að það sé svo, að það sé enginn tollur á hrááli við innflutning í Bretlandi, þannig að EFTA-aðild að því leyti skipti ekki máli. En ég man eftir því, að forstjóri Alusuisse, Meyer, greindi frá því haustið 1968, að þeir hefðu vegna breyttra kringumstæðna myndað dótturfyrirtæki í Bandaríkjunum, sölufyrirtæki, einmitt með hliðsjón af álframleiðslu hér og annars staðar, og ætluðu að leggja meiri áherzlu á það heldur en þeir upphaflega hefðu gert ráð fyrir, með hliðsjón af því, að brezki markaðurinn hefði ekki innan sinna vébanda neina álframleiðslu. Þetta er það, sem ég get sagt um þetta atriði, en ég held, að þetta tvennt tengist ekki neitt saman, þ. e. áhugi Alusuisse fyrir EFTA og hvort við eigum að ganga í EFTA eða ekki.

Auðvitað er það rétt hjá Magnúsi Kjartanssyni, hv. 6. þm. Reykv., að það má lengi gagnrýna þá meðferð á málinu, sem hér er viðhöfð og var viðhöfð 1966, þ. e. að leggja fyrir gerða samninga, þar sem ekki er hægt að koma breytingum við. Ég viðurkenni, að það væri miklu æskilegra að geta haft aðra aðferð við slík mál. En í fjölmörgum milliríkjaviðskiptum og samningagerðum, sem við höfum samþ. og staðfest hér á Alþ., hefur ekki verið hægt að hafa annan hátt á. Sú ríkisstj., sem á hverjum tíma fer með svona mál, verður sjálf að taka á sig þá ábyrgð að kynna sér viðhorf í þinginu og vita, hvaða áhættu hún tekur á sig, áður en hún leggur málið fram. Ég er ekki að mæla þessari aðferð bót, en ég held, að hún sé óhjákvæmileg í svipuðum tilfellum og þessu og tilfellinu 1966, sem var nokkuð gagnrýnt þá líka. Ég man vel eftir því, að þá var erfitt að komast fram hjá málsmeðferð sem þessari.

Hv. 6. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, og hv. 4. þm. Reykv., Þórarinn Þórarinsson, spurðust fyrir um hækkun raforkuverðs um áramótin. Og hv. 6. þm. Reykv. sló því föstu, að ef rafmagnið hækkaði um áramótin, þá vissi hver einasti viðskiptavinur rafstöðva, hverjir hafa farið með rétt eða rangt mál. Þá væri það sannað, að rafmagnið þyrfti að hækka vegna raforkusamningsins við álverksmiðjuna. Það, sem hefur verið haldið fram af mér og fleirum, er haft eftir sérfræðingum, sem hafa reiknað það út, bæði íslenzkum og erlendum, að ef samningurinn hefði ekki verið gerður á sínum tíma við álbræðsluna, hefði raforkuverðið til Íslendinga orðið hærra. Það hefði engin önnur virkjun án álbræðslu getað gefið lægra verð. M. ö. o.: með því að virkja í tengslum við stóriðju þurfa Íslendingar að borga minna en ella. Á sama hátt mundi niðurstaðan af þessu verða sú, ef rafmagnið hækkar um áramótin, að það mundi hafa hækkað meira, ef við hefðum ekki verið í þessum tengslum. En þetta er ekkert nýtt, sem hér hefur komið fram, og svo ætla menn að tengja það við deilurnar um raforkuverðið núna og telja það eitthvert sönnunargagn fyrir því, að hv. 6. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, hafi rétt fyrir sér í deilu um raforkuverðið í nóv. 1969, ef rafmagnsverð hækkar. Búið var að gera þm. í grg. frá því í maí í vor, sem var byggð á till. Efnahagsstofnunarinnar, grein fyrir þessari væntanlegu rafmagnshækkun, alveg án tillits til nokkurra deilna um það, hvort raforkuverðið til álbræðslunnar stæði undir kostnaðinum af orkunni frá Búrfellsvirkjun. Það kom greinilega fram hjá Landsvirkjunarstjórn, að hún taldi sig hafa gert fjárhagsáætlanir fyrir afkomu Landsvirkjunar til ársloka 1985, annars vegar miðað við, að bræðslan verði komin í fulla stærð 1972 án stækkunar, og hins vegar miðað við 10 þús. tonna stækkun 1970 og fulla stærð 1972. Í þessum áætlunum sínum byggði Landsvirkjunarstjórn m. a. á þeim forsendum, að heildsöluverð á rafmagni til rafveitnanna

þyrfti að hækka frá 1. jan. 1970, og taldi það vera áfanga þeirrar hækkunar, sem í samráði við Efnahagsstofnunina fyrir ári var talin óhjákvæmileg vegna síðustu gengisbreytingar. Og ef þessi hækkun vegna síðustu gengisbreytingar á að vera sönnun fyrir því, hverjir fara með rétt eða rangt mál í þeim deilum, sem hér hafa staðið yfir, þá held ég, að þar sé skotið yfir markið.

Ég fellst alveg á það með hv. þm., sem hér hafa talað, að það er auðvitað rétt og það stendur til, að þingið fái nánari grg. um raforkuverðið, sem deilt hefur verið um. Ég er búinn að tjá mig um það, að það þarf ekki að hafa neinn sérstakan hraða á afgreiðslu þessa máls, en hins vegar legg ég áherzlu á það, að við getum lokið 1. umr. og málið gangi eðlilega til n. En ég mun ekki á nokkurn hátt ætlast til þess, að framgangur þess verði slíkur, að endanleg afgreiðsla fari fram, áður en rannsóknartillagan títtnefnda hefur fengið sína þinglegu meðferð.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég fagna því, að hæstv. iðnmrh. hefur lýst yfir því, að hann telji ekki ástæðu til þess að afgreiða þetta frv. fyrr en búið er að gera þá grein fyrir framleiðslukostnaði á raforku frá Búrfellsvirkjun, sem þm. telja viðunandi. Ég lít á þetta sem óhjákvæmileg vinnubrögð, og það er að sjálfsögðu fagnaðarefni, að hæstv. ráðh. er á sömu skoðun um það efni. Hæstv. ráðh. kvaðst ekki vilja á þessu stigi ræða raforkuverðið, og mun ég því ekki fara frekar út í það. Mig langar aðeins að víkja örfáum orðum að nokkrum atriðum, sem hæstv. ráðh. minntist á í ræðu sinni, og vék þar aðallega að því, sem ég sagði í ræðu minni hér áðan.

Hæstv. ráðh. hélt því fram, að skýrsla sú, sem ég vitnaði til, hefði verið miðuð við 60 þús. tonna verksmiðju. (Gripið fram í.) Þessi ummæli, sem ég vitnaði til hér, voru öll miðuð við 30 þús. tonna verksmiðju og því var haldið fram sem röksemd, að það væru ekki rök fyrir því að semja um óbreytt raforkuverð, ef hún yrði stækkuð frá 30 þús. tonnum. Þetta kemur fram hér á bls. 24. Þar er verið að tala um 30 þús. tonna ársframleiðslu og í mörgum af þessum tilvitnunum. Ég get farið með þetta aftur fyrir hæstv. ráðh., ef hann vefengir þetta. Röksemdafærslan var öll miðuð við 30 þús. tonna verksmiðju, og þar var því haldið fram, að ef samið yrði um stækkun verksmiðjunnar, væru ekki rök fyrir því að hafa óbreytt raforkuverð, heldur gætum við farið fram á sama raforkuverð og Norðmenn fá. Þetta var málflutningur hæstv. ráðh. nokkru áður en samningurinn var gerður, og hann var miðaður við það ástand, sem hefur verið hér á Íslandi, 30 þús. tonna álbræðslu.

Hæstv. ráðh. vék að því, að það væri ekki ástæða til þess að óttast, að framtöl álbræðslunnar yrðu ekki rétt, því að í stjórn væru tveir fulltrúar ríkisstj., sem gætu fylgzt með þeim málum, eftir að hafa fengið langa reynslu af því, því að þetta kæmi ekki til fyrr en eftir alllangan tíma. Í þessu sambandi vil ég benda á það, að álhringurinn ræður yfir öllum framleiðsluferlinum frá námum og upp úr, þannig að hann hefur það á valdi sínu að ákveða verðlag á hverju einstöku þrepi þessarar framleiðslu. Hann getur hagað málum þannig að taka meira fé í sambandi við námugröftinn, minna við bræðsluna o. s. frv. Þetta er algerlega á valdi hins erlenda aðila, og í þessu þarf ekki að vera fólgin nein þess háttar fölsun, sem reikningsvísir menn, fulltrúar hæstv. ríkisstj., geti vefengt. Þarna er um að ræða atriði, sem allir þekkja, sem hafa einhverja vitneskju um starfsemi hringa af þessu tagi, að þeir geta hagrætt málum á þennan hátt, eftir því sem þeim hentar. Og að sjálfsögðu vofir þessi vandi yfir okkur einnig.

Hæstv. ráðh. viðurkenndi, að það væri í sjálfu sér réttmæt aths., að þetta væri ekki góð aðferð, að gera fyrst samning, en leggja hann síðan fyrir þing sem eins konar úrslitakosti. Ég skal á móti fallast á það við hæstv. ráðh., að stjórnarvöldum er vissulega vandi á höndum, þegar um slík verkefni er að ræða. En ég held, að það sé mjög auðvelt að tryggja nánari samvinnu Alþ. og ríkisstj., þegar þannig stendur á. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri skylda ríkisstj. að kynna sér afstöðu þm. til slíkra mála, áður en frá þeim væri gengið. Mér er ekki kunnugt um það, að hæstv. iðnmrh. hafi gert neina slíka tilraun, a. m. k. ekki að því er snertir þann flokk, sem ég er í. Ég held, að það sé víða sá háttur á hafður erlendis, þar sem ég þekki til, að ríkisstj. kveður til þn. til þess að fjalla með sér um slík mál, og geri ég þá ráð fyrir því, að nm. hafi samband við flokka sína. Þetta hefur hæstv. ríkisstj. gert í sambandi við sum mál, sem fram hafa komið seinustu árin, en hæstv. iðnmrh. sá ekki neina ástæðu til þess að hafa þennan hátt á í sambandi við þetta mál. Og ég verð að telja, að þetta sé óeðlileg aðferð og að hæstv. ráðh. hafi þarna ekki haft þá samvinnu við Alþ., sem honum ber að hafa.

Í sambandi við það, sem hæstv. ráðh. sagði um verksmiðjur í Bretlandi, — hann hefur oft minnt á það áður hér, — að brezk stjórnarvöld hafi lagt fram stofnkostnað til álbræðslu, 30—40%, vil ég minna á það, að þetta er gert til þess að fá álbræðslur til þess að fallast á raforkuverð, sem er mun hærra en almennt gerist. Raforkuverð til þessarar verksmiðju í Bretlandi er æ hærra en almennt gerist í Evrópu og langtum hærra en verðið á Íslandi. Þetta er gert til þess að fá bræðslurnar til að fallast á það óhagkvæma raforkuverð, sem þarna er um að ræða, og þetta verða menn að taka með í reikninginn, ef þeir eru að bera þetta saman.

Sú hækkun raforkuverðs, sem vitað er að von er á, er ekki afleiðing af gengislækkunum. Það er kunnugt, að ráðamenn Landsvirkjunar hafa haft miklar áhyggjur af því, að afkoma Búrfellsvirkjunar sé ekki eins góð og Alþjóðabankinn gerði að skilyrði á sínum tíma. Og Landsvirkjun hefur fengið um það vísbendingu frá Alþjóðabankanum, að hann hafi áhyggjur af því, að afkoman sé of léleg. Þetta stafar að sjálfsögðu af því, að raforkusamningurinn við álbræðsluna hefur reynzt óhagkvæmur, og þessi met er reynt að jafna með því að hækka verðið á raforku til Íslendinga í staðinn. Þessi hækkun er, eftir því sem horfur eru á núna, allt að því 50% á einu ári. Og í þessu er auðvitað ekkert annað fólgið en það, að það er verið að leggja kostnað á landsmenn til þess að rísa undir þessum óhagkvæmu viðskiptum við álbræðsluna.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Já, svona gera þeir þetta í Bretlandi. Þeir gefa upp 40% af kostnaðarverðinu vegna raf-

magnsins, af því að rafmagnsverðið er svo hátt. En er þetta ekki það sama og að láta verksmiðjurnar, sem þarna eru reknar, fá allt annað rafmagnsverð heldur en aðrir neytendur í Bretlandi fá. Ég hefði haldið það. En þetta skiptir ekki miklu máli.

En út af meðferð málsins vil ég aðeins segja þetta: Hv. þm. kannast ekki við, að ég hafi leitað til hans eða hans flokks um meðferð þessa máls. Það er alveg rétt, og heldur ekki til hins stjórnarandstöðuflokksins. En ég vil minna á það, að ég lagði fram í þinginu grg. um efni málsins í maí, og þess vegna vissu stjórnarandstöðuflokkarnir fullkomlega hvað var í uppsiglingu, og þá var auðvitað tími til, ef þeir vildu óska eftir einhverri hlutdeild og samvinnu um málið af þeirra hálfu, að hafa samband við mig, eins og ég hefði frekara samband við þá heldur en að segja þeim í maímánuði, hvað til stæði, því þá var ekki neitt undirskrifað og engin binding komin í málið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 17. fundi í Nd., 24. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til iðnn. með 32 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., 12. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 112, n. 375, 390 og 391).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Iðnn. hefur haft þetta mál til athugunar og m. a. rætt við og fengið ýmsar upplýsingar hjá þeim dr. Jóhannesi Nordal, stjórnarformanni Landsvirkjunar, og Eiríki Briem verkfræðingi, framkvæmdastjóra Landsvirkjunar. Hér er um að ræða staðfestingu á viðaukasamningi við Swiss Aluminium um álbræðslu við Straumsvík. Efnislega er aðallega um tvö atriði að ræða, annars vegar hröðun á stækkun verksmiðjunnar um rúm 2 ár, eða frá 1975 til sept. 1972, og hins vegar ný stækkun hennar um 1/6 hluta og að þeirri stækkun verði lokið í júlímánuði n. k.

Alkunnugt er, að raforkuverð frá stórvirkjunum er að jafnaði miklu hagstæðara en frá smærri virkjunum. Þó er það háð því skilyrði, að hægt sé að selja verulegan hluta raforkuframleiðslunnar fljótlega eftir að virkjunarframkvæmdum er lokið. Rétt er að hafa það í huga í þessu sambandi, að þessi stórhuga framkvæmd við Búrfellsvirkjun nærri þrefaldaði vatnsvirkjun þjóðarinnar, og gefur auga leið, að nýting landsmanna sjálfra á þessari miklu raforku hefur orðið sáralítil fyrstu árin, án sérstakrar raforkusölu til ÍSALs eða annarra stórra aðila, og hefði kostnaðarverðið til almennra nota orðið geysilega hátt fyrstu árin, a. m. k. fyrsta áratuginn og sennilega fram á 9. áratug aldarinnar. Í þessu sambandi hefur m. a. verið upplýst, að meðalkostnaðarverð á raforku frá Búrfelli verður nú í ár 47.4 aurar á selda kwst., þegar reiknað er með sölu til ÍSALs, en hefði orðið 224 aurar ef aðeins væri seld orka til eigin þarfa landsmanna. Með ráðgerðri sölu til ÍSALs er áætlað, að meðalkostnaðarverð verði á árinu 1977 komið niður í 20.1 eyri, en án sölu til ÍSALs yrði það 52.5 aurar á því ári. Þessar tölur sýna svo glöggt sem verða má, hve hagstæð áhrif raforkusalan til ÍSALs hefur á verð raforku til almennra nota í landinu.

Einnig má benda á það, að hin mjög svo misjafna þörf fyrir raforku til almennra þarfa eftir árstíðum og hlutum sólarhringsins hefur mjög óhagstæð áhrif á raforkuverð og verður í rauninni að meta verðið miðað við þá notkun, sem gerir það að verkum, að meðalverðið á hverja kwst. verður miklu dýrara en ella. Áhrif þessa atriðis koma mjög skýrt í ljós, ef við hugsuðum okkur að álverksmiðjan væri aðeins starfrækt venjulegan 8 klst. vinnudag, þá yrði að selja henni raforkuna sem eins konar topporku, hvorki meira né minna en þrisvar sinnum dýrari, til þess að fá sömu tekjur af raforkusölunni. M. ö. o.: það hefði orðið að selja raforkuna á 79.2 aura hverja kwst. í stað 26.4 aura, sem nú er. Af þessu sést, að álverksmiðjan er framúrskarandi hagkvæmur raforkukaupandi hvað þetta snertir, ekki bara með tiltölulega jafna orkunotkun nótt og dag, heldur einnig sumar og vetur.

Stjórnarandstaðan telur, að raforkuverðið til álbræðslunnar sé of lágt. Um það má að sjálfsögðu lengi deila og raunar erfitt að fá úr því skorið, hvort hægt hefði verið að komast lengra í samningunum en raun var á, eða hvort of snemma hafi verið upp staðið frá þeim samningum. Um það er í rauninni fánýtt að deila. Og ég fyrir mitt leyti treysti því, að þeir Íslendingar, sem að samningunum stóðu, hafi betri aðstöðu til að meta það heldur en þeir, sem nú deila á samningana með litlum velvilja. Og ótvírætt er, eins og ég hef þegar sýnt fram á, að orkusalan til ÍSALs hefur haft mjög hagstæð áhrif á kostnaðarverð raforku til almennra nota, svo mjög, að þessi stórvirkjun hefði ekki verið framkvæmanleg án þessarar sérstöku sölu. Sannleikurinn er sá, að raforkuverðið verður ekki einangrað úr þessu stóra og flókna dæmi og rætt eða metið eitt sér. Og það hefur Swiss Aluminium áreiðanlega ekki gert. Það hefur áreiðanlega miðað sína samninga við heildarútkomuna úr dæminu. Þeir hafa aðeins reiknað það út, hvað það kostaði að senda talsvert mikið unnið hráefni, þ. e. súrál, sunnan frá Afríku norður til Íslands ásamt öðrum hráefnum, kolaskautum og kreólíti, frá öðrum löndum til þess að ganga í gegnum þessa sérstöku rafmagnsmeðferð hér, í landi, sem engan markað hefur fyrir ál, svo að senda verður alla framleiðsluna aftur suður á bóginn.

Staðsetning raforku og flutningskostnaður skiptir auðvitað miklu í sambandi við þetta mál. Staðsetning orkunnar í markaðslandinu væri hagkvæmari og staðsetning hennar við hráefnisnámurnar væri líka miklu hagstæðari, því að álið er ekki nema um helmingur þess súráls, sem notað er til framleiðslunnar, og koma þá önnur hráefni til. Þetta er svona mikið flutningaspursmál. Við höfum líka oft heyrt það, að við getum innan tíðar átt í erfiðri samkeppni við kjarnorkurafmagn, en það hefur m. a. þann kost, að það er hægt að staðsetja hvar sem er.

Augljóst samhengi er líka milli raforkuverðs og

framleiðslugjalds. Þegar raforkuverðið lækkar, þá vex að sjálfsögðu hagnaðurinn að öðru jöfnu, og um leið líka skattarnir eða framleiðslugjaldið. Allt þetta sýnir, að erfitt er að einangra raforkuverðið eitt út af fyrir sig, og mætti nefna fleira í þessu sambandi.

Ef hins vegar er litið á samningana í heild, ættu allar deilur að vera óþarfar. Ég hef áður bent á hagstæð áhrif á raforkuverðið til almennra nota, mjög hagstæð áhrif, og það má einnig benda á það, að reiknað hefur verið út, að gjaldeyristekjur af raforkusölu og framleiðslugjaldi nægja til þess að endurgreiða öll lán virkjunarinnar með 7% vöxtum á fyrstu 15 árunum. En reikna má með, að slík vatnsaflsvirkjun endist í 60—90 ár, og ætti hún því að skila álitlegum hagnaði áður en lýkur. Enn er þó ótalinn margvíslegur óbeinn hagnaður, t. d. launatekjur þjóðarinnar við mannvirkjagerð, oft talsvert á annað þúsund manns, í hinu erfiða árferði að undanförnu og eftir hröðun framkvæmda og nýja stækkun vinna um 500 manns þarna við framleiðslustörf og gjaldeyrisöflun. Enn má bæta við margvíslegri innlendri þjónustu við þetta stóra fyrirtæki, hagnaði Hafnfirðinga af Straumsvíkurhöfn, útflutningi framleiðslunnar með íslenzkum skipum o. fl. Orkusölusamningurinn er undirstaða alls þessa, og ég hygg, að stuðningsmenn þessa máls þurfi ekki að kvíða dómi sögunnar. Mikilvægast af öllu tel ég þó, að skrifaður hefur verið nýr kapítuli í íslenzkri atvinnusögu með þessari þreföldun á vatnsvirkjun landsmanna og að undirbúningur er hafinn að öðrum stórvirkjunum. Þjóðin hefur um áratugi látið sér nægja að dreyma og yrkja um þjóðarauðinn í orkulindum landsins, en nú hefur verið hafizt handa. Öll þjóðin styður þetta framtak að undanskildum framámönnum stjórnarandstöðunnar, sem ekki þola algera forystu ríkisstj. í þessu stórmáli, en báru ekki gæfu til þess að stela frá henni glæpnum með því að gerast stuðningsmenn málsins frá upphafi.

Eiturverkanir flúorvatnsefnis og ísinn í Þjórsá hafa brugðizt illa við liðsbóninni. „Sumarhúsa-hagfræðin" er á undanhaldi eins og vera ber, enda var hún ekki miðuð við síðari hluta 20. aldarinnar eða aðstæður á þeim tíma. Það er ánægjulegt, að framsóknarmenn eru sem óðast að átta sig á eðli þessa máls, og væri jafnvel ástæða til að slátra alikálfi. Það er a. m. k. meira já en nei í nál. þeirra, en maður hefði nú sennilega hrokkið við, hefðu þeir sagt afdráttarlaust já, eftir allt það, sem á undan er gengið.

Meiri hl. n. leggur til, herra forseti, að frv. verði samþ. óbreytt og vísað til 3. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Eðvarð Sigurðsson): Herra forseti. Iðnn. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Á þskj. 390 hef ég gert grein fyrir afstöðu minni til málsins.

Frv. þetta er flutt til staðfestingar á viðaukasamningi ríkisstj. við Swiss Aluminium um stækkun álverksmiðjunnar í Straumsvík. Í þessum viðaukasamningi er gert ráð fyrir því, að sama raforkuverð verði til álversins og upphaflega var samið um. Á sínum tíma, þegar samningarnir um byggingu álverksmiðjunnar í Straumsvík voru samþykktir, var uppi mikil deila um raforkuverðið. Í grg., sem þá var lögð fyrir Alþ., var áætlað, að framleiðslukostnaðarverð frá Búrfellsvirkjun yrði um 21.1 eyrir á kwst., en samningurinn gerði ráð fyrir 22 aura söluverði á kwst. til álversins. Hagnaður átti því að verða á sölu raforkunnar.

Það var skoðun okkar Alþýðubandalagsmanna og raunar miklu fleiri á þeim tíma, að þetta áætlunarverð væri of lágt reiknað og mundi í raun reynast of lágt. Söluverðið yrði því lægra en framleiðslukostnaðarverðið. Nú hefur það komið í ljós, að byggingarkostnaður þessa áfanga Búrfellsvirkjunar hefur orðið hærri en áætlað var, enn fremur, að lánskjör hafa einnig orðið óhagstæðari en reiknað var með, og í þriðja lagi hefur stofnkostnaður gufuaflsstöðvarinnar farið fram úr áætlunum. Ef gengið væri út frá sömu forsendum við útreikninga á framleiðslukostnaðarverði raforkunnar frá Búrfelli og gert var í upphaflegum áætlunum, þá er ekki nokkur efi á því, að kostnaðarverð raforkunnar frá Búrfelli liggur nú nokkuð yfir söluverðinu til álversins.

Þegar Alþ. tók ákvörðun um að heimila Swiss Aluminium að byggja verksmiðjuna í Straumsvík, lagði ríkisstj. ýtarlega skýrslu fyrir Alþ. varðandi það mál, í maímánuði 1965. Þar var skýrt frá og gert ráð fyrir því, að við yrðum að semja við þennan erlenda aðila um raforku á lægra verði en Norðmenn höfðu þá samið um við þennan sama aðila, um sölu á raforku til álverksmiðju í þeirra landi. Skýringarnar, sem gefnar voru fyrir þessu, voru þær helztar, að við værum hér með byrjunarframkvæmdir og ýmsir örðugleikar væru þess vegna, og eins hitt, að sú verksmiðja, sem hér stóð til að byggja, væri af minni gerð heldur en norsku verksmiðjurnar, þ. e. frekar lítil verksmiðja. En í þessu áliti eða þessari skýrslu kom það mjög greinilega fram, að gert var ráð fyrir því, að ef um stækkun á álverksmiðjunni yrði að ræða, þyrftum við ekki að sæta þeim kostum, sem við yrðum að gera í upphafi samninganna. Í þessari skýrslu ríkisstj. segir svo, með leyfi forseta, á bls. 24:

„Á hinn bóginn er engin ástæða til þess, að jafngóð kjör yrðu í boði, ef til stækkunar kæmi, enda yrðu þá viðhorfin í virkjunarmálum allt önnur en nú."

Á bls. 28 segir enn fremur, og það snertir sérstaklega það álit, sem Alþjóðabankinn hafði á þessum málum, — það kemur raunar víða fram í skýrslunni, að Alþjóðabankinn taldi þetta verð í lægsta lagi, — og um framtíðina segir svo, á bls. 28:

„Verði alúmíníumbræðslan stækkuð í framtíðinni, telur bankinn hins vegar ekki rök fyrir því að bjóða jafnhagkvæm kjör. Hann leggur því áherzlu á, að samningar við Swiss Aluminium nú innihaldi ekki óeðlilega hagstæð skilyrði fyrir stækkun bræðslunnar í framtíðinni."

Það mætti nefna ýmislegt fleira úr þessari skýrslu, sem er á þessa lund, en eins og ég sagði, þá kom það mjög greinilega fram, að reiknað var með því, að við stækkun verksmiðjunnar yrði annað uppi á teningnum varðandi raforkuverðið.

Þessar tilvitnanir sýna það, að Íslendingar áttu að geta búizt við mun hagkvæmari samningum um raforkusölu til álversins, þegar verksmiðjan yrði stækkuð, og það var í rauninni viðurkennt þá af fulltrúum stjórnarflokkanna, sem með samningana höfðu farið, að söluverð raforkunnar til álversins væri í lægsta lagi.

Það hefur svo mikið verið rætt hér um raforkuverðið til álversins og einnig um kostnað við Búrfellsvirkjun o. s. frv., að ég ætla ekki að fara að rekja það neitt nánar núna, það kemur sjálfsagt á dagskrá bráðlega. En meginástæða þess, að ég get ekki fylgt þessu frv., er sú, að raforkuverðið er nú ákveðið hið sama í þessum viðaukasamningi og upphaflega var gert til álversins. Ég tel, að þetta verð sé óeðlilega lágt og það sé í engu samræmi við það, sem kom fram, þegar upphaflegu samningarnir voru gerðir um verðlag á raforkunni, þegar til stækkunar kæmi.

Rök sem þau, að það borgi sig fyrir okkur að selja umframorku Búrfellsvirkjunar fyrir eiginlega hvað sem er, eru engin rök. Þeir, sem hugsa þannig, hafa tapað allri samningsstöðu fyrir fram. Slík samningsstaða er algerlega vonlaus frá upphafi. En væri nú talið hagkvæmt að selja umframorkuna fyrir miklu lægra verð en kostnaðarverð, þá er heldur enginn efi á því, að það mundu finnast margir íslenzkir aðilar, sem gjarnan vildu nota sér þau kjör. Það ber einnig að hafa í huga, að það er ekki bara hagur okkar að selja raforkuna. Það er ekki í gustukaskyni við Íslendinga, að álverksmiðjan kaupir raforkuna. Hún gerir það í hagnaðarskyni, og Swiss Aluminium stækkar ekki heldur verksmiðjuna í góðgerðaskyni við Íslendinga. Auðhringurinn gerir það af eigin hagsmunum. Ég held, að á þennan veg verði að hugsa, þegar slíkir samningar eru gerðir.

Ég hef engan áhuga á því að stela þessum glæp frá ríkisstj. og stjórnarflokkunum, eins og hv. síðasti ræðumaður orðaði það, og ég legg því til, að þetta frv. verði fellt.

Frsm. 2. minni hl. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. flutti hér skemmtilega ræðu, sem benti til þess, eins og vera ber, að hann er nú óðum að komast í hátíðarskap, en þar sem ræða hans heyrði nú eiginlega meira undir annað mál, sem er til meðferðar í þessari hv. deild og mun koma hér aftur til umr. innan tíðar, þá mun ég sleppa því að þessu sinni að svara ýmsum atriðum, sem komu fram í ræðu hv. þm., og geyma það til þess tíma, þegar till. um rannsóknarnefnd vegna Búrfellsvirkjunar kemur hér fyrir.

Eins og lýst hefur verið yfir, þá fjallar sá viðaukasamningur, sem hér er til umr., um tvö meginatriði. Í fyrsta lagi um það, að byggingu síðari áfanga álbræðslunnar verði hraðað, þannig að honum verði lokið 1972 í stað 1975, og hitt atriðið er svo það, að heimilað verði að stækka fyrri áfangann, þannig að raunverulega stækki álbræðslan um 1/6 hluta. Það er augljóst mál, eins og er rakið í því nál., sem ég mæli fyrir, að ef uppbyggingu síðari áfanga álbræðslunnar verður hraðað, þá er einnig hægt að hraða síðari áfanga Búrfellsvirkjunar, sem virðist tiltölulega ódýr, miðað við virkjunina í heild. Og við þetta munu tekjurnar aukast, bæði af aukinni orkusölu og af framleiðslugjaldi. Hvað snertir ráðgerða stækkun álbræðslunnar og aukna orkusölu vegna hennar, þá er það líka ljóst, að það styrkir ótvírætt afkomu Búrfellsvirkjunar eða Landsvirkjunar næstu árin, að geta selt orku, sem annars færi forgörðum, jafnvel þó að ekki fáist fyrir hana fullt framleiðsluverð. Hins vegar getur þessi hagnaður tapazt aftur, ef samningurinn um orkusöluna er bundinn til langs tíma og ekki fæst nægilega hátt verð fyrir hana. Undir þessum kringumstæðum verða menn að meta það, hvort hagstæðara sé að nýta orku, sem annars fer forgörðum um skeið, jafnvel þótt verðið sé ekki nógu hátt, eða láta hana ónýtta í trausti þess, að hærra verð fáist fyrir hana síðar, þegar markaðurinn hefur aukizt. Ályktun okkar, sem stöndum að þessu nál., er sú, að eins og rekstraraðstöðu við Búrfellsvirkjunina er nú háttað, þá sé það heppilegra að taka fyrri kostinn, jafnvel þótt fullt framleiðsluverð kunni ekki að fást, — en um það ætla ég ekki að ræða hér, því að það verður gert síðar, — og það er ástæðan til þess að við mælum með þessu frv.

Mér finnst rétt að ræða það nokkrum orðum, að aðstaða Landsvirkjunar, sem rekur Búrfellsvirkjun ásamt öðrum virkjunum, verður miklu óhagstæðari næstu árin heldur en hafði verið gert ráð fyrir, þegar ráðizt var í að reisa Búrfellsvirkjun. Þær áætlanir, sem þá voru gerðar, hafa ekki staðizt. Segja má, að það hafi á sínum tíma legið fyrir þrjár megináætlanir. Fyrsta áætlunin fjallaði um stofnkostnað virkjunarinnar, og ég ætla ekki að ræða þá áætlun hér, því að um hana mun verða rætt meira í sambandi við það mál, sem ég minntist á áðan og síðar mun verða rætt hér. Önnur megináætlunin, sem var gerð í sambandi við Búrfellsvirkjun, var áætlunin, sem fjallar um fjármögnun virkjunarinnar. Og þriðja megináætlunin var sú, sem fjallaði um kjörin á þeim lánum, sem eru fengin til virkjunarinnar. Og það er um þessar tvær síðarnefndu megináætlanir, sem ég ætla að ræða nokkru nánar hér.

Ég vík þá fyrst að áætluninni um fjármögnun Búrfellsvirkjunar. Hana er að finna á þskj. 265, sem er nál. meiri hl. fjhn. um till. til þál. um rannsóknarnefnd vegna Búrfellsvirkjunar. Þessi áætlun er birt þar í áliti þeirra Jóhannesar Nordals og Eiríks Briems og er að finna á bls. 5 í umræddu þskj. Þar kemur það fram, að gert var ráð fyrir því, að það þyrfti að fá fjármagn, sem næmi 45.6 millj. dollara, til byggingar Búrfellsvirkjunar. Og síðan er það sundurliðað, hvernig gert er ráð fyrir, að þessa fjármagns verði aflað. Sú áætlun er í stuttu máli á þá leið, að gert er ráð fyrir, að það þurfi að taka lán erlendis, sem nemi rúmum 30 millj. dollara. Þá er ennfremur gert ráð fyrir því, að ríkið láti í té lán, sem nemi 4.7 millj. dollara. Sem sagt, það átti að taka lán innanlands og utan til virkjunarinnar, sem næmu 35 millj. dollara. Eftir voru þá 10 millj. dollara og samkvæmt áætluninni átti þar eingöngu að vera um að ræða eigið fé Landsvirkjunar sjálfrar. Það var gert ráð fyrir því, að eigendur Landsvirkjunar, þ. e. Reykjavíkurborg og ríkið, legðu virkjuninni til upphæð, sem næmi 3.3 millj. dollara. Og þetta átti að sjálfsögðu að vera eigið fé virkjunarinnar, sem hún gat ráðið yfir og ávaxtað eins og henni sýndist. Í þriðja lagi var svo gert ráð fyrir því, að rekstur Landsvirkjunar yrði það hagkvæmur á árunum 1966—1975, að það mætti taka upphæð, sem næmi 7 millj. dollara, út úr rekstrinum og nota hana til uppbyggingar á Búrfellsvirkjun. Það var sem sagt reiknað með því, að á þessu tímabili yrði gróði hjá Landsvirkjun, sem næmi 7 millj. dollara. Nú hefur þetta því miður brugðizt.

Niðurstaðan hefur orðið sú, að í staðinn fyrir það, að

eigendur Landsvirkjunar áttu að leggja fram 3.2 millj. dollara, þá leggja þeir ekki fram nema 1.6 millj. dollara, eins og menn sjá á töflunni á bls. 6 í sama nál., þar sem er núverandi áætlun um fjármögnun Búrfellsvirkjunar. Framlagið hefur sem sagt lækkað um 1.5 millj. dollara. En mismunurinn verður miklu meiri, þegar um er að ræða það fé, sem Landsvirkjun átti að taka út úr rekstrinum og nota til Búrfellsvirkjunar. Það var áætlað að það yrðu 7.2 millj. dollara. Samkvæmt þeirri áætlun, sem nú liggur fyrir, er reiknað með, að þetta verði ekki nema 1.4 millj. dollara, þannig að hér er um lækkun að ræða sem nemur 6 millj. dollara, og í heild er niðurstaðan sú, að í staðinn fyrir að það var reiknað með því, að Landsvirkjun hefði til ráðstöfunar eigið fé, sem eftir væri til Búrfellsvirkjunar, sem næmi 10 millj. dollara, þá verður hér ekki um að ræða nema 3 millj. dollara. Þetta skiptir að sjálfsögðu mjög miklu máli fyrir rekstur Landsvirkjunar og Búrfellsvirkjunar í framtíðinni, því að ef Landsvirkjun hefði þannig getað lagt fram svona háa upphæð, eða 7.5 millj. dollurum meira en gert var ráð fyrir, sem eigið fé, þá hefði hún getað reiknað vexti af því og afborganir eins og henni sýndist hverju sinni, en í staðinn fyrir það þarf nú að taka lán sem þessari upphæð nemur, og það fer eftir því, hve vel tekst til á lánamarkaðinum, hve hagstæð þessi lán verða.

Niðurstaðan verður í stuttu máli sú, eins og sést á núverandi áætlun um fjármögnun Búrfellsvirkjunar, sem er að finna á bls. 6 í sama þskj., að reiknað er með, að það þurfi að taka lán erlendis að upphæð 40 millj. dollara, í staðinn fyrir að upphaflega var ekki reiknað með, að það þyrfti að taka lán erlendis nema sem svaraði 31 millj. dollara. Ég tel, að það þurfi ekki að útskýra það fyrir þm., hvað mikil áhrif það hefur á rekstur virkjunarinnar og gerir hann miklu örðugri, ekki aðeins Búrfellsvirkjunar, heldur og Landsvirkjunar í heild, að eigið fé virkjunarinnar er þarna 7.5 millj. dollurum minna en gert var ráð fyrir, þegar ráðizt var í þessa framkvæmd.

Ástæðurnar til þess, að þessi glæsilega áætlun, sem gerð var á sínum tíma, um gróða Landsvirkjunar á árunum 1966—1975, hefur brugðizt svona algerlega, eru ýmsar. Meginástæðan er þó sennilega gengisfellingarnar, sem áttu sér stað á þessum tíma og valda því, að í íslenzkum krónum talið hafa afborganir af erlendum lánum og vextir nærri tvöfaldazt frá því, sem áður var, þ. e. af gömlum lánum vegna Sogsvirkjunarinnar og fleiri framkvæmda, sem Landsvirkjun hafði staðið að. Sá gróði, sem átti að ganga til Búrfellsvirkjunar, hefur að verulegu leyti farið til þess að greiða þetta vaxtatap. Þá kemur það einnig til viðbótar, að þær áætlanir eða þær orkuspár, sem gerðar voru á þessum tíma, um það hve mikið raforkusalan mundi aukast á næstu árum, hafa hvergi nærri rætzt. Orkusalan og orkuaukningin hefur því orðið miklu minni en menn gerðu sér vonir um samkvæmt þessari áætlun, og þar af leiðandi hafa tekjur Landsvirkjunar á þessu tímabili, eða því sem liðið er af því, orðið stórum minni en gert var ráð fyrir. Þetta sýnir, að það getur verið óvarlegt að byggja á þeim áætlunum, sem koma frá Landsvirkjun eða Landsvirkjunarstjórn, þar sem hér hefur orðið breyting á um eigið fé Landsvirkjunar, sem nemur hvorki meira né minna en 7.5 milljónum dollara. Þannig hefur áætlunin um fjármögnun Búrfellsvirkjunar mistekizt með þeim afleiðingum, að rekstur Landsvirkjunar næstu árin hlýtur að verða miklu örðugri en menn gerðu sér vonir um.

En þá er að líta á það, hvernig áætlunin um lánskjörin hefur staðizt. Eins og kom fram í þeim grg., sem fylgdu frv. um Búrfellsvirkjun og frv. um álbræðsluna á sínum tíma, þá var yfirleitt gert ráð fyrir því, að þau lán, sem yrðu tekin til Búrfellsvirkjunar, væru til 25 ára og með 6% vöxtum. Og í þeirri áætlun um lánskjörin var það reiknað út, að framleiðsluverð á orkunni frá Búrfelli yrði ekki nema 21.1 eyrir á hverja kwst., miðað við núverandi gengi. Á þeim grundvelli var samið um það við álbræðsluna, að selja henni kwst. á 22.2 aura, miðað við núverandi gengi. Það kann að vera, að ef lánskjörin hefðu staðizt, eins og gert var ráð fyrir, að lánin yrðu yfirleitt til 25 ára með 6% vöxtum, að þá hefði að sjálfsögðu orðið miklu minni munur á þessu en við teljum að sé í dag, þ. e. a. s. við, sem teljum, að nú fáist ekki fullt framleiðsluverð fyrir orkuna. En það fer svo fjarri því, að þessi áætlun um lánskjörin hafi staðizt, því það er aðeins eitt af þeim lánum, sem tekin hafa verið, þ. e. Alþjóðabankalánið upp á 18 millj. dollara, sem stenzt áætlun. Það er með 6% vöxtum til 25 ára. Öll önnur lán eru með hærri vöxtum og til styttri tíma. Það er t. d. ameríska skuldabréfalán, 6 millj. dollara með 7% vöxtum til aðeins 15 ára. Það er bankalán frá Bandaríkjunum, einnig 6 millj. dollara, sem er með 8% vöxtum og er aðeins til 5 ára. Það er bankalán frá Vestur-Þýzkalandi, sem er með 7.5% vöxtum til 10 ára. Það er lán frá framleiðendum í Vestur-Þýzkalandi, 2.4 millj. dollara með 6.5 % vöxtum, og það er til 10 ára. Loks er svo innlent lán, ríkislán, að upphæð rúmlega 300 millj. króna, það er með 8% vöxtum, en alveg er ósamið um afborgunartíma. Þannig eru öll lán önnur en Alþjóðabankalánið með talsvert miklu hærri vexti en gert var ráð fyrir, og auk þess er afborgunartíminn miklu styttri. Þetta veldur því, að reksturinn hjá Búrfellsvirkjun og hjá Landsvirkjun verður miklu óhagstæðari næstu árin en gert hafði verið ráð fyrir.

Ég ætla ekki að fara að deila hér um afskriftatíma og afborgunartíma, hvort það eigi að afskrifa lánin á 25 árum, 40 árum eða skemmri tíma. En ég vil aðeins rifja það upp í þessu sambandi, að stóriðjunefnd skýrði frá því í álitsgerð, sem hún sendi Alþ. 1964, — ég hygg að formaður hennar hafi verið Jóhannes Nordal og einn af nm. hafi verið núverandi iðnmrh., en e. t. v. hefur hann verið farinn úr n. þegar þetta álit var gefið út, en þá hefur Magnús Jónsson fjmrh. verið kominn í stað hans, — í þessari grg. stóriðjunefndar er komizt svo að orði um þetta atriði, með leyfi hæstv. forseta, — en það er þar sem verið er að segja frá viðræðum stóriðjunefndar við Alþjóðabankann um væntanleg lánskjör, — þar segir á þessa leið:

„Í viðræðum um alúmíníummálið var áherzla á það lögð frá upphafi, að verðlagning raforku á Íslandi hlyti að verulegu leyti að fara eftir þeim lánskjörum, sem fáanleg voru í sambandi við lántöku til virkjunarinnar. Eigið fé raforkukerfisins hér á landi er svo lítið, að afskriftatíminn getur ekki orðið lengri en lánstími þeirra lána, er til virkjunarinnar fást."

Hér er það m. ö. o. niðurstaða stóriðjunefndar, að

það eigi að miða afskriftatímann við afborganir á þeim lánum, sem fást til virkjunarinnar. Og ef menn leggja það til grundvallar, þá sjá þeir, hvað lánin, sem fengust til virkjunarinnar, eru stórum óhagstæðari en gert var ráð fyrir í áætlunum um lánskjör á sínum tíma. En þetta þýðir það, að afborganir, sem Landsvirkjun þarf að inna af hendi vegna Búrfellsvirkjunar á allra næstu árum, verða miklu þyngri og meiri en gert var ráð fyrir. Þetta sést kannske bezt af því, að samkvæmt upphaflegum áætlunum var talið líklegt eða raunar fullyrt, að á árunum 1970—1975 yrði sá hagnaður af rekstri Landsvirkjunar, að það mætti taka út úr rekstrinum sem svaraði 4 millj. dollara og nota til uppbyggingar á Búrfellsvirkjun. Nú liggur það hins vegar fyrir samkvæmt seinustu greiðsluáætlun Landsvirkjunar, sem fylgir áðurnefndu þskj., að það mun verða greiðsluhalli hjá Landsvirkjun á þessu tímabili, ef sá samningur, sem hér liggur fyrir, verður ekki gerður. Ef samningurinn verður gerður, þá er reiknað með því, að greiðsluafgangur Landsvirkjunar á þessu tímabili verði 70 millj. kr., sé samningurinn hins vegar ekki gerður, þá muni tekjur Landsvirkjunar rýrna um 197 millj. kr., en það er hagnaðurinn, sem gert er ráð fyrir að verði af þessum samningi á umræddu tímabili, og þá mundi hallinn á rekstri Landsvirkjunar á þessum tíma verða allt að 127 millj. kr.

Ég tel mig ekki þurfa að rekja þetta öllu nánar til að sýna það, hve stórkostlega allar áætlanir um rekstur Landsvirkjunar hafa brugðizt og hversu miklu óhagstæðari reksturinn verður á næstu árum en gert er ráð fyrir. Það er meginástæðan til þess, að við, sem stöndum að þessu nál., teljum það rétt, að gera þann samning, sem hér liggur fyrir, því að ef hann er ekki gerður, þá er það fyrirsjáanlegt, að rekstur Landsvirkjunar verður miklum erfiðleikum bundinn næstu árin, og það svo, að ekki er nema um tvennt að ræða, annaðhvort að það verði verulegur halli á rekstrinum eða að enn þurfi að hækka verulega rafmagnsverðið til innlendra aðila. Undir þeim kringumstæðum teljum við það betri kost að ganga að þeim samningi, sem fyrir liggur, og selja þá umframorku, sem annars færi forgörðum, jafnvel þó að svo kunni að vera, sem ég ætla ekki að tala um að þessu sinni, að ekki fáist fullt framleiðsluverð fyrir þessa orku.

Ég vil svo taka það fram að lokum, að þó að við mælum með því, að þessi samningur verði gerður, þá felst ekki í því neitt samþykki á því orkuverði, sem samið var um við álbræðsluna á sínum tíma. Þá var því haldið fram af meðhaldsmönnum þess samnings, sem þá var til meðferðar, að það gerði ekki svo mikið til þó orkuverðið væri nokkuð lágt í fyrstu, vegna þess að þá yrði auðveldara að fá það hækkað, þegar samið væri næst. Við framsóknarmenn héldum því hins vegar fram og bentum á reynslu Norðmanna því til sönnunar, að það mundi reynast erfitt að fá verðið hækkað síðar, því að sú hefur verið reynslan hjá Norðmönnum, að nýir stórir orkukaupendur hafa jafnan vitnað til þess verðs, sem annaðhvort þeir eða aðrir voru búnir að fá á undan, og gerðu kröfu um að fá hið sama. Sá samningur, sem hér liggur fyrir, hefur því miður staðfest þetta, vegna þess að vonir þeirra, sem reiknuðu með því að þeir fengju hærra verð í næsta áfanga, hafa ekki staðizt, heldur verða þeir að sætta sig við sama orkuverð og áður.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en við, sem stöndum að þessu nál., leggjum sem sagt til, að frv. verði samþ. á þeim forsendum, sem ég hef nú rakið.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil þakka n. fyrir afgreiðslu þessa máls, þó að afgreiðsla þess hafi nokkuð dregizt, en það er ekki að því að finna, því um það var samkomulag á milli þm. og einnig samkomulag við mig sem iðnmrh. Mér þykir vænt um og ég fagna þeirri samstöðu um frv., sem náðst hefur í n. Þó að það sé ekki einróma samstaða, þá tel ég það hins vegar mikils virði, að mikill meiri hl. n. mælir með samþykkt frv.

Frsm. 2. minni hl., hv. 4. þm. Reykv., sem nú lauk máli sínu, ræddi þetta mál efnislega og ádeilulaust, þó það sé hins vegar ekki svo, að ég geti fallizt á allar hans niðurstöður í efnisumr. hans um málið. Hins vegar fjallaði hann um þá þætti málsins, sem eðlilegt er að menn þurfi að meta og leggja til grundvallar því, hvort þeir vilji vera með þessu frv. eða ekki, og niðurstöðurnar eru aðalatriðið, þar sem 2. minni hl. lýsir fylgi sínu við frv. og telur, að ég hygg réttilega, að það bæti mjög mikið greiðslustöðu og tekjuafgang Landsvirkjunar á næstu árum og einnig, eins og þeir benda á í sínu nál., að við þá stækkun, sem hér er um að ræða, og líka við aukinn hraða framkvæmda, þá aukist verulega tekjur af framleiðslugjaldinu.

Hvaða ástæður liggi hins vegar til þess, að greiðslustaða Landsvirkjunar sé svo slæm á næstunni, það yrði auðvitað meiri ágreiningur um það, og ég skal aðeins að litlu leyti víkja að því. Hv. frsm. 2. minni hl. lagði það til grundvallar, hversu stórkostlega allar áætlanir hefðu brugðizt. Nú hafa áætlanir brugðizt, það er rétt, en að við getum talað um að allar áætlanir hafi brugðizt stórkostlega, það er allt of djúpt í árinni tekið. Stofnkostnaðaráætlunin er næstum því hin sama og upphaflega var gert ráð fyrir, því að samkvæmt þeim upplýsingum, sem liggja hér fyrir í öðru þskj., sem ég skal ekki fara út í að þessu sinni, upplýsingum ameríska ráðgjafarfyrirtækisins Harza, sem fram hafa verið lagðar, ásamt tölum úr bókum Landsvirkjunar, er áætlaður stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar nú talinn 43 millj. dollara, en var árið 1966 áætlaður 42,8 millj. dollara. Það er svo hins vegar rétt, að síðan ýmsar grg. voru samdar 1964 og áætlanir gerðar 1966 hefur margt skeð hér á landi og í umheiminum, sem hefur raskað áætlunum. Hv. frsm. minni hl. nefndi þar m. a. gengisfellingarnar hjá okkur, sem eru afleiðingar af þeim stóru áföllum, sem við Íslendingar urðum fyrir á árunum 1966 og 1967, og vissulega stæðum við öðruvísi að vígi, ef þau áföll hefðu ekki dunið yfir okkur. Og m. a. af gengisfellingunum leiðir annað atriði, sem hefur þau áhrif, að áætlanir standast ekki fullkomlega, og það er orkuspáin. Orkuspáin stenzt ekki, því neyzlan á raforku minnkaði eflaust einmitt vegna þeirra efnahagserfiðleika, sem þjóðin lenti í á árunum 1967 og 1968. Menn spara meira við sig raforku og þess vegna reynist sú orkuspá, sem grundvölluð var fyrir þann tíma, ekki rétt, þegar til á að taka, og veldur erfiðleikum. Og þar sem

við erum nú svo vanir því, að sjá svona furðulegar áætlunargerðir bornar saman við veruleikann hér á landi, held ég að okkur megi í stórum dráttum þykja furðulegt, hversu vel þær áætlanir, sem gerðar hafa verið og lagðar fram í sambandi við Landsvirkjun og álbræðslu, hafa staðizt. Það er rétt, að það komi fram, að áætlanir erlenda fyrirtækisins um byggingu álbræðslunnar hér á landi stóðust í verulegum atriðum. Og með svo stórt fyrirtæki getur það talizt einsdæmi hjá okkur.

En ef ég má aðeins minnast á nokkur atriði úr framsöguræðum og nál., þá er hjá báðum minni hl. n. og í framsöguræðum bent á, að fyrr hafi verið lagðar fram skýrslur, sem ekki hafi staðizt, og svo eru dregnar af því ályktanir, eins og t. d. þegar hv. 4. þm. Reykv. vitnar í skýrslu stóriðjunefndar frá 1964, þar sem lögð er áherzla á að fá hagstæð lán til langs tíma. Þetta hafi svo alls ekki staðizt, og þar af leiðandi, af því að menn hafi ekki haft nóga fyrirhyggju til að áætla rétt þarna, þá þurfum við nú að horfast í augu við erfiðleika. En það er ekki nema nokkrum línum neðar en hv. 4. þm. hætti að lesa, sem nál. hans sjálfs segir eftirfarandi:

„Líklegt er, að vaxtakjör Alþjóðabankans yrðu nokkru betri en þetta," þá er verið að tala um 6% vexti, „en hins vegar eru ekki líkur til, að Ísland eigi kost á jafnhagstæðum lánum á hinum almenna lánamarkaði eins og gert var ráð fyrir í raun og veru að við þyrftum á að halda."

Það er sem sagt beinlínis gert ráð fyrir því, að það séu ekki líkur fyrir því, að við eigum kost á þeim hagstæðu lánum, sem svo mikils virði yrðu fyrir þessa virkjun, enda varð sú raunin á, og það var m. a. vegna þeirra miklu sveiflna, sem þá var ekki hægt að sjá fyrir, sem á alþjóðapeningamarkaðinum hafa orðið. Vaxtakjörin hafa versnað svo gífurlega bæði á amerískum peningamarkaði og evrópskum, að þegar þessar áætlanir voru gerðar, þá býst ég við, að vaxtarkjör hafi verið kannske 4–5% í mörgum tilfellum, sem nú samsvarar 8–9% vöxtum á alþjóðlegum peningamarkaði. Það eru ótrúlegar stökkbreytingar, sem þarna hafa átt sér stað og ekki er hægt að ásaka neinn fyrir að hafa ekki séð fyrir, en það er alveg rétt hjá hv. 4. þm. Reykv., að auðvitað hafa svo erfið vaxtakjör og styttri lánstími það í för með sér, að það þarf að horfast í augu við aðra erfiðleika og meiri heldur en menn ella hefðu búizt við.

Frsm. 1. minni hl., hv. 2. landsk. þm., telur sig ekki geta fylgt þessu frv. En ég held, að ástæðurnar, sem hann telur fyrir því í sínu nál. og áréttaði í ræðu sinni, séu á misskilningi byggðar. Hann telur að vísu, að það hafi verið samið um óbreytt raforkuverð til álverksmiðjunnar og það sé of lágt, — og um það skulum við ekki deila núna og leiða hjá okkur, eins og aðrir ræðumenn hafa gert, — og það sé ekki í samræmi við þær yfirlýsingar stjórnvalda, sem gefnar voru um hækkandi raforkuverð, ef til stækkunar samningsins kæmi. Þetta er á misskilningi byggt. Og þetta áréttaði hv. 4. þm. Reykv. líka í sinni ræðu, því að við, sem stóðum að þessu máli, hefðum í skýrslu um stórvirkjanir og álbræðslu gert ráð fyrir því, að þegar samið yrði næst, yrði raforkuverðið hærra. En hér verður að lesa betur heldur en hv. þm. virðast hafa gert í sínum nál. og sínum framsögum. Þeir vitna til nefndarskýrslu á bls. 24, — þetta er í nál. minni hl., — og ég efast ekki um, að það sé rétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Á hinn bóginn er engin ástæða til þess, að jafngóð kjör yrðu í boði, ef til stækkunar kæmi, enda yrðu þá viðhorfin í virkjunarmálunum allt önnur en nú." Ég bið menn um að taka eftir þessu. „Ef allt gengur vel í þessum efnum, svo að Íslendingar teldu sér hag að frekari stækkun alúmíníumverksmiðjunnar í framtíðinni, ættu Íslendingar að geta fengið svo að segja sömu kjör og Norðmenn þá byðu."

Þetta segir í okkar skýrslu. — Um afsöðu Alþjóðabankans í þessu efni segir svo, á bls. 28 í sömu skýrslu:

„Verði alúmíníumbræðslan stækkuð í framtíðinni," ég bið menn um að undirstrika þessi orð líka, „telur bankinn hins vegar ekki rök fyrir því að bjóða jafnhagkvæm kjör."

Við teljum, að ef stækkun yrði á þeirri álbræðslu, sem við erum að tala um, þá verðum við að fá hærra rafmagnsverð, enda verði þá viðhorfin í virkjunarmálunum allt önnur. En það rafmagnsverð, sem í þessum viðbótarsamningi er verið að semja um, er miðað við þau viðhorf í virkjunarmálunum, sem eru í dag. Þetta er ekki stækkun á álbræðslunni í framtíðinni, heldur er þetta innskot í byggingu álbræðslunnar gerð á einu ári, 1969—1970, en álbræðslunni átti eftir upphaflega samningnum að vera lokið 1975. Og þegar þetta með stækkun í framtíðinni, eftir að álbræðslunni er lokið, er ritað, þá erum við í raun og veru að tala um, hvað gæti skeð eftir árið 1975, og þá eru viðhorfin í virkjunarmálunum önnur, það er rétt. Við byrjuðum á hagstæðustu virkjuninni, þ. e. við Búrfell. Og það vill svo til, að orkuneyzla okkar sjálfra er minni en ráðgert var, og m. a. þess vegna er hægt að skjóta þessari stækkun og neyzlu þessarar stækkunar inn í okkar virkjunarframkvæmdir nú, enda þótt það þurfi svo að vísu síðar að hafa meiri hraða á virkjunum en ella hefði orðið, því að hér er verið að selja um 20 MW. En það, sem ég sagði áðan, að það væri á misskilningi byggt, að þetta raforkuverð í þessum samningi væri ekki í samræmi við yfirlýsingar stjórnvalda, sem gefnar höfðu verið um hækkandi raforkuverð, fær því miður ekki staðizt, þ. e. þær staðhæfingar minni hl., og það er meginástæðan, sem hann telur vera fyrir því, að hann geti ekki fylgt frv.

Til þess að skýra þetta betur, vil ég segja frá því, að þegar við vorum að ræða um aukinn framkvæmdahraða við Swiss Aluminium, þ. e. a. s. flýta því að verksmiðjunni yrði lokið, 1972 í stað 1975, þá kom upp sú hugmynd hjá þeim að byrja að stækka verksmiðjuna meira, ekki um 10–11 þús. tonna ársafköst, heldur 20 þús. eða 40 MW. Og þeir vildu framkvæma þessa stækkun, og þeir vildu þá borga fyrir rafmagnið 2.5 mill, þ. e. sama raforkuverð og verið hefur. Við sögðum: Við getum ekki samið við ykkur um svona mikla stækkun, 40 MW, með þessu sama raforkuverði, en við teljum að athuguðu máli, að við getum skotið 20 MW sölu inn í viðbótarsamninga við ykkur með sama raforkuverði, því að það er okkur hagstætt. Fyrir því eru færð rök í skýrslu Landsvirkjunar, sem lögð var fram hér í maí í fyrra og er prentuð sem fskj. með frv., og minni hl. iðnn. hefur alveg fallizt á, að með því að selja 20 MW á sama verði, gerum við bæði stöðu Landsvirkjunar miklu betri og einnig fáum við meira gjald

af verksmiðjunni, en sem ég skal ekki blanda inn í þetta núna. En við treystum okkur ekki til að selja 40 MW fyrir sama verð, því að það hefði ekki getað bætt aðstöðuna, vegna þess að þá hefði það rekið svo mikið á eftir nýjum virkjunum í Þjórsá og svo örum stækkunum, að það var skoðun fróðustu manna, að við það yrði ekki ráðið. Þá yrði að koma til hærra verð. Það eru einmitt þessi breyttu viðhorf í virkjunarmálum, að virkjun aflsins og orkunnar verður dýrari, þegar fram í sækir, og það leiðir til þess, að í framtíðinni þarf hærra raforkuverð. Við getum ekki komizt hjá því, þegar komið er fram yfir þetta mark, sem nú er náð, að fá hærra raforkuverð heldur en samið var um í fyrsta samningnum.

Þetta eru nú aðallega skýringar á málinu, en ég vil segja það í sambandi við það, sem Alþjóðabankinn sagði og vitnað var til, að í framtíðinni ættum við að geta fengið hærra raforkuverð. Að sjálfsögðu féllst Alþjóðabankinn á þetta raforkuverð í viðbótarsamningnum, sem hér liggur fyrir, og taldi, að það væri rétt að semja um það eins og það lá fyrir og hagkvæmt fyrir okkur, og hafði engar aths. fram að færa við það. Það staðfestir það, sem ég hef verið að segja, að í raun og veru þarf að lesa þessar tilvitnanir með svolítið meiri kunnugleika aftur í tímann, til þess að hægt sé að draga af þeim alveg réttar ályktanir.

Ég skal svo ekki gera þessa hluti meira að deiluefni, og ég vil heldur ekki blanda mér inn í deilurnar um raforkuverðið, hvort það er kostnaðarverð eða ekki kostnaðarverð, og ég fellst alveg á að stofna ekki til neinna umr. hér, sem gætu skyggt á gleði manna í kvöld. En mig langar til á þessum vettvangi að láta hv. þm. í té upplýsingar, sem ég hef getað aflað mér, sem skipta nokkru máli. Þær eru algerlega ádeilulausar, en ég þykist vita það, að ýmsir þm. telji vera í þeim nokkurn fróðleik.

Það hefur oft verið sagt, að við hefðum gert miklu lélegri samninga heldur en Norðmenn, bæði samið um lægra raforkuverð og gert að öllu leyti okkur óhagstæðari samninga, svo að á s. l. hausti óskaði ég eftir því við sendiráð okkar í Osló, að það aflaði upplýsinga um álsamninga Norðmanna. Nú væri búið að reka Husnesverksmiðjuna í tvö ár, og hvað hafa nú Norðmenn haft upp úr þessari verksmiðju og hvaða samanburð er hægt að gera á þessu? Það bárust svo á sínum tíma upplýsingar um þetta, og ég bað Hjört Torfason, sem er *annar fulltrúi ríkisstj.* í ÍSAL, að gera samanburð, sem fram kemur í grg. frá honum, á því með ýmsu móti, hvort ætla megi, að hagstæðari séu samningar okkar Íslendinga við ÍSAL og Alusuisse eða samningar þeir, sem Norðmenn gerðu við Alusuisse. Álbræðslan SURAL í Husnes framleiddi um 56 þús. lestir hvort árið, 1967 og 1968, og nú liggja reikningar þeirra ára fyrir. Athugað hefur verið, hvað þeir hafa greitt mikið í skatta á þessum árum. Hvað hafa þeir greitt mikið fyrir raforku? Og hvað er þetta svo í samanburði við, að álbræðslan hér framleiddi 56 þús. tonn á ári, og hvað er þetta samanlagt mikið á hverja kwst. og á lest?

Ef við tökum skattinn fyrst, þá greiddi bræðslan í Husnesi samtals 37 237 750 kr. í skatta 1967 og 38 899 600 kr. árið 1968. Ef þetta er borið saman við skattgjaldið hjá okkur af 56 þús. tonna ársframleiðslu af áli, þá mundu þeir hafa greitt hérna eftir mismunandi töxtum, því að fyrst var greitt 12.50 dollara gjald á lestina og síðan, þegar álið hækkaði í verði, 16 dollarar eftir samningnum. Svo á að greiða 20 dollara og síðan 23.50, það fer eftir því, þegar rafmagnsverðið lækkar. En til þess að gera dæmið minna flókið, þá getum við miðað við það eins og það stendur í dag, þ. e. 16 dollara á lest, og þá mundi ÍSAL greiða af sömu framleiðslu og verksmiðjan í Noregi 78 millj. 848 þús. kr. eða 41 millj. 610 þús. kr. meira árið 1967 og 39 millj. 948 þús. kr. meira 1968. Þetta eru ekki svo smáar upphæðir. Það eru um það bil 40 millj. kr. hvort árið, sem ÍSAL mundi greiða meira í skattgjald heldur en verksmiðjan í Husnes, sem Alusuisse rekur og á að mestu leyti, hefur greitt í skatta. Þegar fram í sækir, verður mismunurinn enn þá meiri, þegar rafmagnsgjaldið lækkar, því þá hækkar skattgjaldið hjá okkur. En það skiptir kannske ekki öllu máli, vegna þess að ég kem síðar að samanburði á þessu samanlagt.

Eins og sjá má af greiðslum ÍSALs, þá eru greiðslur þess á þessu ári miklum mun hærri en SURALs á þessu stigi málsins. Ef miðað er við árið 1968 hjá SURAL, þá verður munurinn gagnvart 1. taxta ÍSALs, áður en alúmíníumið hækkaði, 62.6% og gagnvart 2. taxta, sem núna gildir, þ. e. a. s. 16 dollarar á tonnið, þá er munurinn 102.8%. Þannig er gjald ÍSALs meira en tvöfalt hærra. Á síðari töxtum verður hann þaðan af meiri, gagnvart 3. taxta rúmlega 150% og gagnvart 4. taxta sem næst 200%. Ef rafmagnsverð verksmiðjanna er tekið með í dæminu, er samanburðurinn hagstæðari Íslandi eftir sem áður. Rafmagnsverð Norðmanna til SURALs er miðað við kwst. og nemur 1.8 norskum aurum á kwst. plús 17%. Það eru sem næst 25.92 ísl. aurar á kwst. eða 2.94 mill á núverandi gengi. Og þetta verð mun gilda óbreytt hjá Norðmönnum a. m. k. til 1972, en rafmagnsverð ÍSALs er nú 26.4 aurar eða 3 mill á kwst., eins og kunnugt er. Það er m. ö. o. hærra en í Noregi. Það lækkar hjá okkur í 22 aura eða 2.5 mill árið 1975, en samtímis því mun framleiðslugjald ÍSALs hækka sjálfkrafa úr 1. og 2. taxta í 3. og 4. taxta, sem ég vék að áðan, þannig að heildargreiðsla félagsins breytist ekki. Má því segja, að hvort tveggja sé hærra hér en í Noregi um þessar mundir, skattgreiðslur félaganna og rafmagnsverð.

Það er dálítið fróðlegt að gera samanburð á heildargreiðslum SURALs og ÍSALs miðað við 15 þús. kwst. orkuneyzlu pr. lest af áli, sem gilda mun hjá báðum félögunum. Ef þetta er í aurum talið á kwst., þá greiðir SURAL 25.92 aura í rafmagn, í skatta 4.63 aura, eða samtals í skatta og rafmagn 30.55 aura. En ÍSAL greiðir í dag 26.40 aura í rafmagn og í skatta 9.39 aura, eða 35.79 aura á kwst. M. ö. o., SURAL-verksmiðjan í Noregi greiðir 30.55 aura, en íslenzka verksmiðjan, ÍSAL, 35.79 aura á kwst., samanlagt í rafmagn og skatta. Ef þetta er reiknað í kr. á lest af áli, þá greiðir SURAL 1968 3888 kr. í rafmagn á hverja lest og í skatta 695 kr., eða í hvort tveggja 4583 kr. á lest, en ÍSAL mundi greiða 3960 kr. í rafmagn á lest og í skatta 1408 kr., eða 5368 kr. á lest, í staðinn fyrir að SURAL greiðir 4583 kr. Þetta breytist svo nokkuð með breyttum töxtum, sem er ástæðulaust að fara út í, held ég. Ef miðað er við ársafköst og orkuneyzlu SURALs, 56 þús. lestir og 840 millj.

kwst., þá lítur dæmið þannig út, að SURAL greiðir árið 1968 í rafmagn 217.7 millj. kr. og í skatta 38.9 millj., eða samtals 256.6 millj. kr., en ÍSAL greiðir, eins og nú standa sakir, 221.8 millj. í rafmagn og 78.8 millj. í skatta, eða 300.6 millj. kr. samanlagt á móti 256.6 millj., sem norska verksmiðjan greiðir. Í hundraðstölum nemur munurinn rúmlega 17% okkur í hag.

Nú var það kannað dálítið eftir að við fengum þessar upplýsingar um gjöldin, hvort það væru einhver gjöld, sem þeir greiddu, eins og söluskattur og annað, sem ekki væri reiknað með í þessu, og Hjörtur Torfason, sem vann að þessu, skrifaði þess vegna álbræðslunni í Husnes eftirfarandi bréf, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég sendi hér með til upplýsinga og athugunar meðfylgjandi samanburð, sem ég hef gert á greiðslum SURALs og ÍSALs á sköttum og rafmagni á grundvelli upplýsinga í bréfi Alusuisse til sendiráðs Íslands í Osló, dags. 24. nóv. s. l. Þætti mér vænt um, ef þér vilduð kanna, hvort útreikningar mínir fái staðizt. Þar sem ég er ekki viss um, að bréf Alusuisse gefi nægilega skýra heildarmynd af aðstöðu SURALs, þætti mér vænt um, ef kannað yrði, hvort hægt er að fá upplýsingar hjá Alusuisse um eftirfarandi gegnum telex eða með öðrum fljótlegum hætti:

1. Hvað SURAL greiðir mikinn söluskatt og hvort hann nái til svokallaðrar innri þjónustu, þ. e. þjónustu einnar starfsdeildar við aðra, sbr. mgr. 3102 b-i í aðalsamningnum frá 1966, þ. e. samningnum okkar, og
2. Hvort Alusuisse sé skattskylt í Noregi af greiðslum til þess frá SURAL, þ. e. á arði, verkfræðiþóknun, þóknun fyrir tækniaðstoð, söluumboðslaun o. s. frv."

Þessum fsp. var svo svarað þannig:. Í Noregi er allur útflutningsiðnaður sem slíkur undanþeginn virðisaukaskatti, — sem er einna líkastur söluskattinum hjá okkur. Hins vegar greiða fyrirtæki virðisaukaskatt af aðkeyptum vörum og þjónustu, en eiga rétt á fullri endurgreiðslu, ef framleiðsluvörur fyrirtækisins eru síðan fluttar út. SURAL flytur alla framleiðslu sína út og fær því endurgreiddan þann virðisaukaskatt, sem þeir kunna að hafa greitt. Varðandi skattskyldu Alusuisse er það að segja, að Alusuisse er ekki skattlagt í Noregi af þeim greiðslum, sem minnzt er á, af arði og öðru, en hins vegar að sjálfsögðu í Sviss. En það a. m. k. kemur ekki fram í Noregi.

Mér þótti rétt að láta þessar upplýsingar koma fram, því að þær hafa eiginlega ekki fyrr verið dregnar fram í dagsljósið. Við höfum oft rætt um þetta áður og hefðum kannske getað aflað þeirra fyrr, þegar við vorum að gera samningana á sínum tíma, en þá lá það ekki fyrir, hverjar skattgreiðslurnar yrðu, og var erfitt að áætla það hjá Norðmönnum, en nú eru þeir sem sagt búnir að greiða. Ég hef því miður ekki tölur fyrir s. l. ár. Það væri að sjálfsögðu rétt að kanna það, hvernig þetta hefur komið út hjá SURAL 1969, því í þessu er töluverður fróðleikur. Ég vildi láta þessar upplýsingar koma fram undir þessari meðferð málsins hér, um viðbótarsamninginn við álbræðsluna, án þess að blanda því inn í þær deilur um raforkuverðið, hvort það í sjálfu sér sé nógu hátt eða ekki, sem út af fyrir sig skiptir ekki máli í þessu sambandi, heldur eru þetta eingöngu upplýsingar um það, hvort við höfum samið þannig, að það standist samanburð við það, sem hliðstætt hefur verið gert í Noregi og oft hefur verið vitnað til.

Mér þykir vænt um, að ekki hefur orðið verulegur ágreiningur um þetta mál nú, og deilurnar um sjálft raforkuverðið bíða að sjálfsögðu síns tíma, eins og fram hefur verið tekið.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er nú til umr., felur í sér staðfestingu á nýjum samningi, sem ríkisstj. hefur gert við Swiss Aluminium, um hraðari byggingarframkvæmdir við álverksmiðjuna og um stækkun verksmiðjunnar. Þessir nýju samningar byggjast í raun og veru á nýju samkomulagi, sem gert hefur verið um raforkusölu til álfélagsins frá Búrfellsvirkjun.

Eins og öllum hv. alþm. er kunnugt, þá hafa að undanförnu staðið allmiklar deilur um það, hvað væri í raun og veru framleiðslukostnaðarverð raforkunnar frá Búrfellsvirkjun, og m. a. hefur komið hér fram till. um það, að skipuð yrði sérstök rannsóknarnefnd til þess að kynna sér málið og gefa Alþ. hlutlausa skýrslu um það. Það er í rauninni illt, að þessi skýrsla skuli ekki enn hafa verið gefin og hún skuli ekki liggja fyrir nú, einmitt áður en þetta mál verður afgreitt hér, því auðvitað er það grundvöllur þessa máls, hvað framleiðslukostnaðarverð raforkunnar frá Búrfellsvirkjun er hátt, þegar taka á afstöðu til þess, hvort rétt þyki að semja við álfélagið á nýjan leik um aukna raforkusölu á því verði, sem gilt hefur til félagsins hingað til.

Þegar samningarnir voru upphaflega gerðir, um raforkusölu til álfélagsins, þá var talið í upplýsingum, sem komu hér fram á Alþ., að reikna mætti með því, að framleiðslukostnaðarverð á raforku frá virkjuninni, þegar hún væri fullnýtt, yrði í kringum 21.1 eyrir á kwst. En hins vegar var söluverðið til álfélagsins ákveðið 22 aurar á kwst. En hér á Alþ. urðu um það allmiklar deilur, hvort þessi áætlun um framleiðslukostnaðarverðið fengi í rauninni staðizt eða ekki. Ég hef verið á þeirri skoðun, að það verð, sem samið var um á raforku til álfélagsins, hafi strax í upphafi verið of lágt, og mér sýnist við frekari athugun á þessum málum, að allt bendi til þess, miðað við þær upplýsingar, sem nú liggja fyrir, að framleiðslukostnaðarverð á orkunni frá Búrfellsvirkjun muni vera talsvert hærra en söluverðið til álfélagsins er.

Það er auðvitað ekki hægt að segja enn með neinni vissu, hver heildarstofnkostnaður Búrfellsvirkjunarinnar verður, vegna þess að enn er talsvert mikið óunnið að byggingu virkjunarinnar. En það liggja nokkrar áætlanir fyrir um kostnaðinn við það, sem enn er óunnið. Sé gengið út frá þeim áætlunum, sem stjórn Landsvirkjunar sendi frá sér nú um heildarstofnkostnað Búrfellsvirkjunar, þá gerir hún ráð fyrir því, að virkjunin muni kosta í kringum 43 millj. dollara, og auk þess komi svo til kostnaður við gasaflsstöð, sem nemi 3.18 millj. dollara. Við þessa nýjustu áætlun er það að athuga, að þar er gert ráð fyrir því, að það, sem enn er óunnið af virkjunarframkvæmdum, lækki allverulega í kostnaði frá því, sem upphaflega var áætlað. Þannig var síðari áfanginn við stækkun virkjunarinnar áætlaður kosta 5.10 millj. dollara, en er nú áætlaður 2.61 millj.

dollara. Upphaflega voru miðlunarframkvæmdir við Þórisvatn áætlaðar kosta 2 millj. dollara, en eru nú áætlaðar 1.48 millj. dollara. Þegar maður hefur það einnig í huga, að það er aðeins rúmt ár liðið síðan Landsvirkjunarstjórn sendi hér inn til Alþ. skýrslu um áætlaðan framkvæmdakostnað við þessa sömu áfanga, sem ég hef hér rætt um, og óskaði eftir lántökuheimildum vegna þessara framkvæmda, sem þá var gert ráð fyrir, að mundu kosta í kringum 7.5 millj. dollara, þá getur maður auðvitað ekki varizt því að halda, að hér sé nú um heldur ógætilegar áætlanir að ræða um stofnkostnað í þessum nýjustu upplýsingum frá Landsvirkjunarstjórn. En þó að þessar nýjustu áætlanir Landsvirkjunarstjórnar séu teknar eins og þær eru og lagðar til grundvallar við útreikning á orkuverðinu, og sé gengið út frá samskonar forsendum við útreikninga á orkuverðinu og miðað var við í þeim upplýsingum, sem lágu fyrir Alþ., þegar ráðizt var í Búrfellsvirkjun og þegar samningarnir við álverksmiðjuna voru gerðir, þá kemur í ljós að raforkuverðið, miðað við þessa lágu áætlun, sem nú liggur fyrir um heildarstofnkostnaðarverð, er miðað við sömu forsendur fyrir útreikningum á reksturskostnaði virkjunarinnar. Þá mundi raforkuverðið frá virkjuninni vera 21.3 aurar á kwst. og sé við það verð bætt áætlunum Harza um hækkun á raforkuverðinu vegna rekstursins á gasaflsstöðinni, — en Harza telur, að það nemi 1.7 aurum á kwst. — þá mundi framleiðslukostnaðarverð orkunnar frá Búrfellsvirkjun nema 23 aurum á kwst. eða m. ö. o., vera nokkru hærra en söluverðið er til álfélagsins. Ég tel fyrir mitt leyti, að það beri að taka þessar nýjustu áætlanir um heildarstofnkostnað Búrfellsvirkjunar með mikilli varúð. Og því þykir mér sennilegt, að framleiðslukostnaðarverð orkunnar sé nokkru hærra en sem nemur þessum 23 aurum.

Þegar Landsvirkjunarstjórn reiknar framleiðslukostnaðinn lægri en ég hef hér gert grein fyrir, þá byggist það á því, að hún breytir þeim útreikningsforsendum, sem hún hafði sjálf lagt hér fyrir Alþ. á sínum tíma. Nú er farið að reikna með því, að afskriftatími virkjunarinnar verði 40 ár, en í upphaflegum áætlunum, sem lagðar voru fyrir Alþ., var reiknað með 25 árum. Nú er reiknað með því, að heildarreksturskostnaður virkjunarinnar nemi 8.5% af stofnkostnaðarverði, en upphaflega var reiknað með 9.2%. Í upphaflegri skýrslu til Alþ. var talið, að beinn kostnaður við stjórnun og viðhald og annan tilfallandi reksturskostnað, næmi 1.5% af stofnverði virkjunarinnar. Nú er farið að reikna með, að þetta nemi 1%. Heildarreksturskostnaður virkjunarinnar, sem upphaflega var áætlaður 9.2%, byggðist þó á því, að vextir af lánum til virkjunarinnar væru 6%, en nú er upplýst, að meðaltalsvextir séu 7%, þannig að það er í rauninni alveg augljóst, að eftir þeim forsendum, sem upphaflega voru gefnar, ætti fremur að reikna með hærri heildarreksturskostnaði en 9.2% heldur en lægri.

Í þeim tölum, sem ég nefndi, er beinlínis gengið út frá þeim útreikningsforsendum, sem voru lagðar fyrir Alþ. á sínum tíma, um reksturskostnað virkjunarinnar, en þar var reiknað með því, að rekstursútgjöldin næmu 9.2%. Þá yrði raforkuverðið tvímælalaust nokkru hærra en söluverðið er til álfélagsins. Ég tel því, að það sé óeðlilegt að semja á nýjan leik við hinn erlenda eiganda álverksmiðjunnar um aukna raforkusölu á þessu lága verði, sem ég tel, að allar líkur bendi til, að sé undir framleiðslukostnaðarverði. Það hefði a. m. k. að mínum dómi átt að liggja hér fyrir ýtarleg skýrsla um það, hver stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar væri nú þegar orðinn, hver heildarkostnaðurinn muni verða og hvað sé sennilegt framleiðslukostnaðarverð orkunnar frá virkjuninni, áður en nýr samningur yrði gerður.

Þetta eru höfuðástæðurnar fyrir því að ég tel, að Alþ. eigi ekki að staðfesta þennan nýja samning, sem ríkisstj. hefur gert við Swiss Aluminium. Auk þess kemur svo það, sem hér hefur verið minnzt á, að þegar Alþ. var upphaflega gerð grein fyrir samningunum við Swiss Aluminium, þá kom það hér mjög greinilega fram í umr., að viðurkennt var, að umsamið raforkuverð til álverksmiðjunnar væri alveg í lægsta lagi, og það var einnig viðurkennt, að það væri mun lægra en vitað væri um, að samið hefði verið við aðra þá, sem stæðu í hliðstæðum framkvæmdum, þ. e. a. s. þá, sem keyptu raforku til aluminiumbræðslu. Við vitum, að í þeirri skýrslu, sem lögð var fyrir Alþ., var gerð ýtarleg grein fyrir því, hvernig á því stæði, að raforkuverðið, sem um væri samið, væri svona lágt, og ég tel, að þær viðbótarskýringar, sem hér komu nú fram hjá hæstv. iðnmrh., á þýðingum þeirra ummæla, sem þá voru gefin í þessum efnum, fái ekki staðizt með neinu móti.

Í skýrslunni, sem hér hefur verið vitnað til, var verið að ræða þann grundvöll, sem Íslendingar höfðu í samningsaðstöðu sinni við hinn erlenda aðila, þegar um væri að ræða samninga um byggingu 30 þús. tonna álbræðslu. Og skýringarnar á hinu lága raforkuverði voru þær, að hér væri verið að semja um tiltölulega litla verksmiðju, minni verksmiðju en sama fyrirtæki hefði samið um í Noregi, og að hér væri einnig um byrjunarrekstur að ræða í þessum efnum á Íslandi, sem skapaði ýmiss konar byrjunarörðugleika og nokkra óvissu fyrir hinn erlenda aðila. En í beinu framhaldi af þessu er síðan sagt, að allt annað mál sé, þegar um framhaldsstækkun verði að ræða og menn verði komnir yfir byrjunarvandann, þá verði það sjálfsagt að krefjast hærra raforkuverðs.

Í þessum skýringum segir alveg skýrum orðum, þar sem gerð er grein fyrir þessu, m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Í fyrsta lagi hugsar Swiss Aluminium sér að byggja hér á landi minnstu stærð alúmíníumverksmiðju, sem til greina er talin koma, þ. e. a. s. með 30 þús. tonna ársframleiðslu.“ Þessar skýringar voru gefnar Alþ. á þeim grundvelli, en um það var rætt í upphafi. Svo þegar samningarnir voru gerðir við Swiss Aluminium um þetta sama lága raforkuverð fyrir 60 þús. tonna verksmiðju, þá var að því fundið hér á Alþ., að þrátt fyrir það að nú væri samið við Swiss Aluminium um stærri verksmiðju, þá væri enn haldið í hið lága raforkuverð. En nú er í rauninni að mínum dómi bætt gráu ofan á svart, því að nú er hér enn einu sinni breytt fyrri samningum verulega, — eflaust til hagsbóta fyrir eigendur álverksmiðjunnar, því að annars stæðu þeir ekki í þessum samningum, — og einnig samið um nýja stækkun á verksmiðjunni umfram 60 þús. tonn, og enn er haldið í lága verðið, sem viðurkennt er, að sé mun

lægra en í öðrum löndum. Það er því enginn vafi á því, að þau ummæli, sem hér hefur verið vitnað til, þar sem sagði skýrum orðum í skýrslu ríkisstj. til Alþ. á sínum tíma, að þegar kæmi til stækkunar, yrðu viðhorfin miklu hagstæðari fyrir Íslendinga og þá væri von á því, að við gætum fengið hærra verð, þau hafa engan veginn staðizt í reynd, sbr. þá samninga, sem hér liggja nú fyrir.

Þetta orðalag, sem vitnað hefur verið til, þar sem segir: „verði alúmíníumbræðslan stækkuð í framtíðinni, telur bankinn hins vegar ekki rök fyrir því að bjóða jafn hagkvæm kjör", er nú reynt að túlka þannig, að „í framtíðinni" þýði aðeins, þegar um væri að ræða stækkun eftir mörg ár. Hér er verið að semja um stækkun verksmiðjunnar, ekki aðeins úr 30 þús. tonnum upp í 60, sem búið var að gera, heldur einnig úr 60 og upp í 70 þús. tonna framleiðslu. Eins og ég sagði, voru þessar afsakanir, sem hér voru færðar fram fyrir hinu lága raforkuverði, í rauninni allar grundvallaðar á því, að þá var verið að tala um 30 þús. tonna verksmiðju. Því sagði m. a. í þessari skýrslu orðrétt á þessa leið:

„Hins vegar er byrjunin alltaf langerfiðust, en eftir að 30 þús. tonna verksmiðja hefur verið byggð af Swiss Aluminium hér á landi, hlýtur samningsaðstaða Íslendinga varðandi frekari stækkun að verða miklu betri en ella."

Þetta hefur í rauninni allt brugðizt. Og þá er aðeins spurningin þessi: Var samningsaðstaða okkar nú svo miklu óhagstæðari en gert hafði verið ráð fyrir, að við þyrftum að semja áfram um hið lága verð, sem mörgum sýndist, að væri of lágt þegar í upphafi? Þurftum við enn að semja um þessa stækkun á þessu lága verði?

Ástæðurnar fyrir því, að ég vil ekki fyrir mitt leyti samþykkja það frv., sem hér liggur fyrir, eru fyrst og fremst þessar:

Ég tel, að hér sé samið um of lágt verð á orkunni, hér sé samið um lægra verð en sem nemur beinum framleiðslukostnaði orkunnar, þegar um fullnýtingu virkjunarinnar verður að ræða, og ég tel einnig, að samningsaðstaða okkar við hinn erlenda aðila hafi ekki verið nýtt sem skyldi.

Um þær upplýsingar, sem hæstv. iðnmrh. gaf hér um samanburð á gjöldum Swiss Aluminium í Noregi og hér, skal ég vera fáorður. En mér sýndist þar vera bornir saman algerlega ósambærilegir hlutir. Þar var rætt um skattgreiðslu Husnesverksmiðjunnar í Noregi og skattgreiðslu álfélagsins hér, og einnig um raforkuverð beggja aðila, en það, sem hér skiptir auðvitað höfuðmáli, er það, að framleiðslugjaldið, sem hér var samið um við álfélagið, var ákveðið hér til þess að koma í staðinn fyrir alla skatta og öll gjöld, sem innlendir aðilar verða að borga. Þetta var innifalið hér í einu gjaldi, og þarna var auðvitað að nokkru leyti tekið tillit til þeirra stórfelldu fríðinda, sem fyrirtækið samdi um varðandi tollagreiðslur og tollaundanþágur í mörgum greinum. Hinn erlendi aðili býr hins vegar í Noregi við allt aðrar kringumstæður. Þar verður hann að sæta sömu greiðslukjörum og önnur innlend fyrirtæki þar í einu og öllu, verður að borga tolla og þá skatta og gjöld, sem þar er um að ræða, alveg á sama hátt og hliðstæð framleiðsla í Noregi verður að gera. En þessi sami aðili nýtur hins vegar hér ýmiss konar sérstakra fríðinda, svo að samanburður á þessum grundvelli er ekki marktækur. Hér yrði þá að taka með ýmiss konar gjöld, sem falla eðlilega til, t. d. í sambandi við stofnkostnað, sem auðvitað hafa verið allt önnur hér heldur en gagnvart verksmiðjunni í Noregi, sem verður að lúta öllum þeim sömu reglum þar í landi og önnur norsk fyrirtæki verða að gera. En það var nú ekki meiningin að fara hér út í sérstakar umr. um það atriði, enda hef ég í rauninni ekki aðstöðu til þess að átta mig til hlítar á þessum samanburði.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð að sinni. Ástæðurnar fyrir því, að ég get ekki fallizt á þetta frv., eru þær, að ég tel, að hér hafi verið samið um lægra verð en sem nemur beinum framleiðslukostnaði orkunnar frá Búrfellsvirkjun, og ég tel, að við höfum ekki nýtt samningsaðstöðu okkar við hinn erlenda aðila sem skyldi, því það þarf ekki að segja mér það, að hann hafi staðið í þessum samningum að þessu sinni eingöngu til þess að bjarga Búrfellsvirkjun og okkur. Hann hefur vitanlega haft sína miklu hagsmuni, og það er hagstætt fyrir hann að koma fram þessari stækkun. Hann þurfti á orkunni að halda, ekki síður en við þurftum að selja þá orku, sem við erum búnir að virkja eða leggja í kostnað vegna.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. Í sambandi við lokaorð hv. 4. þm. Austf. um, að þessi viðbótarsamningur hafi ekki verið gerður fyrir okkur Íslendinga, þá hef ég aldrei dregið neina dul á það frá upphafi vega, að þeir samningar, sem gerðir hafa verið, hafa hvorki verið gerðir fyrir okkur eingöngu né fyrir Svisslendingana eingöngu. Þetta er bara með þeim eðlilega hætti, þegar menn semja, að menn ná ekki samningum, nema báðir telji sér hag af samningnum. Og það hefur aldrei hvarflað að mér, að Svisslendingar mundu gera nokkurn skapaðan hlut fyrir okkur. Þeir gera þennan samning við okkur, af því að þeir sjá sér hag í samningnum. Við gerum þessa samninga heldur ekki fyrir Svisslendingana. Við gerum þá, af því að við teljum okkur hag í samningunum. Þetta liggur í hlutarins eðli.

Svo ég víki aðeins að þessum samanburði, sem ég gerði hér áðan á SURAL og ÍSAL, þá finnst hv. 4. þm. Austf., að það sé borið saman eitthvað ósambærilegt. Þetta get ég ekki fallizt á. Ég stend í þeirri trú, að hér sé samanburður á algerlega sambærilegum hlutum. Ég er reiðubúinn til þess að halda þessum samanburði áfram í samráði við hv. þm. og aðra þm., sem óska þess, og að við reynum sameiginlega án allrar tortryggni að finna út úr því, hvort hér er borið saman eitthvað sambærilegt eða ekki sambærilegt. Á þessu stigi málsins veit ég ekki betur en bornir séu saman alveg fullkomlega sambærilegir hlutir, og því gerði ég grein fyrir þessu. En ég skal ekki hafa um það fleiri orð og ekkert vera að karpa um það, en ég er reiðubúinn fyrir mitt leyti og vil mjög gjarnan halda áfram að athuga þennan samanburð, og þá einkum frá árinu 1969, og sjá, hvernig hann kemur út, og fá hlutlausa umsögn um það, hvort hér vantar eitthvað upp á, því að það er mikils virði fyrir okkur og fyrir þá, sem í framtíðinni fjalla um þessi mál, að vita það rétta í því sambandi. (**EðS:** Kaupgreiðsl-

urnar líka.) Kaupgreiðslur eru nú dálítið annað mál. Ég verð nú að segja það, að það var óþarfi að skjóta þessu inn. Ég veit ekki, hvernig við eigum að komast í samanburð í því sambandi. Við erum hér að tala um raforkuverð annars vegar og skattgreiðslur hins vegar, og það er bara vegna þess, að því er haldið fram, að skattgreiðslurnar, opinberu gjöldin, séu sambærileg. (**EðS:** Vísaðu þessu þá til n. og legðu áherzlu á þetta atriði.) Það vill verða svo, að þegar á að fara að bera það saman, sem deilt hefur verið um, þá er erfitt að fá menn til að sættast á það, en því býð ég þessum hv. þm. upp á sameiginlega skoðun á þessum samanburði.

En varðandi raforkuverðið, sem ég gerði grein fyrir, að er lægra í Noregi heldur en við fáum greitt núna og til 1975 hjá ÍSAL, þá var rétt hjá hv. 4. þm. Austf., að við gáfum þær upplýsingar á sínum tíma, að raforkuverðið væri nokkru hærra. Ég þori ekki að fullyrða það, en það er eins og mig minni, að við höfum talað um 3.17 mill á móti 2.5 mill, og svo 3.3 mill, sem gilda nú og fram til 1975, meðan skattgjaldið er annað. En það er rétt, verðið er innan við 3 mill hjá Norðmönnum og þannig svolítið lægra heldur en hjá okkur. En þessi breyting, sem orðin er á, stafar af því, að það hefur orðið gengisfall hjá Norðmönnum á norsku krónunni og þeir sömdu í norskum kr., en við sömdum í dollurum. Það er í því, sem þessi mismunur liggur núna, þegar þetta er borið saman við hlutdeild úr dollara.

Ég skal svo ekki elta ólar við gamlar skýrslur eða tilvitnanir í þær, en ég vil aðeins segja það, að menn verða að hafa það í huga, að við sömdum aldrei um 30 þús. tonna verksmiðju. Það var aldrei búið að gera samning um það, svo að það er ekki um það að ræða, að eftir að við vorum búnir að semja um 2.5 mill til 30 þús. tonna verksmiðju, þá höfum við samið aftur um 2.5 mill til 30 þús. tonna verksmiðju í viðbót, í stað þess að semja um hærra verð, eins og við vorum að tala um. Það voru aldrei neinir samningar 1964, og það var ekkert vitað um það 1964 yfir höfuð, hvort það næðust nokkrir samningar um álbræðslu á Íslandi.

Við erum töluvert búnir að reyna að grennslast fyrir um það, hvort nokkrir möguleikar séu á hagstæðum samningum fyrir Ísland um aðrar álbræðslur hér á landi, síðan þessi samningur var gerður. Það hefur ekki mikið rekið á fjörur okkar, en hins vegar hefur orðið gífurleg aukning á álframleiðslu í heiminum, ekki sízt í Evrópu, og það meira að segja ráðagerðir um stórkostlega aukningu álframleiðslu í Evrópu. Út frá því sjónarmiði gætum við kannske hugsað okkur, að það væru möguleikar fyrir okkur á að geta gert nýja samninga og hagstæðari um aðra álbræðslu hér á landi, en um það er allt of snemmt að fullyrða nú. Ég sá t. d. fyrir nokkrum dögum úrklippu úr blaði, sem kunningi minn sendi mér, þar sem sagði að tvö stórfyrirtæki, franskt og amerískt, væru að tala um að hafa samvinnu um byggingu á einnar millj. tonna álbræðslum í Evrópu, en það væri ekki ákveðið enn, hvar þær ættu að vera staðsettar. En þar hefur orkuverðið verið mjög dýrt og ég held því, að það hljóti að byggjast á allt öðru orkuverði og væntanlega þá ódýrri kjarnorku, sem menn gera ráð fyrir, en ég er hins vegar alveg ókunnugur því.

Varðandi þau atriði, sem snertu það, hvort raforkuverðið til ÍSALs væri neðan framleiðsluverðs eða ofan, sem hv. síðasti ræðumaður vék að, ætla ég ekki frekar en aðrir, sem hér hafa talað í dag, að víkja frekar að, heldur geyma það til þess tíma, þegar það mál kemur til umr.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það er hér aðeins fsp., til stuðningsmanna þessa máls, þessa nýja samnings. Ég held að báðir aðilar, meiri hl. og 2. minni hl. iðnn., hafi látið orð falla á þá leið, að það væri gróði fyrir Landsvirkjun að selja viðbótarorkuna jafnvel fyrir þetta verð, sem er nú mikið búið að ræða um, vegna þess að það séu engir kaupendur að henni, eins og sakir standa, nema álverksmiðjan. Þess vegna sé hagur í þessu og alveg hreinn gróði fyrir þjóðina að geta selt þessa orku fyrir þetta verð. Nú skilst mér, að viðbótarvirkjunin kosti eitthvað, svo að þessi viðbótarorka, sem talað er um, er ekki alveg ókeypis. En hitt get ég vel skilið, að framleiðsluverð hennar út af fyrir sig sé mun lægra en framleiðsluverð orkunnar í heild, og sé því a. m. k. ekki verra að selja hana með sama verði og hina fyrri. En þegar verið er að tala um gróða af þessum viðskiptum, þá vil ég fá að vita, við hvað þeir miða. Mér skilst, að þarna eigi að semja fyrir alla framtíð um viðbótarorkuna, sem fæst úr viðbótarvirkjuninni. M. ö. o., Íslendingar geti ekki nokkurn tíma hagnýtt sér þá orku, sem fæst úr þessari viðbótarvirkjun, og ef dæmið er reiknað í heild, þá held ég, að menn verði að bera það saman við væntanlega virkjun Íslendinga handa sjálfum sér, jafnmikla. Og hvað kostar hún? Við skulum hugsa okkur, að sú virkjun, sem Íslendingar þyrftu að byggja eftir örfá ár, kannske 4–6 ár, handa sjálfum sér, framleiddi orku, sem kostaði kannske helmingi meira en orkan frá Búrfellsvirkjun, og við það verð verða Íslendingar sjálfir að búa um alla framtíð. Hvað verður gróðinn þá mikill af því að afsala sér viðbótarorkunni núna fyrir þetta verð?

Þetta langar mig til þess að heyra eitthvað um frá þeim, sem hafa rannsakað þetta mál mikið betur en ég.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég er nú því miður ekki svo reikningsglöggur, að ég geti reiknað hér út í ræðustólnum, hvað viðbótarorkan um alla framtíð muni kosta Íslendinga, en af tilefni þessarar fsp. get ég þó sagt, að vegna þess að hér eru seld til viðbótar 20 MW, þá er núna tekin inn í reikningsdæmið sú 20 MW viðbótarvirkjun, sem þarf til þess, og áætlað hvað hún muni kosta. Eins og kemur fram í skýrslunni, sem lögð var fram í maímánuði á s. l. þingi og er sem fskj. með þessu frv., er gerð alveg sérstaklega grein fyrir því, að sú viðbótarvirkjun, sem þarf að komast fyrr í gagnið, vegna þessa innskots núna, er tekin inn í dæmið, þegar ákvarða skal, hvort rétt sé að selja þessa orku við þessu verði eða ekki.

Svo er það í öðru lagi mikill misskilningur hjá hv. 1. þm. Vestf., að Íslendingar geti aldrei nokkurn tíma hagnýtt sér þessa orku. Þetta er tímabundinn samningur. Frá þeim tíma, sem við byrjuðum að selja orkuna, var hann til 25 ára, með framlengingarrétti á báða bóga til 10 ára fyrst og svo 10 ára aftur, þ. e. a. s. til 45 ára. Það eru hin endanlegu mörk. Eftir þann tíma geta Íslendingar skrúfað fyrir þessa orku til álbræðslunnar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18:7 atkv.
2.–3. gr. samþ. með 18:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:6 atkv.

Á 59. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:7 atkv. og afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., 12. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 56. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstj. Íslands og Swiss Aluminium um álbræðslu við Straumsvík, hefur hlotið meðferð og afgreiðslu í hv. Nd. Það er nokkuð langt um liðið síðan þingið fékk það til meðferðar, en það varð samkomulag um það á milli þm. í Nd., að afgreiðsla málsins biði nokkuð, og ég vil vona, að hv. Ed.-þm. telji það ekki koma að sök, þó að frv. komi seint til meðferðar á þingtímanum hér í Ed., kannske fyrst og fremst vegna þess, að þm. hafði þegar verið gert aðvart um flutning þessa máls og gerð grein fyrir meginefni þess í skýrslu, sem lögð var fyrir þm., áður en þingi lauk í maímánuði í fyrra.

Það var 28. okt. s. l., sem iðnmrh. undirritaði þennan viðaukasamning við fulltrúa Alusuisse með fyrirvara um staðfestingu af hálfu Alþ., en aðdragandinn var sá, að enda þótt nokkuð hafi verið í tvísýnu og mikið rætt um skort á vinnuafli, þegar álsamningurinn var gerður 1966 í tengslum við stórvirkjun í Þjórsá, þá hafa orðið þær breytingar í þjóðfélaginu, vegna mikilla áfalla, sem hv. þm. er kunnugt um, að í staðinn fyrir vinnuaflsskort höfum við um tíma þurft að búa við nokkurt atvinnuleysi. Og þegar sjá mátti nokkuð fram á hvað verða vildi, þá kom upp sú hugmynd, hvort ekki væri hægt að semja við Alusuisse eða Swiss Aluminium um aukinn framkvæmdahraða við byggingu álbræðslunnar. Samkv. samningnum frá 28. marz 1966, var gert ráð fyrir, að ljúka álbræðslunni í þremur áföngum, fyrst álbræðslu með 30 þús. tonna árlegum afköstum og síðan í tveimur áföngum með þriggja ára bili, viðbót um 15 þús. tonn og aftur 15. þús. tonn, þannig að lokið væri byggingu 60–66 þús. tonna álbræðslu árið 1975. Þegar ég átti um haustið 1968 viðræður við fyrirsvarsmenn Alusuisse, voru þeir efnislega samþykkir því, að þeir gætu hugsað sér að gera slíka samninga við okkur um aukinn framkvæmdahraða, þó að það væri þá ekki hægt að ganga formlega frá þeim samningum. Það var svo á s. l. vori í sambandi við aðalfund ÍSALs í lok apríl, að gert var samkomulag milli beggja aðila um aukinn framkvæmdahraða, eins og ég var að lýsa áðan, og einnig stækkun á upphaflega ráðgerðri hámarksstærð álbræðslunnar. Þessu var þm. gerð grein fyrir í skýrslunni, sem lögð var fram í maí á s. l. ári, og þá gerð grein fyrir því, að samkv. þessu mundi þurfa að leggja fyrir Alþ. viðbótarsamning, sem ætti eftir að „formúlera". Lá hann svo fyrir í lok október og var þá undirritaður í því formi, sem hann fylgir nú þessu frv., og með, eins og ég sagði áðan, fyrirvara um samþykki Alþingis.

Þessi viðbótarsamningur felur í sér tvennt eða kannske þrennt, en þó aðallega tvennt. Annars vegar er slegið fastri hraðari uppbyggingu áður ráðgerðrar stærðar, þannig að henni verði lokið í september 1972 í staðinn fyrir í september 1975, og hins vegar er svo skotið inn stækkun á álbræðslunni, þ. e. að mannvirki álbræðslunnar verði stækkuð um 1/6 hluta umfram það mark, sem gildandi samningar náðu til, þ. e. a. s. úr 120 í 140 MW málraun. Það þýðir, að samið var um aukna raforkusölu um 20 MW, sem mun þýða 10–11 þús. lesta aukningu á árlegri afkastagetu.

Jafnframt var svo gerð nokkur breyting á samningi, sem fylgdi upphaflega aðalsamningnum, um stofnkostnað hafnarmannvirkja í Straumsvík, sem ekki skiptir verulegu máli, en má þó segja, að sé okkur í hag. Efni málsins var það, að álbræðslan átti að greiða kostnaðinn, sem af þessari mannvirkjagerð mundi leiða, á 25 árum. En mannvirkin eru í eigu Hafnarfjarðarkaupstaðar, og þessar greiðslur skyldu koma í staðinn fyrir hafnargjöld á þessu tímabili. Á þessu hefur svo orðið sú breyting, að nú er ráðgert, að félagið greiði kostnaðinn með afborgunum, sem lokið verði á 15 árum, og greiðsluskilmálunum er komið þannig fyrir, að þeir geti fallið saman við greiðslur af láni, sem ríkissjóður hyggst taka til þess að standa straum af hafnarframkvæmdunum. Þá verður reyndin sú, að ÍSAL eða Alusuisse verður í raun og veru beinn greiðandi að láninu. Og þá má segja, að í þessu sé sá hagur, að ríkissjóður og Hafnarfjarðarkaupstaður séu þar með firrtir þeirri áhættu, sem gat verið fyrir hendi, að þurfa að greiða niður hafnarkostnaðinn á skemmri tíma en þeim, sem félaginu var ætlaður til endanlegrar greiðslu á honum.

Þeirri stækkun, sem hér er ráðgerð, um 1/6 af upphaflegri stærð, er skotið inn með þeim hætti, að henni á að vera lokið í júlímánuði í sumar, og þegar á allt er litið, annars vegar aukningu framkvæmdahraðans og hins vegar stækkunina, þá voru niðurstöður okkar í ríkisstj. og í Landsvirkjun þær, að þetta væri til aukinnar hagkvæmni fyrir Landsvirkjun og einnig mundi það leiða af sér hagkvæmni í hærri framleiðslugjöldum heldur en ella væri. Og loks skapaðist með þessu móti, eins og ég vék að í öndverðu, meira samhengi í framkvæmdirnar, sem væri okkur til hagræðis. Þannig hefur verið haldið áfram að vinna við álbræðsluna, lengja keraskálann, sem upphaflega átti að vera miðaður við 30 þús. tonna árleg afköst, og síðan er gert ráð fyrir, að þegar undirbúningi við stækkun eftir það er lokið 1970, byrji strax undirbúningur að stækkun og framhaldi verksins og framkvæmdir við síðari keraskálann geti síðan hafizt upp úr áramótunum 1970 eða 1971 og verði lokið í sept. 1972.

Í grg. og útreikningunum, sem hér fylgja með og ég veit að þm. hafa kynnt sér, er borið saman, hvaða greiðslur við þyrftum að inna af hendi, annars vegar án aukins framkvæmdahraða og stækkunar, og hins vegar

með auknum framkvæmdahraða og viðbótarstækkun. Þar kemur í ljós, að brúttótekjur Landsvirkjunar fyrir tímabilið frá 1. okt. 1969, þegar framleiðsla hófst, og til 1. okt. 1984 eru með auknum framkvæmdahraða og viðbótarstækkun samtals 3734.4 millj. kr., en að óbreyttum samningum 2838 millj. kr. Mismunurinn er því sá, að brúttótekjur Landsvirkjunar af orkusölunni verða 896.4 millj. kr. meiri á þessu tímabili. Einnig er gerð grein fyrir því, að mjög verulegur hluti af þessum brúttótekjum mun einnig koma fram sem hreinar tekjur eða nettótekjur, þar sem framleiðslugeta Búrfellsvirkjunar nýtist miklu fyrr en ella. Og þannig telur Landsvirkjun í grg. sinni, sem dags. er 5. maí s. l. og fylgir skýrslu iðnmrn., sem ég hef áður vikið að og er hér sem fskj., að nettótekjur fyrirtækisins árin 1969–1985 muni verða um 465 millj. kr. hærri með viðbótarstækkun álbræðslunnar en án hennar. Og þá vil ég leggja áherzlu á, að það er tekið fullt tillit til þeirrar fjárfestingar í nýjum mannvirkjum, sem stækkunin kallar á, þegar frá líður, því að þörf er á og reiknað er með í skýrslu Landsvirkjunar, að hefja nýja mannvirkjagerð til þess að selja til viðbótar þessi 20 MW. Kostnaðurinn af þeim framkvæmdum er því tekinn inn í þessa útreikninga.

Á bls. 20 og 21 í fskj. frv. er af hálfu Landsvirkjunar gerð grein fyrir þeirri hagkvæmni, sem af stækkun bræðslunnar leiði, og hún er talin í 4 liðum, sem ég vildi mega leyfa mér að leggja áherzlu á, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Nettótekjur Landsvirkjunar 1969–1985 áætlast 465.1 millj. kr. hærri miðað við stækkun bræðslunnar en án hennar.

2. Sjóðseign Landsvirkjunar í árslok 1985 áætlast 148.7 millj. kr. hærri með stækkun bræðslunnar en án stækkunar, enda þótt afborganir með stækkuninni séu 110 millj. kr. hærri til ársloka 1985.

3. Á erfiðustu rekstrarárunum, þ. e. 1970–1972, er arðgjöfin af nettófasteign hærri með stækkuninni, eða 5.7% í stað 5%. Og á árunum 1973–1985 er arðgjöfin hins vegar svipuð í báðum tilfellum, eða að meðaltali rúm 10%.

4. Þrátt fyrir 362.5 millj. kr. hærri fjárfestingu með stækkuninni, eru lántökur 1969–1985 aðeins 136.2 millj. kr. hærri en án stækkunarinnar."

Það varð þess vegna niðurstaða stjórnar Landsvirkjunar, að það væri til mikils hagræðis og rétt að gera þessa samninga, bæði um aukinn framkvæmdahraða og viðbótarstækkun.

Nú hef ég gert nokkra grein fyrir áhrifunum í sambandi við raforkusöluna, en einnig er á það að líta, að með auknum framkvæmdahraða og stækkun, verður framleiðslugjaldið verulega hærra. Það er gerð grein fyrir því í aths., að þegar miðað er við 1. október 1975, þá munar 120.9 millj. kr., sem gjaldið verður hærra með nýju samningunum heldur en með óbreyttum eldri samningum. Og þegar miðað er við árið 1978, verður hækkunin 179.1 millj. kr., til 1. okt. 1984 er hækkunin 295.2 millj. kr. og til 1. okt. 1994 692.1 millj. kr. Um þetta munar okkur að verulegu leyti, en eins og kunnugt er, rennur þetta framleiðslugjald til atvinnujöfnunarsjóðs, iðnlánasjóðs og Hafnarfjarðarkaupstaðar. Hér er um verulegar upphæðir að ræða. Það sjáum við á því, að heildargjald með auknum framkvæmdahraða og viðbótarstækkun er áætlað til 1. okt. 1975 503.3 millj., en að óbreyttum samningum 348.5 millj., mismunurinn er 154.8 millj. kr. Miðað við 1. okt. 1978 er heildargjaldið með auknum framkvæmdahraða og viðbótarstækkun 981.1 millj., en að óbreyttum samningum 757.9 millj., svo að þarna er um hækkun að ræða, sem nemur 223.2 millj. kr. Til 1. okt. 1984 er heildargjald með auknum framkvæmdahraða og viðbótarstækkun 1 936.5 millj., en að óbreyttum samningum 1 576.9 millj., eða hækkunin 359.6 millj. kr. Og til 1. okt. 1994 er heildargjaldið með auknum framkvæmdahraða og viðbótarstækkun 4 407.3 millj., en að óbreyttum samningum 3 617, eða alls á þessu tímabili 790.3 millj. kr. hærra.

Ég held, herra forseti, að ég þurfi ekki að fylgja þessu frv. úr hlaði með frekari ræðuhöldum við þessa umr., og leyfi mér að vænta þess, að menn geti fallizt á það, að frv. fylgi það ýtarlegar upplýsingar og grg. um eðli málsins, að þm. eða þn. eigi þess vegna auðvelt að átta sig á því, hvað hér er um að ræða, en að sjálfsögðu mun rn. láta í té frekari upplýsingar, ef þess er óskað eða hlutast til um það í sambandi við störf nefndarinnar.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 112, n. 450, 452 og 457).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Iðnn. Ed. hefur haft til athugunar frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík, 96. mál Nd. N. gat ekki orðið sammála. Meiri hl. skilaði áliti á þskj. 450 og leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Viðaukasamningur sá, sem hér um ræðir, við Swiss Aluminium er efnislega tvenns konar: Ákvæði eru um stækkun álbræðslu ÍSALs við Straumsvík um 1/6 hluta, eða um 10–11 þús. tonna afkastaaukningu fram yfir það, sem áður var ráð fyrir gert. Einnig eru ákvæði um að flýta fullnaðarframkvæmdum um 3 ár.

Mál þetta hefur svo mjög verið rætt í blöðum og hér á hæstv. Alþ. sérstaklega, hvað raforkuverðinu viðkemur, að óþarft virðist vera að fara út í einstök efnisatriði. Að dómi meiri hl. iðnn. er alveg auðsætt, að orkusalan til ÍSALs er undirstaða Búrfellsvirkjunar, og því eitt mesta happaspor, sem stigið hefur verið fram á veg til þess að viðhalda og bæta lífskjör þjóðarinnar. Það hefur margsinnis verið sýnt fram á það með óyggjandi rökum, að Búrfellsvirkjun hefði fjárhagslega verið algjörlega vonlaus án álbræðslunnar, auk þess sem þessar framkvæmdir hafa komið inn á það tímabil, þegar aðalatvinnugrein landsmanna, sjávarútvegurinn, var í algjöru lágmarki. Atvinnuaukningin ein er því mikils virði á þessu tímabili, sem framkvæmdir hafa staðið

yfir. Framtíðaratvinna 500 manna við álbræðsluverið er mikið atriði. Í þriðja lagi má benda á, hversu hafnarframkvæmdirnar í Straumsvík eru mikils virði fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, sem er eigandi hafnarinnar og fær hana að fullu greidda með hafnargjöldum álbræðslunnar á 15 árum, en áður var gengið út frá, að ÍSAL greiddi stofnkostnað hafnarinnar á 25 árum.

Eins og segir í athugasemdum með frv., þá er nú gert ráð fyrir, að álbræðslan verði fullgerð í sept. 1972, en áður var ráðgert að það yrði 1975. Í sept. 1972 verður því þetta glæsilega iðnaðarfyrirtæki komið með 70–77 þús. lesta álframleiðslu á ári. Áætla má, að Norðmenn, sem nú hafa líklega 500–600 þús. smál. ársframleiðslu, verði einnig að bæta mjög við sín afköst, svo erfitt verður fyrir okkur Íslendinga að ná þeim miðað við íbúafjölda, nema þegar hugsað verður fyrir enn meiri stækkunum, sem reyndar er alveg nauðsynlegt.

Það er ekki hægt að skilja svo við þetta mál, álbræðslumálið, svo mjög sem það hefur verið mistúlkað, að ekki sé undirstrikað, hversu Íslendingar fá mikla fjármuni fyrir raforkusölu þarna í Straumsvík og vinnutekjur. Bein greiðsla álbræðslunnar, sem tekur yfir tímabil álsamningsins, 25 ár, er skv. grg. frv. til iðnlánasjóðs um 160 millj. kr., til Hafnarfjarðarkaupstaðar um 800 millj. kr. og til atvinnujöfnunarsjóðs nær 3000 millj. kr.

Ég hef ekki farið í grafgötur með það hér á hæstv. Alþ., að mitt álit er það, að bygging álbræðslunnar við Straumsvík og framkvæmdirnar við Búrfell og við höfnina í Straumsvík eru eitt hið mesta happaspor sem íslenzka þjóðin hefur stigið. Það er von mín, að nú verði ekki látið staðar numið. Þegar ættu að vera í gangi athuganir um fleiri álbræðslur og stærri. Það er engin goðgá að hugsa sér að setja því 5–10 ára takmark, að reistar verði álbræðslur bæði á Norðurlandi og Austurlandi, og að sjálfsögðu virkjanir, sem hæfa þessari stóriðju. Mér þætti það líklegt, að hæstv. ríkisstj. hugsaði svipað, og ég vænti þess að heyra um fyrirætlanir hennar áður en þessu Alþingi lýkur.

Það er enginn vafi á því, að álið er framtíðarmálmur, eftirspurn eftir því hefur aukizt meira en menn gat órað fyrir. Það er þó ekki vafi á því, að kjarnorkan kemur til með að keppa við vatnsföll okkar Íslendinga. Við skulum því ekki flýta okkur hægt. Viðbrögð stjórnarandstöðunnar sýna bezt, að þm. hennar gera sér það ljóst, að frekari framfarir á sviði áliðnaðar geta orðið til að festa núverandi valdhafa enn betur í sessi, og það er líklega þess vegna, sem þeir telja sig vera á móti málinu.

Frsm. 1. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Á þskj. 452 hef ég, ásamt hv. 4. þm. Sunnl., lagt fram nál. um mál það, sem hér er til umr., þ. e. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstj. og Swiss Aluminium um álbræðslu í Straumsvík. Eins og kemur fram í því nál., mælum við þar með því, að frv. verði samþykkt. Ég skil nú ekki ummæli hv. síðasta ræðumanns nema þannig, að hann hafi ekki verið búinn að lesa skjalið.

Það, sem hér er um að ræða, eins og hv. 7. landsk. þm. hefur raunar rakið, er það efni þessa samnings, að það er gert ráð fyrir því, að síðari áfanga álbræðslunnar í Straumsvík verði lokið allmiklu fyrr en ráðgert var áður, eða 1. sept. 1972. Jafnframt er heimilað að stækka fyrri áfangann um 10–11 þús. lestir, en til þess að hægt sé að nota þá viðbót, þarf aukna raforkusölu frá Búrfellsvirkjun, sem nemur 20 MW. Og í viðaukasamningi, sem fylgir þessu skjali, er farið fram á heimild Alþ. til þess að selja þá raforku, sem þar um getur, á sama verði og áður hefur verið samið um og nú er selt á.

Eins og við öll vitum, sem hér eigum sæti, hafa núna og í allan vetur staðið yfir allharðskeyttar deilur um raforkuverðið frá Búrfelli, hversu nálægt það sé kostnaðarverði eða langt yfir, eftir því til hvors málflutningsins er vitnað. Við, sem stöndum að nál. á þskj. 452, ætlum að leiða þær deilur hjá okkur, enda sýnist okkur, að þær hafi lítið gildi í sambandi við þetta mál. Við bendum þess í stað á það, að eins og sakir standa er talsverð raforka framleidd við Búrfell, sem enginn kaupandi er að, og það er því álit okkar, að það sé hagkvæmara að selja þessa orku við því verði, sem um hefur verið samið, hvernig sem það svo kann að vera gagnvart framleiðsluverðinu, heldur en að nýta hana ekki. Þetta eru þau rök, sem mæla með því að okkar dómi, að þessi samningur sé gerður.

Það mætti vafalaust fara mörgum orðum um það, hvort ekki væri unnt að finna önnur verkefni fyrir þessa raforku, sem betur mundu borga sig, heldur en að selja hana við þessu verði, sem hér er talað um. Í því sambandi hefur t. d. verið bent á það hér á Alþingi, að slík umframorka mundi geta verið hagkvæm til upphitunar. Já, ég man það raunar, að það var flutt fyrirspurn um það hér á Alþingi, hvort sú væri ekki raunin. Og ef ég man svar hæstv. raforkumálaráðh. rétt, þá voru þau mál öll á undirbúningsstigi og ekkert í raun og veru hægt að segja um það, hvort slík nýting væri hagkvæm eða ekki. Ég álít, að þetta sé mjög þýðingarmikið mál og að það sé raunar vanræksla að hafa ekki kynnt sér þetta til hlítar, þannig að við gætum nú metið það hreinlega, hvort væri heppilegra að selja raforkuna til Straumsvíkur fyrir þessa – ég man nú ekki nákvæmlega hvað margir aurar það eru, 2,5 mill. hygg ég, – eða að selja hana til upphitunar víðs vegar um landið, eða hér á svæði Búrfellsvirkjunar, og að hún gæti þá orðið ódýrari en sú orka, sem tiltæk er til upphitunar á svæðinu. En um þetta er sjálfsagt tómt mál að tala að svo stöddu, því málið hefur ekki verið kannað og þar af leiðandi ekkert hægt um það að fullyrða.

Ég skal ekki vera að lengja þessar umr. með frekara tali um þetta, en ég hygg, og því hefur raunar ekki verið mótmælt með rökum, að það verð á orkunni, sem nú er seld til Straumsvíkur er, eins og sakir standa að minnsta kosti, alls ekki nægilega hátt til þess að standa undir framleiðslukostnaðinum. Og ég tek það fram fyrir mína hönd og hv. 4. þm. Sunnl., að stuðningur við þetta frv. þýðir ekki það, að við höfum fallið frá gagnrýni á það raforkuverð, sem nú er í gildi, heldur helgast afstaðan einungis af því, sem ég áðan sagði, að við teljum það þó skárra að selja orkuna á umsömdu verði heldur en að láta hana ónotaða.

Frsm. 2. minni hl. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. iðnn. og form. þeirrar n. gaf nú vissulega tilefni til þess, að farið væri að ræða hér nokkuð ýtarlega um álbræðslur annars vegar og aðra

möguleika í sambandi við uppbyggingu íslenzks iðnaðar hins vegar. Ég ætla nú ekki að fara langt út í þessa sálma núna, enda þótt þarna væri gefið tilefni til þess. Hv. þm. hefur tamið sér það í sambandi við þessi stóriðjumál að syngja ósköp blítt, eins og lóan á vorin: „dýrðin, dýrðin", og það er fátt annað, sem kemst að í hans huga, þegar hann sér í anda álbræðslur komnar í alla landsfjórðunga og aðra stóriðju, sem erlendir aðilar fjármagna, hingað og þangað um landið. Ég vil aðeins af þessu gefna tilefni minna hann á það, að það eru ýmsir aðrir möguleikar fyrir hendi, til þess að Íslendingar geti lifað sómasamlega í sínu landi. Þeir hafa verið að basla við það, án hjálpar frá erlendum stóriðjuhöldum, að byggja upp sinn iðnað og sína atvinnuvegi, og það er alveg ljóst, til að mynda í sambandi við sjávarútveginn, að þar eru stórkostlegir möguleikar fyrir hendi, að því er varðar fiskiðnað, eins og margoft hefur verið bent á. Í því sambandi vil ég aðeins geta þess, að mér var sagt núna fyrir nokkrum dögum, að 4 fiskibátar frá einu og sama fyrirtæki á Austurlandi hefðu á s. l. ári aflað fyrir um 60 millj. kr., þ. e. aflaverðmæti upp úr sjó. Útflutningsverð þess afla, sem er að mestu eða öllu leyti unninn hér innanlands, er vafalaust um 200 millj. kr., þannig að það má sýna fram á það með töluverðum rökum, að 6–8 slíkir fiskibátar gefa meiri arð í þjóðarbúið, heldur en meðal álbræðsla eins og sú, sem nú er komin hér í Straumsvík. Og ég verð nú að segja það, að mér finnst að það væri skemmtilegra, ef hv. frsm. myndi að minnsta kosti eftir því, að það er fleira, sem getur komið okkur að gagni, heldur en stóriðjan ein, eins og t. d. fiskiðnaðurinn. Hann ætti að minnsta kosti ekki að gleyma því í hrifningarvímunni í sambandi við fleiri álbræðslur.

Eins og fram hefur komið, þá varð ekki samkomulag í n. um afgreiðslu á því frv., sem hér um ræðir. Meiri hl. n. leggur það til, að frv. verði samþ. óbreytt. 1. minni hl. leggur einnig til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en ég skila hins vegar áliti, þar sem ég legg til, að frv. verði fellt. Deilan stendur í rauninni ekki um það, hvort leyfa eigi þessa lítils háttar stækkun álbræðslunnar um 1/6 hluta frá því, sem upphaflega var ráð fyrir gert. Það er ekki slíkt mál að mínum dómi, að ástæða sé til þess að hefja deilur af því tilefni. Þá stendur deilan heldur ekki um það, að hér er gert ráð fyrir að flýta síðari áfanga þessarar álbræðslu, þeim áfanga, sem alltaf hefur verið reiknað með og allir hafa búizt við að yrði reistur. Hvort sá áfangi kemst í gagnið árinu fyrr eða síðar, það geri ég ekki að ágreiningsefni. Deilan stendur eingöngu um það, á hvaða verði á að selja þessari álbræðslu raforkuna. Á að selja hana áfram á sama lága verðinu og áður, eða á að gera kröfur um að það verði hærra og láta þá slag standa um það, hvort samningar nást eða ekki? Ég held, að þrátt fyrir þær deilur, sem á sínum tíma stóðu um álbræðsluna, þá hafi eiginlega allir verið sammála um það, að söluverð raforkunnar væri býsna lágt. Það var að vísu um það deilt, hvort það næði framleiðslukostnaðarverði eða væri undir því, en ég minnist þess ekki, að neinn hafi borið brigður á, að þetta verð væri tiltölulega lágt.

Þeir, sem fylgdu þessum orkusamningi og þar með álbræðslunni á sínum tíma, sögðu, að við yrðum að semja um þetta tiltölulega lága raforkuverð nú, til þess að fá þessa verksmiðju reista hér. En það væri ekki aðeins eðlilegt, heldur sjálfsagt, að þetta raforkuverð hækkaði, þegar kæmi að stækkun eða að því kæmi að selja þessu fyrirtæki meiri raforku. Þetta var margendurtekið í öllum þeim umr., sem urðu um álbræðsluna við Straumsvík á sínum tíma, og þetta kemur m. a. hvað eftir annað fram í þeirri skýrslu, sem ríkisstj. samdi um þessi mál, þegar þau voru á sínum tíma lögð fyrir Alþingi. Á bls. 24 í þeirri skýrslu um fyrirhugaða álbræðslu segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á hinn bóginn er engin ástæða til þess, að jafngóð kjör yrðu í boði, ef til stækkunar kæmi, enda yrðu þá viðhorfin í virkjunarmálunum allt önnur en nú. Ef allt gengur vel í þessum efnum, svo að Íslendingar teldu sér hag að frekari stækkun alúmíníumverksmiðjunnar í framtíðinni, ættu Íslendingar að geta fengið svo að segja sömu kjör og Norðmenn þá byðu."

Og um afstöðu Alþjóðabankans í þessu efni segir svo á bls. 28 í þessari sömu skýrslu:

„Verði alúmíníumbræðslan stækkuð í framtíðinni, telur bankinn hins vegar ekki rök fyrir því að bjóða jafn hagkvæm kjör."

Þessar tilvitnanir í hina umræddu skýrslu ríkisstj. um fyrirhugaða álbræðslu sýna ótvírætt, að það var gert ráð fyrir og það var margsinnis endurtekið og undirstrikað, að Íslendingar gætu vafalaust, ef til frekari samninga um orkusölu kæmi, náð hagkvæmari samningum við álbræðsluna um verð á orkunni. Og ég sé ekki, að fram hafi verið færð nein rök fyrir því, að það hefði ekki verið sjálfsagt að stefna að þessu og að semja um það að selja raforkuna á hærra verði nú heldur en upphaflega var gert.

En nú er sem sagt ætlunin að selja þessa raforku á sama lága verðinu og áður, og þá spyr ég: Hvað veldur? Eina skiljanlega ástæðan fyrir því, að semja um sama raforkuverð, væri að mínu viti sú, að ef kostnaður við framleiðslu raforkunnar hefði orðið lægri en upphaflega var áætlað, þá mætti segja, að rök væru fyrir því að semja um sama lága raforkuverðið. Nú standa yfir og hafa lengi staðið yfir deilur um þennan virkjunarkostnað, en þó held ég, að enginn haldi því fram, að orkan hafi orðið ódýrari en upphaflega var áætlað, heldur liggur það á borðinu, að hún hefur ugglaust orðið dýrari, og því veldur ekki aðeins hærri virkjunarkostnaður, að því er margir telja, heldur einnig hitt, að lánakjör í sambandi við þessar miklu raforkuframkvæmdir hafa orðið bæði verri og óhagstæðari heldur en upphaflega var gert ráð fyrir. Þegar tillit er tekið til þessa, þá er enn þá síður ástæða til að selja álverinu raforku á sama lága verðinu og áður.

Nú er það svo um þetta frv., að það byggist á samningagerð, og þess vegna er ekki um nema tvennt að ræða: Annað tveggja að segja já við frv. eins og það er, samþykkja það með kostum þess og göllum, ellegar þá að segja nei, þ. e. a. s. neita að samþykkja frv. og neita þá að fullgilda þá samninga, sem þar liggja að baki. Nú er rétt að gera sér aðeins grein fyrir því, hvað það þýðir að fella þetta frv. Það getur að sjálfsögðu þýtt það, að samkomulag náist ekki um þær framkvæmdir, sem þarna eru fyrirhugaðar. Mér dettur ekki í hug að neita því, að sá möguleiki sé fyrir hendi. En í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því, sem síðasti

ræðumaður, hv. frsm. 1. minni hl., kom inn á, að það liggur alls ekki fyrir, hversu hagkvæmt það muni vera að nota í verulega auknum mæli raforku til upphitunar frá því, sem gert hefur verið. Þetta er að sjálfsögðu atriði, sem hefði átt að vera búið að rannsaka og er sjálfsagt að rannsaka og taka tillit til í sambandi við þá hugsanlegu orkusölu til álversins. En ég tel að vísu, að það séu ekki miklar líkur á því, að samningar kæmu til með að stranda á raforkuverðinu, þó að krafa yrði gerð um, að það yrði nokkru hærra en þarna er um samið, svo hátt, að það stæði örugglega undir tilkostnaði við að framleiða orkuna. Ég tel langlíklegast, að samningar mundu takast um nýtt orkuverð, og ég tel, að á það eigi að reyna.

Eins og þegar er komið fram, þá skila framsóknarmenn séráliti, og mér virtist nú að frsm. meiri hl. hefði misskilið það á þann veg, að þeir væru á móti málinu. Þetta er nú kannske vorkunnarmál, því að í þessu máli, eins og raunar í sumum öðrum, þá finnst manni, að fram komi ákaflega sterkur vilji og rík tilhneiging hjá þeim ágætu mönnum, framsóknarmönnum, að segja bæði já og nei, en þetta reynist stundum dálítið erfitt. Hinir ágætu framsóknarmenn iðnn. í Nd. komast ákaflega nærri því að segja bæði já og nei við afgreiðslu þessa máls. Þeir skiluðu löngu nál., sem var svo að segja eindreginn rökstuðningur gegn frv., gegn því, að nokkurt vit væri í því að selja orkuna á svo lágu verði sem þar er ákveðið. En undir lokin stendur í því nál., að rétt sé nú samt sem áður að samþykkja þetta frv. Hér í hv. Ed. segja nú þeir 2 ágætu framsóknarmenn í iðnn. deildarinnar að vísu nokkuð ákveðið já, en þeim hefur þó fundizt, að það væri nú skemmtilegra að segja já með svolítið annarri áherzlu heldur en meiri hl.

En með tilliti til þess, að hér er um að ræða samning um algjörlega óeðlilega lágt raforkuverð, þá segi ég hins vegar ákveðið nei og legg til að þetta frv. verði fellt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:1 atkv.

Á 62. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 469).

---

20. Hækkun á bótum almannatrygginga.

Á 51. fundi í Nd., 2. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um hækkun á bótum almannatrygginga [166. mál] (stjfrv., A. 345).

Á 53. fundi í Nd., 3. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 36 shlj. atkv.

Á 61. og 62. fundi í Nd., 17. og 19. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 63. fundi í Nd., 20. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 345, n. 420 og 427).

Frsm. meiri hl. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Mál þetta, sem hér liggur fyrir, mun vera fyrsta málið, sem var lagt fyrir Alþ. eftir þinghlé í febrúar, og heilbr.- og félmn. hefur haft það til umr. á tveimur fundum, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggur meiri hl. n. til í svofelldu nál., að frv. verði afgreitt óbreytt:

„Allshn. hefur fjallað um frv. þetta, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggja undirritaðir nm. til, að frv. verði samþykkt óbreytt, í trausti þess, að almannatryggingalögin verði tekin til gagngerrar endurskoðunar fyrir næsta Alþ."

Frv. þetta má segja að sé tvíþætt. Það fjallar annars vegar um hækkun á bótum elli-, örorku-, barna- og ekkjulífeyris og á mæðralaunum, en hins vegar um hækkun á fæðingarstyrk og fjölskyldubótum og ber þar ekki saman um hækkanirnar, því lagt er til, að þær bætur, sem ég nefndi fyrst, hækki um 5.2%, en hinar nokkru meira.

Mér þykir rétt að skýra frá því, hvað liggur til grundvallar þeirri hækkun, sem hér er lögð til. Í vetur var látin fara fram athugun á því, hvað þessar bætur þyrftu að hækka, svo að lífeyrisþegar fengju sömu hækkun á bætur sínar og launþegar fengu mesta hækkun á laun sín s. l. ár. Í byrjun ársins sem leið voru þessar bætur hækkaðar allnokkuð, að mig minnir um 15%, og átti sú hækkun að nægja, að haldið var, til þess að vega upp á móti þeirri skerðingu, sem kom fram vegna gengisbreytingarinnar. Þetta varð þó eigi, og til að bæta það upp, sem á vantar, er hér lagt til, að elli- og örorkulífeyrir, ekkjubætur, mæðralaun og barnalífeyrir hækki sem næst um 5.2%, og á það að nægja til þess að vega upp þessa hækkun, sem ég nefndi áðan. Félmrn. lét fara fram athugun á því í vetur, – ég má segja í nóv. eða des., – hvað bæturnar þyrftu að hækka mikið, til þess að kaupmáttur þeirra væri eins og hann hefði mestur verið, og þessi rannsókn var miðuð við s. l. 10 ár. Kom þá í ljós, að kaupmáttur þessara bóta var hæstur 1967, og til þess að slíkum kaupmætti yrði nú náð, þá hefði þurft að hækka bæturnar um 12.8%, ef miðað var við vísitölu framfærslukostnaðar, en um 16.2%, ef miðað væri við neyzluvöruvísitölu. Hins vegar varð það niðurstaðan við afgreiðslu fjárl., að ekki þótti fært að hækka bæturnar þetta mikið. Í raun og veru var því með afgreiðslu fjárl. loku fyrir það skotið, að bótaþegar fengju þær bættar upp til jafns við þá, sem fengu mestar bætur á laun sín s. l. ár, og munar þá þarna, eftir því við hvora vísitöluna er miðað, 7 eða 11%.

Enginn þarf að láta sér það dyljast, að vafalaust erum

við allir óánægðir með, að þessar bætur skuli ekki vera hækkaðar meira. En þeir, sem hafa staðið að því að afgreiða fjárl., eins og þau voru afgr. fyrir s. l. áramót, telja sig ekki geta annað en framfylgt því, sem þá var samþ., og standa því að samþykkt þessa frv., sem hér liggur fyrir. Aftur eru fjölskyldubætur hækkaðar talsvert meira en ég var að nefna áðan, enda hafa fjölskyldubætur dregizt verulega aftur úr, og einnig er fæðingarstyrkur hækkaður til samræmis við það, að kona, sem elur barn og dvelur þess vegna 7 daga á sjúkrahúsi, fái kostnaðinn af því borinn uppi af greiðslu fæðingarstyrks. En ég má segja, að svo til alltaf síðan almannatryggingalögin tóku gildi, þá hafi fæðingarstyrkur einmitt verið við þetta miðaður. Hins vegar hefur kostnaður við sjúkrahúsdvöl breytzt miklu meira en margt annað, þess vegna er fæðingarstyrkurinn nú orðinn hlutfallslega miklu hærri en hann var í upphafi.

Ég held ég þurfi ekki að hafa þessi orð fleiri, en leyfi mér þó að bæta því hér við, að það mun nú ákveðið, að skipuð verði nefnd til þess að endurskoða almannatryggingalögin og henni er ætlað að skila áliti sínu, frv. að breytingunni, fyrir næsta þing. Þetta kemur líka fram í nál. meiri hl., þar sem segir svo, að nm. leggi til, „að frv. verði samþ. óbreytt í trausti þess, að almannatryggingalögin verði tekin til gagngerrar endurskoðunar fyrir næsta Alþ.“

Frsm. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. er nokkuð síðbúið, þar sem það fjallar um mál, sem koma hefði átt til framkvæmda um s. l. áramót, en getur nú ekki komið til framkvæmda fyrr en að loknum fyrsta fjórðungi þessa árs. Ég tel, að minni hl. hv. heilbr.- og félmn. eigi engan þátt í því, að málið hefur fengið svona hæga afgreiðslu, því að afstaða minni hl. var frá öndverðu alveg ljós, nefnilega sú, að þær hækkanir á bótum, sem frv. fjallar um, séu með öllu ófullnægjandi og í raun og veru svo ófullnægjandi, að vanvirða sé fyrir Alþ. að samþykkja þá breyt. á l., sem hér er lögð til af hálfu ríkisstj.

Heilbr.- og félmn. klofnaði um málið, meiri hl. skipa þeir fjórir fylgjendur ríkisstj. Guðlaugur Gíslason, hv. 3. þm. Sunnl., Bragi Sigurjónsson, sem hér lauk máli sínu, hv. 9. landsk., Friðjón Þórðarson, hv. 4. þm. Vesturl., og Matthías Bjarnason, hv. 4. þm. Vestf. En minni hl. skipa auk mín hv. 5. þm. Norðurl. v., Jón Kjartansson, og hv. 4. landsk. þm., Jónas Árnason. Þetta frv. heitir „Hækkun á bótum almannatrygginga“, og er það réttnefni, ef miðað er við krónutöluhækkun, en því aðeins getur frv. borið slíkt nafn, því að vissulega er þetta frv. um lækkun á bótum almannatrygginga, ef miðað er við kaupmátt þeirra bóta, sem frv. fjallar um, og það skiptir meginmáli. Frv. er því í raun og veru um lækkun á bótum almannatrygginga, og við það er erfitt að sætta sig í ekki verra árferði heldur en yfir Ísland hefur gengið s. l. og yfirstandandi ár.

Þær breyt. á almannatryggingal., sem í frv. felast, eru þrenns konar, eins og hv. frsm. meiri hl. gat um áðan, þ. e. hækkun á fjölskyldubótum, þ. e. a. s. að því er snertir fleiri börn en eitt í fjölskyldu, en að öðru leyti breytast fjölskyldubæturnar ekki. Í öðru lagi er hækkun á svokölluðum fæðingarstyrk og er þar verið að færa upphæð fæðingarstyrksins til samræmis við verðlag á Landsspítalanum og á fæðingarstofnunum frá síðustu áramótum, en fæðingarstyrkurinn hefur ekki nægt til þess að greiða kostnað af sjö daga dvöl sængurkonu á þessum stofnunum síðan um s. l. áramót. Þetta hefur oftar komið fyrir, að fæðingarstyrkurinn hefur orðið lægri en kostnaður við að liggja sjö daga á slíkum stofnunum, og þá hefur verið brugðið á það ráð, að heimsækja sængurkonurnar liggjandi í blóðböndum og bera að þeim viðbótarrukkun, svo það væri víst, að þær stæðu í skilum. Fyrst var tekin af þeim yfirlýsing um það, að þær afsöluðu sér fæðingarstyrknum svokallaða og ráðstöfuðu honum með afsali til greiðslu á kostnaði við dvöl í stofnuninni, en þegar það hefur ekki dugað, þá hefur verið borin að þeim viðbótarrukkun. Og þetta hefur gerzt oftar en einu sinni. Ég held, að allir hv. þm. hljóti að sjá það, að þessi framkvæmd er ekki sæmandi, enda er það svo, að fæðingarstyrkurinn á ekkert skylt við kostnað sjúkrahúsa og stofnana í sambandi við barnsburð. Hann var til allt annars ætlaður í upphafi í tryggingalöggjöfinni. Hann var til þess ætlaður að bera almennan kostnað, sem því fylgir, að nýr borgari fæðist í heiminn. En nú er hann tekinn af mæðrunum strax, meðan þær liggja á stofnuninni, og þær fá engan eyri til þess að standa undir þeim kostnaði, sem upphaflega var ætlunin að létta undir með þeim í þessum tilfellum, og eru þær konur verst staddar, sem koma utan af landi og hafa ærinn kostnað af því að leita sjúkrahúsvistar. En leiðréttingin, sem felst í þessu frv., er sú, að nú í augnablikinu nægi hinn svokallaði fæðingarstyrkur fyrir sjö daga sjúkrahúslegu. En hvað líður langur tími, þangað til komið verður með viðbótarrukkunina? Það vitum við ekki, en við vitum, að það verður gert, ef þessum hætti er áfram haldið. Fæðingarstyrkurinn er þess vegna tekinn af konunum, áður en hann kemur í hendurnar á þeim, og ráðstafað til Tryggingastofnunar ríkisins til þess að borga þetta. Það er styrkur, sem er enginn styrkur, eins og eitt af dagblöðunum viðurkenndi hér fyrir nokkrum dögum, þegar þetta mál var þar rætt.

Ég hef borið fram annað frv. hér á Alþ., sem fjallar um þetta mál, og legg til, að sú breyt. sé á gerð, að sjúkrahúsvist vegna barnsburðar sé borguð af tryggingunum rétt eins og hver önnur sjúkrahúsvist að læknisráði, sem virðist vera sjálfsagt. Í nálega öllum öðrum tilvikum borga tryggingarnar sjúkrahúsvist fyrir sjúklinga, sem læknir ráðleggur að leggist inn á sjúkrahús, en ekki þegar um barnsburð er að ræða, ekki þegar þjóðfélaginu er að bætast nýr borgari. Og þessu er kúnstuglega komið fyrir í tryggingalöggjöfinni, þannig að þetta hefur dulizt mönnum.

Ástæðan til þess, að við í minni hl. heilbr.- og félmn. berum fram brtt. við þetta frv., er sú, að í þriðja lagi er það efnisatriði frv., að aðrar bætur trygginganna heldur en fjölskyldubætur og hinn svonefndi fæðingarstyrkur, sem ekki er neinn fæðingarstyrkur, skuli hækka um 5.2%. Þ. á m. er ellistyrkurinn og örorkubæturnar, þær eiga að hækka um 5.2%. Menn þurfa ekki að fara í nein hagstofuleg gögn eða bíða eftir niðurstöðu neinnar rannsóknar til þess að gera sér það alveg ljóst, að 5.2% hækkun á ellistyrk og örorkubótum er ekki í samræmi við þá aukningu, sem orðið hefur á dýrtíð í landinu s. l.

ár. Og það eitt ætti að ráða afstöðu hv. þm. til afgreiðslu málsins, að lágmarksbreyting á tryggingalöggjöfinni varðandi ellistyrk væri það, að fylgt væri a. m. k. aukinni dýrtíð, svo að kaupmáttur ellistyrks rýrnaði ekki frá því, sem hann hefur verið, því að hann hefur verið í slíku lágmarki, að við verðum að algjöru viðundri, ef við berum ellistyrkinn á Íslandi saman við ellistyrkinn t. d. í Danmörku og öðrum nágrannalöndum okkar.

Okkar till. er því sú, að í staðinn fyrir 5.2% í 2. málsgr. 1. gr. komi 15%, og vitum við þó, að sú tala er allt of lág. *Það hefði verið miklu nær sanni að nefna 20%, enda* kom það í ljós í framsöguræðu hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn. áðan, að ef miðað væri við vísitöluhækkun frá því í fyrra, þá ætti hann að hækka um 12.8%. Og ef miðað er við neyzluvísitöluna, sem vissulega ætti að gera, því ellistyrkurinn fer að öllu leyti til kaupa á neyzluvörum gamla fólksins, þá hefði hann þurft að hækka um 16.2%. M. ö. o.: till. okkar í minni hl. er svo sanngjörn, að við erum með hækkunartill. okkar neðan við það, sem fyllstu rök mæla með. Og af því leiðir, að það ætti ekki að vera álitamál fyrir hv. þm. að samþykkja þessa breyt. á þessu stjfrv., því það er algert lágmark velsæmis vegna. Að maður nú ekki víki að neyð þess fólks, sem á að búa við ellistyrkinn, eins og hann er og þótt hann hækki um 5.2%

Hverju nemur svo þessi hækkun, sem er verið að flytja hér frv. um og eyða hér prentsvertu á? Hún nemur 187 kr. á mánuði á einstakling. Það er hækkunin, sem borið er fram stjfrv. um; 6 krónur á dag! Það munar aldeilis um það! Hvort hjóna fær ekki nema 90% af fullum lífeyri og fullum örorkubótum, svo þá er hækkunin, sem á að koma í hlut hvors hjónanna, 168 kr. á mánuði. Tekur því að vera að bera fram frv. um svona hluti? Tekur því að kosta pappír og prentsvertu til þess og taka á sig þá smán, sem þessu fylgir? Það er ekki hægt að rökstyðja það, að íslenzkt þjóðfélag hafi ekki efni á því að bæta þarna betur úr og a. m. k. að gangast ekki upp í því að skerða kaupmátt ellilífeyris- og örorkubóta í slíku góðæri, sem þjóðin býr nú við.

Við í minni hl. erum okkur þess meðvitandi, að við berum fram of lága hækkunartill. til breyt. á frv., og við vildum gæta þar allrar sanngirni í trausti þess, að breyt. fengist samþ. Þess vegna bárum við fram till. um 15% hækkun. En eins og ég áðan sagði, hefði sízt af veitt að ellilífeyrirnir og örorkubæturnar hækkuðu um 20%. Ég held, að það sé bezt að hafa um þetta mál sem fæst orð, og ég held, að ég sé búinn að gera það alveg skýrt og ljóst, hvílíkt kák það er að hækka ellistyrkinn og örorkubæturnar um 5.2%. Ég trúi ekki öðru en hæstv. ríkisstjórn fallist á það, að íslenzka ríkið hafi efni á því að hækka styrkinn um 15%, og fallist á að gera það, þó till. um það komi frá stjórnarandstöðunni. Gamla fólkið á ekki að gjalda þess.

Frsm. meiri hl. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Það var tvennt í ræðu síðasta ræðumanns, hv. 9. þm. Reykv., sem ég vildi aðeins koma inn á. Ég tók fram hér í minni framsöguræðu fyrir nál., að kaupmáttur bóta hefði verið hæstur 1967. Og miðað við þann tíma þyrfti hækkunin að verða, miðað við vísitölu framfærslukostnaðar, 12.8%, en miðað við neyzluvöruvísitölu 16.2%. Hann virtist ekki hafa tekið eftir því, hvaða ár ég nefndi, og ég vildi, að það kæmi hér aftur fram. Þá vildi ég endurtaka það, sem ég tók líka fram í framsöguræðu minni, að í fyrra, þegar gengislækkunin tók gildi, þá voru bætur hækkaðar um 15%, og átti það að mæta þeirri kjaraskerðingu, sem vitað var, að leiddi af gengislækkuninni. Það reyndist ekki nóg, og til þess að jafna það, er þetta frv. borið fram, þ. e. a. s. hækkun um 5.2%. Þá á sú skerðing, sem orðið hefur á bótunum miðað við gengisbreytinguna, að vera bætt, en lengra er ekki gengið. Það liggur ljóst fyrir, að sú hækkun, sem verður á þessu ári, er ekki bætt með þessum lögum. Þar ber okkur hv. andmælanda ekki neitt á milli. Hitt vildi ég leiðrétta, að fæðingarstyrkurinn hefur aldrei í almannatryggingalögum verið skoðaður sem sjúkrahjálp, því það er ekki litið á barnsfæðingu sem sjúkdóm, það vitum við víst allir, heldur hefur hann alltaf verið miðaður við það, að kona, sem þarf að fara inn á sjúkrahús og ala þar barn sitt, þurfi ekki að leggja þar öllu meira fram heldur en sem fæðingarstyrknum næmi. Konur, sem ælu börn sín í heimahúsum, fengju hins vegar fæðingarstyrkinn til þess að greiða húshjálp eða þ. u. l. Það er sem sagt miklu ódýrara fyrir konur, ef þær geta alið börn sín í heimahúsum, en það er nú orðið svo, að yfirleitt hygg ég að flestar konur fari á sjúkrahús til að ala börn sín, og fæðingarstyrkurinn hefur alltaf verið miðaður við að bera uppi þann kostnað fyrst og fremst. Það snertir tryggingarnar ekki neitt, hvernig þetta er framkvæmt af sjúkrahúsunum, og sú fullyrðing hv. 9. þm. Reykv., að það sé svívirða af hálfu almannatrygginga að bera greiðslukröfur inn á sængina til kvenna, sem væru nýbúnar að ala börn, snertir almannatryggingarnar ekkert; heldur framkvæmd sjúkrahússins, sem sennilega hefur sprottið af því, að það er misjafnlega auðvelt að innheimta þetta eftir á. Sjúkrahúsin eru aðeins að tryggja það, að þau fái þetta fé greitt, og framkvæmdin er miðuð við það. Þetta vildi ég að kæmi hér fram.

Frsm. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það er rétt, að hv. frsm. miðaði við árið 1967 og *taldi sig hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að til þess að* ekki væri um rýrnun kaupmáttar að ræða á ellilífeyri síðan, þá þyrfti hann að hækka um 12.8% Það er m. ö. o. viðurkennt, að hann hefur stórkostlega lækkað að kaupmætti síðan árið 1967. Og núna ætti þjóðin að vera sízt verr fær um að greiða ellilífeyri líkt og gert var þá. Nógu illt hefði það verið, að við stæðum í stað, því það er afturför. Allar þjóðir í kringum okkur eru að bæta sínar tryggingar, en slík afturför, að missa niður meira en 10% af kaupmætti ellilífeyris- og örorkubóta, er ekkert smámál. Það er af allt of litlu að taka, hv. þm. Bragi Sigurjónsson. Þetta eru ekki nein bankastjóralaun.

Hitt upplýsti hv. þm. líka, að ef ellilaunin og örorkubæturnar ættu að fylgja neyzluvísitölu að kaupmætti, þá þyrftu þau að hækka um 16.2%. Það vil ég endurtaka, alveg eins og hann endurtók, að hann hefði nefnt árið 1967, sem mér fannst ekki neitt aðalatriði í málinu. Þá varð mér á að brosa, þegar hv. þm. fór að upplýsa það, að það hefði aldrei verið litið á fæðingar-

styrk sem sjúkrastyrk, því það væri ekki litið á fæðingu sem sjúkdóm. Ég kannast við þessa skilgreiningu, en afskaplega finnst mér hún vera langsótt og hjákátleg, ef þeir meintu það, að það ætti þó að koma til móts við konurnar, sem eru að fæða barn. Þegar þær verða sjúkar, þegar t. d. þarf að taka barnið með keisaraskurði, er þá borguð sjúkrahúslega þeirra? Eða þegar það verður hættulegur sjúkdómur og líf barns og móður er í hættu, er það þá borgað af tryggingunum? Nei, ekki heldur. Það ættu þær þó að gera, ef ætti að viðurkenna sjúkrahúsvistina, þegar væri um sjúkdóm að ræða, sem fylgdi fæðingu. En það er ekki gert. Það er fyrst tekið til við að borga, þegar sjö dagar eru liðnir frá fæðingu. Til skamms tíma var það, þegar níu dagar voru liðnir. En hér er um að ræða líkamlegar afleiðingar af barnsburði, sem leiða það af sér, að allir læknar ráðleggja sjúkrahúsdvöl. En í þessu tilfelli borga tryggingarnar ekki, þó að læknisráði sé. Þetta álít ég, að sé veila á okkar tryggingalöggjöf og þurfi út af fyrir sig að leiðrétta.

Það er út af fyrir sig rétt, sem hv. 9. landsk. þm. sagði, að framkvæmd tryggingalöggjafarinnar er ekki að öllu leyti á ábyrgð Tryggingastofnunarinnar, ég játa það, en framkvæmdin er svona. (Gripið fram í.) Alveg rétt, þegar það verður lengur, en þó að það sé afbrigðileg fæðing, þá eru ekki borgaðir fyrstu sjö dagarnir. Það ætti þó að vera, ef það væri viðurkennt að borga undir öllum kringumstæðum, þegar um sjúkdómstilfelli væri að ræða, því það er uppskurðaraðgerð hættuleg lífi barns og móður. En það er ekki gert. Það er ekkert samræmi, engin heil brú í því að þræta um það, hvort hér sé um sjúkdóm eða ekki sjúkdóm að ræða, enda er það bara fyrirsláttur. Tryggingastofnunin er ekki ábyrg fyrir framkvæmdinni, það er rétt, en getur Tryggingastofnunin og unnendur trygginganna á Íslandi sætt sig við, að framkvæmdin sé slík sem ég hef lýst og hún er? Það finnst mér að við getum ekki. En þessi framkvæmd heldur áfram, nema því aðeins að gerð sé breyting á lögunum. Að vera sífellt að eltast við breytilegt verðlag hjá heilbrigðisstofnunum, þegar um fæðingu er að ræða, það nær ekki nokkurri átt, og vera svo að rukka þetta inn, með vafasömum hætti, eins og þarna er gert, og með vafasömum aðferðum.

En það sem meira máli skiptir, gamla fólkið og öryrkjarnir á árinu 1970 lifa ekki af því sem ellistyrkurinn var 1967. Þess vegna erum við nú að fjalla um það, hvað á að vera á árinu 1970, frá síðustu áramótum, þó að fyrsta greiðsla á hækkuninni komi ekki fyrr en eftir 1. apríl. Það er á okkar valdi að taka hliðsjón af árinu 1967, og færa þetta nokkurn veginn til samræmis við það, því að þá stæðum við þó í sömu sporum og hefðum ekki gengið aftur á bak, ekki gengið neitt niður í jörðina. Við eigum þess vegna fyrst og fremst að samþykkja svo hófsamlega till. sem hér er fram borin, þó að hún sé borin fram af minni hl. á Alþ., svo að ellilífeyririnn og örorkubæturnar hafi nokkurn veginn sama kaupmátt og þær hafa haft skástan. Það er alltaf verið að standa í stað, en við mundum þó sætta okkur við það og láta þar við sitja ef okkar till. væri samþ., sem ég vona að verði.

Herra forseti. Ég vil aðeins skýra frá því, að við lögðum svo ríka áherzlu á það í minni hl. heilbr.- og félmn., að ýtrustu tilraunir væru gerðar til þess að fá þessa leiðréttingu með samkomulagi, að við óskuðum eftir tvennu, annað hvort að hæstv. félmrh. yrði fenginn á fund nefndarinnar, til þess að ræða þetta við hann, eða þá að nefndin færi á fund hæstv. félmrh. og ræddi þetta við hann, til þess að reyna að ná samkomulagi um hóflega hækkun. Því var hvoru tveggja hafnað, og sagt, að þetta mál væri komið í eindaga. Þetta mál stæði þannig í járnum, vegna framlaga fjárlaganna o. s. frv., og það yrði engu um það þokað, og þó að meiri hl. mennirnir í nefndinni játuðu það, að þeim fyndist þetta alveg ófullnægjandi hækkun, þá sat við það og þeir ákváðu að mæla með frv. óbreyttu. Ég harma það, að það varð ekki af því að málið væri rætt við hæstv. félmrh., áður en nefndin lét málið frá sér. (Gripið fram í.) Tryggingamálarh., fyrirgefðu. – Maður áttar sig ekki á því, að það eru orðin 13 ráðuneyti á Íslandi, og maður kann varla nöfnin á þeim enn þá. Það er líkt og í Stóra-Bretlandi er mér sagt. (Gripið fram í.) Það má vel vera, að það hafi verið óskað eftir því, að þau yrðu 15 eða 20, en það er á valdi hæstv. ríkisstj. að láta vera að fjölga ráðuneytunum, því að ég held að á mörgu fleira hafi verið meiri þörf. – Þetta mál heyrir sem sé ekki undir hæstv. félmrh., heldur hæstv. tryggingamálaráðh. Það var einmitt viðkomandi ráðherra, sem málið heyrir undir, sem við óskuðum eftir að tala við, og ég á erfitt með að trúa því, að það hefði ekki verið hægt að þoka málinu fram með ýtarlegri athugun, áður en það fór út úr nefnd, og tel að það séu ekki öll sund lokuð um það nú, ef hæstv. ríkisstj. getur látið gera hlé á málinu og vill taka það til nánari athugunar. Hæstv. tryggingamálaráðh. er ekki viðstaddur, það er bara stöllinn hans þarna og þykir mér það leitt.

Það má vel vera, að fjárframlögin til trygginganna séu alveg hnitmiðuð við fjárlögin. En það er eitthvað til sem heitir varasjóður lífeyristrygginganna. Og mér finnst, ef hann hefur nokkurt hlutverk og í honum er einhver peningur, að þá væri þessum varasjóði lífeyristrygginga ekki til neins annars betur varið en að standa undir hófsamlegri og bráðnauðsynlegri hækkun á ellilífeyri og örorkubótum. Og hér með auglýsist eftir því, hvort menn telja það óeðlilegt, að varasjóður lífeyristrygginga væri látinn hlaupa undir bagga í tilfelli eins og þessu, ef Alþ. sæi það óhjákvæmilegt að hækka ellilífeyri og örorkubætur um 15%, sem ég tel algert lágmark. Ég tel að þarna sé möguleiki til lagfæringa á þessu og mundi mjög mælast til þess, að hæstv. ríkisstj. frestaði aðeins afgreiðslu málsins til þess að athuga nánar möguleika á því að fallast á lagfæringu á þessu frv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil mjög taka undir þau mótmæli, sem hér hafa komið fram, í sambandi við þessa óverulegu hækkun, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, á bótum almannatrygginganna. Ég tel, eins og segir hér í nál. minni hl. heilbr.- og félmn., að hér sé um óviðunandi afgreiðslu að ræða. Þau rök, sem nú eru flutt fram fyrir því, að ekki megi hækka bætur almannatrygginganna þessu sinni, nema sem nemur 5.2%, þó að augljóst sé, að bæturnar ættu að hækka mun meir, ef þær ættu að halda fullum kaupmætti miðað við það sem áður var, og að ekki hafi verið gert

ráð fyrir hærri fjárveitingu á fjárlögum í þessu skyni, tel ég að fái ekki staðizt með neinum hætti. Ég hygg, að allir hv. alþm. geri sér fulla grein fyrir því, að innan tíðar mun verða samþ. allveruleg launahækkun í landinu. Svo að segja allir kjarasamningar stéttarfélaga í landinu renna út um miðjan maímánuð n. k. Maður hefur meira að segja séð það í blöðum, sem styðja ríkisstj., að þau telja, að það verði ekki vikizt undan því að fallast á nokkra launahækkun, nú þegar samningar verða næst endurskoðaðir. Ég tel fyrir mitt leyti, að á því geti enginn vafi leikið, að þá verði laun verulega hækkuð vegna þeirrar skerðingar á kaupmætti launa, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum.

Getur það þá verið, að hæstv. ríkisstj. detti það í hug að ætla sér að halda bótum almannatryggingganna, þ. e. a. s. örorkubótum og ellilaunabótum, óbreyttum út allt árið, þótt almennt kaupgjald í landinu hækki til verulegra muna eftir einn eða tvo mánuði? Getur það verið? Ég get ekki trúað því að óreyndu, að henni detti í hug að standa á slíku og vitna í það, að það hafi ekki verið gert ráð fyrir hærri útgjöldum í sambandi við þetta í fjárlögum. Nei, hér er vitanlega aðeins um það að ræða, hvort réttmætt þykir að reyna að halda kaupmætti bótanna a. m. k. til jafns við það, sem verið hefur að undanförnu. Ég vil því taka undir áskorunina til hæstv. ríkisstj. um það, að hún íhugi þetta mál betur, áður en hún knýr fram afgreiðslu á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir. Ég vil alveg sérstaklega skora á fulltrúa Alþfl. í ríkisstj., því á því leikur auðvitað enginn vafi, að þeir geta ráðið úrslitum um afgreiðslu þessa máls, að þeir athugi sinn gang betur í þessum efnum.

Hér er að mínum dómi um ósæmilega afgreiðslu að ræða. Það hefur oft verið viðurkennt hér á Alþ. áður, að það sé í rauninni ekki hægt að standa þannig að afgreiðslu mála, að kaupmáttur hinna lágu tryggingabóta, eins og ellilauna og örorkubóta, verði látinn rýrna. En það liggur nú fyrir alveg óumdeilanlega, að svo hefur tekizt til, að kaupmáttur þessara bóta hefur rýrnað. Því tel ég fyrir mitt leyti, að algert lágmark sé að samþ. þá brtt. við þetta frv., sem minni hl. heilbr.- og félmn. hefur hér lagt fram, og hefði ég þó kosið að sú till. gerði ráð fyrir meiri hækkun, því þess hefði svo sannarlega verið full þörf.

Sem sagt, ég endurtek þá áskorun mína til hæstv. ríkisstj., að hún fallist á það að athuga málið betur en hún hefur gert, með það fyrir augum að mæta þeim óskum, sem hér hafa komið fram, um það að ætla þessar bætur nokkru hærri en frv. gerir ráð fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað um stund.
Síðar á fundinum, utan dagskrár, mælti

Magnús Kjartansson: Ég vildi aðeins víkja að því, að mér finnst, að hér hafi í dag á Alþ. gerzt næsta ósæmilegir atburðir, sem eru til sönnunar um það, hversu veikgeðja Alþ. er gagnvart hæstv. ríkisstj. Hér hefur hvað eftir annað í dag verið boðuð atkvgr. um tiltekið mál, en til þessarar atkvgr. hefur ekki komið, vegna þess að hæstv. ríkisstj. hefur ekki tekizt að smala hingað nægilega mörgum þm. Það, sem í húfi var, var það, að hæstv. ríkisstj. óttaðist að á það kynni að verða fallizt hér á Alþ., að viðskiptavinir tryggingganna fengju eitthvað hærri upphæð en 5-6 kr. á dag. Ég tel, að þessi vinnubrögð, sem hér hafa verið viðhöfð í dag, séu algerlega ósæmandi og ég vil beina því til hæstv. forseta, að hann haldi fullkomlega á virðingu og rétti Alþ. gagnvart hæstv. ríkisstj.

Forseti (MÁM): Út af ummælum hv. 6. þm. Reykv. vil ég sem forseti taka fram, að þær tilraunir, sem gerðar hafa verið í dag til þess að hafa atkvgr. hér um ákveðið dagskrármál, sýna, að hv. þm. hafa ekki í dag sótt þingfundi sem skyldi. Hins vegar hef ég nú boðað til þessarar atkvgr. kl. 6 og það boð hefur verið látið út ganga til allra hv. þdm. Það er jafnan svo, þegar um er að ræða ágreiningsmál, að reynt er að haga hlutum þannig, að allir hv. þdm. geti verið viðstaddir atkvgr.

ATKVGR.
Brtt. 427,1 felld með 19:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EystJ, GeirG, GíslG, HV, IG, JK, JSk, JónasÁ, LJós, MK, SE, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, BP, EÓS.
nei: EmJ, FÞ, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, MB, PJ, PS, SI, SvJ, ÁS, BGr, BF, ÞG, BGuðm, BrS, MÁM.
3 þm. (BK, GuðlG, HS) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Bragi Sigurjónsson: Með skírskotun til þess, sem ég sagði í dag, þegar ég gerði grein fyrir nál. meiri hl., að ráðuneyti tryggingamála hefði ákveðið að skipa nefnd til að endurskoða almannatryggingalögin fyrir næsta Alþ. og þar yrði tekið til endurskoðunar m. a. það, sem hér er ágreiningsefni, hækkun elli- og örorkulífeyris, þá segi ég nei.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil ógjarnan, að þessari síðustu umr. ljúki svo, að ekki sé gerð aths. við það, sem fram kom hjá hv. frsm. þessa máls. Hv. 9. þm. Reykv. hefur sýnt mjög rækilega fram á þá ósanngirni og ég vil segja það ranglæti, sem fólk í landinu, þ. e. a. s. öryrkjar, gamalmenni o. fl., er beitt með ákvæðum þessa frv. Og ég tek sannarlega undir það, sem hv. 9. þm. Reykv. sagði í þessu efni. En það hefði einhvern tíma þótt saga til næsta bæjar, að stjórnarsinnar undir forystu Alþfl. skuli lýsa því yfir, að kaupmáttur örorku- og ellibóta þyrfti að hækka um 12–16% til þess að hafa sama kaupmátt og fyrir 2 árum, en þeir leggi svo til, að hann hækki ekki nema um 5.2%.

Þessi 12% hækkun, sem hv. frsm. meiri hl. nefndi, er miðuð við framfærsluvísitöluna. En nú held ég að mönnum ætti að vera það ljóst, að framfærsluvísitalan

er m. a. þannig fundin, að fjölskyldubætur eru dregnar frá öðrum útgjöldum manna. En hvaða fjölskyldubætur ætli það séu, sem gamalmenni geta dregið frá sínum útgjöldum? Ég hef ekki heyrt þess getið fyrr, að þau hafi fjölskyldubætur sér til framdráttar. Þá sér maður, hversu mikið er að marka þessi 12%, sem hv. frsm. nefndi að bæturnar þyrftu að hækka um til þess að hafa sama kaupmátt og áður.

Þá kemur hin talan, að þær þyrftu að hækka um 16.2% miðað við neyzluvöruvísitölu. Ég tel, að þessar upplýsingar séu líka rangar, og það er vegna þess, að því aðeins er neyzluvöruvísitalan gildandi, að það fólk, sem um er að ræða í þessu tilviki, kaupi allar þær vörur, sem eru í neyzluvörugrundvellinum. Ég held, að gamalmenni og öryrkjar kaupi varla annað en matinn fyrir bæturnar, en matvörurnar hafa hækkað mikið meira en neyzluvöruvísitalan, t. d. hækkuðu matvörurnar á síðustu 2 árum um 45%, þegar neyzluvöruvísitalan hækkaði um 41%.

Það eru því engar ýkjur, að ef bæturnar ættu að halda sama kaupmætti og var fyrir 2 árum, þá væri það eitthvað nálægt 20%, sem þær þyrftu nú að hækka um. En till. ríkisstj. og stuðningsmanna hennar eru þær, að þær hækki um 5.2%. Ég vil, að þetta komi fram, áður en málið er endanlega afgr. frá þessari hv. deild

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 61. fundi í Ed., 23. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá hv. Nd., sem lauk afgreiðslu þess nú rétt fyrir helgina. Við umr. í þeirri d. komu fram þær skoðanir, að bætur þyrftu að hækka mun meira heldur en þetta frv. gerir ráð fyrir, og hygg ég, að allir geti verið sammála um það, þó að menn kannske kynni að greina á um það, hvaðan taka ætti þá fjármuni, sem það mundi kosta. Hins vegar er hér um nokkra lagfæringu að ræða á bótafjárhæðum, sem þar eru nefndar og glögglega er frá skýrt í aths. við frv.

Ég tel, að ekki sé þörf á að hafa um þetta frv. mörg orð. Sannleikurinn er sá, að bætur þyrftu, eins og kom fram í umr. í hv. Nd., að hækka mun meira, ef þær ættu að vera sú hjálp, sem menn vilja að tryggingarnar séu, en vegna ýmissa aðsteðjandi erfiðleika í efnahagslífi okkar á undanförnum árum hefur ekki verið talið fært að gera meira í þeim efnum heldur en gert er ráð fyrir með þessu frv. og álíka frv., sem flutt hafa verið undanfarin ár. Það ber brýna nauðsyn til að afgreiða þetta frv. nú, áður en páskahlé verður gert, vegna þess að þessar umræddu hækkanir á bótunum eiga að koma til framkvæmda frá og með 1. apríl n. k., en sá tími rennur út, áður en þing kemur saman að nýju. Ég vildi því eindregið mælast til þess við þá hv. n., sem fær frv. til meðferðar, að hún hraði störfum sínum svo, að unnt verði að ljúka afgreiðslu þessa máls, áður en þm. fara í páskaleyfi.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 345, n. 465 og 466).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft til meðferðar frv. þetta til l. um hækkun á bótum almannatrygginga. N. varð ekki sammála. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Við meðferð fjárl. fyrir árið 1970 á Alþ. voru framlög til lífeyristrygginga almannatrygginga hækkuð um 97 millj. kr. frá því, sem fjárlagafrv. gerði upphaflega ráð fyrir. Af þessari hækkun ber ríkissjóður 58.6 millj., en afgangurinn er borinn uppi af sveitarsjóðum, vinnuveitendum og tryggingaþegum. Með frv. þessu er verið að deila út og ákveða nánar þær hækkanir á bótum, sem fjárl. gerðu ráð fyrir. Tryggingabætur hækka almennt um 5.2%, en fjölskyldubætur og fæðingarstyrkir hækka þó heldur meira.

Þrátt fyrir þessa lagfæringu verður kaupmáttur elli- og örorkulífeyris nú nokkru lægri en þegar hann var mestur, en það var árið 1967. Ástæðurnar fyrir því eru augljósar. Hin miklu efnahagslegu áföll, sem þjóðin varð að þola síðustu árin, hafa óhjákvæmilega skert kjör allra landsmanna á einn eða annan hátt, hvort heldur það eru launþegar, vinnuveitendur eða bótaþegar almannatrygginganna. Það, sem mestu máli skiptir fyrir bótaþega almannatrygginganna, eins og aðra landsmenn, er, að þær viðtæku og markvissu ráðstafanir, sem ríkisstj. hefur gert til þess að vinna bug á hinum efnahagslegu áföllum, beri góðan árangur, enda horfir nú allvel í þeim efnum. Og ef svo heldur fram sem horfir, verður þess ekki langt að bíða, að unnt verði að veita fjármagn til að hækka bætur almannatrygginganna að raungildi.

Að hinu leytinu er svo augljós þörf á því af margvíslegum ástæðum að taka almannatryggingalöggjöfina í heild til endurskoðunar, og það verk verður að hefja án undandráttar.

Frsm. minni hl. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. klofnaði um afgreiðslu þessa máls, og það er ekkert einsdæmi í þeirri hv. n., að við séum þar ekki á eitt sáttir, eins og fram hefur komið á þingfundum hér í hv. d. Meiri hl. mælir með samþykkt frv. óbreytts, en við í minni hl., ásamt mér skipa hann hv. 1. þm. Vesturl. og hv. 4. þm. Norðurl. e., leggjum til, að ellilífeyrir, örorkubætur og aðrar bætur, sbr. 2. mgr. 1. gr. frv., hækki um 15%, en í frv. er gert ráð fyrir því, að þessar bætur hækki ekki um nema 5.2%.

Við í minni hl. álítum, að kaupmáttur þessara lífeyrisgreiðslna sé þegar orðinn svo rýr, að ekki sé í rauninni um hækkun að ræða, heldur miklu fremur lækkun. Við

álítum, að gamla fólkið og öryrkjarnir eigi sannarlega annað skilið af hálfu hins opinbera. Við teljum, að jafnan eigi að gæta þess og gæta þess vandlega, að lífeyrisgreiðslur til þessara þjóðfélagsþegna eigi a. m. k. að vega upp á móti aukinni dýrtíð hverju sinni. En þessi svonefnda hækkun, 5.2%, gerir það ekki. Velferðarríki, eins og okkar þjóðfélag er talið vera, sýnist okkur vart geta sóma síns vegna gengið á rétt gamla fólksins, sem unnið hefur vel og lengi að nytsömum störfum í þjóðfélaginu, og því síður teljum við, að hægt sé að ganga á hagsmuni þess fólks, sem eigi er þess megnugt að vinna að nýtu starfi innan þjóðfélagsins, starfi, sem því væri þó sannarlega kært og eðlilegt að vinna að öðrum kosti. Þegar við lítum til þessa, þá hefur okkur í minni hl. þótt rétt að bera fram brtt., er varðar þetta ákvæði frv. og fylgir hún niðurlagi nál. okkar.

Ég vil geta þess, að kunnugur maður hefur sagt mér, að daggjald t. d. á elliheimilinu Grund sé um 300 kr. Það mun gera u. þ. b. 110 þús. kr. yfir árið. Áður mun hafa verið talið eðlilegt, að tvöfaldur einstaklingsellilífeyrir ætti nokkurn veginn að geta dugað til þess að standa undir kostnaði við dvöl á elliheimili. Einstaklingsellilífeyririnn er 45 þús. kr. og tvöfaldur einstaklingsellilífeyrir þá 90 þús., og eftir þessum útreikningum mun vanta um 20 þús. kr. á að þessari gömlu reglu sé fylgt. Ég hygg, að með 15% hækkun á ellilífeyri væri hægt að komast mjög nærri hinni gömlu reglu, að tvöfaldur einstaklingsellilífeyrir dygði til að greiða kostnað á elliheimili eins og sakir standa. Ég vildi aðeins taka þetta fram til að sýna, að hér hefur mjög verið rýrður kaupmáttur ellilífeyris.

Ég ætla mér ekki að orðlengja mál mitt öllu frekar og í raun og veru get ég látið hér staðar numið. Brtt., sem við í minni hl. höfum lagt fram, er á þá leið, að í stað tölunnar 5.2% í 2. mgr. 1. gr. frv. komi 15%, og skal reyna á það, hvort þessi till. okkar nær samþykki hv. d. Okkur er það ljóst, að hér þarf að greiða skjótt úr, og það þarf að koma þessu frv. áleiðis og það í dag, en samt sem áður vildum við í minni hl. ekki láta undir höfuð leggjast, að þessi skoðun kæmi fram í hv. d., áður en til endanlegra úrslita drægi.

ATKVGR.

Brtt. 466 felld með 10:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁB, BGuðbj, BFB, EÁ, GilsG, KGuðj, ÓlJ, TÁ.

nei: EggÞ, JÁ, JÁH, JÞ, MJ, ÓB, StG, SvG, AuA, JR.

2 þm. (BJ, AJ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2.–3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 471).

---

21. Æskulýðsmál.

Á 1. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um æskulýðsmál [16. mál] (stjfrv., A. 16).

Á 5. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Fyrir nokkrum árum skipaði menntmrh. n. til þess að semja frv. um æskulýðsmál, og skyldu í frv. vera almenn ákvæði um opinberan stuðning við æskulýðsstarfsemi. Þetta frv. hefur verið tvílagt fyrir Alþ., Alþ. 1967–68 og 1968–69, en hlaut afgreiðslu í hvorugt skiptið. Við meðferð málsins á Alþ. var frv. fundið sitthvað til foráttu, fyrst og fremst það, að ýmis ákvæði þess væru ekki nógu ljós og þó einkum að ákvæðið um fjárhagsmál þessa æskulýðsstuðnings væru ekki nógu skýr. Það væri ekki nógu ljóst af frv., hverjar skyldur ríkið væri að takast á herðar annars vegar og hvers æskulýðsstarfsemin mætti vænta, að því er varðar opinberan styrk, hins vegar. Þess vegna hefur menntmrn. látið endurskoða frv. í samræmi við það, sem fram kom í menntmn. Nd., sem fjallaði um málið, og er þetta frv., sem nú er flutt, niðurstaðan af þessari endurskoðun.

Meginatriði þessa frv. er það, að settar eru almennar reglur um opinberan stuðning við æskulýðsstarfsemi. Í 1. gr. er þess getið, hvaða aðilar geti notið eða skuli njóta stuðnings samkvæmt 1., en það eru félög, sem vinna að æskulýðsmálum á frjálsum áhugamannagrundvelli, enda byggist félagsstarfsemin fyrst og fremst á sjálfboðastarfi og eigin fjárútlátum félagsmanna, og í öðru lagi, aðrir aðilar, er sinna einkum velferðarmálum ófélagsbundins æskufólks í skipulegu starfi. Gert er ráð fyrir, að l. taki til íþrótta- og bindindisstarfsemi og félags- og tómstundastarfsemi í skólum, að svo miklu leyti er við á og önnur lög og aðrar reglur gilda þar ekki um. Nú er gert ráð fyrir því, að l. miðist einkum við æskulýðsstarfsemi fyrir unglinga á aldrinum 12–20 ára, en ekki 12–21 árs, eins og eldra frv., enda hefur kosningarréttur verið lækkaður síðan.

Menntmrn. er ætlað að fara með yfirstjórn æskulýðsmála, er lög þessi fjalla um. Enn fremur skal stofna Æskulýðsráð ríkisins, skipað 5 mönnum. 3 skulu tilnefndir af aðildarsamtökum Æskulýðssambands Íslands og öðrum hliðstæðum æskulýðssamtökum, en einn maður úr Sambandi ísl. sveitarfélaga og menntmrn. ætlað að skipa formann. Í frv. er að finna ákvæði um, hvert hlutverk Æskulýðsráðs ríkisins skuli vera, og sé ég ekki ástæðu til þess að vera að bæta við það neinum skýringum.

Í 4. gr. er ákvæði um það, að menntmrh. skuli skipa æskulýðsfulltrúa ríkisins að fengnum till. Æskulýðsráðs, og skuli hann vera opinber starfsmaður. Hér er um að ræða merkasta ákvæði þessa frv. Ef það nær samþykki, þá mun verða skipaður æskulýðsfulltrúi ríkisins sem mun hafa það hlutverk ásamt Æskulýðsráði að skipuleggja æskulýðsstarfsemi og hafa með höndum leiðbeiningarstörf í því skyni.

Í frv. eru ennfremur nánari ákvæði um stuðning við félags- og tómstundastarfsemi, t. d. um það, að ríkið skuli styrkja þjálfun leiðbeinenda og menntun æsku-

lýðsleiðtoga. Ennfremur er heimilt að veita viðurkenndum aðilum, sem reka sumarbúðir og útivistarsvæði, styrki, allt samkvæmt þeim fjárveitingum, sem til þess myndu vera ætlaðar á fjárl.

Helztu breytingarnar, sem gerðar hafa verið frá upphaflega frv., eru þær, að það var felld niður málsgr., sem var í gamla frv. og hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta: „Heimilt er að styðja frjálsa félags- og tómstundastarfsemi í skólum, sem ekki er takmörkuð við nemendur viðkomandi skóla.“ Þetta ákvæði þótti ekki nógu ljóst, en í stað þess er nú lagt til, að „félags- og tómstundastarfsemi í skólum“ verði bætt við næstu málsgr., en þar segir, að l. taki til íþrótta- og bindindisstarfsemi og félags- og tómstundastarfsemi í skólum, að svo miklu leyti er við á og önnur l. eða reglur gilda þar ekki um.

Ég gat þess áðan, að aldursmarkinu hefði verið breytt úr 21 ári í 20 ár til samræmis við þær breyt., sem gerðar hafa verið á kosningarrétti ungs fólks. Í upphaflega frv. var gert ráð fyrir stofnun æskulýðsráða í öllum kjördæmum landsins. Þessi hugmynd hefur þótt orka mjög tvímælis og kjördæmin heldur ekki hentugar einingar fyrir æskulýðsstarfsemi og þessi gr. því verið felld niður. Greininni um æskulýðsnefndir sveitarfélaga hefur verið breytt þannig, að heimilt skuli að stofna æskulýðsnefndir eins eða fleiri sveitarfélaga, og er sú hugsun að baki þess, að sveitarfélög geti sameinazt um starfsemi í æskulýðsmálum, eins og þegar eru dæmi til um. Ekkert er því til fyrirstöðu þá, að sveitarfélög heils kjördæmis geti, ef þau vilja, tekið höndum saman um æskulýðsstarfsemi sína. Með þessu móti má fremur búast við en áður var gert ráð fyrir, að skipulag æskulýðsstarfsemi verði í samræmi við aðstæður á hverjum stað um land allt.

Það, sem sérstaklega var fundið að frv. eins og það var flutt áður, var, að þar var ákvæði um, að stefnt skuli að því, að ríkissjóður greiði allt að 50% af kostnaði við þjálfun leiðbeinenda og 50% af launagreiðslum til þeirra. Nú er lagt til, að gr. orðist svo: „Stuðningur ríkissjóðs við félags- og tómstundastarfsemi skal m. a. fólginn í þátttöku í kostnaði við þjálfun leiðbeinenda og menntmrn. ætlað að setja reglur um þjálfun leiðbeinenda að fengnum till. Æskulýðsráðs ríkisins.“ En ákvarðanir um fjárveitingar í þessu skyni verða teknar við afgreiðslu fjárl. hverju sinni. Ef þetta frv. nær fram að ganga eða hlýtur samþykki Alþ. áður en næstu fjárl. verða afgr., munu að sjálfsögðu verða gerðar till. samkvæmt því um fjárveitingar, en ef það nær fram að ganga, þá er það bindandi ákvæði, sem segir í 4. gr., að æskulýðsfulltrúi ríkisins skuli verða skipaður og hann mundi verða skipaður þegar í stað eftir samþykkt frv., auk þess sem Æskulýðsráði ríkisins mundi verða komið á fót. Það má raunar setja, að fyrsta sporið í skipulegri aðstöðu um æskulýðsmál eigi að vera að koma á fót embætti æskulýðsfulltrúa, er kynni sér æskulýðsstarfið, eins og það er nú stundað, og geri till. um, hvernig það skuli verða í framtíðinni og hvernig stuðningi opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga, við æskulýðsstarfið verði bezt háttað, til að opinber stuðningur komi að sem mestum notum.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að óska þess, að þessu máli verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 16, n. 99, 100).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Frv. um æskulýðsmál hefur verið fyrir Alþ. nokkrum sinnum undanfarin ár. Menntmrh. skipaði 1963 n. til þess að semja frv. um þessi mál. Frv. var lagt fyrir Alþ. 1967–1968, en náði ekki afgreiðslu. Málið var tekið upp aftur sem þmfrv. í óbreyttu formi á þinginu 1968–1969, en hlaut þá heldur ekki afgreiðslu. Menntmrh. hefur nú flutt þetta frv. á nýjan leik, en gert á því nokkrar breytingar frá því, sem áður var.

Þegar frv. var í fyrsta skipti fyrir þessari hv. d., var það mjög ítarlega athugað af menntmn. og mun hafa orðið samkomulag með nm. um að stuðla að ýmsum breytingum á frv. Menntmrh. hefur nú látið endurskoða frv., m. a. með tilliti til þeirra breytinga, sem augljóst virtist, að þessi d. mundi óska eftir.

Menntmn. hefur nú fengið málið enn einu sinni til meðferðar og hefur n. rætt frv. og fengið á sinn fund fulltrúa frá Æskulýðssambandi Íslands og formann þeirrar n., sem upphaflega samdi frv. Eftir þær viðræður hefur n. orðið sammála um að leggja til þrjár breytingar við frv., eins og það nú liggur fyrir. Brtt. þessar er að finna á þskj. 100.

1. brtt. er við 2. gr., sem fjallar um Æskulýðsráð ríkisins og skipan þess. Í frv. segir, að skipunartími skuli vera 3 ár, en samkvæmt ábendingu frá stjórnendum Æskulýðssambands Íslands leggur menntmn. til, að þarna komi 2 ár, og er það í samræmi við venjulegan kjörtíma stjórna hjá þeim samtökum, sem eiga að standa að Æskulýðsráði. Virðist augljóst, að það sé hyggilegt að hafa þarna samræmi á milli.

2. brtt. er við 4. gr. frv., en hún fjallar um skipan æskulýðsfulltrúa ríkisins. Þetta er vafalaust mikilsverðasta gr. frv., og verður að líta svo á, að með því að setja ákveðinn starfskraft til að samhæfa æskulýðsstarfsemi áhugasamtaka og styrkja þau, stígi ríkið raunhæft skref í þessum málum. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að skipa æskulýðsfulltrúa ríkisins að fengnum till. Æskulýðsráðs ríkisins, og skulu laun hans greiðast úr ríkissjóði samkvæmt hinu almenna launakerfi ríkisstarfsmanna. Þarna er gert ráð fyrir, að æskulýðsfulltrúi verði opinber starfsmaður á venjulegan hátt.

En sú hugmynd kom fram í n. og hlaut stuðning þeirra, sem n. ræddi við um frv., að einmitt í málefnum æskulýðsins mætti búast við miklum breytingum á verkefnum og vandamálum, breytingum á hugsunarhætti og áhugamálum unga fólksins, en þess vegna væri ástæða til að ráða æskulýðsfulltrúa aðeins um ákveðið árabil. Menntmn. hefur fallizt á þetta sjónarmið og telur það eiga við einmitt um þetta embætti jafnvel frekar en önnur, og hefur þetta vandamál þó verið rætt á ýmsum öðrum sviðum. N. leggur því til, að

menntmrh. skuli ráða æskulýðsfulltrúa til 5 ára í senn að fengnum till. Æskulýðsráðs ríkisins, og greiðist laun hans úr ríkissjóði.

3. brtt. er við 9. gr. Þar er talað um aðra starfsemi í þágu æskufólks en greint er frá í 6.–8. gr. og stuðning við þá starfsemi. Greinin hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt skal að styðja einstök verkefni í þágu æskufólks, þ. á m. nýjungar og tilraunir í æskulýðsstarfi svo og ráðstafanir, sem miða að lausn sérstakra æskulýðsvandamála, er skapast kunna.“ Lagt er til, að þarna verði bætt við: „enn fremur til námskeiða og annars fræðslustarfs einstakra samtaka.“

Í sambandi við þetta mál var rætt um það í n., hvort æskulýðsfulltrúi væri líklegur til að reyna að sópa í fang opinberrar skrifstofu verkefnum æskulýðssamtaka. Það er skoðun okkar, að það eigi ekki að gerast, heldur eigi æskulýðsfulltrúinn fyrst og fremst að styðja samtökin, en starfið sjálft verði eins og hingað til í höndum samtaka æskumanna og áhugamanna um æskulýðsmál, eins og gerð er grein fyrir hér í 1. gr. Með því að heimila, að styðja megi námskeið og fræðslustarf einstakra samtaka, er undirstrikað, að Æskulýðsráð og æskulýðsfulltrúi eigi, þegar þess er kostur, að styðja þau samtök, sem til eru í landinu, til að vinna hin ýmsu verkefni frekar en að vinna þau sjálf á sínum vegum.

Herra forseti. Menntmn. lýsir einróma stuðningi við frv. og óskar þess, að það nái fram að ganga á þessu þingi með þessum þremur breyt., sem ég nú hef lýst.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 100, 1 samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 100, 2 (ný 4. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
6.–8. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 100, 3 samþ. með 26 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 105).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 16. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 17. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og var samþ. þar með shlj. atkv., eftir að menntmn. hv. deildar hafði gert nokkrar smávægilegar breytingar á stjfrv., eins og það upphaflega var lagt fyrir. Þetta frv. er samið af n., sem menntmrh. skipaði í árslok 1963. Það var fyrst lagt fyrir Alþ. 1967–68, en hlaut ekki afgreiðslu. Það var tekið upp sem þmfrv. á þinginu 1968–69 en var ekki heldur afgr. þaðan. Ástæðurnar voru fyrst og fremst þær, að ákvæði upphaflega frv. varðandi kostnaðarhlið málsins þóttu óljós. Ýmsir höfðu á það bent, að samþykkt frv., eins og n., sem það samdi, gekk frá því, mundi geta haft lítt takmörkuð útgjöld í för með sér, eða a. m. k. væri ekki aðstaða til þess að hafa nægilegan hemil á hugsanlegum útgjöldum vegna ákvæða frv., sem talið var nauðsynlegt að gera skýrari heldur en þau upphaflega voru.

Á s. l. sumri var þetta gamla frv. endurskoðað í menntmrn., ákvæði þess gerð einfaldari að ýmsu leyti og kveðið skýrar á um þær kostnaðarskyldur, sem samþykkt frv. mundi hafa í för með sér. En tilgangur lagasetningar um þetta efni er sá að setja almennar lagareglur um opinberan stuðning við æskulýðsstarfsemi.

Það er tekið fram í frv., hvaða aðilar geti notið stuðnings, en það eru félög, sem vinna að æskulýðsmálum á frjálsum áhugamannagrundvelli, enda byggist félagsstarfsemi fyrst og fremst á sjálfboðastarfi og eigin fjárframlögum félagsmanna, og síðan aðrir aðilar, sem einkum sinna velferðarmálum ófélagsbundins æskufólks í skipulögðu starfi. Það er tekið skýrt fram, að l. taka til íþrótta- og bindindisstarfsemi og félags- og tómstundastarfsemi í skólum að svo miklu leyti, sem við á og önnur lög og reglur taka þar ekki til.

Þess er nú getið, að l. miðist við æskulýðsstarfsemi fyrir ungmenni á aldrinum 12-20 ára. Gert er ráð fyrir því, að það haldist, sem nú er, að menntmrn. fari með yfirstjórn æskulýðsmála og stofni Æskulýðsráð ríkisins, skipað 5 mönnum. 3 menn skulu tilnefndir af aðildarsamtökum Æskulýðssambands Íslands og öðrum hliðstæðum æskulýðssamböndum, einn maður af Sambandi ísl. sveitarfélaga, en ráðh. er ætlað að skipa formann ráðsins.

Mikilvægasta ákvæði frv. er í 4. gr. þess, þar sem gert er ráð fyrir, að menntmrh. skipi æskulýðsfulltrúa ríkisins að fengnum till. Æskulýðsráðs ríkisins. Er hér um að ræða hliðstætt embætti íþróttafulltrúa, sem starfað hefur um nokkra áratugi og hefur látið margt gott af sér leiða varðandi skipulagsmál íþróttastarfsemi í landinu. Gert er ráð fyrir, að skipaður verði æskulýðsfulltrúi, sem gegni hliðstæðu hlutverki gagnvart æskulýðsfélögum í landinu og íþróttafulltrúi gegnir gagnvart íþróttafélögum. Að gefnu tilefni er rétt að taka það skýrt fram, að ekki er gert ráð fyrir því, að í kjölfar samþykktar þessa frv. leiði, að komið verði á fót nýrri stofnun, sem hafi með æskulýðsmál að gera, frekar en störf íþróttafulltrúa eru bundin nokkurri sérstakri stofnun. Íþróttafulltrúi er starfsmaður menntmrn. og hefur aðsetur á fræðslumálaskrifstofunni. Með hliðstæðum hætti mundi væntanlegur æskulýðsfulltrúi ríkisins, ef frv. nær fram að ganga, verða starfsmaður rn. með hliðstæða starfsstöðu og hliðstætt hlutverk og íþróttafulltrúi hefur nú.

Nd. gerði tvær breytingar á upphaflega frv. Í því var gert ráð fyrir, að skipunartími Æskulýðsráðs ríkisins

skyldi vera 3 ár. Nd. stytti skipunartíma Æskulýðsráðs í 2 ár, og þá mikilvægu breyt. samþ. hv. Nd. einróma að till. menntmn., að ekki sé gert ráð fyrir því að væntanlegur æskulýðsfulltrúi verði skipaður sem embættismaður ævilangt eins og t. d. íþróttafulltrúi er, heldur skuli skipunartími hans taka til 5 ára í senn.

Ég tel hér vera um mjög þarft mál að ræða, sem ég er viss um að muni verða til mikils góðs fyrir frjálsa æskulýðsstarfsemi í landinu, ef það nær fram að ganga, og ég vona, að undirtektir þessarar hv. deildar verði með sama hætti og hv. Nd., að það hljóti hér einróma stuðning.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að vænta þess, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 105, n. 462).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Frv. til l. um æskulýðsmál hafa verið flutt nú á þrem þingum. Eins og fram kemur í aths. við þetta frv., þá skipaði menntmrh. árið 1963 n. til þess að semja frv. til l. um æskulýðsmál, og var það frv., sem sú n. samdi, lagt fyrir þingið 1967–1968, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Málið var síðan tekið upp og flutt sem þmfrv. á síðasta þingi, en hlaut þá ekki heldur afgreiðslu. Nú liggur frv. til l. um æskulýðsmál fyrir þessu þingi, og er það nokkuð breytt frá því, sem hið upphaflega frv. var, og er rakið í aths., hverjar þær helztu breytingar eru, sem gerðar hafa verið frá upphaflega frv. Ég skal ekki fjölyrða um það, en vísa til þess, sem segir í aths. við frv.

Við meðferð málsins í hv. Nd. tók það smávegis breytingum. Þar er fyrst að geta þeirrar breytingar, að í stað skipunartíma Æskulýðsráðs ríkisins, sem í frv. var lagt til, að yrði 3 ár, var samkv. till. menntmn. Nd. skipunartímanum breytt í 2 ár, og var það gert samkv. ábendingu frá stjórn Æskulýðssambands Íslands, þar sem það yrði meira í samræmi við venjulegan kjörtíma stjórna þeirra samtaka, sem eiga að standa að Æskulýðsráði.

Önnur breyting, sem á frv. var gerð í Nd. og einnig samkv. till. menntmn. – þær breytingar, sem þar urðu á frv., voru allar gerðar skv. till. menntmn., – er við 4. gr. frv., þar sem ræðir um skipun æskulýðsfulltrúa. Eins og frv. lá fyrir, var gert ráð fyrir, að æskulýðsfulltrúi yrði skipaður eins og aðrir ríkisstarfsmenn án tímatakmarks á ráðningu, en í Nd. var sú breyting á gerð, að æskulýðsfulltrúi skyldi skipaður til 5 ára í senn. Sú hugmynd kom upp í menntmn. Nd., að heppilegra gæti verið, að skipunartími æskulýðsfulltrúa væri takmarkaður við visst árabil, og þá ekki óeðlilegt, að það væri 5 ára tímabil, og n. ræddi það við þá, sem á fundum hjá henni mættu, sem voru fulltrúar frá æskulýðssamtökunum í landinu. Þessi hugmynd hlaut góðar undirtektir þeirra, og varð um hana fullt samkomulag einnig í n., og var sú brtt. samþ. í d.

Þá var í þriðja lagi gerð sú breyting á og samþ. í Nd., að aftan við 9. gr. frv. bættust orðin „enn fremur til námskeiða og annars fræðslustarfs einstakra samtaka.“ Eins og fram kemur í nál. menntmn. þessarar hv. þd. á þskj. nr. 462, hefur n. rætt frv. og leggur einróma til, að það verði samþ., eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
6.–8. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 498).

---

22. Verzlun með ópíum o. fl.

Á 29. fundi í Sþ., 12. jan., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl., nr. 14 20. júní 1923 [137. mál] (stjfrv., A. 212).

Á 33. fundi í Ed., 13. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Á síðari hluta þingsins 1967–1968 voru gerðar hér á þinginu breyt. á l. um verzlun með ópíum og meðferð á ópíum og fleiri skyldra lyfja, sem voru frá 1923. Einnig hafa síðar verið gefin út l. um eiturefni sérstaklega. Það hefur komið í ljós, að ástæða þykir til að gera breyt. á l. um tilbúning og verzlun með ópíum, þar sem það kemur m. a. í ljós, sem telja má, að kannski hafi verið vangá við endurskoðunina, að þar er ekkert ákvæði um bann við vörzlu eða meðferð lyfja þeirra og efna, sem l. taka til eða úrskurða má að falla skuli undir ákvæði l. og eru ólöglega flutt inn, eða jafnvel kannske framleidd hér á landi. Ekki hafa þessi l. heldur ákvæði um upptöku slíks varnings eða ágóða af verzlun með hann.

En síðan þessi l. voru sett, var gefin út reglugerð, að mig minnir um miðjan nóvembermánuð s. l., þar sem tekin voru, eða felld undir, eins og l. gerðu ráð fyrir að gera mætti með reglugerð, fleiri lyf og efni af skyldri tegund, svo sem hass, LSD og önnur slík lyf, sem hv. þm. eru kunn og hafa valdið allmiklum umræðum og áhyggjum um meðferð þeirra í nágrannalöndum okkar

og að sumu leyti hjá okkur, þótt segja megi, að tæpast horfi til stórvandræða, en um innflutning þeirra hefur verið haft samráð, bæði milli löggæzlu, dómsmrn. og tollgæzlunnar á undanförnum tímum. Einnig hefur verið haft eftirlit eða statistik haldin yfir ávísanir á slík efni, sem til lyfja eru talin, til þess að fylgjast með notkun þeirra og þá hugsanlegri ofnotkun hér á landi.

Það má segja, að það sé mál út af fyrir sig, og hér í Sþ. liggur fyrirspurn um þau mál sérstaklega og vanalyf, sem svo hafa kallazt, eða ávanalyf réttara sagt, og hvaða meðferð þau hafi sætt og hvaða varúðarráðstafanir hafi verið gerðar. Sú fsp. liggur fyrir til heilbrmrh., sem mun svara þeirri fsp., þegar þar að kemur, og gera nánar grein fyrir því einnig í Sþ.

En meginefni þessarar till. er að setja strangari ákvæði um meðferð á ópíum og öllum þeim skyldu efnum, sem undir þessi l. falla, í fyrsta sinn, og í öðru lagi að herða mjög refsiákvæði l., sem telja má úrelt. Það er lagt til hér, að þau séu mjög mikið hert, og það er nýmæli, að lögð er fangelsisrefsing við stórfelldum brotum á þessum l. og hámarkstíminn 6 ár. Það er skilgreint í l., hvað stórfelld brot eru, og þessi þungu viðurlög eru í samræmi við svipaðar reglur, sem gilda í nágrannalöndum okkar. Ég held, að ég þurfi ekki á þessu stigi málsins að skýra þetta frv. frekar heldur en þessa tvo meginþætti, sem í þeim felast og talið hefur verið af þeim sérfræðingum, sem um þau mál fjalla, að nauðsynlegt væri að bæta inn í l. samhliða ýmsum öðrum ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið og er verið að gera í framkvæmd í sambandi við lyf eða efni af svipuðum uppruna getum við sagt.

Ég vil leyfa mér að leggja til, herra forseti, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og til hv. heilbr.- og félmn.

Ég get nú lagt það í raun og veru á vald forseta að úrskurða um það, hversu löggjafarmálefni, sem þetta frv. er í miklu ríkara mæli, herðing á refsingum og eftirlit með þeim, fer, en ef það væri ekki heilbrigðismálan., eins og sennilega eftir eðli málsins, væri réttara, að málið færi til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 26. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 212, n. 255).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Í l. um tilbúning og verzlun með ópíum og fl. nr. 14 frá 20. júní 1923, samanber og l. nr. 43 frá 2. maí 1968 um breyt. á þeim l., er ekkert ákvæði um bann við vörzlu eða meðferð lyfja þeirra og efna, sem l. taka til eða heimilt er að úrskurða, að falli undir ákvæði l., og ólöglega eru innflutt eða ólöglega framleidd. Þessi l. hafa heldur ekki að geyma ákvæði um upptöku slíks varnings eða ágóða af verzlun með hann. Þá eru refsiákvæði þessara l. einnig orðin úrelt. Þetta frv. er flutt til þess að ráða bót á þessum göllum, en frv. er samið á vegum dóms- og kirkjumálarn. Þessu frv. var vísað til allshn. og er n. meðmælt því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 27. jan., var frv. tekið til 3. umr. Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 44. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 46. fundi í Nd., 29. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta frv. til l. um breyt. á l. um tilbúning og verzlun með ópíum hefur verið afgr. ágreiningslaust, að ég hygg, í hv. Ed., en það er fram borið af þeim sökum, að l. um verzlun með ópíum frá 1923 þóttu á sínum tíma orðin nokkuð úrelt, og var því gerð breyting á þeim hér á þingi með l. nr. 43 frá 2. maí 1968. Síðar við nánari athugun hefur þó þótt vanta á ákvæði í þeim l. um að óheimilt væri að hafa undir höndum eða varðveita, veita viðtöku gefa, afhenda, selja eða verzla með hvers konar lyf og efni, er ákvæði þessara l. taka til og ólöglega eru flutt inn eða framleidd.

Hér eru þess vegna hert ákvæði um þetta. Þar er ekki aðeins ólöglegur innflutningur og verzlun með ópíum og skyld efni eða lyf, sem nánar er skilgreint í reglugerð, að falli undir þessi l., heldur má ekki veita þeim móttöku, framleiða þau, gefa þau eða á annan hátt eiga nokkurn þátt í meðferð þeirra, öðru vísi en tekið er sérstaklega fram um sem læknislyf og nánari reglur taka til um.

Samhliða þessu þótti ástæða til þess að herða mjög refsingar við brotum á þessum l., og tekur önnur grein til þess. Segja má, að það sé nýmæli þarna, að það varðar sektum, allt að 1 millj. kr., eða varðhaldi eða fangelsi, allt að 6 árum, sem er miklu þyngra ákvæði en hér var áður um að ræða, ef um stórfellt brot er að ræða.

Eins og hv. þm. er eflaust kunnugt, þá hefur meðferð ýmissa lyfja og efna, sem eru kannski að einhverju leyti tengd ópíum og skyldum efnum og geta talizt vanalyf, verið áhyggjuefni hjá mörgum þjóðum og nágrannaþjóðum okkar, einnig á Norðurlöndum. Hafa margvíslegar ráðstafanir verið gerðar til þess að koma í veg fyrir misnotkun þessara efna, sem eru því miður víða mikið áhyggjuefni, ekki kannski síst hjá hinum stóru þjóðum. Við höfum haft nokkra samvinnu um þetta við Norðurlöndin, og hafa komið til umræðu samstæðar reglur, t. d. á fundum dómsmrh. Norðurlanda.

Hér á landi hefur þetta verið mál, sem unnið hefur verið í dómsmrn. í samvinnu við landlækni, lögreglustjóra og tollgæzluna. Það er mikið vandamál og áhyggjuefni að búa vel um hnútana, þannig að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af hvorki ólöglegum innflutningi eða hættulegri meðferð þessara lyfja og

efna, sem hér um ræðir. Ég held, að þó að nokkuð hafi gætt meðferðar á vissum tegundum skyldra lyfja hér, þá er óhætt að segja, eftir því sem landlæknir hefur tjáð og fram hefur reyndar komið hér í þingsölum, að þetta hafi ekki verið verulegt alvörumál hjá okkur, en á síðustu árum hefur sérstaklega verið reynt að fylgjast í auknum mæli með hugsanlegri notkun og meðferð þessara lyfja. Ég vil því leyfa mér að vænta, að um þetta frv. verði ekki ágreiningur hér, og leyfi mér að leggja til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 212, n. 463).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. L. um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl. voru samþ. 20. júní 1923. Þessi l. voru byggð á alþjóðasamþykkt, sem gerð var í Haag árið 1912, um meðferð og sölu á ópíum. Á árinu 1968 var gerð breyt. á þessum l. á þann veg, að dómsmrn. getur úrskurðað, að ákvæði l. þessara gildi um öll efni, hvort sem þau eru afleidd af morfíni, kokaíni eða söltum þeirra eða ekki, enda hafi sannazt við vísindalega rannsókn, að misnota megi þau á líkan hátt, eða þau hafi skaðvænleg áhrif sem efni þau, sem nefnd eru í fyrrgreindum l.

Ekkert ákvæði er í l. þessum um bann við verzlun eða meðferð lyfja þeirra og efna, sem l. taka til eða úrskurða má, að falli undir ákvæði þeirra, og ólöglega eru innflutt eða framleidd, né heldur hafa þau ákvæði um upptöku slíks varnings eða ágóða af verzlun með hann. Því er talið nauðsynlegt að setja í lögin, að óheimilt sé að hafa undir höndum lyf og efni, sem falla undir l. og ólöglega eru innflutt eða framleidd, og lýsa óheimila hvers konar aðra meðferð slíks varnings. Þá er einnig í gr. ákvæði um upptöku á slíkum varningi til ríkissjóðs svo og hagnaði af verzlun með hann.

Í 2. gr. frv. er breyting á sektaákvæðum. Þau eru orðin of lág, því að hámarksrefsing, eins og l. voru upprunalega samþykkt, var að krónutölu ekki nema 10.000 kr. Lagt er til með þessu frv., að þau verði hækkuð upp í 1 milljón kr. Þá er í núgildandi l. aðeins varðhald, þ. e. a. s. fangelsi, í þeim skilningi hegningarlagaákvæða fyrir gildistöku hegningarl. frá 1940, sem nú er verulega breytt.

Enn fremur þá er það nýmæli, að það er skilgreint í gr., hvað telst stórfellt brot í l. þessum, en refsiákvæði þetta er í samræmi við refsiákvæði nágrannalandanna við sams konar brotum, en þar hafa slík ákvæði verið sett í l. nú á undanförnum árum, allt fram á síðasta ár. Þessi breyting á l. er því til samræmis við þær breytingar, sem nágrannalöndin hafa verið að gera.

Allshn. er sammála um að mæla með samþykkt frv., þó með þeirri breyt. á 2. gr. frv., að í stað orðsins „hóps“ á tveimur stöðum í 1. málsgr. komi „margir“.

N. ræddi þetta frv. og þessi mál mjög ítarlega við landlækni og ráðunaut heilbrigðisstjórnarinnar í lyfjamálefnum, og enn fremur óskaði Barnaverndarráð Íslands eftir því að ræða við n. Allir þessir aðilar, sem n. ræddi við, voru á einu máli um það, að brýn nauðsyn sé á því að gera nú þegar þá breyt. á þessum l., sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Hins vegar kom það skýrt fram í viðræðum við n. og það er einnig skoðun allra nm., að nauðsyn sé að vinna að heildarlöggjöf um þessi efni, en það tekur svo langan tíma, að við teljum, að þessi breyting sé nauðsynleg og megi Alþ., sem nú situr, ekki ganga fram hjá því að samþykkja þetta frv.

Þessi mál eru að verða mjög mikil erfiðleikamál hjá flestum þjóðum, og þau eru líka að verða það hjá okkur Íslendingum. Við verðum því að sameinast um það og taka höndum saman um að setja bæði sterka og ákveðna löggjöf og fylgja henni mjög vel eftir, því að það hlýtur að verða og vera léttara verk fyrir smáþjóð að koma í veg fyrir ofnotkun eiturlyfja en fyrir hinar stærri þjóðir, þar sem þessi mál eru orðin stór plága. En ekki er hægt að ná verulegum árangri, nema þjóðin sameinist í því að vinna ötullega að því að koma í veg fyrir, að þessi vágestur, eiturlyfjanotkunin, verði meiri í okkar landi en þegar er orðið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 463 samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
3.–4. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 485).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 65. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 67. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 531).

---

23. Gagnfræðanám.

Á 1. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám [14. mál] (stjfrv., A. 14).

Á 4. fundi í Nd., 21. okt. var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 27.

ágúst s. l. Efni l. er það, að með þeim er heimilað með leyfi menntmrn. að stofna til allt að tveggja ára framhaldsdeilda við gagnfræðaskóla, er taki við nemendum að loknu gagnfræðaprófi eða landsprófi miðskóla samkv. nánari ákvæðum, sem sett verði í reglugerð. Jafnframt er kveðið svo á, að kostnaður við þessar deildir skuli greiddur af ríki og sveitarfélögum í samræmi við lög nr. 49 1967 um skólakostnað.

Skólarannsóknir menntmrn. hafa undanfarin ár athugað möguleika á fjölgun námsbrauta fyrir gagnfræðinga og landsprófsmenn. Á undanförnum árum hefur komið í ljós vaxandi áhugi gagnfræðinga á framhaldsnámi. Þar til nýju kennaraskólal. voru sett fyrir nokkrum árum, áttu gagnfræðingar ekki völ á neins konar framhaldsnámi að loknu gagnfræðaprófi. En í hinum nýju lögum um Kennaraskólann voru sett ákvæði um það, að auk landsprófsmanna skyldu gagnfræðingar með vissum skilyrðum eiga aðgang að Kennaraskólanum. Reynslan varð sú, að í Kennaraskólann sóttu fleiri nemendur, bæði landsprófsmenn og þó einkum gagnfræðingar, en forráðamenn Kennaraskólans og kennarasamtök töldu nauðsynlegt vegna kennaraþarfar.

Landsprófsmenn hafa fram að þessu fyrst og fremst átt um tvær aðalnámsbrautir að ræða til framhaldsnáms, þ. e. a. s. menntaskóla og Kennaraskóla auk hins tiltölulega nýja Tækniskóla Íslands með vissum skilyrðum. Það hefur því verið ljóst um nokkurt skeið, að nauðsyn væri á því að fjölga mögulegum námsbrautum fyrir gagnfræðinga og landsprófsmenn. Þær athuganir hafa skólarannsóknir menntmrn. haft með höndum. S. l. sumar var athugun skólarannsóknanna svo langt komin, að rétt þótti að láta kanna hugmyndir skólarannsóknanna í n., þar sem fulltrúar helztu skólastiga og embættismenn, sem málið snerti, ættu sæti.

Hinn 4. júlí s. l. skipaði menntmrn. þess vegna n. til þess, eins og sagði í erindisbréfinu, að gera till. um, með hvaða hætti sé nú þegar í haust hægt að opna þeim, sem staðizt hafa landspróf og gagnfræðapróf, fleiri námsleiðir en þeir eiga nú kost á. Var forstöðumaður skólarannsókna, Andri Ísaksson, skipaður formaður n., en aðrir nm. voru fræðslumálastjóri, Helgi Elíasson, skólastjóri Kennaraskólans, dr. Broddi Jóhannesson, skólastjóri Tækniskóla Íslands, Bjarni Kristjánsson, skólastjóri Iðnskólans, Þór Sandholt, og formaður Skólastjórafélags gagnfræðaskólanna, Ólafur Þ. Kristjánsson skólastjóri.

N. skilaði einróma áliti hinn 15. ágúst. Var álitið þá þegar kynnt sveitarstjórnum og kannað, hvort þær og þá hvaða sveitarstjórnir hefðu áhuga á því þegar í haust að stofna til framhaldsdeilda samkv. þeim grundvallarhugmyndum, sem fram komu í áliti þessarar n., sem venjulega hefur verið kölluð námsbrautanefnd. Urðu undirtektir mjög jákvæðar mjög víða um landið, auk þess sem þær hugmyndir, sem fram voru settar um þetta nýja framhaldsnám, hlutu mjög eindreginn stuðning allra þeirra kennarasamtaka, sem létu til sín heyra um málið. Reynslan hefur orðið sú, að nú í haust hafa framhaldsdeildir farið af stað í Reykjavík, á Akranesi, á Akureyri og í Neskaupstað. Ráðagerðir voru uppi um framhaldsdeildir í Hafnarfirði, Kópavogi og Selfossi eða Hveragerði, en af því varð ekki að þessu sinni. Má hins vegar fullvíst telja, að samhliða auknu framhaldsdeildanna á þeim stöðum, þar sem þær nú starfa, muni þessir staðir a. m. k. efna til þessa framhaldsnáms á næsta hausti og án efa fleiri staðir, þegar meiri tími hefur fengizt til undirbúnings.

Þetta framhaldsnám er þannig skipulagt eða ráðgert, að um er að ræða kjarna í náminu, þ. e. a. s. sameiginlega kennslu fyrir alla nemendur og í öðru lagi kjörsvið, fjögur talsins, þ. e. a. s. uppeldiskjörsvið, hjúkrunarkjörsvið, tæknikjörsvið og viðskiptakjörsvið, og síðan kennslu á sjálfsvaldi skólans. Með þessari tilhögun á námsefni hinna nýju framhaldsdeilda er reynt að haga málum út frá þeim sjónarmiðum, sem nú eru efst á baugi í skipulagi framhaldsskóla í þeim löndum, sem lengst eru komin í þessum efnum. Grundvallarhugsunin er sú að hafa annars vegar fastan kjarna, sem sé sameiginlegur öllu náminu, og hins vegar sem frjálsast val á námsgreinum fyrir nemendurna, þannig að hæfileikar þeirra fái að njóta sín sem bezt. Í þriðja lagi er um að ræða nokkurt nám, sem sé á sjálfsvaldi skólanna, en ekki skipulagt af hálfu fræðsluyfirvalda. Er nánari grein gerð fyrir þessum hugmyndum öllum og till. þeirrar n., sem ég nefndi, í ítarlegu nál., sem ég gerði í morgun ráðstafanir til, að menntmnm. beggja hv. þd. fengju til athugunar í sambandi við meðferð málsins í þinginu. Ef aðrir hv. þm. hafa áhuga á nál., er það til reiðu í menntmrn.

Í þeim fjórum framhaldsdeildum, sem fóru af stað þegar á þessu hausti, eru nemendur sem hér segir: í Reykjavík eru alls 120 nemendur í hinum nýju framhaldsdeildum, þar af 40 í tæknideild, 40 í viðskiptadeild, 20 í uppeldisdeild og 20 í hjúkrunardeild. Á Akranesi eru 15 nemendur í deildinni og allir í tæknideild. Á Akureyri eru 8 nemendur í tæknideild og 9 í viðskiptadeild eða samtals 17. Í Neskaupstað eru 14 nemendur, þar af 5 í viðskiptadeild, en 29 í uppeldisdeild. Það er því augljóst af þessu, að flestir nemendur hafa lýst áhuga á tækninámi, þ. e. a. s. sótt tæknideildina, 77 af 166. Næst flestir hafa reynzt hafa áhuga á viðskiptanáminu eða viðskiptadeildinni eða 54 af 166 en 20 í uppeldisdeild og hjúkrunardeild hvorri um sig. Í Reykjavík eru starfræktir 5 bekkir, er fá sameiginlega kennslu í námskjarna, en skipt er í 6 deildir á kjörsviði, þar sem tvískipta þarf í tæknideild og viðskiptadeild. Á landinu öllu eru því alls 9 bekkir, en 12 deildir á kjörsviði.

Skylt þessu, má segja, að sé það, að áfram verður rekinn 1. bekkur menntaskóla á Ísafirði, eins og verið hefur um allmörg undanfarin ár, og verða þar nú í vetur 14 nemendur. En eins og hv. alþm. er án efa kunnugt, hefur þegar verið ákveðið, að menntaskóli taki til starfa á Ísafirði þegar á næsta ári, þannig að þá verður ekki aðeins um 1. bekk að ræða eins og í vetur, heldur um tvo bekki og síðan áframhaldandi bekkjafjölda, þar til fullskipun menntaskóla á Ísafirði er náð.

Ég vona, að þessi inngangsorð mín dugi til þess að skýra kjarna þess máls, sem hér er um að ræða. Ég er þeirrar skoðunar og held, að það sé sammæli þeirra skólamanna, sem þetta hafa kynnt sér, að hér hafi verið um bráðnauðsynlega viðbót og endurbót á íslenzku skólakerfi að ræða. Ég legg áherzlu á, að hér er um byrjunarspor að ræða. Starfsemin í vetur verður að

mörgu leyti tilraunastarfsemi, sem af verður að læra við nýja viðbótarbekki á næsta ári og við framhald þess bekks, sem nú hóf þetta nýja starf á þessu ári. Engar endanlegar ákvarðanir hafa verið teknar um það, í hvaða formi þetta viðbótarnám skuli vera, og þar á ýmislegt eflaust eftir að standa til bóta, en mikilsvert er, að fyrstu sporin hafa verið stigin og jafnmikilsvert að kunna að læra af þessum fyrstu sporum.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að óska þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 2. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Nd., 5. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 14, n. 304, 305).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út í ágúst s. l. og fjalla um framhaldsdeildir við gagnfræðaskóla til að auka fjölbreytni þeirra námsleiða, sem ungmenni eiga þar völ á.

Þessum l. var hvarvetna vel tekið, og í vetur hafa verið starfandi framhaldsdeildir á 5 stöðum á landinu með samtals 180 nemendum. Deildirnar eru þessar: Í Reykjavík, 120 nemendur, á Akranesi, 15 nemendur, á Ísafirði, 14 nemendur, á Akureyri, 17 nemendur og í Neskaupstað, 14 nemendur. Námið hefur skipzt í kjarna og kjörsvið, en hið síðara nemur 6 stundum á viku. Kjörsvið eru 4, uppeldiskjörsvið, sem 30 nemendur hafa valið, tæknikjörsvið, sem 62 nemendur hafa valið, og loks viðskiptakjörsvið, sem 69 nemendur hafa valið.

Nú eru starfandi á vegum menntmrn. a. m. k. 2 n., sem fjalla um starfsemi þessara deilda í framtíðinni, og hefur ein með að gera réttindastöðu nemenda með tilliti til inngöngu þeirra í aðra skóla og tengsl þessara deilda við aðra aðila í skólakerfinu, og önnur fjallar um námsefnið.

Eitt deiluefni hefur þó komið upp varðandi þessar framhaldsdeildir. Það er skipting kostnaðar á milli ríkis og sveitarfélaga. Hefur Samband ísl. sveitarfélaga haldið fram þeirri skoðun, að hér sé um að ræða framhaldsnám, sem ríkinu beri að kosta að öllu leyti.

Ljóst er, að eftir eitt til tvö ár verður að endurskoða l. um skólakostnað. Þá verður og fengin nokkur reynsla af hinum nýju framhaldsdeildum. Verður að treysta því, að greiðsla kostnaðar við framhaldsdeildirnar komi þá til athugunar og endurskoðunar. Einnig koma deildirnar án efa eitthvað við sögu í sambandi við endurskoðun fræðslulöggjafarinnar, sem nú stendur yfir og lýkur væntanlega fyrri hluta þessa árs.

Í trausti þess, að kostnaðarákvæði l. verði athuguð frekar og þess freistað að ná samkomulagi við sveitarfélögin um það mál, mælir meiri hl. menntmn. með því, að frv. verði samþ. óbreytt. 3 nm., sem eru samþykkir aðalefni frv., hafa hins vegar áskilið sér rétt til þess að flytja, og hafa nú flutt brtt. um greiðslu kostnaðar við deildirnar.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. menntmn. hefur tekið fram, þá er alger samstaða í menntmn. um aðalefni þessa frv. Hins vegar er, eins og hann nefndi, ágreiningur um aðeins eitt atriði, það er um greiðslu kostnaðarins af þessum framhaldsdeildum.

Í brbl. þeim, sem hér eru til umr. og lagt er til að samþ. verði, er það ákveði, eins og hv. frsm. nefndi, að kostnaður af þessum framhaldsdeildum greiðist af ríki og sveitarfélögum í samræmi við skólakostnaðarl. frá 1967. Við 3 nm. teljum, að þetta brjóti í bága við þær reglur, sem hafa gilt og gilda enn um kostnað af framhaldsnámi, og höfum því flutt brtt. á þskj. 305 þess efnis, að kostnaður við framhaldsdeildir skuli greiddur úr ríkissjóði. Reglan er þessi, eins og hv. þm. er sjálfsagt kunn, að ríki og sveitarfélög greiða sameiginlega kostnað af öllu skólahaldi skyldunámsins og gagnfræðastigsins og hliðstæðum skólum. En þegar kemur til framhaldsnáms umfram þetta, greiðir ríkið allan kostnað af skólahaldi í landinu. Hér er því um það að ræða, hvers konar nám þessar framhaldsdeildir eru. Við lítum svo á þetta nám, þó að það fari fram í gagnfræðaskólum, að hér sé algerlega um framhaldsnám að ræða, hliðstætt því, sem er í öðrum framhaldsskólum, þ. á m. í menntaskólunum. Þetta staðfestir álitsgerð mþn. sem samdi þetta frv., að hér er um sams konar nám að ræða, því að í nál. hennar segir, að nemendur, sem staðizt hafa 1. árs próf í þessum framhaldsdeildum, skuli að fullnægðum ákveðnum skilyrðum hafa rétt til að setjast í 2. bekk menntaskóla. Auk þess segir, að nemendur, sem staðizt hafa 2. árs próf þessara framhaldsdeilda skuli hafa að fullnægðum ákveðnum skilyrðum rétt til að setjast í 3. bekk menntaskóla. Þetta nám er því algerlega hliðstætt fyrsta og annars bekkjar menntaskólanámi, og ríkið kostar alla menntaskóla. Við lítum því þannig á, að hér sé algerlega um hliðstæða skóla að ræða og hliðstætt nám og fram fer í þeim skólum landsins, sem ríkið kostar að öllu leyti. Þess vegna leggjum við til, að kostnaður af framhaldsdeildunum greiðist af ríkinu.

Eins og hv. frsm. n. hefur tekið fram, þá hefur Samband ísl. sveitarfélaga andmælt þessu ákvæði l. og auðvitað með sömu rökum. Hv. frsm. gat þess og meiri hl. n. lítur svo á, að það verði að treysta því, að þessi l. verði endurskoðuð eftir 1–2 ár. Við getum náttúrlega ekkert um það fullyrt, hvenær þessi l. kunna að verða endurskoðuð, og þó að þetta ákvæði væri á þá leið, er við þremenningarnir leggjum til, þá kemur sú endurskoðun alveg að sama gagni, ef hún fer þá fram í náinni framtíð.

Þá bárust menntmn. upplýsingar um, að það hafa farið fram samningaumleitanir eða jafnvel samningar verið gerðir milli Reykjavíkurborgar og ríkisins um kostnað af þeim framhaldsdeildum, sem stofnaðar voru hér í Reykjavík í haust, sem leið, og jafnframt var okkur tjáð, að sams konar samningum eigi þau bæjarfélög kost á að sjálfsögðu, sem hafa fengið framhaldsdeildir hjá sér. Ekki þarf að efast um, að það verður eitt og hið sama

látið ganga yfir þau bæjarfélög, sem þessar framhaldsdeildir hafa.

En hvers vegna eiga þessir samningar sér stað? Hvað þarf að vera að semja um kostnað af framhaldsdeildum, sem brbl. segja, að skuli greiðast eftir ákvæðum skólakostnaðarl.? Ég sé ekki, um hvað á að fara að semja þá. Samt er þetta staðreynd. Það þarf að semja um þetta. Reykjavíkurborg hefur ekki viljað sætta sig við ákvæði frv. Þess vegna hefur komið til samninga. Að öðru leyti er mér ekki kunnugt um, hvernig þessir samningar kunna að vera, en þetta sýnir, að það er á veikum grunni þetta ákvæði í frv., eða í brbl. Væri ekki rétt að hafa það á þá leið, sem við þremenningarnir leggjum til?

Annars held ég, að þetta atriði málsins, kostnaðurinn af þessum framhaldsdeildum, sé ekki svo mikið fjárhagslegt atriði fyrir ríkissjóð. Ríkissjóður greiðir kennslukostnaðinn hvort sem er. Ég held, að þetta sé smávægilegt atriði fyrir hann, en sé óviðfelldið að brjóta hina gömlu reglu og koma kostnaðinum yfir á sveitarfélögin, því að ég er ósköp hræddur um það, að ef þetta verður gert í þetta sinn, þá verði síðar færzt upp á skaftið og fleiri skólar verði færðir inn á þessa sömu braut, að láta ríki og sveitarfélög kosta þau sameiginlega.

Það er aðeins af þessum ástæðum, sem við leggjum til, að þessi breyt. verði gerð á brbl., sem við flytjum brtt. um á þskj. 305, en ég endurtek það, að um meginefni þessa frv. erum við, þessir þremenningar, alveg sammála öðrum í menntmn. um að styðja framgang þessa máls og greiðum að sjálfsögðu atkv. með frv., hvernig sem kann að fara um þessa brtt. okkar.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Það er óþarfi að fara mörgum orðum um, að hér sé um að ræða framhaldsnám eftir skólaskyldu. Það er augljóst og sjálfsagt viðurkennt af öllum. Það er líka rétt, að sú regla hefur gilt, að ríkið hefur greitt allan kostnað við framhaldsnám, en í þessu frv. er gert ráð fyrir, að kostnaðinum verði skipt milli ríkis og sveitarfélaga. Skýringin á þessu atriði er fyrst og fremst sú, að hér er um heimildarlög að ræða og algera nýjung. Því er óhjákvæmilegt að ýmis ákvæði um þetta framhaldsnám eftir gagnfræðaskólana verði endurskoðuð á næstunni.

Hv. 1. þm. Vestf. sagði það hafa verið upplýst í n., að samningar hefðu verið gerðir milli ríkisins og Reykjavíkurborgar. Var um það spurt í n., hvort samningar hefðu verið gerðir milli ríkisins og Reykjavíkurborgar, en ég bar munnlega þær upplýsingar frá menntmrn., að það væri ekki um neina samninga að ræða, heldur að ákvæði um mat á því, hve mikil kennsla skuli greidd, væru túlkuð sveitarfélögunum eins mikið í hag og hugsanlegt er innan ramma skólakostnaðarlaganna. Væri litið svo á, að hér væri um óvenjulega kennslu og tilraunir að ræða. Það er rétt, sem hv. þm. segir, að hér er ekki um mikið mál að ræða, vegna þess að ríkið greiðir kennarakostnaðinn allan hvort eð er. Ef ríkið ætti að greiða annan kostnað, yrðu sveitarfélögin að meta húsnæði og notkun þess og gera ríkinu reikning fyrir það, að þessi tilraun er gerð í skólahúsnæði, sem þau hafa yfir að ráða. Ég held, að hér sé ekki um að ræða brot á meginreglu með þessu ákvæði. Ég held, að það sé eðlilegt, að kostnaðarákvæðin, sem um er deilt, verði tekin til endurskoðunar með þessu máli öllu, sem eðli sínu samkvæmt hlýtur að verða endurskoðað í ljósi reynslunnar á næstu 2–3 árum, auk þess sem það er vitað að l. um skólakostnað, þar sem þetta ákvæði ætti að sjálfsögðu heima til frambúðar, hljóta líka að koma til endurskoðunar á næstu 2 árum.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég er sannfærður um, að það hefur verið tímabært að stofna til þeirrar framhaldskennslu við gagnfræðaskólana, sem þetta frv. er ramminn um, og er því sannfærður um það, að með lagasetningu sem þessari er rétt stefnt, einkum ef það vakir fyrir stjórn menntamálanna í landinu að sveigja námsbrautir ungs fólks meira inn á praktískar leiðir og tengja þær nánar atvinnulífi þjóðarinnar. En ég er hins vegar hræddur um það, að þó að þetta hafi verið gert í tilraunaskyni, þá hafi verið farið út í þetta mál nokkuð undirbúningslítið og að sú tilraun, sem hér er verið að gera í 4–5 gagnfræðaskólum í landinu, sé því í nokkurri hættu af þeim sökum og kunni að misheppnast. Ef svo færi, væri verr farið en heima setið.

Ég hefði haldið, að slíka breytingu á framkvæmd kennslumála í landinu og skólahalds, hefði þurft að undirbúa mjög gaumgæfilega og þá ekki eingöngu með breytingu á þessu skólastigi, heldur einnig í framhaldi af því á menntaskólastigi. Ef ekki er ætlunin að leiða þá nemendur, sem í þessar framhaldsdeildir fara og verja þar einu til tveimur árum ævi sinnar, inn á blindgötu í menntakerfinu, þá þarf líka að sjá um, að nýjar námsleiðir opnist upp í gegnum háskóla í framhaldi af þessu sérnámi.

Ég er hræddur um, að það hafi ekki einu sinni verið búið að búa nægilega vel um framkvæmd þessarar kennslu í gagnfræðaskólunum, þegar rokið var í það á s. l. hausti á grundvelli þessara brbl., sem sett voru í sumar, hvorki að ákveða nákvæmlega í einstökum atriðum, hvert námsefnið skyldi vera, né að sjá fyrir kennslubókum við hæfi þeirrar kennslu eða í þriðja lagi, að þeir gagnfræðaskólar, sem tóku kennsluna upp strax á þessum vetri, hafi verið vel undir það búnir að hafa kennslukrafta við hæfi til þess að framkvæma þessa framhaldskennslu.

Þó má vel vera, og færi betur, að svo væri, að þetta fari allt vel úr hendi á þessum vetri og að undirbúningsleysið verði ekki málinu til mikils tjóns. En ég held, að það verði þá frekar hending heldur en að viturlega og af gaumgæfni hafi verið stofnað til málsins. En um það þýðir ekki að sakast.

Þetta skref hefur verið stigið, og það var þörf á að stíga skrefið. Um það er ég sammála þeim, sem að þessu máli hafa staðið, en ég held sem sé, að undirbúningurinn hafi verið of losaralegur og að tilraunin kunni e. t. v. að meira eða minna leyti að misheppnast af þeim sökum. Þó vil ég vænta hins bezta í þeim efnum og ekki vera með neina bölsýnisspá um það. Betur kann úr að rætast en til var stofnað.

Varðandi þann ágreining, sem virðist vera í n. um kostnað í sambandi við þessar deildir, þá tek ég alveg undir það, að ég tel eðlilegt, að deildirnar séu kostaðar

að öllu leyti af ríkinu, því að þær eru hliðstæð kennsla eins og framkvæmd er nú á menntaskólastiginu, og menntaskólarnir eru, eins og fram var tekið hér áðan, algerlega kostaðir af ríkinu. Það er verið að færa kostnað af námi yfir á sveitarfélögin að hluta, ef farið er inn á þá braut að láta þau bera hluta af kostnaðinum í sambandi við deildirnar, því að þessir framhaldsnemendur, eftir gagnfræðapróf og landspróf, sérstaklega eftir landsprófið, mundu sennilega flestir hafa haldið áfram námi í menntaskólunum.

Það sýnir m. a., hversu undirbúningurinn hefur verið ófullnægjandi og losaralegur, eins og við mátti búast, þegar í skyndingu var stofnað til málsins, þegar í ljós kom í framsöguræðu frsm. menntmn., að það væru nú starfandi tvær nefndir, önnur um námsefni deilda, hin um réttindastöðu nemenda. Hvort tveggja var óákveðið, þegar af stað var farið með kennsluna, og geta menn séð, hversu þetta hefur hvílt í lausu lofti, þótt ekki kæmi nú annað til en upplýsingar um það, að 2 n. eru nú starfandi, sem eru að íhuga um námsefni deildanna og réttindastöðu nemendanna, sem þarna eru að námi.

Það hvarflaði að mér, þegar hv. frsm. upplýsti þetta, hvort það væri nú ekki misskilningur, að þessar tvær n. væru teknar til starfa, því að núní í miðdagstímanum, rétt áður en ég fór á þennan fund, var hringt til mín úr menntmrn. og ég beðinn sem forseti Alþýðusambandsins að gera ábendingu um eða veita uppástungu um menn í þær. Eða þá að bæta þyrfti við þeirri þriðju, því að þessar eru báðar að ljúka störfum og sú þriðja á að fara að fæðast til þess að athuga eitthvað enn þá frekar um þessi mál. Þá er það upplýst af hæstv. menntmrh. sjálfum, að þessar tvær n. hafa starfað að sínum verkefnum, fjallað um námsefni deildanna og réttindastöðu nemendanna, en það á að fara að setja á fót þriðju nefndina til þess að kryfja einhver undirstöðumál þessarar framhaldskennslu til mergjar.

Það er þá viðbótarupplýsing um það, að allt er þetta mjög lítt formað enn þá og óráðið, hvernig þessi framhaldskennsla verður endanlega mótuð, hverjir kosta hana, hver séu réttindi nemendanna, sem ljúka þessu námi, og jafnvel hvaða námsefni skuli lagt til grundvallar kennslunni. Um þetta þýðir ekki að sakast, það er sem sé verið að vinna að þessu í n., en ótvírætt hefði verið hyggilegra að búið hefði verið að vinna og komast að niðurstöðu um þetta, áður en sjálft kennslustarfið hófst.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, tek aðeins undir það, að ég tel, að ef hv. Alþ. ætlar að hafa áhrif á það, hvort kennslan sé kostuð af ríkinu eða ríki og sveitarfélögum, verður að koma fram brtt. við 66. gr., þar sem ákveðið er, hvernig kostnaðurinn skuli borinn uppi. Að öðrum kosti verður kostnaðurinn greiddur af ríki og sveitarfélögum í samræmi við ákvæði skólakostnaðarl.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56., 57. og 58. fundi í Nd., 9., 10. og 12. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., 16. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 305 felld með 20:12 atkv.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 57. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 59. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Ed., 20. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 14, n. 535, 548).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Þetta frv. til l. um breyt. á l. um gagnfræðanám er flutt til staðfestingar brbl. frá 27. ágúst s. l. Frv. fjallar um svokallaðar framhaldsdeildir við gagnfræðaskóla, og það er byggt á álitsgerð og tillögum svokallaðrar námsbrautanefndar, en þann 4. júlí fyrra árs skipaði hæstv. menntmrh. n. til þess að gera till. um, „með hvaða hætti sé nú þegar í haust hægt að opna þeim, sem staðizt hafa landspróf og gagnfræðapróf, fleiri námsleiðir en þeir eiga nú kost á," eins og segir í erindisbréfi n. Í þessari n. áttu sæti Andri Ísaksson, forstöðumaður skólarannsókna, Bjarni Kristjánsson, skólastjóri Tækniskólans, Jóhann Hannesson skólameistari, tilnefndur af rektorum menntaskólanna, dr. Broddi Jóhannesson, skólastjóri Kennaraskólans, Ólafur Þ. Kristjánsson skólastjóri, tilnefndur af Félagi skólastjóra á gagnfræðastigi, Þór Sandholt, skólastjóri Iðnskólans, og Helgi Elíasson fræðslumálastjóri.

Það var þegar ljóst, að tími var mjög naumur fyrir n. til þess að inna þetta starf af höndum, þar sem að því var stefnt, að starfræksla slíkra framhaldsdeilda gæti hafizt þegar á s. l. hausti. N. stefndi að því og henni tókst að skila álitsgerð þann 15. ágúst. Í till. n., sem er að finna í plaggi allmiklu um fjölgun námsbrauta fyrir gagnfræðinga og landsprófsmenn, sem ég ætla, að hv. þdm. hafi átt kost á að kynna sér eða fengið sent, eru rakin störf n. og gerð grein fyrir till. hennar.

Þar er í fyrsta lagi, svo að minnzt sé á nokkur atriði úr álitsgerð n., gert ráð fyrir því, að inntökuskilyrði í framhaldsdeildir verði annars vegar samræmt gagn-

fræðapróf með meðaleinkunn 6 eða hærri í samræmdum greinum – sömuleiðis eldri gagnfræðapróf með jafnháum meðaleinkunnum í sömu námsgreinum – og hins vegar próf miðskóla með meðaleinkunn 6 eða hærri. Þó gerir n. þessi till. með þeirri aths., að skólastjórum skuli þó veitt heimild til að víkja frá fyrrgreindum reglum um einstaka nemendur, sem alveg sérstaklega stendur á um að þeirra dómi.

Um fjölda nemenda í deildunum telur n. hæfilegt, að hámarksfjöldi sé um það bil 25, en lágmarksfjöldi sem næst 15. Þá álítur n., að hæfilegur lágmarksfjöldi nemenda á kjörsviði sé sem næst 7, en um hvort tveggja þetta telur þó n., að þurfi að vera möguleiki til nokkurs sveigjanleika, þegar sérstaklega stendur á.

Námið sjálft skiptist í kjarna, þ. e. a. s. sameiginlega kennslu fyrir alla nemendur, síðan kjörsvið, sem séu uppeldiskjörsvið, hjúkrunarkjörsvið, tæknikjörsvið og viðskiptakjörsvið. Auk þessa sé námsefni eða kennsla, sem skólunum sé nokkuð í sjálfsvald sett, hver verði. Um kjörsviðin er rétt að minnast einnig á það, að n. gerði till. um, að kjörsviðunum yrði síðar meir fjölgað t. d. með því að bæta við iðnkjörsviði og almennu hagnýtu kjörsviði, sem að áliti n. kæmi þá til athugunar síðar, þegar nokkur reynsla væri fengin af starfrækslu framhaldsdeildanna.

N. lagði til, að þessum deildum yrði komið á fót þegar um haustið, þ. e. a. s. s. l. haust, þær yrðu a. m. k. fyrsta veturinn eingöngu starfræktar við gagnfræðaskólana og að kostnaður skiptist milli ríkis og hlutaðeigandi sveitarfélaga samkv. skólakostnaðarl. frá 1967. Svo yrði a. m. k. skólaárið 1969–1970. Það var þegar í upphafi ljóst, að mjög naumur tími var til þess að koma þessum deildum á, skipuleggja starfsemina, útvega kennara og sjá fyrir húsnæði og slíku. Var það vissulega til verulegs baga.

Námsbrautanefnd gerir ráð fyrir, að þessi starfræksla verði raunverulega á tilraunastigi fyrstu 2–3 árin, en hún lagði jafnframt áherzlu á, að skipaðar yrðu nefndir, sem falin yrðu tiltekin verkefni við nánari mótun ýmissa þátta starfrækslunnar.

Nú munu vera að störfum nefndir, annars vegar til athugunar á námsefni deildanna og hins vegar til athugunar á tengingu námsins við aðra skóla, m. ö. o. til þess að ákveða, hvaða réttindi nám í framhaldsdeildunum á að skapa nemendum þeirra.

Framhaldsdeildir eru nú starfandi á 4 stöðum. Þeir staðir eru þá fyrst Reykjavík, þar sem eru 120 nemendur. Þeir skiptast þannig, að um 40 nemendur eru í tæknideild, 40 í viðskiptadeild, 20 í uppeldisdeild og 20 í hjúkrunardeild. Á Akranesi starfar ein deild með 15 nemendur. Þar eru allir í tæknideild. Á Akureyri eru nemendur 17 og skiptast þannig, að 8 eru í tæknideild og 9 í viðskiptadeild. Í Neskaupstað eru 14 við nám í framhaldsdeild, og þar skiptast þeir þannig, að 5 eru í viðskiptadeild og 9 í uppeldisdeild.

Það hefur, eins og ég áður sagði, verið naumur tími til undirbúnings s. l. haust, bæði fyrir þau sveitarfélög, sem ákváðu að efna til slíkra deilda, og einnig fyrir sjálfa námsbrautanefndina til þess að undirbúa svo rækilega, sem æskilegt hefði verið, að hægt væri að fara af stað með þessar deildir, þannig að starfið frá upphafi væri fastmótað. Þetta hefur hvort tveggja trúlega dregið úr ýmsum sveitarfélögum, sem ella kynnu að hafa haft áhuga á því að stofna til slíks náms fyrir sitt unga fólk, en allt ætti þetta þó að liggja ljósar fyrir strax eftir þennan fyrsta vetur, sem deildirnar hafa verið starfræktar.

Eins og fram kemur í nál. á þskj. nr. 535, hefur menntmn. þessarar hv. þd. athugað frv., og mælir n. einróma með samþykkt þess, en þó áskilja einstakir nm. sér rétt til þess að flytja brtt. við frv. og að fylgja brtt., sem fluttar kunna að verða, og liggur þegar fyrir ein brtt. frá tveim hv. nm.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, a. m. k. að svo stöddu, að fara fleiri orðum um þetta frv., nema þá að sérstakt tilefni gefist til.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Þetta frv. er borið hér fram til staðfestingar á brbl., og ákvæði frv. eru þegar komin til framkvæmda á nokkrum stöðum, þar sem nú á þessu skólaári eru starfandi framhaldsdeildir við gagnfræðaskóla a. m. k. í 4 kaupstöðum landsins. Ég tel, að það hafi verið full ástæða til að setja þessi brbl. Ég held, að það sé eitt hið brýnasta verkefni í skólamálum okkar að opna fleiri námsbrautir heldur en ungmenni hafa átt völ á fram að þessu, og í annan stað, að nemendur, sem búsettir eru úti um landsbyggðina, geti átt þess kost að stunda framhaldsnám heima í sínu héraði og komast þannig eins hátt í menntastiganum og auðið er.

En ég hef leyft mér ásamt hv. 11. þm. Reykv., Kristjáni Thorlacius, að bera fram brtt. við eitt ákvæði þessa frv. Lög um skólakostnað taka til þeirra skóla, sem eru sameign ríkisins og sveitarfélaganna, þ. e. a. s. barnaskólanna og skóla gagnfræðastigsins. Samkv. þeim l. skiptist kostnaður við skólahaldið á milli ríkisins og sveitarfélaganna í þeim hlutföllum, sem nánar er kveðið á um í skólakostnaðarlögunum. Nokkur munur er gerður á því um framlög sveitarfélaganna, hvort um er að ræða barnaskóla eða hið frjálsa nám á gagnfræðastiginu. En eigi að síður leggja sveitarfélögin nokkuð fram til skólahaldsins á þessum skólastigum. En þegar kemur til menntaskólastigsins, þá kveða menntaskólalögin á um það, að ríkið skuli kosta fræðsluna á menntaskólastiginu, enda eru menntaskólarnir eign ríkisins.

Þetta nám, sem stundað er í framhaldsdeildunum samkvæmt þeim ákvæðum, sem hér er um að ræða, samsvarar námi á menntaskólastigi, þ. e. a. s. námi í tveimur neðstu bekkjum menntaskólanna. Í þessum framhaldsdeildum er því raunverulega um menntaskólafræðslu að ræða, og þá virðist okkur, sem stöndum að brtt. á þskj. 548, að það verði ósamræmi í framkvæmdinni, ef sum sveitarfélög eiga að greiða hluta af raunverulegu menntaskólanámi, sem fram fer í þessum framhaldsdeildum, en önnur sveitarfélög gera það ekki. Þetta misræmi kemur vitanlega alls staðar fram, þar sem þessar framhaldsdeildir starfa, en segja má, að það verði þó tilfinnanlegast í þeim landshlutum, þar sem um enga menntaskóla er að tefla, í landshlutum, sem hafa orðið árum saman að bíða eftir sínum menntaskóla, eins og t. d. á Austurlandi, en í Neskaupstað starfar nú á þessu skólaári framhaldsdeild.

Það er þess vegna till. okkar, að 66. gr. l. orðist svo: „Kostnaður við framhaldsdeildir skal greiddur úr ríkissjóði.“ Ef þetta ákvæði yrði samþ. hér í hv. d., þá mundi verða samræmi í þessum greiðslum við það, sem gildir, þegar um menntaskóla er að ræða. Ég skal að lokum vekja athygli á því, að það kom fram í hv. Nd., að Samband ísl. sveitarfélaga hefur gefið þessu gætur og komið á framfæri þeirri eindregnu skoðun sambandsins, að ríkinu beri að kosta það nám, sem stundað er í framhaldsdeildunum, þar sem raunverulega er um menntaskólanám að ræða. Þessi brtt. okkar er því í fullu samræmi við það, sem fram hefur komið af hálfu Sambands ísl. sveitarfélaga um þetta atriði.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð í tilefni af ræðu hv. síðasta ræðumanns. Það er alveg rétt, að Samband ísl. sveitarfélaga hefur mótmælt því, að sveitarfélögin ættu að taka nokkurn þátt í kostnaði við framhaldsdeildirnar og á þeim grundvelli, að þarna væri um að ræða nám, sem hingað til a. m. k. hefði verið kostað af ríkinu eingöngu.

Nú er það svo, ef við víkjum að menntaskólunum, sem hv. 2. þm. Austf. gerði nokkra grein fyrir áðan, þá er af hálfu n. hugsuð möguleg hliðarbraut inn í menntaskóla úr framhaldsdeildunum. Það er þó ýmsum skilyrðum bundið, og ég held, að þegar ráðizt er í starfrækslu þessara deilda, þá eigum við ekki nema að takmörkuðu leyti að ganga út frá því, að það séu endilega nemendur, sem að fjöldanum til hyggja á menntaskólanám. Ég vil taka undir það, sem fram kemur í áliti n., þar sem lögð er áherzla á það almenna menntunargildi, sem nám í þessum deildum hafi, enda þar gert ráð fyrir, að námið í framhaldsdeildum auðveldi nemendum inngöngu í ýmsa aðra framhaldsskóla heldur en menntaskólana. Ég ætla að segja það sem mína skoðun, að þegar reynsla er komin á deildirnar og þegar það liggur ljóst fyrir, hvaða réttindi nám í þeim muni skapa nemendum – reynsla verður að sjálfsögðu ekki fengin fyrr en í fyrsta lagi eftir að búið er að starfrækja deildirnar í 2 ár – þá hljóti að þurfa að koma margt til athugunar og þar á meðal kostnaðarskiptingin við þessar deildir.

Með því að deildirnar eru reknar í tengslum við eða reknar við gagnfræðaskólana, sem fyrir eru, þá er það a. m. k. eins og stendur gert að sjálfsögðu í húsnæði, sem fyrir er, og er þá í flestum tilvikum sameign ríkis og sveitarfélags, og þegar ríkið borgar kennslukostnað allan, þá hvílir þetta ekki þungt á sveitarfélögunum, að ég held. Það er hins vegar svo, að ef til kemur mikil aukning, mikil nemendafjölgun og deildafjölgun á þessu skólastigi, þannig að til byggingaframkvæmda, jafnvel stórfelldra byggingaframkvæmda komi, þá væri ekki óeðlilegt að einmitt kostnaðarskipting kæmi til athugunar.

Ég held, eins og ég áðan sagði, að að því hljóti að reka, að nánar þurfi að athuga, hvernig fara skuli með kostnað af þessum deildum, þessu skólastigi, og það sé tæpast kannski tímabært að gera það fyrr en nokkur reynsla er á fengin.

Í trausti þess, að það verði athugað, þegar sá tími kemur, þá tel ég fyrir mitt leyti, að það sé a. m. k. að svo stöddu rétt að una við þessa ákvörðun brbl. um kostnaðarskiptinguna og að nánari athugun á málinu öllu komi svo síðar til.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég ætla nú ekki efnislega að fara að ræða þetta mál, en aðeins víkja nokkrum orðum að þeirri brtt., sem hér er komin fram og sem felur það í sér, að líta beri á þessar framhaldsdeildir sem menntaskólastig og þar af leiðandi, að ríkissjóður skuli bera af þeim allan kostnað. Hv. frsm. n., 2. þm. Reykv., hefur nú nokkuð vikið að þessu efni, en ég vildi þó bæta þar við nokkrum orðum.

Það er auðvitað alveg rétt, að framhaldsskólastigið og þá auðvitað menntaskólastigið í þessu tilfelli er greitt af ríkissjóði samkv. sérlögum, og þá má segja, að ef hér væri um stofnun menntaskóla að ræða, að þá væri eðlilegt, að það yrði einnig svo. Nú liggur hins vegar ekkert fyrir um það, að svo sé. Það er skýrt tekið fram í forsendum brbl., að hér sé um að ræða deildir í tilraunaskyni, framhaldsdeildir við gagnfræðaskólana til þess að undirbúa þessa nemendur betur undir framhaldsnám, sem sannast sagna á því stigi var ákaflega óljóst um, í hvaða átt mundi þróast.

Það hefur síðan verið að því unnið að reyna að fastmóta þessar deildir og gera sér grein fyrir því, hvaða þátt þær ættu að hafa og stöðu í fræðslukerfinu. Eins og hv. þm. er kunnugt, er það algert undantekningaratriði, eins og okkar skólaskipun er í dag, að menntaskólastig og gagnfræðaskólastig sé rekið saman sem sameiginlegur skóli, og það út af fyrir sig þyrfti að sjálfsögðu að athugast mjög náið, áður en því yrði slegið föstu, að hér skyldi komið á fót hvarvetna um landið nýjum menntaskólum.

Það veit heldur enginn um það í rauninni, hvort hér sé um nám að ræða, sem samsvarar framhaldsnámi í neðstu bekkjum menntaskóla. Það getur eins búið nemendur undir aðra skóla, og enn eru ekki til fastmótaðar till. um það, hvernig beri að líta á þetta framhaldsnám. Það er sem sagt, eins og í brbl. segir, eingöngu sett á laggirnar í tilraunaskyni, og með hliðsjón af því var að sjálfsögðu eðlilegt, eins og efni málsins er á þessu stigi, að á þetta yrði litið sem framhaldsdeildir við gagnfræðaskólana og kostnaður greiddur sem gagnfræðaskólakostnaður.

Það liggur þegar í augum uppi við athugun á frv., eins og það er orðað, að það væri auðvitað af og frá, að einstök sveitarfélög gætu farið að ákveða að setja á laggirnar menntaskóla, sem væri kostaður að öllu leyti af ríkinu. En eins og 1. gr. frv. er orðuð eða viðbótin við l., sem þar er greint frá og mundi verða 65. gr. l., þá er gert ráð fyrir því, að ákvörðunaraðilar um þetta séu heima í héraði. Það þarf að vísu leyfi menntmrn. til, en ljóst er af öllu orðalagi greinarinnar, að það er gert ráð fyrir, að öll ákvörðunin sé fyrst og fremst í hendi aðila heima í héraði. Þetta er auðvitað af og frá, sem ég veit, að allir hv. þm. geta gert sér grein fyrir og eru sammála, að einstök sveitarfélög geti ákveðið það að setja upp skóla eða fyrirtæki með einhverjum hætti, sem algerlega er kostað af ríkinu. Það yrði þá að breyta allri uppbyggingu þessara framhaldsdeilda, ef ætti að samþykkja þá ákvörðun, að ríkið skyldi greiða allan kostnaðinn.

Ég skal ekkert um það segja, hver að lokum verður niðurstaða þessa máls og hvernig þessar deildir þróast. En það er þó svo viðamikið atriði og umfangsmikið að gera sér grein fyrir því, að ég held nú, að við nánari athugun hljóti allir að sannfærast um það, að á þessu stigi sé útilokað að taka ákvörðun um það, að hér sé verið að setja á fasta framhaldsskóla, hvort sem þeir heita framhaldsdeildir menntaskóla eða eitthvað annað, sem við vitum þá ekki, hvað kalla skuli. Helzt er það þó menntaskólastig, eins og hv. flm. brtt. sagði. En það yrði þá að bera að með allt öðrum hætti og mönnum yrði að vera ljóst, hvert yrði stefnt, og hvort ætti að fara að setja upp, eins og ég segi, menntaskólastig víðs vegar um landið á svo mörgum stöðum, að enginn veit, hve margir þeir staðir yrðu í rauninni. Það er einfalt mál að gera þetta, ef ekki þarf að gera annað en leggja til nemendurna og ríkið á að borga kostnaðinn. Ég sannast sagna skil ekki annað en menn hljóti að gera sér grein fyrir því við nánari athugun, að á þessu stigi málsins er útilokað að stíga sporið til fulls.

Ég held því, eins og málin standa í dag og með hliðsjón af því, sem er hugsun þeirra brbl., sem hér er verið að staðfesta, að þá sé það eitt í anda þeirra, að sú tilhögun verði höfð, að á þetta sé litið sem tilraunastig, sem geti þróazt í einhverjar áttir í framhaldsnámi, sem við vitum þó ekki um enn þá, og þar af leiðandi meðan ekki er vitað um, hver sú þróun verður, þá sé eðlilegt og það eina, sem auðið sé að gera, sé að líta á þetta sem tilraunadeildir við gagnfræðaskólana og verði því að líta á það sem þátt í gagnfræðanámi.

Af þessum sökum tel ég ekki vera mögulegt á þessu stigi málsins, þó að ég þekki vel óskir sveitarfélaganna, sem eru eðlilegar. Sveitarfélögin vilja alltaf losna við að borga það, sem þeim er gert að greiða. Það er skiljanlegt og ekki hægt að dæma þau fyrir það, en ég held, að það brjóti í bága við alla eðlilega hugsun í þessu máli að ákveða, að sveitarfélögunum sé fengið það vald í hendur að setja á stofn ríkisskóla með þessum hætti.

ATKVGR.
Brtt. 548 felld með 10:8 atkv.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 570).

---

24. Endurhæfing.

Á 20. fundi í Sþ., 8. des., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um endurhæfingu [118. mál] (stjfrv., A. 153).

Á 24. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Hinn 8. marz 1967 var samþ. þál. á Alþ., þar sem skorað var á ríkisstj. að undirbúa löggjöf og leggja fyrir Alþ. frv. til l. um öryrkjaheimili og endurhæfingarstöðvar. Með bréfi dags. 14. sept. 1967 var Öryrkjabandalagi Íslands falið að semja drög að frv. til l. um öryrkjaheimili og endurhæfingarstöðvar. Bandalagið fól dr. Oddi Ólafssyni yfirlækni þetta verkefni í samráði við hin ýmsu öryrkjafélög og Öryrkjabandalagið. Hann hefur síðan unnið að samningu frv. samkv. þessu og haft jafnframt samráð við félmrn. þar um. Árangur þessa starfs er frv. það, sem hér liggur nú fyrir.

Við samningu þessa frv. var höfð hliðsjón af till. Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 99 frá 1955 um atvinnuþjálfun fatlaðra manna og til viðreisnar þeim. *Till. þessi er prentuð sem fskj. með frv.*

Svo sem greinir í 1. gr. frv. fjallar það fyrst og fremst um atvinnuþjálfun. Meira en 5% þeirra landsmanna, sem eru á vinnualdri, vinna ekki vegna meiri eða minni örorkusjúkdóma. Vitað er, að allmiklum fjölda af þessum hópi mætti koma til vinnu með skipulögðum og samræmdum aðgerðum, þ. e. með ýmiss konar samfélagslegri samhjálp, hæfnirannsóknum, námi, þjálfun og sérstöðutilraunum. Þessu frv. er ætlað að stuðla að bættri aðstöðu í þessu efni.

Endurhæfing fólks með skerta starfshæfni er keðja samræmdra aðgerða, sem hefst með læknisfræðilegri endurhæfingu og lýkur að jafnaði með starfsendurhæfingu. Læknisfræðilega endurhæfingin er fyrst og fremst heilbrigðismál, sem miðar að því að upphefja eða draga svo sem unnt er úr orkutapi vegna sjúkdóma eða slysa. Hlutverk starfsendurhæfingarinnar er aftur á móti fyrst og fremst að hagnýta það, sem eftir er af orkunni, á sem árangursríkastan hátt fyrir öryrkjann með því að gera hann hæfan til ábyrgra starfa og finna þann starfa handa honum að endurhæfingunni lokinni.

Þegar þær stofnanir og stofnanadeildir, sem nú eru í smíðum, eru fullbúnar, ætti að vera vel fyrir læknisfræðilegu hliðinni á endurhæfingu séð hér á landi. Þær stofnanir og deildir, sem átt er við, eru endurhæfingardeild Landsspítalans, sem nú er fullbúin, endurhæfingardeildirnar við Landakot og Borgarsjúkrahúsið, lúkning æfingastöðvar Styrktarfélags fatlaðra og lamaðra við Háaleitisbraut og æfingastöð Sjálfsbjargar við Hátún. Auk þess verður að gera ráð fyrir, að stærstu sjúkrahúsin úti á landsbyggðinni komi á fót innan tíðar litlum æfingastöðvum hjá sér. Sjúkratryggingarnar eiga að tryggja rekstrargrundvöll þessarar starfsemi allrar.

Hins vegar eru engin ákvæði í íslenzkum lögum, sem tryggja uppbyggingu og rekstur atvinnuendurhæfingarstöðva og vinnustöðva fyrir öryrkja. Þetta frv. fjallar því fyrst og fremst um skipulagningu endurhæfingarmála, um aðstoð við starfsprófun, starfsþjálfun, nám og vinnustöðvar fyrir öryrkja. Auk þess er í frv. gert ráð fyrir nokkurri aðstoð við byggingu húsnæðis fyrir öryrkja, sem verður að telja mikinn þátt í árangri starfsendurhæfingarinnar.

Þótt höfuðmarkmið endurhæfingarinnar sé að gera öryrkjann hæfan til starfa á frjálsum vinnumarkaði,

verður því takmarki þó aldrei náð að fullu. Jafnan verður nokkur hópur öryrkja, sem hefur starfsorku og vinnugetu, en getur þó ekki keppt á hinum frjálsa vinnumarkaði. Það fer nokkuð eftir orsökum örorkunnar, og að ýmsu leyti stöndum við verr að vígi í þessu efni en fyrir 10–20 árum. Þá voru stærstu öryrkjahóparnir, sem til endurhæfingar komu, öryrkjar vegna berklaveiki og öryrkjar vegna lömunarveiki. Hvort tveggja hópar, sem tiltölulega auðvelt var að ráða í vinnu að endurhæfingu lokinni. Nú eru stærstu hóparnir öryrkjar af geðrænum orsökum, öryrkjar vegna lamastjarfa, þ. e. heilaskemmdir í fæðingu og vangefnir. Allt eru þetta hópar, sem erfitt er að koma inn á hinn almenna vinnumarkað, enda þótt nokkur starfsgeta sé fyrir hendi.

Til þess að nýta þetta vinnuafl, hafa hinar svonefndu vernduðu vinnustöðvar gefið góða raun. Þetta frv. gerir ráð fyrir verulegri opinberri aðstoð við uppbyggingu og rekstur verndaðra vinnustöðva. Þessi aðstoð er nauðsynleg, þar sem afkastageta öryrkjanna, sem vinna á vernduðum vinnustöðum, er verulega undir meðallagi. Vinnustöð er kölluð vernduð, þegar sérstakt tillit er tekið til þarfa vinnuaflsins og það er verndað frá samkeppni við afkastameiri aðila í þeim tilgangi að gefa öryrkjunum tækifæri til þess að afla sér lífsviðurværis með vinnu sinni, og ef mögulegt er, að þjálfa starfsorkuna svo, að þeir verði síðar hæfir til þess að fá starf á frjálsum vinnumarkaði. Á slíkum vinnustöðvum er að sjálfsögðu unnið að arðbærri framleiðslu.

Samband íslenzkra berklasjúklinga rekur verndaða vinnustöð hér í bæ, sem heitir Múlalundur. Þar vinna nú um 50 menn og konur sem öryrkjar, margir aðeins hálfan dag. Til fróðleiks má geta þess, að opinber gjöld, sem þetta fólk greiðir árlega, nema í heild samtals milli 600–800 þús. kr. Þó að slíkar verndaðar vinnustöðvar verði ekki reknar hallalaust, er gott að hafa það í huga, að halli sá, sem af slíkum rekstri stafar, skilar sér aftur til hins opinbera, eins og þetta dæmi sýnir.

Í júlí og ágúst 1967 var haldin ráðstefna á vegum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og þróunardeildar Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn. 25 lönd tóku þátt í ráðstefnunni. Efni hennar var starfsendurhæfing öryrkja og leiðir til þess að efla hana og hagnýta betur starfsgetu öryrkja. Í lok ráðstefnunnar var samþ. ályktun í mörgum liðum. Meðal þeirra liða, sem samþykktir voru, voru þessir t. d. :

1. Nauðsynlegur liður í samræmdum endurhæfingaraðgerðum er endurhæfingarráð fyrir allt landið, sem hafi innan sinna vébanda fulltrúa þeirra stjórnardeilda, bæjarfélaga, vinnuveitenda, vinnuþiggjenda og öryrkjafélaga, sem mál þetta varðar.

2. Höfuðverkefni þessa ráðs skal vera að hafa á hverjum tíma yfirsýn yfir endurhæfingu í landinu og vandamál henni samfara og sjá til þess, að tiltækt fé sé notað, þar sem þörfin er mest.

3. Aðalhindrun gegn eðlilegri þróun endurhæfingar er skortur á fé frá opinberum aðilum, vöntun á samræmingu á ráðstöfun fjárins milli félaga og þeirra stofnana og beinlínis skortur á skilningi opinberra aðila á nauðsyn og víðfeðmi endurhæfingar.

Endurteknar ráðstefnur og ályktanir, gerðar á vegum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um starfsendurhæfingu og vinnustöðvar fyrir öryrkja, sýna, svo að ekki verður um villzt, að hér er um alþjóðavandamál að ræða, sem hefur þýðingu bæði fyrir einstaklinginn og þjóðarheildina. Til þess að leggja áherzlu á, að sinna beri endurhæfingarmálum meira en gert hefur verið, hefur Alþjóðasamband öryrkjafélaga í samráði við Alþjóðavinnumálastofnunina og Alþjóðaheilbrigðisstofnunina ákveðið, að áratugurinn 1970–1980 skuli nefndur áratugur endurhæfingarinnar. Ætlunin er að hefja öflugan áróður innan þeirra ríkja, sem eru meðlimir áðurnefndra alþjóðasamtaka til þess að vekja athygli á nauðsyn frekari aðgerða í endurhæfingarmálum.

Þó að hér á landi séu engin lög um endurhæfingu fólks með skerta starfshæfni, hefur mikið og merkilegt starf við slíka endurhæfingu þó verið unnið í landinu. Á þessu sviði hefur frumkvæði og framtak verið hjá félagasamtökum. Í frv. þessu er einnig gert ráð fyrir því, að svo verði áfram. Þó að ekki sé hér um að ræða lögboðna aðstoð hins opinbera við endurhæfingu, hefur slík starfsemi verið stunduð með ýmsum hætti, beint og óbeint af því opinbera. Í flestum þróuðum ríkjum eru lög um endurhæfingu, sem ákveða mikla fjárhagslega aðstoð við þetta málefni.

Í frv. er, eins og áður segir, gert ráð fyrir frumkvæði og framkvæmdum á vegum félagasamtaka, sem hefur gefið góða raun hér á landi til þessa. Eigi að síður er nauðsynlegt, að öll slík starfsemi sé undir opinberri yfirstjórn og eftirliti, svo að tryggja megi samræmda og skipulagða starfsemi, sem auka muni hagkvæmni og ná betri árangri í heild en vænta má án slíkrar opinberrar íhlutunar. Yfirstjórn endurhæfingar yrði samkv. frv. falin sérstakri nefnd, sem ráðh. skipar eftir tilnefningu, svo sem nánar er lýst í 2. gr. frv. Í 3. gr. þess segir, hvert skuli vera hlutverk endurhæfingarráðsins.

Áætlun sú, sem um ræðir í upphafi gr., skal vera til 10 ára. Slík áætlanagerð er nauðsynleg, ekki sízt vegna þess, að fjármagn það, sem til ráðstöfunar er til endurhæfingarstarfsemi, er af skornum skammti. Ber því enn brýnni nauðsyn til, að fé því, sem fyrir hendi er á hverjum tíma, verði ráðstafað til þeirra verkefna, sem mest þörf er að leysa og tryggja jafnframt skipulega framkvæmd og koma í veg fyrir, að framkvæmdir, sem ákveðnar kunna að verða og byrjað er á, stöðvist í miðjum klíðum vegna fjárskorts.

Um aðstoð þá, sem lagt er til, að veitt verði, vísast til 7., 9., 10. og 11. gr. frv. Endurhæfingar- og vinnustöðvar verða ekki reknar hallalaust, en þeim tekst þó að ná því marki, sem þeim er ætlað, en það er að þjálfa þá til vinnu, sem vegna orkutaps eru með meira eða minna skerta starfsgetu og geta því ekki séð sér farborða.

Svo sem áður greinir, er ekki gert ráð fyrir því, að ríkið reki þessar stöðvar. Þær verða hér eftir eins og hingað til reknar af öryrkjafélögum eða öðrum félagasamtökum. Það er heldur ekki lagt til, að ríkissjóður eða sveitarsjóðir taki beinan þátt í halla á rekstri stöðvanna. Hins vegar er gert ráð fyrir, að hallinn verði borinn af þremur aðilum að jöfnu. Í fyrsta lagi er lagt til, að rekstraraðili beri þriðjung hallans, sem á að tryggja, að hagkvæmni sé gætt í rekstrinum. Í öðru lagi verði þriðjungur greiddur úr atvinnuleysistryggingasjóði, og í þriðja lagi greiði lífeyrisdeild Tryggingastofnunar rík-

isins þriðjung hallans. Þátttaka tveggja síðastnefndu aðilanna er háð því, að endurhæfingarráð mæli með því og að þeir samþykki hvor um sig greiðsluna. Það er hagsmunamál beggja þessara tryggingagreina, að árangur vinnuþjálfunar og endurhæfingar verði sem beztur, svo að sem flestir þeirra, sem búa við skerta starfshæfni, geti séð sér farborða án þess að þiggja bætur.

Þegar sá, sem notið hefur endurhæfingar, hefur lokið þjálfun sinni, er gert ráð fyrir aðstoð honum til handa til að finna starf við sitt hæfi. Um þetta vísast til 16. gr. frv., svo og aths. við þá gr. Til þess að annast endurhæfingu er nauðsyn á þjálfuðu starfsliði, svo sem sjúkraþjálfara, félagsráðgjafa og iðjuþjálfara. Í frv. eru engin ákvæði um menntun slíks starfsliðs. Hins vegar mun vera í ráði, að Háskóli Íslands taki upp kennslu í þessum greinum nú á næstunni, svo að ætla má, að skortur slíks starfsliðs verði ekki til baga í framtíðinni.

Ég vænti þess, að hv. þd. afgreiði þetta frv. svo fljótt, sem kostur er, og á vart von á því, að um jafnmikið mannúðarmál og hér er um að ræða, geti orðið ágreiningur, og tel ekki þörf á þessu stigi málsins að fara um frv. fleiri orðum.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 60. fundi í Ed., 20. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 153, n. 436, 437).

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. hefur haft þetta frv. til athugunar, og eins og fram kemur á þskj. nr. 436, þá mælir n. með samþ. frv. með smávægilegri viðbót, sem er að finna á þskj. 437 við f-lið 3. gr. frv. Einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

N. sendi frv. til umsagnar allra þeirra aðila, sem gert er ráð fyrir, að skipi endurhæfingarráð samkvæmt 2. gr. frv., og fékk svar frá öllum aðilunum að undanteknum Alþýðusambandi Íslands og Læknafélagi Íslands, og mæltu þeir, sem umsagnir sendu, eindregið með framgangi málsins.

Hér á landi eru engin l. um endurhæfingu fólks með skerta starfshæfni. Mikið og mikilvægt starf við slíka endurhæfingu er þó unnið í landinu, en á þessu sviði hefur frumkvæði og framtak verið hjá félagssamtökum, þó ekki sé hér um að ræða lögboðna aðstoð hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga. Við endurhæfingu hafa þessir aðilar styrkt þessa starfsemi í landinu beint eða óbeint. Í flestum þróuðum ríkjum eru l. um endurhæfingu, er ákveða mikla fjárhagslega aðstoð við það málefni.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir ýmiss konar aðstoð við stofnanir, sem annast endurhæfingu. Þó er ekki lagt til, að hið opinbera taki framkvæmd málsins í sínar hendur. Gert er ráð fyrir frumkvæði og framkvæmdum á vegum félagasamtaka, sem raunar hafa gefið góða raun hér á landi til þessa. Eigi að síður er nauðsynlegt, að öll slík starfsemi sé undir opinberri yfirstjórn og eftirliti, svo að tryggja megi samræmda skipulega starfsemi, sem auka mun hagkvæmni og ná betri árangri í heild, en vænta má án opinberrar íhlutunar. Nú er gert ráð fyrir því, að milli 3–5% fólks á vinnualdri sé öryrkjar, eða um 4000 öryrkjar á bótum. Það segir sig sjálft, að þó ekki takist að gera nema ¼ af þeim hópi að veitendum í staðinn fyrir að vera þiggjendur, þá er það stórkostlegt þjóðhagslegt mál.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara um þetta fleiri orðum, en vitna til þeirrar ítarlegu framsöguræðu, sem félmrh. gerði við 1. umr. þessa máls, og vísa að öðru leyti til þeirrar ítarlegu umsagnar, sem fylgir frv. sjálfu, og legg til, að frv. verði samþ. með þeirri brtt. sem getur að finna á þskj. 437.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 437 samþ. með 15 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
4. – 18. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 454).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 65. fundi í Nd., 23. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 66. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég bið afsökunar á því að röddin er hálfbrostin, menn virða mér það vonandi til vorkunnar, þegar þess er gætt, að mikil átök hafa verið í nafnaköllum undanfarna daga.

Frv. það, sem hér er til umr., hefur verið afgr. af hv. Ed. og var samþ. þar með ofurlítilli breytingu, eins og fram kemur í nál. heilbr.- og félmn. Ed.

Saga þessa máls eða þessa frv. er í fáum orðum þessi: Hinn 8. marz 1967 var samþ. þál. á Alþ., þar sem skorað var á ríkisstj. að undirbúa löggjöf og leggja fyrir Alþ. frv. til l. um öryrkjaheimili og endurhæfingarstöðvar. Með bréfi, dagsettu 14. september 1967, var Öryrkjabandalagi Íslands falið að semja drög að frv. til l. um öryrkjaheimili og endurhæfingarstöðvar. Bandalagið fól dr. Oddi Ólafssyni yfirlækni þetta verkefni í samráði við hin sérstöku öryrkjafélög og bandalagið. Hefur hann unnið að samningu frv., samkvæmt þessu og haft jafnframt samráð við félmrn. Árangur þess starfs dr. Odds er frv. það, sem hér liggur fyrir. Við samningu þessa frv. var höfð hliðsjón af till. Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 99 frá 1955 um atvinnuþjálfun fatl-

aðra manna til viðreisnar þeim. Till. þessi er prentuð sem fskj. með frv.

Svo sem greinir í 1. gr. frv., fjallar það fyrst og fremst um atvinnuþjálfun. Meira en 5% þeirra landsmanna, sem eru á vinnualdri, vinna ekki vegna meiri eða minni örorkusjúkdóma. Vitað er, að allmiklum fjölda af þessum hópi mætti koma til vinnu með skipulögðum, samræmdum aðgerðum, þ. e. ýmiss konar félagslegri hjálp, rannsóknum, námi, þjálfun og sérstöðu til vinnu. Þessu frv. er ætlað að stuðla að bættri aðstöðu í þessu efni. Endurhæfing fólks með skerta starfshæfni er keðja samræmdra aðgerða, sem hefst með læknisfræðilegri endurhæfingu og lýkur að jafnaði með starfsendurhæfingu.

Í frv. er, eins og áður segir, gert ráð fyrir frumkvæði og framkvæmdum á vegum félagssamtaka, sem hefur gefið góða raun hér á landi til þessa. Eigi að síður er nauðsynlegt, að öll slík starfsemi sé undir opinberri yfirstjórn og eftirliti, svo að tryggja megi samræmda og skipulega starfsemi, sem auka mun hagkvæmni og ná betri árangri í heild en vænta má án slíkrar opinberrar íhlutunar. Yfirstjórn endurhæfingarinnar samkvæmt frv. verður falin sérstakri n., sem ráðh. skipar eftir tilnefningu, svo sem nánar er lýst í 2. gr. frv., en í 3. gr. frv. segir, hvert skuli vera hlutverk endurhæfingarráðsins.

Áætlun sú, sem um ræðir í upphafi gr., skal vera til 10 ára. Slík áætlunargerð skal vera til 10 ára, ekki síst vegna þess, að fjármagn það, sem til ráðstöfunar er til endurhæfingarstarfsemi, er af mjög skornum skammti. Ber því brýna nauðsyn til, að fé því, sem fyrir hendi er á hverjum tíma, verði ráðstafað til þeirra verkefna, sem mest þörf er að leysa, og tryggja jafnframt skipulega framkvæmd og koma í veg fyrir, að framkvæmdir, sem ákveðnar kunna að verða og byrjað er á, stöðvist í miðjum klíðum vegna fjárskorts.

Um aðstoð þá, sem lagt er til, að veitt verði, vísast til 7., 9., 10. og 11. gr. frv. Endurhæfingar- og vinnustöðvar verða ekki reknar hallalaust, ef takast á að ná því takmarki, sem þeim er ætlað, en það er að þjálfa þá til vinnu, sem vegna orkutaps eru með meira eða minna skerta starfsgetu og geta því ekki séð sér farborða. Til þess að annast endurhæfingu er nauðsyn á þjálfuðu starfsliði, svo sem sjúkraþjálfara, félagsráðgjafa og iðjuþjálfara. Í frv. eru engin ákvæði um menntun slíks starfsliðs. Hins vegar mun vera í ráði, að Háskóli Íslands taki upp kennslu í þessum greinum nú á næstunni, svo að ætla má, að skortur slíks starfsliðs verði ekki til baga í framtíðinni.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv. á þessu stigi málsins, en legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 29 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 454, n. 509).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft þetta frv. til athugunar, og er n. sammála að mæla með, að frv. verði samþ. Frv. er í síðari d. Heilbr.- og félmn. Ed. leitaði umsagnar nokkurra aðila um frv., og allar þær umsagnir, sem bárust, mæltu með því, að frv. yrði samþykkt. Alþ. samþykkti þáltill. 8. marz 1967, þar sem skorað var á ríkisstj. að undirbúa löggjöf um öryrkjaheimili og endurhæfingarstöðvar. Síðar á því ári fól félmrh. Öryrkjabandalagi Íslands að semja drög að frv. til l. um öryrkjaheimili og endurhæfingarstöðvar, og við samningu þess frv. var höfð hliðsjón af tillögum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um atvinnuþjálfun fatlaðra manna.

Eins og fram kemur í aths. fyrir frv. þessu, eru engin lög hér á landi um endurhæfingu fólks, sem er með skerta starfshæfni, en þó má minna á það, að mikið og merkilegt starf hefur verið unnið af hinum ýmsu félagasamtökum, og ríkisvaldið hefur stutt að því beint og óbeint á undanförnum árum. En það er hér sem annars staðar mikil þörf fyrir löggjöf í þessu efni, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, því að það er talið, að rúmlega 5% fullorðins fólks sé með skerta starfsorku og þarf því sannarlega á endurhæfingu að halda. Það eru miklir fjármunir, sem hægt er að stuðla að, fyrir utan það, að fólk, sem er með skerta starfsorku, þarf auðvitað aðstoðar við, til þess að það geti haldið áfram að vera raunverulegir þátttakendur í að skapa verðmæti í sínu landi. Þetta frv. gerir því ráð fyrir að lögfesta endurhæfingu, og ég þarf ekki að fara um það fleiri orðum. Ég hygg, að allir séu sammála um nauðsyn þess að setja slíka löggjöf.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. – 18. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 571).

---

25. Bjargráðasjóður Íslands (afurðatjónadeild landbúnaðarins).

Á 51. fundi í Nd., 2. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 82 frá 29. des. 1967, um Bjargráðasjóð Íslands [167. mál] (stjfrv., A. 346).

Á 54. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Í 12. gr. l. um Bjargráðasjóð frá 1967 er talin upp sú starfsemi, sem á kost á því að fá lán úr afurðatjónadeild Bjargráðasjóðs, en það er, að þessi lán má veita til að afstýra óeðlilega

mikilli förgun búfjár og vegna afurðatjóns á nautgripum og sauðfé af völdum alvarlegra smitsjúkdóma og til að bæta stórtjón vegna dauða nautgripa og sauðfjár af völdum sjúkdóma.

En það er ekki gert ráð fyrir því, að hægt sé að veita lán úr þessari deild Bjargráðasjóðs vegna erfiðleika við ræktun kartaflna. Ástæðan til þess, að þetta er svo, er talin vera sú, að frv. að l. nr. 82 1967, um Bjargráðasjóð, hafi upphaflega verið samið af stjórnskipaðri n. árið 1964, og í grg. þess frv. hafi verið vakin athygli á því, að í frv. sé ekki gert ráð fyrir, að uppskerubrestur á kartöflum verði bættur úr afurðatjónadeild sjóðsins, og í samræmi við það, að gjaldskylda til sjóðsins í því frv. var eingöngu bundin við innvegna mjólk og kindakjöt.

En frv. að l. nr. 82 1967 var í meginatriðum samhljóða þessu frv. n. frá 1964, en þó höfðu verið gerðar á því nokkrar breyt. og m. a. þær, að gjaldskylda til afurðadeildar var látin ná til allra söluvara landbúnaðarins í stað þess að binda þær við það, sem áður var tekið fram um afurðir búfjárins eingöngu.

En með því að kartöfluframleiðendur greiða nú eins og framleiðendur annarra landbúnaðarvara ¼% af söluverðmæti framleiðslu sinnar til afurðatjónadeildar landbúnaðarins, þykir eðlilegt, að þeir eigi þess kost að njóta aðstoðar frá deildinni svo sem framleiðendur annarra landbúnaðarvara, þegar þeir verða fyrir stórfelldum uppskerubresti, svo sem raun varð á sums staðar á s. l. sumri, enda hafa þeir þegar leitað til Bjargráðasjóðsins um slíka aðstoð, en bjargráðastjórn hefur ekki talið sér heimilt að veita slíka aðstoð að óbreyttum lögum sjóðsins. Þetta er tilefni þess, að þetta frv. er flutt.

Ég þarf ekki að hafa um þetta frekari orð. Það er eðlilegt, að þeir, sem hafa orðið fyrir tjóni af þessum sökum, fái möguleika til aðstoðar úr afurðatjónadeild eins og aðrir búvöruframleiðendur. Á s. l. ári er talið, að tjón kartöfluræktarmanna hafi af völdum úrkomu og annars orðið verulegt, og þess vegna eðlilegt, að þeim verði veitt aðstoð annaðhvort með bótum eða með lánum eftir því, sem stjórn Bjargráðasjóðsins ákveður.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 29 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 60. fundi í Nd., 16. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 346, n. 393).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Hæstv. félmrh. gerði ítarlega grein fyrir efni frv., þegar hann lagði það hér fram við 1. umr., og er því ekki ástæða til langrar framsögu með því nál., sem hér liggur fyrir, en heilbr.- og félmn. hefur haft málið til athugunar, og leggur hún til, að það verði samþ. óbreytt.

Efni frv. er mjög einfalt. Það er, að aftan við 12. gr. l. bætist nýr stafliður, d, sem hljóðar þannig, með leyfi forseta: „vegna uppskerubrests á kartöflum samkvæmt reglum, sem bjargráðastjórn setur.“ En í l. um Bjargráðasjóð mun ekki þessa heimild að finna, en aftur vegna atvika, sem gerzt hafa, er talið nauðsynlegt og eðlilegt, að stjórnin fái einnig heimild til þess að bæta uppskerubrest í sambandi við kartöflurækt, ef um stórfelldan uppskerubrest er að ræða, eins og talið er, að hafi orðið sums staðar hér á landi á síðasta ári.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 57. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 59. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 60. fundi í Ed., 20. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Í l. um Bjargráðasjóð frá 1967 er talin upp sú starfsemi, sem á kost á því að fá aðstoð úr afurðatjónadeild Bjargráðasjóðs, ef upp á koma erfiðleikar, og eru þar í núgildandi l. aðeins nefnd tvö atriði, það eru vanhöld á sauðfé og í nautgriparækt. Hins vegar er skylt að greiða í þessa afurðatjónadeild Bjargráðasjóðs af öllum búfjárafurðum.

Á s. l. ári kom það fyrir, eins og öllum er kunnugt, að kartöfluræktendur áttu víða um land í erfiðleikum vegna mikillar úrkomu og erfiðleika í sambandi við ræktun. Það hefur hins vegar verið talið eðlilegt, að þeir ættu eins og aðrir möguleika á því að fá aðstoð úr þessari búfjárlánadeild Bjargráðasjóðs, og það er það, sem þetta frv. fer fram á. Þessi uppskerubrestur á kartöflum á s. l. ári var víða mikill, sérstaklega hjá þeim, sem stunduðu þessa atvinnugrein í stórum stíl, og er þess vegna talið rétt, að nú verði bætt inn í l. ákvæðum um það, að heimild sé til þess að styrkja þessa starfsemi eða veita til hennar lán, ef á því er þörf.

Ég held, að þetta sé svo einfalt mál, að ég þurfi ekki að hafa um það miklu lengri framsögu, en leyfi mér aðeins, herra forseti, að leggja til, að frv. verði afgr. til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 346, n. 503).

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Hæstv. félmrh. gerði grein fyrir efni þessa frv. við 1. umr. hér í

þessari hv. d. Ég sé því ekki ástæðu til að hafa ítarlega framsöguræðu með því nál., sem birt er á þskj. 503. Heilbr.- og félmn. hefur haft frv. þetta til meðferðar.

Afurðatjónadeild Bjargráðasjóðs var nýlega efld með framlagi framleiðenda landbúnaðarvara, sem er ¼% af söluverði framleiðslu þeirra og þá jafnt þeirra, sem framleiða kartöflur, og annarra. Hins vegar hefur ekki verið gert ráð fyrir, að þeir gætu notið aðstoðar deildarinnar, og virðist það þó sjálfsagt, svo mjög sem sú framleiðslugrein er nauðsynleg, en um leið áhættusöm.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir að bæta úr því misrétti, og mælir n. með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Ég vil geta þess, að einn nm., Auður Auðuns, var fjarverandi, þegar frv. var afgr. frá n. Að öðru leyti var n. sammála um að mæla með því, að frv. yrði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 346, 541).

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Við 2. umr. um þetta frv. hafði ég framsögu fyrir heilbr.- og félmn. Eftir að 2. umr. var lokið, var athygli mín vakin á því, að villa er í fyrirsögn frv., og sér maður það glöggt, ef lesin er saman grg. eða aths. með frv. og fyrirsögnin, að þar er vitnað til rangs númers í l., þar sem í frv. segir, að það sé breyting á l. nr. 32, en á að vera breyting á l. nr. 82.

Því hef ég leyft mér, af því ekki náðist til n. í heild, að flytja brtt. til þess að leiðrétta þessa villu í fyrirsögninni, og er þá brtt. að finna í þskj. 541, og vil ég leggja til, að sú brtt. verði samþ.

ATKVGR.
Brtt. 541 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 74. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 567).

Á 75. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 591).

---

26. Dýralæknar (stjfrv.).

Á 48. fundi í Nd., 30. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um dýralækna [161. mál] (stjfrv., A. 319).

Á 51. fundi í Nd., 2. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., 3. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er samið af n., sem Dýralæknafélag Íslands kaus árið 1965. Hefur frv. verið í endurskoðun, bæði hjá rn. og eins hjá dýralæknum sjálfum, og fengið nokkrar breytingar í meðförunum. Dýralæknafélag Íslands hefur sagt, að eins og frv. er nú úr garði gert, séu þeir tiltölulega ánægðir með það og telji það stórt spor í framfaraátt og skapi aukna möguleika til þess að veita flestum héruðum landsins nauðsynlega dýralæknisþjónustu.

Það, sem felst aðallega í þessu frv., er t. d. það, að Árneshreppur verður ekki lengur aðskilinn frá Vestur-Húnaþingsumdæmi, þar sem hann er kominn í beint vegasamband við umdæmið, og þykir því eðlilegt að sameina það.

Sömuleiðis er lagt til, að Grafningshreppur verði aðskilinn frá Laugarásumdæmi og lagður undir Selfossumdæmi. Ferð úr Laugarási er mun lengri þangað en frá Selfossi, og reyndin hefur orðið sú, að bændur í téðum hreppi reyna að vitja héraðsdýralæknis að Selfossi. Viðkomandi héraðsdýralæknar telja þessa breytingu sjálfsagða.

Þá er einnig lagt til, að Vestur-Eyjafjallahreppur í Rangárvallasýslu verði sameinaður Víkurhéraði, og eru dýralæknar sammála um, að það sé eðlileg skipan, þar sem Víkurhérað hefur verið talið frekar lítið, en Helluumdæmi, Rangárvallaumdæmi, eigi að síður nægilega stórt fyrir einn dýralækni, þó að tveir austustu hreppar nir verði með Víkurhéraði, en Austur-Eyjafjallahreppur hefur verið það áður.

Þá er nýmæli í þessu frv. að ráða dýralækni án fastrar búsetu til þess að gegna dýralæknisþjónustu í forföllum héraðsdýralækna eða í einstöku annríki, t. d. með kjötskoðun, töku blóðsýnishorna o. fl.

Þá eru loks ákvæði um, að við Tilraunastöð háskólans í meinafræði að Keldum skuli að jafnaði starfa minnst tveir sérmenntaðir dýralæknar í staðinn fyrir minnst einn í gildandi lögum.

3. gr. frv. fjallar um starfssvið yfirdýralæknis og skyldur. Þar er greint efnislega frá starfssviði dýralækna og er nánar ákveðið um það en er í gildandi l. Þá er gert ráð fyrir því, að forseti skipi yfirdýralækni og héraðsdýralækna, en áður hefur það verið einföld skipun ráðh., sem hefur skipað dýralækna í embætti.

Héraðsdýralæknisumdæmin eru 20 talsins, en 3 af þeim eru enn óskipuð. Þessi héruð eru öll á afskekktustu og tekjurýrustu stöðum á landinu. Þau verða þess vegna vandfyllt nema með auknum föstum tekjum og þeim framtíðarhorfum, að dýralæknar þar geti sótt um og fengið betri embætti, þegar þau losna. Þess vegna er gert ráð fyrir í þessu frv., að staðaruppbót verði veitt, þar sem tekjurýrustu héruðin eru. En með því er verið að leitast við að bæta aðstöðu í dreifbýlinu og auka þjónustuna og afkomuöryggið.

Þá er nýmæli í þessu frv., að héraðsdýralækni er skylt að sinna brýnni vitjunarbeiðni í öðru dýralæknisum-

dæmi, ef viðkomandi dýralæknir þar er fjarverandi eða forfallaður.

Þá er einnig nýmæli um það, að yfirdýralæknir setur héraðsdýralæknum erindisbréf, þar sem kveðið er á um starfssvið þeirra, og er gert ráð fyrir, að landbrh. staðfesti það bréf.

Þá er gert ráð fyrir því, sem ekki er í gildandi l., að héraðsdýralæknar hafi heilbrigðiseftirlit með kjötvinnslustöðvum og mjólkurbúum í landinu, og það er vitanlega í fullu samræmi við lagasetningu í þeim efnum í nágrannalöndunum og þar sem hreinlæti er komið á gott stig.

Þá er gert ráð fyrir því, að dýralæknar sendi skýrslur um smitsjúkdóma mánaðarlega og yfirlitsskýrslu um heilsufar og sjúkdóma og læknisaðgerðir til yfirdýralæknis.

Þá eru viðurlög og ákvæði um það í frv., að dýralæknar gegni störfum sínum af árvekni og samvizkusemi.

Það er gert ráð fyrir því, að í hverju héraði, eða þar sem minnst er, séu 1600 mjólkurkýr, og þykir það vitanlega lítið og skapa litlar tekjur, því að dýralæknar eru tæplega sóttir langan veg nema það séu mjólkurkýr eða dýrustu gripirnir, sem eru veikir. En samkv. síðustu upplýsingum frá Hagstofu Íslands munu eftirtalin umdæmi teljast staðaruppbótaumdæmi: Snæfellsness-, Dala-, Barðastrandar-, Ísafjarðar-, Norðausturlands-, og Austur-Skaftafellssýsluumdæmi. En af þessum umdæmum eru Austur-Skaftafells-, Snæfellsness- og Dalaumdæmi setin dýralæknum.

Í frv. er gert ráð fyrir, að dýralæknar fái nokkurn skrifstofustyrk úr ríkissjóði, þar sem þeir eru ekki aðnjótandi embættisbústaðar. Ósamræmi hefur skapazt í tekjum hjá þeim, sem njóta embættisbústaðar, og hinna, sem verða að byggja yfir sig sjálfir eða skapa sér eigin húsnæði.

Þá er í frv. gert ráð fyrir því, að veita megi lán til bifreiðakaupa handa nýjum dýralæknum, sem sækja um starf hjá ríkinu. Það er vitað mál, að ungir dýralæknar koma skuldugir frá námi og eiga erfitt með að koma sér í starf með því að kaupa allt, sem til þess þarf, þ. á m. bifreiðar, sem eru dýrar, eins og allir vita.

Þá er nýmæli í frv., sem gerir ráð fyrir því, að um fast áhaldasafn verði að ræða, sem fylgi hverju umdæmi, og umdæmið eigi þetta safn. Það er mikið lagt upp úr því, að þetta verði sett í lög, m. a. vegna þess, sem áðan var lýst, að dýralæknar koma skuldugir frá námi og eiga erfitt með að koma fótum undir sig í byrjun. Hér er vitanlega aðallega um að ræða tæki, sem sjaldan eru notuð, en hvert umdæmi þarf að eiga, en eru tiltölulega dýr. Það er vitanlega talsverður stofnkostnaður, sem hér er um að ræða, sem ríki og héruð taka þátt í að leysa.

Þá er gert ráð fyrir því í frv., að dýralæknar fái aðstöðu til þess að taka frí á 10 ára fresti um 6 mánaða skeið til þess að mennta sig betur og endurnýja kunnáttu sína, en það þykir nauðsynlegt og sjálfsagt um dýralækna eins og ýmsa aðra embættismenn, svo sem kennara, mannalækna og fleiri embættismenn, sem fá frí eftir vissan árafjölda.

Þá er gert ráð fyrir því, að heimilt verði að setja dýralækni, sem ekki hefur lokið námi, um stundarsakir til þess að gegna héraðsdýralæknisumdæmum, ef skortur er á lærðum læknum.

Þetta eru aðalnýmælin í frv., og eru dýralæknar, sem sérstaklega hafa fjallað um þetta frv., sammála um, að stigið væri stórt framfaraspor með því að lögfesta frv. Það er von mín, að hv. Alþ. fallist á það.

Þetta frv. er að vísu í heimildarformi, þannig að það verður ekki framkvæmt, nema til þess fáist nokkurt fé, en það á ekki að verða svo kostnaðarsamt að framkvæma flest atriði frv., að það ætti að þurfa að dragast kostnaðarins vegna. Það er vegna þess, að dýralæknar eru tiltölulega fáir, þeim fjölgar hægt, og kostnaðurinn verður þess vegna takmarkaður af lögfestingu þessa frv.

Ég vil, herra forseti, leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til landbn. með 26 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 319, n. 480, 481).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Þetta frv. til l. um dýralækna hefur legið fyrir landbn. hv. d. og hún hefur athugað það. Það má geta þess, að það var annað frv., sem kom frá hv. Ed., sem einnig var um breyt. á l. um dýralækna. Það var búið að vísa því frv. hér frá þessari hv. d. til landbn. einnig, og það var niðurstaða hjá n. að fella það frv. með brtt. inn í frv. hæstv. ríkisstj. um dýralækna, eins og fram kemur í brtt. n. á þskj. 481. N. athugaði smávægilegar breytingar, sem bent var á af hálfu Búnaðarþings, en taldi ekki ástæðu að svo komnu að flytja aðrar brtt. en þá, sem hér liggur fyrir, og leggur því til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem þar greinir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 481 samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
3. – 17. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 497).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 66. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 67. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 497, n. 624, 635).

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um dýralækna, sem hér liggur fyrir til 2. umr., hefur landbn. haft til athugunar. Frv. þetta er samið af Dýralæknafélagi Íslands eða nefnd á þess vegum og hefur síðan verið nánar athugað í landbrn. Í því eru allmörg nýmæli og ýmis atriði þeirrar skipunar, sem á dýralæknamálum hafa verið, betur skilgreind og skýrð en áður hefur verið.

Það helzta, sem hér er um að ræða, er, að nokkur breyting hefur verið gerð á skiptingu landsins í umdæmi, og hefur landbn. virzt, að það væri allt með eðlilegum hætti og til bóta, sem þar hefur verið ákveðið.

Þá er í þessu frv. að finna heimild til þess að ráða dýralækni án fastrar búsetu til þess að gegna dýralæknisþjónustu í forföllum héraðsdýralækna, sem er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að fá heimild til.

Þá gerir frv. ráð fyrir því, að greidd verði staðaruppbót á laun héraðsdýralækna í tekjurýrustu héruðunum, sem nánar eru tilgreind í frv.

Þá gerir frv. ráð fyrir því í þriðja lagi, að yfirdýralæknir setji héraðsdýralæknum erindisbréf, þar sem kveðið er á um starfssvið þeirra, m. a. það, að dýralæknar skulu hafa heilbrigðiseftirlit með kjötvinnslustöðvum og mjólkurbúum, og er það að sjálfsögðu nauðsynlegt og í samræmi við það, sem gerist í nálægum löndum. Þá er gert ráð fyrir því í frv., að fast áhaldasafn fylgi hverju dýralæknisumdæmi, og er það ætlað til þess að auðvelda dýralæknum, sem nýkomnir eru frá námi að hefja störf, því að mörg þeirra áhalda, sem þeir þurfa að hafa með höndum, eru nokkuð dýr, og því ekki þess að vænta, að menn, sem hafa stundað kostnaðarsamt nám, séu þess umkomnir að afla sér þeirra um leið og þeir hefja sitt starf. Á sama hátt er að finna þarna heimild til þess að veita nokkurn stuðning við bílakaup manna, sem á sama hátt eru að hefja störf. Sá stuðningur er hugsaður með lánveitingum m. a.

Landbn. leggur til, að frv. verði samþ. Hins vegar hafa tveir nm. skrifað undir nál. með fyrirvara, og flytja þeir tvær brtt. við frv., sem aðrir nm. gátu ekki fallizt á. Þetta frv. var sent stjórn Búnaðarfélags Íslands til umsagnar, og í umsögn stjórnarinnar eru m. a. þessi tvö atriði, sem hér er gerð till. um að breyta í frv., sem stjórnin lagði nokkra áherzlu á, að kæmu fram.

Í fyrsta lagi er það, að dýralæknir, sem þjónað hefur héraði í 10 ár, eins og segir í frv., fái 6 mánaða orlof á fullum launum til þess að endurnýja sig í starfi, en þá leggja þeir til hér í brtt., að þetta verði gert á 5 ára fresti. Við aðrir nm. teljum, að þar sem þetta er nú alveg nýtt í l. varðandi dýralækna, þá sé hér ekki ómyndarlega af stað farið og er hliðstætt við það, sem er hjá ýmsum embættismönnum öðrum, að fá þetta orlof á 10 ára fresti, og við væntum þess, að það muni verða til stórra bóta frá því, sem það er, þótt það sé ekki þéttara en svo.

Í öðru lagi lagði stjórn Búnaðarfélagsins til, að heimilt yrði að greiða af opinberu fé fyrir ferðakostnað, þegar dýralæknirinn þarf að fara um langan veg í vitjanir, og tekið þá til, að það skuli vera, þegar vegalengdin er orðin yfir 40 km.

Meiri hl. n. gat ekki heldur fallizt á þessa brtt. og er það fyrst og fremst af þeim sökum, eða tveimur sökum má segja. Í fyrsta lagi, að þetta hefur ekki verið kannað að neinu ráði, af okkur a. m. k., hvað hér væri um mikla fjármuni að ræða. Í öðru lagi sýnist okkur, að þetta muni ekki leysa allan vanda í þessu máli. Það má segja, að það leysi kannske vandann fyrir dýralæknana sjálfa að því leyti til, að þeir menn, sem lengra eru frá aðsetursstað dýralæknisins, muni frekar vitja þeirra, ef þeir geta vænzt þess að þurfa ekki að greiða ferðakostnaðinn alla leiðina. Hins vegar má benda á það, að það getur alveg eins komið til greina að hafa einhverja verðjöfnun á þessum hlutum milli manna í umdæminu, og við teljum, að aðrar leiðir, sem betur þyrfti þá að skoða en enn hefur verið gert um þetta, kæmu til greina til þess að leysa þennan vanda.

Það er því niðurstaða meiri hl. n., að frv. verði samþ. óbreytt, en n. öll mælir með frv.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég get tekið undir það, sem hv. 5. þm. Sunnl. sagði almennt um þetta frv., sem hér liggur fyrir, og mun ég gera frekari grein fyrir þeim brtt., sem hv. 2. þm. Austurl. flytur ásamt mér á þskj. 635. Fyrri brtt. er um að breyta 14. gr. frv., þar sem segir, að héraðsdýralæknar eigi rétt á 6 mánaða fríi frá störfum á fullum launum fyrir hver 10 ár, sem þeir hafa þjónað. En breytingin er í því fólgin að stytta þennan starfstíma dýralækna úr 10 árum í 5 ár, svo að þeir fái 6 mánaða frí á 5 ára fresti.

Ástæðan fyrir því er sú, að á sviði læknavísinda eiga sér stað mjög örar breytingar, og til þess að læknar fylgist vel með þeim, er nauðsynlegt fyrir þá að fá frí miklu oftar en á 10 ára fresti.

Hin brtt. er um það, að þegar dýralæknar þurfa að fara í nauðsynlegum lækniserindum yfir 40 km vegalengd, að þá borgi hið opinbera þann kostnað við ferðina, sem er umfram 40 km, en sá, sem ferðin er farin fyrir, borgi að fullu fyrstu 40 km. Greiðslur þessar skal inna af hendi eftir reglum, sem ráðh. setur. Vegalengdir eru mjög víða á landinu allmiklar og mjög erfitt fyrir þá, sem búa fjarri dýralæknum að hafa not af þekkingu þeirra sakir mikils kostnaðar, þegar vegalengdin er mikil. Þess vegna er þessi brtt. fram komin, og á hún að jafna aðstöðumuninn, ef að l. verður. Þarna er farið fram á, að hið opinbera minnki samkvæmt settum reglum þann aðstöðumun, sem bændur hafa, sem búa í víðlendum læknishéruðum. Þess vil ég geta, að hér lá fyrir hv. Alþ. 1967 frv. til l. um dýralækna. Það frv. var samið af n. skipaðri af Dýralæknafélagi Íslands. Voru þessi ákvæði, sem eru í brtt. okkar, í því frv. Það er því eindregin ósk Dýralæknafélags Íslands, að þessi ákvæði komi inn í l., því að þeir þekkja bezt, hvar skórinn kreppir að í þessum efnum. Þá vil ég einnig minna á það, eins og raunar hv. 5. þm. Sunnl. kom inn á, að Búnaðarþing hefur oftar en einu sinni farið fram á, að þessi ákvæði í brtt. okkar verði lögfest.

Hér er því um það að ræða, hvort jafna á aðstöðumun bænda, til þess að þeir geti haft not af þeirri þjónustu, sem dýralæknar veita, og hér er einnig um það að ræða, að dýralæknar, sem eru í starfi, geti tileinkað sér jafnan þær nýjungar, sem gerast á þeirra læknissviði víðs vegar í heiminum. Ég ætla, að hv. þm.

sé vel ljóst, hvaða þýðingu þetta kann að hafa fyrir þessa starfsemi landbúnaðarins, og ég vænti þess, að brtt. verði samþykktar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
3. – 13. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 635, 1 felld með 10:8 atkv.
14. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 635, 2 felld með 10:8 atkv.
15. – 17. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 704).

---

27. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn.

Á 60. fundi í Nd., 16. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild til hækkunar kvóta og framlags Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Alþjóðabankann [181. mál] (stjfrv., A. 424).

Á 61. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ísland hefur verið aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Alþjóðabankanum frá stofnun þessara alþjóðlegu fyrirtækja. Aðildarríkin eru nú nokkuð á annað hundrað, og nefnist framlag hvers þeirra um sig til stofnananna kvóti þeirra hjá stofnuninni. En réttur aðildarríkjanna til lántökuyfirdráttar eða ýmiss konar fyrirgreiðslu fer fyrst og fremst eftir upphæð kvóta aðildarríkjanna eða hluta þeirra í eigin fé stofnunarinnar.

Í upphafi var kvóti Íslands hjá hvorri stofnuninni um sig ákveðinn 1 millj. dollara, en venjan hefur verið sú á þeim árum, sem liðin eru síðan stofnuninni var komið á fót, að endurskoða upphæð kvótanna til hækkunar á u. þ. b. 5 ára fresti, og hefur kvóti Íslands þannig smám saman hækkað hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 1 millj. dollara í 15 millj. dollara, sem hann er nú, og er um að ræða sömu upphæð hjá Alþjóðabankanum. Þar hefur hækkunin numið úr 1 millj. dollara í 15 millj. dollara. Nú á þessu ári stendur enn á ný yfir endurskoðun á kvótaupphæðum einstakra aðildarríkja, og hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum er enn meira um að ræða vegna þess, að ákveðið hefur verið í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sérstök ný gjaldeyrisréttindi, sem veita aðildarríkjunum sérstakan rétt til yfirdráttar. En þessi réttur mun fara eftir því, hver kvótinn verður endanlega ákveðinn.

Talið er, að Íslendingar eigi rétt á því að fá almenna kvótahækkun hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum eða muni geta fengið samþykkta almenna kvótahækkun hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem nemur 25%, en vegna reglnanna um hin nýju gjaldeyrisréttindi muni Ísland geta átt kost á sérstakri hækkun, sem nemur 28,3%, ofan á núgildandi kvóta, þannig að kvótahækkunin hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum mundi geta orðið úr 15 millj. dollara í 23 millj. dollara. Sú kvótahækkun, sem Ísland mun eiga kost á hjá Alþjóðabankanum nemur hins vegar tæplega 23% eða úr 15 millj. í 18,4 millj. dollara.

Reglur um greiðslur á þessum kvótahækkunum eru þannig, að í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum þarf aðildarríki að leggja fram ¼ hluta í gulli. Seðlabankinn er aðili fyrir Íslands hönd að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og mundi því af gjaldeyrisforða sínum leggja fram það gullmagn, sem hér yrði nauðsynlegt að greiða.

Um aðildina að Alþjóðabankanum er það að segja, að þar ber að greiða 1% framlagsins í upphafi, en 9% eftir nánara samkomulagi, væntanlega á nokkrum árum. Hins vegar eru 90% af auknu stofnfé aðeins ábyrgðarfé. Það, sem greiða þyrfti í sambandi við þessa auknu aðild að Alþjóðabankanum, yrði aðeins 340 þús. dollarar, og er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður taki það fé að láni hjá Seðlabankanum og fyrir liggur vilyrði hans fyrir því láni.

Um það er væntanlega enginn ágreiningur, að það væri Íslandi til mikilla hagsbóta að fá þessa auknu aðild að þessum tveimur alþjóðafjármálastofnunum. Fram að þessu hafa allar hækkanir á eiginfjárhlutdeild Íslands í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Alþjóðabankanum verið samþykktar með shlj. atkv. hér á hinu háa Alþ., og ég vona, að svo verði enn að þessu sinni, þar eð um tvímælalaust hagsmunamál fyrir landið er að ræða að fá þá aukningu á hlutdeildarfé í þessum tveim stofnunum, sem nú mun vera kostur á.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 76. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 424, n. 552).

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft frv. þetta til athugunar og mælir með því, að það verði samþykkt. Eins og fram kemur í grg. frv. er hér um að ræða hækkanir, annars vegar í 1. gr. frv. á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 15 millj. í 23 millj. Bandaríkjadollara, og í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir að hækka framlag Íslands til Alþjóðabankans úr 15 millj. í 18.4 millj. Bandaríkjadollara. Þá er lagt til í 2. gr. frv., að ríkisstj. verði heimilað að taka lán í Seðlabankanum til þess að standa straum af 10% af framlagi sínu., þ. e. a. s. 340 þús. Bandaríkjadollara.

Eins og fram kemur í grg. með frv. við 2. gr. skal við aukningu framlagsins greiða 10% af framlaginu, en 90% eftir nánara samkomulagi og væntanlega, eins og þar

stendur, á nokkrum árum og þess vegna heimild aðeins fyrir 340 þús. Bandaríkjadollara lántöku til ríkisstj. hjá Seðlabankanum. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til, herra forseti, að fjölyrða um frv.

Það kemur fram í grg., að hér er um að ræða endurskoðun á kvóta Seðlabankans hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem gerð er á 5 ára fresti, svo og kvóta ríkisstj. hjá Alþjóðabankanum. Kvóti sjóðsins svo og ríkisstj. hjá Alþjóðabankanum voru í upphafi 1 millj. Bandaríkjadollara, en er, eins og nú er komið, 15 millj. á báðum stöðum og gert ráð fyrir að hækka kvóta Seðlabankans hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 15 millj. í 23, en kvóta ríkisstj. hjá Alþjóðabankanum úr 15 millj. í 18.4 millj. N. leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt og því að umr. lokinni vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. – 3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 72. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 74. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 424, n. 639).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Efni þessa frv. er það að veita ríkisstj. heimild til þess að hækka kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og framlag hans til Alþjóðabankans. Eins og nál. á þskj. 639 ber með sér, mælir fjhn. einróma með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. – 3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 705).

---

28. Fiskveiðasjóður Íslands (stjfrv.).

Á 8. fundi í Sþ., 29. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands [57. mál] (stjfrv., A. 62).

Á 11. fundi í Ed., 6. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1970, sem lagt hefur verið fyrir Alþ., er fjárveiting til Fiskveiðasjóðs Íslands á árinu 1970 færð niður. Er frv. þetta lagt fram í samræmi við þá stefnu, sem í fjárlagafrv. hefur verið tekin í þessu efni.

Svo sem Alþ. er kunnugt, var beint framlag úr ríkissjóði til Fiskveiðasjóðs fellt niður á árinu 1968. Enn fremur var felld niður fjárveiting til Fiskveiðasjóðs í fjárlögum ársins 1968. Frv. um breyt. á l. sjóðsins fyrri ákvörðun til staðfestingar var lagt fyrir síðasta Alþ., en náði ekki fram að ganga á því þingi. Frv. er því lagt fram nú að nýju. Í því er einnig gert ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs falli niður árið 1970, svo sem áður sagði. Gengisbreytingin í nóvember s. l. veldur verulegri hækkun á útflutningsgjaldi, sem er mikilvægur tekjustofn sjóðsins. Miðað við útflutningsspá Efnahagsstofnunarinnar fyrir árið 1969, munu tekjur Fiskveiðasjóðs af útflutningsgjaldinu einu aukast um 16.5 millj. kr. á því ári frá því, sem ella hefði orðið. Af þessum sökum og vegna annarra ráðstafana, sem gerðar hafa verið til að skapa sjávarútveginum traustari afkomugrundvöll, hefur verið talið rétt að fella niður fjárveitingu úr ríkissjóði til Fiskveiðasjóðs Íslands.

Á næsta ári verður greiðslubyrði Fiskveiðasjóðs mikil vegna greiðslu erlendra lána til skipasmíða undanfarinna ára og vegna fyrirhugaðra lánveitinga til smíða innanlands. Fiskveiðasjóði verður að afla fjármagns eftir öðrum leiðum til þess að geta staðið við eðlilegar skuldbindingar á árinu 1970. Enn fremur er til athugunar, á hvern hátt Fiskveiðasjóði verður framvegis séð fyrir því fjármagni til þess að mæta þeim auknu kröfum um lánveitingar til sjávarútvegsins, sem fyrirsjáanlegar eru á næsta ári. Ráðstöfun þessi er því gerð í trausti þess, að Fiskveiðasjóður muni að öllu leyti geta staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar í framtíðinni þrátt fyrir niðurfellingu ríkissjóðsframlagsins.

Herra forseti. Ég tel ekki þörf á því að fara um þetta frv. fleiri orðum, en legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég tel, að með frv. þessu sé stefnt í alveg öfuga átt. Fiskveiðasjóður er fjárvana, eins og hæstv. sjútvmrh. reyndar viðurkenndi í framsöguræðu sinni hér áðan. Hann má því einskis í missa af þeim tekjum, sem hann hefur áður haft, heldur þarf þvert á móti að vinna að því að efla hann mjög verulega á næstunni frá því, sem nú er.

Fiskveiðasjóður á að baki langa og merkilega sögu. Hann er, ef ég man rétt, stofnaður árið 1905 og er elzta lánastofnun fyrir sjávarútveginn. Hann var stofnaður á þann hátt, að ríkissjóður lagði honum til stofnfjár-

framlag jafnframt því, sem l. gerðu þá ráð fyrir því, að árlegt framlag yrði greitt til Fiskveiðasjóðs úr ríkissjóði. Þær fjárhæðir, sem þá voru til nefndar, mundu sjálfsagt hljóma hlægilega í eyrum okkar hér nú, þar sem stofnfjárframlagið var 100 þús., en hið árlega framlag var ákveðið 6 þús. kr. En ég býst við því, að ef það væri borið saman við fjárlög, eins og þau voru á þeim tíma, kæmi það fram, að hér var ekki um óverulegar upphæðir að tefla að þeirrar tíðar hætti.

Fiskveiðasjóður hefur gegnt mjög mikilvægu hlutverki og hefur gert mjög mikið gagn í okkar atvinnuvegi. Um það verða naumast skiptar skoðanir. Það má segja, að verksvið hans hafi verið fært út að ýmsu leyti, og á því hefur verið full þörf. Þess vegna hefur fjárþörf sjóðsins farið vaxandi.

Nýlega hefur Fiskveiðasjóður stigið stórt skref í rétta átt að mínum dómi. Þar á ég við þá ákvörðun stjórnar Fiskveiðasjóðs að lána til skipasmíðastöðvanna til skipabygginga, þó að samningur hafi ekki þá verið gerður um sölu skipanna. Ég er ekki í vafa um það, að þessi ákvörðun á eftir að verða mikilvæg og til mikils gagns fyrir skipasmíðarnar í landinu. En mér finnst það vægast sagt dálítið köld kveðja af ríkisvaldsins hálfu í garð sjóðsins, rétt eftir að slík ákvörðun hefur verið tekin, að fella niður ríkissjóðsframlagið.

Ég veit ekki, hversu lengi þetta ríkissjóðsframlag eða sú upphæð, sem Fiskveiðasjóður hefur fengið á undangengnum árum, hefur staðið. En hins vegar hygg ég, að það hafi verið lengst af svo í sögu sjóðsins, að það hafi verið um að tefla fjárframlög úr ríkissjóði. Það var að vísu fellt niður með l. frá 1968 í eitt ár. Gert var ráð fyrir því í fyrra að fella það niður um eitt ár.

Ég skal ekki neita því, að það geti verið fyrir hendi aðstæður, sem geti réttlætt slíkt, að því sé frestað og fellt niður gjald um eins árs skeið. En mér sýnist, að með þessu frv., þó að það sé nú þetta form enn þá á því, að það sé þarna talað um tvö ár, 1969, sem að vísu er nú senn liðið, og 1970, sé verið að marka þarna stefnu gagnvart Fiskveiðasjóði, þá stefnu að fella niður framlag ríkissjóðs til hans. Það marka ég m. a. af því, sem segir í grg., og mér finnst hún bera þess vottinn, að menn hugsa þar til þess, að þetta verði fellt niður til frambúðar. Það held ég, að sé skökk stefna.

Ég held einmitt, að það þurfi að efla Fiskveiðasjóðinn alveg sérstaklega, og það er m. a. af því, að ég álít, að hans bíði ný og aðkallandi verkefni, sem hann verður sennilega að sinna á næstunni. Þar á ég við, að um það er mikið talað og ekki að ástæðulausu, að eitt brýnasta verkefnið í okkar atvinnumálum sé að bæta hráefnismeðferðina og ekki síst á fiskiafurðunum og gera þær verðmætari með þeim hætti. Þá meðferð má sjálfsagt bæta bæði á sjó og landi.

Það liggur ljóst fyrir, að ég ætla samkv. tilraunum, sem þegar hafa verið gerðar, að hægt er til mikilla muna að bæta meðferð á fiski um borð í skipunum, ef í skipunum er sá búnaður, sem til þess þarf. Það er hins vegar vitað mál, að til þess að setja þvílíkan búnað í skipin þarf talsvert mikið fé og svo mikið, að það virðist eiginlega vera um megn útgerðinni, eins og sakir standa. Þó er alveg víst, að þarna eru í húfi verulegir fjármunir. Ég hygg þess vegna, að breytingu í þessa átt verði ekki við komið, nema útgerðarmenn fái einhvers staðar fyrirgreiðslu, og auðvitað má hugsa sér, að sú fyrirgreiðsla geti verið með ýmsum hætti og komi úr ýmsum áttum.

En ég hygg, að það fari ekki hjá því, að augu margra staðnæmist í því sambandi við Fiskveiðasjóð. Þess vegna er það spá mín, að Fiskveiðasjóður verði á næstunni að sinna fleiri og meiri verkefnum en hann gerir nú, og þess vegna álít ég, að það verði að gera ráð fyrir því, að hann þurfi á fjármagni að halda í æ ríkara mæli. Þess vegna álít ég ekki rétt að fara inn á þá braut, sem hér er gert, að fella niður þetta framlag ríkisins. Í þessu frv. eru að vísu aðeins tekin til tvö ár, en ég óttast, að það verði fordæmi, ef þetta verður samþykkt, og stefnt verði í þá átt.

Auðvitað verður einhvern veginn að sjá ríkissjóði farborða, og um það er ekki deilt. En þá er það sígilda matsatriði að gera það upp við sig, hvað á að fara út, hvað á að vera þar áfram. Ég fellst á það, að tekjuöflunarmöguleikar ríkissjóðs fram yfir það, sem nú er, séu takmarkaðir, en ég held, að með þessum hætti sé ráðizt á garðinn, þar sem sízt skyldi. Ég held, að það, sem á ríður í okkar þjóðfélagi nú, sé að styrkja undirstöðurnar og viðurkenna þá staðreynd, að allt veltur á, að undirstöðurnar séu sterkar. Yfirbyggingin er sennilega orðin fullmikil hjá okkur, og ég álít, að það beri frekar og verði frekar að taka til við þá hliðina en undirstöðuna. Ef undirstöðurnar eru í lagi, þá er hægara að byggja yfirbygginguna þar á.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram, herra forseti, við þessa 1. umr. málsins, en að öðru leyti fer það nú að vísu til n. sem ég á sæti í, og þá gefst kostur á að kanna það nánar og þá afstöðu þeirra stétta og þeirrar stofnunar, sem hér er um að tefla. En ég vil aðeins undirstrika það, að það kemur bæði fram í grg. og var tekið fram af hæstv. sjútvmrh., að það yrði að sjá Fiskveiðasjóði fyrir fé.

Við vitum nú, hvaða leiðir hafa verið farnar í því efni, sennilega því miður, af því að ekki hefur verið annars kostur, sem sé í æ ríkari mæli að hverfa að því ráði að taka erlend lán. Það hafa nú margir fengið nokkuð sára reynslu af því, hvað það gildir að byggja of mikið á slíkri fjáröflun. Og í þessu frv. eða grg. þess er nú ekki reyndar nein grein gerð fyrir því, hvernig á að afla þessa fjár. En ég tel það sem sagt meginatriði, að það megi alls ekki þrengja kost Fiskveiðasjóðs, heldur verði að stefna að því að efla hann á allan hátt. Það er í samræmi við þá stefnu, sem kemur fram í frv., sem við höfum flutt og munum flytja hér, framsóknarmenn, að við gerum ráð fyrir því einmitt, að Fiskveiðasjóður verði að eiga hlut í því að leysa þessi mál.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Mér þykir rétt að segja nokkur orð um þetta frv., því að enda þótt svo vilji til, að starfsbróðir minn, hæstv. sjútvmrh., hafi hér lagt þetta frv. fram og talað fyrir því, þá sé ég enga ástæðu til annars en láta það koma fram, að það er fyrst og fremst ég, sem ber ábyrgð á því að gera till. um að fella niður tillagið til Fiskveiðasjóðs í sambandi við afgreiðslu fjárl., og því ekki óeðlilegt, að ég taki á mig þá sök, ef um einhverja sök er að ræða.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. taldi, að það væri ófært að fella þetta framlag niður. Hins vegar tók hann það fram, sem er að sjálfsögðu kjarni málsins, að það gæti

verið erfiðleikum bundið að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög. Ég hygg, að við séum ekki á öndverðum meiði um það, að þeirri stefnu verði að framfylgja, og það er nákvæmlega þess vegna, sem þetta framlag er fellt niður nú og hefur verið fellt niður undanfarin tvö ár.

Vegna þrenginganna, sem verið hafa, og erfiðleika á því að ná saman endum um afkomu ríkissjóðs án þess að leggja út í nýjar skattahækkanir, hefur verið talið óumflýjanlegt að leita allra úrræða, meðan svo væri ástatt, til að jafna metin án þess að þurfa að grípa til stórfelldrar nýrrar skattálagningar. Þó hefur í raun og veru ekki verið hægt að jafna þessi met og ríkisstj. fengið ákúrur fyrir það frá hv. stjórnarandstæðingum, að ríkissjóður væri rekinn með halla, en ekki mundi það auðvelda að leysa þann vanda, ef ekki mætti gera þær ráðstafanir, sem þó er lagt til að gera, m. a. með þessu frv.

Það fer auðvitað ekki á milli mála, að Fiskveiðasjóður Íslands er ein mikilvægasta lánastofnun í landinu, sem verður að geta rækt sitt hlutverk. En hitt er annað mál, að það er heldur engum efa bundið, að afkoma þeirrar stofnunar er slík og starfsaðstaða, að það er hægt að leysa fjárþörf hennar með lántökum, sem ekki er hægt í sambandi við meginhlutann af útgjaldaliðum ríkissjóðs. Þetta er sterk stofnun, sem betur fer, og getur verið þess umkomin að taka lán, ef hægt er að afla þeirra, ekki síst vegna þess, að lánveitingar hennar eru til útflutningsframleiðslunnar. Auðvitað verður jafnan að reyna að búa þannig að henni, að hún geti starfað með eðlilegum hætti.

Það hefur ekki haft nein áhrif á útlánareglur Fiskveiðasjóðs, hvort fjár hafi verið aflað til hans með lánum eða ekki, þannig að það kemur á engan hátt niður á sjávarútveginum sem slíkum, þ. e. a. s. þeim, sem þurfa á lánum að halda úr Fiskveiðasjóði til fiskiskipabygginga eða fiskvinnslustöðva, að svo miklu leyti sem ástæða þykir til að veita slík lán. Það verður auðvitað metið hverju sinni. Og ég legg á það ríka áherzlu, að það er ekki ætlunin með þessu frv., að það leiði til neinnar takmörkunar á útlánum Fiskveiðasjóðs umfram þær takmarkanir, sem hefðu verið settar, hvort heldur þetta framlag hefði verið í fjárl. eða ekki. Þetta er vitanlega kjarni málsins, eins og sakir standa.

Ástæðan til þess, að þetta frv. er framlengt í eitt og eitt ár, er eingöngu sú, að ég álít það ekki sjálfsagt mál, að ríkissjóður leggi ekki eitthvert framlag til Fiskveiðasjóðs, en það verði að meta eftir því, sem hagur ríkissjóðs batnar, hvort auðið er að gera það og þá að hvaða marki það skuli gert. Einmitt þess vegna eru tímamörkin sett varðandi niðurfellingu framlagsins. En ég hygg, að við getum orðið sammála um það hér í þessari hv. d., að fjárhagur ríkissjóðs hefur að sjálfsögðu ekki batnað svo frá árinu 1968, þegar þetta framlag var fyrst fellt niður, að möguleiki sé til að endurskoða þessa afstöðu nú. Þetta eru rökin fyrir því, að enn þá er farið fram á það við hið háa Alþ., að þetta framlag verði niður fellt jafnhliða því sem ríkisstj. mun gera ráðstafanir til þess að afla Fiskveiðasjóði með öðrum hætti viðunandi starfsfjár.

Ég vil vekja athygli á því, að það eru aðeins örfá ár síðan nokkurt framlag, sem hægt er að nefna því nafni, var veitt úr ríkissjóði til Fiskveiðasjóðs. Það var fyrst árið 1964. Fram að þeim tíma hafði árlegt framlag til Fiskveiðasjóðs numið 2 millj. kr., sem að sjálfsögðu hafði ekki nokkur áhrif á afkomu sjóðsins til eða frá. Ástæðan til þess, að framlagið var aukið 1964, var í sambandi við aðstoð við sjávarútveginn á þann veg, að það var létt af sjávarútveginum að hluta til útflutningsgjaldi og raunverulega veittur ríkissjóðsstyrkur í þessu formi til sjávarútvegsins með því að taka upp þetta framlag til Fiskveiðasjóðs í staðinn fyrir útflutningsgjaldið, þannig að þetta aukna framlag er til komið með mjög sérstökum hætti. Raunar má þess vegna segja, að rökin fyrir því séu alls ekki þau sömu í dag eins og voru þá, vegna þess að síðar hefur hagur útvegsins verið réttur með öðrum aðgerðum.

Þetta tel ég nauðsynlegt, að menn hafi í huga. En kjarni málsins er sem sagt sá, að þess er ekki annars kostur nú en að gera þessa ráðstöfun, þó að það hefði vitanlega verið mjög æskilegt, og um það er ég sammála hv. 1. þm. Norðurl. v., að jafnvel hefði verið hægt að auka framlög ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs eins og til annarra sjóða ýmissa. En annars er ekki kostur, eins og hag ríkissjóðs er nú háttað, ef við ætlum að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög, en gera þessa ráðstöfun.

Við getum talað um það óljósum orðum, að yfirbyggingin í þjóðfélaginu sé orðin of mikil. En það hefur ekki enn þá fundizt úrræði til þess, að hægt væri að skera þá yfirbyggingu svo niður þrátt fyrir rækilegar athuganir, sem fulltrúar allra flokka hafa tekið þátt í, að þar sé hægt að benda á úrræði, sem geta komið í staðinn fyrir þann sparnaðarlið, sem hér er um að ræða.

Þetta er kjarni málsins, og vildi ég gjarnan, að það kæmi hér skýrt fram, einmitt þetta atriði, að Fiskveiðasjóði verði séð fyrir fjármagni. Það er engu slegið föstu um það, að í framtíðinni verði ekki, þegar fjárhagur ríkissjóðs batnar, beint framlag til Fiskveiðasjóðs. Það er engu slegið föstu um það, þó að þessi till. sé nú enn gerð, miðað við árið 1970, einnig vegna þess, að það er síður en svo, að afkoma ríkissjóðs hafi batnað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 62, n. 550 og 575, 551, 576).

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Það kemur fram í grg. fyrir frv. til l. um breyt. á l. um Fiskveiðasjóð Íslands, að við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1969 og 1970 voru ekki teknar upp í fjárlög fjárveitingar til Fiskveiðasjóðs, svo sem l. nr. 75 13. maí frá 1966 kveða á um. Ástæðan fyrir því mun hafa verið sú, að með l. um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda, er Alþ. samþykkti á árinu 1968 fyrir árið 1969, var gert ráð fyrir, að beint framlag til sjóðsins fyrir það ár félli niður. Frv. til l. um breyt. á l. um Fiskveiðasjóð Íslands, sem fól þessa breytingu í sér, var þá einnig borið fram á þinginu, en náði ekki fram að ganga.

Svo sem ég hef greint frá, var við afgreiðslu fjárl. fyrir yfirstandandi ár einnig gert ráð fyrir niðurfellingu á framlagi úr ríkissjóði til sjóðsins. Forsenda fyrir þessum ákvörðunum, eins og segir í grg. fyrir frv., voru þær

ráðstafanir, sem gerðar voru annars vegar með l. nr. 58 1968, þar sem ákveðið var að verja 124 millj. kr. sem stofnframlagi til Stofnfjársjóðs fiskiskipa, og í öðru lagi með l. nr. 79 1968 um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar á gengi íslenzkrar krónu. Þessar og aðrar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til þess að treysta grundvöll sjávarútvegsins, var talið að réttlættu þá breytingu á lögum sjóðsins, sem hér var lagt til að gerð verði.

Það er augljóst mál, svo sem reyndar kemur fram í grg. fyrir frv. þessu, að greiðslubyrði Fiskveiðasjóðs á yfirstandandi ári verður mikil vegna greiðslu erlendra lána sjóðsins, sem eru vegna skipasmíða undanfarinna ára, en þó einnig vegna fyrirhugaðra lánveitinga til skipasmíði, sem nú á sér stað hjá innlendum skipasmíðastöðvum. Við afgreiðslu fjárl. var þetta viðurkennt af hálfu hæstv. fjmrh., sem jafnframt gaf þá yfirlýsingu, að ríkisstj. mundi gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að afla Fiskveiðasjóði þess fjármagns, sem honum er nauðsynlegt. Þrátt fyrir það, að Fiskveiðasjóður Íslands er einn öflugasti stofnfjársjóður, sem Íslendingar eiga, er sjóðnum stöðugt þörf á auknu fjármagni. Fjármagnsþörfin í íslenzkum sjávarútvegi má segja að sé ótæmandi. Nýtízku fiskiskip kosta stórar fjárupphæðir, og í flestum tilfellum verða útvegsmenn að fá að láni mestan hluta þess fjármagns, sem fiskiskipin kosta.

Þegar aflabrest hefur borið að höndum, sem því miður hefur oft átt sér stað, hefur það jafnan komið illa niður á Fiskveiðasjóði, þannig að viðskiptamenn sjóðsins hafa ekki getað staðið í skilum með greiðslu afborgana og vaxta af lánum sínum. Hefur þetta oft valdið sjóðnum miklum erfiðleikum vegna skuldbindinga hans. Ég fullyrði, að ein bezta ráðstöfun, sem gerð hefur verið íslenzkum sjávarútvegi til handa og hagsbóta, eru l. um Stofnfjársjóðinn, þar sem ákveðið er, að ákveðna prósentu af brúttótekjum fiskiskipa skuli leggja í Stofnfjársjóð, er síðan greiði afborganir og vexti viðkomandi fiskiskips, eftir því sem tekjur hvers og eins ná til. Þessi ráðstöfun hefur einnig komið Fiskveiðasjóði mjög til góða, þar sem hún tryggir á öruggan hátt verulegan hluta þeirra tekna, sem sjóðurinn byggir rekstur sinn á. En þrátt fyrir þessar og aðrar þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið af hálfu hins opinbera til þess að tryggja rekstur og afkomu Fiskveiðasjóðs Íslands, er það álit meiri hl. sjútvn., að með tilliti til hinna miklu fjárhagslegu skuldbindinga, sem á sjóðnum hvíla, og til að mæta fyrirsjáanlega auknum kröfum um lánveitingar, verði ekki hjá því komizt, að ríkissjóður leggi sjóðnum til nokkurt fjármagn með föstu fjárframlagi árlega. Fyrir því hefur meiri hl. n. leyft sér að bera fram brtt. við frv., svo sem fram kemur á sérstöku þskj.

Brtt. þessar fela það í sér, að árlegt framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands verði 35 millj. kr. Hins vegar telur meiri hl. n., að ekki verði hjá því komizt að samþykkja niðurfellingu á framlagi fyrir árin 1969–1970, svo sem frv. kveður á um, enda er það í samræmi við afgreiðslu fjárl. fyrir umrædd ár. Kemur þá fjárveiting ríkisins til Fiskveiðasjóðs samkv. þessari brtt. fyrst til framkvæmda á árinu 1971.

Um afgreiðslu málsins af hendi sjútvn. varð ekki samkomulag. Minni hl. hefur skilað séráliti um málið og flutt brtt. samkv. því á þskj. 576. Þær brtt., sem þar um ræðir, eru í fyrsta lagi varðandi greiðslur ríkissjóðs til sjóðsins. Þar er gerð till. um, að greiðsla verði í fyrsta lagi hin sama sem verið hefur í gildandi l., en þó er kveðið á, að upphæðin skuli aldrei vera lægri en 35 millj. kr.

Nú er það svo, að tekjur sjóðsins hafa á undanförnum árum reynzt æði-sveiflukenndar með þessu lagaákvæði, sem gilt hefur. Þegar aflabrest hefur borið að höndum, hefur upphæðin lækkað verulega, en vitanlega, þegar betur hefur gengið og um meira framleiðslu- og útflutningsmagn hefur verið að ræða, hafa tekjur sjóðsins aukizt. Nú er ekki gott að ákveða þetta fyrirfram eða sjá það fyrir, þegar gengið er frá fjárl. árlega. Þess vegna telur meiri hl. n., að réttara sé að kveða á um, að einhver ákveðin upphæð verði lögð fram úr ríkissjóði árlega í þessu skyni, og hefur því leyft sér að bera fram þessa till. um 35 millj. kr. árlegt framlag.

Hin till. n. felur í sér breytingu á skipun sjóðsstjórnarinnar. Það ákvæði var allmikið rætt innan n., og menn voru ekki alveg á einu máli um það. Það kom fleira til greina en það, sem kemur fram í till. minni hl., sem hér er borin fram, þ. e. að Sþ. kjósi eftir hverjar kosningar 5 manna stjórn hlutbundinni kosningu, en eins og nú er, skipa bankarnir sjóðsstjórnina, og ráðh. skipar formann.

Fram kom einnig það sjónarmið í umr. n. um þetta atriði l. um Fiskveiðasjóð, hvort ekki kæmi til greina, að sjóðsstjórnin yrði þannig skipuð, að bankarnir þrír, þ. e. Seðlabankinn, Útvegsbankinn og Landsbankinn, skipuðu sinn manninn hver, en síðan kæmu tveir til viðbótar, annaðhvort væru þeir báðir frá útvegsmönnum ellegar annar frá útvegsmönnum og hinn frá sjómannasamtökunum. Það getur verið álitamál, hvort rétt sé að hafa þennan hátt á. Við í meiri hl. vildum ekki flytja till. að þessu sinni um breytingar á fiskveiðasjóðslögunum varðandi þetta atriði, þó að því sé ekki að leyna, að innan meiri hl. eru einnig skoðanir um, að breyta beri þessu ákvæði um stjórn sjóðsins. Ég hef því ekki um þetta atriði meira að segja.

Herra forseti. Ég hef í stuttu máli gert grein fyrir áliti meiri hl. sjútvn. varðandi afgreiðslu þessa frv., og að svo mæltu sé ég ekki ástæðu til að orðlengja frekar um málið. Ég vil treysta því, að hv. þdm. geti fallizt á brtt. meiri hl. n. og frv. þannig breytt hljóti samþykki og verði síðan að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, um breyt. á l. um Fiskveiðasjóð, hefur legið um tíma fyrir sjútvn., en nm. ekki orðið á eitt sáttir um afgreiðslu þess. Meiri hl. sjútvn. vill samþykkja frv. þannig, að niður falli framlag til sjóðsins fyrir árin 1969 og 1970.

Meginröksemdin fyrir niðurfellingu framlaga ríkissjóðs allt frá árinu 1968 koma fram í nál. meiri hl. og eru þær, að með l. frá 1968 um Stofnfjársjóð fiskiskipa hafi verið gerðar þær ráðstafanir, sem ættu að duga Fiskveiðasjóði til tekjuauka þannig, að sjóðurinn gæti staðið við skuldbindingar sínar. Þessi röksemdafærsla fær

ekki staðizt þegar af þeirri ástæðu, að hér liggur fyrir í grg. fyrir þessu frv., að greiðslubyrði Fiskveiðasjóðs á næsta ári verður mjög mikil vegna erlendra lána vegna skipasmíða undanfarinna ára og einnig vegna fyrirhugaðra skipasmíða innanlands. Til þess að gera sjóðnum kleift að standa við eðlilegar skuldbindingar nú á þessu ári verður að afla sjóðnum fjármagns eftir öðrum leiðum.

Það kemur einnig fram í framkvæmdaáætluninni, sem liggur fyrir þessari hv. d., að vanta muni um 141 millj. kr. til þess að útlánaáætlun Fiskveiðasjóðs fái staðizt, og verður að útvega nýtt fé sem því nemur. Ég á dálítið erfitt með að átta mig á því, hvað vinnst við svona tilfærslu. A. m. k. er mér lítt skiljanleg sú afstaða útgerðarmanna að leggja til, að fellt verði niður framlag ríkissjóðs, sem nemur ca. 90 millj. kr. fyrir tvö árin, en samþykkja síðan erlendar lántökur, sem svo yrði varið til framhaldslána. Skuldaviðskipti við Fiskveiðasjóð og gengistap undanfarinna ára hafa verið mikið rædd manna á milli, og ég hélt satt að segja, að flestir væru búnir að fá nóg af slíku og þeim kvöðum, sem á útvegsmenn hafa verið lagðar í því sambandi. Skal ég stuttlega drepa á það síðar.

Úr því að minnzt er á hin erlendu lán Fiskveiðasjóðs vegna skipakaupa, má minna á það, að ef hann hefði þessar tekjur, sem meiri hl. sjútvn. leggur til að falli niður fyrir árin 1969 og 1970 og sennilega mundu nema um 80 millj. kr. a. m. k., þá gæti hann leyst úr brýnustu þörfum þeirra manna, sem eru nú að sligast undan erlendu skuldunum vegna síðustu gengisfellingar.

Að vísu er heildardæmið nokkru stærra, því að það mun vanta um 144 millj., til þess að útvegsmenn fengju það, sem þeir hafa óskað eftir, eða 80% af gengistapi höfuðstólsins. Ég segi 90 millj. kr., vegna þess að ég hef að vísu ekki endanlegt uppgjör fyrir árið 1969, en eftir þeim upplýsingum, sem ég hef, hefur Fiskveiðasjóður fengið í tekjur af útflutningsgjaldi 32 millj. 488 þús. kr. á s. l. ári, auk þess skömmu eftir áramótin, sem tilheyrir gamla árinu, nær 11 millj., auk þess, sem Fiskveiðasjóðurinn hefur fengið yfir 3 millj. úr gengishagnaðarsjóði. Þess vegna þykir mér það varlega áætlað eða a. m. k. ekki ofáætlað, þó tekjurnar væru reiknaðar um 45 millj. kr. hvort árið, 1969 og 1970. En þetta er sú upphæð, sem meiri hl. sjútvn. leggur til, að verði tekin af Fiskveiðasjóði. Það virðist alls ekki ljóst nú í dag, hvernig sá vandi verður leystur, sem þarna er við að glíma, og þess vegna getum við, sem skipum minni hl. sjútvn., ekki fallizt á að fella niður framlag áranna 1969 og 1970.

Það eru engin rök í þessu efni, þó að þetta hafi ekki verið tekið inn á fjárlög út af fyrir sig. Þó að ég sé ekki lögfræðingur, held ég, að fjárlög geti ekki breytt landslögum í þessu efni.

En það eru fleiri en við, sem skipum minni hl. sjútvn., sem eru þeirrar skoðunar, að Fiskveiðasjóður eigi ekki að verða af þessum tekjum, sem hér er lagt til, að falli niður. Fyrir skömmu sat Fiskiþing á rökstólum hér í borg. Á sameiginlegum fundi sjútvn. beggja d. hins háa Alþ. mætti sendinefnd frá Fiskiþingi. Erindi n. frá Fiskiþingi var að bera fram mjög alvarlegar kvartanir yfir þeirri þröngsýni Alþ. að fella m. a. niður framlag til Fiskveiðasjóðs – og reyndar bættu þeir við: – og til Aflatryggingasjóðs. Það mætti ekki minna vera en lögboðin gjöld væru greidd sjóðnum. Orð fyrir nm. frá Fiskiþingi hafði hinn reyndi útvegsmaður, Einar Guðfinnsson í Bolungarvík. Á þessum fundi kom greinilega fram, að það var litið mjög alvarlegum augum á þetta hringl, að fella niður lögboðin gjöld hjá sjóði, sem vantaði tilfinnanlega fjármagn, svo að útlánaáætlun gæti staðizt. Landssamband ísl. útvegsmanna mun einnig hafa mótmælt niðurfellingu framlagsins og ýmsir aðrir. En það stoðar ekkert.

Við teljum, að Fiskveiðasjóður þurfi á þessum tekjum að halda og hann eigi lagalegan rétt til þeirra. Þess vegna höfum við flutt þá brtt. á þskj. 576, sem hér hefur verið greint frá, og væntum þess, að hv. þdm. viðurkenni þetta sjónarmið og veiti brtt. stuðning sinn.

Í sambandi við Stofnfjársjóðinn hefur það verið ein af röksemdunum, að l. um Stofnfjársjóð hafi orsakað það, að Fiskveiðasjóður væri mun betur staður en ella. Þetta er alveg rétt. Ég hef áður á þessum stað lýst yfir því, að ég tel þá ráðstöfun hafa verið mjög happadrjúga, og get gjarnan endurtekið það. En það út af fyrir sig leysir ekki þennan vanda, og það hlýtur að hafa verið gert ráð fyrir þeim tekjum, sem Fiskveiðasjóður fær frá Stofnfjársjóði fiskiskipa, í greiðsluáætlun sjóðsins fyrir árin 1970. Annað er óhugsandi. En þrátt fyrir það vantar a. m. k. 141 millj., eftir því sem um getur í framkvæmdaáætluninni, ef leysa ætti úr vanda útvegsmanna, ég segi: ef, það er auðvitað engin hemja, að það skuli ekki vera gert. Í rauninni eru allir sammála um það, þó að það sé verið að rífast um, hver á að gera það. Það er engin hemja að láta skuldir hrúgast upp í viðskiptabönkunum vegna báta, sem keyptir hafa verið erlendis frá á undanförnum árum, og útvegsmenn liggja þar með frosnar skuldir sér til mikils kostnaðarauka og til baga í viðskiptum við bankana.

Um hina brtt. á sama þskj. get ég verið fáorður. Það er rétt, að töluvert var rætt um breytingar á stjórn sjóðsins og menn voru sammála um, að breyting væri æskileg. En ekki varð neitt samkomulag um, á hvern hátt það yrði gert. Ég er ekki að segja, að þessi lausn, sem við höfum lagt hér fram, sé sú eina rétta, en þetta var mikið rætt í n., og sýndist sitt hverjum í þessu efni. Með þessu er ég ekki að lasta það, þó að bankastjórar séu í stjórn sjóðsins, síður en svo. Það getur eflaust verið ágætt í mörgum tilfellum. En það mættu gjarnan koma fram fleiri sjónarmið þar líka. Útvegsmenn hafa aldrei getað látið sín sjónarmið koma fram í stjórn sjóðsins, svo að mér sé kunnugt. Við höfum sem sagt lagt til á þskj. 576, að breytingar verði gerðar á stjórn sjóðsins.

Viðvíkjandi fyrri brtt. vil ég aðeins að lokum geta þess, þar sem við höfum tekið fram, að upphæðin yrði aldrei lægri en 35 millj. kr., að þetta er sama upphæð, sem meiri hl. leggur til, að verði fast árlegt framlag. Okkar till. hefur aðeins það fram yfir, að ef vel árar, þá fær sjóðurinn meira, og ég tel það sanngjarnt, að í góðum árum safnist fyrir hjá Fiskveiðasjóði eða hann eignist meira en ef illa árar. Þá virðist meiri hl. og minni hl. sjútvn. vera sammála um upphæðina, svo að þar greinir ekki mikið á milli.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. og hef reyndar engu við það að bæta,

sem hv. frsm. meiri hl. sjútvn. hafði hér að segja um þetta frv., öðru en því, sem liggur vitanlega í augum uppi og þarf ekki að vera að karpa hér um, að þær 90 millj., sem hv. frsm. minni hl. áætlaði hér, að mundu hafa bætzt við í ríkisframlögum til þessa sjóðs, ef þetta fé hefði verið í fjárl., er að sjálfsögðu engin leið til að greiða af þeirri einföldu ástæðu, að ekki er gert ráð fyrir þeim í fjárl. og Alþ. hefur þegar fyrir sitt leyti tekið ákvörðun um, að þetta framlag skuli niður fellt.

Ég tek einnig undir það með hv. frsm. meiri hl. n., að það er ákaflega bagalegt og á ekki að fylgja þeirri reglu yfirleitt með ákvörðun fjárveitinga, að þær séu einhver hlutfallsleg upphæð af fjárhæðum, sem geta sveiflazt stórlega frá ári til árs. Hvort hér er um að ræða Fiskveiðasjóð eða aðra sjóði, þá gildir það sama. Þetta gerir að vísu minna til í þeim tilfellum, þar sem um er að ræða fjárveitingar, sem miðast við einhvern stofn, sem breytist lítið frá ári til árs og leikur ekki nema á litlum upphæðum, hvaða sveiflum hann tekur. En eins og réttilega var hér bent á og frsm. beggja nefndarhluta hafa hér í rauninni sagt og við vitum að er rétt, þá getur hér orðið um stórfelldar sveiflur að ræða, þannig að þennan útgjaldalið ríkissjóðs, sem ákvarðaður er með þessum hætti, er ómögulegt að áætla. Ég tel það því rétta stefnu, sem meiri hl. n. hefur markað hér, að ákveða fasta fjárhæð, sem getur að vísu í vissum tilfellum verið lægri en verið hefur og í öðrum tilfellum hærri, þannig að þá er hægt að vita fyrir ríkissjóð frá ári til árs, að hverju er að ganga í þessu efni.

Ég er sammála meiri hl. n. og reyndar n. allri um það, að annars sé ekki lengur kostur, miðað við stórauknar kvaðir á Fiskveiðasjóði, en að gera ráðstafanir til að auka eigið fé sjóðsins, og þá eðlilegt, að sú bráðabirgðaráðstöfun, sem gerð var, meðan þrengst var hjá ríkissjóði á síðustu erfiðleikaárum, að fella niður framlög til sjóðsins, gildi ekki lengur og tekin verði upp sú fasta fjárveiting, sem lagt er til í brtt. n., að verði gert framvegis.

Það, sem var eiginlega ástæðan til þess fyrst og fremst, að ég stóð hér upp, er ekki að ræða um þessi atriði, sem endalaust má karpa um, en ég skal ekki fara að gera að umtalsefni, staðreyndirnar liggja fyrir í því efni, heldur hitt, að ræða lítið eitt um þann vanda, sem Fiskveiðasjóður á nú við að glíma og hv. frsm. minni hl. n. réttilega gat um að mundi nema um 140 millj. kr., þ. e. a. s. sem skorti á ráðstöfunarfé sjóðsins til hinna venjulegu lánveitinga hér innanlands, og þá miðað við það, að allar skipasmíðastöðvar séu í fullum gangi. Þessi áætlun er við það miðuð. Ég vil láta það koma hér fram, að það hefur verið ákveðið og þegar verið gerðar ráðstafanir í þá átt að afla þessa fjár, þannig að Fiskveiðasjóður geti haldið uppi eðlilegum lánveitingum á þessu ári, enda þótt þetta vanti inn í tekjuáætlun sjóðsins. Reyndar mun ég hafa einnig tekið það fram í sambandi við framkvæmdaáætlunina, þegar ég vék að þessu vandamáli, að þetta mál væri í sérstakri athugun og mundi verða leyst.

Til viðbótar vil ég geta þess, að ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að afla 30 millj. kr. í viðbót til Fiskveiðasjóðs af innlendu fé til þess að létta þann vanda, sem skapazt hefur vegna vandkvæða stóru fiskibátanna eða síldarbátanna, sem keyptir hafa verið undanfarin ár. Hv. frsm. minni hl. gat um réttilega, að erfiðleikar þessara báta í rekstri að undanförnu hefðu valdið því, að þeir hefðu ekki getað staðið í skilum og mikil vanskil safnazt hjá viðskiptabönkunum, sem ég hygg nú vera í kringum 90 millj. kr. samtals hjá tveimur viðskiptabönkum útgerðarinnar. Ætlunin með þessum 30 millj. er fyrst og fremst að létta þennan vanda, og svo komi til á næsta ári sú fjárveiting, sem hér er talað um, 35 millj. kr. frá ríkissjóði. Þá skapast þar nýtt fjármagn, sem væri hægt að nota til þess að létta enn frekar á þessu vandamáli, sem verður nokkurra ára vandi, sem þarf að leysa þarna til að hjálpa eigendum þessara báta úr þessum vandkvæðum, sem eðlilegt er að hafi skapazt, þegar tekjumöguleikarnir hrynja.

Þetta vildi ég aðeins að kæmi fram við þessa umr., til þess að hv. þdm. væri það ljóst, – hvað sem segja má um það, sem gert hefur verið og þegar hefur verið ákveðið og þýðir ekki um að tala og var gert af illri nauðsyn, að fella niður þessa fjárveitingu um þriggja ára bil, – að þá eru nú annars vegar gerðar ráðstafanir til þess, að þessi fjárveiting verði tekin upp aftur, og með batnandi hag ríkissjóðs skulum við vona, að verði auðveldara um vik að fást við það. Í annan stað hafa verið gerðar ráðstafanir, hvað sem líður niðurfellingu þessa framlags til þess að leysa með öðrum hætti þann vanda í ár, sem Fiskveiðasjóður stendur ella andspænis, þannig að hann mun geta sinnt þeim útlánum, sem nauðsynlegt verður að sinna.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Mér þótti rétt að fjalla örlítið um þetta mál, en eins og frsm. tók fram, þá urðu nokkrar umr. eðlilega í sjútvn. um þetta, og það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt, þar sem samtök útvegsmanna og reyndar fleiri aðilar hafa gert ályktanir í því efni, að Fiskveiðasjóði væru tryggðar sem mestar tekjur og lánsmöguleikar í þeim tvíþætta tilgangi, að útvegsmenn fái hér eðlileg lán og einnig að eðlileg starfsemi geti haldizt í skipasmíðastöðvum landsins.

Nú var það svo, að við afgreiðslu fjárl. var tekin upp sú stefna að fella niður framlagið núna 3 s. l. ár vegna minni möguleika ríkissjóðs. Um það má auðvitað alltaf deila, hversu skynsamleg sú ákvörðun var, en hún var nú einu sinni tekin og þess vegna er það nánast staðfesting á því, sem við leggjum til í meiri hl. n., að viðurkenna þá ákvörðun. Undir hitt vil ég taka, að fram hjá þeirri staðreynd verður ekki gengið, að Fiskveiðasjóði, sem er mjög öflugur sjóður og veitir mikil lán samkv. þeirri skýrslu, er lögð var fram af hæstv. sjútvmrh. við fsp. hér í Sþ., verður að tryggja nægilegt fjármagn, og einnig er nauðsynlegt að auka eigið fé sjóðsins. Þess vegna vildum við koma því í gegn, ef hægt væri, og á það hefur hæstv. fjmrh. fallizt, að fastar tekjur sjóðsins yrðu 35 millj. Það hefði verið æskilegt að geta haft þær sem mestar, en ég held, að við verðum að sætta okkur við það eftir atvikum, að þetta sé svo, og við getum átt von á því, að þessi tala haldist og verði ekki lækkuð síðar meir.

Hitt er svo mjög mikilvægt atriði vegna skyndilegrar lánaþarfar innanlands, þar sem íslenzk skipasmíði hefur að mestu leyti flutzt inn í landið, að sjóðnum séu tryggðir auknir möguleikar til lánveitinga, og í því efni

þarf að taka stórlán, sem annaðhvort gæti orðið innanlands eða erlendis, til þess að veita mjög aukinni eftirspurn fullnægingu. Þessi lánaþörf mun nema mikið á annað hundrað millj.

Ef hlustað er á þá erfiðleika, sem útvegsmenn eiga í vegna gengisfellingarinnar 11. nóv. 1968, þá er lánaþörf bátanna, ef miðað er við, að lánað sé 80%, þegar dregginn er frá gengisstyrkur, um 224 millj. Nú munu ekki nást inn lánsloforð fyrir árið 1969, sem er liðið, en hæstv. fjmrh. drap á það, að útvegsmenn hafa fengið loforð um 30 millj. En ég vil undirstrika það eftir þeim fréttum, sem ég fékk í dag, að enn hafa engar reglur verið settar um þessar 30 millj., og vil ég koma því til hæstv. sjútvmrh. og fjmrh., ef þeir sameiginlega þurfa á það að ýta, að þegar í stað verði gengið frá lánareglum um þessar 30 millj., því að mér er kunnugt um, að viðskiptabankarnir innheimta nú af fullum krafti enn þá, án tillits til þessa möguleika, peninga upp í vanskil útvegsmanna, sem munu vera nálægt 90 millj. eða voru það fyrir nokkrum dögum.

Hins vegar eru veðsetningar miklar á afurðum þessa dagana, og bankarnir seilast eðlilega í þá peninga, því að ábyrgðardeildir bankanna – það verða allir að viðurkenna – geta ekki starfað sem lánadeildir. Þær eru ekki í þannig formi, og er ósanngjarnt að ætlast til þess. En þessi mál þurfa að komast á hreint og í snarheitum. Annars vegar er rekstur stærri báta í miklum erfiðleikum, og útvegsmenn eru í leiðinlegum vanskilum út af þessum gengisskelli. 30 millj. eru aðeins fyrir árið í ár, og því verður að halda áfram að vinna að fjármögnun á því, sem eftir er, sem mun vera 80–90 millj. á hin 4 árin, og þá fæst sæmileg niðurstaða. Að öðrum kosti verða þessir bátaeigendur, sem áttu 125 báta alls, í mjög miklum vanskilum næstu árin vegna gengisfellingarskellsins, sem er nettó um 228 millj.

Aðstaða einstakra útvegsmanna er auðvitað mjög misjöfn, vegna þess að sumir höfðu léttari fjármögnun á sínu skipi en aðrir, eins og gengur. En mér er kunnugt um, að allmargir, sem fengu skip sín núna glæný fyrir gengisfellingu, eiga í miklum vandræðum. Þessi skip eru víða um land, og eru hér sérstaklega 5 skip, sem eiga í miklum erfiðleikum. Það þyrfti að líta á þær aðstæður með velvilja. Hitt má Fiskveiðasjóður og bankakerfið vel við una, að það er komið í lög að greiða fasta greiðslu af brúttóverðmæti inn í Fiskveiðasjóð, þannig lagað, að Fiskveiðasjóður fær núna öruggar tekjur í vexti og afborganir. Auðvitað gengur þessi greiðsla mishratt eftir aflabrögðum, en hér er á mikil bót, þannig að Fiskveiðasjóður og bankakerfið ættu ekki að vera eins hrædd við það, að menn fengju góð lán, þar sem skil á þessum lánum eru nú tryggð. Það er mikil breyting frá því, sem áður var. En lánin verða að vera með þokkalegum kjörum og innt af hendi án mikilla tafa, því að þessi skip eru mörg dýr. Sama mun sennilega verða tekið upp við fyrirhuguð togarakaup, og er þetta til bóta, bæði fyrir útvegsmenn og lánasjóði.

Ég vil taka undir þau sjónarmið, að nauðsynlegt er, að stjórn Fiskveiðasjóðs verði skipuð á annan veg en verið hefur. Ég fullyrði, að mismunurinn í lánakerfinu, sem átti sér stað 1970, mundi ekki hafa átt sér stað, ef fulltrúar sjómanna eða útvegsmanna hefðu setið í stjórninni, en ég tel það mjög miður farið, að á vissu tímabili skuli stjórn sjóðsins hafa lánað án gengisáhættu til manna 134 lán að upphæð um 405 millj. kr., þegar öðrum, sem tóku lán rétt á undan og rétt á eftir, var gert að skyldu að taka fulla gengisáhættu í þessu efni. Slíkt tel ég mjög óeðlilegt. Mér finnst það mjög sanngjarnt, að fulltrúar útvegsmanna, sem fjármagna þennan sjóð að langmestu leyti, eigi möguleika á fulltrúum í stjórn hans. Það má deila um, með hvaða hætti slíkt yrði. Það skal ég taka undir, og enn hef ég ekki gert það upp við mig, með hvaða hætti það skal vera, en á þessu stigi mun ég því ekki geta fylgt brtt., sem minni hl. er með, að Alþ. kjósi þessa stjórn. Ég tel, að það væri réttara, að samtök útvegsmanna tilnefndu þessa menn, og mun því heldur hallast að þeirri lausn. Við þurfum, sem erum með þá lausn, að vinna henni fylgi hér á hv. Alþ., og eru vissar undirtektir í þá áttina, að slíkt geti tekizt innan skamms, þó ekki á yfirstandandi þingi.

Að svo mæltu vil ég ekki tefja umr. lengi, en ég vænti þess, að hæstv. ráðh. muni skilja nauðsyn þess, að fjármögnun sjóðsins sé trygg, því að hún hefur mikið að segja bæði fyrir útvegsmenn og atvinnulífið við skipasmíðar í landinu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 72. fundi í Ed., 17. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 576,1 felld með 11:7 atkv.
Brtt. 551,1 (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 576,2 felld með 11:6 atkv.
Brtt. 551,2 (ný 2. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 576,3 kom ekki til atkv.
Brtt. 551,3 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 11:7 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 608).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 77. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 78. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta krefst ekki langrar útskýringar. Það fjallar aðeins um tvö atriði. Í fyrsta lagi að ákveða, að inn á fjárlög næsta árs, skuli tekin tiltekin upphæð, sem renni til Fiskveiðasjóðs, 35 millj. kr., og síðan bráðabirgðaákvæði, sem er raunverulega staðfesting á gerðum fjárlögum undanfarinna tveggja ára, þar sem ekki hefur verið gert ráð fyrir neinu framlagi ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs.

Ég tel ekki ástæðu til þess að hafa um frv. frekari orð, það hefur verið afgr. frá Ed. í því formi, sem það er nú.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 27 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 608, n. 642).

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Sjútvn. hv. d. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Ég mæli eingöngu f. h. meiri hl. n., þegar ég mæli með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir á þskj. 608, komið frá hv. Ed.

Frv. er ákaflega einfalt. Skv. ákvæðum þess til bráðabirgða er gert ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs, skv. c-lið 4. gr. l. um Fiskveiðasjóð, falli niður fyrir árin 1969 og 1970. Er það reyndar staðfesting á þegar orðnum hlut, en í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs á móti öðrum tekjum sjóðsins skuli síðan vera árlega 35 millj. kr. og greiðist sú upphæð í fyrsta skipti á árinu 1971.

Það hefur sjálfsagt enginn gert það með gleði að skerða framlag ríkisins til Fiskveiðasjóðs. Sú skerðing er til komin vegna almennra fjárhagserfiðleika, sem sköpuðust á árunum 1966 – 1968, og þurfti að grípa til hennar í sambandi við fjárlagaafgreiðslu þeirra ára, til þess að unnt væri að koma saman tekjuhallalausum fjárlögum. Meiri hl. þm., sem styður hæstv. ríkisstj., hefur að sjálfsögðu staðið að þessari niðurfellingu. Við gerum okkur hins vegar vonir um, að í þessum efnum hafi rofað svo vel til, að ekki þurfi eftirleiðis að fella þetta framlag niður með öllu. Þessvegna er lagt til í frv., að framlag ríkisins verði eftirleiðis árlega 35 millj. kr.

Fiskveiðasjóður hefur vissulega mjög miklu og gagnmerku hlutverki að gegna í sambandi við skipasmíðar. Er það ekki eingöngu í sambandi við það, að skipin séu byggð, heldur stuðlar sjóðurinn einnig að því, að skipasmíðarnar fari fram sem mest í landinu sjálfu og verði þannig til þess að auka atvinnuna.

Það er kunnugt, að Fiskveiðasjóður hefur átt í nokkrum fjárhagserfiðleikum, m. a. vegna þeirrar niðurfellingar á ríkisframlagi, sem skeð hefur. Ég tel þó óhætt að fullyrða, að úr fjárþörf Fiskveiðasjóðs verði bætt á annan hátt, þannig að hann geti eftir sem áður staðið undir hlutverki sínu, eins og hann hefur gert á undanförnum árum. Til þess bendir reyndar það, að allmikið fjör virðist hafa færzt í innlendar skipasmíðar nú þegar.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, að fara um frv. fleiri orðum, en mæli með samþykkt þess f. h. meiri hl. sjútvn.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Mér skildist raunar á framsöguræðu hv. frsm. sjálfs, að í þessari n. væri minni hl., sem væri andvígur frv., og ég ætlaði að hlýða á mál minni hl., en hann virðist ekki hafa kvatt sér hljóðs, og þess vegna vil ég nú bera fram eina fyrirspurn til hv. frsm. n. og annarra, sem þetta mál varðar sérstaklega.

Ég veitti því athygli, að í ákvæðum til bráðabirgða í þessu frv., um breyt. á l. um Fiskveiðasjóð Íslands, þá segir svo, að framlag ríkissjóðs skv. c-lið 4. gr. l. falli niður fyrir árin 1969 og 1970. Nú skal ég ekki ræða um þessa niðurfellingu framlags fyrir árið 1970, þótt nokkuð sé að vísu liðið á árið, en mér kemur hitt einkennilega fyrir sjónir, að hægt sé með l., sem nú eru sett, að fella niður framlag til sjóðsins fyrir árið 1969, þar sem það framlag er fallið í gjalddaga. Sé ég ekki annað en það hljóti að vera kræft að lögum, ef stjórn sjóðsins gengi eftir því. Ég sé í áliti frá sjútvn. eða hluta sjútvn. í Ed., að þar er gert ráð fyrir því, að þessi upphæð, sem sjóðurinn hefði átt að fá árið 1969, ef hann hefur ekki þegar fengið hana, sé nálægt 40 millj. kr. Þar er það enn fremur rifjað upp, að á síðasta þingi hafi verið lagt fram frv. um að fella þetta framlag niður úr lögunum fyrir árið 1969, en Alþ. hafi fellt það frv. Þetta allt í samhengi kemur mér undarlega fyrir sjónir, og ég vil gjarna heyra, hvað hv. frsm. hefur um þetta að segja, að Alþ. samþykki nú að fella niður framlag úr ríkissjóði, sem var lögbundið fyrir árið 1969 og er fallið í gjalddaga, hvort þetta sé hægt.

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Ég veit ekki, hvort ég er rétti aðilinn til þess að svara fram kominni fyrirspurn hv. 1. þm. Norðurl. e. Það má vel vera, að á þessu atriði þurfi sérstakar lögskýringar. Frá mínu sjónarmiði horfir málið þannig við: Þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið í sambandi við afgreiðslu fjárlaga varðandi niðurfellingu framlagsins til Fiskveiðasjóðs, eru auðvitað gerðar með vitund og samþykki meiri hl. Alþ. Þótt þannig hafi farið við afgreiðslu frv., sem flutt var í fyrra um niðurfellingu framlagsins, að frv. hafi verið fellt með jöfnum atkvæðum, þá var samt sem áður við afgreiðslu fjárlaga það ár ekki gert ráð fyrir framlaginu. Varðandi það, hvort þær ráðstafanir, sem þannig eru til komnar, standist frá lagalegu sjónarmiði, treysti ég mér ekki til að fullyrða um, en mér finnst þó, að séu slíkar ráðstafanir gerðar með vitund og vilja meiri hl. Alþ., þá hljóti þær að hafa fullt gildi.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aðeins fá orð, sem ég vil nú segja um þetta mál. Ég beindi fyrirspurn minni áðan til hv. frsm. sjútvn., og má vera, að það sé rétt, sem hann segir, að hann sé ekki sá rétti aðili til að fella úrskurð um það mál, sem ég ræddi hér. Hér á Alþ. *væri* það e. t. v. hæstv. *forsrh.* eða hæstv. dómsmrh., en ella að sjálfsögðu dómstólar landsins, ef þeirra úrskurðar verður leitað.

Ég vil leyfa mér að rifja upp aftur í stuttu máli það, sem virðist hafa gerzt í þessu máli, varðandi framlag til Fiskveiðasjóðs fyrir árið 1969. Það virðist hafa verið ætlan þeirra, sem stóðu fyrir afgreiðslu fjárlaganna fyrir það ár, að framlagið yrði fellt niður í l. Þeir virðast hafa verið þeirrar skoðunar, að svo mundi verða, og þess vegna virðist þessi upphæð ekki hafa verið tekin inn í fjárlögin. Hins vegar fór það svo, þegar niðurfelling framlagsins fyrir árið 1969 var borin undir Alþ., sem hefur löggjafarvaldið, að þá felldi Alþ. niðurfellingartillöguna. Ég hygg, að fjárlög geti ekki breytt ákvæðum almennra laga, að það sé almenn regla, að þau breyti

ekki ákvæðum almennra laga, og að þar sem þetta framlag var ákveðið áfram með gildandi lögum, þá hafi framlagið fallið í gjalddaga á árinu 1969. Úr því það var ekki tekið upp í fjárlögin fyrir 1969, þá hefði það átt að koma í fjárlögum þessa árs. Þannig kemur málið mér fyrir sjónir.

En ég vil í öðru lagi vekja athygli á því, að ef það telst rétt, að Alþ. geti þannig eftir á tekið aftur ákvæði l. um fjárframlög, sem fallin eru í gjalddaga, þá getur hér verið um mjög afdrifaríkt fordæmi að ræða, ef ekki má treysta því, að slík framlög verði greidd úr ríkissjóði, sem ótvíræð ákvæði laga mæla fyrir um, að eigi að greiða. Ég hygg, að menn verði þá að fara að athuga það, hvenær slíkum lagaákvæðum megi treysta og hvenær ekki. Ég hef haldið, að þeim mætti yfirleitt treysta.

Hitt er svo annað mál, að það kann að vera, að stjórn stofnunarinnar kjósi ekki að óska eftir því, að þetta framlag verði greitt, að hún telji sig ekki þurfa á því að halda til lánveitinga úr Fiskveiðasjóði. Það þykir mér nú reyndar fremur ólíklegt. Hvað sem þessu líður, þá mun ég greiða atkvæði á móti þessu bráðabirgðaákvæði um niðurfellingu framlaga að því er varðar árið 1969, sérstaklega af þeim ástæðum, sem ég hef nefnt.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Vegna fyrirspurnar hv. 1. þm. Norðurl. e., þykir mér rétt að taka fram, að auðvitað eru hvorki ummæli mín né annarra ráðh. endanlegur úrskurður um þessi efni. Ég hygg, að það hafi í sjálfu sér rekið að því, að ef um þetta kynni að rísa ágreiningur, þá heyri það mál endanlega undir dómstólana.

En eins og hv. þm. sagði, þá reynir fyrst á þetta, ef stjórn sjóðsins ber fram slíkar kröfur. Nú hefur hún ekki hreyft slíkri kröfu, svo þess vegna er ólíklegt, að til ágreinings komi. Og jafnvel þó að það væri rétt, sem hv. þm. telur lagahlið málsins, þá mundi það hafa sáralitla þýðingu, því að ef meiri hl. Alþ. er efnislega því fylgjandi að taka þetta fé af sjóðnum, þá er hægt að ná því með öðru móti en þessu. Þá er hægt að gera það með því að færa til sviptinguna, ef svo má að orði kveða, taka hana á seinni árum, svo að stjórn sjóðsins sér það auðvitað í hendi sér, að ef Alþ. er þessarar skoðunar, þá er lagadeila út af málinu þýðingarlítil eða þýðingarlaus, vegna þess að fjárveitingarvaldið er í höndum Alþ. eða löggjafans, og hann getur komið vilja sínum fram með þeim hætti, sem ég drap á, ef ágreiningur skyldi rísa. Mér þykir hins vegar ólíklegt, að til þessa ágreinings komi, þegar af þeirri ástæðu, sem ég hef getið um.

Þar að auki ber að geta þess, að ríkið er eigandi þessarar stofnunar og hefur það þess vegna í hendi sér, hvernig með fjárveitingar og ráðstafanir fjár úr henni er farið. Þess vegna er ekki hægt að bera þessa ákvörðun löggjafans saman við það, ef hér væri um að ræða einstakling eða stofnun ríkinu óháða. Það má segja, að hér sé einungis einn vasi ríkissjóðs, þótt með sérstakri löggjöf sé, og þegar af þeirri ástæðu tel ég engan vafa á því, að það sé löglegt, sem hér er ákveðið, en það má ekki taka slíkt sem allsherjarfordæmi, þegar af þeirri ástæðu, sem ég sagði, að öðruvísi horfir með ríkisstofnanir en einstaklinga. Svo er það allt annað mál, hvort mönnum finnst hér vera farin rétt leið eða ekki. Við vitum ástæður til þess, að þetta hefur þótt nauðsynlegt, en það varðar efnishlið málsins, sem ég ætla ekki að blanda mér inn í hér, enda er fyrirspurninni einungis beint til mín um þá formlegu hlið.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil þakka forsrh. fyrir svör hans. Þau voru raunar á þá leið, sem ég bjóst við, að hann virðist vera í nokkrum vafa í þessu máli, en bendir á, að Alþ. gæti haft önnur úrræði til þess að svipta Fiskveiðasjóð þessu framlagi fyrir árið 1969. Það er vitaskuld alveg rétt. Það er hægt að gera það einhvern tíma síðar, ef Alþ. er þá þess sinnis að gera það. En hins vegar er það að sjálfsögðu töluvert annað, að Fiskveiðasjóður fái þetta framlag greitt á árinu 1969, jafnvel þó að upphæðin verði dregin frá seinna, sem mundi þá vera undir því Alþ. komið, sem þá situr.

Út af því, sem hæstv. forsrh. sagði um stöðu Fiskveiðasjóðs, að hann væri ríkisstofnun og að taka mætti úr einum vasanum og láta í hinn, þá er það að vísu rétt, að Fiskveiðasjóður er að því leyti ríkisstofnun, að hann er stofnaður með lögum. En stjórn hans er skipuð skv. sérstökum lögum, þannig að hann er engan veginn hluti af ríkissjóði. Enda er það líka svo, að starfsfjár Fiskveiðasjóðs er að mjög verulegu leyti aflað á annan hátt en ríkissjóður aflar sinna tekna, þ. e. a. s. með útflutningsgjaldi á sjávarafurðir, sem fluttar eru út úr landinu og eru eign þeirra aðila, sem að sjávarútvegi og sjávarvöruiðnaði standa.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Eins og þegar hefur komið fram í umr., varð sjútvn. ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. n., stuðningsmenn ríkisstj. í sjútvn., vill samþykkja frv., eins og það er eftir afgreiðslu í Ed. En við, sem erum í minni hl., teljum hins vegar, að það sé ekki ástæða til þess að gera þá breyt. á l. um Fiskveiðasjóð, sem felst í þessu frv., þótt við viðurkennum, að sú breyt., sem orðið hefur á frv. frá því það var lagt hér upphaflega fram, er mjög til bóta.

Þetta frv. fól í sér till. um það að fella niður skyldu ríkissjóðs til þess að greiða Fiskveiðasjóði ákveðið framlag á hverju ári, eins og fyrir er mælt í lögum. En það er gert ráð fyrir því, eins og kunnugt er, að Fiskveiðasjóður hafi ákveðinn tekjustofn af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum. Síðan er gert ráð fyrir því í l. um Fiskveiðasjóð, að ríkissjóður skuli leggja sjóðnum jafnháa fjárhæð á hverju ári og tekjur sjóðsins nema af útflutningsgjaldi.

Nú hefur verið vikið frá þessu um tveggja ára skeið og því borið við, að þar væri um að ræða erfiðleika hjá ríkissjóði að standa undir þessum greiðslum. En nú er sem sagt lagt til með þessu frv. að lögbinda þetta þannig, að ekki yrði um að ræða framlag frá ríkissjóði. Ed. hefur breytt frv. þannig, að það skuli ákveðið, að ríkissjóður greiði til Fiskveiðasjóðs gjald, sem nemur 35 millj. kr. á ári, í fyrsta skipti árið 1971. Ef lög um Fiskveiðasjóð verða látin standa óbreytt, eins og er mín skoðun, að þau ættu að standa, í þessum efnum, þýðir það, að Fiskveiðasjóður á að fá greiðslur fyrir árin 1969

og 1970, – en það hefur ekki verið staðið við greiðslur til sjóðsins skv. því, sem fyrir er mælt í lögum –, og síðan stæði það ákvæði í lögum áfram, að ríkið greiddi sjóðnum jafnhátt gjald á hverju ári og tekjur sjóðsins nema af útflutningsgjaldi. Ég tel engan vafa á því, eins og nú er komið, að þá mundi framlag ríkisins til sjóðsins nema nokkru hærri fjárhæð en 35 millj. kr., því miðað við útflutninginn, eins og hann er orðinn nú, þá mundi framlag ríkissjóðs vera nokkru hærra. Það er því mín skoðun, að það eigi ekki að samþykkja þetta frv., heldur að halda sig við það, að lög um Fiskveiðasjóð standi óbreytt í þessum efnum.

Þetta frv. miðar að því að skerða tekjur Fiskveiðasjóðs frá því, sem þær voru ákveðnar hér í l. Það er enginn vafi á því, að Fiskveiðasjóður hefur svo miklu hlutverki að gegna, að það á ekki að skerða þetta tiltölulega litla framlag ríkissjóðs til sjóðsins, sem bundið er í l. Ég tel, að hvort tveggja sé, að útlit um afkomu ríkissjóðs sé þannig, að það sé engin ástæða til þess að fara að taka upp sérstakan sparnað í þessu skyni, útflutningsverðmætin fara ört vaxandi, það horfir mjög vel á þessu ári, en við vitum líka mætavel, að tekjur ríkissjóðs standa í föstu sambandi einmitt við gjaldeyrisöflun þjóðarinnar, því að eftir gjaldeyrisöfluninni fer um innflutning og þar með um alla megintekjustofnana hjá ríkissjóði.

Það er því skoðun mín, að rétt sé að standa gegn þessari breyt., sem hér er gert ráð fyrir með frv., eins og það liggur nú fyrir, og halda sig við það að láta l. um Fiskveiðasjóð í þessu efni standa óbreytt og að ríkissjóður endurgreiði Fiskveiðasjóði það, sem hann hefur vangreitt á þessum tveimur árum, því að ekki var tekið upp á fjárlögum fé í þessu skyni. Ég legg síðan til, að á komandi fjárlögum verði staðið við skuldbindingar samkv. l. um Fiskveiðasjóð, eins og þau gilda nú. Ég vildi aðeins láta þetta sjónarmið mitt og okkar í minni hl. koma hér fram, að þetta er afstaða okkar til þessa frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 82. fundi í Nd., 25. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

2. gr. og ákv. til brb. samþ. með 23:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22:1 atkv.

Á 85. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Við 2. umr. málsins hafði ég lýst afstöðu minni til þessa frv., en gat því miður ekki verið hér viðstaddur, þegar atkvgr. fór fram. En þar sem við í minni hl. gáfum ekki út sérstakt nál., þá þykir mér ástæða til þess að láta það koma hér fram við þessa umr., að við, sem vorum í minni hl. sjútvn., teljum, að það sé ekki réttmætt að samþykkja þetta frv., því að það gerir ráð fyrir því að breyta gildandi l. um Fiskveiðasjóð þannig, að framlög ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs séu skert frá því, sem nú er fyrir mælt í l. Það er meginástæðan til þess, að við leggjumst gegn því, að þetta frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:14 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 731).

---

29. Lán vegna framkvæmdaáætlunar 1970.

Á 64. fundi í Ed., 2. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1970 [196. *mál*] (stjfrv., A. 474).

Á 65. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Á undanförnum þingum hefur sá háttur verið á hafður, að fjmrh. hefur í Sþ. gefið skýrslu um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstj. fyrir viðkomandi ár jafnhliða því, sem gerð hefur verið grein fyrir efnahagsþróun í þjóðfélaginu almennt, svo og heildaryfirlit eða spá um framkvæmdamál og fjárfestingar almennt í landinu viðkomandi ár.

Í annan stað hefur svo verið flutt árlega frv., þar sem aflað hefur verið heimildar fyrir ríkisstj. til þess að taka ýmis lán vegna framkvæmdaáætlunarinnar, þ. e. a. s. þess þáttar hennar, sem fjallar um hinn svokallaða ríkissektor, þ. e. a. s. beinar ríkisframkvæmdir, og stundum er að vísu í þessu frv. einnig aflað heimildar til fyrirgreiðslu í lánum eða ríkisábyrgðum fyrir aðra aðila.

Nú tvö síðustu árin hefur sá háttur verið á hafður varðandi framkvæmdaáætlun ríkisins í þrengri merkingu, þ. e. a. s. framkvæmdir ríkissjóðs, að drög að þeirri áætlun hafi verið látnar fylgja fjárlagafrv. strax, er það hefur verið lagt fram að haustinu, þannig að hv. þm. gæfist kostur á þá þegar að sjá, hvaða viðfangsefni það væru, sem talið væri óumflýjanlegt að sinna, annaðhvort utan fjárlaga eða þá, eins og stundum hefur gerzt í meðferð þingsins, að sum þessara mála eða fjárveitingar til þeirra hafa verið tekin inn í fjárlög næsta árs. Þetta hefur auðveldað mönnum mjög að átta sig á því, hvaða viðfangsefni væri við að fást. Síðan hefur að sjálfsögðu komið að þeirri lögfestingu um lántökuheimildir, sem ég gat um, því að þetta hefur verið afgr. sem fskj. með fjárlagafrv. og ekki nánari ákvörðun tekin um það í sambandi við afgreiðslu fjárlaga.

Það hefur stundum verið nokkuð að því fundið, að ekki væru saman frv. um lántöku vegna framkvæmdaáætlunar og skýrsla fjmrh. um heildarviðfangsefnið, þ. e. a. s. fjárfestingarmálin almennt og þróun fjármálanna á líðnu ári. Hefur jafnvel komið fyrir, eins og á síðasta þingi, að afgreiða varð frv. um lántöku, áður en hægt var að flytja þessa skýrslu.

Þá hefur í annan stað verið nokkuð að því fundið, að

þessi skýrsla hefur verið munnlega flutt af fjmrh., en það er mikið og langt mál og í henni mikið af tölum, þannig að mönnum hefur þótt heppilegra, að skýrslan lægi fyrir þm., þannig að auðið væri að átta sig á þeim tölulegu upplýsingum og yfirlitsskýrslum, sem áætluninni fylgja. Að vísu hefur verið venja að útbýta jafnan yfirlitstöflum, en í skýrslunni sjálfri er alltaf mjög mikið af tölum og því eðlilegt, að erfitt sé að átta sig á málinu.

Ég hef því valið þann kostinn nú, sem er ný aðferð varðandi þetta mál í heild, að flytja ekki munnlega sérstaka skýrslu mína í þetta sinn, heldur útbýta henni meðal hv. þm. án sérstakrar umr. í Sþ. og útbýta henni þá einmitt samtímis og tekið er til umr. frv. um heimild til lántöku vegna framkvæmdaáætlunarinnar. Er þá ekki ætlun mín að lesa upp þessa skýrslu, heldur aðeins vitna til hennar, og gefst hv. þm. þá kostur á að kynna sér málið í meðferð frv., eða frá því, að athugun þess hefst, og gera sér grein fyrir því, hvernig almennt horfir um þessi vandamál, sem hér er um að ræða og frv. sjálft er aðeins þáttur af.

Raunverulega má segja, að þetta vandamál, sem hér er við að fást, greinist árlega í þrennt. Í fyrsta lagi er það heildaryfirlit um áætlaða fjárfestingu og framkvæmdir í landinu á því ári, sem er að hefjast, en vegna þessarar áætlunar er ekki auðið að birta þessa grg. eða taka hana saman, fyrr en nokkuð er liðið á árið, og mun þetta vera með því fyrsta, sem tekizt hefur að ljúka þessari skýrslu, því að safna þarf til þessa yfirlits margvíslegum upplýsingum frá ótalmörgum aðilum. Í annan stað er svo um að ræða framkvæmdaáætlunina sjálfa, sem er í tveimur liðum, annars vegar framkvæmdir ríkisins og hins vegar fjáröflun til fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna, en samkv. nýjum lögum um Framkvæmdasjóð Íslands er það á vegum þess sjóðs, sem fjár er aflað til stofnlánasjóða atvinnuveganna. Fyrir utan þetta kunna svo að vera einstök vandamál, sem þarf að leysa og eru blönduð að eðli til, og mun ég víkja nokkuð að þeim. Auk þess er ekki víst, að undir öllum kringumstæðum sé hægt að leysa með venjulegum hætti þann vanda, sem við er að glíma, með hinu almenna ráðstöfunarfé, svo sem koma mun í ljós varðandi sum atriði þessa máls.

Áður en ég vík að einstökum atriðum þessa máls, vildi ég leyfa mér að gera örlítinn samanburð á fjáröflunaráætluninni nú í ár, eins og hún liggur fyrir, og eins og hún var á s. l. ári eða árinu 1969. Þá kemur í ljós við þann samanburð, að gert er ráð fyrir því, að hægt sé að afla innanlands mun meira fjármagns en þá var gert. Gert er ráð fyrir því, að í heild verði hlutföllin á milli innlends og erlends fjármagns þannig, að 71% verði innlent fjármagn og 29% erlent, en á fyrra ári voru hlutföllin 43% innlend og 57% erlend fjáröflun. Að vísu kunna hér að koma til nokkrar viðbótarlántökur, en sem ekki hagga þó verulega þessari mynd. Þetta hefur reynzt auðið vegna þess, að það hefur rýmkazt til á lánamörkuðum innanlands, og hefur verið lögð áherzla á að leysa sem mest af þessum vandamálum á þeim vettvangi.

Um fjáröflunina, sem um er að ræða, er það að segja, að gert er ráð fyrir því nú, að fjáröflunin alls nemi 748.7 millj. kr., en var í fyrra 627.9 millj. Þá var gert ráð fyrir í þeirri áætlun hlutdeild í þýzku skuldabréfaláni 193 millj., sem ekki er nú um að ræða. Aftur á móti er nokkru hærri notkun, sem nú er gert ráð fyrir vegna lánsins frá Viðreisnarsjóði Evrópu, sem tekið var á s. l. ári, en það er fyrst og fremst lán vegna Norðurlandsáætlunar, sem ekki hefur verið ráðstafað enn nema að tiltölulega litlu leyti. Orsökin til þessara breytinga er sú fyrst og fremst, að gert er ráð fyrir því, að eigið fé Framkvæmdasjóðs vaxi allverulega, eða úr 65 millj. í 151 millj., og lánsfé hjá viðskiptabönkunum hækki vegna mikillar aukningar á innstæðum úr 50 millj. í 141 millj. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að endurseld spariskírteini verði um tvöfalt meiri í ár en í fyrra, eða hækki í 160 millj. úr 80 millj. Gert er hins vegar ráð fyrir nokkurri minnkun á bandarískra vörukaupaláninu, sem stafar af því, að það eru erfiðleikar á að nota það nema að takmörkuðu leyti, og mun ég síðar lítillega koma að því, hvernig það muni geta breytzt aftur til hins betra, ef á annað borð verður um slíkt fé að ræða til ráðstöfunar fyrir okkur á næstu árum.

Varðandi útgjaldahliðina, þ. e. a. s. ráðstöfun þessa fjár, þá er gert ráð fyrir, að fjárfestingarlánasjóðir og fyrirtæki fái nú 453.7 millj., samsvarandi 402.9 millj. í fyrra, og aðrar framkvæmdir verði 356.8 millj. en voru 225 millj. í fyrra. Áætlunin er hins vegar 61.8 millj. kr. hærri en þessari fjáröflun nemur, og það var að vísu einnig svo á s. l. ári, að lítið eitt brá út af áætluninni, en það hefur ekki reynzt auðið að skera niður þessa nauðsynlegu útgjaldaliði, sem hér er um að ræða. Því er treyst á það, að eitthvað af þessu kunni að frestast. Má m. a. gera ráð fyrir því, að til bygginga á vegum Háskólans þurfi ekki að leggja fram á þessu ári nema að litlu leyti það fé, sem nú er gert ráð fyrir í áætluninni. E. t. v. kunna einhverjar aðrar greiðslur að færast á milli ára, en verði svo ekki, verður að sjálfsögðu að leysa þetta með viðbótarlántöku eða bráðabirgðaláni, þangað til hægt verður að mæta því með sérstökum ráðstöfunum í framkvæmdaáætlun næsta árs.

Með framkvæmdaáætluninni fylgir skýrsla um það, hvernig ástatt er varðandi fjárfestingarsjóðina og fyrirtækin, sem þar er um að ræða, en gert er ráð fyrir því, að sjóðirnir í heild geti veitt lán, sem nema 995 millj. kr., samanborið við 792 millj. á síðasta ári, sem er aukning um 203 millj. eða 26%. Af þessari lánsfjárhæð mun Framkvæmdasjóður samkv. áætluninni leggja fram 290 millj., samanborið við 208 millj. samkv. áætlun síðasta árs. Það er aukning um 82 millj. eða tæp 40%. Hins vegar voru í fyrra með þessum áætlunarhluta háar fjárhæðir til opinberra fyrirtækja, innlendra skipasmíða og Vestfjarðaáætlunar, en þessir liðir eru nú ýmist fallnir brott eða færðir yfir á opinberar framkvæmdir.

Ef ég vík að einstökum liðum varðandi fjárfestingarlánasjóðina, þá er um þá það að segja, að gert er ráð fyrir, að Stofnlánadeild landbúnaðarins fái 62 millj. kr., eða svo að segja óbreytta fjárhæð frá áætlun fyrra árs, en aukning annars ráðstöfunarfjár mun gera deildinni kleift að auka útlánin um 24 millj. frá fyrra ári upp í 140 millj. En þar af munu væntanlega ganga um 10 millj. kr. til stofnunar minkabúa. Veðdeild Búnaðarbankans fær nú 8 millj. kr., sem er sama fjárhæð og endanlega var lánuð 1969, en þá var í deildinni að vísu sérstakt ráðstöfunarfé, sem voru 15 millj. kr. af gengishagnaði.

Fiskveiðasjóður er eitt mesta vandamálið í sambandi við stofnlánasjóðina nú. Þar er um mjög háa útfærða áætlun að ræða, því að fyrir utan 188 millj. kr. vegna innfluttra skipa frá fyrri árum er útlánaáætlun 366 millj. til samanburðar við 231 millj. á síðasta ári. Að meðtöldu 80 millj. kr. lánsfé Framkvæmdasjóðs og áætluðu 50 millj. kr. erlendu lánsfé vegna vélakaupa nemur ráðstöfunarfé sjóðsins til nýrra lána 225 millj. Þá vantar allverulega fjárhæð, eða samkv. þessari áætlun 141 millj., sennilega þó töluvert hærri eða allt upp í 170 millj. til þess að ná nauðsynlegri útfærðri áætlun. Hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að afla meginhluta þess fjár og áætlanir um, hvernig afla skuli þess, sem á vantar, en enn þá er ekki fullkomlega frá því máli gengið. Ég tel hins vegar fulla ástæðu til þess að ætla, að hægt verði að afla alls þessa fjár.

Á lánum Fiskveiðasjóðs hafa orðið meginbreytingar, vegna þess að fiskiskipasmíði hefur nú færzt að meginhluta til inn í landið. Áður var þetta fjármagnað með 7 ára export-kredit-lánunum erlendis, sem Fiskveiðasjóður tók síðan að sér. Nú verður að afla þessara lána beint, til þess að auðið sé að smíða skipin innanlands. Hér verður því um vandamál að ræða, og í rauninni er ekkert að athuga við, þó að það sé leyst að allverulegu leyti með erlendu lánsfé, þar sem það er engin breyting frá því, sem áður var, því að aðeins er um að ræða, að skipasmíðarnar eru fluttar inn í landið. Annars hefðu skipakaup þurft að fjármagnast með erlendu lánsfé, þannig að þar er ekki um nýjar raunverulegar erlendar lántökur að ræða frá því, sem áður var.

Þá er enn fremur í sambandi við Fiskveiðasjóð við þann vanda að glíma, að geysileg vanskil hafa orðið á gengislánum þeim, sem tekin voru vegna stóru síldveiðiskipanna vegna þeirra miklu áfalla, sem þau skip urðu fyrir, og verður að afla nokkurs fjár til viðbótarlána til þess að leysa þann vanda.

Á vegum Fiskveiðasjóðs eru dráttarbrautalánin sérstakur liður, sem lækkar nú nokkuð, eða í 18 millj. úr 23 millj. á s. l. ári. Nú í ár skiptast lánin á þrjá staði, til dráttarbrauta á Akranesi, í Njarðvík og í Reykjavík.

Eigið ráðstöfunarfé Iðnlánasjóðs mun aukast mjög frá fyrra ári og nema 117 millj. kr. vegna iðnlánasjóðsgjaldsins fyrst og fremst, hærri fjárhæð en útlánin á síðasta ári. Með 28 millj. kr. lánsfé samkv. áætluninni mun sjóðnum gert kleift að veita verulega fjárhæð að láni til Kísiliðjunnar auk þess að sinna eðlilegri, almennri aukningu. Munu útlánin væntanlega hækka í 145 millj. úr 105.6 millj. á fyrra ári. Sjóðurinn mun þó ekki þurfa að sjá fyrir viðamestu þörfum iðnþróunar, þar sem Iðnþróunarsjóður mun taka til starfa á árinu með upphaflegu stofnfé, sem mun væntanlega koma til útlána nú, um 300 millj. kr.

Gert er ráð fyrir, að lánveitingar Lánasjóðs sveitarfélaga aukist mjög verulega eða sem næst tvöfaldist á þessu ári, hækki úr 33.7 millj. í 62.4 millj., og er aukningin einkum vegna hitaveituframkvæmda á Húsavík, Dalvík og á Seltjarnarnesi, og er sjóðurinn studdur af Framkvæmdasjóði með sérstöku láni til að mæta þessum þörfum.

Gert er ráð fyrir, að til Ferðamálasjóðs gangi 6 millj. kr., og þar fyrir utan er áætlað, að Framkvæmdasjóður aðstoði við útvegun á tveimur lánum til gistihúsabygginga í Reykjavík, hvoru að fjárhæð 15 millj. kr., þannig að til fjárfestingar í ferðamálum og hótelum verði samtals um 36 millj. kr.

Stofnlánasjóður verzlunarfyrirtækja er enn þá mjög vanmegnugur, en reiknað er með verulegri aukningu útlána, eða í 39 millj. úr 16.6 millj. á síðasta ári, og stuðlar Framkvæmdasjóður sérstaklega að þessu með verulegri aukningu á sínu framlagi, þ. e. a. s. 18 millj. í stað 6 millj. á árinu sem leið.

Þegar gengið var frá þessum málum og áætlunum, var enn allverulega á huldu um Byggingarsjóð verkamanna og húsnæðismálin í heild. Unnið hefur verið að þeim málum af ríkisstj. nú að undanförnu. Lausn þeirra er ekki tekin hér sérstaklega inn í þetta dæmi, vegna þess að ekki var ljóst, hvernig frá þeim málum yrði gengið, en þess má vænta, að frv. um það efni komi fyrir Alþ. næstu daga. Hins vegar tel ég ekki rétt á þessu stigi að vera að rekja það mál. Gerð verður grein fyrir því, þegar þar að kemur. Meginbreytingin, sem þar kemur til greina, mun ekki koma til á þessu ári, heldur fyrst og fremst á næsta ári, þ. e. ný fjáröflun, m. a. ríkisframlög, en gert er ráð fyrir því á þessu stigi varðandi árið í ár að afla lánsfjár, 15 millj. kr., auk framlags fjárl. 15 millj., þannig að 30 millj. verði aflað til verkamannabústaða, en sérstakar lánveitingar komi til vegna annarra byggingarmála.

Til byggðaáætlana fer fyrst og fremst það, sem eftir er af fé Norðurlandsáætlunar, 160.3 millj., sem ekki er hægt að segja um, að hve miklu leyti verður ráðstafað á þessu ári, og nokkurt fé, sem eftir var til þess að ljúka vegáætlunum samkv. Vestfjarðaáætlun.

Ég hef þá lítillega gert grein fyrir fjárfestingarsjóðunum og þeim vanda, sem þar er við að fást. Eins og hv. þm. sjá, er þar yfirleitt um verulega hækkun útlána að ræða og í sumum tilfellum mjög verulega hækkun.

Opinberu framkvæmdirnar eru annar þáttur þessa máls, og það er sá þátturinn, sem þetta frv. fyrst og fremst fjallar um, vegna þess að þar er nauðsynlegt að afla sérstakrar lántökuheimildar. Nú er það svo, að framlög ríkisins til þeirra opinberu framkvæmda, sem ríkið er beint eða með sveitarfélögunum aðili að, hafa aukizt mjög mikið í fjárl. yfirstandandi árs, sem sést bezt á því, að bein framlög á fjárl. til opinberra framkvæmda nema nú um 987 millj. eða 30.7% af framkvæmdaupphæð á móti 720 millj. kr. eða 22.2% fyrir ári. Hér er einnig um að ræða fjáröflun, eins og menn sjá, til framkvæmda, þar sem fjárveitingar koma úr öðrum áttum. En ef við lítum á frv. sjálft og framkvæmdaáætlunina í þrengri merkingu, eins og hún þar lítur út, þá er upphæðin þar 356.8 millj. kr., sem afla þarf fjár til, og meginhluti af þeim framkvæmdum, sem þar er um að ræða, eru framkvæmdir, sem teknar voru í drög þau að framkvæmdaáætlun, sem fylgdu fjárlagafrv.

Í fyrsta lagi er um að ræða framlag til Reykjanesbrautar. Það er gamalt vandamál, sem er enn þá óleyst, en í sérstakri athugun er, hvernig á að leysa þann vanda. Vandinn stafar af því, að það fé, sem á hverju ári fæst, annars vegar með framlögum í vegáætlun og hins vegar veggjaldi, nægir alls ekki til þess einu sinni að greiða að fullu vexti af þeim lánum, sem hvíla á Keflavíkurvegi, þannig að lántökurnar munu fara hækkandi

á næstu árum, ef ekki verður sérstaklega spyrnt við fótum með sérstakri fjáröflun. Það mun vera nægilegt í ár að afla 27.2 millj. til að standa undir skuldbindingum vegna vegarins.

Þá er jafnframt nauðsynlegt að afla 11.8 millj. sérstaklega til þess að ljúka vegaframkvæmdum samkv. Vestfjarðaáætlun. Það eru eftirstöðvar frá s. l. ári, sem ekki tókst þá að ljúka, og þar er um svo lága upphæð að ræða, að auðvitað kemur ekki til álita að fara að leita á sömu mið og áður til þess að leysa þær eftirstöðvar. Eins og hv. þm. er kunnugt, var þetta leyst fyrst og fremst með lánum úr Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins.

Í þriðja lagi í vegaframkvæmdum er framlag til Hafnarfjarðarvegar í Kópavogi, 12 millj., sem eru eftirstöðvar af lofaðri fyrirgreiðslu í sambandi við þann veg. Auk þess hefur Kópavogskaupstað verið veitt vilyrði um, að greitt yrði fyrir sérstöku 5.5 millj. kr. láni til kaupstaðarins sjálfs til þess að halda áfram þessu verki, en heildaráætlun um það er ekki lokið enn.

Varðandi vegamálin að öðru leyti er það að segja, að ætlunin er sú, og að því hefur verið unnið að undanförnu á vegum samgmrn., að gera heildarvegáætlun auk þeirra sérstöku vegáætlana, sem unnið hefur verið að í sambandi við Austurland og Norðurland. En stærsti þátturinn í hinni almennu athugun á vegamálunum eru hraðbrautaframkvæmdirnar, og samkv. þeirri áætlun, sem síðast hefur verið gerð um það efni og hugsunin er að reyna að framkvæma, er gert ráð fyrir, að það þurfi um 212 millj. kr. á þessu ári í hraðbrautaframkvæmdir. Í því sambandi þarf að afla lána, sem munu vera um 132 millj. kr. fyrir utan lán, sem gert er ráð fyrir, að fáist hjá Alþjóðabankanum, en þangað hefur verið sótt um lán til hraðbrauta, og má telja nokkurn veginn öruggt, að það lán fáist nú á þessu hausti. En það verður ekki nema lítið eitt, sem hægt verður að vinna fyrir það lán á þessu ári. Það kemur aftur aðallega til framkvæmda á næstu tveimur árum. En fyrir utan það lán mundi þurfa að afla, eins og ég sagði, um 130 millj. kr. á þessu ári, og er það mál nú í sérstakri athugun.

Þá eru landshafnir með smávægilegar framkvæmdir, sem gerð er grein fyrir í grg.

Framlag til Rafmagnsveitna ríkisins, þ. e. 35 millj. kr., er hið sama og gert var ráð fyrir í framkvæmdaáætlun í haust. Þar er fyrst og fremst um að ræða tengingar á milli rafveitukerfa til þess m. a. að reyna að minnka dísilrafstöðvanotkun, sem er mjög mikilvægt að hægt sé að draga úr vegna óhagkvæmni hennar.

Þá er 6. liður í þessari framkvæmdaáætlun. Það er nýtt mál, 15 millj. kr. lánsöflun til rafvæðingar í sveitum, og þessi fjárhæð er sett hér með það í huga, að það er ætlunin að ljúka þessari rafvæðingu í ár og á næsta ári, þ. e. a. s. öllum þeim línum, sem eru innan við 1½ km að lengd, og við það eru þessar lántökur miðaðar. Engin ákvörðun hefur verið tekin um, hvað gert verði varðandi framhald þessara framkvæmda, en ríkisstj. ákvað á sínum tíma að reyna að ljúka þessum framkvæmdum á árinu 1970 eða 1971, og til þess að það geti tekizt, verður – auk þess sem fjárveitingin sjálf hækkar nokkuð, eins og hv. þm. er kunnugt – að leggja út í þessa lántöku, sem ekki þarf að teljast óeðlileg, þegar svo langt er komið í þessum framkvæmdum. Þá væri hægt að borga það lán niður aftur af framlögum næstu ára, ef svipuðum fjárveitingum verður haldið.

Til jarðvarmaveitna ríkisins er varið 18.2 millj. og til orkurannsókna 19 millj. Bæði eru þetta mjög stór viðfangsefni, og nýlega hafa verið gerðar stórar áætlanir, bæði um jarðhitarannsóknir og almennar orkurannsóknir á vegum Orkustofnunarinnar. Það er mikið plagg, og þetta kostar 100 millj. kr. Að sjálfsögðu er útilokað að hefjast handa nú, enda er þetta umfangsmikið mál, sem þarf að kanna betur. Það, sem menn reyna að halda sig við á þessu stigi, er að ljúka þeim nauðsynlegu rannsóknum, sem mikilvægastar eru vegna framkvæmda, sem annaðhvort er brýn nauðsyn að hraða ellegar hafa þegar komizt í gang, og nefni ég í því sambandi, t. d. Kísiliðjuna við Mývatn og orkustöðina þar. Það kemur á daginn, að þar vantar aukna orku, enda leiðir það af sjálfu sér vegna tvöföldunar Kísiliðjunnar. Þar er óumflýjanlegt að gera ráðstafanir til nýrra borana, til þess að þessi fyrirtæki stöðvist ekki, og sömuleiðis þarf að halda áfram borunum á Reykjanesi. Þá þarf einnig að vinna að frekari athugunum á leiðum til orkuöflunar, bæði á Norðurlandi og Austurlandi. Er gert ráð fyrir nokkurri fjáröflun til þeirra mála. Þá er hér einnig gert ráð fyrir að verja 55 millj. kr. til Laxárvirkjunar. Það mál hefur verið í athugun að undanförnu og nokkur styrr um það staðið, en það stendur enginn styrr um það út af fyrir sig, að það er óumflýjanlegt að afla nýrrar orku fyrir þetta svæði, þannig að ekki er hægt að fresta þeim framkvæmdum með neinu móti. Á þessu stigi hefur ekki verið talin ástæða til þess að falla frá þeirri áætlun, sem fyrir liggur, að afla fjár, svo sem í upphafi var talið nauðsynlegt, til þess að hægt væri að ráðast í þær framkvæmdir þegar á þessu ári. Að öðru leyti skal ég á þessu stigi ekkert fullyrða um það, hver verður niðurstaða þess máls, en orkuna þarf að fá með einhverjum hætti.

Þá er nýtt mál, sem ekki var á framkvæmdaáætlun í haust, en það er 41 millj. til Landsvirkjunar. Vegna afkomu virkjunarinnar eða vegna nauðsynlegrar arðgæfi, sem hún þarf að hafa vegna skuldbindingar, m. a. við lánveitendur til virkjunarinnar, varð annaðhvort að hækka mjög verulega raforkusölu frá virkjuninni, þ. e. heildsöluverð á raforku, eða þá að eignaraðilar legðu fram meira fé, og var millileiðin farin, að eignaraðilar legðu fram 82 millj., Reykjavíkurborg að hálfu og ríkið að hálfu, og rafmagnið hækkar þá því minna.

Gert er ráð fyrir að afla til Áburðarverksmiðju ríkisins 55 millj. kr., og á það að vera nægilegt miðað við síðustu áætlanir. Auk þess er í frv. að finna heimild til sérstakrar lántöku fyrir hana, en það er vegna vélakaupa, 115 millj. kr., og er ætlunin að taka erlent lán. Aftur á móti mundu þessar 55 millj. fara til greiðslu á innlendum kostnaði.

Þá eru smáfjárveitingar vegna jarðefnaleitar og sjóefnarannsókna, sem hvort tveggja hafa verið nokkuð í gangi. Er nauðsynlegt að halda þeim áfram og ljúka þeim könnunum, sem þar er verið að gera.

Þá eru næst framlög til framkvæmda á Keldnaholti, en meginhluti þess fjár mun fara til Rannsóknastofnunar iðnaðarins, sem þar er verið að byggja, og um 2 millj. kr. munu fara til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins til sérstaks útbúnaðar vegna kalrannsókna.

Þá eru 10 millj. til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík. Þar vantar enn þá mjög verulegt átak, en ekki er talið mögulegt að afla meira fjár að sinni til þeirra framkvæmda. Þar er einnig fjárveiting í fjárlögum, 3 millj. kr.

Loks eru byggingarframkvæmdir á vegum Háskóla Íslands, 30 millj., og er það í samræmi við áætlun, sem háskólanefndin svokallaða gerði um byggingarframkvæmdir Háskólans, en þar er um að ræða mjög stórt viðfangsefni, sem menn munu standa andspænis næstu árin, sérstaklega þennan áratug, og mun í rauninni fara vaxandi eftir því sem á áratuginn líður.

Svo sem ég áðan sagði, vantar hér í heild rúmar 60 millj. kr., sem ekki hefur enn þá verið aflað fjár til, þannig að menn sjá, að hér er mjög knappt um fé og langt gengið. Þetta leiðir í ljós, að þess er ekki kostur að bæta hér við nýjum framkvæmdaliðum, nema við getum þá skorið annað niður eða bent á sérstakar leiðir til fjáröflunar í þessu skyni. Fjáröflunin er hugsuð þannig, að gefin verði út ný spariskírteini, 75 millj. kr., með sömu kjörum og verið hefur undanfarin ár. Ég skal hins vegar taka það skýrt fram, af því að á það hefur nokkuð verið deilt á undanförnum árum og ég í rauninni ekki allt of ánægður með það sjálfur, að þessi bréf hafa verið með sérstökum kjörum, laus við bæði framtalsskyldu og skattskyldu. Þá hefur verið bent á, að þetta væri óeðlilegt bæði miðað við önnur bréf og eins hitt, að hér væru erfiðleikar vegna skatteftirlits. Þá vil ég taka það fram, að það mál allt saman varðandi sparifé og skuldabréfin og arð af hlutafé er í sérstakri athugun í sambandi við skattamál fyrirtækja, og það má vænta annaðhvort á þessu þingi eða þá strax í byrjun næsta þings heildartillagna um meðferð þeirra vandasömu mála, sem vissulega er erfitt að leysa.

Það er gert ráð fyrir að gefa út ný spariskírteini í stað þeirra, sem innleysa ber, og samkv. fenginni reynslu er það svo, að mikill meiri hluti fólks óskar eftir því að framlengja bréf sín, og er ráð fyrir því gert í áætlun Seðlabankans, að óhætt sé að tvöfalda þá tölu eða gera ráð fyrir, að það verði um 160 millj. kr. í stað 80 millj. á þessu ári, sem afla megi með þeim hætti.

Svo sem ég gat um áðan, eru erfiðleikar um notkun á PL-láni. Við getum í rauninni ekki notað það, sem okkur gæti staðið til boða. Þetta er, eins og mönnum er kunnugt, vörukaupalán frá Bandaríkjunum. Erfiðleikarnir stafa ekki síst af því, að ekki er hægt að nota að fullu þau fóðurkaup og kornkaup, sem þar standa til boða, og það sýnist vera alveg ljóst, að það verður ekki gert nema með því að grípa til sérstakra ráðstafana. Þess vegna er lagt til að verja nú á þessu ári allt að 32 millj. kr. til Framkvæmdasjóðs Íslands, sem endurláni það til kornsölubyggingar í Reykjavík, en aðalkorninnflytjendur til landsins, Samband ísl. samvinnufélaga, Mjólkurfélag Reykjavíkur og Fóðurblandan hf., hafa sameinazt um að byggja hér kornhlöðu. Jafnframt hafa þessir aðilar skuldbundið sig næstu árin að flytja inn korn frá Bandaríkjunum, ef þessi fyrirgreiðsla verður veitt, og mundi þetta því á næstu árum auðvelda mjög notkun þess fjár. Með þessu á einnig að sparast mjög verulega fé, sem kemur þá innlendum aðilum til góða.

Ég held, herra forseti, að ég hafi þá vikið að þeim meginatriðum, sem máli skipta í sambandi við þetta frv., eins og það liggur fyrir, og gert í stórum dráttum grein fyrir ráðstöfun til fjárfestingarlánasjóðanna og þörf þeirra og jafnframt lítillega vikið að öðrum vandamálum, sérstaklega vegamálunum og hinum sérstaka vanda Fiskveiðasjóðs. Að öðru leyti vísa ég til þeirrar grg., sem ég hef hér látið leggja á borð hv. þm., og sé ég enga ástæðu til þess að fara að þreyta þá með að lesa hana hér upp, en vænti þess, að sú tilhögun, sem hér er á höfð, verði til þess að mæta þeim óskum, sem fram hafa komið um nægilega góð vinnuskilyrði til þess að taka ákvörðun varðandi lántökuheimildirnar og áætlunina í heild.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn., og vildi jafnframt mjög beina því til n., að hún tæki það sem skjótast til meðferðar. Að vísu liggur ekki endilega á að afgreiða frv. svo skjótt, að það geti ekki fengið eðlilega athugun, en það tekur nú að líða nokkuð á þingið, og er þess vegna æskilegt, að reynt verði að hraða málinu svo, að það verði ekki alveg til meðferðar á síðustu dögum þingsins.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Um leið og ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir hans skýrslu, vil ég láta í ljós, að ég tel, að hér sé réttur háttur hafður á, að útbýta þessari skýrslu bréflega, þannig að þm. gefist tóm til þess að lesa hana og athuga. En um leið vil ég benda á, að það væri æskilegra að mínum dómi, ef það gæti átt sér stað eilítið fyrr en umr. fer fram um málið, vegna þess að það er í raun og veru ekki hægt að gera ráð fyrir því, að þm. geti rætt þetta mál verulega, svo að nokkru gagni sé við 1. umr. málsins, nema þeim hafi gefizt áður tóm til þess að kanna þetta, og væri það þá til athugunar eftirleiðis. Það þarf ekki að eyða orðum að því, að þetta er náttúrlega eitt af þýðingarmeiri málum, sem hér er um fjallað, og auðvitað æskilegt, að þm. gefist góður kostur á því að setja sig vel inn í það, og er ekki að efa, að þeir hafa ríkan áhuga á því.

Ég mun nú ekki fara að ræða þetta mál mikið á þessu stigi. Eins og ég sagði áðan, eru í raun og veru ekki nægar forsendur til þess. Þó að ræða sú, sem hæstv. fjmrh. hélt hér, væri glögg, þá er auðvitað betra að kanna þetta í n. og kynna sér þessi gögn, áður en maður fer að ræða það, og taka afstöðu til þess.

Eins og kom fram í ræðu hæstv. fjmrh., er þetta frv., sem hér liggur fyrir, um lánsheimild til framkvæmdaáætlunar og um framkvæmdaáætlunina, ekki fullkomið að því leyti, að utan þess liggja mjög þýðingarmiklir framkvæmdaliðir, eins og hann gerði grein fyrir, og sumir þeirra liggja nú ekki enn ljóst fyrir, en eru auðvitað ákaflega mikilvægir, og skiptir höfuðmáli, hvernig reiðir af, bæði um áætlunargerð og fjáröflun til þeirra, eins og t. d. húsnæðismálin og vegamálin. Nú sá ég, rétt áður en ég gekk upp í pontuna, að það er búið að útbýta frv. til nýrra húsnæðislaga, en ég hef ekki getað sett mig inn í það. Sama er um vegamálin að segja. Að vísu gerði hæstv. ráðh. grein fyrir þeim hugmyndum, sem uppi eru í sambandi við þau varðandi lántökur á þessu ári með einhverjum hætti, þ. e. 132 millj., og þar að auki væntanlegt lán frá Alþjóðabank-

anum. Um þetta vil ég ekki segja annað á þessu stigi en það, að þessa er áreiðanlega mikil þörf. Það er að mínu viti þörf á því að gera stórátak í vegamálunum, og ég hygg, að allir séu í raun og veru sammála um það. Það, sem fyrir liggur í þessu frv., er nánast og að verulegu leyti aðeins til að standa undir því, sem þegar hefur verið gert eða að mestu leyti gert, þó að þarna sé aðeins efnt til framkvæmda, svo sem þar nánar segir. Ég fyrir mitt leyti vil þess vegna leggja áherzlu á, að því sé fylgt eftir, að ekki sé staðnæmzt í vegaframkvæmdunum við það, sem þetta frv. út af fyrir sig gefur bendingu um, heldur er þörfin rík, bæði náttúrlega á hraðbrautunum, eins og ráðh. vék að, og eins er brýn þörf á því að koma á braut alveg um landið, hringvegi um landið, eins og það hefur verið kallað, nokkurn veginn tryggum. En það gefur auga leið, að slíkt hlýtur að kosta mikið fé. En ég held, að það verði að horfast í augu við það, að það er verkefni, sem verður að leysa.

Þá er þetta nú svo, að frv. þetta fjallar út af fyrir sig ekki um byggðaáætlanirnar, en þar er mér af eðlilegum ástæðum sérstaklega rík í huga Norðurlandsáætlunin svokölluð. Að henni er vikið hins vegar, sé ég, í þessari skýrslu fjmrh. og gert er ráð fyrir því, að það verði til ráðstöfunar, skilst mér, í hana 152 millj., og gert ráð fyrir því, að það megi nota það fé á þessu ári, og þó að það kunni að fara svo, að það verði ekki allt notað á þessu ári, þá sé það til. En í þessari skýrslu fjmrh., sem hér liggur fyrir, þá segir um þetta á bls. 10, með leyfi hæstv. forseta: „Notkun fjármagns Norðurlandsáætlunar liggur enn ekki að fullu ljós fyrir, en þar í blandast lán til atvinnuframkvæmda og margháttaðra opinberra framkvæmda.“ Nú vil ég í sjálfu sér ekki ætlast til þess, og kannske er það ekki rétt, að blanda því máli frekar inn í þessa skýrslu. En ég vil þó láta það í ljós, sem ég hef reyndar oft gert áður í sambandi við þessa Norðurlandsáætlun og umr., sem hafa farið fram um hana, að ég fyrir mitt leyti legg mjög ríka áherzlu á það, að um raunverulega áætlunargerð sé að ræða, en fénu sé ekki útdeilt af þeim aðila, sem með það hefur að gera, í það og það skiptið í þetta verkefni, og svo standi maður nánast eftir andspænis því, að það sé gefin svona skýrsla um, hvernig þessu hefur verið ráðstafað. Það hefur nú verið gert að vísu og lagt fram það, sem kalla mætti vísi að Norðurlandsáætlun, og það hefur verið birt og það hafa þm. séð, en það er þó mjög almenns eðlis og án allrar sundurliðunar á því, hvaða framkvæmdir það séu, sem þar komi til greina. Nú er þetta auðvitað brennandi mál á Norðurlandi, og þarfirnar eru margar, og það er sjálfsagt erfitt að fullnægja þeim öllum, en mig langar mjög til þess að vita, – og ég veit varla, að hvaða aðila ég á að snúa mér með þetta, – hvernig hugsað er að ráðstafa þessu fé, og mér finnst endilega, að það eigi að gera fyrir opnum tjöldum, þannig að t. d. þm. og ég vil segja Alþ. fái hugmynd um það, áður en þessar ráðstafanir eru gerðar. Ég veit, eins og ég sagði, að þarfirnar eru miklar. Það eru náttúrlega atvinnumálin, sem eru þar nr. eitt að mínum dómi, en það eru líka samgöngumál, eins og flugvellir o. fl., o. fl., sem menn hafa á sínum óskalista þar, og það er ákaflega æskilegt og nauðsynlegt, að menn geti fengið eitthvað, sem þeir geta fest hendur á í því efni. Þessu vildi ég nú aðeins skjóta hér fram. Ég veit, að fjmrh. er nú á margan hátt við þetta riðinn, bæði sem þm. og ráðh. og eins atvinnujöfnunarsjóðsformaður, en ég vil leggja áherzlu á þetta, að mér finnst ekki liggja nægilega ljóst fyrir varðandi þessa áætlunargerð fyrir fram. En mér finnst, að það ætti ekki að valda ágreiningi, að það væri æskilegt, að þetta væri gert á þann hátt, sem ég hef hér verið að reyna að benda á, að mönnum gæfist kostur á að fá yfirlit og hugmyndir um þetta fyrir fram.

Ég veit nú ekki, hvort ég á að fara að minnast hér á fleiri atriði í þessu sambandi, því að, eins og ég sagði áðan, þá er eðlilegra, að þær umr. séu látnar bíða, þangað til þetta mál liggur skýrar fyrir. Ég heyrði, að hæstv. ráðh. gerði grein fyrir fjárþörf Fiskveiðasjóðs, og það kemur mér ekki á óvart, og þá minnist ég þess einnig, að ég hef bent á það á sínum tíma hér í vetur, þegar umr. voru um Fiskveiðasjóðinn, að honum mundi ekki veita af því framlagi, sem ætlað var til hans úr ríkissjóði áður. Það má segja, að það sé kannske ekki stór hluti í þessari fjárþörf, en eigi að síður staðfestir þó þetta það, að honum veitir sannarlega ekki af sínu.

Hæstv. ráðh. minntist á það, að þarna væri gert ráð fyrir allmikilli aukningu fjár til Stofnlánasjóðs verzlunarinnar. Verzlunin er nátturlega alls góðs makleg, og mér er það ljóst, að það er mikil þörf á því að skipuleggja og ég vil segja bæta starfshætti í verzlun hér, og ég held, að með þeim viðbrögðum mætti stuðla mjög að því að gera hana hagstæðari og ódýrari. En þegar þarfirnar eru jafnmargar og þær nú óneitanlega eru, þá er ekkert óeðlilegt, þó að maður stingi aðeins við fótum, þegar maður heyrir þessa tölu, sem þarna er ráðgert að hækka til Stofnlánasjóðs verzlunarinnar, og maður vilji fá nánari grg. um það, til hvers það sé ætlað. Það kemur sjálfsagt fram og upplýsist nánar í meðferð málsins. Þetta vildi ég benda á, en það er ekki svo að skilja, að ég sé að telja það eftir út af fyrir sig, að það sé hugsað til þessarar þarfar.

Þá get ég undirstrikað það, sem við höfum bent á áður og alltaf í sambandi við þetta frv., eins og ráðh. reyndar kom að, að við höfum alltaf talið það óeðlilegt, að þessi skuldabréf, sem þarna eru seld, séu undanþegin framtalsskyldu. Ég fyrir mitt leyti tel enga nauðsyn á því að blanda því saman, hvort um skattskyldu sé að tefla, og þótt þau séu undanþegin skattskyldu, þá geta þau verið framtalsskyld allt að einu, og það hefur verið okkar sjónarmið í þessu. Það var ánægjulegt að heyra, að hæstv. ráðh. sagði, að þessi mál mundu öll verða tekin til athugunar og mundi e. t. v. verða að vænta nýrrar stefnu í því efni, og er ekki nema gott um það að segja. En það verður þó sjálfsagt ekki komið til sögunnar, þegar þetta frv. verður afgreitt, og þá er náttúrlega spurning, a. m. k. fljótt á litið í mínum huga, hvort skattareglur, sem þá verða settar, geti verkað aftur fyrir sig á þau kjör, sem þegar hafa verið ákveðin í lögum um þessi skuldabréf, og þess vegna fyndist mér nú enn eins og fyrr eðlilegt, að þetta ákvæði um sjálfa framtalsskylduna eða lausnina undan framtalsskyldunni væri nú fellt niður úr þessum lögum, af því að ég get ekki séð, að það sé með réttu móti hægt að segja nokkru spillt, þó að maður verði að gera grein fyrir þessu, telja það fram. En hitt er allt annað mál svo um skattskylduna, það er allt annað mál.

Ég ætla svo ekki, herra forseti, að hafa þessi orð fleiri.

þetta voru aðeins örstuttar aths., en ég fellst alveg á það sjónarmið ráðh., að það sé auðvitað eðlilegt, að þetta sé síðar rætt frekar, þegar menn hafa frekar kynnt sér þessi gögn, sem hafa verið fram lögð og endurtek það, að ég álít, að það sé út af fyrir sig eðlilegur háttur og skynsamleg vinnubrögð í þessu sambandi, að mönnum gefist þannig kostur á að kanna þetta, þannig að menn séu ekki að eða menn eigi ekki að þurfa að ræða þetta svona út í loftið, af því að þeir geta ekki kynnt sér það nægilega vel.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég er nú ekki við því búinn að fara að ræða þessa framkvæmdaáætlun almennt eða marga liði hennar, ekki a. m. k. á þessu stigi málsins. Ég kvaddi mér hljóðs eingöngu til þess að spyrjast fyrir hjá hæstv. fjmrh. um eitt sérstakt atriði þessarar áætlunar.

Þannig er mál með vexti, eins og mörgum er kunnugt, að á hinu svonefnda Krýsuvíkur-Tröllladyngjusvæði á Reykjanesi hefur farið fram nokkur undirbúningsathugun í sambandi við það mikla jarðhitasvæði, sem þar virðist vera. Sú undirbúningsathugun beinist að tvennu: Í fyrsta lagi að athuga, hvort þarna er um að ræða jarðhita handa hugsanlegri sjóefnaverksmiðju, sem verið er að rannsaka, hvort hagkvæmt kunni að vera að stofnsetja. En jafnframt er þarna um að ræða rannsóknir, sem gætu komið að gagni hinum mörgu og fjölmennu bæjar- og sveitarfélögum á Reykjanessvæðinu og raunar hér á höfuðborgarsvæðinu öllu, ef svo reyndist, sem menn gera sér vonir um, að þarna sé um mjög verulegan jarðhita að ræða.

Ég hygg, að ég fari rétt með, að það sé gert ráð fyrir, að boranir á þessu svæði og rannsóknir muni kosta um 36 millj. kr. En á fjárlögum þessa árs er í heimildargrein heimild til þess að taka allt að 10 millj. kr. að láni til þessarar sérstöku framkvæmdar nú í ár. Ég sé ekki betur en hér í framkvæmdaáætluninni sé hins vegar aðeins gert ráð fyrir að nota af þessum 10 millj. 4.1 millj. kr. á þessu ári. Ástæðan er mér óljós. Hún kann að vera sú, að þeir aðilar, sem koma til með að hafa þessar framkvæmdir með höndum, telji sig ekki geta annað meiri verkefnum á þessu ári. Um þetta vildi ég spyrja hæstv. ráðh., ef hann hefði tök á að upplýsa nú eða síðar, hver ástæðan er. Ástæðan getur vissulega ekki verið sú, að það sé ekki full þörf á að vinna þarna fyrir þessar 10 millj., sem heimildin segir til um, því að það er vissulega full ástæða til þess, og ég held, að þarna sé um svo mikilvægt mál að ræða, að full ástæða sé til að hraða þessum rannsóknum, eins og þörf er á. Það var aðeins þetta atriði, sem ég vildi á þessu stigi máls vekja athygli á í sambandi við framkvæmdaáætlun.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Varðandi fsp. hv. síðasta ræðumanns, 5. þm. Reykn., vildi ég aðeins segja, sem ég sagði raunar í inngangsræðu minni, að orkumálin eru geysilega fjárfrek mál, og áætlanir, sem um þau hafa verið fram settar af Orkustofnuninni, nema geysimikilli fjárhæð.

Á undanförnum árum hefur verið mjög mikið unnið á Reykjanessvæðinu og meira en nokkurs staðar annars staðar í sambandi við orkuleit, það er rétt, að það er fyrst og fremst verið með hugsanlega sjóefnavinnslu fyrir augum, en varðandi það fé, sem nú er ætlað til orkurannsókna, þá er gert ráð fyrir, að nokkur hluti þess eða rúmar 4 millj. kr. renni til athugunar á fullvinnslu sjóefna og hugsanlegrar nýtingar á höfuðstaðarsvæðinu. Hér er að sjálfsögðu ekki nema hluti af því fé, sem Orkusjóður hefur til ráðstöfunar til orkurannsókna, og má vel vera, að hægt sé að sameina það að einhverju leyti, enda er gert ráð fyrir því í áætlun Orkustofnunar, að þetta geti komið að sameiginlegum notum leitin að orku vegna sjóefnavinnslunnar og orkuleit, sem hugsanlega gæti orðið til almennra nota fyrir Reykjanessvæðið. Ekki er ástæða til að halda að það einangrist við það viðfangsefni. Hins vegar er ekki talið mögulegt að leggja fram alla þá peninga, sem hv. þm. gat um, umræddar 10 millj., sem að vísu voru teknir sem lántökuheimild, án þess að nokkuð væri fullyrt um, að væri hægt að afla þess láns nákvæmlega til þeirra hluta, þ. e. láta það sitja fyrir, sem brýnast er í þessu efni. En ég tek undir það með hv. þm., að þetta er mikilvægt mál, sem hefur verið sinnt og þarf að sinna.

Ég held hins vegar, að það sé ekki enn þá endanlega gengið frá því, hvernig sveitarfélög á þessu svæði ætla að standa að þessum málum, og vitanlega er ekki hægt að ætlast til þess, að ríkið að sínu leyti kosti jarðhitaleit fyrir hitaveitur. Það er ekki venjan, heldur er lánað fé til þess, og síðan er það reiknað með sem tilkostnaður hitaveitnanna, þegar þar að kemur. Þar sem leitað hefur verið að jarðhita, hafa jarðboranirnar að hálfu leyti verið kostaðar af framlögum úr Orkusjóði, en að hálfu leyti með framlögum frá viðkomandi sveitarfélögum, og ég held mér sé óhætt að segja, að það liggja ekki endanlega fyrir enn þá áætlanir frá sveitarfélögum hér, að þau vilji fjármagna það að sínu leyti á þennan hátt. Með þessu er ég ekki, eins og ég sagði, að draga úr nauðsyn þess, að þetta verði gert, og tel, að þarna séu möguleikar fyrir hendi með þessari fjáröflun að sameina að nokkru athugun í þessum tvíþætta tilgangi.

Varðandi það, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði um Norðurlandsáætlun, að ekki væri sérstaklega um sundurliðun á fjárveitingum hennar að ræða í greinargerð minni um framkvæmdaáætlunina, þá er það alveg rétt. Það er aðeins tekið fram, hvaða fé sé til ráðstöfunar. Eins og hv. þdm. mun væntanlega kunnugt, vann Efnahagsstofnunin að gerð þessarar áætlunar og hefur fyrir nokkru afhent ríkisstj. atvinnumálakafla hennar. Það hafa verið nokkuð skiptar skoðanir um það, hvernig sá kafli gæti litið út. Sumir hafa talið, að það væri hægt að setja þar upp nokkuð nákvæma áætlun um það, hvaða mannvirki ætti að reisa og hvar þau jafnvel ættu að vera. Ég hef aldrei verið þeirrar skoðunar, að það væri auðið, eða þeir menn, sem að áætluninni hafa unnið. Hitt er annað mál, að í áætluninni er að finna lauslega sundurliðun á því, til hvers talið er af hálfu þeirra, sem að áætluninni stóðu, eðlilegt að verja þessu fé, þ. e. a. s. til hvers konar framkvæmda, ekki nákvæmlega til tiltekinna verksmiðja eða tiltekinna hafnargerða eða annarra opinberra framkvæmda, heldur hvernig hugsa mætti sér, að eðlilegt væri vegna uppbyggingar landshlutans að verja fénu til einstakra liða í framkvæmdum. Það er að finna í áætluninni.

Það var niðurstaðan hjá ríkisstj. að fela Atvinnujöfnunarsjóði að sjá um framkvæmd áætlunarinnar að því leyti að ráðstafa þessu fé í samræmi við það, sem áætlunin mælti nánast fyrir, að gert yrði og talið væri þjóðhagslega skynsamlegast að gera á hverju svæði. Það hefur á fyrsta ári þessarar áætlunargerðar verið ráðstafað töluverðu fé, að því er ég hygg á mjög skynsamlegan hátt almennt séð, með því að leggja áherzlu á að hraða ýmsum opinberum framkvæmdum. Það fé endurgreiðist fljótt aftur, og má þá endurnýja þær lánveitingar til einhverra annarra þarfa á svæðinu, þannig að með þessu móti má ráðstafa fénu oftar en einu sinni og jafnvel oftar en tvisvar til að hraða ýmsum mikilvægum framkvæmdum, og er það að sjálfsögðu mikils virði.

Það hafa þegar verið teknar einstakar ákvarðanir um ýmsar lánveitingar inn á þetta svæði til framkvæmda, sem talið hefur verið rétt í áætluninni sjálfri, að hagkvæmt væri að vinna einmitt að í þessum landshluta, og nefni ég t. d. skinnavinnslu, til þess að nefna eitthvað ákveðið. Vitanlega var ekkert fullyrt um það, hvar skinnavinnsluverksmiðju skyldi reisa. Það er nú líka mikið vandamál að gera upp á milli staða þannig, en auðvitað veltur framkvæmdin öll á því, að fyrir hendi séu á stöðunum framkvæmdaaðilar, sem vilja koma þessum framkvæmdum áleiðis. Það hefur gerzt í þessu sambandi, að tveir aðilar, annar á Akureyri, Samband ísl. samvinnufélaga, og hinn á Sauðárkróki, hlutafélag þar, hafa ráðizt í það að byggja þessar verksmiðjur. Hefur verið talið rétt að veita lán til þeirra, og fleiri framkvæmdir hafa ýmist verið ákveðnar eða í athugun, en ég held, að allir hv. þm. geti orðið sammála um, þegar þeir athuga málin nánar, að það er fyrir fram útilokað að ákveða nákvæmlega, til hvers konar verksmiðja eða hvers konar atvinnurekstrar þessu fé skuli varið. Það verður að skoðast hverju sinni miðað við þær hugmyndir, sem upp koma.

Atvinnujöfnunarsjóður mun fyrir sitt leyti leggja fram aðstoð, eftir því sem óskað verður, og leiðbeiningar varðandi fyrirtæki, sem menn kynnu að hafa áhuga á að koma á laggirnar á þessum stöðum, og einnig líta vinsamlegum augum óskir um að hraða opinberum framkvæmdum í bili með bráðabirgðalánum. En að hinu leytinu held ég, að við getum öll orðið sammála um, að það er auðvitað alveg vonlaust að koma með áætlunargerð á þann hátt að ákveða fyrir fram og leggja fyrir Alþ. einhvern lista yfir framkvæmdir. Þetta kemur smám saman, og því ekki hægt að gera þetta allt í einu, ef við hefðum yfirlit yfir um 100 millj. kr. eða eitthvað slíkt. Þannig ber málin ekki að. Þetta er að smáþróast með mismunandi hraða, og auðvitað er ekki hægt að láta eina framkvæmd bíða eftir því, að athugun á annarri sé lokið. Þetta held ég nú, eftir atvikum, að við ættum öll að geta verið sammála um að svona þarf að vinna. Hitt er annað mál, að ég er hv. þm. alveg sammála um það, að auðvitað á þetta allt að gerast fyrir opnum tjöldum, enda ekki ætlunin að leyna með nokkrum hætti því, sem þarna er gert, enda stendur nú að endanlegri ráðstöfun fjárins stór þingkjörin nefnd, þ. e. a. s. stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs, og svo vill nú til, að hún er eingöngu skipuð þm.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég er ekkert að segja það eða fara fram á það, að áætlun sé gerð með þeim hætti, að það sé fyrir fram alveg ákveðið í henni, í hvaða einstaka framkvæmd fé skuli varið. Hins vegar álít ég, og ég held að við hljótum að geta verið sammála um það, að mjög auðvelt sé að gera slíka áætlun úr garði, alveg eins og þetta frv. er, sem hér liggur fyrir til umr., því að þar eru einmitt teknir upp ákveðnir málaflokkar, sem ákveðnu fé á að verja til, og líka eftir atvikum, þegar það liggur ljóst fyrir, einstök fyrirtæki eða framkvæmdir, sem þetta þurfa að fá. Munurinn er aðeins sá, að þetta frv. er sniðið fyrir landið allt og byggt á heildarsýn yfir málefni landsins alls, en staðbundna áætlun þyrfti að gera varðandi þær framkvæmdir, sem koma undir Norðurlandsáætlun, alveg með hliðstæðum hætti og gert er og staðið er að í þessari framkvæmdaáætlun. Mér skilst, að það ætti að vera alveg eins auðvelt að gera þannig staðbundna landshlutaáætlun, hvort heldur það er Norðurland, sem á í hlut, eða einhver annar landshluti, eins og áætlun fyrir landið allt, og það var þetta, sem ég átti við, og ég held, að það sé mjög vel framkvæmanlegt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 474, n. 555, 582).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er ekki í verulegum atriðum frábrugðið samsvarandi frv., sem legið hafa fyrir hv. Alþ. á undanförnum árum, þannig að fjáröflun til framkvæmdaáætlunarinnar er í meginatriðum með sama sniði og áður hefur verið, þannig að ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta mál, enda er fjhn. sammála um að mæla með frv. Þó hafa þrír nm. skrifað undir álitið með fyrirvara og flutt við það sérstakar brtt. á þskj. 582.

Að þessum brtt. skal ég á eftir víkja örfáum orðum, en ég tel rétt, að það komi fram í sambandi við þá heimild, sem ákveðin er skv. 5. gr. frv., að verja þeim hluta lánsins, sem er andvirði fóðurvörukaupa, eða allt að 32 millj. kr., til Framkvæmdasjóðs Íslands til endurlána í þágu kornvörubyggingar í Reykjavík, að ég hef orðið var við óttu við það, eins og kom m. a. fram í umr. í n. um það mál, að með þessu væri sköpuð hætta á því, að þetta mundi hækka verð á fóðurvörum frá því, sem nú er, og byggist það m. a. á því, sem oft hefur verið, að verð á korni hefur verið hærra í Bandaríkjunum en í Evrópulöndum. Ég tel rétt í sambandi við það, að taka það fram í fyrsta lagi, að gert er ráð fyrir því, að þær vörur, sem keyptar eru í Bandaríkjunum fyrir þetta lánsfé, séu seldar á heimsmarkaðsverði, en í öðru lagi er rétt að vekja athygli á því, að þeir aðilar, sem að þessari kornvörubyggingu kæmu til að standa og flyttu þessar fóðurvörur inn, öðluðust auðvitað engan einkarétt á því að selja þessa vöru á innlendum markaði, þannig að innflutningur á þessari vöru mundi vera frjáls eftir sem áður, og ætti það að draga úr og raunar gera að engu

hættu á því, að þetta leiddi til verðhækkana. Hins vegar hafa verið vissir örðugleikar á því að nýta PL-lánin að undanförnu, sem stendur í sambandi við það, að þau verða einvörðungu notuð til kaupa á landbúnaðarvörum í Bandaríkjunum, en þessi lán eru með hagkvæmum kjörum, þannig að æskilegt er að hagnýta þau í því skyni, sem hér er um að ræða, ef á því eru möguleikar. Ég taldi rétt, að þetta kæmi fram. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta.

En svo að ég víki með örfáum orðum að brtt. á þskj. 582, sem fluttar eru af 3 nm., þá er hvað fyrri till. snertir um að ræða till., sem gengið hefur aftur nú á undanförnum þingum, og mér skilst, að það, sem vakir fyrir flm., sé það, að ef um handhafaskuldabréf sé að ræða, sé hætta á því, að eign þessara bréfa eða útgáfa þeirra geti að einhverju leyti torveldað eftirlit með skattaframtölum. Ég álít, að þetta sé á misskilningi byggt.Svo virðist, að sú hugsun sé töluvert útbreidd, sem mér kemur að vísu fyrir sjónir sem alger meinloka, verð ég að segja, að ef menn svíki tekjur sínar undan skatti, þá geti þeir helzt ekkert annað gert við þessar tekjur en að kaupa ríkisskuldabréf, þannig að ef menn séu með því að skrá bréf á nafn hindraðir í því að kaupa handhafaskuldabréf, þá muni viðkomandi verða góðu börnin og telja þessar tekjur fram. En að mínu áliti er þetta á miklum misskilningi byggt. Það er hægt að koma skattsviknum tekjum alveg eins og öðrum tekjum í lóg með öðrum hætti en þeim að kaupa fyrir þær tekjur eða þá peninga, sem þarna er um að ræða, ríkisskuldabréf.

Nú er það svo um allan almenning, skattsvikara jafnt sem aðra, að hann eyðir meginhlutanum af tekjum sínum. Lauslega áætlað er það varla meira en 5% eða svo, sem einstaklingar spara af tekjum sínum. Vissulega er sá möguleiki fyrir hendi að fara til Kanaríeyja í sumar- eða vetrarleyfi eða eyða þeim á einhvern annan hátt, og þá þurfa menn ekki að óttast skattayfirvöld. Jafnvel þótt menn væru svo sparsamir, þeir sem koma tekjum sínum á einn eða annan hátt undan skatti, sem vissulega eru allmargir, að þeir vildu nota þetta til eignaaukningar frekar en að eyða tekjunum, þá eru ótal margar leiðir aðrar til eignaaukningar, sem skattayfirvöld geta ekkert eftirlit haft með, en að kaupa ríkisskuldabréf. Menn geta keypt málverk, húsbúnað, heimilistæki og annað, sem menn samkv. gildandi l. eru alls ekki skyldir til að telja fram. Þó að þeir væru skyldir til þess að telja slíkt fram, virðist það enga þýðingu hafa, því að það er nokkuð, sem ekki er hægt að líta eftir. Tiltölulega auðvelt væri líka að fela eignaaukningu með fasteignakaupum og á annan hátt.

Mér finnst þetta í rauninni á fullkomnum misskilningi byggt. Það eru engar líkur á því, að þó að hægt væri að hindra það, sem maður getur vel hugsað sér, að tekjur, sem væri varið til kaupa á ríkisskuldabréfum, yrðu faldar fyrir skatti, að menn mundu þá ekki fara aðrar leiðir í því efni. Má í því sambandi vekja athygli á því, að í löndum eins og Bretlandi og Bandaríkjunum, þar sem skattaeftirlit er talið strangara en nokkurs staðar annars staðar, eru ekki til neinir eignarskattar og engar eignir yfirleitt taldar fram. Þetta bendir til þess, að þessar enskumælandi þjóðir líti þannig á, að eignaeftirlit hafi yfirleitt enga þýðingu í þessu sambandi.

En þrátt fyrir það gæti komið til mála að hafa þessi ákvæði, en þá ber á það að líta, að hætta er á því, og það er nú ein ástæðan til þess, að ég treysti mér ekki frekar en áður til þess að styðja þessa tillögu, að það mundi draga mjög verulega úr sölu bréfanna, því að þess ber að gæta, að þó að verðtryggingin sé vissulega mikil hlunnindi fyrir þá, sem kaupa þessi bréf, þá verða menn á hinn bóginn að fórna töluverðu til þess að njóta að fullu þeirra fríðinda, sem þarna er um að ræða. Þá þurfa þessir peningar að vera bundnir í 12 ár, og margir veigra sér af eðlilegum ástæðum við því að binda fé sitt í svo langan tíma, þótt ekki væri að öðrum ástæðum en þeirri, að enginn hefur tryggingu fyrir því, að hann verði á lífi eftir 12 ár og geti notið þeirra peninga, sem hann hefur lagt fyrir. Að vísu er hægt að losa þessa fjármuni fyrr, en þá njóta menn ekki að fullu þeirra vaxta og annarra fríðinda, sem þarna er um að ræða.

Varðandi síðari brtt. um að hækka framlagið til rafvæðingar í sveitum, þá er það vissulega gott málefni. Spurningin er aðeins sú, hvort möguleikar eru á því að auka þá fjáröflun, sem lagt er til að heimiluð verði skv. þessu frv. Mér hefur nú skilizt, að fjármagnsskorturinn væri svo mikill, að það hefðu verið ærnir örðugleikar á því að afla þess fjár, sem frv. gerir ráð fyrir, þannig að óraunhæft sé að hækka það framlag, sem þarna er um að ræða, þó að til góðra málefna sé.

Bjarni Guðbjörnsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður minntist lítillega á brtt., sem minni hl. í fjhn. leggur fram, og taldi þetta vera gamlan húsgang hér frá liðnum árum. Sú till. er ekki lakari fyrir það, þótt hún hafi verið borin fram hér áður. En ég get ekki talið það nein rök í þessu sambandi, þó að það væru ýmsar leiðir til fyrir skattsvikara að koma undan fé, óteljandi að mati síðasta ræðumanns, þótt þeir keyptu ekki þessi bréf, en eyddu þeim tekjum, sem þeir teldu ekki fram. En hitt er svo aftur á móti rök okkar, að það sé óþarfi, að ríkisstj. opni leiðir fyrir þá, sem svíkja undan skatti, til þess ár eftir ár að kaupa svona bréf. Það er ábyggilega ein af þeim óteljandi leiðum, sem síðasti ræðumaður hafði í huga.

Þau verkefni, sem framkvæmdaáætlun gerir ráð fyrir að unnið verði að fyrir það lánsfé, sem gert er ráð fyrir árið 1970, eru að sjálfsögðu hin þörfustu og nauðsynleg, og mun ég ekki hafa neinar sérstakar aðfinnslur uppi í því sambandi, enda tæplega haft aðstöðu til þess að kynna mér það nægilega. Um einstaka liði framkvæmdaáætlunarinnar, sem taldir eru upp í síðustu gr. frv., er það að segja, að þeir eru hinir þörfustu og sjálfsagt að hraða ýmsum þeim verkefnum, sem þar eru tilgreind sérstaklega, svo sem vegagerð, raforkuframkvæmdum, hafnarmannvirkjum og öðru. Ég hygg, að það sé sameiginlegt áhugamál allra, að vatnsorku- og jarðhitarannsóknir verði auknar, kannað verði, hvað nauðsynlegt og hagkvæmast verði að ráðast í nú á þessu ári, enn fremur að það sé kannað eftir föngum, hver jarðefni finnist hér á landi.

Um byggingar skv. framkvæmdaáætluninni er lítið að segja. Hér er um að ræða byggingar, sem verið er að vinna að á ýmsum byggingarstigum. Það verður að útvega fé, svo að byggingarhraðinn geti verið eðlilegur. Þá er enn fremur gert ráð fyrir því, að byggt verði á vegum Háskólans fyrir um 30 millj. kr. af lánsfé.

Ég hef skrifað undir þetta nál. með fyrirvara, fyrst og fremst með það í huga að koma hér fram með 2 brtt., sem raunar er lítillega búið að minnast á af frsm. n. Ég get vel fallizt á það, að til þess að örva sölu þessara bréfa, þá verði þau skattfrjáls eins og annað sparifé, en ég sé enga nauðsyn á því að hafa þau einnig undanþegin framtalsskyldu. Bréfin verða að mínu viti alveg jafnt seljanleg, þó að þau verði framtalsskyld. Þau hafa að bjóða ýmislegt það, sem gerir sölumöguleika þeirra mikla. Hins vegar hlýtur framtalsskylda að auðvelda mjög eftirlit með skattgreiðslum.

Ég vil skjóta því hér inn í, að ég man ekki betur en að í umr. um síðustu framkvæmdaáætlun hafi fjmrh. lýst yfir því, að gefnu tilefni, er hann var að því spurður, hvað ríkisskattstjóri segði um framtalsskyldu spariskírteina, ef ég man svarið rétt, að að sjálfsögðu væri ríkisskattstjóri hlynntur því, að þetta væri talið fram, þó að það væri skattfrjálst. Það hlýtur að vera af þeirri einföldu ástæðu, að hann teldi, að það væri frekar hægt að girða fyrir skattsvik, ef þessar eignir væru taldar fram á framtalsskýrslum. Það virðist beinlínis opnast leið fyrir þá, sem það vilja, að stinga undan fjármunum, og það er fáránlegt, að ríkið sjálft skuli gefa út spariskírteini, sem ekki þarf að telja fram.

Yfirleitt held ég, að framtalsskyldufrelsið leiði til vandræða, hvort sem um er að ræða spariskírteini eða sparifé. Ég tel það mjög nauðsynlegt, að haldið sé uppi eðlilegu og réttmætu eftirliti varðandi skattframtöl, og því ætti ekki að vera heimilt að fella niður úr framtali eignir ár eftir ár, og það er því óeðlilegra sem mönnum er oftar gefið færi á í vaxandi mæli að fella niður eignir sínar af framtölum.

Á þskj. 582 höfum við lagt fram brtt. um hækkun á fjárframlagi til rafvæðingar í sveitum. Í árslok 1968 voru um 447 býli án rafmagns á landinu. Þá höfðu verið tengd 3429 býli við samveitur, en 948 býli voru þá talin tengd við einkarafstöðvar. Dreifing raforkunnar hafði þá verið mest í þéttbýlustu héruðunum, en þegar út í dreifbýlið kom, varð annað uppi á teningnum. Þannig munu 70% býla í 2 sýslum landsins utan samveitusvæða hafa verið án rafmagns, þ. e. í Barðastrandarsýslu og í N.-Múlasýslu. Á árinu 1969 munu hafa verið tengd við samveitur 70–80 býli, en árið 1968 voru þau 130. Fyrir 1968 munu að meðaltali hafa verið tengd um 200 býli árlega. Þessi þróun, þessi fækkun á þeim sveitabýlum, sem fá rafmagn, er mjög ískyggileg og hefur valdið mönnum mjög miklum áhyggjum. Með þeirri upphæð, sem tekin er inn í framkvæmdaáætlun ársins 1970, er þó að nokkru komið til móts við óskir manna um hraðari framkvæmdir.

Raforkan er undirstaða þæginda, bæði í þéttbýli og dreifbýli, og óhugsandi, að nokkur hluti þjóðarinnar geti til langframa unað því að búa við ófullnægjandi rafmagn. Fólkið, sem enn hefur ekki fengið rafmagn og enn ekki notið rafljósa, sjónvarps, útvarps eða annarra þæginda, sem rafmagnið hefur að bjóða, á kröfu til þess, að rafvæðingunni sé flýtt sem allra mest og að rafvæðingu allra landshluta sé lokið hið fyrsta. Það er skoðun okkar, sem að þessari brtt. stöndum, að með því að hækka framkvæmdafé upp í 30 millj. megi ljúka rafvæðingu alls landsins á árinu 1973. Hjá Orkustofnun munu vera til yfirgripsmiklar upplýsingar í þessu efni, og skv. þeim ætti þessu takmarki að vera náð á árinu 1973.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þessi atriði, en vænti þess, að hv. þdm. ljái þessum brtt. lið, svo sanngjarnar sem þær eru.

Björn Jónsson: Herra forseti. Sá fyrirvari, sem ég og aðrir 2 hv. þm. í fjhn. höfum gert við frv., hefur nú að verulegu leyti verið skýrður af hv. síðasta ræðumanni, sem hér talaði fyrir till. okkar, sem við flytjum á þskj. 582, en ég vildi þó í örfáum orðum skýra fyrirvara minn örlítið frekar. Hann er í fyrsta lagi sá sami og ég hef reyndar haft á undanförnum árum í sambandi við frv. af þessu tagi, þ. e. a. s. um framtalsskylduna. En ekki hefur verið fallizt á nein þau rök, sem færð hafa verið fram fyrir því, að réttast væri að undanþiggja ekki þessi gjöld framtalsskyldu, enda þótt þau væru skattfrjáls, og hefur hv. formaður fjhn. og frsm. hennar nú sýnt oft og tíðum mjög mikla leikni í því að finna rök gegn því, að þessi háttur væri á hafður. Það voru engin þrot á því frá ári til árs, að hann fyndi þessari till. allt til foráttu. Einu sinni var sú mótbára, sem hann hafði hér í frammi og byggði allan sinn málflutning á, sú, að það væri ekki hægt að setja framtalsskyldu um þetta inn í lög, vegna þess að í skattalögum væru engin viðurlög við því, að menn teldu ekki fram það, sem skattfrjálst væri, og dugði þar ekkert, þótt bent væri á, að það yrði auðvitað bætt úr því, ef slík till. yrði samþykkt.

Nú eru aðrar röksemdir hafðar uppi. Þetta muni draga úr sölu, og þeir, sem kaupa þessi bréf, verði að leggja á sig hvorki meira né minna en það að binda þetta fé í 12 ár til þess að njóta þessara fríðinda. Þetta er vitanlega alls ekki rétt. Þessi bréf eru hér á almennum markaði og eru seld með tilliti til þeirra fríðinda, sem þau gefa. En hitt er alveg augljóst mál og hefur alltaf verið og því reyndar aldrei verið mótmælt, að þetta ákvæði torveldar skattaeftirlit og það í enn ríkara mæli en ákvæðin um það, að sparifé skuli ekki vera framtalsskylt, því að skattayfirvöldum er þó heimilt að fara í bankana og fá allar upplýsingar um viðskipti einstaklinga, sem þau þurfa að rannsaka, en hér er um ekkert slíkt að ræða.

Að þessu sinni höfum við ekki gengið svo langt að gera till. um, að þessi bréf væru framtalsskyld, heldur eingöngu, að þau væru skráð á nafn, og virðist sú till. vera fullkomlega eðlileg með tilliti til þess, að þá væri í raun og veru komið jafnræði á um þessi bréf og um almennt sparifé. En með þeim hætti, sem hér er viðhafður, þá er gert enn meir, hvað þessi bréf áhrærir, en almennt sparifé. En ég ætla nú ekki að hafa um þetta mörg orð, því að þetta hefur svo oft verið rætt, að það er í raun og veru að bera í bakkafullan lækinn að fara að deila um þetta nú.

Um aðra brtt. okkar á þskj. 582 hef ég engu við það að bæta, sem hér hefur þegar komið fram hjá 1. flm. till. Á hinn bóginn er það eitt atriði í sambandi við þetta frv., sem ég vil þó segja um, að ég hef í raun og veru færri aths. við að gera núna en oft áður, vegna þess að frv. fylgja ítarlegri upplýsingar en stundum hafa verið fyrir hendi um, til hvers t. d. féð á að fara. Það hefur ekki ævinlega verið fullkomlega ljóst í sambandi við

framlagningu þessara frv., en fyrir því er nú gerð nákvæm grein.

Hitt kynni ég svo betur við, að hæstv. fjmrh. gerði a. m. k. munnlega grein fyrir því, hver lánskjör ættu að verða, þó að það sé ekki ákveðið í lögunum. Það mundi sjálfsagt verða tekið gott og gilt. Í því sambandi vil ég segja það, sem ég hef oft sagt hér áður í sambandi við þessi mál, að ég tel, að lánskjörin hafi verið ríflegri en ástæða hafi verið til, enda gefur það auga leið, að svo er, þar sem þessi bréf renna út frekar á klukkustundum en dögum, þegar þau eru gefin út. Ég tel það skyldu bæði hæstv. fjmrh. og Alþ. að taka ekki dýrari lán en ástæða er til. Ég er sannast að segja viss um það, að þó að lánskjörin væru eitthvað þrengri, þá yrðu ekki erfiðleikar á því að selja þessi bréf.

En það, sem mig langaði sérstaklega til þess að gera hér að umtalsefni og vildi gjarnan heyra frekari skýringar hæstv. fjmrh. á en ég hef áður fengið og mér tekizt að afla, og það er í sambandi við 5. gr. þessa frv., sem verður að teljast til nokkurs nýmælis. Ég skal nú ekki segja um það, hvort það hefur áður verið um aðrar framkvæmdir að ræða í sambandi við slík heimildarfrumvörp en þær, sem sneru að opinberum framkvæmdum. En hér er a. m. k. farið inn á þá braut með 5. gr. frv. að ákveða með l. alveg sérstaka og stórfellda fyrirgreiðslu til einkaaðila, ákveða stórfelld lán til eins einkaaðila, þ. e. a. s. svokallaðrar kornhlöðu í Reykjavík, sem þrír stórir fjármálaaðilar í landinu standa að. Ég skal ekki segja, hvort þetta er neitt einsdæmi, að slíkt sé sett inn í svona frv., en það er a. m. k. ekki algengt, og mér finnst í fljótu bragði a. m. k., að það þurfi talsverðra skýringa við af hendi hæstv. fjmrh. og talsverðs rökstuðnings, að hér sé alveg um sérstaka þjóðnytjaframkvæmd að ræða, þegar þessir aðilar eru með slíkum hætti settir skör hærra en yfirleitt allir aðrir, sem við viðskipti eða atvinnurekstur fást í landinu. Hér hljóta að liggja á lausu alveg óyggjandi rök fyrir því, að hér sé um þjóðþrifamál að ræða, sem sé þjóðhagslega hagkvæmt. Ríkissjóður er þarna að vísu ekki beinn lánveitandi, heldur er ákveðið, að annar milligönguaðili sé, þ. e. a. s. Framkvæmdasjóður, en það breytir auðvitað engu um eðli málsins. Nú kann vel að vera, þó að ekkert liggi fyrir um það, a. m. k. sem ég hef séð eða heyrt um, að þetta kunni að vera arðbært fyrirtæki fyrir þá, sem í það ætla að ráðast. Ég skal ekkert segja um það, hvorki rengja það né staðfesta, en það sem mér finnst aðalatriðið í sambandi við þetta – ja, ef fjmrh. er ekki alfarinn. Ég er nú ekki vanur að skipta mér mikið af veru hæstv. fjmrh. hér í d., en ég verð víst að halda ræðu minni áfram, því að hann vill sýnilega ekki hlusta á það, sem ég hef að segja um þetta.

En það, sem ég vildi sagt hafa um þetta, er þá það, að menn hljóta að spyrja um það, hvaða áhrif þetta fyrirhugaða fyrirtæki hefur á verðlag fóðurvara og þar með á verðlag landbúnaðarvara í landinu, sem er auðvitað ákaflega mikilvægt í okkar efnahagskerfi. Er það hyggilegt að binda kaup frá ákveðnum aðila jafnvel í fjölda ára fram í tímann á þessari vöru? Er það líklegt, að af því muni stafa hagræði í fyrsta lagi fyrir bændastéttina og í öðru lagi fyrir neytendur? Er ekki hyggilegra fyrir okkur í þessu efni að vera óbundnir um kaupin og geta sætt hagstæðasta verði eins og það er á hverjum tíma? En hæstv. ráðh. upplýsti það í framsöguræðu sinni fyrir þessu frv., að í sambandi við þetta lán, sem þarna á að veita, hefðu þessir aðilar, sem að kornhlöðubyggingunni standa, skuldbundið sig um það að kaupa korn frá Bandaríkjunum. En önnur rök en þau, að það greiddi fyrir nýtingu PL-480 lána hafði hann ekki þá um þetta mál.

Þá kemur í þriðja lagi að mínu viti til álita, hvort það sé í þágu hagstæðs verðlags á þessari þýðingarmiklu vöru, sem nú í ár er flutt inn fyrir sennilega yfir 700 millj. kr., að sameina þrjá aðalsamkeppnisaðilana um sameiginleg innkaup á fóðurvörum. En þessir aðilar munu flytja inn allt að því 80% af öllum fóðurvörum, sem til landsins eru fluttar.

Í fjórða lagi spyr ég og hef ekki fengið svör við því enn: Er hyggilegt frá verðlagssjónarmiðum á þessari mjög þýðingarmiklu vörutegund að stuðla að því, að meginhluti hennar sé fluttur inn hingað til Reykjavíkur og dreift héðan með einhverjum hætti út um landið?

Í fimmta lagi spyr ég: Hver er afstaða hagsmunasamtaka bænda til þessa máls? Og ég spyr, og kannske svara því sjálfur að einhverju leyti játandi, hvort hér sé um að ræða myndun innflutnings- og söluhrings, sem hafi aðstöðu til þess að ná svipaðri einokunaraðstöðu og t. d. olíufélögin þrjú hafa nú myndað um sölu og dreifingu á olíu. Og þá vil ég aðeins spyrja í sambandi við þá fullyrðingu hv. frsm. fjhn., sem ég vildi gjarnan fá staðfesta af hæstv. fjmrh., af því að ég tel það gilda meira í þeim efnum: Verða aðrir samkeppnisaðilar við þennan hring, sem þarna er verið að mynda um fóðurvörukaupin til landsins, studdir með hliðstæðum hætti við framkvæmdir, sem þeim eru nauðsynlegar til þess að geta staðið í samkeppni við þennan hring, sem þarna er verið að mynda um innflutning, sem nemur hvorki meira eða minna en 700–800 millj. kr. á ári, þegar mest er?

Mér hefur ekki tekizt að fá hæstv. fjmrh. til að hlusta á aths. mínar þrátt fyrir tvær tilraunir til þess, og mér hefur heldur ekki tekizt að fá svör við þessum spurningum, sem ég hef borið hér fram, og aths. frá öðrum aðilum. Og ekkert af því a. m. k., sem mér hefur tekizt að fá upplýst í sambandi við þetta mál, hefur sannfært mig um, að hér sé um neina þjóðhagslega hagkvæma framkvæmd að ræða, nema síður sé.

En það er sagt, að fóðurvörukaup samkv. PL-480 lánum séu á heimsmarkaðsverði. Það kann að vera rétt, að þetta sé á pappírnum, en þá er a. m. k. annað tveggja, að það er bara á pappírnum eða þá að oft er tækifæri til þess að kaupa fóðurvörur í stórum stíl frá Evrópu á verði, sem er langt undir heimsmarkaðsverði. Það er nefnilega margsannað á seinustu árum og með athyglisverðum hætti, að það hefur verið unnt að fá betri kjör frá Evrópu en hægt hefur verið samkv. þessum Bandaríkjakaupum, og það hefur t. d. tekizt hjá einu litlu fyrirtæki, sem hefur aðeins brot af innflutningnum, að hvorki meira né minna að standa fyrir því að lækka fóðurverðið úr 8000 kr. á tonnið niður í 5000 kr. með kaupum frá Evrópu, og á þessu eru vitanlega mjög eðlilegar skýringar. Framboð á fóðurvörum í Evrópu er geysilega mikið, og það er ekkert árvist, hvar kaupin eru hagkvæmust. Í fyrra var það t. d. í Frakklandi, sem bauð þá fóðurvörur niður úr öllu valdi. Þar var þá hægt

að gera hagstæðustu kaupin. Danir hafa borgað jafnvel árum saman niður verð á fóðurvörum, og þar hefur þess vegna verið hægt að gera afar góð kaup miðað við heimsmarkaðsverð. Aðrir aðilar í Evrópu hafa svo lagt ýmislegt á sig í sambandi við samkeppni um þetta, m. a. sekkjað fóðrið án nokkurs aukakostnaðar fyrir kaupendur hér á landi. En sú starfsemi, virðist manni nú, að eigi að fara hér fram í Reykjavík a. m. k. að því leyti sem bændur geta ekki tekið við þessari vöru ósekkjaðri. Ég held þess vegna, að það sé alveg nauðsynlegt fyrir okkur að vera sem allra mest óbundnir um kaup á fóðurvörum og að það geti tæpast verið hagstætt og jafnvel verið hættulegt að binda þessi kaup fram í tímann, hvað svo sem líður nýtingu á lítilfjörlegum lánum.

Ég var að víkja að því aðeins, hvað ynnist við það að einskorða e. t. v. að mestu innflutninginn við Reykjavík eina. Mér er sagt, að verð á fóðurbæti sé nú í kringum 7500 kr. tonnið, og enn fremur, að eðlileg dreifing hér á Reykjavíkursvæðinu sé eitthvað nálægt fjórða parti af öllum innflutningi til landsins eða rösklega 5 þús. tonn af e. t. v. upp undir 20 þús. tonnum á ári. Mér er líka sagt, að í slíkri fóðurgeymslu sem þarna er um að ræða leggist á geymslugjald, sem muni nema allt að hálfu þúsundi króna á hvert tonn, og síðan verði flutningskostnaður hér á landi frá þessari fyrirhuguðu kornhlöðu 2–3 þús. kr. á tonnið út um landið. Mínir heimildarmenn, sem ég skal ekkert um segja að hafi allan sannleika uppi um þessi efni, telja það alveg hiklaust, að ef farið er að safna korni hingað í Reykjavík og dreifa því út um landið með ýmiss konar hætti, þá mundi það valda stórfelldri hækkun á verði fóðurbætis. Þar muni koma til, eins og ég sagði, geymslugjald, sekkjunarkostnaður, blöndun og loks flutningskostnaður. Þannig muni það verða miklu óhagstæðara að flytja það með skipum, þó með stærri skipum væri, sem tæplega kemur þó til greina, því að fraktir verða ekki miklu ódýrari í slíkum flutningi, nema um sé að ræða 15–20 þús. tonna skip, og það er frekar ólíklegt, að svo stór skip verði notuð til þessara flutninga. Því tel ég miklu hagkvæmara, um öll kaup úti á landsbyggðinni a. m. k., að flytja vöruna hingað frá V.-Evrópu með tiltölulega smáum skipum, sem dreifa vörunum sjálfum um landið á aðalhöfnunum.

Ég skal ekki hafa um þetta allt of miklar fullyrðingar, því til slíks skortir mig þekkingu og upplýsingar, sem ekki hafa hingað til legið á lausu. En ég hef hins vegar talið mér skylt að benda á, að hér kunni að vera farið inn á varhugaverða braut og það sé ekkert augljóst mál, að það sé hentugt, að þessir þrír stóru í fóðurvöruinnflutningnum myndi eins konar einokunarhring til þess að dreifa þessari vöru, og sé ég ekki ástæðu til þess að styðja slíkt með milljónatuga fyrirgreiðslu af opinberu fé, allra sízt þar sem hér er ekki um neitt atvinnumál að ræða af neinu tagi. Sumum fyndist kannske, að þessu fé væri betur varið til einhvers fyrirtækis, sem einhverja atvinnu skapaði, en hér er ekki um það að ræða.

En vegna þess, að ég verð að játa, að þrátt fyrir grunsemdir mínar um þessi mál vil ég bíða og sjá, hvort það koma fram, áður en ég fer að flytja brtt. varðandi þetta, upplýsingar fyrir 3. umr. málsins, sem sanna, að hér sé um eitthvert sérstakt þjóðþrifamál að ræða, sem ástæða sé til þess að taka inn í heimildarlög, sem aðallega hafa átt að vera miðuð við opinberar framkvæmdir, að setja þessa framkvæmd skör hærra en allar aðrar framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru af einkaaðilum í þessu landi.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. fjhn. fyrir fljóta og greiða afgreiðslu á þessu máli og fyrir undirtektir hennar í meginefnum við frv. Það er vitanlega ekkert að undra, þótt fram komi einhver sérsjónarmið. En mér er það gleðiefni, að það hefur ekki verið farið inn á þá braut að flytja till. um margvíslegar nýjar framkvæmdir, sem ég sé, að allir hv. nm. hafa gert sér grein fyrir, enda væri það óraunhæft, þar sem þegar stendur nokkuð út af, eins og ég gerði grein fyrir í framsögu minni, þ. e. ekki er til hlítar búið að afla þess fjár, sem gert er ráð fyrir að þurfi til þess að standa undir þessari framkvæmdaáætlun. Því fer þar af leiðandi víðs fjarri, að það sé möguleiki til þess að leggja út í meiri framkvæmdir en þar er lagt til, nema eitthvað sé fellt brott.

Hér er að vísu gerð ein brtt., sem hnígur í þessa átt, og það er um hækkun á fjárframlögum til rafvæðingar í sveitum. Þessi brtt. er að mínu mati ástæðulaus og kemur raunar ekki að neinu gagni. Það stafar af því, að það liggur alveg ljóst fyrir, að það verður ekki framkvæmt meira í sveitarafvæðingunni á þessu ári en þegar er búið að afla fjár til. Það er gert ráð fyrir því, að eftir ýmsum leiðum, að meðtöldum þeim 15 millj., sem hér er ætlunin að afla, verði unnið að sveitarafvæðingu fyrir 66 millj. kr. á þessu ári. Þá eru meðtalin þau lán, sem boðin hafa verið af ýmsum aðilum til að hraða lagningu lína. Hér er um að ræða margfalt meira fé en áður hefur verið til ráðstöfunar í þessu sambandi. Til framkvæmdanna sjálfra munu fara um 62 millj. því að 4 millj. ganga til endurgreiðslu lána, og Rafmagnsveitur ríkisins hafa tjáð mér, að það væru sáralitlar líkur til þess, þótt meira fé væri til ráðstöfunar, að það yrði hægt að hagnýta það á þessu ári.

Ég skýrði frá því í framsöguræðu minni með frv., að það væri ætlunin að ljúka á næsta ári lagningu allra lína innan við 1.5 km og það væri auðið að gera með því fé, sem ætlunin er nú að afla. Það er ljóst við endanlega samþykkt áætlunarinnar fyrir þetta ár og næsta ár, sem þegar hefur verið ákveðin af hálfu orkumálarn. í samráði við orkuráð, að það verður mjög auðvelt að ljúka lagningu línanna, svo sem ég gerði grein fyrir. En það mundi sem sagt ekki hraða neinu, þó að það yrði nú farið að afla meira fjár í þessu skyni. Það kann að vera, að það þurfi að afla meira fjár á næsta ári til þess að ljúka þessu, en það verður þá gert þannig, að það verður undir öllum kringumstæðum við það staðið, sem ég hef skýrt frá í þessu sambandi, að þetta verði lagt á þessu og næsta ári.

Önnur brtt. hefur verið flutt í sambandi við framtalsfrelsi spariskírteina, og hefur sú till. áður verið hér flutt og nokkrar umr. um hana orðið. Ég skýrði frá því í framsöguræðu minni með frv., að það væru vissulega ýmsir annmarkar á því að hafa undanþegið framtalsskyldu bæði spariskírteini og sparifé, og ég get tekið undir það, en ég gerði jafnframt grein fyrir því, að það mál allt væri í heildarathugun og mundi vera að vænta

till. um það, hvernig á því yrði tekið í sambandi við skattalagabreytingar, sem lagðar verða fram á næsta þingi eða væntanlega á næsta hausti, þannig að það hafi ekki verið talin ástæða til þess að gera hér á neinar breytingar, þar sem heildarstefnan í þessu sambandi hefði ekki verið mörkuð. Ég tel, að það að fara að gera breytingu á þessu nú, mundi eingöngu valda vissum vandræðum, því að menn vissu ekki, hver framhaldsstefnan í þessum málum yrði, og geta leitt til þess eins að valda vandræðum við endursölu á spariskírteinum. Nú er gert ráð fyrir, að helmingi hærri fjárhæðar verði aflað en áður hefur verið gert. Þannig gæti þetta orðið til að torvelda þá fjáröflun, sem hér hefur verið um að ræða. Málið þarf að skoðast í heild, þannig að menn viti, hvaða hlunnindi eru varðandi hin ýmsu sparnaðarform, áður en farið er að breyta þeim reglum, sem gilda um eitt þessara sparnaðarforma, miðað við það, sem gilt hefur undanfarin ár.

Af þessum ástæðum sé ég mér ekki fært að mæla með því, að þessi brtt. verði samþykkt frekar en undanfarin ár, en tek hins vegar undir það, að þetta er vandamál, sem þarf að skoða í sambandi við framtal yfirleitt. Ég get t. d. getið þess, eins og ég vék að í framsöguræðu minni um skattafrv. í hv. Nd., að það er verulegt vandamál, að sparifé er ekki framtalsskylt, vegna þess að þá er ekki möguleiki til þess að sannprófa, að fylgt sé þeim fyrirmælum skattalaga, að því aðeins séu skuldir frádráttarbærar eða vextir af þeim, að menn eigi ekki sparifé á móti. Framtalsundanþága á sparifé veldur því, að það er eiginlega ógerlegt fyrir skattstofur að sannprófa það, hvort viðkomandi aðilar eigi rétt á vaxtafrádrætti á skuldum. Ég skal ekki lengra út í þá sálma fara.

Það hefur að vísu verið talið, og það sagði einn hv. ræðumanna hér áðan, að með því að skrá bréfin nú væri aðeins verið að tala um skráningu þeirra. Það væri ekki verið að gera annað en það að gera eigendur þeirra jafna sparifjáreigendum. Þetta er ekki rétt, vegna þess að sparifé þarf ekki að skrá á nafn. Það er hægt að leggja það inn á banka án þess að skrá það á nafn. Svo eru vissar eignir líka, sem engin leið er að hafa eftirlit með, þótt miklar séu, eins og vikið var að af hv. frsm. n., eins og t. d. búslóð. Menn gáfust upp fyrir nokkrum árum að reyna að hafa eftirlit með slíku, það er gersamlega vonlaust verk. Áður var þetta talið fram og framtalsskylt; hlægilegar fjárhæðir voru þar taldar fram, þannig að það þótti miklu eðlilegra að fella skattálagningu á búslóð niður.

Varðandi þá fsp. eða þær fsp., tvær í raun og veru efnislega, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. gerði hér, skal ég aðeins segja þetta:

Fyrri fsp. var um það, hvaða lánstími, vextir og önnur lánskjör mundu verða á þessum bréfum. Það er látið í vald fjmrh., og ég er hv. þm. sammála um, að það er að sjálfsögðu rétt að hafa þau kjör ekki girnilegri en ástæða þykir til, og það kann vel að vera, að þau séu nokkuð góð. Að vísu hefur það verið mjög mismunandi á hinum ýmsu tímum, hvað það hefur gengið auðveldlega að selja þessi bréf, og fer það nokkuð eftir því ástandi, sem er á peningamarkaðinum, þannig að mjög vandséð er, hvernig hægt er að haga þessum kjörum, og ég veit, að allir hv. þdm. skilja, að það er í rauninni ógerlegt að hringla með þetta frá ári til árs. Það mundi valda slíkri óvissu fyrir alla, sem keyptu þessi bréf, að það er ekki hægt, og á það ekki sízt við um framlengingu eða endurkaup hinna gömlu bréfa fyrir ný bréf. Ég geri því ráð fyrir því, án þess að ég þori að fullyrða það, að það muni verða sömu lánskjör á þessum bréfum og sama viðmiðun, þ. e. a. s. við byggingarvísitölu, eins og verið hefur undanfarin ár. Vextir af bréfunum eru, eins og hv. þdm. er vafalaust kunnugt, nokkuð mismunandi. Ef bréfin eru leyst út eftir 3 ár, eru aðeins 5% vextir, en vextirnir hækka, ef bréfin eru lengur, þannig að á bréfum, sem standa allan lánstímann eða um 12 ára bil, eru meðalvextir 6%. Vona ég, að þessu sé þá svarað á viðhlítandi hátt.

Ég skal fúslega játa það, varðandi það atriði, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sérstaklega gerði hér að umtalsefni, þ. e. fóðurvöruinnflutning, þá er ég ekki nægilega sérfróður um það. Það er auðheyrt, að hann hefur að einhverju leyti kynnt sér það mál mjög vendilega, og er ekki nema gott um það að segja, og sízt af öllu skal ég lasta það, að það komi hér fram talsmaður hins frjálsa framtaks. En ég hef nú ekki fyrir mér neinar ákveðnar tölur um, hvað það kostar að flytja þetta út á land og hvaða áhrif það mundi hafa, ef farið yrði út í að byggja þessa birgðageymslu hér, eða kornhlöðu, sem svo er kölluð, en veit það eitt, að það er mat þeirra aðila, sem að þessari framkvæmd standa, að þetta mundi valda verulegum sparnaði og aukinni hagkvæmni á margan hátt í sambandi við fóðurvöruinnflutning til landsins.

Að þessari kornhlöðu standa fleiri aðilar en 3, sem hafa flutt inn meginhluta fóðurbætis til landsins til þessa, þ. e. a. s. Samband ísl. samvinnufélaga, Fóðurblandan hf. og Mjólkurfélag Reykjavíkur. Það munu vera einhverjir einkaaðilar hér fyrir utan, og er ekkert nema gott um það að segja. Þessum aðilum hefur ekki verið gefin nein yfirlýsing um það, að þeir fengju einkarétt til þess að flytja til landsins. Þeir eru að sjálfsögðu háðir því að keppa við aðra aðila, sem geta boðið vörur með betra verði. Hins vegar er það ákaflega hæpinn grundvöllur til viðskipta jafnt um þessar vörur sem aðrar að ætla t. d. að miða verð þeirra við það, sem kann að vera í bili niðurborgað eða selt á niðurgreiddu verði, eins og hv. þm. sagði að hefði gerzt í Danmörku. Það eru mjög vafasamir viðskiptahættir, og má alltaf búast við, að menn kippi að sér höndunum með það.

Eins og öllum hv. þdm. er kunnugt, þá hefur einn stærsti liðurinn í sambandi við PL-480 lánin verið innflutningur á fóðurvörum, og hingað til hefur það þótt hagkvæmt að kaupa þessar vörur með þessum hætti. Eins og hv. þm. sagði sjálfur, eiga þessar vörur að seljast á alþjóðlegu markaðsverði, og þar af leiðandi á ekki að vera kostnaðarsamara að kaupa þær en aðrar vörur. Eftir því sem þær eru keyptar í stærri stíl, þá hlýtur að mega samkvæmt alþjóðlegum viðskiptareglum komast þar að hagkvæmari kjörum. A. m. k. hafa þeir aðilar, sem að þessari framkvæmd standa, ekki talið á neinn hátt vandasamt að gera ráð fyrir, að þeir á næstu árum a. m. k. gætu flutt þennan fóðurbæti inn frá Bandaríkjunum, og það er í rauninni eina ástæðan til þess, að þessar lánveitingar eru til umræðu, að gert er ráð fyrir, að það verði bundið því skilyrði, að þessar fóðurvörur verði á næstu árum fluttar frá Bandaríkj-

unum til þess að tryggja það, að við eigum kost á þessum lánum á næstu árum, ef þær eiga að verða á boðstólum. Verði það ekki, þá er heldur ekki það skilyrði fyrir hendi á sama hátt og verið hefur, því að hér er um mjög hagkvæmt lánsfé að ræða, og vitanlega skiptir það þjóðfélagið ekki litlu máli, að það sé hægt að nýta þetta fé.

Þetta er eina ástæðan fyrir því, að þetta er tekið inn í þetta frv., því það er rétt, eins og hv. þm. sagði, að það hefur ekki verið venja hér að taka hér inn lánveitingar til einkaaðila. Nú er að vísu ætlunin, að þetta verði endurlánað til Framkvæmdasjóðs. Það má segja, eins og hann sagði, að þetta sé sérstök fyrirgreiðsla. Hann spurðist fyrir um það, hvort aðrir aðilar gætu vænzt sömu fyrirgreiðslu. Ég geri ekki ráð fyrir því, eins og sakir standa með þetta fé, vegna þess að þetta er bundið því að auðvelda hagnýtingu á PL-480 láninu, og það hefði sem sagt ekki verið hægt að veita þessum aðilum þessa umræddu aðstoð, nema því aðeins að þeir ætluðu sér að kaupa þessar vörur frá Bandaríkjunum og þannig í rauninni tryggja möguleika á því, að hægt sé að afla þessa fjár, sem þeir eiga að fá, sem ekki hefði verið hægt með öðrum kosti á þennan hátt. Ég held því, að þetta þurfi ekki að teljast neitt undarlegt, þegar þetta er skoðað niður í kjölinn, og bak við þetta liggja engar dularfullar ástæður.

Hvort Framkvæmdasjóður kunni að lána öðrum aðilum, sem byggja hér fóðurgeymslustöðvar eða kornhlöður, skal ég ekkert um segja. Það hefur ekkert verið til umtals, og þar að auki vil ég ekkert fullyrða um, að sá sjóður veiti ekki einhverja fyrirgreiðslu í því skyni. En það verður ekki gert með þessum hætti, sem ég held, að allir hv. þdm. hljóti að geta efnislega fallizt á að sé nokkuð sérstakur, þar sem forsenda þess, að hægt er að veita lánið, er sú, að það sé hægt að afla þess með þessum hætti, sem annars hefði ekki verið, og leggja grundvöll að því, að hægt sé að hagnýta PL-480 lánin á næstu árum, sem ella kynni að vera takmarkað. Ég get svo ekki á þessu stigi svarað þessu nánar, en ef hv. þm. vill fá einhverjar tölulegar upplýsingar um það, þá hygg ég, að það sé hægt, en ég hef þær ekki í höndum hér í dag.

Þá vil ég aðeins að lokum gera hér grein fyrir brtt., sem ég er knúinn til þess að flytja við frv. og er að vísu fyllsta ástæða til þess að afsaka, að hún kom ekki til hv. n. eða var í frv. í upphafi, þar sem þar er um nokkuð veigamikla breytingu að ræða. Ástæðan er sú, að það var ekki ljóst þá, að það mundi þurfa að fá umrædda lántökuheimild. Af því að till. er skrifleg, ætla ég að leyfa mér að lesa hana upp hér og biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni, en hún er við 5. gr. og aftan við gr. komi ný gr., svo hljóðandi: „Heimilt er fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán hjá Alþjóðabankanum og öðrum lánastofnunum að fjárhæð allt að 500 millj. kr. eða jafnvirði hennar í erlendum gjaldeyri og endurlána fé þetta handa Vegasjóði til lagningar hraðbrauta."

Ég gerði grein fyrir því í sambandi við þetta frv. í upphafi, að einn veigamikill þáttur í framkvæmdum þessa árs væru hraðbrautaframkvæmdir, og lántökuheimildir í því skyni væri að finna í vegáætlun. Nú er það skoðun sérfróðra manna í þessu efni, að ekki sízt þar sem fyrirhugað er að taka lán hjá Alþjóðabankanum, þá sé mjög æskilegt að hafa þessa lántökuheimild í þessu frv., en ekki í vegáætlun, hún sé þar ekki nægilega skýr, til þess að bankinn geti látið sér hana nægja, og því tel ég mig þurfa að leggja til, að þetta verði tekið inn í frv. Hér er vitanlega ekki efnislega um neina nýja heimild að ræða, eins og öllum hv. þdm. er vitanlega kunnugt, þar sem hærri fjárhæð en þetta er þegar í vegáætlun, þannig að hér er aðeins um hluta þeirrar fjárhæðar að ræða, en ekki viðbót við það, sem þar er farið fram á. Ég vildi því leyfa mér að vænta þess, að hv. þdm. gætu fallizt á að samþykkja till. með hliðsjón af því, að hér er nánast og eingöngu um formlegt atriði að ræða, en ekki efnislega verið að fara fram á að taka ný lán, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir.

En það varð að ráði með mér og formanni n., að það væri rétt, að ég flytti till., og náttúrlega, ef þess er óskað, þá er auðvitað sjálfsagt að taka hana aftur til 3. umr., þannig að hv. n. geti athugað hana milli umr., ef ástæða þykir til. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða um þetta frv. frekar eða það, sem fram hefur hér komið, en vil leyfa mér að biðja hæstv. forseta, þar sem hér er um skriflega brtt. að ræða, að leita afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 595) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 72. fundi í Ed., 17. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 552,1 felld með 11:7 atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
5. gr. 1. mgr. samþ. með 18 shlj. atkv.
5. gr. 2. mgr. samþ. með 15:2 atkv.
Brtt. 595 (ný 6. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 582,2 felld með 10:8 atkv.
8. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 609).

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Björn Jónsson: Herra forseti. Það þýðir nú kannske ekki lengur að deila við dómarann um það atriði, sem ég gerði hér nokkuð að umtalsefni í gær, þ. e. a. s. þá óvenjulegu ráðstöfun að lögfesta stórfelld lán til einkaaðila í frv., sem annars fjallar um opinberar framkvæmdir. En við 2. umr. málsins hafði ég hugsað mér að gera svolitla aths. við ræðu hæstv. fjmrh., en varð þó að falla frá því, vegna þess að ég þurfti óhjákvæmilega að hverfa af fundi.

En ég vil þó ekki láta málið fara algerlega athuga-

semdalaust frá minni hálfu eftir það, sem fram er komið, þó að búið sé að samþykkja þetta. Kemur þar sérstaklega til, að ég vil lýsa alveg sérstakri furðu minni á þeim svörum, sem hæstv. fjmrh. gaf mér við hógværum og sjálfsögðum fyrirspurnum, sem ég held, að þd. hefði átt heimtingu á að fá greinileg svör við, þar sem um svo óvenjulegt mál eins og þetta er að ræða.

Eins og ég sagði í gær, þá tel ég, að það þurfi að vera alveg sérstök og mjög þung rök fyrir því, ef sá háttur er hafður á að lögfesta sérstaka fyrirgreiðslu til einkaaðila með þeim hætti, sem hér er gert. En þeim spurningum, sem verulegu máli skipta í sambandi við þetta, og sérstaklega, hvort hér væri um þjóðhagslega hagkvæma framkvæmd að ræða og hvort hún væri líkleg til að hafa áhrif til lækkunar á fóðurvöruverð, sem er ákaflega mikilvægt fyrir okkar verðlagsmál öll, fékk ég ekki svarað með öðru en því, að ráðh. játaði, að hann væri þessu máli svo ókunnugur, að hann gæti ekki svarað þessu.

Þetta er mér þeim mun meira undrunarefni, sem þessi hæstv. ráðh. er kunnur að því að vita sérlega góð skil á öllum þeim málum, sem hann fjallar um, og svara öllum fyrirspurnum, sem til hans er beint, greinilega og þannig að ekki sé um villzt. Ég verð að segja þess vegna, að svör hans hér í gær, svo ófullkomin og út í hött sem þau voru, komu mér mjög á óvart og alveg sérstaklega þar eð þau voru af hendi þessa ráðh. Ég ætla ekki að gera þetta að miklu umtalsefni og kannske ekki ástæða til, þar sem hann reyndi þó með þessum sérstaka hætti að svara, en raunverulega það eina, sem hann hafði verulega um málið að segja, var, að þetta væri gott fyrirtæki að mati þeirra, sem að því stæðu. Hver er það, sem vill fá lán, en telur ekki sitt fyrirtæki vera gott frá sínu sjónarmiði séð? En það er vitanlega ekki þungamiðja þessa máls.

Þá sagði hann, að það hefðu ekki reynzt nein vandkvæði á því fyrir þá aðila, sem hér ættu hlut að máli, að flytja korn frá Bandaríkjunum vegna verðsins. Þetta er ekki rétt. Það hafa einmitt verið mikil vandkvæði á því að flytja korn frá Bandaríkjunum, vegna þess að það hefur verið dýrara. Og ef svo er, að það eru engin sérstök vandkvæði á þessu, hvers vegna er þá nauðsynlegt að lögfesta 30–40 millj. kr. hjálp til einkaaðila til þess að flytja inn korn frá þessu landi, á meðan það er ódýrara í Vestur-Evrópu?

Ég held líka, og því hliðraði hæstv. ráðh. sér alveg hjá að svara, að það sé alveg auðsætt, að ef þarna sé um að ræða, eins og hann upplýsti eða sagði í sinni fyrstu ræðu hér, stærstu kornvöruinnflytjendur landsins, að þeir steypi sér saman í einn hring til þess að kaupa og þá væntanlega líka að selja fóðurvöru, að þá sé hér verið að hjálpa til við hringamyndun, og hefði ég haldið, að það væri a. m. k. ekki yfirlýst stefna hæstv. ríkisstj., að beita beinlínis opinberum aðgerðum til þess að auðvelda það. Það er vitanlega auðsætt, ef það er rétt, sem ég reyndar nú er farinn að draga í efa, að hér sé um þessa aðila að ræða, sem upplýst hefur verið, að þá muni þeir auðvitað semja sín í milli um verð bæði á þeim fóðurbæti, sem þeir flytja inn frá Bandaríkjunum og eins annars staðar frá. Það gefur auga leið. Og ég vil segja það, þótt hæstv. ráðh. væri svona með glensi að fagna því, að hann sæi hér alveg nýjan talsmann frjáls framtaks og samkeppni, að ég, án þess að ég ætli að fara í neinn mannjöfnuð við hæstv. ráðh., held, ef út í það er farið, að ég sé alveg eins mikill stuðningsmaður heilbrigðrar verzlunarsamkeppni og hann, og sýnilega í þessu máli meiri.

Svo kemur enn eitt til, sem ég get ekki stillt mig um að benda hv. þd. á, þótt of seint sé, því að meiri hluti hennar sættir sig sýnilega við, að samþykkja þetta atriði frv. án þess að hafa um það nokkrar viðhlítandi upplýsingar. Það er ekki gott til afspurnar, en það er staðreynd, sem þegar hefur komið fram, og er ekkert við því í sjálfu sér að segja. En svo vill til, að ég rakst hér í morgun á Lögbirtingablaðið frá 8. apríl, og þar er tilkynning til hluthafaskrár Reykjavíkur um stofnun þessa góða fyrirtækis að dómi hæstv. ráðh. En þar er enginn upp talinn af þeim aðilum, sem hér hefur verið sagt, að stæðu að þessu. Þar er hvorki Samband íslenzkra samvinnufélaga, Fóðurblandan né Mjólkurfélag Reykjavíkur, heldur eru það, að mér sýnist fljótt á litið, á milli 10 og 20 einstaklingar. Sumir af þeim munu að vísu vera starfsmenn hjá þessum fyrirtækjum. Þar er einnig sagt, að hlutafjársöfnun sé lokið, svo það virðist ekki vera um það að ræða, að þessir aðilar, sem hafa verið bornir fyrir brjósti í sambandi við þetta mál, ætli að vera neinir þátttakendur í þessu hlutafélagi. Hér stendur í þessu blaði: „Hlutafjársöfnuninni er lokið og greitt hlutafé 1620 þús. kr.“ Mér sýnist þess vegna á þessu, að það sé ekki hið einasta, að þdm. eigi að sætta sig við það í þessu máli að fá algerlega ófullnægjandi upplýsingar, heldur séu þeim beinlínis gefnar rangar upplýsingar og ætlazt til þess, að þeir byggi sínar atkvæðagreiðslur og ákvarðanir á þeim, og það hlýt ég að víta. Eins og ég sagði áðan, er ekkert við því að segja, það er staðreynd, sem ekki verður umdeild, að meiri hl. hv. þd. telur sér enga þörf að kynna sér þetta mál eða vita einhver deili á því og ekki ráðh. heldur, og er það hvorugum aðilanum til sóma.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég get nú ekki verið að karpa mikið um þetta mál til viðbótar því, sem áður hefur verið um það sagt, og ég sé ekki, að það þurfi að vera nein vansæmd fyrir hv. þd., þó að hún hafi litið á þetta mál þeim augum, sem gert hefur verið.

Ég vil láta það koma fram, vegna þeirra upplýsinga, sem hv. þm. gat um, og þeirrar upplesningar úr Lögbirtingablaði, sem ég efast ekkert um, að hann hafi rétt lesið það, sem þar er skráð, þá er frá þessu máli gengið með öðrum hætti. Það hefur verið sett það skilyrði, að hlutafé í þessu fyrirtæki verði 6 millj., og að því hefur verið gengið. Það mun ekki verða veitt þetta lán, nema slík hlutafjársöfnun eigi sér stað.

Varðandi það atriði, hvort þessi fyrirtæki, sem ég gat um í mínu máli, standa beint sem aðilar að þessu hlutafélagi, skal ég ekki segja um varðandi þá skráningu, eins og hún birtist þarna. En þetta fé mun ekki verða lánað, nema þessir aðilar standi ábyrgir fyrir því láni frá mínum bæjardyrum séð verandi ábyrgir fyrir endurlánum ríkissjóðs. Ég er ekki í neinum vafa, að það er hægt að tryggja þetta fé, því að það mun verða gert að skilyrði, að þessir þrír aðilar, sem ég gat um, standi ábyrgir fyrir lántökunni. Hvort þeir sem félög standa að þessu fyrirtæki, veit ég ekkert um, en ég veit, að þeir

standa á bak við það. (Gripið fram í.) Ég veit það, vegna þess að þessir aðilar þrír hafa verið þeir aðilar, sem hafa snúið sér til ráðuneytanna og þá fyrst og fremst landbrn., sem eðli málsins samkvæmt hefur athugað þetta mál og hvort það væri í þágu landbúnaðarins, að þetta væri gert, og það er fyrst og fremst hlutverk þess rn. að meta það fremur en fjmrn., hvað sé hagkvæmt landbúnaðinum, og það er skoðun landbrn., að þessi tilhögun sé hagkvæm. Mér er kunnugt um það, því að ég hef bréf í höndunum frá þessum aðilum öllum, þessum þremur félögum, sem ég gat um, Mjólkurfélagi Reykjavíkur, Fóðurblöndunni hf. og Sambandi ísl. samvinnufélaga, sem er undirritað af forstjórum þeirra, að þeir standi allir að þessu fyrirtæki og beri ábyrgð á því. Það er það, sem máli skiptir, og það hefur ekkert verið ranglega upplýst í því efni. Þetta vil ég aðeins láta koma hér fram.

Varðandi aftur hina hlið málsins sé ég ekki, að það sé með neinum endemum, þó að ég segi það, að frá mínum bæjardyrum séð skiptir það meginmáli að fallast á það að veita þetta lán. Með þessum hætti er auðið að tryggja, að hægt sé að hagnýta þetta lánsfé, sem þarna er í boði, af því að þessir aðilar vilja binda sig við það að kaupa korn frá Bandaríkjunum. Það er mat þeirra og einnig mat rn., sem hefur kannað málið, að þetta sé hagkvæmt fyrir bændur og með þessari sameiningu sé hægt að tryggja þetta korn með hagkvæmara verði, einnig frá Bandaríkjunum. Það er hið einfalda, sem ég held, að liggi í augum uppi, að þegar í stærri stíl er staðið að innkaupum, þá er hægt að gera það með hagkvæmari hætti. Þessi tilhögun, sem hugsuð er á flutningi kornsins, og aðrar breyttar starfsaðferðir, sem verða við tilkomu þessarar kornhlöðu, bæta alla viðskiptaaðstöðu og gera mögulegt að selja þessa vöru með hagkvæmari hætti.

Eins og ég sagði í gær, þá er ekki lokað fyrir neina samkeppni, vegna þess að ef einhverjir aðilar óska eftir að flytja inn korn úr öðrum áttum, þá er ekki ætlunin að veita neinum einkarétt til að flytja fóðurkorn til landsins. Hér er ekki um einokun að ræða.

Ætti að líta á þetta sem einokun, þá var slæmt, að þetta mál var ekki komið fram, áður en hér var fellt í d. frv., sem fjallaði nákvæmlega um þetta mál, um samkeppnishömlur og hringamyndun, sem ég held, að hv. þm. hafi verið á móti. En sleppum því, það skiptir ekki máli í þessu sambandi, og ég er ekkert að deila á hann fyrir það. Það getur hvor haft sína skoðun á því, hvort það er of mikil samstaða um innflutning til landsins. En kjarni málsins er sá, að með þessu er ekki ætlunin að veita neina einokun, þannig að bændur verði algerlega í höndunum á þessum aðilum. Auk þess vil ég halda, að hér sé um samtök bændanna sjálfra að ræða, þannig að það séu ekki miklar líkur til þess, þar sem veigamestu aðilarnir eru samvinnusamtök bænda, að þeir hafi sérstakan áhuga á því að okra á bændum með fóðurbæti.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja frekar umr. í hv. d. um þetta efni. Ég vil aðeins segja, að ég hef út af fyrir sig aldrei vefengt, að Framkvæmdasjóður mundi tryggja þetta lán, sem þarna á að veita. Um það hefur aldrei verið nein deila milli mín og hæstv. ráðh. Ég hef auðvitað gert ráð fyrir því, að þessi stofnun gengi forsvaranlega frá tryggingu lánsins. Hann segir, að það standi allt eins og stafur á bók, sem um þetta hefur verið sagt, vegna þess að þessir þrír aðilar muni gerast ábyrgðarmenn að láninu fyrir einstaklingana.

En við 1. umr. málsins þá sagði hæstv. ráðh., og ég veit að hann rengir það ekki, að þarna væri um að ræða samtök þessara aðila. En samkvæmt þessari heimild, sem ég tilgreindi, Lögbirtingablaðinu, þá virðist það ekki vera, nema þá að þessi fyrirtæki séu að fela sig á bak við leppa. Það verð ég að segja, að sá háttur er ekki neitt sérstaklega til þess að hæla honum fyrir, að ýta undir stórfellda aðstoð við þetta fyrirtæki. Ráðh. sagði, að þarna væri um samtök bændanna sjálfra að ræða og þess vegna ætti þetta allt að vera tryggt. Ég spurðist fyrir um það hjá formanni Stéttarsambands bænda, hvort bændasamtökin hefðu athugað þetta mál og myndað sér einhverja skoðun eða afstöðu til þess. Hann kvað svo ekki vera. Þeir hefðu ekki enn fengið neinar þær upplýsingar, sem þeir gætu byggt á afstöðu sína í þessu máli. Hins vegar væri hugmyndin að gera það, en enn sem komið væri lægi það ekki fyrir. Ég held þess vegna, að það sé alveg auðsætt, að hv. þd. hefur ýmist fengið rangar upplýsingar um þetta mál eða þá alveg ófullnægjandi upplýsingar. Það er það, sem ég er að víta. Ég hef aldrei fullyrt, að ekki kæmi til greina, að þetta fyrirtæki ætti rétt á sér. Ég hef haldið hinu fram, að hv. þd. ætti heimtingu á því að fá upplýsingar, sem hún gæti byggt á einhverjar skoðanir á þessu máli. Það hefur ekki verið gert.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég mótmæli því algerlega að hafa gefið rangar upplýsingar um þetta mál eða einhverjum staðreyndum leynt í því.

Það er eitt atriði, sem ég gleymdi í ræðu minni áðan að geta um, sem er að sjálfsögðu grundvallaratriði og skýringin á því, sem hv. þm. las hér upp varðandi stofnun þessa hlutafélags, að lögum samkvæmt geta hlutafélög eða fyrirtæki sem slík ekki verið stofnendur hlutafélags, heldur aðeins einstaklingar. Ég man t. d. eftir því á sínum tíma, að þegar Áburðarverksmiðjan var stofnuð, þá urðu starfsmenn rn. að vera hluthafar og stofnendur hlutafélagsins, vegna þess að það var skráð sem almennt hlutafélag, og ríkið gat ekki verið þar aðili að með þessum hætti. Þannig er hér um formsatriði að ræða, og þess vegna er það meðal annars, geri ég ráð fyrir, að þessi hlutafjárupphæð eigi sína skýringu.

Að sjálfsögðu er það ætlunin, að þessir stofnaðilar eða fyrirtæki, sem ég nefndi, komi sér inn í kornhlöðuna. Hvort það heitir hlutafélag, man ég ekki, eftir að það hefur verið stofnað með þessu viðbótarhlutafé, en um það hefur verið sett skilyrði, og aðilar hafa lofað því, að það yrðu 6 millj. Kjarni málsins er sá, að stofnendur hlutafélagsins verða að vera einstaklingar. (**BJ:** Ef ég má grípa fram í fyrir ráðh., þá getur það varla verið krafa af hálfu ríkisstj. að binda ákvæðið við rekstrarform.) Nei, en það var ætlun aðilanna. Það var ekki krafa ríkisstj., að þeir ættu að stofna hlutafélag. Það var alltaf þannig gerð grein fyrir málinu af hálfu

þessara aðila, að stofnað yrði hlutafélag um þetta fyrirtæki. Það er ekki krafa ríkisstj., en það var í sjálfsvald sett þessum aðilum, að þeir hefðu það með þessum hætti. Enda veit ég ekki, hvernig þeir hefðu átt að hafa það með öðrum hætti.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 77. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 78. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem hv. þdm. er öllum kunnugt frá fyrri árum, þá hefur sá háttur verið á hafður varðandi meðferð framkvæmdaáætlunar hér á Alþ., að málinu hefur verið skipt þannig, að fjmrh. hefur árlega flutt yfirlitsskýrslu um framkvæmdaáætlunina í víðari skilningi þess orðs, þ. e. a. s. gefið yfirlit yfir framkvæmdir almennt í landinu, fyrst og fremst opinberar framkvæmdir, en einnig framkvæmdir sveitarfélaga eigi síður en ríkis. Auk þess hefur í þeirri skýrslu verið gefið yfirlit yfir liðið ár og jafnframt gerð nokkur grein fyrir því, hvernig almennt væri ástatt um fjárfestingar- og framkvæmdamál í landinu í heild. Þetta hefur verið ítarleg skýrsla, sem þar til á s. l. þingi var flutt munnlega. Þá höfðu komið fram óskir um, að skýrslan yrði flutt þinginu skriflega, og það þá gert, án þess að hún væri sérstaklega lesin upp á þingfundi, og var henni útbýtt í Sþ. Hins vegar voru uppi nokkrar gagnrýnisraddir, bæði á s. l. þingi og raunar áður, að það væri ekki gott að slíta þetta úr tengslum hvort við annað. Og það kom stundum fyrir, að vinnubrögð voru með þeim hætti, að það hafði ekki unnizt tími til að ganga endanlega frá skýrslugerð þessari, áður en óumflýjanlegt var að leggja fyrir Alþ. frv. um lántöku vegna framkvæmdaáætlunarinnar.

Þannig varð þetta á síðasta þingi, að skýrslan sjálf var ekki tilbúin, fyrr en stuttu áður en þingslit urðu, og hafði þá verið afgr. frv. um lántökurnar. Ég skal fúslega fallast á, að sú tilhögun var ekki æskileg og heppileg, því að eðlilegt var, að hv. þm. hefðu skýrsluna í höndum, þegar afstaða væri tekin til frv. um lántökur vegna framkvæmdaáætlunar ríkissjóðs. En því varð ekki við komið, vegna þess að ekki hafði tekizt að afla allra þeirra upplýsinga, sem þurfti að afla, frá einstökum aðilum, sjóðum og fyrirtækjum um fyrirhugaðar framkvæmdir þeirra, þegar óumflýjanlegt reyndist að fá lagaheimildirnar hér á þingi vegna lántöku til áætlunarinnar.

Nú hefur sá háttur verið á hafður í þetta sinn, sem ég vona, að hv. þm. falli betur, að engin sérstök skýrsla hefur verið flutt í Sþ., en hins vegar var útbýtt hér á Alþ. umræddri skýrslu með sams konar efni og verið hefur í skýrslu þessari undanfarin ár, samtímis því sem frv. um lántöku vegna áætlunarinnar var tekið til umr. í hv. Ed. Það hefur því gefizt svigrúm til þess að athuga skýrsluna sjálfa og hafa hana til hliðsjónar, þegar hv. Ed. hafði málið til meðferðar í n. þar, og þá ekki síður að sjálfsögðu hefur gefizt tóm til þess fyrir þm. hér í hv. Nd. að kynna sér þessa skýrslu.

Ég sé enga ástæðu til þess sérstaklega að vera að rekja efni yfirlitsskýrslunnar um framkvæmdaáætlunina. Hún liggur hér fyrir með tilheyrandi fylgiskjölum. Ég vil aðeins víkja að því og benda á, að í 6. töflu með framkvæmdaáætlunarskýrslunni er að finna sundurliðun eða heildaryfirlit yfir það, hvernig fjáröflun vegna framkvæmdaáætlunarinnar muni verða á þessu ári. Gert er ráð fyrir því, að útgjöld vegna framkvæmdaáætlunarinnar muni nema um 810 millj. kr., og er þá bæði átt við þann hluta áætlunarinnar, sem er í þrengri merkingu framkvæmdaáætlun ríkissjóðs, og að hinu leyti fjáröflun á vegum Framkvæmdasjóðs til hinna ýmsu fjárfestingarlánasjóða, en eins og hv. þdm. er kunnugt, er það hlutverk Framkvæmdasjóðs að sjá fyrir fjárþörf þessara sjóða.

Áður en ég vík að frv. sjálfu, vil ég aðeins minnast á það varðandi sjóðina, að þar eru sérstök vandamál, sem ekki er gerð grein fyrir í þessari fjáröflun, sem hér er gerð till. um, hvernig leysa skuli. Er þar fyrst og fremst um að ræða Fiskveiðasjóð, sem þarf á að halda miklu hærri fjárhæðum nú en undanfarin ár vegna stóraukinna skipasmíða innanlands. Er gert ráð fyrir því, að þar skorti fjármagn, sem nemi um 180 millj. kr. umfram það, sem ráðgert er að veita Fiskveiðasjóði samkvæmt fjáröflunaráætluninni, eins og hún liggur hér fyrir. Það hafa þegar verið gerðar ráðstafanir til þess að afla þessa fjár, og tel ég, að góðar horfur séu á, að það leysist allt með viðunandi hætti.

Þá er enn fremur annað vandamál, sem ekki er heldur gert ráð fyrir að leysa endanlega í þessu yfirliti, sem ég vitnaði til, en það er fjáröflun vegna Vegasjóðs í sambandi við hraðbrautaframkvæmdir á þessu ári, sem eru fyrirhugaðar allverulegar, og hefur um það verið gerð sérstök áætlun. En hins vegar hefur verið tekið inn í frv., svo sem það nú liggur fyrir, heimild fyrir ríkisstj. að taka allt að 500 millj. kr. lán til hraðbrautaframkvæmda. Þar er í rauninni ekki um nýja heimild að ræða, vegna þess að í vegáætlun er að finna heimild, sem nemur hærri fjárhæðum en þetta, en ég vil taka það fram, að hér er um að ræða hluta þeirrar heimildar, sem er í vegáætlun, en ekki viðbótarfjáröflun. Það þykir nauðsynlegt vegna fyrirhugaðrar lántöku í Alþjóðabankanum til hraðbrautaframkvæmda að hafa sérstaka heimild í því formi, sem nú er gert ráð fyrir að afla í frv. um lán vegna framkvæmdaáætlunarinnar. Auk þess er þar gert ráð fyrir, að það þurfi að afla nokkurs viðbótarfjár vegna hraðbrautagerða eða nokkuð á annað hundrað millj. kr. auk alþjóðabankalánsins.

Húsnæðismálin eru svo sérstakt atriði, sem ég sé ekki ástæðu til að fara út í hér, vegna þess að um það vandamál er fjallað í sérstöku frv., sem liggur hér fyrir hinu háa Alþingi.

Ég skal þá aðeins víkja nokkrum orðum að frv. um lán vegna framkvæmdaáætlunar, en þar er fyrst og fremst um að ræða lántökuheimildir fyrir ríkisstj. til þess að afla nauðsynlegs fjár vegna framkvæmda, sem beinlínis eru á vegum ríkisins. Þar er gert ráð fyrir því, að fjár verði aflað með sama hætti og undanfarin ár, annars vegar með útgáfu á spariskírteinum, í svipuðu formi og verið hefur síðustu árin, og hins vegar með töku svokallaðs PL-480 láns eða vörukaupaláns í Bandaríkjunum. Gert er ráð fyrir því, að sú lántaka

verði nokkuð lægri eða það nýtist verr en undanfarin ár eða um það bil 100 millj. kr. lægri en í fjáröflunaráætlun s. l. árs, en hins vegar er gert ráð fyrir því, að lántaka í spariskírteinaformi verði mun hærri, þ. e. a. s. spariskírteini verði sama upphæð og var á s. l. ári, en tvöfaldist sú upphæð, sem gert er ráð fyrir að fá með endursölu á spariskírteinum í stað þeirra, sem þarf að innleysa.

Þrátt fyrir þessa tekjuöflun, sem er í heild um 70 millj. kr. hærri en var á árinu 1969, standa samt út af áætluninni rúmar 60 millj. kr. Það voru 25 millj. kr. á s. l. ári. Gert er ráð fyrir því, að sumar af þeim fjárveitingum, sem áætlaðar eru í framkvæmdaáætluninni, muni ekki koma til greiðslu á þessu ári, m. a. sérstök fjárveiting vegna bygginga á vegum Háskóla Íslands, sem ekki er talið, að muni vera þörf á á þessu ári, þannig að það megi færast til næsta árs að afla þess fjár. En hins vegar er nauðsynlegt að marka nú þegar stefnu, sem fylgt skuli í sambandi við fjármögnun í framkvæmdir á vegum Háskólans, sem hljóta að verða mjög miklar á þessum áratug. Það eru líka horfur á, að ýmsar aðrar fjárveitingar frestist eitthvað, en ef það verður ekki, þá yrði að taka bráðabirgðalán til að jafna þessi met. Þetta leiðir af sér, að ekki er um að ræða neinn möguleika til þess að bæta við öðrum framkvæmdum en hér er lagt til. Það yrði þá að gerast með þeim hætti að fella niður einhverja útgjaldaliði, ef þm. sýndist, að æskilegra væri að taka lán til einhverra annarra framkvæmda en hér er ráðgert.

Þær framkvæmdir, sem ætlunin er að verja umræddu lánsfé til, eru nákvæmlega tilgreindar í 7. gr. frv., og sé ég ekki ástæðu til að rekja þær í einstökum atriðum, vegna þess að í grg. frv. er einnig að finna mjög rækilega skilgreiningu á því, í hverju þessar framkvæmdir eru fólgnar. Auk þessara framkvæmda er rétt að geta þess, að lagt er til að breyta heimild til lántöku vegna Áburðarverksmiðju ríkisins, sérstaklega vegna stækkunar verksmiðjunnar.

Í síðasta lagi er lagt til að heimila að endurlána Framkvæmdasjóði af PL-480 lánsfé, allt að 32 millj. kr., til kornhlöðubyggingar í Rvík. Ástæðan til þess, að þessi lánveiting er veitt með þessum hætti, er sú, að þrír stærstu innflytjendur á þessu sviði, SÍS, Fóðurblandan hf. og Mjólkurfélag Rvíkur, hafa komið sér saman um að byggja kornhlöðu, sem þeir telja að muni verða til mikilla hagsbóta og til þess að hægt sé að selja þessa vöru með lægra verði en verið hefur hér og jafnframt að hagnýta betur en tekizt hefur til þessa þau boð um kornvörukaup í Bandaríkjunum, sem gera mögulegt að nota PL-480 lánið. Þetta er hin sérstaka ástæða til þess, að lagt er til að heimila lánveitingu til Framkvæmdasjóðs vegna þessa sérstaka fyrirtækis, að með þessum hætti er fenginn möguleiki til þess að hagnýta á næstu árum betur það lánsfé, sem hér er um að ræða, og mundi það því auðvelda fjáröflun til annarra mikilvægra framkvæmda á næstu árum, vegna þess að aðilarnir að umræddri kornhlöðu hafa skuldbundið sig til þess næstu árin að kaupa korn frá Bandaríkjunum, þannig að hægt væri að hagnýta, eins og ég sagði, þennan möguleika til lána, ef hann á annað borð gefst á næstu árum með svipuðum hætti og verið hefur. Þetta eru hin sérstöku rök fyrir því, að þótt hefur rétt að líta á þessa umsókn með þessum sérstaka hætti.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að vera að þreyta menn á lengra máli. Ég vonast til þess, að í þessum gögnum, sem ég hef vitnað til, sé að finna allar þær upplýsingar, sem hv. þm. þurfa á að halda til þess að átta sig á, hvað felst í hinum einstöku atriðum frv. Málið hefur þegar verið svo lengi til meðferðar hér í þinginu, frá því að því var útbýtt í Ed., að ég vonast til, að auðið verði fyrir hv. n. í þessari d. að taka mjög skjótt afstöðu til málsins, en ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð, sem ég vildi segja í sambandi við 1. umr. um frv. hæstv. fjmrh. um heimild ríkisstj. vegna framkvæmdaáætlunarinnar. Í sambandi við það, sem kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. um skýrslu þá, sem útbýtt hefur verið til hv. þm., vil ég taka það fram, að ég tel það til mikilla bóta og mjög gott að hafa einmitt fengið hana í hendur, áður en þetta mál er hér til afgreiðslu.

Ég ætla ekki við þessa umr. að fara að ræða þá skýrslu eða það, sem fram kemur í henni, en það eru fyrst og fremst tvö atriði, sem mig langar að víkja að og fá upplýsingar um.

Fyrra atriðið er í sambandi við landshafnirnar. Það er gert ráð fyrir því, að til landshafna verði lánsútvegun 8.6 millj. kr. Nú hefur það verið svo um landshöfnina á Rifi á Snæfellsnesi, að framkvæmdir hafa ekki verið þar tvö síðustu árin, en það var hins vegar gert ráð fyrir því í afgreiðslu stjórnar landshafnarinnar, að til framkvæmda kæmi á árinu 1970. Landshafnarstjórn fékk vitneskju um það fyrir nokkru, að í þessum 8.6 millj. kr. væri ekki gert ráð fyrir því, að fé yrði útvegað til framkvæmda á Rifi. Í því sambandi leitaði landshafnarstjórn til hæstv. samgmrh. og tjáði honum meðferð þessa máls áður og ósk um það, að til framkvæmda kæmi á árinu 1970, enda er það brýn nauðsyn til þess að geta gengið frá því verki að nokkru leyti, sem þarna hefur verið unnið á undanförnum árum, og sumu stefnt í hættu, ef ekki verður frá gengið, eins og þeim varnargörðum, sem þarna hafa verið gerðir. Nú hefur ekki orðið nein breyting á þessu, frá því að við í stjórn Rifshafnar fréttum um þetta, og því vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh., hvort það sé gert ráð fyrir því, að nokkuð af þessu fé gangi til Rifshafnar til framkvæmda á árinu 1970 eða hvort það mál hafi fengið afgreiðslu í hæstv. ríkisstj. á annan hátt.

Í sambandi við það, sem hér er til rafvæðingar í sveitum, þá vil ég geta þess, að þegar fjárlög voru til afgreiðslu á s. l. hausti, þá ræddum við nokkuð í hv. fjvn. um aukið fé til að dreifa rafmagni í sveitirnar. Og það varð að samkomulagi hjá okkur í n. að geyma okkur þetta mál, þangað til frv. um framkvæmdaáætlun yrði hér til meðferðar. Eftir að þing kom svo saman í vetur eftir áramótin, ræddum við þetta í n. á ný, og form. tók þá að sér að kanna málið. Árangurinn af þessu hefur orðið sá, að nú er því slegið föstu eða frá því gengið í sambandi við þessa áætlun, að á árunum 1970 og 1971 skuli lokið við að dreifa rafmagni upp á 1½ km.

Út af fyrir sig er ég ánægður yfir því, að þetta skuli þó hafa tekizt. Þó harma ég hins vegar það, að ekki hafi verið lengra gengið í þessu efni og því verki lokið á yfirstandandi ári, af því það er ekki um neina verulega fjárhæð að ræða, svo að á næsta ári væri hægt að halda áfram og taka næsta vegalengdatímabil eða a. m. k. upp að 2 km.

Ég vildi í framhaldi af þessu leyfa mér að fara fram á það við hæstv. ríkisstj. og hv. n., að hún athugaði, hvort ekki væri hægt að fá þar nokkru um þokað, svo að hægt væri að ljúka á árinu 1970 því að dreifa rafmagni upp á 1½ km. Þá væri hægt á næsta hausti að ganga frá nýrri áætlun, sem ég tel brýna nauðsyn bera til, og legg höfuðáherzlu á, að þá verði gengið frá rafmagnsmálunum í heild, hvað á að fara langt í því að dreifa frá samveitu með línum, hvaða vegalengd á að taka inn á það kerfi og enn fremur hvernig á að mæta þörfum þeirra, sem þá verða eftir. Hér er ekki orðið um neitt stórmál að ræða, en hins vegar knýjandi mál að fá úr þessu skorið, því að þeir, sem eftir sitja og enn bíða eftir rafmagni, eru að vonum orðnir langeygðir, og er verið að gera margs konar ráðstafanir til þess að reyna að brúa það bil. Og það væri allt annað að þessum málum að vinna, ef til væri heildaráætlun um, hvað langt ætti að fara og hvenær því skyldi lokið og hvernig væri farið með þá, sem þá yrðu eftir. Á þetta tvennt vildi ég leggja verulega áherzlu og vænta þess, að það fáist um það einhverjar upplýsingar í sambandi við afgreiðslu þessa frv. hér um framkvæmdaáætlun, hvernig með þessa þætti verði farið.

Ég ætla svo ekki að fara að ræða hér um húsnæðismálin, þau verða hér til sérstakrar meðferðar, og um vegamálin, eins og hæstv. fjmrh. gat um áðan, eru möguleikar skv. vegáætluninni að útvega meira lánsfé en hér er gert ráð fyrir, og vænti ég þess, að það verði tekið til athugunar síðar.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Vesturl. hefur spurt hér um tvö atriði, sem mér er mjög ljúft að svara.

Annað er um framkvæmdir í Rifshöfn. Því miður er ekki gert ráð fyrir því í framkvæmdaáætluninni, eins og hún liggur fyrir, að ráðizt verði í framkvæmdir við Rifshöfn á þessu ári. Vafalaust hefði það verið æskilegt, það er annað mál, en það tókst ekki að ná saman endum með áætlunina. Það er gert ráð fyrir, ef ég man rétt, 8.8 millj. kr. til landshafna, og er gert ráð fyrir, að lokið verði framkvæmdum, sem nú standa yfir, í Njarðvíkum og í Þorlákshöfn. Það, sem gerði nauðsynlegt að ráðast í Þorlákshöfn, var það, að það urðu sérstakar skemmdir þar, sem fram komu, og þess vegna óumflýjanlegt að leggja í það nokkurt fé. Það veldur því, að dýpkun sú, sem ráðgerð var á Rifi, mundi verða skv. þessu að bíða í eitt ár, en mundi þá með eðlilegum hætti, skilst mér, eftir því sem vitamálastjóri hefur gefið upp, vera forgangsframkvæmd á næsta ári.

Varðandi línulagnir um sveitirnar, þá vil ég aðeins upplýsa, að skv. þeirri lánsfjáröflun, sem hér er gert ráð fyrir, en til þessara þarfa er nú í fyrsta skipti í framkvæmdaáætlun aflað lánsfjár, er gert ráð fyrir því og raunar vitað, eins og hv. þm. líka réttilega tók fram, að með þessum hætti er auðið á þessu og næsta ári að ljúka lagningu allra héraðsveitna, sem eru innan 1.5 km að meðaltalsvegalengd milli bæja. Það er ráðgert, að á þessu ári verði til ráðstöfunar til lagningar héraðsveitna miklum mun hærri fjárhæð en nokkru sinni áður eða samtals um 60 millj. kr., og verður því mjög mikið átak gert í þessum efnum nú í sumar. Vegna þess að hv. þm. orðaði það, hvort ekki væri auðið að afla meira fjár, til þess að hægt væri að ljúka þessum framkvæmdum í sumar, vil ég aðeins upplýsa það, að það mun ekki hafa neina þýðingu, þó það verði aflað meira fjár, vegna þess að það er ekki hægt að framkvæma meira á þessu sumri en hér er gert ráð fyrir, þannig að framkvæmdir mundu færast á milli ára og því ekki hafa neina grundvallarþýðingu, þótt meira fjár væri aflað til framkvæmdanna nú. Þetta tel ég nauðsynlegt, að komi fram, vegna þess að með þessum hætti, þótt menn kynnu að segja sem svo, að það væri æskilegt að ljúka þessu verki í ár, þá mun það tæknilega, eftir því sem mér er tjáð af rafmagnsveitunum, ekki vera framkvæmanlegt. Ég tel, að mjög vel megi una við það átak, sem nú á að gera, og ljúka þessum framkvæmdum á næsta ári. Það auðvitað breytir engu um það, að hægt væri að marka á næsta hausti, ef mönnum sýndist svo, stefnu um það, hvert framhaldið eigi að vera, þótt ekki verði búið að ljúka þessu fyrr en á árinu 1971. Einhverja stefnu þarf að sjálfsögðu í því efni að marka, þannig að ég held, að það geti vel farið saman skoðanir manna um það efni, eins og hv. þm. lýsti þeim hér, en ég álít, að það sé ekki auðið að afla meira fjár í þessu sambandi og tel, að það hafi heldur ekki neina þýðingu miðað við þær upplýsingar, sem ég hef um, hvað ráðgert er að vinna mikið á þessu sumri og hvað auðið er tæknilega séð að leysa af hálfu Rafmagnsveitna ríkisins á þessum vettvangi.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. fjmrh. fyrir þau svör, sem hann gaf við fsp. mínum, sem eru tæmandi, þótt ég sé ekki jafnánægður með niðurstöður af þeim. Í sambandi við Rifshöfn, þá vil ég upplýsa það um þá hugmynd Rifshafnarstjórnar að nota fyrstu fjármunina til þess að dýpka höfnina, að frá henni hefur verið horfið. Það er af þeirri einföldu ástæðu, að garðar þeir, sem lagðir voru fyrir nokkrum árum, eru ekki frágengnir og þeir eru nú í hættu. Og það hefur Rifshafnarstjórn sannfært sig um nú einmitt á s. l. hausti, að það er ekki hægt að halda áfram þeirri hugmynd að dýpka höfnina. Það verður að ganga frá görðunum fyrst. Ég vil því mjög biðja hæstv. ríkisstj. að athuga möguleika á því, hvort ekki er hægt að útvega fé til þess að gera þetta á þessu ári, vegna þess að málinu er stefnt í hættu.

Ég skal ekki fara að deila við hæstv. fjmrh. um það, hvort hægt væri að koma í verk meiri framkvæmdum í raforku á þessu sumri en þessir fjármunir stefna að. En hitt legg ég megináherzlu á, að ný áætlun um lok rafvæðingar rafmagnsveitnanna verði gerð á næsta hausti, og það verði þá stefnt að því á árinu 1970 að ljúka af 1½ km og hefja framkvæmd í því, sem næst verður tekið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjhn. með 30 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 83. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 609, n. 663 og 691).

Frsm. meiri hl. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur athugað frv. þetta um heimild til ríkisstj. til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1970, eins og hv. Ed. gekk frá því, en þar tók frv. nokkrum breytingum. Meiri hl. n. hefur skilað áliti og mælir með samþykkt frv., en meiri hl. skipa auk mín hv. 1. þm. Reykn., hv. 3. þm. Sunnl. og 1. landsk. þm., eða fulltrúar stjórnarflokkanna. Minni hl. hefur ekki skilað áliti, svo ég hafi séð, og í n. kom ekki fram, hvað það var sérstaklega, sem n. greindi á um í afstöðu til frv.

Í samhengi við þetta frv. eða um það leyti, sem það var lagt fyrir í hv. Ed., var útbýtt skýrslu um framkvæmdaáætlun ríkisins fyrir árið 1970. Ég sé ástæðu til að láta hér koma fram þakkir til hæstv. fjmrh. fyrir þessa skýrslu, sem er mjög ítarleg og fróðleg og er mun aðgengilegra fyrir hv. þdm. að fá slíka skýrslu til athugunar og yfirvegunar en að slíkt mál sé allt flutt í ræðuformi.

Ég sé ekki ástæðu til þess með tilliti til þess, að ekki hefur komið fram, hvað það er, sem veldur ágreiningi um þetta frv., að flytja hér um það langa framsöguræðu. Ég vitna til þess, að hæstv. fjmrh. hefur skýrt þetta mál bæði í framsögu og í þeirri skýrslu, sem hér liggur fyrir um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir árið 1970. Þar er auðvitað um marga þætti að ræða, sem ástæða væri til að ræða frekar um, en með tilliti til þess, að ekki er rétt að eyða tíma þingsins, eins og nú er komið, nema sérstakt tilefni gefist til, þá læt ég hér staðar numið. Meiri hluti n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Nál. minni hl. fjhn. er ekki enn þá komið úr prentun og hefur því ekki verið útbýtt. En ég vil leyfa mér að gera hér grein fyrir því og þá á þann hátt að lesa nál.:

„Enn heldur ríkisstj. uppteknum hætti að leggja frv. um lántökuheimildir ríkissjóðs þá fyrst fram, þegar örfáir dagar eru til þingloka og fjölmörg önnur þingmál bíða afgreiðslu.

Lántökuheimildir þessa frv. nema nál. 1000 millj. kr. Eðlilegt væri, að þinginu gæfist kostur á að fjalla ítarlega um ráðstöfun svo mikilla fjármuna, en því er ekki að heilsa. Er ekki ólíklegt, að alþm. vildu t. d. athuga það nánar, hvort tímabært sé að hefjast handa um aukna raforkuöflun utan þess svæðis, sem Búrfellsvirkjun nær til. Og þegar um er að ræða 500 millj. kr. lántöku til lagningar hraðbrauta, kæmu að okkar dómi einnig til álita fleiri meiri háttar verkefni í vegagerð.

Það er eftirtektarvert, að í stað þess að áður voru erlend lán nær einvörðungu tekin til einstakra stórframkvæmda, til þess að efla arðbæran atvinnurekstur eða leysa verkefni, sem ætla mátti að hefðu þjóðhagslega þýðingu, þá er nú í vaxandi mæli notað erlent fjármagn til ýmissa smærri framkvæmda, sem áður þótti sjálfsagt að greiða með fjárveitingu á fjárlögum.

Á undanförnum árum hafa verið sívaxandi brögð að því, að alls konar skuldabréf eru með lögum undanþegin framtalsskyldu. Þetta teljum við óhæfu. Við teljum, að það sé frumskilyrði fyrir eðlilegu skatteftirliti, að eignir séu taldar fram, þó að þær séu undanþegnar skattlagningu, en slíkt getur í vissum tilfellum verið réttlætanlegt, og flytjum við brtt. við 3. gr. frv.

Eins og mál þetta ber að í Alþingi nú – og raunar áður – er útilokað að gera því þau skil, sem margir alþm. hefðu áreiðanlega viljað og vert væri. Við munum ekki flytja brtt. við þau ákvæði frv., sem fjalla um skiptingu lánsfjárins, þó með einni undantekningu, að því er varðar rafvæðingu í sveitum. Í þeim efnum hefur myndazt svo mikið ósamræmi milli byggðarlaga, að við teljum nauðsynlegt að flýta fyrir því, meira en frv. gerir ráð fyrir, að rafvæðingu landsins verði lokið.

Við leggjum til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingum:

1. Við 3. gr. Orðin „framtalsskyldu og“ falli brott.

2. Við 8. gr. Upptalningin, hvernig verja skuli lánsfé, breytist þannig: Í stað „15 millj. kr.“ til rafvæðingar í sveitum komi: 30 millj. kr., og niðurstöðutala breytist samkvæmt því í 371.8 millj. kr.“

Þetta er undirritað á Alþ. 25. apríl 1970, og undir það skrifa Vilhjálmur Hjálmarsson, Lúðvík Jósefsson og Þórarinn Þórarinsson.

Ég skal ekki tefja tíma hv. d. með frekari framsögu, en leyfi mér að afhenda hv. forseta nál. og þar með brtt. okkar, sem óskað er, að hann leiti afbrigða fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 691) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég held það hafi verið í fyrra, þegar framkvæmdaáætlun fyrir 1969 var til umr., að þá spurði ég hæstv. fjmrh. að því, hvað væri fyrirhugað með virkjunarrannsóknir á Norðurlandi. Það var sérstaklega í sambandi við Dettifossvirkjun, sem ég spurði þessarar spurningar. Ég man ekki betur en ég fengi það svar, að það mundi kosta 25–30 millj. kr. að fullrannsaka Dettifossvirkjun. Ég man ekki betur en það kæmi fram í svari hæstv. ráðh., að það að láta gera frumrannsóknir á þessum stað mundi kosta 5 millj. kr., og það væri fyrirhugað að gera á næsta sumri, þ. e. a. s. á s. l. sumri. Ég veit, að atvinnumálanefnd Norðurl. mun hafa líka mælt mjög með því, að þetta yrði gert. Nú langar mig til að spyrja hæstv. fjmrh. að því, hvort þessi rannsókn hafi farið fram á s. l. sumri.

Það kemur fram í þessari áætlun, að það á að verja 26 millj. kr. í heild til þess að athuga eða gera virkjunarrannsóknir víða á landinu, en það er ekki tilgreint, hvað eigi að sitja fyrir, heldur eru ýmsir staðir þar nefndir. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh. líka að því, hvort það sé fyrirhugað að athuga um virkjunarmöguleika við Skjálfandafljót. Eins og hv. þm. vita, hefur verið í ráði að flytja jafnvel hluta af Skjálfandafljóti til Laxár, en hins vegar hefur ekki verið athugað, svo að ég viti til, um möguleika að virkja við Íshólsvatn, þó að ýmsir leikmenn álíti þar góða möguleika. Ég veit, að ýmsir Norðlendingar leggja mikið kapp á, að þetta verði at-

hugað, og þess vegna vil ég fá það upplýst, hvað er fyrirhugað í þessu efni.

Björn Pálsson: Herra forseti. Við erum orðnir tímanaumir og ekki hægt að eyða miklum tíma í umr. Þó langar mig til að segja nokkur orð um þessa áætlun.

Það er nú svo um þá liði, sem á að verja fé til, að það má ef til vill segja, að þeir séu allir þarfir, því að á seinni árum hefur verið venja að gera eins konar framkvæmdaáætlun og útvega lánsfé vegna hennar. Það er erfitt fyrir okkur í stjórnarandstöðunni að deila um þetta, því að margt af þessu er þarft, sem fénu er varið í.

Hitt er svo annað mál, að það er dálítið vafamál, hve hratt á að fara í það að gera framkvæmdir fyrir víxla eða lán. Þegar góðæri er, álít ég, að það sé ekki ráðlegt, að eyða meiru en aflað er í framkvæmdir. Það getur frekar verið þörf á að taka lán til framkvæmda, þegar erfitt árferði er, til þess að bæta úr því atvinnuleysi, sem venjulega skapast í slíku árferði. Ég tel, að s. l. ár hafi verið mjög hagstætt. Það var einhver bezta vertíð, sem verið hefur, og verð á sjávarafurðum flaug upp. Í ár lítur út fyrir að verði mjög góð afkoma, a. m. k. það sem af er árinu. Það er einhver bezta vertíð í manna minnum, og verðið hefur farið frekar hækkandi á sjávarafurðum til þessa. Ég held, að það sé dálítið vafamál, hve mikil lán við eigum að taka í slíku árferði, eins og lítur út fyrir að verða þetta ár. Hvenær á þetta að greiðast? Eiga börnin okkar að greiða þetta, eða eigum við að greiða það, þegar vel árar? Það þarf að greiða öll lán.

Ég hef aldrei dregið það í efa, að hæstv. fjmrh. væri vel gefinn maður og töluglöggur, enda höfum við sjaldnast átzt nokkuð misjafnt við. Ég skil þó ekki þá fjármálavizku að taka þessi vísitölulán. Ég skil ekki þessar aðferðir. Ríkið á bankana, svo er verið að bjóða út lán, sem eru vísitölutryggð. Ég var að minnast á þetta við fjmrh. áðan, það er misjafnt, hvað vísitalan hefur þegar hækkað. Svo er meiningin að endurlána fyrri lán. Ætli þetta sé ekki komið upp í 160, 180 eða jafnvel 200 millj. kr., sem fyrst var lánað. Svo ætla þeir að endurlána þetta áfram. Þarna eru þeim, sem eiga peningana í landinu, sköpuð misjöfn kjör. Ég sé ekki annað en það væri eðlilegast, að ríkið tæki þetta bara sem venjuleg lán í sínum eigin lánastofnunum. Ríkið á Seðlabankann, ríkið á Landsbankann. Þá eru þessi lán með venjulegum vöxtum, allir sitja við svipuð kjör með verðtryggingu. Ég veit ekki betur en peningarnir hafi verið verðfelldir fyrir sparifjáreigendum yfirleitt, 100% nú í tveimur síðustu gengislækkunum. Svo koma aðrir aðilar, sem lána ríkinu og fá lánin vísitölutryggð eða sama sem gengistryggð. Nú eru ekki líkur til annars en að vísitalan fljúgi upp á næstunni. Það eru líkur til, að kaup stórhækki í vor. Það eru engar líkur til annars en landbúnaðarvörur hækki. Vísitalan hlýtur að stórhækka. Ég skil ekki svona fjármálavizku, og svo er ríkið að bjóða út árlega 75 millj., en þarf vafalaust að borga þetta á sínum tíma með 150 millj. aftur, þessa sömu upphæð, ef það fer ekki í 200–300 millj., það er ómögulegt að fullyrða það. Ég get ekki séð annað en að þarna sé um hreina fjármálaglópsku að ræða. Það, sem kostar 7 millj. nú, það getur orðið að borga með 15–16 millj. eftir nokkur ár. Hví tekur ríkið ekki lán í sínum eigin lánastofnunum? Það ætti að geta fengið það alveg eins og einstaklingarnir. Ég skil ekki svona fikt og að fara svo að hlaupa í kapp við lánastofnanir, sem ríkið á sjálft. Vitanlega vilja allir lána ríkinu vísitölutryggð lán, svipað og gengistryggð, heldur en bönkunum. Ríkið á bankana, og einstaklingarnir lána sama sem ríkinu sparifé sitt. Mín skoðun er sú, að við verðum að reyna að stjórna fjármálum ríkisins á þann hátt, að við þurfum ekki að taka lán í góðæri, nema t. d. til virkjana og áburðarverksmiðju, og annarra stærri framkvæmda. En að fara að leggja vegi fyrir víxla í góðærum, það tel ég dálítið vafamál.

Hér er t. d. gert ráð fyrir, eins og frv. er orðið nú, að það sé heimilt að taka 500 millj. kr. lán eða jafnvirði þess í erlendum gjaldeyri til að endurlána Vegasjóði til lagningar hraðbrauta. Gott og vel, það er vafalaust þörf á að leggja hraðbrautir. Ég talaði hér niðri í kaffistofunni við mann, sem heitir Sverrir Runólfsson. Hann hafði verið vestur í Kaliforníu og kynnzt þar vegalagningu. Ég er ræðinn og hef gaman af að kynnast nýjum hlutum. Hann taldi, að við værum tæknilega ekki á réttri leið í þessum hraðbrautamálum. Hann taldi, að við þyrftum ekki að skipta eins mikið á efninu, ekki nema litlum hluta af efninu. Það væri hægt að þjappa því saman og líma það saman með sementi, að því er mér skildist. Hann taldi einnig, að vegirnir hjá okkur væru of flatir, vatnið rynni ekki af þeim, og það væri hægt að byggja þá með miklu meiri hraða og miklu ódýrar en við gerðum. Nú er það svo, að maður má aldrei trúa því einhliða sem sagt er. En hitt er annað mál, að við skulum aldrei vera svo vitrir að loka augum og eyrum fyrir því, sem aðrir gera, ef það er vel gert. Við vitum það, að Bandaríkjamenn standa okkur framar á öllum tæknilegum sviðum, sem eðlilegt er. Við erum fátækir og fámennir, en þeir ríkir og fjölmennir. Ég held, að það væri þess vegna ekki neitt rangt við það að athuga þessa hluti, án þess að ég taki neina ábyrgð á því, að það sé rétt.

Sverrir sagðist treysta sér til þess að leggja veg norður á Akureyri á 200 dögum. Ég satt að segja tók það ekki alvarlega. Þegar menn ræða svona saman, þá ýkja þeir oft hlutina. Sverrir taldi, að það væri alveg óþarfi að skipta nema að litlu leyti um jarðveg, þar sem hraðbrautir væru lagðar. Ég held, að vegamálaráðherra ætti að bregða sér vestur yfir hafið með þessum ágæta Sverri Runólfssyni. Sannarlega væri þessum ágæta ráðh. ekki of gott að lyfta sér einu sinni upp. Hann gæti þá kannske haft menntmrh. okkar með sér svona til þess að þýða latínu, eða önnur tungumál. Hann er svo mikill latínumaður. Þeir færu svo vestur í Kaliforníu. Þetta munar ekki öllu, miðað við það fjármagn, sem fer í þessa vegi, – og kynntu sér þetta með eigin augum. Svo hafa þeir eflaust einn góðan vélamann með sér. Menntmrh. ferðaðist þá ekkert annað á meðan, svo að það er ef til vill ekki mikill aukakostnaður. Ef við gætum sparað okkur þarna hundruð eða þúsundir milljóna, þá eigum við ekki að sjá eftir því, þótt okkar ágæti ráðh. eyddi þarna nokkrum dögum.

Sverrir segir, að það þurfi að fá vél frá Ameríku. Þeir séu hér að hugsa um að kaupa vél frá Svíþjóð og það sé alrangt. Það var lagður hér vegarspotti fyrir ofan Elliðaárnar. Það var verið að dunda við þetta í skammdeginu að vetri til. Þetta varð óhæfilega dýrt. Svo var

boðinn út einhver annar spotti, og þá kom miklu lægra tilboð og e. t. v. hafa vegheflarnir ekki verið að öllu leyti sambærilegir, en allir sáu, sem höfðu opin augun, að þarna var farið öfugt að hlutunum. Fyrir 200 þús. manna þjóð í stóru landi er ekkert aukaatriði, hvernig svona hlutir eru framkvæmdir.

Ég vildi því vekja athygli á, að við ættum að kynna okkur þetta, hvernig vegalagningu er hagað hjá þeim þjóðum, sem lengst eru komnar. Mér er sagt, að Bandaríkjamenn hafi lært þetta af Þjóðverjum upphaflega, en það skiptir ekki máli. Ég efast ekki um, að Bandaríkjamenn séu lengra komnir í vegamálum en við og hafi meiri tækni. Við eigum sannarlega að athuga það, á hvern hátt við getum gert okkar vegakerfi betra og ódýrara. Við höfum engin efni á að eyða hundruðum eða þúsundum millj. í vegi, ef við getum komizt hjá því. Ég skal játa, að við þurfum að bæta vegina, en við eigum að nota sem mesta hagsýni. Ég held, að við höfum eytt tíma og fé í annað eins og til minni þarfa en það, þótt einhverjir menn skryppu vestur yfir hafið til að athuga þetta rækilega, og ef það væri álitlegt, að breyta þá til og fá þær vélar, sem henta, og nota þær aðferðir, sem athugulir menn álíta hagkvæmastar.

Það er erfitt að vera á móti því að leggja fé í flest af þessu, sem hér er talað um. Þó er vafalaust sumt af því vitleysa eða ber a. m. k. lítinn árangur. Það starfar nú Rannsóknaráð ríkisins, sem er víst ágætisstofnun, hefur víst verið að basla við að athuga bikstein. Mér er sagt, að sú athugun hafi reynzt neikvæð. Nú er verið að athuga sjóvinnslu. Vinna á salt og magnesíum suður á Reykjanesi. Hlerað hef ég, að það muni litlar líkur til þess, að það reynist mjög jákvætt.

Eins er það með þessa rafvæðingu. Það er alls staðar verið að rannsaka. Það er sjálfsagt að rannsaka hlutina vel, en ég veit ekki, hvort það er nokkur hagfræði í því að vera endilega að rannsaka allt í einu. Þeir hljóta t. d. að vera svo glöggir þessir menn, að þeir sjái það fljótlega, hvar hagkvæmast er að virkja. Það er tæplega um að ræða svo marga staði. Einbeita á rannsóknunum að því. Ég efast t. d. ekki um það, að stærri virkjanirnar eru hagkvæmari. Það er t. d. mikið talað um Laxárvirkjun. Ég hef í sannleika sagt samúð með Þingeyingunum. Það má ekki eyðileggja fyrir þeim hjartað úr sýslunni. Ég held, að við ættum ekki að vera að deila um það, og álít, að við ættum að lofa þeim að eiga sína Laxá og sitt Mývatn svona nokkurn veginn óskemmd, en leggja hins vegar frá stórvirkjunum í Þjórsá línu norður. Þetta þarf hvort sem er fyrr eða síðar að tengja saman. Ef Dettifoss verður virkjaður síðar, þá er hægt að tengja línurnar gagnkvæmt, þannig að ég held, að þó við legðum línu norður Kjöl, þá yrði þeim peningum ekki kastað á glæ.

Svo er verið að leita hér að einhverjum málmum í Skaftafellssýslunni eða á Suðausturlandi og betla fé hjá Sameinuðu þjóðunum. Satt að segja hef ég litla trú á þessari málmleit þeirra þarna, og efast nú um, að það sé til mikils. Það er æskilegt, að þeir betli peninga, sem hafa gaman af því, en ég hef ekki af því ánægju.

Ég held, að við þurfum að haga okkar fjármálastjórn þannig að safna ekki skuldum í góðæri, nema þá um sérstaklega fjárfrekar framkvæmdir sé að ræða, eins og t. d. stórvirkjanir eða stærri byggingar. Ég get ómögulega skilið þá fjármálavizku að vera að taka vísitölutryggð lán, að ríkið geri það, geri þannig mismun milli sparifjáreigenda. Þetta eru hrein okurlán. Mér sýnist þetta vera eins og hver önnur fjármálaleg glópska. Það er nákvæmlega sama fyrir viðskiptabankana, hvort þeir lána ríkinu þetta beint eða hvort þetta er tekið út úr bönkum af einstaklingum. Það minnkar umsetninguna í viðskiptabönkunum jafnt. Það er eins og hver önnur vitleysa að gera þetta. Einstaklingur, sem hagar sér þannig, færi náttúrlega á sveitina mjög fljótlega.

Frsm. meiri hl. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð varðandi þær brtt., sem minni hl. fjhn. hefur nú flutt hér skriflega. Varðandi þá brtt. við 3. gr. frv. að fella niður undanþágu við framtalsskyldu spariskírteinanna, þá er það augljóst mál, að spariskírteinin mundu naumast seljast nema því aðeins að það sé ekki boðið upp á verri kjör en er í lánastofnunum almennt. Sparifé almennt er ekki framtalsskylt eða skattskylt.

Önnur brtt. frá minni hl. fjhn. er um að hækka lán til rafvæðingar í sveitum um helming, eða úr 15 millj. kr. í 30 millj. Það er auðvitað gott og blessað að fá aukið fjármagn til rafvæðingar í sveitum. En þetta er nú í fyrsta skipti, sem tekið er upp í framkvæmdaáætlun ríkisins fjármagn til þessara hluta. Á þessu ári er áætlað að verja miklu meira fjármagni til rafvæðingar í sveitum en nokkru sinni fyrr. Það er talið af þeim mönnum, sem hafa fjallað um undirbúning þessara framkvæmda, bæði í orkuráði, fagmönnum í Orkustofnuninni og af iðnaðar- og orkumálarn., að það muni vera mjög erfitt að vinna meira en þegar er ráðgert að þessum framkvæmdum á þessu ári. Ég skal nú ekki segja um það með fullri vissu, en ég tel, að það sé vel, ef það verður allt framkvæmt, sem þegar er áætlað að vinna. Það liggur einnig fyrir, að á þessu ári og hinu næsta er áætlað að ljúka rafvæðingu allra þeirra býla, þar sem meðalvegalengd á milli bæja er einn og hálfur km eða minna. Hvað tekur við í rafvæðingunni þar á eftir, hefur enn ekki verið ákveðið, en því hefur þó verið lýst yfir hér á hv. Alþ. af einum hæstv. ráðh., að ekki sé hægt að líta á það sem neitt stórvirki að ráðast í þann hluta, sem þá er eftir af rafvæðingu landsins, það er t. d. kaflann frá 1.5 til 2 km á milli býla, og er þess að vænta, að að því verði stefnt í næsta áfanga. Þegar eru komin inn í framkvæmdaáætlun þessa árs nokkur býli, þar sem vegalengd er 1.5–2 km milli bæja með sérstökum kjörum, sem heimaaðilar hafa orðið að bjóða fram. Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, með tilliti til þess, sem ég hef hér þegar sagt, að mæla með því, að þessi brtt. hv. minni hl. n. verði samþ.

Um það, sem hv. frsm. minni hl. gat um og raunar einnig síðasti hv. ræðumaður, þá breyt., sem gerð var á frv. í hv. Ed., að inn í frv. var tekin ný gr., þar sem heimilað var að taka lán allt að 500 millj. kr. til framkvæmda við hraðbrautir, þá er þess að geta, að hér er ekki að neinu leyti farið fram úr þeim heimildum, sem eru í vegáætlun, en nauðsynlegt mun hafa þótt að fella slíka heimild einnig inn í lög um þá heimild, sem hér er um að ræða fyrir ríkisstj. um lántökur.

Hv. síðasti ræðumaður, hv. 3. þm. Norðurl. v., taldi,

að hér væri um margt farið rangt að. Það mætti kalla, að það nálgaðist hreina vitleysu að taka lán til framkvæmda, enda sumt af því, sem hér væri ráðgert að framkvæma, eiginlega hrein vitleysa. Nefndi hann í því tilfelli t. d. ýmsar rannsóknir í sambandi við orkuöflun og veitti þar að sínu leyti nokkur svör við ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e. Ég sé nú ekki ástæðu til þess að gera aths. við ræðu þessa hv. þm., en þó get ég ekki stillt mig um að láta það í ljós, að ég tel, að það væri lítið komið áleiðis með framkvæmdir í okkar landi, ef ekki væri til stórhugur og framsýni til þess að taka lán, þegar hagkvæm kjör bjóðast til þess að koma verkum áfram. Það er einmitt það, sem stefnt er að með samþykkt þessa frv. og með þeirri framkvæmdaáætlun, sem hér liggur fyrir.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hv. fjhn. fyrir skjóta afgreiðslu á þessu máli, sem ekki hefur legið lengi fyrir n., en eins og ég sagði í frumræðu minni við 1. umr., þá er þó svo langt síðan útbýtt var skýrslu minni varðandi framkvæmdaáætlun ársins, að mun meira svigrúm hefur gefizt til athugunar á öllum þáttum þessa vandamáls en verið hefur á undanförnum þingum.

Varðandi þær brtt., sem fluttar hafa verið við frv., vil ég aðeins segja, að sú till. að taka upp framtalsskyldu á spariskírteinum hefur áður komið fram. Ég vék að henni í Ed. og skýrði þar andstöðu mína gegn henni, en hún stafar fyrst og fremst af því, að meginhlutinn af þessu fé, sem hér er ætlunin að taka, er endursala á eldri spariskírteinum, og það væri vitanlega teflt í mikla tvísýnu, ef ætti að fara að taka upp önnur kjör á þeim spariskírteinum en skírteinunum, sem verið er að innleysa. Í annan stað gat ég þess, að það væri að mörgu leyti óheppilegt að hafa ekki framtalsskyldu almennt, og þá gilti hið sama um sparifé. Það væri mál, sem væri til sérstakrar athugunar í sambandi við endurskoðun skattalöggjafarinnar, og ég teldi ekki rétt að breyta þeim reglum, sem gilt hefðu varðandi spariskírteinin undanfarin ár, nema því aðeins að tekin yrði upp almenn regla um framtalsskyldu í þessu sambandi. En það er alveg rétt, að margt mælir með því, að bæði sparifé, skírteini og skuldabréf ættu að vera framtalsskyld. Þau geta verið skattfrjáls fyrir því. En það verður að vera í því samræmi, og það er alveg rétt, sem frsm. meiri hl. n. sagði hér áðan, að það torveldar aðeins sölu spariskírteinanna, ef farið yrði að setja þessa kvöð á þau, meðan sparifé er ekki framtalsskylt. Af þessum sökum teldi ég það mjög óheppilegt, ef nú í þetta sinn yrði farið að breyta til, einmitt þegar þetta mál í heild er í athugun.

Varðandi hina brtt., um rafvæðingu í sveitum, þá var það rétt upplýst hjá frsm. meiri hl. fjhn., að nú er varið til þessara framkvæmda miklum mun meira fé en nokkru sinni áður, og gert ráð fyrir, að á þessu ári verði þar til ráðstöfunar með öðrum lánum, sem boðin hafa verið, um 60 millj. kr. Það liggur ljóst fyrir, að þó veitt yrði heimild til frekari lántöku á þessu ári, þá mundi úr þessu ekki vera auðið að koma við frekari framkvæmdum en hægt er að vinna að með því fé, sem þegar hefur verið tryggt. Af þessum sökum mundi það ekki hafa neina þýðingu til þess að flýta þessum verkefnum, þó að hér yrði farið að hækka þessa lántökuheimild. Hins vegar hefur verið lýst yfir því, og ég gat um það í framsöguræðu minni, að ákveðið hefur verið að ljúka á þessu og næsta ári lagningu allra þeirra sveitaveitna eða héraðsveitna, sem eru að meðaltali að vegalengd milli bæja ekki yfir 1.5 km. Varðandi framhaldið í þessum efnum hefur engin ákvörðun verið tekin, en það mál verður að sjálfsögðu rætt innan tíðar, en ekki er tilefni til að gera það í sambandi við þetta frv.

Varðandi hina sérstöku fsp. hv. 5. þm. Norðurl. e. um orkurannsóknir á Norðurlandi, þá er það rétt, að á s. l. sumri bárust um það óskir frá atvinnumálanefnd Norðurlands, að aflað yrði fjár til sérstakra athugana á Norðurlandssvæðinu eystra, en þar var fyrst og fremst um að ræða athuganir á Efri-Laxá, og eins og við báðir vitum mætavel, þá er það mál ekki alveg einfalt. Um það hafa komið fram deilur, um Laxárvirkjunina í heild, sem ég ætla ekki að fara að gera hér að umtalsefni og okkur hv. þm. er báðum jafnkunnugt um. Ég taldi ekki sérstaklega ráðlegt að vera að leggja fé til þeirra rannsókna á því stigi. Það er hins vegar gert ráð fyrir því í sambandi við það fé, sem nú er ætlunin að afla til orkurannsókna, að af því verði notaðar töluverðar fjárhæðir til athugunar á framtíðarvalkostum við rafvæðingu bæði norðanlands og austan, og hefur verið gert ráð fyrir því fé, sem Orkustofnunin telur þar brýnast að vinna að. Hitt er rétt, að það er ekki gert ráð fyrir sérstökum stórfjárveitingum til athugunar á Dettifossi vegna þess, að það er viðurkennt af öllum, að virkjun Dettifoss kemur ekki til álita nema í sambandi við stóriðju, og það er ekki vitað nú um sérstaka stóriðju, sem bjóðist og hægt væri að hagnýta í sambandi við Dettifossvirkjun. En þær fjárhæðir, sem hér er gert ráð fyrir í áætluninni, eru hugsaðar til þess að kanna frekari virkjunarmöguleika á Norðurlandi og gera forrannsóknir á því, eins og ég sagði, bæði norðanlands og austan. Einnig er gert ráð fyrir vissum fjárveitingum til athugunar hér sunnanlands í samræmi við þær till., sem fram hafa komið frá Orkustofnuninni um þetta efni. Vitanlega þyrfti að leggja til þess miklu meira fé og fara út í nánari rannsóknir á þessum verkefnum, en það hefur ekki til þessa legið fyrir, að beðið væri um fé til þess að gera meiri háttar athuganir á ákveðnum svæðum í þessu sambandi. Athyglin norðanlands hefur beinzt fyrst og fremst að Laxársvæðinu til þessa. Hvort það gerist nauðsynlegt að fara inn á víðtækar athuganir á öðrum svæðum, er annað mál, sem ég skal ekkert fara út í hér. Það fer að sjálfsögðu eftir því, hvernig málin skipast varðandi virkjun Laxár.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara langt út í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. Ég get verið honum alveg sammála um það, að það sé æskilegt að taka ekki mikil lán í góðu árferði. Ég held, að árferðið hafi ekki verið sérlega gott nú síðustu árin. Þó má segja, að það sé að batna núna, þannig að menn gætu þá e. t. v. hugsað sér að taka ekki veruleg lán. Hitt er annað mál, að menn gætu kannske tekið lán, sem hér er um að ræða, látið framkvæmdirnar eiga sig eða þá aflað nýs fjár með sköttum eða með öðrum hætti til þess að standa undir þessum framkvæmdum. Hvort hér er aftur um þarfar framkvæmdir að ræða eða ekki, þarf ég ekki að fara út í í einstökum atriðum. Ég held og hygg, að það sé ekki

ágreiningur um það hjá hv. þdm. eða þm. almennt, að hér sé um mikilvægar framkvæmdir að ræða, enda hefur engin brtt. komið fram um það í hvorugri d. þingsins að fella niður neitt af þeim fjárveitingum, sem hér er um að ræða, eða fjáröflun. Það er auk þess rétt að taka það fram, að í mörgum tilfellum er hér verið að afla fjár til framkvæmda, sem ætlunin er, að síðan standi undir sér sjálfar. Það er nánast um lánsfé til afmarkaðra verkefna að ræða, sem ekki er gert ráð fyrir, að endanlega falli á ríkissjóð, þannig að það er auðvitað ekkert óeðlilegt, að tekið sé lán til slíkra framkvæmda.

Hins vegar hefur í verulegum mæli verið tekin út úr framkvæmdaáætlun fjáröflun til framkvæmda, sem er eðlilegt að teljist með venjulegum framkvæmdum ríkissjóðs, svo sem skólabyggingar og annað þess konar, að undanskildum framkvæmdum á vegum Háskóla Íslands, sem nú er gert ráð fyrir lánsfjáröflun til, en þó tekið fram, að óvíst er að þurfi að grípa til á þessu ári, og kemur þá til athugunar, hvort hægt er að afla þess fjár með öðrum hætti. En skólarnir og sjúkrahúsin hafa t. d. alveg verið tekin út úr framkvæmdaáætlun og fjármögnuð með fjárveitingum í fjárlögum.

Varðandi það atriði, að það sé hægt að láta bankana lána þessa peninga alla saman án þess að afla þeirra með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir, með spariskírteinaláni, þá held ég, að við þurfum ekki að orðlengja um það, að málið er ekki svona einfalt. Það er auðvitað allt annað mál að ganga inn í banka og segja: „Gerið svo vel og látið okkur hafa peninga til þess að fjármagna þessar framkvæmdir allar með," eða hvort boðið er út á almennum markaði skuldabréfalán. Þá er það hinn einstaki sparifjáreigandi, sem ræður því, hvort hann notar peninga sína í þessu skyni eða ekki. Og ég held, að það sé ekkert efamál og það sé skoðun bankanna einnig, að einmitt með þessum ráðstöfunum hafi komið fram ýmislegt fé, sem annars mundi ekki hafa verið lagt í banka, heldur verið varið til annarra þarfa og fjárfest með öðrum hætti, í byggingum eða á annan hátt, sem tryggði féð betur en bankarnir geta tryggt það. Hér er þannig opnaður möguleiki til þess, þó að takmarkaður sé, að menn geti verðtryggt sitt sparifé. Ég er ekki í neinum vafa um, að það hefur átt sinn þátt í því að auka sparnað í þessu formi. Og þá má jafnframt geta þess, að það er einnig til annað tilfelli í þessu sambandi, þar sem um svipað er að ræða, en það eru húsnæðislánin, sem eru með verðtryggingu að vissu marki, og er hugsunin með því einmitt sú sama, að auðvelda fjáröflun til þeirra framkvæmda. Og svo sem við allir vitum, þá hefur verið talað mjög um að taka upp verðtryggingu á sparifé almennt. Það hefur ekki tekizt til þessa vegna margvíslegra erfiðleika, en ég sé ekki almennt séð, þótt þetta séu dýr lán, það skal ég játa, að það sé óheilbrigð hugsun að gefa möguleika til nýsparnaðar með þessum hætti.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til, herra forseti, að fara nánar út í þetta mál, en þakka sem sagt hv. n. fyrir góða og skjóta afgreiðslu þess.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að mæla eindregið með þeirri brtt., sem fyrir liggur frá fjhn.-mönnum um að hækka þá upphæð, sem í frv. er gert ráð fyrir að verja til rafvæðingar í sveitum. En till. mun vera um það að bæta við 15 millj. kr. Það getur vel verið rétt og er eflaust rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði, að fyrir það fé, sem þegar er ákveðið að verja til þessara framkvæmda, verði hægt að vinna allmikið að þessum framkvæmdum. En ég vil benda á það, sem raunar flestum hv. þm. hlýtur nú að vera ljóst, að biðin fyrir marga, sem í dreifbýlinu búa, er orðin nokkuð löng.

Það munu nú vera liðin um 16 ár, síðan lög voru sett eða a. m. k. síðan stjórnaryfirlýsing var gefin út við myndun nýrrar stjórnar um rafvæðingaráætlun fyrir dreifbýlið, og enn eru þeir margir í strjálbýlinu, sem ekki hafa fengið rafmagnið, og eru þeir jafnvel nokkuð margir, þó að sú bráðabirgðaáætlun til tveggja ára, sem um er rætt, yrði framkvæmd fyrr. Við verðum hér á hinu háa Alþ. að reyna að skilja, hvernig því fólki er innanbrjósts, sem búið er að bíða í þessi 16 ár og enga raforku hefur fengið enn. Menn verða að skilja það og gera sér grein fyrir því, hvaða afleiðingar getur haft hvert árið, sem líður án þess að raforkan komi, þar sem hennar hefur verið beðið allan þennan tíma.

Nú segir hæstv. fjmrh., að það muni ekki vera tæknilega mögulegt að framkvæma á einu ári það, sem gert hefur verið ráð fyrir eða hann gerir nú ráð fyrir að framkvæma á tveimur árum. Ég hef heyrt þetta sagt áður. Ég hef heyrt starfsmenn á raforkumálaskrifstofunni segja, að það leiki nokkur vafi á því, að hægt sé að framkvæma þetta að fullu á einu ári. Mér þykir það á vanta, þegar það er fullyrt, að þarna séu tæknilegir örðugleikar til fyrirstöðu, að gerð sé grein fyrir því, hverjir þeir tæknilegu erfiðleikar séu. Ég hygg, að nú sé nægilegt vinnuafl í landinu á sumrin, eins og nú standa sakir, þannig að þetta mun varla stranda á því að fá vinnuafl í þessa framkvæmd, enda mundu menn víða leggja það á sig, þar sem um rafvæðingu er að ræða, að leggja sjálfir til eitthvað af þessu vinnuafli, sem til þess fer. En mér finnst það á skorta, að gerð sé grein fyrir því, hvaða tæknilegu örðugleikar þetta séu. Mér er ekki kunnugt um þá.

Samkv. þeim ákvörðunum, sem fyrir liggja í fjárl., og samkv. því, sem gert var ráð fyrir í þessu frv., þá lítur út fyrir, að um sé að ræða helminginn af því, sem eftir er, og þá með taldar greiðslur, sem enn er ekki búið að inna af hendi vegna veitna, sem byrjað er á. Það mun vera um helmingur, sem gert er ráð fyrir að leggja á þessu ári. Hæstv. ráðh. áleit, að þetta mundi í rauninni verða töluvert meira, því að lán mundu koma frá hlutaðeigendum. En það er nú ekki alls staðar hlaupið að því að fá slík lán heima í héruðunum, og ég veit ekki, hvort það er alveg einhlítt að fara alveg eftir því, hvort menn geta lagt fram lán eða ekki, þegar slíkar framkvæmdir eru ákveðnar. En auðvitað verður að hafa um það einhverja reglu, ef eitthvað verður eftir, hvað það eigi að vera.

Ég vil sem sé, eins og ég sagði, mæla með því, að þessi brtt. verði samþ. Þó að hún yrði samþ., þá vantar enn nokkuð á það, að séð sé fyrir þessu fé, og það kæmi þá til á næsta ári sem fjárveiting í fjárl. og þá e. t. v. einnig lán.

Hér hefur verið rætt nokkuð um 8. gr. frv. og þá um þann lið í upptalningunni, sem fjallar um orkurannsóknir. Að því hefur verið vikið og er vikið í grg. frv., að

sú till., sem hér er gerð, sé gerð með hliðsjón af – ég man nú ekki gjörla orðalagið – af till. raforkumálaskrifstofunnar um forrannsóknir á vatnsorku landsins. Af því að þetta berst hér í tal og að því er vikið í grg. frv., þessum till. raforkumálastofnunarinnar, þá þykir mér hlýða að víkja aðeins að þessum till. í fáum orðum.

Það mun hafa verið á s. l. hausti eða réttara sagt í ágústmánuði, sem fram kom frá raforkumálastofnuninni áætlun þessi, sem svo er nefnd, um forrannsóknir á vatnsorku Íslands. Ég hef haft þessa áætlun nokkuð lengi í höndum og ætla, að margir þekki efni hennar, og ekki er það neitt launungarmál af hálfu stofnunarinnar. En í þessari áætlun mun vera gert ráð fyrir, að á árunum 1970–'74 verði varið samtals nokkuð á þriðja hundrað millj. til þess að framkvæma þessar forrannsóknir. Þessi áætlun er mjög athyglisverð, vegna þess að þar er gert ráð fyrir þeim möguleika að flytja stórvötn milli landshluta og nota þau til virkjunar í öðrum landshluta en þeim, sem þau nú falla um. Það hefði kannske verið ástæða til þess að spyrjast fyrir um það og þá sérstaklega hjá hæstv. iðnmrh., sem fer með orkumálin, hvort það sé svo, að hæstv. ríkisstj. hafi fallizt á þessa áætlun og það, sem í henni felst. Hér er náttúrlega um nokkuð mikið að ræða, að verja miklum fjármunum til að rannsaka möguleika af þessu tagi, og virðist mér, að áður en í það væri ráðizt, þyrfti það að liggja fyrir, að stjórnvöld landsins væru þess sinnis að vilja framkvæmdir af þessu tagi. Ég hef nú ekki ætlazt til svars við þessu nú, um afstöðu ríkisstj. til þessarar áætlunar, en það er vissulega ástæða til þess að hugleiða málið út frá þessu sjónarmiði.

Það er kannske óþarfi að vera að rekja það, hvers konar flutningar stórvatna það eru, sem hér er gert ráð fyrir, en þar er m. a. um það að ræða að flytja jökulvatnið úr Jökulsá á Fjöllum og Jökulsá á Dal austur í Fljótsdal og skapa þar möguleika fyrir orkuver, sem nægja mundi fyrir a. m. k. 15 álverksmiðjur eins og þá, sem nú er í Straumsvík. Þarna eru líka hugmyndir um að flytja hluta af Skjálfandafljóti suður í Þjórsá og hluta af Héraðsvötnum suður í Þjórsá og hluta af skaftfellskum vötnum vestur yfir í Þjórsárfarveg. Fleira er þarna af þessu tagi. Nú er þetta allt saman mjög athyglisvert og umhugsunarvert. En þarna er samt áreiðanlega um mál að ræða, sem rétt mundi vera fyrir hæstv. ríkisstj. eða stjórnvöld landsins yfirleitt að hafa nokkurt samráð um við fólk í byggðum landsins, áður en ákvörðun verður tekin um það að verja mjög miklu fé á komandi árum til svona rannsókna.

Í þessum umr. hefur verið minnzt á Dettifoss og virkjun hans. Ég er ekki frá því, að hjá ýmsum, bæði utan þings og innan, sé nokkuð farið að falla í gleymsku það, sem gerðist í sambandi við virkjun Dettifoss fyrir einum áratug. Hinn 22. marz 1961 var hér á hinu háa Alþ. gerð með shlj. atkv. svo hljóðandi ályktun, með leyfi hæstv. forseta:

„*Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta hraða gerð fullnaðaráætlunar um virkjun Jökulsár á Fjöllum og athugun á hagnýtingu orkunnar til framleiðslu á útflutningsvörum og úrræðum til fjáröflunar í því sambandi.*"

Sú till. til þál., sem hér er um að ræða, var flutt af þm. úr Norðurl. e., og stóðu þeir allir að flutningi hennar. Eins og ég sagði, var hún samþ. hér á hinu háa Alþ. með shlj. atkv. 22. marz 1961. Það gerðist í þessum málum skömmu síðar, eða hinn 5. maí 1961, að þáv. iðnmrh., núv. hæstv. forsrh., skipaði svokallaða stóriðjunefnd til að fjalla um möguleika á stórvirkjunum hér á landi og stóriðju í því sambandi. Í þessari n. voru dr. Jóhannes Nordal bankastjóri, formaður n., Eiríkur Briem rafmagnsveitustjóri, núv. forstjóri Landsvirkjunar, Þórhallur Ásgeirsson ráðuneytisstjóri, Jóhann Hafstein þáv. bankastjóri, núv. hæstv. iðnmrh., Pétur Pétursson forstjóri og Sveinn Valfells forstjóri. Nokkru síðar tók Jóhann Hafstein sæti í ríkisstj., og var Magnús Jónsson bankastjóri, núv. hæstv. fjmrh., skipaður í hans stað í stóriðjunefndina.

Þessi stóriðjunefnd skilaði í nóvembermánuði 1964 skýrslu til ríkisstj. um þessi mál. Mér finnst ástæða til þess, af því að hér hefur verið minnzt á Dettifossvirkjun að rifja upp það, sem stóriðjunefndin sagði um það mál, en hún athugaði stórvirkjunarmöguleikana sérstaklega í sambandi við þá fyrirhuguðu álvinnslu hér á landi. Stóriðjunefndin segir á bls. 5 í skýrslu sinni árið 1964, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og kunnugt er, hefur raforkumálastjórnin allt frá stríðslokum látið framkvæma miklar og víðtækar rannsóknir á vatnsafli landsins. Og um það leyti, sem stóriðjunefnd var skipuð, þ. e. a. s. vorið 1961, var þeim rannsóknum það langt komið, að þegar hafði verið unnt að byrja á áætlunum um einstakar virkjanir. Höfðu virkjun Dettifoss og virkjun Vígabergsfoss í Jökulsá á Fjöllum orðið fyrstar fyrir valinu, og lágu frumáætlanir fyrir um þær haustið 1959. Á grundvelli þál. frá 22. marz 1961 var svo ákveðið að gera fullnaðaráætlun um virkjun Dettifoss með stóriðju fyrir augum."

Síðar segir í skýrslunni:

„Fyrsta skrefið í stóriðjumálunum var að sjálfsögðu að fá traustar áætlanir um stofnkostnað þeirra raforkuvera, sem helzt gátu talizt koma til greina, og í ársbyrjun 1963 lágu fyrir fullnaðaráætlanir um 133 megawatta virkjun við Dettifoss og 180 megawatta virkjun við Búrfell. Á grundvelli þessara áætlana var gerður samanburður á þessum virkjunum. Í apríl 1963 kom í ljós, að orkan frá Dettifossvirkjun afhent við Eyjafjörð yrði um 20% dýrari en orkan frá Búrfellsvirkjun afhent við Faxaflóa. Þetta þyrfti út af fyrir sig ekki að þýða, að Dettifossvirkjun hentaði ekki fyrir alúmíníumvinnslu. En hitt var verra, að eina fyrirtækið, Swiss Aluminium, sem ræddi alúmíníumverksmiðju hér af fullri alvöru, taldi sig ekki vilja ráðast í stærri verksmiðju en sem svaraði tæpum 60 megawöttum."

Nokkuð mikill hluti af þessari skýrslu stóriðjunefndarinnar frá 1964 er samanburður á virkjunarkostnaði, annars vegar við Búrfell og hins vegar við Dettifoss, og niðurstaðan varð, eins og kunnugt er, sú hjá þeim, sem þessum málum réðu, að Búrfellsvirkjun varð fyrir valinu. Hins vegar liggur það glögglega fyrir í skýrslu stóriðjunefndar og þó enn fremur í skýrslu frá Harza Engineering Company International, sem var ráðunautur stjórnarvalda hér í þessum málum, að virkjun Dettifoss sé mjög álitleg sem virkjun vegna stóriðju, þ. e. a. s. sem virkjun til þess að framleiða raforku á lágu verði. Ég hef hér fyrir framan mig um

þessi efni útdrátt úr ítarlegri skýrslu Harza um þetta mál, sem ég ætla nú ekki að fara að lesa upp úr hér, enda er hún á ensku, og ég er ekki reiðubúinn til að fara að þýða upp úr henni frá orði til orðs, en þar kemur þetta enn fram, að þetta fræga rafmagnsfirma í New York telur, að virkjunarskilyrðin séu mjög álitleg til að framleiða orku til stóriðnaðar, þ. e. a. s. ódýra raforku, en í skýrslunni er enska orðið „attractive" notað í því sambandi. En hitt hefur að sjálfsögðu alltaf legið fyrir, að það væri ekki hægt að framkvæma þessa virkjun við Dettifoss, 130 megawött, nema um mjög mikinn orkumarkað væri að ræða, ekki eingöngu fyrir hinn almenna markað hér innanlands.

Nú vænti ég, að fram komi af þessum gögnum, að það er engan veginn svo, að það þurfi að rannsaka allt frá rótum varðandi Dettifossvirkjun. Frumrannsóknir þar hafa farið fram og áætlun verið gerð, og svo nákvæm áætlun, að sérfræðingar töldu sér fært út frá henni að reikna út raforkuverð, sem væri svo nákvæmlega reiknað, að það gæti nægt til samanburðar við aðra stórvirkjun. Það er því nokkurn veginn auðsætt eða virðist vera af þessum gögnum, sem verður að telja, þangað til annað sannast, nokkuð traust, að þarna þurfi e. t. v. ekki miklu við að bæta, til þess að það sé talið liggja nokkurn veginn fullglöggt fyrir margt, sem þarf að vita um væntanlega Dettifossvirkjun, og mér finnst satt að segja, þegar farið er að verja fjármunum til rannsókna á fallvötnum og ef menn hafa í huga, sem ég hygg að sé nú, að áframhald verði á því að koma upp einhverri stóriðju hér á landi, þá sé það svo sem sjálfsagt mál, að það eigi að ljúka við rannsókn á þessari virkjun.

Ég veitti því athygli hér á Alþ. fyrir nokkrum dögum, að hæstv. iðnmrh. lét orð falla eitthvað á þá leið, að nú yrði hafizt handa um athugun á möguleikum til frekari stóriðju hér á landi, og ef um það verður að ræða, vil ég nú ekki láta undir höfuð leggjast að minnast á það, sem gerzt hefur, og á Dettifoss í þessu sambandi, enda var það svo, að á sínum tíma féllu orð um það, þegar rætt var um Búrfellsvirkjun hér á Alþ., að næsta stórvirkjun yrði að líkindum á Norðurlandi, svo að ég tilfæri nú a. m. k. ekki meira en sagt var.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Mig langar til að segja nokkur orð í sambandi við það frv. til l., sem heimilar ríkisstj. að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1970.

Vil ég þá fyrst víkja örlítið að brtt. minni hl. við 7. gr., þar sem lagt er til, að upptalningin í 7. gr., hvernig verja skuli lánsfé, breytist þannig, að í stað 15 millj. kr. til rafvæðingar í sveitum komi 30 millj. kr. Ég vil mæla með þessari till., og mér finnst, að hún eigi í fyllsta máta rétt á sér. Ég verð að segja það, að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með afstöðu hv. 4. þm. Norðurl. v., þegar hann tók til máls. Ég vissi, að hann var frummælandi meiri hl., en ég hélt, að hann sæi sér fært að styðja þessa brtt. Undir þessum umr., sem hér hafa farið fram, má vel vera, að hann og aðrir flokksbræður hans, sem í sveitum búa, sjái sér fært að endurskoða afstöðu sína til hennar.

Við vitum það, að hundruð sveitabýla bíða í ofvæni eftir rafmagni, hundruð bænda og fjölskyldur þeirra hafa um áratugi verið afskipt í orkumálum, og það er liðin meira en hálf öld frá því, að rafvæðing landsins hófst, og þó að landið sé stórt og fjarlægðir miklar, þá er það mín skoðun, að það sé ekki vansalaust, að enn skuli vera hundruð býla á Íslandi, sem ekki hafa rafmagn til heimilisnota. Það er vegna þessarar skoðunar minnar og annarra, sem minni hl. fjhn. hefur komið með þá brtt., sem ég minntist á.

Það hefur verið minnzt á það, að þó að brtt. yrði samþ., væri ekki hægt að framkvæma meira en fyrir það fjármagn, sem þegar er áætlað, þar sem svo væri skipað málum, að starfsmenn rafveitna hefðu svo mikið á sinni könnu, að það væri ekki hægt að sinna því. Nú vildi ég leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvort það væri ekki hægt að fjölga verkfræðingum, tæknifræðingum og öðrum þeim tæknimönnum, sem eiga að sjá um áætlanagerð og undirbúning, og auka vinnukraft þannig, að þetta gæti tekizt. Það er sagt í sambandi við rafvæðingu í sveitum í aths. við frv., að með þeirri 15 millj. kr. lánsfjáröflun til sveitaveitna, sem hér liggur fyrir, sé ætlunin að flýta lúkningu rafvæðingar býla, þar sem meðalfjarlægð milli býla, sem tengd eru veitum, er eigi meira en 1.5 km, miðað við að fjárveiting 1971 verði svipuð og í ár. Ásamt heimtaugagjöldum verði með nokkurri lánsfjáröflun til viðbótar unnt að ljúka þessari rafvæðingu á því ári. Ég vil nú leyfa mér að skora á hæstv. ríkisstj. að reyna að flýta þessu enn meir og að láta árið 1971 ekki líða allt, án þess að þessi býli fái rafmagn.

Í sambandi við þessa fjarlægð milli bæja, 1.5 km, á hvaða hátt sem hún hefur verið fundin, þá orkar það nú stundum tvímælis, t. d. þegar vatnsaflsstöðvar inn á milli trufla þannig þetta kerfi, að einstaka bændur sjá fram á það, eins og löggjöfin er í dag, að þeir fái jafnvel aldrei rafmagn. Ég þekki fleiri en eitt tilfelli í mínu kjördæmi, þar sem þannig er háttað. Ég get upplýst það hér, að jörðin Höfði í Austur-Skagafirði er meðal þeirra. Við Lónkot, næsta bæ norðan Höfða, lýkur línunni frá Siglufirði, og á næsta bæ sunnan Höfða er vatnsaflsstöð, og af því að þar var sett lítil vatnsaflsstöð á sínum tíma, þá kemur Höfði ekki til með að fá rafmagn, eins og nú háttar. Mér finnst þetta mjög vanhugsað, og atriði eins og þetta þarf endurskoðunar við.

Því hefur verið haldið fram og sjálfsagt með réttu, að aldrei hafi verið meira fjármagni varið til rafvæðingar en einmitt nú. Ekki ætla ég að draga það í efa. Sjálfsagt er þetta alveg rétt. Það væri ekki fullyrt nema það væri rétt. En við skulum bara hafa í huga, hvers virði krónan er. Hún er orðin svo lítil, að hún varla sést, og hafandi það í huga er ástæða til að endurskoða það fjármagn, sem áætlað er að fari í rafvirkjanir 1970–1971.

Það hefur komið fram í ræðum þeirra, sem hafa talað á undan mér, að þeir telja, að það fjármagn, sem hér er tekið að láni, eigi allt að fara til framkvæmda 1970 og 1971. En ég vil vekja athygli á því, að sumt af þessu láni á að fara til endurgreiðslna á skuldum, endurgreiðslna vegna framkvæmda, sem þegar hafa átt sér stað. Þá vil ég líka aðeins vekja athygli á því, að allt það fjármagn, sem á að afla samkv. þessari lántöku, fer í Reykjanesbraut, fer í vegaframkvæmdir samkv. Vestfjarðaáætlun, það fer í Hafnarfjarðarveg í Kópavogi, það fer í

landshafnir, dýpkun í Njarðvík og viðgerð á Þorlákshöfn, og svona gæti ég lengi talið upp. Ég er ekki að rifja þetta upp eða benda á þetta vegna þess, að ég sjái ofsjónum yfir því, að þessir staðir fái þetta fjármagn. Þeim veitir ekki af. En ég vil bara minna á þetta og óska eftir því, að hæstv. ráðh. hafi þetta í huga, þegar forsvarsmenn Norðurl. v. koma innan tíðar á fund ráðh. til að fá ýmsa fyrirgreiðslu við framkvæmdauppbyggingu í kjördæminu.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans við mínum spurningum áðan. En ég get nú ekki annað en látið í ljós hryggð mína yfir því, að það skyldi koma þar fram, að það var ekkert gert á s. l. sumri í sambandi við þær rannsóknir, sem fyrirhugaðar voru á Dettifosssvæðinu. Annars verð ég nú að segja það, að eftir að hafa heyrt skýrslu þá, sem mér var að vísu kunnugt um áður, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. las upp hér áðan, um þær rannsóknir, sem hefðu verið gerðar á Dettifossvirkjun fyrir nokkrum árum, þá undrar mig, að það skuli þurfa nú að gera einhvers konar frumrannsóknir aftur á þessu sama svæði. Það hefur eiginlega engin skýring komið fram, hvers vegna þess þurfi. Hins vegar virðist svo vera, að það sé búið að ýta þessum möguleika þarna fyrir norðan með Dettifossvirkjun til hliðar, a. m. k. í bili. Það sýnir, að þótt ráðh. segði það hér á Alþ. í fyrra, að það væri fyrirhuguð rannsókn í fyrrasumar, þá hefur hún ekki verið gerð. Hann sagði, að það væri rétt, að atvinnumálanefndin hefði óskað eftir að rannsaka Efri-Laxá. En ég verð nú að segja það, að ég veit ekki betur en á óskalista atvinnumálanefndar Norðurlands væri einnig að gera þessar umræddu athuganir á Dettifosssvæðinu.

Hæstv. ráðh. sagði, að Dettifossvirkjun kæmi ekki til mála nema í sambandi við stóriðju. En eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. gat um áðan, þá upplýsti hæstv. iðnmrh. hér á dögunum, að það væri á umræðustigi við fleiri aðila um stóriðjubyggingu á Norðurlandi. Ég hefði nú haldið, að það þyrfti að athuga um virkjunarmöguleika, um leið og slíkar viðræður færu fram. Þess vegna harma ég það mjög, að þessar rannsóknir hafa ekki verið gerðar.

Ég vil ítreka það aftur, að í sambandi við Skjálfandafljót verði gerðar rannsóknir. Mér finnst það vera dálítið einkennileg vinnubrögð að athuga ekki möguleikana í fallvötnum eins og Skjálfandafljóti, áður en farið er að ræða um eða gera áætlanir um að flytja fljótin í önnur fljót, því að a. m. k. Norðlendingar vita, að það eru sæmilegir virkjunarmöguleikar í Skjálfandafljóti. Ég vil ekki segja meira, því að ég hef enga þekkingu á þessu sjálfur, en það er talið og það er viðurkennt af verkfræðingum, að svo sé. En hvað hagkvæmir þeir eru, er svo annað mál. En það þarf að athuga það.

Í sambandi við þá till., sem hv. minni hl. hefur lagt fram, breytingu á 7. gr., þ. e. a. s. að hækka framlag til rafvæðingar í sveitum um 15 millj., þá vil ég lýsa stuðningi mínum við það. En ég vil benda á í því sambandi, að í þessari framkvæmdaáætlun og ég held líka í skýrslu fjmrh. er þess getið, að það sé ekki víst, að lokið verði öllum þessum framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru í sambandi við framkvæmdaáætlunina, á þessu ári. Jafnvel þó að það sé haldið nú, að væri ekki hægt að ljúka því af ýmsum ástæðum að leggja þessar línur upp að 1.5 km á árinu, þá finnst mér, að það skemmdi ekki, að þessi heimild lægi fyrir og væri gert það sem hægt er af þessari áætlun.

Hins vegar kemur í ljós, þegar maður fer að athuga þetta, og það kemur nú grunur fram hjá mér, að það eigi nú kannske ekki að fara mikið út í það að rafvæða a. m. k. sum þessi býli, sem eftir er að rafvæða. Ég hef hér fyrir framan mig frv. um olíuhreinsunarstöð. Þar er spá um, hvað verði margt í sveitum landsins árið 1980, og því er slegið föstu, að bændabýli séu nú um 5000, hafi verið 5400 árið 1964, hafi verið 6700–6800 árið 1954, en verði 3700 á árinu 1980. Þetta eru spár frá Efnahagsstofnuninni. Þetta er á bls. 29 í þessari bók, þessu frv. eða grg. með olíuhreinsunarstöð á Íslandi. Ef það er stefnt að því að fækka bændunum um þriðjung hér um bil á þessum áratug, þá sér maður, að það er náttúrlega óþarfi að gera áætlanir um að setja rafmagn út um þessar sveitir. Það getur verið, að sú tregða við þessari till., sem hér liggur fyrir, sé þessi ástæða, en ekki það, að það væri ekki hægt að ljúka þessum línulögnum, ef vilji væri fyrir hendi.

Frsm. minni hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki tefja mikið þessar umr. Auðvitað er þó full ástæða til þess að ræða nánar mörg atriði varðandi ráðstöfun þeirra miklu fjármuna, sem þetta frv. fjallar um. En ég skal ekki fara langt út í það. Í nál. minni hl., sem aðeins er skriflegt enn og verður ekki útbýtt fyrr en eftir helgi, er vikið aðeins að orkuöfluninni utan suðvestursvæðisins. Þetta mál er mjög ofarlega í mínum huga og af skiljanlegum ástæðum. Hvað á að segja um það t. d., hvernig dregizt hefur ár frá ári að framkvæma virkjun í Lagarfossi. Á Austurlandssvæðinu er um helmingur af allri framleiddri raforku, a. m. k. sum árin, framleiddur í dísilstöðvum. Og hallinn á rekstri Austurlandsveitu er, að því er manni skilst, svo gífurlegur, að hann hefur komizt allt upp í 20 millj. kr. á ári. – Það er óskynsamlegt að láta þetta svo til ganga og mér liggur við að segja blátt áfram heimskulegt. Það er auðvitað fyllilega álitamál, þegar verið er að ræða lántökur og ráðstöfun á mörg hundruð millj. kr. á vegum ríkisins, hvað eigi að gera í sambandi við svona mál, sem virðast algerlega upplögð mál til tafarlausra framkvæmda. Það hefur enginn leyft sér að halda því fram, að virkjun Lagarfoss sé út af fyrir sig óhagstæð. En menn hafa hins vegar verið með margs konar útreikninga, sem sumir hverjir eru nánast hlægilegir í augum leikmanna.

Þá er líka í nál. okkar í minni hl. aðeins vikið að vegalánunum. Ég dreg ekkert í efa, að það er nauðsynlegt að byggja upp hraðbrautir á þeim vegaköflum, sem undir mestri umferð liggja. Mér er alveg ljóst, að það er útilokað að halda þeim vegum færum með malarlagi, enda er umferð á þeim köflum, sem fjölfarnastir eru, komin langt yfir það, sem talið er hugsanlegt að viðhalda á malarvegum í nálægum löndum, t. d. í Noregi. En hitt er svo annað mál, að það hlýtur að koma til

álita, þegar fjallað er um mál af þessu tagi, 500 millj. kr. lántökuheimildir, þá vaknar aftur spurningin, hvort það eru ekki fleiri afmörkuð og stór verkefni í vegagerð, sem ástæða er til að sinna á þennan hátt. Mér eru þar efst í huga jarðgöngin undir Oddsskarð. Þar er hátt í 2000 manna byggð annars vegar við þennan fjallgarð, byggð, sem er einangruð mikinn hluta vetrar.

Þannig er auðvitað ótalmargt, sem eðlilegt væri að skoða nánar í sambandi við þetta mál. En málið ber ekki þannig að, að það sé raunverulega hægt að brjóta þessa hluti til mergjar. Og þrátt fyrir það, þó að vitneskja um framkvæmdaáætlunina hafi legið fyrr fyrir á síðustu tveimur þingum en áður var, þá vil ég segja það, að menn hafa ekki aðstöðu til þess, þegar kemur á afgreiðslustig hér á Alþ., að fjalla eins ítarlega um þessi mál og eðlilegt væri samkv. eðli málsins.

Hæstv. ráðh. viðurkenndi það áðan í þeim orðum, sem hann sagði hér, að það væri í raun og veru óheppilegt að hafa ekki skuldabréfin framtalsskyld og yfirleitt að hafa ekki framtalsskyldu á eignum manna. Hann vildi hins vegar láta bíða með breytingar á þessu, þangað til almenn endurskoðun skattalaganna hefur farið fram. Þetta er náttúrlega matsatriði, hvað á að gera í því. En ég hef ekki af hans orðum sannfærzt um það, að það sé nein sérstök ástæða til þess að láta það bíða að taka upp framtalsskyldu á þessum bréfum. Við höfum áður í minni hl. fjhn. Nd. ár eftir ár flutt brtt. varðandi þetta atriði, og þær hafa ævinlega verið felldar af stjórnarliðinu.

Varðandi hina brtt. okkar í minni hl. verð ég að segja, að ég dreg mjög í efa, að það séu ekki not fyrir meira fé á þessu ári til rafvæðingar sveitanna. Ég dreg það mjög í efa. Mér sýnist það alveg augljóst, að heimild til aukinnar lántöku í þessu skyni gefi ríkisstj. rýmri hendur til framkvæmda á þessu ári og til undirbúningsframkvæmda fyrir næsta ár. Mér sýnist það alveg augljóst. Í annan stað er æskilegt að draga úr þeim skyndilánum, sem heimaaðilar nú síðustu missirin hafa, tilknúðir, lagt fram til þess að hraða dreifingu raforkunnar á hinum einstöku svæðum. Mér er fullkunnugt um það, að sum þau sveitarfélög a. m. k., sem staðið hafa að slíkum lánsútvegunum, geta þetta raunverulega ekki, þó að þau geri það. Í sumum tilvikum er um að ræða sveitarfélög, sem á undanförnum árum hafa staðið í marghátttuðum og fjárfrekum framkvæmdum, þó að þau hafi enga tekjustofna til að leggja á annað en nauðþurftatekjur íbúanna. Þetta eru sveitarfélög, þar sem engin fyrirtæki eru rekin og engir slíkir tekjustofnar eru til þess að byggja á. Þau hafa í sumum tilvikum ekki aðeins unnið að því að byggja upp sína skóla, heldur einnig átt hlut að uppbyggingu félagsheimila og staðið að mjög mikilli fjárfestingu í sambandi við læknishéruðin og þær framkvæmdir, sem hafa farið fram á vegum þeirra, svo að dæmi séu nefnd, og eru þannig í sjálfu sér algerlega getulaus til þess að taka stór lán og standa undir vöxtum af lánum til þess að flýta fyrir rafvæðingunni í viðkomandi sveitum. Það væri þess vegna vissulega ekki nema æskilegt, að eitthvað væri hægt að draga úr þessum skyndilánum heimaaðila.

En ég tek það hins vegar fram, að fyrir mér vakir það þó fyrst og fremst með þátttöku minni í flutningi þessarar brtt. að auka framkvæmdahraðann við orkudreifinguna. Ég lít mjög alvarlegum augum á ástandið í þessum efnum og þá alveg sérstaklega á þann mikla mismun, sem nú er orðinn á milli byggðarlaga varðandi dreifingu raforku um sveitir. Þar sem dreifingunni er komið lengst, t. d. í Eyjafirði, eru innan við 3% sveitabýla utan samveitusvæða, aðeins tæp 3%. Og svo að annað dæmi sé nefnt, Rangárvallasýslan, þá er tala þeirra býla, sem ekki eru tengd samveitum þar, rétt liðlega 5%. En svo aftur á öðrum stöðum, þar sem strjálbýlla er, eru enn þá um eða yfir 70% bæja ótengd samveitunum, t. d. í Norður-Múlasýslu. Ég álít, að þetta sé stórkostlegt alvörumál. En e.t.v. er eðlilegt, að mönnum gangi misjafnlega að setja sig í spor manna undir þessum kringumstæðum. Ég held þó, að það verði allir að reyna að gera sér fulla grein fyrir því, hvað það þýðir í dag að vera án rafmagns. Það er ekki einasta, að menn hafi ekki ljós, heldur er mönnum fyrirmunað að nota þau tæki bæði innanhúss og utan, sem nú þykja sjálfsögð á hverju einasta heimili, þar sem rafmagnsveitur ná til. Og þessu til viðbótar kemur svo nú á allra síðustu missirum, að þeir, sem ekki hafa rafmagn, geta ekki heldur notið sjónvarps. Það er engin tilviljun, að í blaðaviðtali, sem ég rakst á einhvers staðar á dögunum, við bónda frá Norðurlandi, þar sem hann setur fram fimm atriði, sem hann telur undirstöðuatriði í sveitinni og öðrum nauðsynlegri, þá telur hann rafmagnið nr. eitt. Ég álít það enga tilviljun. Svo er þess einnig að gæta, eins og fram kom í þeim orðum, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. mælti hér áðan, að biðin frá því að byrjað var á orkudreifingu um sveitir, m. ö. o. frá því að farið var að gefa undir fótinn með það að dreifa raforku svo vítt sem fært þætti um landið, er þegar orðin ákaflega löng.

Annað, sem ég hef alltaf lagt mikla áherzlu á, er, að menn fá ekki að vita, hvað er fram undan. Það hafa engar undirtektir fengizt undir það, hvorki nú á þingi né áður, þegar því máli hefur verið hreyft, að skoða verkefnið alveg til botns og gera, eftir því sem við verður komið, heildaráætlun um lok rafvæðingarinnar, dreifingu út frá samveitum svo langt sem nær og svo, hvað hægt væri að gera að öðru leyti til þess að rafvæða þann hluta byggða, sem þá yrði eftir.

Það er sagt, og ég hef síður en svo viljað draga fjöður yfir það, þegar ég hef rætt þessi mál, að núna á yfirstandandi ári fara fram miklar framkvæmdir við orkudreifinguna, miklu meiri en þær voru s. l. tvö ár og sérstaklega s. l. ár. Það er engin ástæða til þess að draga fjöður yfir þetta. Fyrrv. ráðh. raforkumála sagði hér um daginn, þegar þessi mál bar á góma af öðru tilefni hér á hv. þingi, að hann áliti það ekkert stórvirki að ljúka rafvæðingunni fyrir árslok 1973 eða 1974. Undir það vil ég alveg taka. Það er þó vel að merkja, að ef það á að verða, þá þarf áreiðanlega að taka til hendi og fylgja þessum málum mjög fast eftir. Og ég vil árétta það að lokum út af þeim umr., sem hafa orðið um þessa brtt., að ef þetta á að takast, þá mun ekki veita af þeirri viðbót til rafvæðingarinnar, sem hér er farið fram á.

Frsm. meiri hl. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfáar aths. út af ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v.

Hann lét í ljós, að hann hefði orðið fyrir vonbrigðum með afstöðu mína til þeirrar till., sem hv. minni hl. n. leggur fram við 8. gr. Var á honum að skilja, að hann vonaðist til þess, að afstaða mín breyttist, eftir að ég hafði heyrt hans ræðu. Nú er það svo, að ég mótaði mína afstöðu að undangenginni athugun, og mér fannst nú ræða hv. þm. ekki byggjast á þeim grunni, að líklegt væri, að hún hefði áhrif á, að ég eða aðrir breyttu sinni afstöðu þar um.

Um þetta 15 millj. kr. aukalánsfé er í fyrsta lagi það að segja, að hvergi hefur í till. né í ræðum manna hér að framan verið imprað á því, hvernig þessa lánsfjár á að afla. Það er auðvitað frumskilyrðið til þess, að það sé hægt að ráðstafa því. Svo virðist mér nú, að ef farið væri, í samræmi við það, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. talaði hér um, að óska eftir því, að hæstv. orkumálaráðh. réði aukinn fjölda tæknifræðinga, verkfræðinga og annarra sérfræðinga til þess að sinna þessum málum, þá mundi nú eitthvað af þessu fé fara til þeirra hluta. Með þessu er ég vitaskuld ekki að draga fjöður yfir það, að þörfin er fyrir hendi að rafvæða þær byggðir, sem eftir eru, og get tekið undir það, sem t. d. hv. síðasti ræðumaður sagði þar um.

Ýmislegt í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v. var, að mér virtist, einnig á misskilningi byggt, fleira en þetta. Hann sagðist vonast til þess, að árið 1971 liði ekki án þess, að þau svæði, sem hafa 1.5 km eða minna á milli bæja, verði tengd samveitum. Það er ætlað, eftir þeim áætlunum, sem fyrir liggja, að þessu verði þá lokið. Þá minntist hann á það, að vatnsaflsstöðvar á einstökum bæjum hefðu hindrað, að rafmagn yrði lagt um sveitir. Ef um þetta er að ræða, þá er það ekki nema fyrir þá sök, að þeir bændur, sem vatnsaflsstöðvarnar hafa, hafa ekki viljað taka ríkisrafmagnið. Þá minntist hv. þm. einnig á það, að nokkuð af þessu fé færi til greiðslu á gömlum lánum. Það er rétt. Af því fé, sem ætlað er að verja til raforkuframkvæmda á þessu ári, sem er um 66 millj. kr. og miklu meira en nokkru sinni áður, þá er ætlað að 4 millj. fari til endurgreiðslna á eldri lánum.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess, herra forseti, að lengja þessar umr., en ég minni á, líka með tilliti til þess, sem hv. þm. sagði hér áðan, er hann taldi upp einstakar framkvæmdir, sem ætlað er að vinna eftir þessari framkvæmdaáætlun, að hann vænti þess, að litið yrði til Norðurlandskjördæmis vestra í einhverri mynd, þá hefði hann gjarnan mátt minnast á t. d. 11. tölulið í ráðstöfunarfé fjárfestingarlánasjóða og fyrirtækja, sem er lán vegna Norðurlandsáætlunar, 152.5 millj. kr. Þá vil ég einnig benda þessum hv. þm. á það, ef hann hefur ekki þegar gert það, að kynna sér, hvað fyrirhugað er að vinna að raforkuframkvæmdum á þessu ári í okkar kjördæmi.

Frsm. minni hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Út af þeim ummælum hv. frsm. meiri hl., að minni hl. hefði ekki gert ráð fyrir því, hvernig afla ætti þeirra 15 millj., sem hann leggur til að hækka liðinn til rafmagnsveitna í sveitum, þá vil ég aðeins benda á, að það er í frv., eins og það liggur fyrir, mismunur á fyrirhuguðum lántökum og áætluðum framkvæmdakostnaði, eins og kemur fram í niðurlagi athugasemda við frv. Það er mismunur fyrir í frv. Um þann mismun segir svo í niðurlagi athugasemdanna: „Ríkisstj. mun beita sér fyrir nauðsynlegri viðbótarfjáröflun, ef á þarf að halda.“ Það er með þennan mismun og þetta fyrirheit í huga, sem tillagan er fram borin.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð, og er þá rétt að byrja á því, sem hv. síðasti ræðumaður lauk máli sínu á, að það væri ósköp meinlaust að bera fram nýja till. um fjáröflun, af því að því væri lýst yfir í grg. með frv., að ríkisstj. mundi beita sér fyrir viðbótarfjáröflun, ef nauðsynlegt reyndist. Það merkir auðvitað ekki það, að það séu engar hömlur á því, hvað hægt sé að afla mikils fjár í því sambandi. Og ég tók það fram í framsöguræðu minni fyrir þessu frv., að það væri gert ráð fyrir því, að allstórar fjárhæðir mundu ekki þurfa að koma til greiðslu á þessu ári, m. a. 30 millj. vegna bygginga Háskólans og jafnvel aðrar fjárveitingar, sem líklegt er, að þurfi ekki að leggja út fyrr en á næsta ári. Miðað við frv., eins og það er, er hér ekki um hættulegar umframfjárhæðir að ræða. En ef menn meina eitthvað með því að leggja 15 millj. til viðbótar í rafvæðinguna, þá hlýtur það að vera með það í huga, að nota það á þessu ári, og því óumflýjanlegt að afla þess viðbótarfjár, sem getur nú reynzt örðugt.

Varðandi raforkumálin annars ætla ég ekki að taka þátt í löngum umræðum um þau. Er nánast dálítið broslegt að vera að karpa um það, af hverju sé ekki unnið meira en ætlunin er að vinna. Það má auðvitað alltaf segja svona um allar till., sem fram koma. Þetta er í fyrsta skipti, sem lögð er fram till. um að taka lán til rafvæðingar í sveitum. Það veldur því, að það er hægt að vinna fyrir, eins og áður hefur verið sagt og reyndar allir hv. þm. viðurkennt, miklum mun hærri fjárhæð en nokkru sinni hefur verið gert á einu ári og enda þótt miðað sé við minni krónur, er það miklu meira en sem því svarar, og náttúrlega má alltaf spyrja svona: „Af hverju takið þið ekki meira lán, og af hverju vinnið þið ekki enn þá meira?“ Þetta finnst mér nánast vera nokkuð óskemmtileg vinnubrögð, því að svona er hægt að taka á öllum málum. En ég skal ekki fara nánar út í þá sálma. Það hefur komið fram hér, af hverju við ráðum ekki fleiri sérfræðinga til þess að ljúka þessu, hvernig standi á þessum tæknilegu vandkvæðum, sem ég gat um. Ég vil aðeins taka fram, að það, sem ég á við í þessu, er, að það tekur langan tíma að tryggja það efni, sem þarf til veitulagnanna. Og þar sem þetta lægi þá ekki fyrir, ef þetta ætti að gerast, fyrr en nú við afgreiðslu þessa máls, skulum við segja, sem kynni þó enn að dragast, ef þar að auki þarf að gera ráðstafanir til að afla fjárins, þá er vitanlega ekki hægt að hefjast handa um pöntun á nauðsynlegu efni í þessu skyni, og rafmagnsveiturnar hafa ekki gert neinar ráðstafanir í þá átt.

Hitt er annað mál, að þær 15 millj., sem hafa verið teknar inn í frv., hefur rafmagnsveitunum verið heimilað fyrir alllöngu að gera ráðstafanir til að afla nauðsynlegs efnis til þess að geta unnið fyrir. Þetta er meginástæðan til þess, sem ég átti við, að tæknilegir erfiðleikar yllu því, að það væri ekki hægt að ljúka þessu á þessu ári. Auk þess er það einnig víst, enda er það svo á

hverju ári og ekki sízt þegar um svo miklar framkvæmdir er að ræða sem nú, að það mun ekki takast að ljúka á þessu ári algjörlega þeim veitulögnum, sem ákveðnar eru innan ramma þeirrar framkvæmdaáætlunar, sem gerð hefur verið. Þetta hefur jafnan færzt nokkuð á milli ára og ekki sízt þegar svo mikið er fyrirhugað að vinna. Ég held sannast sagna, að það sé ástæðulaust fyrir okkur, þegar við skoðum þetta í alvöru, að vera að karpa um þetta atriði, þegar það liggur fyrir, að það verður samfellt haldið áfram þessum framkvæmdum á þessu og næsta ári og þessum línulögnum verður lokið örugglega á næsta ári. Það er sjáanlegt, að það er fjárhagslega hægt að tryggja, að svo verði gert. Það hygg ég að flestir, sem eru innan þessara marka, muni fullkomlega una við. Hitt er svo annað mál, sem hv. þm. segja um þá, sem eru ekki innan þessara marka. Það er mál út af fyrir sig og eðlilegt, að menn ræði um, þótt það sé kannske ekki eðlilegt í sambandi við þetta mál, hversu langt á að fara og hverjir verða næstu áfangar. Það geri ég ráð fyrir, að verði rætt á öðrum vettvangi.

Svo er annað atriði, sem ég tel nauðsynlegt að komi fram hér út af ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e., til þess að það valdi ekki misskilningi, að það fé, sem er ætlað til orkurannsókna, miðast á engan hátt við áætlun Orkustofnunar um að flytja stór fallvötn til annarra byggðarlaga, eins og þar er gert ráð fyrir, og er nú nokkur draumaáætlun, ef svo má segja. Það er ekki ætlunin að vinna að neinni áætlunargerð í því sambandi fyrir það fé, sem hér er ætlunin að verja til orkurannsókna.

Varðandi Dettifoss, þá staðfesti raunar 5. þm. Norðurl. e. það, að það væri ekki sérstök ástæða til þess að fara út í endanlegar rannsóknir á Dettifossi, nema það væri einhver, að minnsta kosti sæmileg, vitneskja um það, til hvers væri hægt að hagnýta þessa orku, vegna þess, eins og hann réttilega sagði, að hv. 1. þm. Norðurl. e. upplýsti það, að það hefðu farið fram forrannsóknir í sambandi við Dettifossvirkjun, einmitt þegar verið var að ræða um álbræðsluna, sem allir voru nú ekki sammála um þá. En sleppum því. Þar af leiðandi er fyrir hendi nokkur vitneskja um Dettifossvirkjun. Hitt er annað mál, að það kostar mikið fé, tugi milljóna, að gera lokaathuganir á virkjunarframkvæmdum, hvort sem það er við Dettifoss eða aðrar meiri háttar virkjanir. En varðandi annars orkuathuganir eða forrannsóknir á ýmsum valkostum norðanlands og austan, þá er ætlunin, að það fé, sem nú er varið til orkurannsókna, verði m. a. notað til þessara þarfa, eins og ég áðan gat um, og verði þá fyrst og fremst að sjálfsögðu unnið að því, sem nauðsynlegast er að gera, þ. e. a. s. varðandi líkur á hagnýtingu orkunnar, því við skulum gera okkur grein fyrir því, að orkurannsóknir eru geysilega kostnaðarsamar framkvæmdir, og við erum ekki svo fjárauðugir, að við getum farið að leggja út í stórkostlegar rannsóknir á því sviði, nema það sé eitthvað í námunda við það, sem á síðan að hagnýta í nánustu framtíð.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður og ekki karpa um þetta mál. Ég vil segja það, að það virðist svo sem hv. 4. þm. Norðurl. v. sé ánægður með ástand og horfur í atvinnu- og efnahagsmálum okkar kjördæmis. Þetta eru alveg nýjar upplýsingar fyrir mig. Það var ekki hægt að skilja annað á hans ræðu, en þar væri allt með prýði í þessum efnum, og hann var hálfundrandi yfir því, sem ég ræddi við ríkisstj., um hugsanlega aðstoð við forráðamenn þessara byggðarlaga, er þeir kæmu til viðræðna við ríkisstj. um uppbyggingu atvinnufyrirtækja fyrir norðan.

Afstaða þessa þm. til brtt. minni hl. virðist ætla að verða alveg óbreytt. Ég sagði aldrei í minni ræðu, að ég vonaðist til, að ræða mín mundi sannfæra hann. Það sagði ég ekki, en hins vegar sagði ég, að það væri búið að halda hér góðar ræður fyrir till. minni hl., og ég vonaði, að þær ræður hefðu sannfært hann. Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta, en endurtek það, að ég vakti athygli á því, að í þessu frv. fer allt það fjármagn, sem lagt er til að það skapi, til framkvæmda utan okkar kjördæmis. Ég sagði það ekki vegna þess, að ég væri að telja það eftir. Ég undirstrikaði það. Ég bað hæstv. ráðh. að hafa það í huga, þegar okkar kjördæmi þyrfti á úrbótum að halda í atvinnu- og efnahagslífinu, að þá væru þeir til viðtals á þann veg, að það mundi duga okkur í framtíðinni til að byggja okkar byggðarlög upp, atvinnu- og efnahagslega.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29:1 atkv.
Brtt. 691,1 felld með 20:12 atkv.
3. gr. samþ. með 22:3 atkv.
4. – 7. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 691,2 felld með 20:14 atkv.
8. – 9. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil ásamt hv. 5. þm. Norðurl. e. leyfa mér að flytja skriflega brtt. við 8. gr. frv. á þessa leið: „Upptalning, hvernig verja skuli lánsfé, breytist þannig: Í stað „15 millj. kr." til rafvæðingar í sveitum komi: 25 millj. kr., og niðurstöðutala breytist samkvæmt því í 366.8 millj. kr."

Þetta atriði var nokkuð mikið rætt hér á laugardaginn við 2. umr. málsins og ég þarf þess vegna ekki að nota mörg orð, þegar ég fylgi þessari brtt. úr hlaði. Ég vil taka fram, að hæstv. fjmrh. gat ekki sannfært mig um það, að útilokað væri um alla efnisútvegun umfram það, sem þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til að útvega. Ég trúi því ekki, að það sé svo miklum vandkvæðum bundið að fá jafneinfalda hluti og staura og strengi, en það eru þeir efnishlutar, sem fyrst koma til nota við lagningu raflína, eins og kunnugt er.

Það vita sjálfsagt allir, sem vilja vita, a. m. k., að það horfir mjög óvænlega um sumaratvinnu skólafólks. Ég hygg, að við línulagnir af því tagi, sem hér um ræðir, falli til nokkuð mikil verkamannavinna, og einnig þess vegna tel ég það hagkvæmt, ef hægt væri að auka framkvæmdir á þessu sviði. Ég vil árétta það, sem virtist

alveg fara fram hjá hæstv. ráðh., eftir orðum hans á laugardaginn að dæma, sem ég sagði þá, að jafnvel þó ekki væri hægt að nýta allt þetta fjármagn til framkvæmda umfram það, sem þegar er ráðið, þá væri þó kostur að afla á þennan hátt fjármagns inn í kerfið og létta að einhverju leyti á þeim skyndilánum, sem ráðgerð eru á vegum sveitarfélaganna, sem hafa raunverulega ekki tök á að standa undir þeim, þó þau í nauðvörn brjótist í því. En ég vil einnig endurtaka það, sem ég sagði þá, að þó ég hafi þetta í huga, þá er það þó fyrst og fremst það, sem fyrir mér vakir og okkur flm. þessarar till., að hraða framkvæmdum svo sem auðið er.

Það kom fyllilega fram hjá hæstv. ráðh. við 2. umr., að hann taldi það bera vott um ábyrgðarleysi hjá þeim, sem þá stóðu að flutningi till., sem gekk nokkuð lengra en þessi. Ég var þá einmitt búinn að tala mig „dauðan" og gat ekki mótmælt þessu. En ég vil nú bara benda á það, að hér er um að ræða mál upp á 1000 millj. kr. Þetta er lagt fyrir Alþ. til meðferðar og þn., sem fjallar um málið, eða hluti þn. flytur eina brtt., sem nemur 15 millj. kr. Það er varla hægt að gera ráð fyrir minni till. til breytinga á svo stóru máli, úr því að það er á annað borð lagt fyrir Alþ. til meðferðar. Og í annan stað í sambandi við tal um ábyrgðarleysi, að þá vil ég aftur, og þá kannske örlítið greinilegar en ég gerði við 2. umr. minna á niðurlagsorð aths. við lagafrv., og þær koma frá ríkisstj. eins og frv. sjálft auðvitað. En þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Svo sem fram hefur komið er kostnaður við fyrirhugaðar framkvæmdir áætlaður samtals 356.8 millj. kr., en það er 61.8 millj. kr. hærri fjárhæð en ofangreindri fjáröflun nemur. Í fyrri áætlun, sem fylgdi fjárlagafrv. 1970, voru óleyst fjárhagsvandamál af þessu tagi 25 millj. kr. Þar sem telja verður líklegt, að nokkur hluti framkvæmdanna frestist til næsta árs, vegna þess að undirbúningi er ekki nægilega langt komið, mun þessi mismunur lækka allverulega, en ríkisstj. mun beita sér fyrir nauðsynlegri viðbótarfjáröflun, ef á þarf að halda."

Þessi tillöguflutningur okkar hv. 4. þm. Norðurl. e. nú og okkar, sem fluttum hliðstæða till. við 2. umr., er byggður á nákvæmlega sama plani og lagt er hér af hálfu ríkisstj. Hún skilur þannig við sitt frv., að það er gert ráð fyrir því, að nokkrar fjárhæðir vanti fyrir utan það, sem fastmótaðar áætlanir liggja fyrir um, hvernig afla skuli. Ríkisstj. mun beita sér fyrir nauðsynlegum viðbótarfjárhæðum, ef á þarf að halda. Það, sem við leggjum til þarna, er aðeins að hækka þetta bil nokkuð og í þeirri veru, að ríkisstj., á sama hátt og hún í frv. gerir ráð fyrir að afla viðbótarfjár, ef þarf, þá bæti hún við þeirri upphæð, sem okkar till. fjallar um. Það getur svo vel verið, að hæstv. ríkisstj. þyki þessi málatilbúnaður broslegur eins og hæstv. ráðh., sem ræddi þetta mál af hálfu ríkisstj. við 2. umr. Það má vel vera, það fer eftir smekk. En mér þykir þetta mál ekkert broslegt. Og ég held, að íbúum í þeim byggðarlögum, þar sem þrír bæir af hverjum fjórum eru utan við samveitusvæðið, þyki heldur ekki vera hér um neitt sérstaklega broslega hluti að ræða.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Ég vil bara láta það koma fram að lokum, að ég vil engan veginn fallast á það, að framkvæmd þessara mála, eftir að náð er 1½ km markinu, eins og talað er um að ná í ár og næsta ár, sé nokkurt mál út af fyrir sig. Ég tel alveg tvímælalaust, að framkvæmdir á þeim áfanga verði og hljóti að koma í beinu framhaldi af því, sem nú er talað um að ljúka í ár og næsta ár. Og þá hlýtur það að skipta máli upp á áframhaldið og upp á það, hvenær þessum aðgerðum verði lokið, hvort það fæst meira eða minna fjármagn inn í kerfið á þessu ári.

Ég vil biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir till., af því að hún er skriflega fram komin.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 716) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil nú lýsa fylgi mínu við þá till., sem borin hefur verið fram skriflega við þetta frv. um að hækka framlagið til rafvæðingar í sveitum um 10 millj., en við 2. umr. var till. um nokkru meiri hækkun felld í hv. d. Við þá umr. gerði ég fsp. um það að gefnu tilefni til hæstv. ráðh., hvað átt væri við, er talað væri um af hálfu stjórnvalda, að ekki væri hægt að ljúka þeirri rafvæðingu, sem hér er um að ræða, á næsta sumri af tæknilegum ástæðum. Ég spurði um það, hverjar þessar tæknilegu ástæður væru, sem hindruðu framkvæmdir á næsta sumri, og hæstv. ráðh. gaf þau svör, að þar væri um að ræða vandkvæði á því að útvega efni til línulagningar frá öðrum löndum. Ég vil draga í efa, að þetta geti verið rétt, held, að hæstv. ráðh. hljóti að hafa borizt ótraustar upplýsingar um það efni. Það virðist mér vera hreint óhugsandi, að ekki væri hægt að fá til landsins, t. d. í septembermánuði, efni til línulagninga, sem pantað væri núna í lok apríl eða byrjun maí, þannig að ég vona, að það komi í ljós, að þessir tæknilegu erfiðleikar séu ekki fyrir hendi.

Ég vil svo bæta örfáum orðum við það, sem ég sagði við 2. umr., í sambandi við þann lið áætlunarinnar, sem fjallar um orkurannsóknir. Þetta var þá nokkuð rætt. Hv. 5. þm. Norðurl. e. spurðist fyrir um það hjá ráðh., hvaða orkurannsóknir væru fyrirhugaðar á næsta sumri. Í sambandi við þessar umr. rifjaði ég upp hér í hv. d. ýmislegt, sem gerðist í sambandi við stórvirkjunarmál fyrir 8–10 árum, og m. a. þá áætlun, sem þá lá fyrir um virkjun Dettifoss, en upplýsingar um þetta er að finna bæði í skýrslu stórvirkjunarnefndar og í skýrslu verkfræðingafirmans Harza í New York. Þessar skýrslur bera það með sér, að allmiklar rannsóknir hafa farið fram á virkjunarmöguleikum við Jökulsá og nokkuð langt síðan þær rannsóknir voru hafnar, en síðast munu þær hafa átt sér stað á árunum 1961–1962.

Út af orðum, sem féllu við umr., eftir að ég talaði, vil ég vekja athygli á því, að raforkumálaskrifstofan hefur í áætlun sinni um forrannsóknir á vatnsorku Íslands á árunum 1970–1974 lagt til, að varið verði nálega 17 millj. kr. til rannsókna á Jökulsársvæðinu við Dettifoss. Þetta er nánar skýrt síðar í skýrslunni, þar sem segir, að þær áætlanir, sem gerðar voru um virkjun Dettifoss á árunum kringum 1960, hafi verið á því byggðar, að fallvatnið yrði leitt neðanjarðar frá brún Selfoss eða nokkru ofar niður fyrir Hafragilsfoss. En raforkumála-

skrifstofan lætur í ljós, að það kunni að vera fullt svo heppileg leið að gera vatnsveg ofanjarðar eða skammt undir yfirborði, en þetta hefur ekki áður verið rannsakað, að því er virðist samkv. skýrslunni. Þess vegna er þarna gerð till. um nýtt rannsóknarefni, og ég vil taka undir það, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði, að það er auðvitað mjög brýnt, ef hugsað er til einhvers konar stóriðju á Norðurlandi, að þessar rannsóknir séu framkvæmdar, þannig að þær liggi fyrir. Ég vil einnig taka undir það, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. ræddi um nauðsyn rannsókna á virkjunarmöguleikum í Skjálfandafljóti. Skjálfandafljót er að vísu vatnsminna en Jökulsá á Fjöllum, en eigi að síður hafa verið talin þar allgóð virkjunarskilyrði, en það getur verið spurning um, hvort sú virkjun, sem þar er gerð, henti betur fyrir stóriðjumarkað eða almennan markað. En litlar rannsóknir hafa verið gerðar á þessum stað, og ég tel það alveg sjálfsagt, að unnið verði að þeim nú sem allra fyrst.

Fleira væri það, sem ástæða gæti verið til að ræða um í sambandi við þessar fyrirhuguðu orkurannsóknir og náttúrlega væri það eðlilegt, þegar till. eru lagðar fyrir Alþ. um að taka lán til orkurannsókna og til ýmissa annarra framkvæmda, sem hér eru tilgreindar í þessu frv., að þá væri áætlunin í áætlunarformi og betur sundurliðuð en hún er í þessu frv. Það hlýtur að verða til athugunar á komandi tímum.

ATKVGR.

Brtt. 716 felld með 21:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EðS, EystJ, GíslG, HS, HV, IG, JK, JSk, MK, SE, SV, SP, VH, ÁÞ.

nei: ÁS, BF, BK, BBen, BGuðm, US, RG, FÞ, JSH, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, MB, MÁM, PJ, PS, SI, SvJ, BGr.

5 þm. (BP, GeirG, JónasÁ, LJós, ÞÞ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 734).

30. Leigubifreiðar.

Á 23. fundi í Nd., 11. des., var útbýtt:

Frv. til l. um leigubifreiðar [125. mál] (stjfrv., A. 173).

Á 24. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 15. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til breyt. á l., sem nú gilda um leigubifreiðar. Það er flutt að beiðni Landssambands vörubifreiðastjóra, sem hefur látið endurskoða l. nr. 1 frá 31. jan. 1966, um leigubifreiðar, svo og l. nr. 22 frá 22. apríl 1967, um breyt. á þeim l. Þetta frv. er niðurstaðan af þeirri endurskoðun.

L. um leigubifreiðar í kaupstöðum voru upphaflega sett árið 1953, en síðan hefur þeim verið breytt margsinnis á Alþ., án þess að um heildarendurskoðun á l. væri að ræða. En af þessum sökum m. a. voru ákvæði l. um leigubifreiðar orðin ósamstæð og flókin og torvelt að átta sig á þeim og framkvæma þau. Reynslan hefur og leitt í ljós þörf fyrir betri skipan þessara mála. Landssamband vörubifreiðastjóra benti einkum á eftirfarandi atriði, sem æskilegt væri að taka til greina við endurskoðun laganna:

1. Heimild til takmörkunar á fjölda leigubifreiða ætti eingöngu að miða við félagssvæði.

2. Lagaheimild þurfi að vera fyrir hendi, til þess að rn. geti skorið úr, ef ágreiningur rís milli bæjarstjórna og sýslunefnda um beitingu takmörkunarheimildar.

3. Skilgreina verði, hvað felist í viðurkenningu á bifreiðastöð.

4. Skilgreina þurfi, hvað sé leiguakstur til vöruflutninga.

5. Hækka beri sektir fyrir brot á l. til samræmis við breytt verðlag.

Þessar ábendingar Landssambands vörubifreiðastjóra hafa verið teknar til greina í frv. Breyt., sem í frv. felast, taka einnig, eftir því sem við á, til réttarstöðu fólksbifreiðastjóra og sendiferðabifreiðastjóra. Að því er fólksbifreiðastjóra varðar, gerir frv. ráð fyrir því, að sýslun. komi í stað hreppsn. sem aðili að ákvörðun um takmörkun á fjölda fólksbifreiða á sýslusvæðum og viðurkenningu á bifreiðastöðvum.

Frv. var sent samtökum fólksbifreiðastjóra og sendiferðabifreiðastjóra til umsagnar, en samtök þessara stétta gerðu engar aths. við það.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að ræða hverja gr. frv. fyrir sig. Það, sem hér hefur verið sagt, er að efni til það, sem í frv. felst, og tel ég því ekki ástæðu til að fjölyrða meira um það. Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til samgmn. með 26 shlj. atkv.

Á 62. og 63. fundi í Nd., 19. og 20. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 23. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 173, n. 438).

Frsm. (Ásberg Sigurðsson): Herra forseti. Frv. til l. um leigubifreiðar, sem hér liggur fyrir, hefur verið til meðferðar í samgmn. og hefur hún orðið sammála um að mæla með því, að það verði samþ. óbreytt. Frv. er niðurstaða af heildarendurskoðun, sem samgmrn. hefur látið fram fara á l. nr. 1 frá 1966, um leigubifreiðar, svo og l. nr. 22 frá 1967, um breyt. á þeim lögum.

Lög um þetta efni voru fyrst sett árið 1953. Þetta eru heimildarlög, sem bæjarstjórnum og sýslunefndum er í sjálfsvald sett, hvort þau notfæra sér eða ekki. Samkv. frv. er bæjarstjórnum og sýslunefndum heimilt að ákveða, að fengnum till. hlutaðeigandi stéttarfélaga, leigu-, sendiferða- og vörubifreiðastjóra, að allar slíkar

bifreiðar skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöðvum, sem fengið hafa viðurkenningu bæjarstjórna eða sýslunefnda, miðað við félagssvæði viðkomandi stéttarfélaga. Einnig er samgmrn. heimilt eftir beiðni hlutaðeigandi stéttarfélaga sömu aðila að takmarka fjölda þeirra bifreiða á félagssvæðunum, ef fjöldi íbúa á svæðinu er 700 eða fleiri, enda komi til meðmæli þeirra bæjarstjórna og sýslunefnda, sem félagssvæðið fellur undir. Verði bæjarstjórnir og sýslunefndir, sem félagssvæði bifreiðastjórafélaganna fellur undir, ekki sammála um, hvort mæla skuli með takmörkun eða ekki, þegar þær greinir á um, við hvaða bifreiðafjölda takmörkun skuli miðuð, sker rn. úr. Þetta er nýtt atriði, sem reynslan hefur sýnt, að nauðsynlegt var að lögfesta. Þá er í frv. einnig skilgreint m. a., hvað leiguakstur til vöruflutninga er, og loks eru sektarákvæði frv. færð til samræmis við breytt verðlag nú.

Telja verður, að breytingar þessar séu til bóta, enda fram komnar vegna þeirrar reynslu, sem fengizt hefur í þau 17 ár, sem lög um þetta efni hafa verið í gildi. Frv., ef að lögum verður, skapar skýrari reglur á þessu sviði og stuðlar að því að bæta þá þjónustu, sem viðkomandi aðilar veita í þjóðfélaginu.

Herra forseti. Ég ítreka, að hér er aðeins um heimildarlög að ræða, og samgmn. hefur að athuguðu máli orðið sammála um að mæla með því óbreyttu. Ég vona, að hv. dm. geti einnig fallizt á það álit.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 66. fundi í Nd., 24. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. – 12. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 64. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 65. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til samgmn. með 15 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 173, n. 640, 641).

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Þar sem frsm. samgmn. er fjarstaddur í dag, hefur hann beðið mig að mæla hér fyrir þeirri brtt., sem samgmn. leggur til, að gerð verði á frv., sem hér liggur fyrir til 2. umr. Við athugun málsins í n. kom í ljós, að trúlega hefur fallið niður að setja inn í 5. gr. frv. sams konar ákvæði og er í 1. og 3. gr., þar sem fjallað er um fólksbifreiðar í 1. gr. og sendiferðabifreiðar í 3. gr., en í 5. gr. er fjallað um vörubifreiðar. Efni málsins er það, að yfirleitt er gert ráð fyrir, að sýslunefnd sé heimilt að ákveða, að allar leigubifreiðar fyrir fólksflutninga í sýslunni eða tilteknum hluta hennar skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöðvum, sem hlotið hafa viðurkenningu sýslunefndar. Og þá kemur hér ákvæði til viðbótar, svo hljóðandi:

„Nú tekur félagssvæði stéttarfélags fólksbifreiðastjóra til tveggja sýslna eða hluta úr þeim, en stéttarfélagið rekur fólksbifreiðastöð fyrir allt félagssvæðið, og er þá sýslunefndunum heimilt að ákveða, að allar fólksbifreiðar á svæðinu skuli hafa afgreiðslu á stöð félagsins."

Þetta ákvæði þarf sýnilega að koma hér inn fyrir vörubifreiðar einnig, því að svo hagar til á vissum stöðum, að eðlilegast er að félagssvæðið nái til meira en eins sýslufélags.

Að öðru leyti þarf ég ekki að fjölyrða um frv. Í n. varð samstaða um að mæla með samþykkt þess og einnig um að flytja þá brtt., sem ég hér lýsti. Þegar málið var afgr. í n., var Karl Guðjónsson fjarstaddur. Að öðru leyti er n. samróma.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. – 4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 641 samþ. með 13 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
6. – 12. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 685).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 82. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 86. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Ásberg Sigurðsson): Herra forseti. Ed. hefur gert breytingu á frv. til l. um leigubifreiðar, sem hér liggur fyrir á þskj. 641. Nefndarmenn í samgmn. hafa skoðað þessa brtt. og eru sammála um, að hún sé til bóta, og leggja til, að hún verði samþ.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 745).

---

31. Skipun prestakalla.

Á 1. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð [11. mál] (stjfrv., A. 11).

Á 5. fundi í Ed., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 6. fundi í Ed., 27. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ekki er þetta nýtt mál, sem hér er á dagskrá í dag, heldur hefur það verið flutt á þingi áður fyrir tveimur árum, ekki á síðasta þingi, heldur á þingi þar áður, þá í Nd. og fékk ekki afgreiðslu. Nú lék mér hugur á því að reyna að koma þessu máli fyrir síðasta þing, en það varð ekki af því, en segja má, að í rn. hafi verið unnið að málinu reyndar allan tímann, frá því að það fyrst kom fyrir þingið, og þá var meginefni málsins af rn. hálfu að reyna að samræma þau mismunandi sjónarmið, sem fram höfðu komið. Þetta frv. er þannig til orðið, að skipuð var á sínum tíma n. af ráðh. til þess að endurskipuleggja, við skulum segja stjórnsýsluna að vissu leyti, skipun prestakalla og prófastsdæma, en síðan hafði verið á kirkjuþingi samþ. frv. um kristnisjóð, og svo var þetta allt sameinað í eitt frv.

Ég tel mig ekki þurfa að hafa mörg orð til þess að gera grein fyrir frv. Það er efni málsins að sameina nokkur prestaköll, þannig að þau verði heldur færri eftir en áður, ef þetta nær fram að ganga, og það er bara af þeim skiljanlegu ástæðum, að fólkið er sums staðar flutt til og farið jafnvel, og meginefni málsins er að reyna að skipa þessum málum þannig, að hvert prestakall bjóði hverjum presti viðunandi starfsskilyrði.

Aftur á móti eru till. frá kirkjuþingi um kristnisjóð, sem tengdar eru við þetta frv., þess eðlis, að í raun og veru sé ekki þar með tekið af kirkjunni, heldur fái hún, þegar þetta kemur til framkvæmda, það fé, sem ella mundi hafa verið fleygt í prestaköllunum, sem lögð verða niður eða sameinuð öðrum prestaköllum, sem kannske er nú réttara að segja. Það getur orðið, þegar allt er komið til framkvæmda, eitthvað á milli 4 og 5 millj. kr., eins og fram kemur í grg. Það er einnig gerð grein fyrir verkefnum eða hlutverki kristnisjóðs í 51. gr., og auðvitað er það margt, sem kirkjan sjálf getur gert, ef hún hefur fjárráð til þess. Þá er gert ráð fyrir því, að prestakallasjóðurinn hverfi inn í kristnisjóðinn. Eins og segir í 8. lið 21. gr. á kristnisjóður að sinna eftir þörfum þeim verkefnum, sem prestakallasjóður hefur gegnt til þessa.

Ég hef tekið inn í þetta frv. til ákvörðunar fyrir Alþ. eitt ákveðið mál, sem er prestsþjónustan á Norðurlöndum fyrir Íslendinga. Við skárum það við nögl í ríkisstj., sennilega við lítinn orðstír, á sínum tíma til þess að reyna að spara í erfiðleikum, en mér finnst, að undirtektirnar bæði hér í þingi og utan þings séu þannig í sambandi við þetta embætti, að það eigi að reyna að koma því í lög. Og ég hef ekkert við því að segja, menn geta lagt sitt til um það að fella þetta úr, ef menn vilja það ekki. Fylgismenn stjórnarinnar eru óbundnir að stuðningi við frv., slíkt frv. getur ekki verið flokkspólitískt. En það er eitt, sem ég vil helzt ekki þurfa við að una, þ. e. að leggja fram frv. eins og þetta, jafnmikilvægt og það er í raun og veru, og láta það svo ekki koma neitt frekar til umr. eða afgreiðslu. Frv. er í fyrsta skipti núna flutt hér í hv. Ed. Áður hefur það verið flutt í Nd. og komst aldrei úr n. Nú bið ég menntmn., sem fær þetta mál til meðferðar, um að afgreiða málið fljótlega. Hitt get ég ekki fengizt um við menn, hvort þeir séu með eða á móti, en ég vona, að þeir séu mér sammála um það, að ég geti með rökum ætlazt til þess, að málið fái venjulega og eðlilega afgreiðslu.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta mál. Þetta segir til sín nokkuð sjálft, menn eru því nokkuð kunnugir frá fyrri tíma, og ég vil leyfa mér að lokinni þessari umr. að mælast til þess, að frv. fari til 2. umr. og hv. menntmn.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Hæstv. kirkjumrh. hefur gert grein fyrir frv. til l. um skipun prestakalla, prófastsdæma og kristnisjóðs. Ég ætla aðeins að ræða lítils háttar um þetta mál nú við 1. umr., til þess að sú n., sem fær málið, geti tekið til greina að einhverju leyti þær ábendingar, sem ég hef fram að færa við frv. þetta.

Það hefur yfirleitt á undanförnum árum eða áratugum verið sú þróun í landinu, að prestum hefur fækkað úti á landsbyggðinni, en aftur á móti fjölgað í þéttbýlinu. Það er alltaf viðkvæmt mál, þegar prestaköll eru lögð niður, og það má lengi deila um það, hvar prestssetur eigi að vera og hvað prestaköll eigi að heita. Núna er tekin upp ný stefna í þessum málum, þannig að samkvæmt 6., 7., 8. og 9. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir ýmiss konar þjónustu af hálfu prestvígðra manna, og skulu þessir menn, flestir eða allir, launaðir af ríkinu, en mér skilst, að þeir skuli vera í þéttbýlinu og þá einkum í Reykjavík, en það er hægt að grípa til þeirra til þjónustustarfa annars staðar á landinu, ef þess þarf með. Eigi skal ég gera minna úr þessum prestum en öðrum, en grunur minn er sá, að þeim muni á næstu árum fjölga ört, en hinum fækka, sem hafa föst búsetuskilyrði úti á landsbyggðinni. Það er þannig búið að fólki í dreifðum byggðum um þessar mundir, að þar verða fáir fastir í sessi, og má þar nefna læknana, því að læknisþjónustan hefur verið víða óviðunandi, sakir þess að það hafa ekki fengizt læknar til þess að vera þar sem eru lögákveðin læknishéruð. Grunur minn er sá, að þannig muni einnig fara með prestana, að þeir uni ekki úti í dreifðum byggðum landsins og það verði því í ríkari mæli en verið hefur að grípa til annarra ráða eða fá presta úr þéttbýlinu til þess að þjóna úti á landsbyggðinni. Þessi hefur þróun mála verið, og það virðist líka vera gert ráð fyrir henni í stærri stíl samkv. þessu frv. en verið hefur að því er varðar prestastétt landsins.

Ég hef einkum við þetta frv. það að athuga, að þar sem ég þekki til, finnst mér, að einu af virðulegustu og elztu prestssetrum landsins sé gert lágt undir höfði með því að strika það algerlega út sem prestssetur og sem prestakall, en það er Hvammur í Dölum. Það er vitað mál, að ein merkasta landnámskonan, Auður djúpúðga, nam land í Hvammi og bjó þar til æviloka. Hún var kona kristin og stundaði bænahald, sem ekki var títt á þeim árum. Það er líka vitað mál, að kirkja hefur verið

í Hvammi í aldaraðir, og það er einnig vitað, að þar hafa búið prestar í aldaraðir. Hvammur er því sá staður í sögu kristninnar og kirkjunnar, að manni verður á að spyrja, þegar litið er á frv. þetta, hvort það sé samið af mönnum, sem nokkurs meta kristna trú, kirkjurækni og helga staði. Í mínum augum er Hvammur í Dölum í fremstu röð innan kirkju og kristni hér á landi. Því vil ég beina því til þeirrar hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, að þótt svo fari að Hvammsprestakall verði lagt niður í því formi, sem það nú er, þá geti hið nýja prestakall eftir sem áður heitið Hvammsprestakall með preststsetri í Hvammi.

Sá prestur, sem nú þjónar í Hvammi og situr að Hvoli í Saurbæ, vill frekar sitja þar áfram en flytja að Hvammi, og þá skilst mér, að samkvæmt þessu frv. geti biskup ásamt hæstv. kirkjumrh. komið því þannig fyrir, að presturinn sitji að Hvoli, meðan hann óskar þess, en þegar nýr prestur kemur, flytji hann að Hvammi. Það sætir furðu, að Hvammur skuli ekki vera preststsetur áfram, þegar á það er litið, að staðurinn er í miðju Dalahéraði og sá staður, sem frekast kemur til greina, ef Dalasýsla verður í framtíðinni eitt prestakall, eins og maður getur vel hugsað sér samkvæmt þeirri þróun, sem verið hefur í þessum málefnum á undanförnum áratugum. Þá vil ég minna á það, að Hvammur er mjög skammt frá þeim þremur skólasetrum, sem eru í Dalasýslu. Það er húsmæðraskólinn á Staðarfelli, barna- og unglingaskólinn á Laugum og barna- og unglingaskólinn í Búðardal. Prestur, sem situr í Hvammi, á því vegalengda vegna, og án þess að þurfa yfir fjallveg að fara, að eiga létt með að kenna við þessa skóla og heimsækja þá við ýmis önnur tækifæri og hafa þannig samband við æsku landsins, sem er nauðsynlegt fyrir þá, sem eru boðberar kristinnar trúar. Þá vil ég á það benda, að Hvammur er ágæt bújörð, vel upp byggð, og þar hafa búið ágætu búi margir prestar á undanförnum öldum. En aðalatriðið fyrir mér er ekki það, að prestar sinni búskap, þótt ég telji það vera þeim bæði styrk og stoð í starfi sínu að yrkja jörðina og umgangast búfé. Það geta aðrir stundað búskap á preststsetrum en prestarnir. En það þarf að ganga þannig frá þeim málum, að ábúð sé trygg og preststsetur vel setin. Þetta vil ég biðja hv. n. að athuga m. a.

Þetta frv. fjallar einnig um svokallaðan kristnisjóð, en hlutverk hans er margþætt, eins og fram kemur í 21. gr. frv. En 4. liður þessarar gr. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Að veita fátækum söfnuðum starfsskilyrði, einkum á þeim stöðum, þar sem prestaköll hafa verið sameinuð og kirkjuleg þjónusta er sérstökum erfiðleikum háð.“ Því miður eru þeir söfnuðir allt of margir hér á landi, sem eru fátækir að veraldarauði og hafa mjög slæm starfsskilyrði. Það má heita útilokað fyrir þessa fámennu söfnuði að endurreisa kirkjur, nema binda sér og komandi kynslóðum allt of þunga fjárhagsbagga. Þess vegna er nauðsynlegt að hugleiða það í leiðinni, hvort kristnisjóðurinn geti ekki orðið til verulegrar aðstoðar fátækum og fámennum söfnuðum, sem þurfa og vilja byggja kirkjur.

Ég ætla ekki að orðlengja mál mitt frekar nú, en ég vænti þess, að sú n., sem fær þetta mál til athugunar, taki til greina þau fáu atriði, sem ég hef hér nefnt, því að þetta er ekki einungis mitt alvörumál, heldur og margra annarra, sem þarna eiga hlut að máli. Og ég vænti þess, að hv. Alþ. eigi eftir að sýna það, að það meti ekki Hvamm í Dölum minna en það hefur metið aðra kirkjunnar staði á landinu, eins og t. d. Skálholt, og ýmsa fleiri mætti nefna.

Axel Jónsson: Herra forseti. Það hlýtur ávallt að verða nokkurt tilfinningamál, þegar verið er að sameina prestaköll og prófastsdæmi, en ég hef heyrt það á mörgum kirkjunnar mönnum, að þeir telja, að þetta frv. gangi jafnvel fremur of skammt en of langt. En það er svo annað mál, að oft hlýtur að verða nokkur vandi að ákvarða, hvar prestur skal sitja o. s. frv., o. s. frv. En þetta frv. er fyrst og fremst að mínu viti staðfesting á þeirri breytingu, sem orðið hefur á undangengnum árum og áratugum í okkar þjóðlífi, eins og raunar síðasti ræðumaður kom hér inn á. Ég hef og heyrt frá kirkjunnar mönnum, að þeir telji það eðlilegt, að þau embætti, sem biskupi verður heimilt að ráða í, verði þetta frv. að l., verði auglýst til umsóknar, þegar þar að kemur.

Tilefni þess, að ég kvaddi mér hljóðs, er fyrst og fremst síðasti liður í 1. gr. frv., XV., Reykjavíkurprófastsdæmi. Við sjáum varðandi hin prófastsdæmin 14, að þar er mjög ítarleg skilgreining á þeim, en ég vil vekja athygli hv. menntmn. d. á því, hvort ekki væri eðlilegt að setja ítarlegri skilgreiningu um Reykjavíkurprófastsdæmi. Það tekur yfir tvö sveitarfélög auk Reykjavíkur. Það tekur yfir Seltjarnarnes, en þar mun verða byggð kirkja bráðlega, og það tekur einnig yfir Kópavogskaupstað, sem er sjálfstætt prestakall. Ég tel eðlilegt, að þetta komi þarna fram, með tilliti til þeirrar ítarlegu skilgreiningar, sem er á öðrum prófastsdæmum í frv., sem hér liggur fyrir, og vil ég því beina því til hv. menntmn., hvort ekki sé ástæða til þess að setja þarna gleggri ákvæði.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Ég skal taka það fram strax í upphafi, að það er ekki af kirkjulegum áhuga, sem ég kveð mér hljóðs í þessu máli, enda er ég í hópi lítiltrúaðra og get ekki hrósað mér af því að vera neinn forgöngumaður um kirkjuleg málefni. En það, sem kemur mér til þess að koma hér upp í ræðupontu, er löngun mín til þess að biðja hæstv. kirkjumrh. um skýringar á vissum stefnumarkandi atriðum, sem mér virðast í frv. felast, svo og í ræðu hans hér fyrir málinu í upphafi.

Í þeirri ræðu fór hann m. a. fram á það, að þetta mál yrði afgr. frá n., en ekki látið sofna þar, því að hann kynni því illa, að svo væri farið með mál frá sér þing eftir þing. Ég tel þetta mjög eðlilegt. Sjálfur hef ég fundið til þessarar sömu tilfinningar, og mér finnst það mjög óviðunandi, að mál séu látin dragast á langinn og stundum svo, að þau hljóta enga afgreiðslu. Mér þykir vænt um að heyra, ef maður gæti tekið það sem eitthvað stefnumarkandi frá ríkisstj., að framvegis óski hún eftir því, að Alþ. afgr. þau mál, sem fyrir það eru lögð. Hingað til hefur þetta lítið virzt ná til annarra mála en þeirra, sem ríkisstj. leggur fram sjálf og sum kannske af meiri áhuga en önnur, sem sjá má af því, að mál, sem

svipar til þessa, hefur legið og ekki verið afgr. að undanförnu, eins og ráðh. drap á.

En það, sem mér finnst þó meira stefnumarkandi og verkar nú í þá áttina á mig, sem lesara þessa frv., að það sé nú óþarfi fyrir okkur almenna þm., sem stundum erum fullir ábyrgðartilfinningar um fjárhag ríkisins, að gera ekki þær kröfur í frv. okkar eða till., sem þörf er á. Við höfum varazt að gera tillögur, sem valda verulegum útgjöldum á þessum erfiðu tímum, eins og við erum auðvitað búnir að læra sönginn um eins og aðrir. Hér er sem sagt lagt til að gera tilfæringar á prestsembættum í landinu í samræmi við þróunina, sem fer fram t. d. í búsetu manna, fólksflutningum. Það er gert ráð fyrir því, að stofnsetja þurfi ný prestsembætti, skipta þurfi sóknum, og auðvitað er ætlazt til þess, að ríkið taki alla slíka nýja embættismenn á sínar herðar og greiði þeim laun eftir þar til settum reglum. Nýliðar í þeirri stétt fái byrjunarlaun o. s. frv., og þeir, sem eru orðnir eldri í starfinu, fái hámarkslaun. Nú er í þessu frv. lagt til, að önnur prestaköll verði lögð niður, og væntanlega heldur þessi sama þróun áfram. Ég lít á það ákvæði sem stefnumarkandi, að þá á ekki að hætta að greiða laun í þeim prestaköllum, sem lögð verða niður, heldur á ríkissjóður að punga út með launin áfram og ekki bara byrjunarlaun, heldur hámarkslaun, og nú á féð að renna í sérstakan kristnisjóð, þannig að það er greinilegt, að hér er verið með væntanlegri framþróun að þenja út embættismannakerfið, eða í rauninni kannske ekki embættismannakerfið, heldur kostnað ríkissjóðs af embættismannakerfi kirkjunnar, þannig að þar getur aldrei neinn fallið úr. Það á að borga alltaf sömu upphæðina, nema við aukningu presta, þá á ríkið að borga aukninguna líka, og hjá ríkisstj., sem prédikar seint og snemma, að nú þurfi að spara. Alls konar nauðsynjamál verða að leggjast til hliðar, næstum því hversu nauðsynleg sem þau eru. Vegna fátæktar þjóðarbúsins, vegna fátæktar ríkissjóðs eru þau látin bíða. En hér er farið aldeilis að með öðrum hætti, og vil ég sérstaklega benda á þetta og spyrja um þetta, spyrja hæstv. kirkjumrh. um þetta: Er hér vitandi vits verið að marka þá stefnu, sem greinilega liggur fyrir í frv., eða er þetta ógát, sem þyrfti þá að leiðréttast í meðförum þingsins? Hver er tilætlun ríkisstj. í þessum efnum? Ég óska eftir svari við því.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er mjög eðlilegt, að þm. spyrji um, hvað ríkisstj. hyggist fyrir og hvaða stefnu hún hafi í þessu máli. Um það verð ég að segja þetta, að frv. er lagt fram sem stjórnarfrv., en það er óbundið af hálfu ráðh. og annarra, hvernig þeir snúast við þessu frv. Það er í raun og veru ekki ríkisstj. sem slík, sem markar stefnu með þessu máli, heldur, ef það er einhver stefna, sem markast með því, þá er það stefna mín, kirkjumrh. Hún nær kannske ekki fram að ganga, ég veit það ekki. En það er vitandi vits, sem ég hef lagt til, að laun til þeirra presta, sem mundu annars hafa verið í prestaköllum, sem falla niður, gangi til kirkjunnar. Þetta er mín skoðun, að við eigum að efla kirkjuna í landinu og að það geti verið mjög veigamikið, að kirkjan með kristnisjóði fái nokkur sjálfstæð fjárráð. Hitt er svo alveg rétt, að menn getur greint á um þetta og deilt um þetta. Það verður að segjast eins og er, en þetta er stefna þess manns, sem núna er kirkjumrh.

Ég tel, að við gerum tæpast annað betra en efla kirkjuna í landinu. Ég veit, að aðrir horfa öðruvísi á það mál, en við þurfum ekki að hafa fleiri orð um það, held ég. Meðan ég fer með kirkjumálin, mun ég reyna að efla kirkjuna, eftir því sem föng standa til. Kannske verður það að engu í höndum mér, þetta frv., eins og það hefur orðið áður, en við sjáum til. Ég get ákaflega vel skilið, að fram koma raddir eins og frá hv. 1. þm. Vesturl., að Hvammur í Dölum sé sögulegt prestssetur, að vissu leyti helgur staður. Það eru Þingvellir líka, býst ég við að hann geti fallizt á með mér, og þó er lagt til, að prestssetur þar verði lagt niður. En þetta er ekkert aðalatriði, og ég mundi ekkert hafa á móti því og það mundi ekki angra mig neitt, þótt hv. þm. breyttu þessu frv. á einn eða annan hátt og settu inn sögulega og helga staði, sem þeim finnst, prestaköll, sem hér er þó lagt til að sameina öðrum prestaköllum. Þetta er ekki aðalatriði málsins. En mér hefur fundizt, að kirkjan dragist aftur úr sem stofnun og þjóðfélagsstofnun, sem ég met mikils, ef við reynum ekki hér á Alþ. að láta hana fylgjast með og fylgja í fótspor annarra svipaðra stofnana, sem við erum að reyna að endurskipuleggja, læknaskipun, dómsskipun og annað slíkt. En hvort þetta er það eina rétta, sem hér er lagt til, það get ég ekki dæmt um. Hitt vil ég segja, að ég hef þó reynt að skýra þetta frv. með hliðsjón af gagnrýni, sem fram kom við fyrsta flutning þess fyrir tveim árum, og ég hef haft full samráð við kirkjuna eða hennar höfuðmann um þetta frv. Það felst ekki í því, að biskupinn yfir Íslandi sé gersamlega sammála öllum þeim till., sem ég hef lagt hér til. Það er ekki. Ég veit, að hann vildi sumt hafa öðruvísi, en ég hef verið að reyna að þreifa mig áfram með tillögugerð, sem ég hélt að mundi verða til bóta og menn gætu sem bezt sameinazt um. En engan veginn er það svo, að ég líti á þetta frv. þannig, og ég vil segja til þeirrar n., sem fær málið til meðferðar, að það er engan veginn þannig, að það sé ekki eðlilegt, að n. skoði frv. og betrumbæti það, sem má betrumbæta. Vissulega kann mér að hafa missýnzt ýmislegt og okkar rn., þegar við vorum að reyna að undirbúa þetta frv., og mér þykir náttúrlega vænt um allar þær till., sem koma fram frá þeim mönnum, sem vilja efla kirkjuna og sakna prestakalla, hvort sem er af sögulegum eða helgum ástæðum o. s. frv., eins og kom fram hjá 1. þm. Vesturl.

Ég ætla nú ekki að gera mig neitt kristnari en aðra menn, en ég vil aðeins láta það koma fram hér, að ég óska eftir því, eins og ég sagði áður, að frv. geti fengið sína afgreiðslu. Auðvitað er eðlilegt, að fram komi brtt., og ég vil vona það, að enda þótt frv. verði ekki í sömu mynd og það er nú, þegar það kemur aftur til þessarar hv. d., megi það þó verða kirkjunni til styrktar og framdráttar, og það er vitandi vits flutt af mér sem kirkjumrh. í þeirri veru að reyna að efla og styrkja kirkjuna.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég hygg nú, að það sé ekki röng stefna að færa saman eitthvað af prestaköllum, enda er það í samræmi við þá þróun, sem orðið hefur í þjóðfélaginu og þeir

ræðumenn, sem hér hafa talað, hafa raunar bent á í þessu sambandi. En það er í tilefni af því, sem kom fram hjá hv. 4. þm. Reykn. um skipan þessara mála hér í Reykjavíkurprófastsdæmi, sem mig langar til þess að segja það sem mína skoðun, að ég tel það rétt ráðið, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, að í Reykjavík skuli vera safnaðarráð og þetta ráð eigi m. a. að gera till. um skiptingu prófastsdæmis í sóknir og prestaköll og um breytingar á þeim, eins oft og þörf er, og að sú skipting skuli að jafnaði miðuð við, að einn prestur sé í hverju prestakalli. Ég held nefnilega, að það sé næstum því ofætlun að ætla sér að skipa þessum málum með lögum til frambúðar vegna þeirra örðu þjóðfélagsbreytinga, sem eiga sér stað, og þess vegna tel ég, að þetta sé rétt stefna, að það séu mennirnir heima fyrir og þeir, sem hafa með safnaðarmálin að gera á viðkomandi stöðum, sem komi sér saman um þessar breytingar, og spurning er, – og það er þess vegna, sem ég kvaddi mér hljóðs, til þess að n. athugaði það, – hvort ekki mætti koma til móts við ýmsar raddir, sem hljóta að heyrast fleiri en frá 1. þm. Vesturl. um það, að menn séu ekki sammála um það heima fyrir, hvaða staður það er, sem valinn er. Væri ekki einmitt ráð að setja upp sams konar stofnun í fleiri prófastsdæmum, þannig að það væri raunverulega á valdi sóknarnefndanna og þeirra, sem þar eru til kallaðir, að skipa þessum málum, bæði nú og framvegis, en að Alþ. taki sér það ekki fyrir hendur að ákveða það hér, hverjir eigi að vera saman um prófastsdæmi og hvar prestssetrið eigi að vera? Ég hygg næstum því, að það hljóti að nást betri samstaða um þessi mál, ef þessi leið væri farin.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 2. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Ed., 3. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 11, n. 307, 308, 310, 311).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Menntmn. hefur haft þetta frv. alllengi til meðferðar og rætt það á mörgum fundum. Eins og fram kemur í grg. með frv., skipaði hæstv. menntmrh. vorið 1965 nefnd til þess að gera till. um framtíðarskipan prestakalla, og var síðan frv. um skipun prestakalla og prófastsdæma lagt fyrir Alþ. 1966, en varð ekki útrætt.

Frv., sem í meginatriðum er byggt á till. prestakallanefndar, liggur nú fyrir í nokkuð breyttri mynd frá því, sem það var 1966, en þær breytingar hafa verið gerðar við meðferð málsins í rn. og eftir athugun þess hjá prestastefnu, kirkjuráði og á kirkjuþingi. Þær breyt., sem orðið hafa á frv. síðan 1966, eru raktar í grg. þess.

Með þessu frv. er að því stefnt að samræma skipulag þjóðkirkjunnar því þjóðfélagsástandi, sem við búum við í dag. Meginbreyt. frá núgildandi l., sem í frv. felast, eru annars vegar fækkun prófastsdæma og prestakalla og hins vegar stofnun kristnisjóðs. Prófastsdæmin eru nú 21 að tölu. Þegar gerðar voru allmiklar breytingar á prestakallaskipuninni árið 1952, voru hins vegar ekki gerðar breytingar á skipan prófastsdæma. Með þessu frv. er hins vegar lagt til, að prófastsdæmunum verði fækkað í 15, og í aths. með frv. er frá því greint, hver þau prófastsdæmi eru, sem yrðu þá sameinuð öðrum.

Við 1. umr. málsins hér í þessari hv. þd. var því beint til n., að hún athugaði, hvort ekki væri ástæða til þess að skilgreina nánar mörk Reykjavíkurprófastsdæmis, sem m. a. nær inn í önnur lögsagnarumdæmi, nær yfir Kópavog og Seltjarnarnes, svo að dæmi séu tekin. Ástæðan til þess, að ekki eru talin upp prestaköll og sóknir í Reykjavíkurprófastsdæmi, er sú, að mér er tjáð, að samkvæmt núgildandi l., – og enda gert ráð fyrir því í þessu frv., að sú skipan haldist áfram, – þá er fjöldi prestakalla í því prófastsdæmi breytilegur miðað við fólksfjölda og aðrar aðstæður, og þarf ekki til þess löggjöf hverju sinni að fjölga prestaköllum. Það væri því, má segja, tjaldað til einnar nætur að telja upp prestaköll í prófastsdæminu, þar sem á því geta orðið breytingar með skömmu millibili, og ég vil aðeins minna á það, að það mun vera til heimild, sem enn hefur þó ekki verið notuð, til að stofna, að ég held, tvö ný prestaköll í Reykjavík.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um prófastsdæmin, en snúa mér þá að prestaköllunum. Þau eru nú utan Reykjavíkur 109 að tölu, en með frv. er lagt til, að þeim verði fækkað um 17, eða í 92. Af þessum 17 prestaköllum eru nú 14 prestslaus og er þá gegnt af nágrannaprestum, en í þremur þeirra situr prestur í embætti. Ber þar fyrst að telja Þingvelli, sem ég mun síðar víkja að. Í öðru lagi er það Tjörn á Vatnsnesi, sem samkv. frv. yrði sameinuð Breiðabólstað í Vesturhópi, en eins og nú er, þá gegnir presturinn á Tjörn jafnframt Breiðabólstað. Þriðja prestakallið er svo Hvammur í Laxárdal. Þess ber að geta, að þessar breytingar, sem varða þá þessi þrjú prestaköll, koma ekki til framkvæmda, meðan þeir prestar, sem þjóna nú þessum prestaköllum, gegna embætti. Það er líka rétt að vekja athygli á því ákvæði 15. gr. frv., sem segir, að prestar, sem nú þjóna þeim prestaköllum, sem lögð eru niður, missi ekki tekjur af þeim sökum, og er þá átt við þá presta, sem nú gegna nágrannaprestaköllum auk sinna eigin.

Í 6.–9. gr. frv. eru heimildir biskupi til handa að ráða prestvígða menn til ýmissa starfa, sem nánar eru þar tilgreind.

Ég skal þá víkja nokkrum orðum að ákvæðum frv. um kristnisjóð. Samkv. frv. skulu til kristnisjóðs renna þeir sjóðir, sem fyrir eru. Annars vegar er það kirkjujarðasjóður, sem myndazt hefur við sölu kirkjujarða, en í frv. er ákveðið, að andvirði annarra en prestssetursjarða, sem seldar verði eftir gildistöku l., skuli renna í kristnisjóð. Hinn sjóðurinn er svo prestakallasjóður. Í prestakallasjóð hefur runnið það fé, sem sparast við það, að prestakall er prestslaust, svo að ekki kemur til greiðslu embættislauna eða hluta þeirra, og er þá samkvæmt núgildandi l. miðað við byrjunarlaun presta. Kirkjuráð ráðstafar prestakallasjóði samkv. núgildandi l. til þeirra verkefna, sem því eru þar falin. Aðaltekjur kristnisjóðs verða þá samkvæmt þessu árlegt framlag úr ríkissjóði, sem nemi hámarkslaunum presta í þeim prestaköllum, sem lögð verða niður, og laun, sem sparast á hverjum tíma, þegar prestakall er prestslaust, svo að ekki kemur til greiðslu embættislauna eða hluta

þeirra, og er þá, eftir frv., miðað við hámarkslaun presta. Tekjuöflun sjóðsins er þannig í aðalatriðum í samræmi við það, sem gilt hefur um prestakallasjóð. En þegar niður eru lögð svo mörg prestaköll sem frv. gerir ráð fyrir, aukast að sjálfsögðu stórum tekjurnar, þegar frá líður, þ. e. a. s. þegar sú skipan, sem frv. gerir ráð fyrir, verður að fullu komin til framkvæmda.

Um hlutverk kristnisjóðs er fjallað í 21. gr. frv. Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um ákvæði 21. gr. Ég vil samt aðeins minnast á 6. tölulið gr., því að það bar nokkuð á góma í n., hvort ætlunin væri með þessu að styrkja stúdenta til náms við guðfræðideild háskólans, þar sem þeir eiga þegar sama rétt og aðrir stúdentar til lána og styrkja úr því almenna námslána- og styrkjakerfi stúdenta eða íslenzkra námsmanna, og nm. sýndist mörgum nokkuð hæpið, ef kristnisjóður ætti að hafa með höndum námsstyrkjafyrirgreiðslu að þessu leyti, sem 6. töluliður 21. gr. gæti gefið tilefni til að ætla. Ég vildi aðeins láta þessa getið, en n. hefur þó ekki flutt brtt. við þessa gr. frv.

Eins og ég áður sagði, hefur n. rætt frv. á mörgum fundum. Ég býst við því, að öllum hv. þdm. sé það ljóst, að mörg ákvæði í þessu frv. eru mönnum viðkvæm a. m. k. og þá fyrst og fremst íbúum þeirra héraða, sem þau sérstaklega snerta, og á ég þá við prestaköllin, sem í ráði er að leggja niður. En það þýðir þó ekki annað en að horfast í augu við þróunina. Þáttur kirkjunnar í sögu okkar og menningu hefur verið svo ríkur, að nú á dögum, mér er óhætt að segja, þverrandi kirkju- og trúrækni, hafa menn kannske tilhneigingu til þess að líta öllu frekar á kirkjuna sem sögulega erfð en sem lifandi afl í þjóðfélaginu, sem á fyrst og fremst erindi til samtíðarinnar, hvað sem líður horfinni tíð. En ég held, að einmitt í ljósi þessa eigi maður að skoða þetta frv., sem stefnir að því, að um leið og lögð eru niður prestaköll, sem reynslan hefur sýnt, að prestar fást ekki til að þjóna, sé því fé, sem við það sparast, varið til þess að efla og styrkja kristilegt starf á ýmsum sviðum.

Eins og fram kemur í nál. á þskj. 307, þá fékk n. á fund til sín biskupinn yfir Íslandi og formann Prestafélags Íslands, og enn fremur bárust n. nokkur erindi, og skal ég nú gera grein fyrir þeim erindum.

Það er þá fyrst að geta erindis frá biskupi frá 20. nóvember, sem ég skal lesa, með leyfi hæstv. forseta. Erindi biskups er svo hljóðandi:

„Ég leyfi mér hér með að senda hv. menntmn. Ed. Alþ. nokkrar ályktanir varðandi frv. það til l. um skipun prestakalla og prófastsdæma og kristnisjóð, sem nú liggur fyrir þinginu. Þessar ályktanir eru frá prestastefnu þessa árs, frá kirkjuþingi 1968, og frá hinum almenna kirkjufundi í október þessa árs, en álit þessara stofnana má teljast álit þjóðkirkjunnar í heild, að svo miklu leyti sem hennar áliti í tilteknum málum verði til skila komið. Allar ályktanirnar eru á sömu lund og bera með sér, að um meginatriði þessa frv. er mjög víðtæk og einhuga samstaða meðal þeirra, sem láta málefni kirkjunnar til sín taka, bæði meðal presta og leikmanna. Ég vil vekja athygli á því, að ályktun prestastefnunnar á s. l. vori var samþ. einróma, enda höfðu engar raddir heyrzt á þeim vettvangi, er ekki töldu það höfuðnauðsyn fyrir kirkjuna að fá þetta mál afgreitt sem allra fyrst í þá stefnu, sem frv. markar. Sama máli gegnir um hinn almenna kirkjufund, sem haldinn var á Akureyri fyrir mánuði, en hann sóttu um 100 fulltrúar kirkjunnar, prestar, sóknarnefndarmenn og annað áhugafólk, sem vegna trúnaðarstarfa á vegum safnaða og kirkjulegra félagssamtaka hefur atkvæðisrétt á þessum fundum.

Þess vil ég leyfa mér að geta sérstaklega, að megindrögin að þeim hluta fyrirliggjandi frv., sem fjallar um kristnisjóð, tekjur hans og verksvið, voru samþykkt á kirkjuþingi 1964, en skeytt við frv. um skipun prestakalla, þegar það var lagt fyrir Alþ. 1966. Þessi þáttur umræddds máls hefur því verið til umræðu í 5 ár. Gerðir kirkjuþings eru sendar öllum prestum og öllum sóknarnefndum, og allir hafa átt þess kost að kynna sér frv. frá 1966. Ég get fullyrt það, að hvergi hefur komið fram gagnrýni frá kirkjulegum aðilum á hugmyndinni um kristnisjóð. Þvert á móti hafa allar raddir farið í eina átt um að styðja það atriði og óska þess, að því mætti framgengt verða. Hitt er öllum að sjálfsögðu ljóst, að engin lög af þessu tagi geta í hverju atriði fullnægt öllum óskum né tekið tillit til allra minni háttar ágreiningsefna. En ég tel óumdeilanlegt, m. a. í ljósi hjálagðra ályktana, að um meginefni frv., eins og það liggur nú fyrir, sé eins almenn samstaða og unnt er að gera sér vonir um í máli eins og þessu.

Mér hafa ekki borizt héraðsfundargerðir frá þessu hausti. Ég hef og ekki beint tilmælum til héraðsfunda um að láta uppi álit sitt á málinu að þessu sinni, þar sem það hefur svo lengi verið á dagskrá og jákvæð afstaða kirkjunnar liggur ljóst fyrir, þótt athugasemdir hafi eðlilega komið fram úr einstökum héruðum um breytingar þær, sem frv. gerir ráð fyrir á prestakallaskipun í viðkomandi sýslum. Ég tel að gefnu sérstöku tilefni rétt að senda yður ályktun héraðsfundar Mýraprófastsdæmis frá 1966, þar sem hún sker úr um viðhorf heimamanna til Staðarhraunsprestakalls."

Þá fylgir hér með frá biskupi samþykkt prestastefnunnar, sem var afgr. þar einróma, og er svo hljóðandi:

„Prestastefna Íslands 1969 lýsir vonbrigðum sínum yfir því, að frv. til l. um skipun prestakalla og kristnisjóð hefur enn ekki hlotið afgreiðslu á Alþ. Sætir sá dráttur furðu, ekki sízt þegar þess er gætt, hve rækilegan undirbúning málið hefur fengið. Frv. prestakallan. þeirrar, sem kirkjumrh. skipaði, hefur verið lagt fyrir kirkjuráð, kirkjuþing og prestastefnu. Hafa allir þessir aðilar lagt fram mikla vinnu við athugun á frv. og mótun þess, og hafa þeir allir lýst sig samþykka því í megindráttum. Þar eð prestastefnan telur, að hér sé um mjög mikilvægt mál að ræða, sem leitt geti til bættrar starfsaðstöðu kirkjunnar, leyfir hún sér að beina þeim eindregnu tilmælum til kirkjumrh., að hann beiti sér fyrir því, að frv. til l. um skipun prestakalla og kristnisjóð verði lagt fyrir næsta Alþ. og hljóti afgreiðslu á sama þingi. Einnig vill prestastefnan enn að nýju ítreka eindregnar óskir sínar um afnám almennra prestskosninga."

Þar með lauk samþykkt prestastefnunnar. Biskup segir enn fremur:

„Þess skal getið, að prestastefnan var að þessu sinni mjög fjölsótt, og sótti hana allur þorri þjónandi presta landsins. Í umræðum hreyfði enginn andmælum eða aths. við þessa ályktun, og var hún samþykkt „umræðulaust og samhljóða, " eins og segir í fundargerðinni."

Þá er ályktun kirkjuþings 1968, svo hljóðandi:

„Kirkjuþing ályktar að skora á Alþ. að afgreiða á því þingi, sem nú stendur yfir, frv. til l. um veitingu prestakalla og skipun prestakalla og kristnisjóð, er áður hefur verið lagt fyrir Alþ."

Þá er loks samþykkt almenns kirkjufundar frá því í október 1969:

„Hinn 17. almenni kirkjufundur, haldinn á Akureyri 24.–26. okt. 1969, skorar eindregið á Alþ. að samþykkja frv. það, sem liggur fyrir þinginu um skipun prestakalla og kristnisjóð."

Þetta var erindi það, sem n. barst frá biskupi.

Þá barst n. erindi frá stjórn Prestafélags Íslands, sem ég álít rétt að hér verði kynnt, en erindi Prestafélagsins eða stjórnar Prestafélagsins, sem er dags. 1. nóv. 1969, hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Prestafélags Íslands vill ekki láta hjá líða, að fram komi álit hennar vegna frv. til l. um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð, er nú liggur fyrir Alþ.

Stjórnin þakkar kirkjumrh., Jóhanni Hafstein, áhuga hans á umbótum í málum þjóðkirkjunnar. Enn fremur þakkar hún ráðh., að ýmsar lagfæringar hafa verið gerðar á frv. frá því, að það var lagt fyrir Alþ. 1966, og telur hún þær nær allar til bóta. Þó vill stjórnin sem málsvari prestastéttarinnar lýsa því yfir, að hún harmar, að koma skuli til mála fækkun sóknarpresta meðal vaxandi þjóðar og við vaxandi þörf kirkjulegs starfs.

Stjórn Prestafélags Íslands telur undirbúning frv. ófullnægjandi frá byrjun. Telur hún, að prestakallan., er gerði fyrstu drög að því, hafi haft ónógan tíma til undirbúningsstarfsins, enda hafi hún ekki gert neina alvarlega tilraun til þess að rannsaka, hversu starf hinnar íslenzku þjóðkirkju mætti bezt ná til allra landsmanna né heldur, hvert teljast mætti hæfilegt starfssvið prestum og prófastdæmum, svo sem ráðh. hafði þó fyrir hana lagt.

Þá vill stjórnin gera eftirfarandi aths. við frv. í einstökum atriðum.

I. kafli.

1. gr. Stjórn Prestafélags Íslands er eindregið mótfallin niðurlagningu Þingvallaprestakalls. Vekur hún athygli á, að bæði kirkjuþing og prestastefna hafa lagt til, að prestakallið haldist við. Stjórnin telur ósæmandi að leggja niður prestssetur á hinum fornhelga stað, enda sjáanlegt, að þar er mikið og vaxandi verksvið fyrir prest. Þótt prestakallið sé nú talið fámennt, skal á það bent, að fjöldi fólks hefur sumarsetur í kallinu og ferðamennirnir þar jafnan á sumrin fjölmennari en nokkurs staðar ella hérlendis. Er augljóst, að í náinni framtíð mun messað á hverjum helgum degi í Þingvallakirkju að sumarlagi.

Þá vill stjórnin vekja athygli á, að prestastefna, kirkjuþing og kirkjuráð voru sammála um að æskja þess, að Núpsprestakall í Dýrafirði og Árnesprestakall á Ströndum fengju að haldast. Enn fremur ásktu prestastefna og kirkjuþing þess, að Staðarhraunsprestakall á Mýrum héldist við.

Stjórnin telur 5 þús. manna söfnuð í Reykjavík algert hámark.

2. gr. Stjórn Prestafélags Íslands leggur til, að afnumin verði úr frv. orðin „að jafnaði" í 1. lið 2. gr. Er það í samræmi við óskir prestastefnu, kirkjuþings og kirkjuráðs.

3. gr. breytist til samræmis við 2. gr. Í stað orðalagsins „Heimilt er" komi orðalag úr frv. kirkjuþings: „Skipta skal" o. s. frv.

5. gr. Úr henni falli brott orðin „ef um embættisbústað í eigu ríkissjóðs er að ræða."

10. gr. Tekið verði í hana ákvæði 12. gr. í frv. kirkjuþings: „Auglýsa skal til umsóknar allar þær stöður, sem um ræðir í 6. – 9. gr."

Á eftir 14. gr. komi 17. gr. úr frv. kirkjuþings: „Víðlend og afskekkt prestaköll skulu njóta staðaruppbóta samkvæmt mati kirkjustjórnar á staðháttum að fengnum till. Prestafélags Íslands." Ákvæði þetta er runnið frá prestastefnu.

II. kafli.

Stjórn Prestafélags Íslands þykir miður, að prestastefnu skyldi ekki gefast kostur á að fjalla um ákvæði frv. um kristnisjóð jafnframt því, að hún fjallaði um prestakalla- og prófastsdæmaskipan.

Varðandi kristnisjóð vill hún lýsa svofelldu áliti:

20. gr. Tekjur sjóðsins virðast af skornum skammti og ekki fyrirsjáanlegt, að þær muni vaxa í hlutfalli við þarfir og vöxt þjóðar og kirkju, enda virðist óeðlilegt, að megintekjustofn sé af niðurlagningu prestsembætta, er fátækir söfnuðir í strjálbýli hafa notið.

21. gr. Í 2. lið komi orðalag úr frv. kirkjuþings: „Enda hafi starfið áður verið auglýst með venjulegum hætti."

23. gr. orðist sem 26. gr. í frv. kirkjuþings: „... á stjórn hans. Skal kirkjuráð semja starfsáætlun fyrir sjóðinn og leggja hana ásamt endurskoðuðum reikningi hans fyrir hvert reglulegt kirkjuþing til fullnaðarákvörðunar og samþykktar. Reikningsleg endurskoðun skal framkvæmd af ríkisendurskoðuninni."

Svo segir að lokum:

„Stjórn Prestafélags Íslands lítur svo á, að umrætt frv. geti aðeins skoðazt sem upphaf að gagngerðri endurskoðun og umbótum á stjórn, skipan og starfsaðferðum þjóðkirkjunnar og sambandi hennar við ríkisvaldið. Vill hún einkum minna á, að kirkjuþing hefur þegar undirbúið og samþykkt að sínu leyti frv. um þrjú biskupsdæmi á Íslandi. Telur stjórnin fulla ástæðu til þess að gera Alþ. og ríkisstj. ljóst, að meiri hluta presta og annarra áhugamanna um kirkjumál á Íslandi er fullkomið alvörumál, að sú skipan komist á."

Þá hefur n. borizt svo hljóðandi bréf:

„Á fundi Þingvallanefndar, sem haldinn var hinn 28. nóv. s. l., var samþykkt að fara þess á leit við hv. menntmn. Ed. Alþ., að hún geri að till. sinni þá breyt. á frv. til l. um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð, að Þingvallaprestakall haldist og verði ekki fellt niður. Tilmæli þessi voru samþykkt einróma á fundi Þingvallanefndar. Nefndin fól undirrituðum að koma þessum tilmælum á framfæri, enda gert með bréfi þessu.

Virðingarfyllst,
Þingvöllum, 3. desember 1969.
Eiríkur J. Eiríksson,
þjóðgarðsvörður."

Þá hefur n. fengið ljósrit af undirskriftalistum úr Ár-

nesprestakalli, og er formáli svo hljóðandi – þetta er dags. 15. febr. 1969:

„Sú frétt hefur borizt til okkar hér í Árneshreppi, að fyrirhugað sé að leggja Árnesprestakall niður og sameina það Hólmavíkurprestakalli. Þessari fyrirætlun leyfir sóknarnefnd og söfnuður Árneskirkju sér hér með að mótmæla, og treystum við undirrituð herra biskupnum yfir Íslandi og hinu háa Alþingi til þess að virða vilja okkar í þessu efni."

Þessi áskorun er undirrituð af 96 manns í sóknarnefnd og söfnuði Árneskirkju.

Þá er loks að geta áskorunar, sem n. hefur borizt úr Árnesþingi og er svo hljóðandi:

„Vér undirritaðir alþingiskjósendur í Árnesþingi mótmælum harðlega því ákvæði frv. til l. um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð, sem nú liggur fyrir Alþ., að Þingvallaprestakall verði lagt niður og Þingvellir lagðir undir Kjalarnesprófastsdæmi. Teljum vér, að sú skipan, sem komið var á árið 1958, er prestinum var falið þjóðgarðsvarðarstarfið á Þingvöllum, sé heppileg og hafi reynzt vel. Sú afgreiðsla málsins dróst að vísu um of, en er í samræmi við rökstudda dagskrá frá Alþingi árið 1933, er ríkisstj. og Þingvallanefnd var falið að semja um prestssetrið á Þingvöllum með tilliti til friðunar staðarins. Rökin fyrir niðurfellingu Þingvallaprestakalls munu vera þau, að prestakallið sé fámennt, og er það rétt. Búsettir sóknarmenn eru fáir, en hins vegar er augljóst, að prestsstarfið þar nær langt út fyrir sóknina. Um Þingvöll fara tugir þús. innlendra og erlendra gesta á hverju ári, og þótt þeir séu vissulega ekki þar í kirkjulegum erindum, eru þeir ófáir þar á meðal, sem leita þar prestlegrar þjónustu og einkum vegna helgi staðarins. Sparnaður yrði enginn af þessari ráðstöfun, því að útilokað er, að þjónusta prestakallsins gæti orðið kostnaðarminni en nú er. Þingvellir eru þjóðarhelgidómur og um leið höfuðhelgidómur kirkjunnar við hlið Skálholts og Hóla. Þar var kristni lögtekin árið 1000, þar fór fram lagasetning kirkjunnar í 7 aldir, þangað gaf Ólafur helgi kirkju um árið 1018, og vafalítið hefur prestur verið þar óslitið síðan nema árin 1928—1958.

Við teljum, að það sé að misbjóða bæði sögu þjóðarinnar og kirkjunnar á freklegan hátt, ef gert er ráð fyrir að fella Þingvelli inn í annað prófastsdæmi. Væri Árnesþing þar að vissu leyti svipt Þingvöllum. Má minna á, að Árnesingar líta á Þingvelli sem eina sína mestu prýði og sæmd, þótt alþjóð eigi þá að vísu. Áttu og Árnesingar mikinn hlut að hinum mikla viðburði, er kristni var þar lögtekin. Þó að þess séu dæmi, að sóknir sama prestakalls séu ekki allar í sama prestakalli, er það mjög óheppilegt og í þessu dæmi óhæfa, því að Þingvöllur er einn sterkasti drátturinn í svipmóti héraðsins og of mikill aðili í sögu þess og lífi til þess að vera fleygt til og frá eins og umkomuleysingja. Árnesingar munu aldrei þola, að nokkur hluti héraðs þeirra verði settur undir lögsögu annarra héraða, hvorki í veraldlegum né kirkjulegum efnum. Teljum við, að umrædd tillaga sé mjög svo neikvæð í alla staði. Nú fara í hönd þjóðhátíð og þúsund ára minning kristnitökunnar, og teljum vér, að gera verði stórátak hið allra fyrsta til uppbyggingar staðarins og þá ekki sízt með endurbyggingu Þingvallakirkju. Munum við Árnesingar styðja það mál með ráðum og dáð sem og allir góðir Íslendingar.

Selfossi, 15. desember."

Undir þetta skrifa fimm Árnesingar, og seinna bárust svo undirskriftir. Það var þykkur bunki, og ég hef nú ekki talið, hve margir hafa skrifað þar undir, en þeir skipta áreiðanlega hundruðum.

Ég hef þá kynnt þau erindi, sem n. hafa borizt. Það hefur að vísu tekið nokkurn tíma, en vegna þess, hve mörg atriði þessa frv. eru, eins og ég áður sagði, mönnum viðkvæm, þá taldi ég rétt, að hér kæmi fram allt það, sem n. hefur borizt af bréfum og erindum.

Allar þær ábendingar og till., sem fram koma í þessum erindum, sem ég nú hef lýst, hafa að sjálfsögðu verið til athugunar hjá n. Um afstöðu n. til þeirra læt ég nægja að vísa til brtt., sem n. í heild flytur á þskj. 308, sem og til brtt. einstakra nm. Ég skal láta þess getið um leið, að einmitt Þingvellir voru þrásinnis og ítarlega til umr. í n., þótt ekki næðist samstaða allra nm. um brtt. varðandi þá.

Ég skal þá gera grein fyrir brtt., sem n. flytur á þskj. 308. 1. – 4. og 7. brtt. varða Austfirði. Í n. var okkur frá því skýrt, að þm. Austf. í báðum þd. væru þess fýsandi, að þessar breytingar yrðu gerðar á frv., og taldi n. þá rétt og eðlilegt að taka þær brtt. upp, þar sem hún gat einnig fyllilega á efni þeirra fallizt.

Þá skal vikið að 1. brtt. Í frv. eru prófastsdæmin þar eystra nefnd, eins og reyndar nú er, Norður-Múlaprófastsdæmi og hins vegar Suður-Múlaprófastsdæmi. Nú er það svo, að það, sem nú er nefnt Norður-Múlaprófastsdæmi og maður skyldi þá ætla, að væri bundið við sýslumörkin, nær töluvert inn í Suður-Múlasýslu. Því er lagt til, að heitum prófastsdæmanna tveggja þar eystra verði breytt og að í stað Norður-Múlaprófastsdæmis verði nyrðra prófastsdæmið nefnt Múlaprófastsdæmi. 4. brtt. er um breytingu á heiti Suður-Múlaprófastsdæmis, og get ég vitnað til þeirra röksemda, sem fram hafa komið um hið fyrra, og er lagt til, að í stað heitisins Suður-Múlaprófastsdæmi komi Austfjarðaprófastsdæmi.

Þá skal ég víkja að 2. brtt. Samkv. frv. er lagt til, að Valþjófsstaður leggist niður sem prestssetur og þær sóknir, sem nú liggja til Valþjófsstaðarprestakalls, leggist til annarra prestakalla, þ. á m. nýs prestakalls, Egilsstaðaprestakalls. Þá munu eftir frv. þrír prestar, þ. e. a. s. Egilsstaða-, Eiða- og Vallanesprestur, sitja sunnan Lagarfljóts og ekki ýkjalangt á milli prestssetra, og þaðan yrði svo þjónað sóknum norðan fljótsins. En af þeim, sem helzt hafa beitt sér fyrir þeirri brtt., sem n. flytur, er talið eðlilegt að halda sér í bili í meginatriðum við núverandi skipan prestakalla á þessu svæði, þ. e. a. s. á Héraði, þótt prestssetrið á Valþjófsstað sé reyndar afskekkt, og þetta er rökstutt með því, að það megi gera ráð fyrir því í framtíðinni, að þéttbýliskjarni myndist norðan fljótsins, væntanlega þá við brúna, og þá yrði eðlilegast, að prestur sitji þar.

Þá kem ég að 5. brtt. Það er öllum hv. þdm. að sjálfsögðu kunnugt, að prestslaust hefur verið að Kvennabrekku, síðan presturinn þar lézt á s. l. hausti. Það er talið vafasamt, að prestur fáist þangað, en hins vegar mun ekkja síðasta prestsins, sem þar sat og sat staðinn með miklum ágætum, hafa mikinn hug á að

geta búið þar áfram með börnum sínum. N. hefur rætt töluvert prestakallaskipan á þessum slóðum, og nm. urðu sammála um að gera það að till. sinni, að prestssetrið verði flutt frá Kvennabrekku í Búðardal, þar sem, eins og menn vita, er nokkurt þéttbýli, og jafnframt verði heiti prestakallsins breytt, þannig að það heiti þá framvegis Hjarðarholtsprestakall, en Búðardalur er í Hjarðarholtssókn. Ætla mætti það, að íbúar héraðsins felldu sig vel við það, að prestakallið beri framvegis nafn hins fornfræga höfuðbóls.

Þá er 6. brtt. Í 52. tölul. í 1. gr. frv. er lögð til sú breyting, að prestssetur flytjist frá Hvammi í Dölum að *Hvoli í Saurbæ, og jafnframt verði heiti Hvamms*prestakalls breytt í Hvolsprestakall. Þessi breyting er líklega til komin vegna þess, að prestur sá, sem nú þjónar prestakallinu, situr á Hvoli, en húsakynni í Hvammi munu vera úr sér gengin. Við 1. umr. hér í hv. þd. var því beint til n., að hún beitti sér fyrir þeirri breyt. á frv., að Hvammur yrði áfram prestssetur og heiti prestakallsins óbreytt. N. hefur orðið við þessari ósk, og þegar það er gert, er það m. a. haft í huga, að Hvammur er vel settur með tilliti til nálægðar tveggja skólasetra, Staðarfells og Lauga, en slíkt hlýtur að vega allþungt, því að það er eðlilegt, að á það sé lögð nokkur áherzla að auðvelda prestum á hverjum stað að ná til slíkra staða, sem skólasetur eru, og annast þar bæði kirkjulega þjónustu og jafnvel uppfræðslu á öðrum sviðum.

Um 7. brtt. er það að segja, að hún er tengd annarri brtt. Það er sem sé lagt til, vegna þess að í 2. brtt. er lagt til, að Möðrudalssókn falli til Valþjófsstaðarprestakalls, eins og nú er, að það haldist áfram, og þá varð um leið að gera þá breyt. á 87. tölul. að fella þar úr Möðrudalssókn.

Ég hef þá gert grein fyrir afstöðu n. og þeim brtt., sem hún flytur. Eins og fram kemur í nál. á þskj. nr. 307, mælir n. með frv. með þeim breyt., sem ég nú hef lýst, en nm. áskilja sér jafnframt rétt til að flytja frekari brtt. og fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Einn nm., Gils Guðmundsson, 5. þm. Reykn., skrifar undir nál. með sérstökum fyrirvara.

Ég ætla þá að leyfa mér, hæstv. forseti, að gera stuttlega grein fyrir brtt., sem ég flyt á þskj. 311 og varðar Þingvelli. Um fyrri brtt. er það að segja, að með henni er lagt til, að Þingvellir falli undir Mosfell í Grímsnesi, m. ö. o., þeir verði ekki sjálfstætt prestakall, heldur sókn í Mosfellsprestakalli, og um leið er d-liður 1. brtt., að Þingvellir falli út í 36. tölul., þar sem þeir hefðu, eins og frv. gerir ráð fyrir, fallið undir Mosfell í Mosfellssveit, og þar með verið í Kjalarnesprófastsdæmi. Síðari brtt. er um það, að ný gr. bætist inn í frv. og hljóði svo sem þar segir, að ráðh. sé heimilt, að fengnum till. biskups og Þingvallanefndar, að skipa prest, er sitji á Þingvöllum og þjóni Þingvallasókn, enda gegni hann þá jafnframt starfi þjóðgarðsvarðar.

Önnur brtt. varðandi Þingvelli er fram komin frá öðrum hv. meðnm. mínum þrem. Þar er lagt til, að Þingvellir haldist áfram sem prestakall og verði í Árnesþingi. Það er nokkur munur á þeirri brtt. og þeirri, sem ég flyt, og ég vona, að hv. flm. þyki ég ekki taka fram fyrir hendur sér, þó að ég leyfi mér að gera örlítinn samanburð á þessum þremur meginbrtt., til þess að þdm. megi vera ljós sá munur, sem á þeim er, sem er þó að vissu leyti ekki ýkjamikill. Samkv. minni till. yrðu Þingvellir ekki sjálfstætt prestakall, heldur sókn, en með heimildargr., sem byndi í sér heimild til þess að skipa prest, sem þar sitji, sem þó jafnframt gegni starfi þjóðgarðsvarðar. Þá verður staða söknarinnar í raun inni nánast sú sama og að hún væri sérstakt prestakall. Ég tel ekki ástæðu til að ætla annað en slík heimild yrði notuð. Hitt er annað, að það getur enginn sagt fyrir um það, hvort unnt yrði í framtíðinni að fá prest til þess að sækja um Þingvelli, sem jafnframt vildi taka að sér að gegna starfi þjóðgarðsvarðar. Verður aldrei hægt um það að fullyrða. En báðar brtt., bæði mín og þeirra þremenninganna, meðnm. minna, mundu, ef ekki fengist prestur, sem jafnframt vildi gegna þjóðgarðsvarðarstarfinu, í báðum tilfellum leiða til þess, að enginn prestur sæti á staðnum. Það er rétt í sambandi við þessar till., sem fram eru komnar um að binda saman prestsstarfið og þjóðgarðsvarðarstarfið, að taka það fram, að eins og þetta yrði samkv. þessum brtt., hvor þeirra sem samþykki hlyti, ef þær yfirleitt hljóta samþykki, mundi það leiða til þess, að prestskosningar gætu ekki farið þar fram, vegna þess að gert er ráð fyrir, að það sé að *fengnum till.* biskups og Þingvallan., sem skipað verði í þetta starf.

Það eru að sjálfsögðu fleiri atriði, sem hefði verið hægt að nefna í sambandi við frv. og ekki þá sízt í sambandi við ýmsar ábendingar, sem hafa komið í erindum til n. Ég sé þó ekki ástæðu til þess að tína það allt upp, enda gæti það orðið nokkuð langt mál.

Ég hef þá gert grein fyrir, eins og ég áður sagði, afstöðu n. til frv. og þeim brtt., sem n. hefur flutt, og einnig þeim, sem ég hef flutt ein, og sé þá ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið, a. m. k. ekki nema þá ef tilefni gefst til síðar.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil aðeins nota tækifærið til þess að þakka hv. menntmn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli. Og jafnframt vil ég leyfa mér að þakka frsm. n. fyrir góða grg., hvernig að málinu hefur verið unnið í n. Einnig var það viðkunnanlegt að gera grein fyrir ýmsum þeim erindum, sem n. hafa borizt, þó að þau komi ekki fram í tillöguflutningi eða fskj.

Ég hef lagt áherzlu á það í sambandi við flutning þessa máls nú, sem flutt var 1966 fyrst, held ég, og var á þinginu 1966–1967, að málið hlyti afgreiðslu í þinginu fyrst og fremst. Málið hefur verið til meðferðar, fyrst undirbúið af sérstakri n., sem ráðh. skipaði, og svo að sjálfsögðu í samráði við biskup fjallað um það af kirkjuþingi og prestastefnu og mikið rætt um málið, og ég hef vel getað skilið, að kirkjunnar mönnum sárnar það, þegar slík mál eru á ferðinni, að Alþ. leiði hjá sér afgreiðslu þeirra, eins og gert hefur verið, og því hef ég lagt áherzlu á það, að nú, þegar frv. er lagt fyrir hv. Alþ., hlyti málið endanlega afgreiðslu. Ég skil mætavel, að sumt af því, sem er í þessu frv. og er í till., sem fram eru fluttar, er viðkvæmt mál einstökum aðilum, og því er það ekki nema eðlilegt, að það séu nokkuð skiptar skoðanir um það, hvernig skuli standa að atkvgr. í sambandi við einstök atriði frv. og einstakar till., sem

fram hafa komið. Ég ætla ekki að blanda mér inn í þau mál og ekki gera neina tilraun til þess að mæla hér með eða móti neinni einstakri till., sem fram hefur komið. Ég hef alltaf talið, að það væri í sjálfu sér mjög eðlilegt, að ýmsar brtt. kæmu fram við frv. Aðalatriðið er í mínum augum, að það hljóti afgreiðslu, og þá á ég auðvitað við frá mínu sjónarmiði, að það nái í meginatriðum fram að ganga, en það verð ég auðvitað að sætta mig við eins og aðrir, að það arki að auðnu með það, þegar endanlegar atkvgr. fara fram.

Það er aðeins um Þingvallaprestinn og prestakallið, sem mig langar til að segja örfá orð. Þar eru nú tvær till. mjög keimlíkar, en nokkur stigsmunur er á þeim, og skal ég í sjálfu sér ekki gera upp á milli og vil gjarnan hafa betra tóm til að átta mig á, með hvorri ég mundi heldur standa, þegar þar að kemur, en greiði nú ekki atkv. um þær hér í Ed. að sjálfsögðu. Mig langar til að láta þess getið í þessu sambandi, að ég var kominn rétt til fullorðinsára, þegar ég áttaði mig á því, að Þingvellir væru í Árnessýslu. Ég hef alltaf litið á Þingvelli sem allsherjarstað landsmanna, sem aðrir landsmenn ættu jafnmikið tilkall til og Árnesingar. Þar var Alþingi stofnsett á sínum tíma, og þetta var allsherjarþingstaður landsmanna, sem menn riðu til frá gervöllu landinu. Og þó að ég skilji mjög vel tilfinningamál Árnesinga, man ég nú eftir ýmsum, sem stóðu að kristnitökunni, eftir því sem sögur herma, sem voru úr öðrum sýslum en Árnessýslu, þó að þeir hafi að sjálfsögðu átt sinn mikla hlut að því, og ekki held ég, að síztur hafi verið hlutur eins Þingeyings við þann mikla merkisatburð. Og þannig er það, að saga Þingvalla er nokkuð samofin sögu þjóðarinnar og allrar þjóðarheildarinnar.

Ég hef haft samráð við og viðræður við flm. beggja till. um Þingvelli og er algerlega meðmæltur því með einu eða öðru móti, eins og hér er lagt til, hvor till. sem yrði nú ofan á eða hvor aðferð sem yrði við það höfð, að stuðlað verði að því, að prestur sé á Þingvöllum og reynt að viðhalda því fyrirkomulagi, sem verið hefur, svo lengi sem þess er kostur, í bili a. m. k., að þjóðgarðsvarðarstarfið og prestsstarfið verði sameinað, og það hlýt ég þeim mun fremur að gera, þar sem allblessunarlega hefur til tekizt í þeim efnum að undanförnu. En það er alveg rétt, sem fram kom hjá hv. frsm. n., að auðvitað geta þau viðhorf skapazt, að hér kunni að vera erfiðleikar á í framkvæmd.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um málið, en vil þakka n. fyrir. En mér er ljóst, að Ed. lætur ekki á sér standa um að taka afstöðu til málsins, og ég vona, að frv. nái fram að ganga hér í öllum meginatriðum, þannig a. m. k., að engin spjöll verði á því, síður en svo. Að sumu leyti tel ég, að þær till., sem hér eru fram bornar, verði til töluverðra bóta á frv., og tengi hér nokkrar vonir um það, að á þessu þingi muni þetta mál nú ná endanlega fram að ganga.

Axel Jónsson: Herra forseti. Hv. frsm. menntmn. hefur nú vikið að þessu máli allítarlega. Ég benti hér á nokkur atriði við 1. umr. málsins og skal ekki endurtaka það. Frsm. kom inn á ýmis þau atriði. Það er aðeins eitt, sem ég er ekki alls kostar sáttur með. Það er, að ekki skyldi hafa verið hægt að taka tillit til þeirrar óskar minnar eða ábendingar að skilgreina frekar Reykjavíkurprófastsdæmi, yfir hvaða svæði það nær, og þar á ég við, að Reykjavíkurprófastsdæmi tekur nú yfir annað fjölmennasta sveitarfélag landsins, Kópavog, án þess að það komi nokkurs staðar fram. Fram til 1952 var þessu þannig háttað, að Kópavogi var skipt milli Laugarness- og Bústaðasóknar, en þá var stofnað sérstakt prestakall í Kópavogi. Ég hef við fljótlega athugun ekki getað fundið það í lögum, að Kópavogskaupstaður tilheyri Reykjavíkurprófastsdæmi. Ég áskil mér því, herra forseti, allan rétt til þess að athuga málið betur og flytja máske brtt. við 3. umr. málsins efnislega á þá leið, að sú skilgreining komi fram um Reykjavíkurprófastsdæmi, að það taki yfir Reykjavíkur- og Kópavogsprestaköll. Ég tel það óeðlilegt, að annað fjölmennasta sveitarfélag landsins er hvergi nefnt í lögum um þessi mál, og hygg, að það geti verið aðeins máske örsökin sú, að þróunin hefur verið svo ör einmitt í sambandi við mitt ágæta byggðarlag, að þetta hafi hreinlega dottið niður. En ég endurtek, ég tel eðlilegra, að það væri tekið fram í l. varðandi Reykjavíkurprófastsdæmi, að það taki yfir Kópavogsprestaköll einnig.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Eins og fram kemur á nál. menntmn., hef ég skrifað undir nál. með fyrirvara og vil með fáeinum orðum gera grein fyrir því, í hverju sá fyrirvari er fólginn, og sömuleiðis fara nokkrum orðum um fáein önnur einstök atriði þessa frv., sem brtt. hafa komið fram við.

Það má segja, að það felist einkum tvennt í þessu allviðamikla frv., það sé um að ræða aðallega tvö meginatriði. Annars vegar er með frv. gerð allmikil endurskipulagning eða endurskipun prestakalla og prófastsdæma landsins og fyrst og fremst í þá átt að fækka prestaköllum allverulega, og að því hníga ýmis rök og þá m. a. og ekki síst mjög svo breyttar samgöngur, fækkun fólks í mörgum prestaköllum og erfiðleikar á því að fá þangað presta. Ég tel í meginatriðum, að þá sé rétt stefnt og eðlilega hafi þarna farið fram endurskoðun á hinni gömlu prestakallaskipan og þar sé í meginatriðum verið að færa hana í nútímahorf, í það horf, sem mætti gera ráð fyrir, að auðveldaði þá allmikið að fá presta í þau prestaköll, sem ýmist hafa verið prestslaus eða miklir erfiðleikar hafa verið samfara að skipa presta í nú alllengi að undanförnu. Og að því er snertir stefnuna í þessum efnum og þennan annan meginþátt frv., þá er ég stefnunni alveg sammála og hef fyrir mitt leyti getað í megindráttum fallizt á hana.

Hinn meginþáttur þessa frv. er um stofnun kristnisjóðs, og segja má, að þar sé um að ræða nýmæli, sem kirkjunnar menn leggja eðlilega verulega áherzlu á. Út af fyrir sig er ég ekki andvígur þeirri hugmynd, sem felst í því að stofna kristnisjóð, sem kirkjunnar menn hafi veruleg ráð yfir, en ég tel hins vegar, að það sé í hæpnasta lagi að álykta sem svo, eins og gert er í þessu frv., að allt það, sem sparast við það að endurskipuleggja prestaköllin í landinu og fækka þeim, skuli nákvæmlega renna í þennan kristnisjóð. Ég tel, að hér hefði verið miklu eðlilegra að spara annars vegar það, sem skynsamlegt þótti að spara, að því er snertir fækkun prestakalla, en gera hins vegar þá ráð fyrir því, að

árlega væri lögð fram á fjárl. einhver upphæð til kristnisjóðs og þeirrar starfsemi, sem hann á að standa undir, og sú upphæð væri þá miðuð við þau verkefni sjóðsins, sem fjárveitingavaldið á hverjum tíma viðurkenndi og teldi réttmætt að styðja, en þetta færi ekki eftir einhverri happa- og glappaleið, sem væri ekki eða ég get ekki séð, að þurfi að vera í neinu samræmi við eðlilega þörf þessa sjóðs fyrir fé á hverju ári. Það, sem þarna kann að sparast við fækkun prestakalla og aðrar þær breytingar, sem frv. gerir ráð fyrir, kann að vera meira eða minna en sannanlega væri fjárþörf kristnisjóðs miðað við eðlilega starfsemi hans. Ég tel, að þarna sé farið inn á býsna hæpna braut, og hefði raunar verið og væri ástæða til að endurskoða þetta atriði nokkru nánar en gert hefur verið, og minn fyrirvari beinist fyrst og fremst að þessu atriði, að ég tel það næsta hæpið að ákveða í eitt skipti fyrir öll, að það, sem sparist í sambandi við endurskipulagningu prestakalla, skuli renna í þennan kristnisjóð og alveg án tillits til þess, hver fjárþörf sjóðsins er á hverjum tíma.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um hina fyrirhuguðu starfsemi kristnisjóðsins. Þar er tvímælalaust verið að auka allverulega vald kirkju og biskups og færa þessum aðilum í hendur nokkra fjármuni og heimila þeim jafnframt að verja þeim til sérstakra hluta í þjónustu kirkju og kristni í landinu. Hér er m. a. gert ráð fyrir því, að heimilað verði að ráða þrjá æskulýðsfulltrúa í stað eins, sem verið hefur. Hér er gert ráð fyrir því, að ákveðið eða heimilt skuli vera að ráða sérstakan prest til þess að starfa á Norðurlöndum með búsetu í Kaupmannahöfn. Og hér er enn fremur gert ráð fyrir að ráða sérstaka sjúkrahússpresta. Ég vil gera þá aths. við þetta síðast nefnda ákvæði, að ég lít þannig á, að það sé að ýmsu leyti hæpið og það geti jafnvel verið mjög óvíst, að það þurfi að vera til bóta að ráða sérstaka presta til prestsþjónustu á sjúkrahúsum. Ég er raunar á því, að þetta sé ekki rétt stefna. Ég veit ekki betur en prestar bæði hér í Reykjavík og annars staðar á landinu hafi verið mjög fúsir að heimsækja sjúklinga á sjúkrahúsum, og ég hygg, að þeir verði það áfram, og ég er þeirrar skoðunar, að það sé að flestu leyti æskilegast, að sjúklingar og vandamenn þeirra geti ráðið og ráði mestu um það, til hvaða presta er leitað í sambandi við það, þegar sjúkir menn vilja njóta prestsfundar, og það sé næsta hæpið að veita þarna heimild til þess að ráða sérstaka sjúkrahússpresta.

Þá vil ég aðeins víkja að því, að eftir að frv. hafði verið til meðferðar í menntmn., hefur mér verið á það bent, að í sambandi við 1. gr. 44. tölul., þar sem er verið að ákveða skipan prestakalla í Borgarfjarðarprófastsdæmi, þá muni vera allverulegur áhugi fyrir því hjá heimafólki, a. m. k. ýmsu, að breytt verði um prestssetur í Stafholtsprestakalli. Ýmsir kunnugir þar telja, að eðlilegast sé, eins og nú er málum komið, að gera ráð fyrir því, að prestur sitji að Varmalandi, sem er að vísu mjög skammt frá Stafholti. En ástæðurnar fyrir þessum nokkuð almenna vilja heimamanna þarna munu vera annars vegar þær, að á Varmalandi er skólasetur, vaxandi skólasetur. Þar munu þegar vera komnir þrír skólar, og talið er líklegt, að það verði jafnvel auðveldara að fá prest í þetta prestakall, ef hann sæti á Varmalandi, þar sem skólasetrið er, en í Stafholti. Í annan stað vill það vera þannig með þær prestssetursjarðir, þar sem prestarnir treysta sér í mörgum tilfellum ekki til þess að taka upp búskap, að þá er fyrirkomulagið gjarnan dálítið erfitt og í ýmsum tilfellum vandræðalegt, þegar er þá verið að leigja bónda jörðina, kannske fáein ár, og ekki er vitað, hvað við tekur. Það eru meiri líkur til þess, að bóndi fáist á jörðina, ef hún verður ekki prestssetur. Ég hef í hyggju að flytja og þá trúlega ekki fyrr en fyrir 3. umr. brtt. við þetta atriði og sömuleiðis við atriðið um sjúkrahússpresta, sem ég nefndi áðan, um það, að sú gr. falli niður, því að ég er þeirrar skoðunar, að hugsunin, sem þar liggi á bak við, sé næsta hæpin.

Að lokum vil ég geta þess, að ég er meðmæltur því, að prestur verði áfram á Þingvöllum, hef hins vegar ekki gert mér verulega ljósan þann mun, sem er á þeim tveimur brtt., sem um það hafa verið lagðar fram. Ég sé nú ekki, að hann sé verulegur, a. m. k. efnislega, en ég fellst á þau rök, sem hafa verið færð fram fyrir því, að æskilegt sé, að prestur verði áfram á Þingvöllum.

Svona kannske meira til gamans en annars, þá ætla ég aðeins að ljúka þessum fáu orðum mínum með því að minna hæstv. dómsmrh. á það, að ég man nú ekki betur en það hafi verið ágætir Árnesingar, sem stóðu að því að koma kristninni á hér um árið. En það er nú kannske ljótt að segja það, að þeir Hjalti Skeggjason og félagar hans hafi platað svolítið Ljósvetningagoða til þess að vera með sér, en það liggur við, að þeim hafi tekizt það.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 310 ásamt 2. þm. Austf., Páli Þorsteinssyni, og 11. þm. Reykv., Kristjáni Thorlacius, sem sat hér á þingi, þegar frv. var afgr. frá menntmn. Mér þykir rétt að fara nokkrum orðum um þá till., sem við félagar höfum hér flutt, þó að hér hafi verið rætt um hana nokkuð af flestum þeim, sem hér hafa talað að þessu sinni um frv. Við höfum státað af því lengi, Íslendingar og með réttu, að við værum söguþjóð. Og á síðari árum, ekki sízt, hefur verið vaxandi áhugi á því að varðveita þá sögustaði, sem hæst ber í landinu. Ég vil minna á í því sambandi þær endurbætur og það starf, sem unnið hefur verið á hinum fornu biskupsstólum, bæði á Hólum í Hjaltadal og Skálholti í Biskupstungum. Og mér og meðflm. mínum að till. þykir, að þá væri farið í öfugan enda á málunum, ef ekki væri gerð til þess tilraun að styðja mjög að virðingu þeirri, sem Þingvellir hafa haft með þjóðinni og hafa enn. Eins og frv. um skipun prestakalla var, þegar það var lagt hér fyrir þessa hv. d., var ekki gert ráð fyrir því, að á Þingvöllum sæti prestur. Ég hygg, að þegar við rennum huganum til þeirra ára, 1974, þegar við ætlum að minnast ellefu hundruð ára byggðar á Íslandi, og til ársins 2000, þegar væntanlega verður minnzt 1000 ára kristni á Íslandi, þá þætti þeim, sem þær samkomur sæktu, það furðu gegna, ef á Þingvelli sæti ekki prestur og það upplýstist, að Þingvellir væru annexía frá öðrum stað. Um það var rætt hér, að það væri ýmsum ekki ljóst allajafna, að Þingvellir væru í Árnessýslu. Þessi tilfinning Íslendinga fyrir staðnum sannar það, að hann hefur mikla sérstöðu með þjóðinni, og það er mín skoðun og

okkar flm., að Þingvellir eigi og að hafa sérstöðu í þessu frv. og í þeirri kirkjuskipan, sem hér er gert ráð fyrir að koma á. Hitt er vitað, að þeir sóknarmenn, sem kirkju eiga að sækja að Þingvöllum, eru ekkert í vafa um það, í hvaða sýslufélagi þeir eru. Og því þykir okkur rétt og um það var menntmn. sammála að breyta því ákvæði í frv., að Þingvöllur heyrði til Kjalarnesprófastsdæmis, heldur félli undir Árnesprófastsdæmi, eins og verið hefur áður. Það var samstaða um það í n. Aftur á móti sýnist okkur, að það sé rétt, að Úlfljótsvatnssókn falli undir Mosfell í Grímsnesi, eins og gert er ráð fyrir í frv., ekki síst fyrir þá sök, að það er öllu hægara að þjóna Úlfljótsvatnssókn frá Mosfelli í Grímsnesi en ofan frá Þingvöllum vegna samgöngustaðhátta, sérstaklega að vetri til. Einnig vil ég leggja á það sérstaka áherzlu, að ég óska þess, að Þingvellir hafi algera sérstöðu sem prestssetur að því leyti, að á það verði bent, að því sé viðhaldið þarna ekki síst til þess að undirstrika þá sögulegu minningu, sem við eigum í sambandi við þann stað. Það gefur auga leið, að þótt Úlfljótsvatnssókn væri jafnframt felld undir Þingvelli og Þingvallaprestur ætti að þjóna þeim tveimur sóknum, þá er það náttúrlega með eðlilegum hætti miklu minna starf en með þessu frv. er ætlað, að hver prestur hafi að gegna, og því ástæðulaust að fara að leggja Úlfljótsvatnssókn undir Þingvallaprestakall til þess að þar verði fleira fólk í prestakallinu. En í báðum þeim brtt., sem fjalla um skipun Þingvallaprestakalls, er gert ráð fyrir því, að sameinað verði þar embætti prestsins og þjóðgarðsvarðar. Af þeirri reynslu, sem fengizt hefur af þeirri tilhögun á undanförnum árum, í embættistíð þeirra tveggja presta, sem þau embætti hafa stundað, er ljóst, að þetta fer mjög vel saman. Til þessa hafa valizt mjög gegnir menn og margfróðir um sögu lands og staðarins, og ég hygg, að megi ætla, að það geti orðið í framtíðinni einnig, því að mér skilst, að þeir menn, sem hafa verið brautskráðir úr guðfræðideild Háskóla Íslands, séu mjög vel menntaðir og þá ekki hvað síst í sögu, að ég nú ekki tali um kristnisögu.

Ég vil því, herra forseti, leggja á það áherzlu, að mér sýnist, að við getum við afgreiðslu þessa máls ekki sýnt Þingvöllum hæfilega virðingu með öðrum hætti en þeim að fallast á þá till., sem við þremenningarnir hér höfum lagt til, að yrði á þessu máli, og vil því ljúka máli mínu með því að óska þess, að menn sjái sér fært að samþykkja þá till., sem hér er flutt á þskj. 310.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég átti sæti í þeirri n., sem um þetta mál hefur fjallað, og stend ég að því ásamt öðrum nm. að mæla með frv. og einnig að þeim brtt., sem n. flytur sameiginlega. Hins vegar hef ég ekki tekið afstöðu til þeirra brtt., sem fluttar eru af einstökum nm. á þskj. 310 og 311, og vildi ég því í örstuttu máli gera hér grein fyrir afstöðu minni til þeirra.

Hv. flm. þessara brtt. eru sammála um það, að Þingvallasókn skuli teljast til Árnesprófastsdæmis, enda mun það vera í samræmi við óskir íbúa þar, og fellst ég á það. Hins vegar kemur hér fram ágreiningur í fyrsta lagi um það, hvort Þingvelli beri að gera að sérstöku prestakalli og að hve miklu leyti skuli tengja saman þjóðgarðsvarðarstarf og prestsstarf á Þingvöllum. Ég er andvígur þeirri skipan mála, sem fram kemur í brtt. þeirra hv. þriggja nm. á þskj. 310, þar sem það er gerð beinlínis lagaleg skylda að stofna sérstakt prestakall á Þingvöllum og tengja saman prestsstarf þar og þjóðgarðsvarðarstarf. Þetta tel ég óeðlilegt, og er ástæðan sú, að ég tel það tilviljun háð, hvort hæfir menn muni ávallt fást til þess að gegna bæði prestsstarfi og þjóðgarðsvarðarstarfi, vegna þess að hér er að mínu áliti um töluvert óskyld störf að ræða; skal þó fyllilega viðurkennd hæfni þeirra tveggja prestvígðu manna, sem gegnt hafa þjóðgarðsvarðarstörfum þar að undanförnu. Þeir hafa reynzt ágætlega í sínum störfum, en það tel ég þó meira tilviljun háð, að svo vill til, að báðir þessir menn eru prestar, og tel því óeðlilegt að tengja þetta þannig saman samkv. l., að þjóðgarðsvörður eigi jafnframt að gegna prestsstarfi.

Varðandi hins vegar seinni brtt., sem flutt er af hv. 2. þm. Reykv. á þskj. 311, vil ég taka fram, að ég mundi fylgja henni, ef skýrt kæmi fram, að Þingvallanefnd hefði úrslitaáhrif á ráðningu þjóðgarðsvarðar. En mér skilst, að svo sé í þeim l., sem nú gilda um ráðningu þjóðgarðsvarðar. Væri þessi brtt. samþ. óbreytt, gæti komið þarna í fyrsta lagi vafaatriði að mínu áliti, og í öðru lagi teldi ég ekki rétt að heimila ráðh. að gera slíka skipan mála í trássi við Þingvallanefnd, ef til þess kæmi. Ég vil því, herra forseti, leyfa mér að flytja brtt. við umrædda brtt. á þskj. 311, og er hún – með leyfi hæstv. forseta – svo hljóðandi:

„Í stað orðanna „að fengnum till. biskups og Þingvallanefndar“ komi: að fengnum till. biskups og í samráði við Þingvallanefnd.“

Nú kann sú mótbára að koma fram gegn þessu, að þetta sé að því leyti óheppilegt, að biskupi sé gert hér lægra undir höfði en Þingvallanefnd. Nú er það fjarri mér að vilja styðja að nokkru, sem dregur úr áhrifavaldi biskups á kirkju og kristindómsmál. En það er nú einu sinni þannig, að því er ég bezt veit, að það er svo um veitingu annarra prestakalla, að biskup hefur þar aðeins tillögurétt, og væri því óeðlilegt, að hann hefði annað og meira vald, hvað snertir þetta einstaka prestakall. En af því að þess ber að gæta, að hér er í rauninni um óskyld störf að ræða, þar sem er prestsstarf á Þingvöllum annars vegar og hins vegar þjóðgarðsvarðarstarf, þá tel ég ekki rétt að breyta þeirri skipan, sem nú er, að Þingvallanefnd geti haft úrslitaáhrif á val þjóðgarðsvarðar. Að minni brtt. samþykktri mundi ég styðja 2. brtt. á þskj. 311. Ég sé þá ekkert athugavert við þá skipan, ef það er með samþykki Þingvallanefndar, og við fyrri brtt. á þskj. 311 hef ég þegar lýst fylgi mínu.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja fram þessa skrifl. brtt. mína.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þó að freistandi væri að segja ýmislegt um þetta frv., ætla ég ekki að gera það, heldur aðeins minnast hér á eitt atriði, sem frsm. n. að vísu kom inn á, en sagði þó n. ekki gera neina brtt. um, en ég tel alveg nauðsynlegt, að verði breytt, þannig að það orki ekki tvímælis, og það er 6. liður 21. gr. um styrki til námsmanna. Það mundi geta valdið stórfelldum vandræðum og skapað mjög hættu-

legt fordæmi og haft ill áhrif á námsmenn almennt, einkanlega stúdenta, ef væri hér farið inn á þá braut að styrkja einn hóp námsmanna úr sérstökum sjóði, eins og hér er ráðgert. Svo sem orðalag þessa tölul. er úr garði gert, þá hlýtur að mega leggja í það þann skilning, að hér sé fyrst og fremst átt við stúdenta, þ. e. a. s. að þeir sem háskólanemendur geti fengið styrk úr þessum sjóði. Þetta tel ég mjög varhugavert. Prestsnám er ekki mjög langt nám í háskóla, og það er eðlilegt, að sama gildi um nemendur guðfræðideildar og um námsmenn annarra deilda. Ég tel því mikla nauðsyn bera til þess, að hv. n. taki þetta til athugunar á milli umr. Ég hef út af fyrir sig ekkert við það að athuga, að það væri heimilað að veita einhverja styrki til sérstakrar rannsóknarstarfsemi að kristilegum málum eða jafnvel einhverja kandídatastyrki. Það er strax allt annað mál og skapaði ekki þetta fordæmi. En ég tel, að þetta atriði sé alveg nauðsynlegt að athuga.

Ég skal svo ekki láta hjá líða að geta þess, að mér finnst það miður og í rauninni óheppilegt, að ekki skuli vera meiri afskipti stjórnardeilda af þessum sjóði, sem haldið er uppi algerlega af framlögum ríkissjóðs. Hér er ekki um sjóð að ræða, eins og er nú um flesta starfandi sjóði, sem vinna að hinum ýmsu verkefnum, að þeir eru ekki nema að hluta til byggðir upp með framlögum ríkissjóðs, heldur úr öðrum áttum. Það eru aðeins ríkistillög. Hér má gera ráð fyrir, að þessi sjóður í rauninni verði næstum að öllu leyti fjárveiting úr ríkissjóði á hverjum tíma, og síðan er falið vissum aðila, sem ég síður en svo ber neitt vantraust til, að úthluta þessu fé, en óneitanlega sýnist mér, að æskilegt hefði verið, að fjárhagsáætlun eða áætlun um ráðstöfunarfé sjóðsins fengi t. d. staðfestingu dóms- og kirkjumrh., þannig að hægt væri að fylgjast með ráðstöfun fjárins. Það er ekki ætlun mín að fara að flytja neina brtt. um það, heldur læt aðeins þetta sjónarmið koma fram. En ég mundi mjög vilja óska þess við hv. n. til þess að forðast misskilning og vandræði, að hún taki þetta atriði, sem ég gat um áðan, til athugunar.

Varðandi þær orðræður, sem hér hafa farið fram um Þingvallaklerk, sýnist mér það einsýnt, að það komi ekki til neinna álita að setja prest á Þingvöll, sem ekki hefði neitt annað verkefni en vera þar prestur. Það yrði þá að gera þá breytingu, sem vitanlega er hugsanlegt, að flytja einhvern prest til Þingvalla, sem hefði þá aðsetur á Þingvöllum, en þjónaði fleiri sóknum, það mætti hugsa sér í Árnesprófastsdæmi, eða þá að hafa þann hátt á, sem hér er lagt til og hefur engin sérstök aukaútgjöld í för með sér, nema kannske einhvern mismun á launum prests og þjóðgarðsvarðar, sem skiptir ekki máli, að sameina þetta tvennt. Hitt er auðvitað rétt, sem getið var um áðan, að það þarf ekki að vera, að það falli alls kostar vel saman, að prestur gegni störfum þjóðgarðsvarðar. Þó hygg ég nú, að það sé ekki stórfelld hætta í því efni.

En mér sýnist sem sagt ekki vera nema um tvennt að ræða, ef menn ætla sér að hafa kirkjusetur eða prestssetur á Þingvöllum, annaðhvort að velja þá leið, sem hér er lögð til í tveimur brtt., eða þá beinlínis að flytja einhvern prest til Þingvalla og hafa prestssetur þar og láta hann þá þjóna fleiri sóknum. Ég vildi hins vegar benda á það, að mér sýnist þessar brtt. vera dálítið óljósar frá báðum aðilum, og beini því nú aðeins til þeirra, sem eru flm. að þeim, hvort ekki væri nauðsynlegt að athuga þær betur og reyna að samræma þær. Mér finnst nú ekki vera mikill meiningamunur hjá þeim sem flytja till. í raun og veru. En ég held, að báðar till. þurfi í rauninni dálítið nánari athugunar við, og æskilegt væri, að þær væru teknar til meðferðar betur á milli 2. og 3. umr., og skýt ég því aðeins fram til athugunar fyrir hv. flm.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Enda þótt ég eigi sæti í menntmn. þessarar hv. d., hef ég ekki undirritað neitt nál. vegna fjarvistar í janúarmánuði, þegar málið var til lokameðferðar, og þess vegna ætla ég að leyfa mér að verja örfáum mínútum af tíma d. til þess að gera grein fyrir skoðun minni í þessu máli, en það skal ekki verða langt mál.

Ég vil þá fyrst lýsa yfir því, að ég mun fylgja þessu frv., eins og það liggur fyrir í meginatriðum, og hefði fyrir mitt leyti viljað standa fyllilega að þeim till., ef ég hefði getað komið því við að mæta, sem n. flytur í heild á þskj. 308. Ég hygg, að þær séu allar til bóta og í samræmi við óskir sóknarbarna á viðkomandi stöðum, enda fluttar hér af fulltrúum þeirra. Þó er eitt atriði í frv., sem raunar hér hefur verið vikið að af hv. þm. Reykn., Gils Guðmundssyni, en það eru ákvæði 20. gr. um tekjur kristnisjóðs, að í hann skuli renna samkv. c-lið þau laun, sem sparast á hverjum tíma, þegar prestakall er prestslaust, svo að ekki komi til greiðsla launa eða hluta þeirra, eins og þar segir. Ég tel, að þetta ákvæði sé vafasamt og það geti orkað þannig, að minni áhugi sé á æðri stöðum fyrir því að skipa í prestakallið, þar sem tekjurnar renna til kirkjunnar hvort eð er og kirkjan hefur ráðstöfunarrétt yfir þeim annars staðar. Ég hafði áður en endanleg afgreiðsla við þetta frv. fór fram í menntmn. verið að velta þessu fyrir mér. Ég skal játa, að ég hef fellt þær vangaveltur niður að mestu um skeið, en þetta rifjast upp fyrir mér nú við afgreiðslu málsins hér og í framhaldi af því, sem hv. þm. Reykn. sagði áðan um þetta atriði. Og raunar vil ég nú ganga lengra og segja, að mér finnst eins og honum, að það væri eðlilegra, að þarfir kristnisjóðs væru metnar á hverjum tíma og það yrði með einu eða öðru móti þá reynt að útvega fjármagn til að mæta þeim fremur en að geta hans sé svona tilviljunum háð, eins og ákveðið er í þessu frv., ef það verður að lögum.

Þá eru nú ekki fleiri atriði, sem ég ætla að gera hér að umtalsefni utan Þingvallaprestakalls, en fyrir því hef ég mjög mikinn áhuga, að Þingvellir fái að halda áfram að vera sérstakt prestakall. Ég tel raunar annað ekki sæmandi. Ég tek undir þau rök, sem hv. 5. þm. Sunnl. flutti fyrir þeirri till., sem fram er sett á þskj. 310 um það, þar sem það sé greinilega vilji Alþ., að Þingvellir séu jafnrétthátt prestakall og önnur prestaköll í landinu, og af þessum orðum hlýtur þá að leiða það, að ég er ekki nógu ánægður með brtt. hv. 2. þm. Reykv. á þskj. 311, þar sem gert er ráð fyrir því, að Þingvellir séu gerðir að sókn í öðru prestakalli, enda þótt svo sé ráðgert, að þar skuli sitja prestur, þ. e. a. s. ef ráðh. þóknast að ákveða svo hverju sinni. Ég tel, að Alþ. undirstriki sérstöðu Þingvalla bezt með því að gera þá að presta-

kalli, og ég fyrir mitt leyti óttast það ekki, að það fáist ekki hæfur prestvígður maður til að gegna báðum þeim störfum, sem brtt. á þskj. 311 gerir ráð fyrir, alveg eins hér eftir eins og hingað til. Komi það í ljós mót minni spá a. m. k. og ég hygg fleiri, þá það, þá verður að taka afleiðingunum af því, og þá verður að hugsa til einhverra annarra aðgerða til þess að halda uppi reisn Þingvalla. En mín spá er sú, að á það muni ekki reyna, heldur muni áframhald verða á því, að prestvígður maður, sem um leið væri hæfur til þess að gegna stöðu þjóðgarðsvarðar, fengist í þetta embætti.

Ég tel, að það sé verulegur munur á þessum tveimur brtt. Í mínum huga er hann það, og ég get vel skilið það, að ýmsir Íslendingar telji Þingvelli eins konar sameign þjóðarinnar, og ég hygg, að það fari þá ekki illa á því, að Alþingi geri sér það líka ljóst, að Þingvellir hafa nokkra sérstöðu með því að skipa sóknarnefndarmálum eða kirkjumálunum þar með nokkuð öðrum hætti en gert er annars staðar. En vitanlega er það ljóst, að með því að tengja þessi embætti saman er um algera sérstöðu að ræða, þar sem prestskosningum verður ekki við komið. Ég hygg, að það saki ekki svo mjög, þar sem meginverkefni þessa manns yrði líklega þjóðgarðsvarzla, a. m. k. eftir að önnur sóknin hefur verið tekin frá honum. En hvernig sem fer um afgreiðslu þessarar till., vil ég þó þakka hv. form. menntmn. fyrir það að koma til móts við óskir Þingvellinga með þeirri till., sem hún hefur borið fram, því að hún er vitanlega miklu betri en sú lokleysa, sem gert er ráð fyrir í frv., að leggja Þingvelli undir prestakall í annarri sýslu.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég mun að sjálfsögðu sem nefndarformaður hlutast til um það, að á milli umr. verði tekin til athugunar þau atriði, eða það var nú reyndar aðallega eitt atriði, sem hæstv. fjmrh. mæltist til, að frekar yrði skoðað af n. Ég mun hlutast til um, að það verði gert, og hugsanlegt, að fleiri atriði, sem komið hafa fram í ræðum hv. þm. hér við umr., gefi einnig ástæðu til frekari athugunar á einstökum atriðum frv.

Það var eitt atriði, sem kom fram, að ég held í ræðum tveggja hv. þm., og það var varðandi kristnisjóðinn. Það var látið að því liggja, að sú tekjuöflunarleið, sem honum er ætluð, sem sé að til hans renni prestslaun úr prestaköllum, sem ekki er þjónað eða niður verða lögð, gæti jafnvel slævt áhuga yfirmanna fyrir því, að skipað verði í þessi embætti eða menn fáist í þessi embætti. Nú er að sjálfsögðu skylt að auglýsa prestaköll, sem laus verða, þannig að það hlýtur að koma nokkuð af sjálfu sér. En ég vil aðeins benda á það, að þetta er bara ekki nein ný skipan mála, því að prestakallasjóðurinn, sem nú er, nýtur þess einmitt, að í hann falla laun eða hluti launa, sem sparast af launum í prestaköllum, sem prestar hafa ekki fengizt í. Það hafa mér vitanlega ekki hingað til a. m. k. verið uppi neinar getgátur um það, að þeir aðilar, sem samkv. l. hafa umráð prestakallasjóðsins, sem er kirkjuráð, hafi orðið til þess að draga eitthvað úr því, að prestar fengjust í þau prestaköll, sem laus eru.

Ég vil aðeins víkja að Þingvallaprestakalli, sem reyndar hv. síðasti ræðumaður gerði. Þó að samþ. yrði, að Þingvellir yrðu sérstakt prestakall, er það að því leyti ekki jafnrétthátt prestakall öðrum, að eftir þeirri skipan, sem í brtt. felst, yrði ekki um að ræða rétt fólks í sókninni til þess að kjósa sér prest. Vegna þess, að það virðist svo sem þm. sé ekki alveg ljós sá munur, sem er á brtt. einstakra nm., sem fram hafa komið hér, þ. e. a. s. annars vegar brtt., sem ég flyt, og hins vegar brtt. þriggja meðnm. minna, þá held ég, að í stuttu máli megi segja, að munurinn sé sá, að samkv. minni till. er lagt til, að Þingvellir verði sókn, en ekki prestakall, sókn, sem heyrir undir Mosfellsprestakall, en heimild til þess að skipa þar prest, sem jafnframt sé þjóðgarðsvörður. Samkv. brtt. þeirra þremenninganna er hins vegar lagt til, að Þingvellir verði sérstakt prestakall og þar skuli skipa prest, sem jafnframt gegni þjóðgarðsvarðarstarfi. Ég vil taka það fram, sem ég reyndar orðaði í minni fyrri ræðu, að í huga mér er enginn vafi á því, að heimildin yrði notuð samkv. minni brtt., ef að lögum yrði. Það hefur satt að segja aldrei hvarflað að mér neinn efi um það. En ef að því rekur, sem auðvitað er mjög vel hugsanlegt, að ekki fáist guðfræðingur í prestsstarfið, sem jafnframt vildi taka að sér þjóðgarðsvarðarstarf, eða enginn, sem hæfur yrði talinn, skulum við segja, þá yrði staðan sú, að annars vegar væri Þingvallasókn, sem félli þá undir Mosfellsprest og yrði þjónað af honum. Í hinu tilfellinu yrði staðan aftur þannig, að þarna væri prestslaust prestakall, sem nágrannapresti yrði þá væntanlega falið að þjóna og trúlega þá einmitt prestinum á Mosfelli. Ég vona, að hv. þdm. sé ljós sá munur, sem er á þessum tveimur brtt.

Ég vil þá aðeins fara nokkrum orðum um brtt. hv. 11. þm. Reykv. við mína till. Satt bezt að segja hafði ég upphaflega orðað þessa brtt. eða hún hafði verið orðuð eitthvað mjög svipað því, sem hann leggur til, að nú verði. Ég get hins vegar sagt, að það vakti einungis fyrir mér, að þessum tveimur aðilum yrði gert nokkurn veginn jafnhátt undir höfði, báðir gerðu till. til ráðh., annars vegar biskup, hins vegar Þingvallanefnd. Hitt er svo rétt, sem hv. þm. sagði, að réttur biskups við veitingu embætta er yfirleitt ekki annar en tillöguréttur. Veitingavaldið er að sjálfsögðu annars staðar. Og að athuguðu máli mundi ég út af fyrir sig geta fellt mig við þessa breyt. á minni brtt., ef hún mætti verða til þess, að auka líkur fyrir því, að hún næði samþykki.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 372) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 51. fundi í Ed., 5. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 308, 1 – 4 samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 311, 1 felld með 14:3 atkv.
Brtt. 310, 1 samþ.með 16:1 atkv.
Brtt. 308, 5 – 7 samþ. með 19 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
2. – 5. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 372 tekin aftur.
Brtt. 311,2 tekin aftur.

Brtt. 310,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
7. – 17. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
18. – 26. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, StG, SvG, AuA, AJ, ÁB, BGuðbj, BFB, BJ, EggÞ, EÁ, GilsG, JÁ, JÁH, JÞ, MJ, ÓB, ÓlJ, JR.
nei: KGuðj.

Á 52. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 54. fundi í Ed., 12. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 384, 389, 394, 399, 400).

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Í fjarveru form. menntmn., hv. 2. þm. Reykv., Auðar Auðuns, hef ég tekið að mér að mæla með örfáum orðum fyrir brtt. við frv. til l. um skipun prestakalla o. s. frv., sem fluttar eru af menntmn. á þskj. 399. Það er í fyrsta lagi við 1. gr. frv., XV. lið, að aftan við orðin „Í Reykjavíkurprófastsdæmi" bætist: sem nær yfir Reykjavíkur- og Kópavogsprestaköll; þannig að enginn vafi sé á um það, að Kópavogsbúar eigi rétt á prestsþjónustu samkv. þessum l. eins og aðrir landsmenn, og vænti ég, að á það verði fallizt.

Í öðru lagi flytur n. brtt. við 21. gr., 6. tl., en samkv. frv. er gert ráð fyrir því, að eitt af hlutverkum kristnisjóðs skuli vera, eins og það er orðað, að styrkja námsmenn til undirbúnings undir prestsstarf og önnur kirkjuleg störf. Af þessu mundi leiða, að þeir, sem stunda nám við guðfræðideild háskólans, ættu þá rétt á styrkjum úr kristnisjóði. En nú hafa þeir eins og aðrir stúdentar við háskólann rétt til lána úr lánasjóði stúdenta og annarra fyrirgreiðslna, sem stúdentum eru veittar samkv. almennum reglum. N. taldi óeðlilegt, að guðfræðinemar hefðu þannig greinileg forréttindi umfram alla aðra stúdenta, og leggur því til, að þessu verði breytt þannig, að meðal hlutverka kristnisjóðs skuli vera það að styrkja framhaldsnám guðfræðinga og annarra starfsmanna kirkjunnar til undirbúnings undir kirkjuleg störf.

Svo flytur menntmn. í þriðja lagi brtt. við 23. gr. þess efnis, að nýr málsl. komi eftir 1. málsl., svo hljóðandi: „Kirkjuráð semur árlega fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn, og skal hún samþykkt af dóms- og kirkjumrn." Þar sem fé til kristnisjóðs kemur aðallega eða að öllum meginhluta frá hinu opinbera, þótti eðlilegt og í samræmi við annað að kveða svo á um, að fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn skuli samþ. af dóms- og kirkjumrn., þannig að kirkjuráð hafi þannig ekki algerlega óbundnar hendur í þessu efni. Það hygg ég, að sé í fullu samræmi við annað, sem þessu er sambærilegt.

Þá hef ég leyft mér að flytja brtt. á þskj. 400, sem eru algerlega formlegs eðlis og fluttar samkv. ábendingu skrifstofustjóra Alþingis. En í 24. gr. frv., eins og það liggur nú fyrir, segir, að fyrirsögn l. nr. 98 19. júní 1933, um læknishéruð og prestakallasjóði, orðist þannig: „Lög um læknishéraðasjóði". Nú er það óneitanlega andkannalegt að breyta þannig með lagaákvæðum fyrirsögn annarra laga, ef það yfirleitt er heimilt. Ég legg því til, að þessi grein falli niður, en í stað þess bætist ný mgr. aftan við 26. gr., svo hljóðandi:

„Þá er lög þessi hafa öðlazt gildi, skal gefa lög nr. 98 19. júní 1933 út að nýju með fyrirsögninni: Lög um læknishéraðasjóði."

Slíkt mundi auðvitað vera eðlilegra, og vænti ég ekki, að þetta þurfi nánari skýringa með.

Einstakir hv. þm. hafa flutt frekari brtt. en þær, sem ég hef nú gert að umtalsefni, en um afstöðu n. til þeirra er það eitt að segja, að um þær hafa einstakir nm. óbundnar hendur.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Eins og frsm. n. hefur þegar skýrt frá, stendur n. öll að þeim þremur brtt., sem fluttar eru við frv. á þskj. 399. Ég hef svo leyft mér að flytja þrjár aðrar brtt. við þetta frv., og eru þær á þskj. 389, og skal ég fara um þær fáeinum orðum, en tel, að ég geti orðið stuttorður, þar sem ég ræddi nokkuð um þau atriði, sem þær fjalla um, við 2. umr. þessa máls og gerði þá jafnvel ráð fyrir að flytja við þau atriði brtt., eins og ég hef nú gert. Um þessar till. varð ekki fullt samkomulag í n., þó að vitað væri, að þær hefðu meiri eða minni hljómgrunn innan n., og er það því rétt hjá hv. frsm. menntmn., að um þær og aðrar till. en till. sameiginlegu á þskj. 399 hafa nm. algerlega óbundnar hendur.

1. brtt. mín er við 45. tölul. 1. gr. frv., þar sem eru talin upp prestaköll og prófastsdæmi, og þetta fjallar um Stafholtsprestakall í Borgarfjarðarprófastsdæmi. Ég legg til, að þar verði sú breyting á, að í stað þess að prestakallið og prestssetrið verði í Stafholti, skuli það framvegis vera á Varmalandi. Ástæðan til þess, að þessi till. er flutt, er sú, að sú er skoðun a. m. k. ýmissa heimamanna í þessu prestakalli, að það sé heppilegra og eðlilegra að gera þessa breytingu. Það er svo með þetta prestssetur, að þar hefur verið eða var prestslaust um nokkurt skeið. Nú er nýkominn þangað að vísu ungur prestur, og það liggur ekki ljóst fyrir, hvort hann hyggur á búskap eða ekki, en þó mun það nú ekki vera líklegt, og þá er viðbúið, að horfið verði að því ráði að leigja jörðina bónda, ef hann fengist til þess að nytja hana, en sú hefur orðið reynslan, þar sem sá háttur hefur verið á hafður að leigja prestssetursjarðirnar frá ári til árs, að þetta hefur valdið margvíslegum erfiðleikum og oft orðið til þess, að þessar jarðir, sem oft eru hinar ágætustu bújarðir, hafa ekki verið byggðar upp og nytjaðar á þann hátt, sem eðlilegt og heppilegt verður að teljast. Hins vegar stendur þannig á, að í prestakallinu skammt frá er nú komin upp byggð, þar sem fyrst og fremst er um að ræða nokkra skóla, þar sem er Varmaland, og það er enginn efi á því, að það er líklegri prestssetursstaður en aðrir staðir í þessu prestakalli, og ég tel, að það eigi að opna fyrir því í þessum l., að presturinn geti setið þar. Það þarf ekki að fara um það öllu fleiri orðum, að þróunin er öll í þá átt, að prestarnir flytjist í þéttbýliskjarnana í prestaköllunum, og það er vissulega eðlileg þróun. Prestsstarfið er ekki sízt, þar sem það er vel rækt, orðið ýmislegt, marghátttað æskulýðsstarf og því verður eðlilega hvað

bezt gegnt með því, að prestar sitji þá á þeim stöðum, þar sem til að mynda skólahald fer fram.

2. till. mín er á þá leið, að 8. gr. frv. falli niður, en það er sú gr., þar sem svo er kveðið á, að biskupi sé heimilt með samþykki ráðh. að ráða prestvígða menn til sérstakrar sjúkrahúsaþjónustu og setji biskup þeim erindisbréf. Ég geri ekki ráð fyrir, að um það geti orðið að ræða annars staðar en í þéttbýlinu og þá fyrst og fremst í Reykjavík og e. t. v. nágrenni, að ráðnir verði sérstakir, prestvígðir menn til þessarar sérstöku sjúkrahúsaþjónustu. Og ég er þeirrar skoðunar, að það sé ekki aðeins álitamál, heldur býsna hæpið að gera þá ráðstöfun, að sérstakir prestar eða sérstakur prestur skuli annast sjúkrahúsaþjónustuna. Ég veit ekki betur en það hafi verið þannig hér í Reykjavík, þar sem þetta kæmi nú helzt til greina, að prestar hér hafi verið fúsir til þess, þegar þeir hafa verið til kvaddir, að annast alla þá kirkjulega og prestlega þjónustu, sem um er að ræða og eðlileg má teljast í sambandi við sjúkrahús, og ég tel það í hæsta máta hæpið að ráða til að mynda einn sérstakan prest, sem hefði það hlutverk að gegna þessari þjónustu. Það er nú svo, að viðhorf fólks til presta er eðlilega misjafnt, og það kemur jafnvel enn þá fremur fram, þegar menn liggja sjúkir á sjúkrahúsum, að þeir vilja þá gjarnan og eðlilega ráða því sjálfir, hvaða prestsþjónustu þeir hljóta. Ég held, að það sé í hæsta máta hæpið að fara að binda það hér í þéttbýlinu við einn ákveðinn kennimann, að hann skuli vera sérstakur sjúkrahúsaprestur. Þessu tel ég, að sjúklingarnir og vandamenn þeirra eigi að ráða, eins og löngum hefur verið.

Þriðja og veigamesta brtt. mín er við 20. gr. frv. og er alger umorðun á henni. En þar eru liðirnir b, c og d dregnir saman í eitt, og í stað þess að til kristnisjóðs renni, eins og segir nú í 20. gr., árlegt framlag úr ríkissjóði, er samsvari hámarkslaunum presta í þeim prestaköllum, sem lögð eru niður samkv. lögum þessum, og laun þau, sem sparast á hverjum tíma, þegar prestakall er prestslaust, svo að ekki komi til greiðslu prestslauna eða hluta þeirra, falli niður, en í stað þess komi, að tekjur kristnisjóðs skuli vera árlegt framlag úr ríkissjóði. Ég leitaðist við að rökstyðja það við 2. umr. þessa máls, að þetta væri miklu eðlilegri háttur, að ákveða í þessu tilfelli fasta upphæð árlega úr ríkissjóði til þessara hluta, en að slá því föstu, að allt, sem sparast við þessa breytingu, þessa fækkun á prestum, og allt, sem sparast við það, ef prestsembætti standa óveitt um lengri eða skemmri tíma, eigi að renna í kristnisjóð. Ég tel, að þessi hugmynd sé ekki rétt, hún sé röng og óskynsamleg. Það hafi í fyrsta lagi gengið mjög út í öfgar hjá okkur að ákveða sérstaka tekjustofna til þess að standa undir einhverjum ákveðnum þörfum, og í öðru lagi hljóti það að vera eðlilegra að miða við hinar raunverulegu þarfir en eitthvað, sem kemur út úr slíku reikningsdæmi eins og þessu og enginn veit, hvað verður í framtíðinni.

Það er enginn vafi á því, að það er mjög óheppileg stefna, sem hér hefur ríkt á undanförnum áratugum, að þeir, sem hafa sýnt fram á það eða hafa viljað sýna fram á það, að ýmis nauðsynjaverkefni skorti fjármagn, hafa lagt sig fram um það að finna einhvers konar nýja tekjustofna eða nýjar álögur, svo sem eldspýtnagjald, vindlingagjald, pappagjald og þar fram eftir götunum, til þess að standa undir ýmiss konar kostnaði við nauðsynlegar framkvæmdir. Hæstv. núv. fjmrh. hefur oftar en einu sinni, bæði í fjárlagaræðum og við önnur tækifæri, bent á það alveg réttilega að mínum dómi, að þessi þróun sé óheppileg og það sé miklu eðlilegra, að ríkissjóður eigi hér beinan hlut að máli. Til hans renni fyrst og fremst þeir skattar, sem lagðir eru á, og síðan sé það metið hverju sinni af þeim, sem með fjárveitingavaldið fara, hvað eigi að leggja til hverrar og einnar af þeim nauðsynlegu framkvæmdum, sem þarf að leggja fé til.

Ég vil nú vænta þess, að hæstv. fjmrh. sé enn sömu skoðunar um þetta efni og hann hefur áður verið. Ég tel þá skoðun hans algerlega rétta, og í samræmi við það er þessi brtt. flutt, 3. brtt. mín á þskj. 389, að aðaltekjustofn kristnisjóðs skuli vera ákvarðaður hverju sinni, miðaður þá við raunverulegar og sannanlegar þarfir sjóðsins, og það skuli vera framlag úr ríkissjóði, en ekki þetta óákveðna framlag, sem ómögulegt er að reikna út upp á framtíðina, hvort er of mikið eða of lítið til þess að standa undir þeirri starfsemi, sem þarna yrði um að ræða.

Ég skal svo, herra forseti, ekki hafa fleiri orð um þetta mál, en vænti þess, að hv. d. meti þau rök, sem ég hef nú reynt að færa fram fyrir brtt. mínum, og taki síðar afstöðu til þeirra á grundvelli þess mats.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Ed., 16. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 394 samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 389,1 felld með 10:5 atkv.
Brtt. 399,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 389,2 felld með 10:3 atkv.
Brtt. 389,3 felld með 9:5 atkv.
Brtt. 399,2—3 samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 400 samþ. með 13 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 61. fundi í Nd., 17. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 430).

Á 62. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., 20. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta til laga um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð var lagt fyrir Alþ. 1966, en varð þá ekki útrætt. Frv. var flutt í Ed. á þessu þingi í byrjun þings og nú breytt frá því, sem áður var, og hafði þá verið höfð hliðsjón af ýmsum aths., sem fram höfðu komið við frv. Það hafði einnig verið unnið verulega að því í rn. að gera breytingar á frv. í samráði við biskup, og var mér í huga að flytja frv. á þingi í þingbyrjun 1968 og hafði það nokkuð tilbúið þá, en þó varð ekki af því, og héldu áfram viðræður við biskup og aðra menn kirkjunnar um málið. Niðurstaðan varð sú að flytja málið í því

formi, sem það nú liggur fyrir, en það hefur farið í gegnum Ed. og hefur hún afgr. málið með nokkrum breyt., og skal ég ekki víkja neitt sérstaklega að þeim.

Ég hygg, að það hafi verið nokkuð gott samkomulag um flestar þær breyt. eða allar, sem samþ. voru. Ég vil segja það um eina brtt., sem flutt var af Steinþóri Gestssyni alþm. og fleirum varðandi Þingvelli, að þar er bætt inn, að þar komi, að það verði sérstök Þingvallasókn með prestssetri á Þingvöllum, en um þetta gildi þau sérstöku ákvæði, að ráðh. skipi prest til að sitja á Þingvöllum og gegna Þingvallasókn samkv. 1. gr., að fengnum till. biskups og Þingvallanefndar, enda gegni hann þá jafnframt starfi þjóðgarðsvarðar. Er í þessari till. reynt að sameina þjóðgarðsvarðarstarfið og prestssetrið, eftir því sem verða mætti, með góðu samkomulagi þeirra aðila, sem hlut eiga að máli. Ég vona, að vel takist til um það. Það er svo nú í framkvæmd og mörgum var eðlilega viðkvæmt mál, að prestur væri á Þingvöllum vegna helgi staðarins, og um þessa brtt. var haft fullt samráð við mig, og var ég henni að öllu leyti samþykkur.

Með frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til, að prófastsdæmunum verði fækkað úr 21 í 15, en prestaköllum utan Reykjavíkur úr 109 í 92, en nokkur breyting hefur orðið á þessari tölu við meðferðina í Ed. Menn verða að hafa það í huga, að mörg þeirra prestakalla, sem nú er lagt til að sameina öðrum prestaköllum, hafa verið prestslaus árum eða jafnvel áratugum saman, og að því leyti má segja, að verið sé að viðurkenna staðreyndir, sem þegar liggja fyrir, og samræma skipulag þjóðkirkjunnar í verulegum atriðum því þjóðfélagsástandi, sem nú er fyrir hendi. Fyrir þessu er gerð nánari grein í grg. frv., sem ég sé ekki ástæðu til að tíunda hér sérstaklega. Þar er einnig rakið skilmerkilega, hverjar eru helztu breytingarnar, sem er að finna í þessu frv. frá frv. frá 1966, og er það talið í 13 liðum á bls. 9–10 í athugasemdunum, og vil ég leyfa mér að vitna til þeirra.

Ég hef lagt á það megináherzlu og gerði það, þegar frv. var lagt fram í Ed., að þetta frv. hlyti afgreiðslu þingsins. Mér var alveg ljóst, að hér var ekki um flokkspólitískt mál að ræða. Það geta verið um það nokkuð skiptar skoðanir, en hins vegar var ég ánægður yfir því, að góð samstaða varð um málið í Ed., og ég vil mega vænta þess, að svo geti einnig orðið hér í Nd. En ég lagði fyrst og fremst áherzlu á afgreiðslu málsins þar sem kunnugt er, að þetta mál hafði verið flutt áður, og nokkur önnur mál kirkjunnar, sem hún hefur óskað eftir, eftir samþykkt á kirkjuþingi, við rn., að flutt væru, hafa hlotið þá meðferð að daga hér uppi í þinginu, sem ég tel ekki vansalaust, og við þm. sameiginlega verðum að temja okkur í ríkara mæli en áður að afgreiða mál, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, með eða á móti, og sérstaklega þegar stofnun eins og þjóðkirkjan á í hlut.

Ég vil svo vænta þess, eins og ég sagði áðan, að um þetta mál geti orðið samstaða og það fái jákvæða afgreiðslu hér, áður en þingi lýkur, og leyfi mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Eins og fram kom hjá dómsmrh., gerir þetta frv. ráð fyrir að fækka prestaköllum utan Reykjavíkur úr 109 í 92, en eftir meðferð málsins í Ed. verður fækkun prestakallanna 16, og þar af er um 7 prestaköll að ræða af þessum 16, sem á að fækka um í Vestfjarðakjördæmi. Ég ætla ekki að gera neinn ágreining út af því, en þó hef ég leyft mér að flytja þegar brtt. um það, að Árnesprestakall falli ekki niður. Hæstv. dómsmrh. gat þess í ræðu sinni áðan, að eins og fram kemur í aths. með frv. hafa mörg þeirra prestakalla, sem nú er lagt til að sameina öðrum köllum, verið prestslaus árum saman eða jafnvel áratugum saman, þannig að segja má, að meginstefna frv. er í raun og veru sú að viðurkenna staðreyndir, sem þegar liggja fyrir, og samræma skipulag þjóðkirkjunnar í verulegum atriðum því þjóðfélagsástandi, sem fyrir hendi er í dag. Ég vil leyfa mér að segja það, hvað snertir Árnesprestakall, þá hefur þar ekki verið prestslaust árum eða áratugum saman. Þar þjónaði sami prestur árin 1961 – 1962 og aftur 1966 – 1969, og því þykir mér nokkuð undarlegt, að prestakall, sem er þó með töluvert á þriðja hundrað íbúa og hefur haft þjónandi prest svo lengi og er eitt afskekktasta prestakall á landinu, skuli vera tekið út úr eða lagt til með þessu frv. að leggja það niður. Það hafa borizt áskoranir frá þessu prestakalli frá rúmlega 100 manns að fella ekki niður þetta prestakall, en það var ekki tekið tillit til þess í Ed. Alþ., og ég vil því freista þess að flytja þessa brtt. í trausti þess, að hv. menntmn. líti á, að hér sé um sérstaklega afskekkt prestakall að ræða. Það fólk, sem þar býr, á sama rétt og aðrir á þjónustu kirkjunnar, og það má segja, að nær ógerlegt sé að þjóna Árnesprestakalli frá Hólmavík yfir vetrarmánuðina, því að vegalengdin er um eða yfir 100 km, og mætti jafna því við að þjóna t. d. Þykkvabæ frá Reykjavík, og væri það þó ólíkt auðveldara. Sömuleiðis má einnig benda á það, að Hólmavíkurprestakall nær til 5 kirkna, sem ætti að vera nóg, hvað þá heldur að bæta við prestakalli í 100 km fjarlægð. Fólkið, sem byggir þetta afskekkta prestakall, óskar almennt eftir því að hafa prest. Reynslan verður að skera úr um það, hvort prestur fæst í þetta prestakall, og ég sé ekki ástæðu til þess, að Alþ. sé að leggja þetta prestakall niður þvert ofan í óskir þessa fólks á sama tíma og nokkur prestaköll hafa verið tekin inn í þetta frv. frá frv., sem flutt var hér, að mig minnir fyrir 3 árum.

Ég treysti því, að hv. menntmn. líti á þessa brtt. mína með velvilja og hv. þdm. sjái, að hér er um sanngirnismál að ræða og að þetta afskekkta prestakall fái að haldast áfram í prestakallaskipun.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 430, n. 579 og 604, 431, 605, 606).

Frsm. meiri hl. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Frv. til l. um skipun prestakalla og prófastsdæma og kristnisjóð, sem hér er til 2. umr., var lagt fram í hv. Ed.

snemma á þessu þingi. Ég held, að það sé óhætt að segja það, að frv. hafi hlotið ítarlega athugun í menntmn. beggja d., og var frv. samþ. frá Ed. með nokkrum breyt. Það náðist ekki samstaða í menntmn. þessarar hv. d. um frv. Við, sem skipum meiri hl., leggjum til, að það verði samþ., eins og það kom frá Ed., og flytjum ekki við það neinar brtt., en áskiljum okkur hins vegar rétt til þess að fylgja brtt., sem kunna að verða bornar fram við frv., og raunar eru komnar fram margar brtt. við það nú í dag hér í deildinni.

Auk þess sem við leggjum til, að frv. verði samþ., mælum við, meiri hl. og raunar öll n., með, að brtt. á þskj. 431, sem hv. 2. þm. Vestf. flutti við 1. umr. málsins, verði samþ. Efni þessarar till. er það, að Árnesprestakall á Ströndum verði ekki sameinað Hólmavíkurprestakalli, eins og frv. gerir ráð fyrir, heldur fái að haldast. Að vísu mun það vera svo, að ýmsir álíta, að um þetta prestakall sæki enginn prestur. Það hefur raunar enginn prestur sótt um það á undanförnum árum, en allt fram til ársins í fyrra, ef ég man rétt, hefur þó verið settur prestur í þessu prestakalli, en því miður er hann nú farinn þaðan. Í þessu prestakalli munu vera eitthvað á þriðja hundrað manns, og hafa þinginu borizt eindregnar áskoranir um það frá íbúum prestakallsins, að það fái að haldast. Eins og hv. þm. er kunnugt, er hér um afskekkt prestakall að ræða, vegalengdin frá Hólmavík og norður í Árnes mun vera fullir 100 km, og nær alla vetur er sá vegur ófær. Svo kemur það einnig fyrir, að ís liggur við Strandir, svo að þá lokast sjóleiðin líka, svo að það hlýtur að vera mjög óhægt fyrir Hólmavíkurprest að þjóna þessu kalli. N. vill því láta reyna á það, hvort enginn prestvígður maður fáist til að sækja um þetta kall og lifa lífinu með þessu fólki, sem af þrautseigju byggir þessa norðlægu byggð.

Meðan frv. var til afgreiðslu hjá n., bárust henni þrjú símskeyti úr Núpsprestakalli í Vestur-Ísafjarðarsýslu frá öllum þremur sóknarnefndunum í því prestakalli, og óskuðu þær eftir, að Núpsprestakall yrði ekki sameinað Þingeyrarprestakalli, eins og frv. gerir ráð fyrir. Ein sóknarnefndin, sóknarnefnd Sæbólssafnaðar, óskar eftir því, ef til þess kæmi, að prestakallið yrði sameinað Þingeyrarprestakalli, að sú sókn fengi fremur að renna inn í Holtsprestakall í Önundarfirði. Okkur sýndist í n., að með ákvæðum 11. gr. frv. væri hægt að verða við þessari ósk safnaðarins að fullnægðum þeim skilyrðum, sem sett eru í þeirri gr. Árið 1968, í árslok, voru íbúar í þessu prestakalli 173, en þess ber þá líka að gæta, að í þessu prestakalli er staðsettur einn af héraðsskólum okkar, Héraðsskólinn að Núpi, og er þá að sjálfsögðu að vetrinum til prestakallið miklum mun fjölmennara. En á s. l. árum hafa samgöngur mjög batnað í þessum landshluta, og engan veginn er þarna um að ræða slíkar vegalengdir eins og þær, sem eru á Ströndum á milli Hólmavíkur og Árness.

Eftir að frv. hafði verið afgr. frá n., eða s. l. föstudag, barst eitt símskeyti enn til hennar frá Grímsey, frá oddvitanum í Grímsey og formanni sóknarnefndar í því prestakalli, með sömu óskum, þeim, að prestakallið yrði ekki lagt niður, að það fengi sem sagt að haldast áfram. Í Grímsey hefur ekki prestur átt búsetu í mörg ár, og enginn prestur hefur, eftir því sem mér er kunnugt, sótt um það prestakall. Því hefur verið þjónað af öðrum prestinum á Akureyri nú í mörg ár. Íbúar í þessu prestakalli munu vera á milli 80 og 90, og ég hygg jafnvel, að þó að þetta prestakall sé á eyju norður í hafi, búi það jafnvel við betri samgöngur en Árnes á Ströndum, því að samgöngur við Grímsey hafa vissulega mjög svo batnað, síðan flugvöllur var byggður á eynni.

Hæstv. kirkjumrh. rakti við 1. umr. málsins hér í d. efni þess, og sé ég ekki ástæðu til þess að gera það nánar. Ég vil aðeins minnast á tvö atriði, sem mér virtist einna helzt verða ágreiningur um í hv. menntmn. Það var í fyrsta lagi ákvæði 6. gr. frv. um það, að presti á Þingvöllum yrði gert að þjóna jafnframt prestsstarfinu starfi þjóðgarðsvarðar. Hér er í rauninni ekki um neina breytingu að ræða frá því, sem nú er, því að svo hefur það verið í mörg undanfarin ár, að einn og sami maðurinn hefur gegnt þessum störfum. Það mun hafa verið árið 1953, að Jóhann Hannesson, núverandi prófessor við Háskóla Íslands, var gerður að þjóðgarðsverði á Þingvöllum, og nokkru síðar gerðist hann sóknarprestur þar einnig, og frá árinu 1959 hefur séra Eiríkur J. Eiríksson gegnt þessum störfum báðum. Ég hef ekki orðið var við neina óánægju út af þessu starfi eða hvernig það er skipað, og það er ekki annað að sjá af þeirri reynslu, sem fengizt hefur af starfi þessara tveggja manna, en að þessi tvö embætti geti farið saman. Eins og ég segi, hef ég ekki heyrt um annað talað en að vel hafi skipazt um störf þeirra, enda eru þessir menn báðir mjög hæfir menn, margfróðir og kunna glögg skil á sögu staðarins og sögu landsins. Færi hins vegar svo, að ekki fáist maður í þetta starf, sem að dómi veitingarvaldsins er hæfur til þess, hlýtur að gefast tími og tækifæri til þess að breyta þá þessum ákvæðum frv. og gera það, sem ráðlegast þykir, um skipun þessara embætta.

Síðara atriðið, sem ég vil leyfa mér að drepa á, er ákvæði 8. gr. frv., en þar er biskupi heimilað með samþykki ráðh. að ráða prestvígða menn til sérstakrar sjúkrahúsaþjónustu. Mér virtist sú skoðun koma fram í n., að hér væri um óþarft embætti að ræða, því að sóknarprestarnir gætu fyllilega sinnt þessu starfi. Við beindum nokkrum spurningum til biskups, sérstaklega vegna óska hv. 1. þm. Vestf., og m. a. spurðum við hann um álit hans á þessu starfi. Og ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér upp umsögn biskups um þetta atriði. En umsögn hans er svar við spurningunni, sem við beindum til hans, sem hljóðar svo: „Hvaða störfum eiga sjúkrahúsaprestar að gegna umfram það, sem sóknarprestar gegna nú í sjúkrahúsum?“ Biskup svarar þessari spurningu á þessa lund:

„Hér er opnuð leið til þess, að stærstu sjúkrahúsin, sem jafnframt eru í fjölmennustu prestaköllum landsins, geti notið óskiptra krafta prests. Skilningur á nytsemi og nauðsyn andlegrar aðhlynningar gerist almennur hjá læknum. Þeim er ljóst, að batahorfur sjúklinga eru mjög háðar hugarástandi, auk þess sem það skiptir miklu fyrir líðan þeirra og aðstandenda. Það þykir því sjálfsagður þáttur í góðri aðbúð sjúkra, að þeir geti haft greiðan aðgang að presti, er geti varið sér alls kostar í þeirra þágu. Jafnframt er til þess ætlazt, að sjúkrahúsaprestar hafi sérmenntun á sínu sviði. Vita-

skuld rækja sóknarprestar sjúkrahús, eftir því sem þeir fá við komið, og munu hafa samband við sóknarbörn sín, sem dveljast á sjúkrahúsum, eftir sem áður. En prestar, sem gegna embættum í fjölmennustu prestaköllum, hafa ekki tíma né krafta aflögu til þess að sinna þessum verkefnum, svo vel sé og þeir vildu. Einnig er á það að líta, að hér er um starfssvið að ræða, sem krefst sérhæfingar. Geta má þess, að á Landsspítalanum einum eru yfir 300 sjúklingar nú. Borgarsjúkrahúsið hefur 255, og alls eru á sjúkrahúsum hér í Reykjavík um hálft annað þúsund sjúklinga. Á sjúkrahúsi Akureyrar eru 128."

Þetta er það, sem herra biskupinn hefur að segja um þetta atriði frv. Ég hef einnig aflað mér álits nokkurra lækna hér í höfuðborginni um þetta atriði, og ég vil, herra forseti, leyfa mér að lesa nokkur orð úr þessum álitum og hef fengið leyfi hjá viðkomandi til að gera það. Dr. med. Friðrik Einarsson hefur þetta að segja um þetta starf:

„Ég hef oft verið spurður um álit mitt á því að hafa presta þjónandi við spítala. Ég álít það mjög gagnlegt. Samvinna presta, lækna og hjúkrunarliðs að velferð og heill sjúklinga er áreiðanlega öllum aðilum til blessunar. Manneskja er ekki bara líkami, heldur einnig sál. Og þó læknar og hjúkrunarfólk sé allt af vilja gert til þess að sinna þörfum sjúklinga eftir föngum, þá held ég, að þarna sé ein hlið málsins, þar sem góður og skilningsríkur prestur getur lagt mikið lið."

Þetta var umsögn dr. med. Friðriks Einarssonar. Og ég hef hér einnig fyrir framan mig umsögn Sigurðar Samúelssonar prófessors, og skal ég leyfa mér að lesa nokkuð upp úr hans bréfi. Hann segir svo:

„Varðandi starfsemi sjúkrahússprests við Landsspítalann í Reykjavík vildi ég taka fram eftirfarandi: Þau s. l. 20 ár, sem ég hef starfað við Landsspítalann, hefur enginn fastráðinn sjúkrahússprestur starfað hér né heldur sérlærður félagsfræðingur. Á hvorum tveggja þeirra er nauðsyn til að tryggja sem bezt andlega og líkamlega velferð sjúklinga, enda hefur þessi háttur verið á hafður í öllum nágrannalöndum okkar um áratuga skeið. Bæði í læknaráði og í byggingarnefnd Landsspítalans hefur verið rætt um starfsaðstöðu sjúkrahússprests með tilliti til byggingar líkkapellu, þar sem stuttar minningarathafnir gætu farið fram, svo og húsnæði fyrir trúarathafnir og skrifstofuhald. Mér er kunnugt um, að ráðandi læknar Landsspítalans eru sammála um gildi prestsþjónustu í spítala, og get ég nefnt hér tvo hópa sjúklinga. Í fyrsta lagi mjög veika og langt leidda, í öðru lagi þá, sem komnir eru langt að, þekkja fáa og þurfa á ýmiss konar þjónustu og fyrirgreiðslu að halda. Í því þjóðfélagi, sem við nú lifum í, vil ég benda á, að læknisstörf í sjúkrahúsi verða ekki nægilega vel af hendi leyst, nema til komi aðstoð frá sérlærðum presti í sjúkrahúsmálum og vel lærðum félagsfræðingi. Ég tel því brýna þörf á því, að hið háa Alþ. sjái sér fært að veita leyfi til starfsemi sjúkrahússprests við Landsspítalann."

Ég hef raunar fleiri umsagnir um þetta mál hér fyrir framan mig, t. d. frá borgarlækni, Jóni Sigurðssyni, og yfirlækninum á Kleppi, Þórði Möller. Umsagnir þeirra eru mjög á sömu lund, og ég vil ekki tefja fundartímann með því að lesa þær einnig. Vitaskuld kann það svo einnig að vera, að aðrir læknar séu á annarri skoðun í þessu efni, en ég tel, að það sé mikið að marka álit þeirra merku manna, sem ég hef hér vitnað í.

Þetta frv., frv. um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð, gerir ráð fyrir því, að kristnisjóður verði stofnaður. Ég þarf ekki að rekja ákvæði frv. um þetta. Það er þegar kunnugt. Ég vil aðeins til upplýsingar geta þess, að það er ætlazt til þess, að meðal stofnfjár sjóðsins sé kirkjujarðasjóður og prestakallasjóður, en eignir kirkjujarðasjóðs munu nú vera um 3.2 millj. kr. og prestakallasjóðs um 5.6 millj. kr.

Eins og ég gat um áðan, liggja hér fyrir fjölmargar brtt. frá hv. minni hl., ég held 15 að tölu, og auk þess þrjár frá hv. 6. þm. Reykv. Ég hef ekki haft tækifæri til að kynna mér þessar brtt. neitt náið, þær lágu hér fyrst á borðum í þd., þegar við settumst hér á fund í dag. En mér sýnist á öllu, að þessar brtt. muni gersamlega umhverfa frv., og ég hygg, að ég muni ekki greiða atkv. með einni einustu þeirra, enda gæti ég næstum trúað því, að þær væru fluttar í þeim tilgangi, a. m. k. að einhverju leyti, að drepa þessu máli á dreif.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Frv., hliðstætt að efni og það frv., sem hér er til umr., var flutt hér á þingi fyrir þremur árum og komst þá til menntmn. Nd., en þar var það stöðvað af hæstv. ríkisstj. og kom síðan ekki fyrir þing á tveimur þingum. Við bendum á þetta í nál. minni hl. menntmn., vegna þess að því hefur verið haldið fram, m. a. af biskupi, að Alþ. hafi sýnt málefnum kirkjunnar undarlegt tómlæti og raunar andúð með því að afgreiða ekki það frv., en þar er ásökun ekki beint til rétts aðila. Það var hæstv. ríkisstj., sem ekki hafði áhuga á því, að málið yrði afgreitt þá.

Þetta frv. er í tveimur meginefnisköflum, má segja. Fyrri hlutinn fjallar um skipun prestakalla og prófastsdæma, en þar er gert ráð fyrir því, að prestaköllum og prófastsdæmum verði skipað á nýjan hátt í samræmi við breytingar, sem orðið hafa á búsetu landsmanna á löngu tímabili, og þar séu hreinlega viðurkenndar staðreyndir. Þessi nýskipan á prestaköllum og prófastsdæmum var unnin af sérstakri n., sem til þess var skipuð, og það lítur út fyrir, að sú n. hafi unnið verk sitt skynsamlega, því að það hafa ekki komið fram neinar alvarlegar aths. við þetta kerfi, enda þótt þarna sé um að ræða mál, sem oft hafa verið viðkvæm. En að sjálfsögðu verður þar áfram um ýmis álitamál að ræða. Það hafa komið nokkrar hugmyndir um öðruvísi skipan en ráðgerð er í frv., og við, sem skipum minni hl. menntmn., erum sammála meiri hl. um það, að við fylgjum till. um, að Árnesprestakall í Strandasýslu haldist áfram, eins og lagt hefur verið til hér í þd., en um það hafa borizt mjög eindregnar óskir frá heimamönnum. Við teljum einnig rétt að fallast á sjónarmið safnaða Núpsprestakalls í Dýrafirði, en þeir sendu menntmn. óskir um, að prestakallið héldist áfram, en yrði ekki sameinað Þingeyrarprestakalli. Það er héraðsskóli að Núpi, og Núpsprestur hefur einnig annazt kennslu í skólanum, og það virðast vera rök fyrir því að verða við óskum safnaðanna þar. Við berum fram brtt. um þetta atriði á þskj. 605 og væntum þess, að hv. alþm. líti á það mál af velvilja.

En þegar þessum kafla um skipun prestakalla og prófastsdæma sleppir, tekur við algerlega nýr efnisþáttur í frv. Það, sem einkennir þann efnisþátt, er, að hann fjallar allur um fjármuni og embætti. Þar er að vísu ekki um að ræða hina himnesku fjármuni, heldur þá, sem mölur og ryð fá grandað og þjófar geta stolið. Höfundar frv. og þá einkanlega biskup, hygg ég, leggja þar mikla áherzlu á að auka tekjur kirkjunnar á mjög margvíslegan hátt, og virðist vera lítill skortur á hugkvæmni, hvað það snertir, og að bæta jafnframt við miklum fjölda embætta, miklu fleiri embættum en svo, að gerð sé nokkur grein fyrir því, hvað þau kynnu að verða mörg, vegna þess að þarna er opnað fyrir að fjölga embættum eins og biskupi og kirkjumrh. hverju sinni kann að henta.

Ég skal fara yfir þessar greinar eina af annarri og geta þá einnig um þær brtt., sem ég ber þar fram ásamt hv. þm. Sigurvin Einarssyni, en við skipum saman minni hl. n.

Þessi ísókn í fjármuni byrjar þegar í 5. gr. Að vísu er efnisbreyting í henni ekki mikil. Þar er það nýmæli í gr. miðað við þá lagagr., sem nú er í gildi, að kirkjur skulu undanskildar gatnagerðargjöldum. Nú er gatnagerðargjald skattur, sem bæði einstaklingar og félög og stofnanir greiða, til þess að gera bæjarfélög fegurri og smekklegri, og mér finnst það satt að segja vera furðu mikill áhugi á peningum að vilja losna við að greiða þetta gjald, sem ekki er mikil upphæð fyrir kirkjuna. Þetta er hins vegar táknrænt fyrir öll viðhorfin í frv. Það er þessi ísókn í peninga. Þetta er að vísu svo lítið mál, að við töldum ekki taka því, hv. þm. Sigurvin Einarsson og ég, að flytja brtt. um þetta atriði. En ég vildi aðeins vekja athygli á því, að jafnvel svona smámunir eru teknir upp í þetta frv., ef þar er um einhverja peningavon að ræða.

Í 6. gr. eru tvö atriði samantengd. Það fyrra er um Þingvöll, prest á Þingvöllum, og ég mun ræða það nokkuð sérstaklega hér á eftir. En í síðari gr. er bætt við heimild, sem nú er í l., til að ráða prestvígðan mann til að gegna prestsþjónustu um stundarsakir í þeim prestaköllum, þar sem prestur er veikur eða prestakall er prestslaust af öðrum ástæðum, svofelldu ákvæði: „Ef þörf krefur, er biskupi heimilt með samþykki ráðh. að ráða fleiri prestvígða menn til starfa samkv. þessari gr.“ Þarna eru engin takmörk. Það er hægt að ráða eins marga prestvígða menn og biskup og ráðh. koma sér saman um, án þess að það mál sé lagt fyrir Alþ. Við leggjum til, að síðasti málsl. um þessa ótakmörkuðu heimild til að fjölga þessum embættum verði felldur niður, að þar standi áfram heimildin til að ráða prestvígðan mann, og ef í ljós kæmi síðar, að það þyrfti að fjölga þeim, yrði það lagt fyrir Alþ. á venjulegan hátt, eins og önnur embættaskipun, en ekki opnað fyrir óendanlega fjölgun, ef þessir tveir embættismenn koma sér saman um það.

Í 7. gr. er gert ráð fyrir tveimur embættum í viðbót við þau, sem nú eru, að auk æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar, sem nú er í störfum, sé heimilt með samþykki ráðh. að ráða tvo aðstoðaræskulýðsfulltrúa til starfa. Kannske er ástæða til að minna á það í þessu sambandi, að haustið 1967 var lagt fyrir Alþ. frv. um æskulýðsmál. Þar var gert ráð fyrir því, að öll æskulýðssamtök í landinu fengju einn starfsmann til sinnar þjónustu. Þetta frv. var flutt hér, og það var sent til þessarar sömu n., sem fjallar um þetta mál, en þar var það stöðvað samkv. fyrirmælum hæstv. ríkisstj. Hún taldi sig ekki hafa efni á því að leggja til einn starfsmann fyrir alla æskulýðsstarfsemi á Íslandi. En það er dálítið annað viðhorf, sem kemur upp, þegar kirkjulegt æskulýðsstarf á í hlut.

Í 8. gr. kemur svo ný tegund af embættismönnum. Biskupi er heimilt með samþykki ráðh. að ráða prestvígða menn til sérstakrar sjúkrahúsaþjónustu. Biskup setur þeim erindisbréf. Þarna er alveg það sama og áður var um presta, sem gegna störfum í veikindaforföllum, að heimildin er algerlega ótakmörkuð. Það er á valdi biskups og ráðh. að ákveða fjölda þessara embætta. Það þarf ekki að bera það frekar undir Alþ., ef þetta frv. verður samþ. Alþ. verður aðeins að leggja til þá fjármuni, sem til þarf, en ekki að taka ákvörðunina um sjálf embættin.

Það kom hér fram hjá hv. frsm. n., að það væri talin þörf á því að halda uppi sérstakri sjúkrahúsþjónustu presta. Nú er það ekkert vafamál, að það er margt fólk á sjúkrahúsum, sem gjarnan vill hafa samband við presta sína, enda veit ég, að það er mikið gert. T. d. hér í Reykjavík gera Reykjavíkurprestar það mjög oft að heimsækja fólk á sjúkrahúsum, sem vill hafa samband við þá. En það er dálítið annars eðlis en að hafa sjúkrahúsapresta, sem stundum þröngva sér hreinlega upp á sjúklinga, eins og ég gæti t. d. nefnt mörg dæmi um. Slík þjónusta hefur ekki rétt áhrif, heldur röng. Það er vissulega rétt, sem frsm. meiri hl. sagði, að það þarf fleira til á sjúkrahúsum en sérlærða lækna. Þar þarf að vera sálfræðileg þjónusta, og þar þurfa að starfa félagsráðgjafar. En slík störf eru sérfræði. Slík störf verða ekki leyst af hendi með því að setja í þau presta, sem hafa lært allt önnur viðfangsefni, og allra sízt að setja þar presta, sem eru orðnir svo aldraðir, að þeir eigi mjög erfitt með að átta sig á nýjum viðfangsefnum. Það er alveg sérstök sérgrein víða um lönd að veita sjúku fólki félagsfræðilega og sálfræðilega aðstoð. Til þess að taka upp þá starfsemi verðum við að ráða til þess menn, sem kunna til slíkra verka. En að setja í það menn einvörðungu vegna þess, að þeir séu prestar, það er algerlega röng og háskaleg stefna. Ég er sannfærður um það, að hún getur haft mjög slæm áhrif á suma sjúklinga, þó að aðrir vildu kjósa hana. Þetta verður að fara eftir viðhorfi og skoðunum og trú manna sjálfra. Það á ekki að vera að þröngva neinum slíkum hlutum upp á sjúklinga.

Í 9. gr. skýtur gamall kunningi upp kollinum. Það er prestur, sem á að starfa í Kaupmannahöfn. Um skeið var veitt fé á fjárl. til prests í Kaupmannahöfn, eins og menn muna, og var sú ráðstöfun gagnrýnd mjög mikið. Það voru bornar miklar brigður á, að það væri nokkur þörf fyrir prest á þeim stað, og raunar var sú gagnrýni viðurkennd í verki með því að gera prestinn að eins konar félagsráðgjafa fyrir Íslendinga, sjúklinga og aðra, sem koma til Kaupmannahafnar og þurfa á aðstoð að halda. Það er ekki nokkur vafi á því, að slík aðstoð er nauðsynleg á stað eins og Kaupmannahöfn. En hún á auðvitað að tengjast sendiráðinu. Það á að vera eitt af verkefnum sendiráðsins í Kaupmannahöfn að annast

fyrirgreiðslu af þessu tagi. Þetta kemur prestsskap ekki vitund við. Raunar þætti mér það dálítið fróðlegt í sambandi við þessa till. um að setja prestvígðan mann aftur í Kaupmannahöfn að heyra frá hæstv. ríkisstj. – hér er nú einn hæstv. ráðh. staddur – um það, hvort þá eigi einnig að halda áfram þeirri skipan, sem nú er, að tryggingaráðuneytið hefur ráðið Íslending til þess að gegna þessum störfum í Kaupmannahöfn, að vísu á mjög undarlegan hátt. En í þessu er Íslendingur, eins og sakir standa. Á hann að halda þarna áfram störfum, þó að presturinn komi, eða er ætlazt til, að presturinn taki við af honum, eða á e. t. v. að vígja þennan Íslending, sem þarna er úti, til þess að uppfylla það, sem í greininni felst? Það mætti gera hann að djákna.

Í 10. gr. er það tiltekið, að kostnaður við þessi embætti, sem ég hef nú rakið og við höfum ekki hugmynd um, hversu mörg eru, skuli greiðast úr ríkissjóði samkv. úrskurði ráðh., og prestar þeir, sem þeim gegna, skuli taldir þjónandi prestar þjóðkirkjunnar. Þarna á sem sé að bæta við óskilgreindum fjölda af þjónandi prestum þjóðkirkjunnar. Við leggjum til, minni hl. n., að gr. um prestvígðan mann í Kaupmannahöfn verði felld niður, og við 10. gr. berum við fram þá brtt., að hún orðist svo: „Starfsmenn kirkjunnar taka laun samkv. launakerfi opinberra starfsmanna," en ekki sé greitt úr ríkissjóði samkv. úrskurði ráðh., eins og þarna stendur. Það er dálítið undarleg tilhögun og ekki í samræmi við það, sem tíðkast yfirleitt um opinbera starfsmenn.

Ég vil benda á atriði, sem er í 15. gr. Þar segir svo: „Biskup hlutast til um, að þær breytingar á skipun prestakalla, sem ákvæði 1. gr. hafa í för með sér, komist á svo fljótt sem við verður komið eftir gildistöku þessara laga. Þó missi prestar, sem nú þjóna í þeim prestaköllum, sem lögð skulu niður, ekki tekjur af þeim sökum." Nú mun vera sú skipan, að prestar, sem þannig þjóna á tveimur stöðum, hafi 1½ prestslaun, og í þessari gr. er sem sagt ákveðið, að þeir skuli halda þessum launum, 1½ prestslaunum, enda þótt þeir taki upp störf í nýjum prestaköllum, sem talin eru af eðlilegri stærð. Hér er um að ræða allstóran hóp presta. Mér virðist þeir muni vera upp undir 20, og ég fæ ekki séð annað en þarna sé komin upp allmikil mismunun í launakjörum á milli presta þjóðkirkjunnar, ef fimmti hluti þeirra er með 50% hærri laun en hinir. Ég hef ekki nokkra trú á því, að sú skipan standist. Hinir, sem eru bara með ein laun, munu að sjálfsögðu benda á þetta sem fyrirmynd, og þarna mun koma launaskriða, þannig að þeir prestar, sem aðeins hafi ein laun, hækki smátt og smátt upp í þessa hærri tölu. Við leggjum til, að á eftir þeirri gr., sem ég hef nú gert að umtalsefni, komi ný gr., svo hljóðandi:

„Prestslaus prestaköll skulu auglýst laus til umsóknar a. m. k. einu sinni á ári. Nú verður prestakall prestslaust þrátt fyrir auglýsingu, og skal þá fela nágrannapresti að þjóna því, þar til prestur er þar kosinn. Skulu honum greidd hálf prestslaun fyrir þá þjónustu." Við gerum sem sagt ráð fyrir því, að til þess geti komið, að það verði erfiðleikar áfram á því að fá presta í sum prestaköll, og þá þurfi ákvæði um það, hvernig að því skuli staðið. Og enn fremur teljum við, að það þurfi að ákveða það í l., að slík prestaköll skuli auglýst, því að okkur hefur fundizt vera dálítill misbrestur á því, að biskupsskrifstofan fylgdi því eftir, eins og hún hefur getað, að fá presta til slíkra starfa.

Nú tekur við í frv. **sérstakur kafli, sem heitir** „Um kristnisjóð." Þar er lagt til, að stofnað verði mjög verulegt bákn á vegum kirkjunnar, sem verði algerlega undanskilið ákvörðunarvaldi og eftirliti Alþ. Lagt er til, að í þennan sjóð renni tveir sjóðir, sem nú eru til, kirkjujarðasjóður, sem að vísu mun nú vera horfinn úr l., en er þó til, og í honum mun vera á 4. millj. kr., og prestakallasjóður, þar sem munu vera um 6 millj. kr. Og enn fremur er lagt til, að andvirði kirkjujarða annarra en prestssetursjarða, sem seldar verði eftir gildistöku laga þessara, renni í þennan sjóð, en andvirði kirkjujarða, sem seldar hafa verið að undanförnu, hafa eðlilega runnið í ríkissjóð. En auk þessa stofnfjár er gert ráð fyrir sérstökum tekjum, árlegum tekjum í kristnisjóð. Það er þá fyrst arður af stofnfé kristnisjóðs, og síðan kemur liður, sem ég vil biðja menn að taka alveg sérstaklega eftir: „Árlegt framlag úr ríkissjóði, er samsvari hámarkslaunum presta í þeim prestaköllum, sem lögð eru niður samkv. l. þessum."

Í þessu virðist það felast, að kirkjan eða biskup líti svo á, sem Alþ. sé eitthvað að ganga á hlut kirkjunnar með því að framkvæma þá endurskoðun á prestakallaskipun, sem felst í þessu frv., að við séum að ganga á rétt kirkjunnar og þurfum því að greiða henni bætur fyrir. En þetta er alls ekki rétt. Með þessari breytingu á skipun prestakalla er aðeins verið að breyta í samræmi við staðreyndir. Og því fer mjög fjarri, að verið sé að fækka prestum á Íslandi.

Röksemdafærslan í þessu sambandi hefur vakið alveg sérstaka furðu mína, og mér finnst hún vera ósæmileg með öllu. Í aths. við lagafrv., eins og það var lagt fyrir Alþ., er komizt svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Með lagafrv. því, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að prófastsdæmum verði fækkað úr 21 í 15, en prestaköllum utan Reykjavíkur úr 109 í 92. Þrátt fyrir fækkun þessa og sparnað í launagreiðslum og öðrum greiðslum, sem eru samfara henni, er ekki ætlunin að skerða starfsfé þjóðkirkjunnar." Þarna er sem sé gefið í skyn, að það sé verið að fækka prestum á Íslandi, og aðferðin til þess að gefa það í skyn er ákaflega einföld. Það eru tekin prestaköll utan Reykjavíkur, Reykjavík er sleppt, og af hverju er Reykjavík sleppt? Vegna þess að í Reykjavík hefur prestum fjölgað jafnt og þétt, á sama tíma og þeim hefur fækkað úti um landið. Árið 1940 voru aðeins tveir prestar í Reykjavík. Nú eru þeir 15, og biskup telur, að það muni vera heimilt að fjölga þeim enn upp í 18 eða 19. En þessu má ekki reikna með, svo að hægt sé að halda því fram, að Alþ. sé að fækka prestum og ganga á hlut kirkjunnar og verði að borga bætur fyrir. Þetta er óheiðarlegur málflutningur og alls ekki sæmandi neinum embættismanni, og ég er satt að segja undrandi á því, að alþm. skuli láta bjóða sér röksemdaflutning sem þennan. Ef Alþ. á að greiða í sjóð fyrir presta eða fyrir prestaköll, þar sem prestsskapur er felldur niður, þá á að koma þar á móti a. m. k. hitt dæmið, þar sem fjölgun presta á sér stað. Ég hélt, að prestar á Íslandi ætluðu sér að starfa meðal fólks, en ekki meðal fjalla og eyðibýla. Ég hélt, að það væri í hag kirkjunnar, að prestar fengju aðstöðu til að starfa í

þéttbýlinu og það þyrfti ekki að tengja það á þennan hátt við fækkun í strjálbýlinu, sem er ákaflega eðlileg og aðeins afleiðing af því, að fólk hefur flutzt til í landinu.

Í 3. lið um tekjur kristnisjóðs segir, að til hans skuli renna „laun þau, sem sparast á hverjum tíma, þegar prestakall er prestslaust, svo að ekki komi til greiðslu prestslauna eða hluta þeirra, og skal þá miðað við hámarkslaun presta.“ Það er passað upp á hvern eyri: „skal þá miðað við hámarkslaun presta.“ Og síðan: „önnur framlög, sem ákveðin verða með lögum,“ – og „frjáls framlög safnaða, einstaklinga og fyrirtækja.“

Síðan kemur grein, sem segir frá hlutverki kristnisjóðs, og þar kemur ný runa af embættum ofan á þau, sem ég rakti áðan, ný runa af embættum: „Að launa aðstoðarþjónustu presta og guðfræðinga í víðlendum eða fjölmennum prestaköllum. Biskup gerir ráðstöfun um þessa þjónustu í samráði við hlutaðeigandi sóknarpresta og héraðsprófasta.“

Þarna er sem sé rætt um óskilgreindan fjölda af nýjum embættum innan þjóðkirkjunnar. 2. liður: „Að launa starfsmenn, sem ráðnir eru til sérstakra verkefna í þágu þjóðkirkjunnar samkvæmt ákvörðun kirkjuþings. Slíkir starfsmenn skulu ráðnir af biskupi með samþykki kirkjuráðs.“ Enn óskilgreindur fjöldi af nýjum starfsmönnum.

Í 3. lið: „Að styrkja söfnuði, er ráða vilja starfsmenn til starfa á sínum vegum á sviði æskulýðsmála, líknarmála eða að öðrum mikilvægum verkefnum.“ Enn á að ráða starfsmenn. Og í 22. gr. þar á eftir segir svo: „Fastir starfsmenn kirkjunnar, sem ráðnir eru til fullrar vinnu samkv. 21. gr., skulu njóta réttinda og bera skyldur opinberra starfsmanna.“ Einnig þessir embættismenn og þeir föstu starfsmenn, sem þarna er gert ráð fyrir, eiga að verða opinberir embættismenn, enda þótt það þurfi ekki að leggja það fyrir Alþ., hvort þeir skuli ráðnir. Þarna er sem sé verið að byggja upp mikið kerfi af nýjum starfsmönnum á vegum þjóðkirkjunnar, algerlega óháð Alþingi. Við leggjum til, minni hl. menntmn., að þessi kafli um kristnisjóð falli algerlega niður, en í staðinn komi ný gr., svo hljóðandi:

„Veita skal árlega fé á fjárlögum til safnaða í landinu. Ráðherra ákveður skiptingu fjárins að fengnum tillögum Synodus. Fénu skal varið til hvers konar félagslegrar starfsemi í söfnuðunum, en einnig til innlendrar og alþjóðlegrar hjálpar- og mannúðarstarfsemi.“

Þarna gerum við sem sagt ráð fyrir því, að Alþ. geti árlega metið það, hvaða aðstoð sé rétt og unnt að veita söfnuðum til félagslegrar starfsemi og til hjálpar- og mannúðarstarfsemi, en þetta verði ekki sjálfvirkt kerfi óháð ákvörðunum Alþingis.

Ég vil benda á það, að stefnan í þessu frv. er liður í tilraun núverandi biskups til þess að gera kirkjuna að sem viðamestu embættisbákni í þjóðfélaginu. Þessi stefna hefur verið ákaflega ljós lengi, og um hana er raunar mikill ágreiningur innan þjóðkirkjunnar. Margir merkir prestar hafa gerzt til þess að gagnrýna þá stefnu. Ég vil t. d. minna á það, að séra Jón Auðuns hefur gert það mjög greinilega aftur og aftur. Hann telur það ranga stefnu, að kirkjan verði slíkt embættisbákn ofan við fólkið. Og ég held, að þeir, sem hafa raunverulegan áhuga á kristilegri starfsemi, ættu að átta sig á því, að þarna er veruleg hætta á ferðum. Það er verið að gera skipulag kirkjunnar miklu fjarlægara söfnuðum og fólki en verið hefur, og mér er ekki grunlaust um það, að þessi fjöldi af nýjum embættum, sem hér á að skipa sameiginlega af biskupi og ráðh., sé liður í þeirri stefnu biskups að afnema prestskosningar á Íslandi. Það hefur áður verið reynt að leggja fyrir Alþ. frv. þess efnis, en alþm. vildu ekki á það hlusta. En ef svo er komið, að sívaxandi hluti af starfsmönnum þjóðkirkjunnar er ekki kosinn af neinum söfnuðum, ekki kosinn af því fólki, sem í kirkjunni starfar, heldur skipaður af biskupi, mun vera auðvelt að færa rök að því að lokum, að það sé ekki unnt að láta einhvern hluta af starfsmönnum kirkjunnar lúta því að verða kosnir af söfnuðum sínum.

Við vorum hér í dag að tala um mikinn vanda íslenzkra námsmanna erlendis, og það var viðurkennt, m. a. af hæstv. menntmrh., að það væri mjög alvarlegt vandamál, og hæstv. ríkisstj. hefði hug á því að leysa það eins fljótt og hún gæti. Engu að síður finnst mér vera miklu meiri tregða í sambandi við það mál og fjölmörg önnur mál en kemur fram í sambandi við þetta frv. um skipun prestakalla og prófastsdæma. Ég hef að vísu ekki verið lengi hér á Alþ., en þó hef ég fylgzt með störfum Alþ. alllengi. En ég staðhæfi það, að það mundi ekki þýða fyrir nokkra aðra stofnun á Íslandi að bjóða alþm. upp á það að opna fyrir skriðu af nýjum embættismönnum og tilkostnað í því sambandi, án þess að gera grein fyrir því, hvað embættismennirnir eru margir og hvað þetta mundi kosta. Ekki nokkur stofnun á Íslandi hefði formað að reyna þetta. Þm. hefði ekki dottið í hug að anza því. Þess vegna er ég ákaflega undrandi á því, að menn skuli ekki vera til viðtals um það að breyta jafnvel sjálfsögðustu hlutum í sambandi við þetta frv.

Við bendum á það í grg. okkar, að það séu mörg önnur mál, sem eru ákaflega aðkallandi á Íslandi, en því sé oft borið við, að ekki sé unnt að ráðast í framkvæmdir vegna fjárskorts. Við ræddum hér í vetur, ég og hæstv. kirkjumrh., dálítið um vanda geðsjúklinga á Íslandi, en helmingur þeirra, sem þyrfti að vera á sjúkrahúsum, fær enga sjúkrahúsvist. Ég held, að það hefði verið í meira samræmi við tilgang kirkjunnar, ef hún hefði afsalað sér þeim miklu fjármunum, sem hún krefst þess að fá í þessu frv., og lagt til, að þeim yrði í staðinn varið til þess að koma upp t. d. sjúkrahúsi handa geðsjúklingum. En því miður er það algerlega ljóst, að ýmislegt í starfi kirkjunnar að undanförnu hefur borið vaxandi blæ af sýndarmennsku, prjáli og hégóma, þar sem allt er lagt í ytra form og er algerlega andstætt þeim viðhorfum, sem upphaflega komu fram í kristindómnum.

Auk þess sem við minni hl. menntmn. flytjum þær till., sem ég hef nú gert nokkra grein fyrir, flyt ég hér sérstakar till. einn á þskj. 606. 1. till. fjallar um prestssetrið á Þingvöllum. Þegar frv. var upphaflega lagt hér fyrir, var ráð fyrir því gert, að það yrði ekki prestssetur á Þingvöllum, heldur að Mosfellsprestur annaðist kirkjuna á Þingvöllum, og þetta var auðvitað skynsamleg till. frá þeirri n., sem gekk frá frv., vegna þess að það vita allir, að það er ekkert sérstakt, venjulegt verkefni fyrir prest á Þingvöllum. Þessu var hins vegar breytt í Ed. Þar komu fram till. um það, að upp yrði tekin sú skipan að hafa prest á Þingvöllum áfram, og sú till. var samþ. Ég legg hins vegar til, að þessu verði breytt í

upphaflega skipan og Mosfellsprestur annist kirkjuna á Þingvöllum. Í því þarf sannarlega ekki að felast nein óvirðing við kirkjuna á Þingvöllum. Það er hægt að rækja hana fullvel frá Mosfelli. Það væri raunar mjög vel hægt að rækja alla kristilega starfsemi þar frá Reykjavík, því að þangað er ekki nema klukkutíma akstur, og ég hygg, að ýmsir sveitaprestar eigi óhægra um vik að sinna kirkjum sínum en þó að jafnvel biskupinn yfir Íslandi vildi sýna kirkjunni á Þingvöllum þann sóma að annast um hana. En vegna þess að menn ákveða þetta, væntanlega af einhverjum rómantískum ástæðum, sem svo sem er vel hægt að skilja, verða þeir að bæta við öðru atriði, einmitt til þess að láta prestinn hafa eitthvert verkefni. Í fyrri hluta 6. gr. segir svo:

„Ráðh. skipar prest, er situr á Þingvöllum og gegnir Þingvallasókn samkv. 1. gr. að fengnum till. biskups og Þingvallanefndar, enda gegni hann þá jafnframt starfi þjóðgarðsvarðar."

Þetta finnst mér alveg furðuleg till. Á seinasta þingi gerðum við um það ályktun að endurskoða annars vegar lög um náttúruvernd á Íslandi og hins vegar lög um Þingvelli. Þetta var rökstutt með því, að nú verða Íslendingar að læra það af reynslunni að taka náttúruverndarmál og þjóðgarðamál miklu alvarlegri tökum en þeir hafa gert og líta á það sem raunveruleg verkefni. Ég er alveg sannfærður um það, að ef Þingvellir eiga að verða raunverulegur þjóðgarður og rækja þau verkefni, sem þjóðgarðar eiga að rækja, þarf að ráða þar til starfa mann, sem er sérmenntaður í þeim greinum, mann, sem hefur kynnt sér, hvernig þjóðgarðar eru starfræktir, þar sem það er bezt gert, og beitir sér fyrir því, að við getum gert slíkt hið sama. Mér finnst það vera í rauninni fráleit aðferð, á meðan þetta mál er í endurskoðun í höndum n., að Alþ. taki þá ákvörðun um þennan þátt í prestakallafrv., ákveði það, að presturinn á Þingvöllum skuli vera þjóðgarðsvörður. Ég er sannfærður um það, að þetta ákvæði stenzt ekki, þegar l. um Þingvöll verða endurskoðuð. Ég er sannfærður um það, að sú n., sem starfar að endurskoðun þeirra laga, tekur það ekki í mál, að starf þjóðgarðsvarðar verði eitthvert tómstundagaman fyrir prestinn á Þingvöllum. Hún hlýtur að taka það mál miklu alvarlegri tökum. Ég vil benda mönnum á það, að þessi till. um að fella niður þetta atriði úr 6. gr. er í rauninni óháð hugmyndinni um það, að sérstakur prestur skuli vera á Þingvöllum. Ef menn vilja hafa prest á Þingvöllum, er að sjálfsögðu hægt að ákveða það, og það er hægt að finna honum önnur verkefni. Það væri hægt að ákveða það að gera Þingvelli að sérstökum heiðursbústað fyrir presta, t.d. fyrir presta, sem sinna sérstökum rannsóknum, fræðirannsóknum á sínu sviði. Þar fengju þeir aðstöðu til starfa. Það væri líka hægt að ákveða, að á Þingvöllum væri aðstaða fyrir prest, sem prestar og biskup og stjórnarvöld vildu heiðra sérstaklega, mann, sem hefði unnið sér það til álits, að mönnum fyndist, að það væri vert að sýna honum sérstakan sóma. Þetta mál væri hægt að leysa á þennan hátt. En það er algerlega fráleitt að ákveða fyrst, að prestur skuli vera þarna og svo síðan, þegar menn sjá, að hann hefur ekkert að gera, að ákveða, að hann skuli vera þjóðgarðsvörður. Þetta getur vafalaust í ýmsum tilvikum farið saman. En það er frekar tilviljun en regla. Prestsnám og sérfræði í starfrækslu þjóðgarða eiga ekkert skylt, ekki nokkurn skapaðan hlut. Og ég vil alveg sérstaklega beina því til hv. alþm., hvort þeir vilja ekki lagfæra þessa missmíð, sem ég tel algerlega fráleita.

Auk þess er hjá mér ein till. enn, sem ég hef ekki gert grein fyrir. Það er um þessa tvo æskulýðsfulltrúa, sem ákveðið er að bæta við þann æskulýðsfulltrúa, sem nú starfar. Við tókum það ekki sameiginlega upp í till. okkar, minni hl. menntmn., og ég flyt þá till. þess vegna einn, og hef áður gert grein fyrir því, hvers vegna ég flyt hana.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að gerast fjölorður um þetta frv., en vil aðeins lýsa því yfir, að ég fylgi því í öllum megindráttum. Hins vegar langar mig til að lýsa hér brtt., sem enn er að vísu aðeins skrifleg. Það er brtt. í tveimur liðum og varðar Eyjafjarðarprófastsdæmi um það, að ekki verði fellt niður prestssetur í Grímsey. Ég hafði í hyggju að afla mér nánari gagna um þetta, vegna þess að þau eru til í þinginu, og starfsmenn eru að leita þeirra. Ég er þó ekki að segja, að það skipti öllu máli að finna þau.

Um þetta mál er það að segja, að Grímsey er nú sérstakt prestakall, en þar hefur ekki verið sérstakur prestur um alllangt skeið, heldur hefur prestakallinu verið gegnt af öðrum presti Akureyringa. Eins og hv. frsm. meiri hl. n. greindi frá, hefur komið skeyti frá forustumönnum Grímseyinga, frá oddvita Grímseyinga og frá söknarnefnd í Grímsey, þar sem þess er farið á leit við Alþ., að þetta prestakall verði ekki lagt niður. Í skeytinu vísa þeir til álits Grímseyinga, sem sent var hv. Alþ., þegar málið var hér síðast til meðferðar. Nú hefur mér ekki enn auðnazt að fá þetta skjal í hendur, eins og það var þá orðað, en hins vegar held ég, að það liggi nokkurn veginn ljóst fyrir, hver rökstuðningurinn er. Eins og menn vita, er Grímsey mjög afskekkt byggðarlag, liggur margar sjómílur norður frá Eyjafirði. Þar er hins vegar traust byggðarlag, má segja, og það eyjabyggðarlag á Íslandi, sem einna traustustum fótum stendur, og enginn bilbugur á Grímseyingum að halda við sinni byggð. Afkoma manna er þar góð að jafnaði, enda duglegir menn, sem eyjuna byggja. Ég held því, að það mæli flest með því, jafnvel þó að þetta byggðarlag sé ekki fjölmennt, að það fái að halda þeirri stöðu, hvað þetta snertir, eins og það hefur gert um aldir. Og þess vegna höfum við þrír þm. leyft okkur að flytja brtt. þess efnis, að Grímsey verði áfram í tölu prestakalla. Ég er með þessa till. hér skriflega og vil leggja hana fram hjá hæstv. forseta og biðja hann að leita afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 622) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Ég geri nú ekki ráð fyrir því, að það hafi mikla þýðingu, að ég fari að deila við hv. 6. þm. Reykv. um þetta frv. Ég geri ráð fyrir því, að viðhorf okkar til málsins séu svo gerólík, að þau verði ekki samrýmanleg og að hvorugur sannfæri annan, þó að við tölum um það í lengri eða

skemmri tíma. Ég vil aðeins drepa á örfá atriði, sem komu fram í ræðu hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar.

Hann taldi það bera alveg sérstakan vott um fjárgræðgissjónarmið frv., að gert er ráð fyrir því, að kirkjum sé ekki gert að greiða gatnagerðargjald. Ég er ekki viss um, að þessi hv. þm. geri sér grein fyrir því yfirleitt, hvernig kirkjur eru byggðar eða hverjir það eru, sem byggja þær. Það eru söfnuðirnir í landinu, sem gera það, alloftast án nokkurs styrks, af alkunnum dugnaði og fórnfýsi. Það kemur því nokkuð í sama stað niður, hvort kirkjurnar eru látnar greiða þetta gatnagerðargjald eða ekki, því að verði það greitt, verður fólkið á stöðunum að borga þetta gjald í gegnum byggingarkostnað kirknanna.

Hann talaði um sjúkrahúsaprestinn, hv. þm., og ég er honum alveg sammála um það, að það á ekki að líðast, að prestar séu að þrengja sér upp á sjúklinga eða reyna að þrengja sér upp á sjúklinga, sem alls ekki vilja, að prestar tali við þá. Ég held, að það sé heldur alls ekki ætlunin með þessu frv., því að ætlunin er að ráða í þetta starf mann eða menn, sem hafa sérþekkingu í þesum málum, sem hafa búið sig undir það að vera sjúkrahússprestar og að starfa í nánu samstarfi við læknana, sem sagt hafa samband við þá, ræða við þá um það, hvort þeir eigi að tala við þennan sjúkling eða ekki. Hugmyndin er, að þannig verði starfað í sjúkrahúsunum. Og ég legg miklu meira upp úr umsögnum þeirra lækna, sem ég las hér fyrr í dag, en því, sem hv. þm. segir um þetta mál, því að ég er viss um það, að þeir hafa meiri þekkingu á þessu en hann, án þess að ég sé nokkuð að gera lítið úr hans þekkingu yfirleitt.

Þá sagði hv. þm., að kristnisjóður ætti alls ekki að verða undir neinu eftirliti Alþ. Þetta er ekki alls kostar rétt hjá hv. þm., og hann hefur ekki lesið frv., eins og það kom frá Ed., nógu ítarlega, því að það er gert ráð fyrir því, að þessir reikningar verði endurskoðaðir af endurskoðendum Alþingis.

Hann minntist á það, að nær væri að leggja fjármuni í sjúkrahús fyrir geðsjúka en til kirkjunnar. Jú, maður hefur oft heyrt þessu haldið fram. En er það nú ekki samt staðreynd í sögunni, að kirkjan hefur aldrei spillt fyrir sjúkrahúsabyggingum í nokkru landi? Það hefur verið aðalmarkmið kirkjunnar frá fyrstu tíð að byggja sjúkrahús, og vel má vera, að ef kirkjan fengi meiri áhrif í þessu landi en hún hefur í dag, og að því stefnir þetta frv., að þá verði færri þeir sjúklingar, sem þurfa á slíkum sjúkrahúsum að halda. Það mundi ég álíta.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð mín miklu fleiri. Eins og ég sagði, þýðir ekkert fyrir okkur, hv. þm. Magnús Kjartansson og mig, að vera að karpa um þetta mál, því að sjónarmið okkar til málsins eru algerlega á öndverðum meiði. Ég vil sem sagt efla kirkjuna, en ég er ekki viss um, að hann vilji það. En þó verð ég að segja það, að mér fannst margt gott í hans máli áðan og bar ekki vott um neinn fjandskap gagnvart kirkjunni. Það skal ég viðurkenna. En það var aðeins út af þeirri brtt., sem flutt var nú síðast.

Ég skil mjög vel sjónarmið þeirra Grímseyinga. Þeir muna áreiðanlega séra Matthías Eggertsson, margir hverjir muna hann enn, sem starfaði hjá þeim Grímseyingum, svo að áratugum skipti. En það var fleira fólk í Grímsey þá og aðrir tímar en nú. Og þótt ég vissulega óskaði eftir því, að einhver vildi vera þar úti og gegna prestsstarfi, þá held ég, að þetta sé svo mikil óskhyggja, að það þýði ekki í raun og veru fyrir okkur að vera að samþykkja svona till. Og ég vil benda á það, að einmitt með kristnisjóði skapast skilyrði til þess að vinna að kirkjulegri starfsemi á afskekktum stöðum eins og Grímsey og fleirum.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það var á fyrstu þingmannsárum mínum, að ég var einstaka sinnum að tala um sparnað. M. a. stakk ég upp á því eða sagði, að það væri hægt að spara mikið í kirkjumálunum, það þyrfti ekki svona marga presta og það væri þeim sjálfum fyrir bestu að hafa nægileg verkefni. Það væri rétt að launa þá sæmilega, en þeir þyrftu að hafa nóg að gera, því að sannleikurinn er sá, að ef maðurinn hefur ekki verkefni, svo að hann sé nokkurn veginn nægilega upptekinn í sínu starfi, verður hann að engu. Ég held, að það hafi verið þannig um ýmsa presta hér á Íslandi. Söfnuðirnir voru orðnir fámennir og kirkjur lítið sóttar, og einkum eftir að útvarpið var komið á hvern bæ, voru verkefnin ekki nægileg fyrir þá. Það er ekki nema eðlileg breyting vegna samgangna og ýmissa annarra hluta, að prestum fækki. Og það er engan veginn ráðizt á stéttina fyrir það.

Ég hef talað um þetta oftar en einu sinni og látið þess jafnan getið, að í raun og veru stöndum við í menningarlegri þakklætisskuld við prestana. Þetta voru einu mennirnir, sem höfðu eitthvað ofurlítið lært, þó að lærdómur þeirra væri ekki að öllu leyti hagnýtur, en þeir lærðu latínu og glugguðu eitthvað í guðfræðina, og þetta var þó meiri lærdómur en alþýða manna hafði. Þeir kenndu ýmsum efnilegum drengjum, og við stöndum í raun og veru í talsverðri þakklætisskuld við prestana sem slíka. En nú er þetta allt saman breytt. Nú vilja þessir herrar ekki vera nema þar, sem fjölmennið er. Ég veit ekki betur en t. d. í Skagafirði séu óveitt prestaköll, einu skemmtilegasta héraði á landinu. Það vantaði prest á Miklabæ, og ég veit ekki betur en það vanti prest að Mælifelli, þannig að meira að segja í beztu héruðunum eru erfiðleikar á að fá presta til þess að gegna störfum.

Hv. 6. þm. Reykv. hélt hér ræðu áðan. Mér er persónulega kunnugt um, að hann er ekki mikill trúmaður. Ég spurði hann einhvern tíma að því, hvort hann tryði á annað líf, og mér skildist, að það væri ekki meira en svo. En ég trúi á annað líf, þannig að það er ekki af þeim ástæðum, sem ég er ekki neitt hrifinn af þessu frv. En þetta er í raun og veru alveg satt, sem þessi hv. þm. sagði um frv. Það gengur eins og rauður þráður í gegnum það og þess er alls staðar gætt, að það megi ekkert spara. Og frv. hefur aukna eyðslu í för með sér, því að það má á engum lið spara. Þess er gætt. En auðvitað fjölgar prestunum og hefur þegar fjölgað í fjölbýlinu, þannig að frv. sem slíkt stefnir í eyðsluátt. Þegar ég talaði fyrst um þetta, að það þyrfti að breyta þessu kerfi, vakti fyrir mér, að við gætum sparað fjármuni á því.

Þessi hv. þm. var að tala um það, að það væri nær að styrkja stúdentana, að þeir hefðu að borða erlendis. Sannleikurinn er sá, og við vitum það, að það eru

margir stúdentar bláfátækir, sem eru að basla við lærdóm. En það er bara þetta, að fjármunir okkar eru takmarkaðir, og það, sem við þurfum fyrst og fremst að gera, er, að við eigum að láta stúdenta okkar hafa nokkurn veginn viðunanlega styrki, en það á ekki að styrkja þá nema til þess náms, sem þjóðin hefur þörf fyrir, að þeir læri. Það á að skipuleggja menntunarmálin miklu betur en gert er, en ekki að lofa öllum að hlaupa út í lönd og kannske læra eitthvað, sem þjóðin hefur ekki þörf fyrir, eða jafnvel að vera að slæpast. Það á að skipuleggja þetta, og svo eigum við að launa þessa menn þannig, að þeir þurfi ekki að vera klæðlausir eða svangir eða lifa eins og betlarar. Við þurfum að gera þetta hagnýtara, og væri miklu nær að reyna að spara eitthvað viðvíkjandi þessum kristnisjóði, eða hvað hann nú heitir, og hjálpa mönnum til nauðsynlegrar þekkingar, þekkingar, sem þjóðin hefur þörf fyrir og not af. Og sannleikurinn var sá, að hjá þessum hv. ræðumanni, 6. þm. Reykv., var eiginlega mjög lítið um vitleysur, ef þær voru þá til. Hitt er annað mál, að þegar menn tala í svona máli, leggja þeir kannske heldur mikla áherzlu á einstaka liði. Það var snilld hjá þessum hv. ræðumanni, þegar hann var að tala um prestinn á Þingvöllum. Það er allt annað að vera þjóðgarðsvörður en klerkur, og er ákaflega skoplegt að hafa þetta eitt embætti, því að þjóðgarðsvörðurinn á að líta eftir girðingum og reka rollur úr þjóðgarðinum og gá að skrílmennum, sem safnast þarna saman. Ég held, að það sé allt annað að vera góður að reka niður girðingarstaura og strengja net og negla kengi en að vera góður að messa. **(Gripið fram í: Það hafa nú margir prestar verið góðir búmenn.)** Já, þeir hafa bögglazt við þetta, fáir framúrskarandi. En þetta bara fer ekki að öllu leyti saman og í mörgum tilfellum ólíklegt, og sannleikurinn er sá, að presturinn á Mosfelli hefði ekki nema gott af því að fara yfir heiðina, þegar vegurinn er góður. Ekki þarf að messa í stórhríð, það er ekki ráðlegt að vera að því. Þegar maður les gamla annála, má sjá, að algengt var, að fólk yrði úti fyrir þá sérvizku að fara í kirkju vegna einhverra tíðagerða í slæmu veðri. Þetta var algengt. Það var talinn glæpur að koma ekki til kirkju. Lesið þið gamla annála, og þið sjáið það. Það er nú meiri kærleikurinn þetta hjá mannskepnunni.

Það er náttúrlega ekkert skrýtið með kirkjuna og þessa peninga. Við getum lesið sögur um kaþólska kirkjuvaldið. Það voru ekki meiri fjárplógsmenn eða ágirndarpeyjar til en þessir biskupar okkar hér áður fyrr. Þó að þeir hefðu verri aðstöðu, eftir að lúterskan kom, urðu þeir stórauðugir. Nei, þeir hafa hugsað um peninga, svona rétt eins og ég og aðrir, þessir blessaðir menn. Og sannleikurinn er sá, að það er enginn sómi fyrir þingið að láta frv. fara, eins og það er. Og jafnvel þó að við álítum þennan hv. 6. þm. Reykv. eitthvað rauðleitan svona á aðra hliðina, er rétt að viðurkenna það, sem hann segir vel og réttilega þrátt fyrir það, og ég álít, að hann hafi talað mjög viturlega og sanngjarnlega í þessu máli. Ég bar þetta undir einhvern mesta gáfnasnillinginn af þm. Hann sagði, að þetta væri yfirleitt snilldarræða og yfirleitt sönn. Ég ætla ekki að nafngreina manninn, en viturlegast væri nú, held ég, að fresta afgreiðslu þessa frv. og endurskoða það aftur. Það er búið að liggja í salti í 2 – 3 ár, svo að ég held, að það skemmdist ekkert úr því sem komið er, þó að það væri geymt í eitt ár enn.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það er nú ekki svo oft, sem málefni Grímseyinga ber á góma hér í hv. Alþ., og ég er hér með fyrir framan mig dálítið plagg, sem Grímseyingar sendu fyrir einum þremur árum eða svo, þegar þetta mál var til umr. síðast, þetta frv. um skipun prestakalla, en þá sendu Grímseyingar bréf til menntmn. Alþ., þar sem þeir skora á Alþ. að fella ekki niður Grímseyjarprestakall. Þeir rökstyðja málaleitan sína með dálitlu bréfi eða ávarpi, sem er undirritað af fjölmörgum Grímseyingum, og ég vil leyfa mér með leyfi hæstv. forseta að lesa þetta bréf. Þar segir svo:

„Í frv. því um nýskipan prestakalla, sem nú liggur fyrir hinu háa Alþ., er gert ráð fyrir því, að Grímseyjarprestakall verði lagt niður og sóknin sameinuð Akureyrarprestakalli, þannig að öðrum presti þar sé falin þjónustan. Við Grímseyingar viljum hér með fara fram á það, að þetta verði aldrei gert. Óskir okkar byggjum við á því, að íbúum fjölgar í Grímsey gagnstætt því, sem á sér stað í afskekktum byggðarlögum annars staðar á landinu. Grímsey hefur og sérstöðu að því leyti, að hún er langt frá öðrum prestaköllum í landi. Djákninn, sem starfað hefur í eyjunni í 5 ár, ráðgerir að flytjast í land á næsta sumri og við það verður prestur til eyjarinnar enn meira aðkallandi nauðsynjamál fyrir íbúana.

Ef litið er til baka yfir það tímabil, sem starfandi prestur hefur verið í eyjunni, þá má minna á, hvílík lyftistöng það var öllu menningar- og félagslífi Grímseyinga auk þeirrar þjónustu, sem að kirkjunnar málum laut. Viljum við sérstaklega benda á störf séra Péturs Guðmundssonar og séra Matthíasar Eggertssonar, sem hér störfuðu lengst allra presta í Grímsey og voru forsvarsmenn í málefnum eyjarinnar á svo mörgum sviðum. Þó að erfitt hafi verið síðustu ár að fá hingað prest, þá er engan veginn hægt að segja, að svo verði í framtíðinni, að eigi fáist á ný kennimenn, sem gerast vilja boðberar trúar og siðgæðis í þessu fornmerka prestakalli, sem verið hefur frá fyrstu kristni í landinu. Að þessu athuguðu vonum við, að hið háa Alþ. verði við beiðni okkar og sjái sér fært að leggja ekki niður prestakallið."

Undir þetta skjal skrifuðu á sínum tíma fjölmargir Grímseyingar, eldri og yngri, og með því skeyti, sem þeir hafa nú sent menntmn., ítreka þeir þessa beiðni, og hygg ég, að ég geti ekki rökstutt öllu betur þeirra mál en þeir gera sjálfir í því skjali, sem ég var að lesa hér upp.

Jóhann S. Hlíðar: Herra forseti. Þar sem mér finnst þetta mál mér allskylt, finnst mér líka til hlýða að segja fáein orð.

Það kom fram í ræðu hv. 6. þm. Reykv., er hann talaði, að frv. gæfi tilefni til að álykta, að um fjölgun prestsembætta yrði að ræða. Nefndi hann máli sínu til stuðnings 7. gr. og 8. gr. o. s. frv. En við sjáum í 6. gr., að þar stendur og er lögð áherzla á, að um „stundarsakir" sé biskupi heimilt að ráða prestvígðan mann til þess að gegna prestsþjónustu, og ef „þörf krefur", er biskupi

heimilt með samþykki ráðh. að ráða fleiri prestvígða menn, eflaust eftir orðanna hljóðan þá líka um „stundarsakir".

Ég stend nú hér í dag sem prestvígður maður sakir þess, að aðstæður voru þannig í einu prestakalli hér á landi, að það þurfti þjónustu um „stundarsakir". Þessar „stundarsakir", í því tilfelli urðu eitt ár. Að þeim tíma liðnum fannst mönnum það ekki óeðlilegt, öllu heldur nauðsynlegt, að stofnað yrði annað prestsembætti, þar sem um eyju (Vestmannaeyjar) var að ræða, og jafnan erfitt að fá menn til þjónustu um stundarsakir, þó að brýn þörf væri, einkanlega að vetrinum, enda voru samgöngur ekki of góðar þá og eru ekki enn.

En mér finnst öryggisventill vera í þessum greinum, þar sem stendur: „með samþykki ráðherra". Það er ekki verið að flana að neinu, heldur að þessu ráði horfið, þegar þörf krefur. Þá er farið til ráðh., rætt um nauðsynina, en hann hefur úrslitavaldið. Ég efa það, að biskupinn biðji um menn í embætti bara að gamni sínu og að ástæðulausu. Eflaust getum við allir gengið út frá því sem gefnu, að það geri hann því aðeins, að brýn þörf knýi.

Í 7. gr. segir m. a.: „Þá er biskupi og heimilt með samþykki ráðherra að ráða tvo aðstoðaræskulýðsfulltrúa." Hv. þm. hneykslaðist á þessu. En starf kirkjunnar er þannig vaxið, að það er nátengt svo til hverri sál hér á landi, allt frá vöggu til grafar. Og ég get sagt það hér til skýringar, að þegar ég kom í það prestakall, sem ég þjóna nú, var ég mun yngri að árum en ég er í dag, og mér var innan handar að safna 100 – 200 unglingum, aðallega drengjum, þar eð stúlknastarf var í annarra höndum, saman vikulega, og lá við, að salurinn, þar sem komið var saman, yrði allt of lítill. Í dag finn ég, að þetta er mun erfiðara. Hvers vegna? Vegna þess einfaldlega, að bilið á milli 8 – 10 og 12 ára drengja og mín er meira og stærra í dag en það var fyrir 16 – 20 árum. Og þess vegna veit ég, og ég hef oft nefnt það við biskup landsins, að það væri fengur að því að fá heimsókn æskulýðsprests, ungs manns, sem kæmi til aðstoðar, með nýjar aðferðir og gæti jafnvel tendrað nýja glóð í þessum gamla kroppi og þannig örvað æskulýðsstarfið. Því að ég efa það ekki, að miklu eru þeir fleiri, sem vita, að kirkjan hefur starfað og vill starfa að heill sérhvers þegns þessa ríkis, ungs sem gamals. Og við vitum það allir, að það, sem kirkjan boðar, er oftast þrautalendingin, jafnvel hjá þeim, sem hafa verið lokaðir fyrir þjónustu og boðskap þessarar stofnunar eða jafnvel verið andvígir henni á einhverju aldursskeiði, að leita til hennar, þegar svartast að syrtir í lífi manna. Og ég segi, að á meðan við höfum slíka stofnun, sem getur veitt það, sem aðrir eru jafnvel vanmegnugir að veita, þá er hennar þörf. Það sagði eitt sinn við mig maður, sem nú er einn af prófessorum háskólans, að kirkjan og kristindómurinn væru aðeins fyrir börn og deyjandi. Ég sagði aðeins: „Hverjir eru ekki deyjandi?" Svo ég segi, að ef kirkjan er fyrir börn og deyjandi, þá hefur hún sönnu hlutverki að gegna í okkar litla þjóðfélagi.

Sr. Gunnar Gíslason, hv. 2. þm. Norðurl. v., nefndi sjúkrahússprestinn, sem 8. gr. frv. gerir ráð fyrir, og vitnaði í jákvæðar umsagnir merkra lækna því starfi til stuðnings, en hv. 6. þm. Reykv. nefndi gamlan prest, sem kæmi til sjúkra á sjúkrahúsum borgarinnar, og var helzt á hv. þm. að heyra, að sjúklingum, mörgum hverjum, væri lítt gefið um slíka heimsókn. Mér er vel kunnugt um, hver sá gamli maður er. Hann hefur þrátt fyrir aldur mjög ríka löngun til þess að verða að liði. Ég segi ekki, að hann hafi alla þá hæfileika og þekkingu til að bera, sem megi prýða slíkan starfsmann, enda hefur hann ekki neina sérmenntun sem sjúkrahússprestur. Ég get frætt ykkur um það, að þessi gamli prestur hefur notað hverja utanför sína um mörg ár til þess að kynnast sjúkrahússprestsstarfi. En nú í dag er ungur prestur að nema erlendis, sérstaklega með það fyrir augum að þjóna sjúkum, og ég geri ráð fyrir, að með starfi hans verði starfshættir aðrir en nú tíðkast. Ég veit af reynd, að sjúkt fólk metur komu prests sérstaklega mikils. Ég er ekki að segja, að það séu allir sama sinnis. En ég veit um konu, sem fyrir fáum árum, meðan hún var í fullu fjöri, hefði ekki kært sig um neina þjónustu af hendi prestsins. Hún var mjög andvíg öllu slíku starfi. Í dag er hún allsvana og aflvana, en ég þekki fáar sálir, sem þakklátari eru fyrir það litla, sem prestur getur af hendi látið eða miðlað þeirri góðu og göfugu sál.

Um prestinn í Kaupmannahöfn þarf að vísu ekki að fjölyrða. Þar á enn við, „að reyndur veit." Ég hef talað við fjölda fólks, sem naut þjónustu þess prests, sem þar starfaði. Fólk úr mínum söfnuði, sem var að heita mátti mállaust á danska tungu, en fór af brýnni þörf til Danmerkur og naut fyrirgreiðslu þessa manns í mörgu tilliti. Ég get nefnt ung hjón, sem fóru nú í marzmánuði. Presturinn var þar ekki. Hvað tók við? Sendiráðið, og var fyrirgreiðslan sem sé engin. Þar var ekkert innra afl, sem bauð fram þjónustu fólki, sem var í mikilli neyð og þörf.

Tillagan um kristnisjóðinn er gagnrýnd af hv. 6. þm. Reykv. Það er svo sem þessi stofnun, kirkjan, megi ekki eiga fjármuni til einna eða annarra þarfa. En tímarnir í dag kalla á brýna og mikla þjónustu. Við finnum þetta mjög glöggt, þar sem skólarnir eru, og á það hefur verið minnzt í dag sakir þeirra atburða, sem skeð hafa í Svíþjóð. En kirkjan hefur sérstöku hlutverki að gegna, sem ég fullyrði, að skólar í venjulegum skilningi geta ekki annazt. Hún hefur hlutverki að gegna, sem ég álít, að sé einstakt, og það segi ég ekki aðeins vegna þess, að ég er prestur, heldur vegna þess, að ég álít, að kirkjan hafi einstæðan boðskap að flytja, sem verði til blessunar, bæði andlega og siðferðislega. Um kristnisjóðinn, sem hér er nefndur, sjáum við í 21. gr. marga liði, sem fjalla um hlutverk þess sjóðs. Það mætti t. d. nefna 6. liðinn, að styrkja námsmenn til undirbúnings undir prestsstarf. Við höfum einmitt í dag heyrt, hvað eigum við að kalla það, neyðarhróp eða eitthvað því líkt, frá íslenzkum námsmönnum í Svíþjóð. Kristnisjóður hefur einnig þetta að takmarki, að styrkja námsmenn í námi. (MK: Þessu atriði hefur verið breytt.) Ég bið afsökunar á því, að það vissi ég ekki. Allt um það sjáum við, að þarna er talað um veitta aðstoð í söfnuðum, sem ég álít, að sé mjög mikilsverð. T. d. er hér á landi aðeins ein eða var aðeins ein safnaðarsystir. Í stærri söfnuðum væri brýn þörf á þjónustu slíkrar konu. Hún er sérmenntuð, kona sú, sem ber þann titil, og hefur hlotið þá vígslu. Erlendis eru þessar konur kallaðar eyru og augu prestsins. Þær fylgjast með að ýmsum leiðum, hvar skórinn kreppir hjá einstaklingum eða fjölskyldum, og benda presti á,

að þar sé þörf á aðstoð í einni eða annarri mynd. Svo mætti lengi telja og af því sjá, að kristnisjóðurinn yrði sennilega aldrei sérlega stór, en hann yrði e. t. v. aflögufær að einhverju leyti í vaxandi þjóðfélagi til þess að hlynna að og sinna ýmsum verkefnum, sem löggjafanum að öðru leyti hefur yfirsézt.

Ég vildi að lokum aðeins geta þess, eins og sr. Gunnar nefndi, hv. 2. þm. Norðurl. v., að reikningar eða öll fjárútlát þessa sjóðs og fjárreiður eru yfirfarnar af endurskoðanda, sem er enginn annar en ríkisendurskoðandinn. Það ætti að fela í sér það öryggi, sem hv. 2. þm. Reykv. og Alþ. ætti að nægja til þess að fylgjast með, að þarna sé ekki verið að ausa út fé eitthvað út í bláinn, og vildi ég leggja áherzlu á, að í ljós kæmi, að þarna sé verið að ráðstafa fé öllum til góðs.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Það verða aðeins örfá orð, sem ég segi hér um þetta frv. Ég vil byrja á því að lýsa yfir því, að ég er frv. samþykkur og mun greiða því atkv., eins og það liggur hér fyrir, en andvígur þeim brtt., sem liggja hér fyrir frá þeim hv. 6. þm. Reykv. og 1. þm. Vestf. Eins og nú standa sakir í þjóðfélagi okkar, þá er mjög erfitt að fá menn til embættisstarfa í dreifbýlið. Það er reynsla á öllum sviðum. Það er erfitt að fá lækna, ljósmæður, jafnvel lögfræðingar vilja ekki verða sýslumenn úti í dreifbýlinu, og það er mjög erfitt að fá presta til þess að sinna þeim prestaköllum, sem við höfum nú í lögum. Svona er þróunin. En hins vegar á fólkið, sem býr úti í dreifbýlinu, alveg sama rétt til allrar þessarar þjónustu og það fólk, sem býr í þéttbýlinu, hér í Reykjavík og öðrum bæjum og þorpum. Það hefur nákvæmlega sama rétt og sömu þörf fyrir þjónustuna og aðrir. Frv., sem hér liggur fyrir, sýnir, að þeir, sem það hafa samið, gera sér það ljóst, hvernig ástandið er. Mér virðist, að kristnisjóðurinn sé tilkominn í þeim tilgangi að reyna með honum að launa farandpresta, presta, sem vildu gera það að starfi sínu, a. m. k. um skeið, að ferðast um og þjóna á þeim stöðum, þar sem ekki hefur tekizt að fá mann til að setjast í prestsembætti. Ég er þess vegna meðmæltur því, að ákvæðið um kristnisjóð verði lögfest og þær heimildir allar, sem í sambandi við það eru í frv., og láta reyna á það, að hvaða gagni þetta getur komið fyrir dreifbýlið. Ég hef alla tíð verið þeirrar skoðunar, að það væri uppbyggilegt fyrir sveitirnar og hin smærri þorp að hafa menntaðan embættismann í sínu byggðarlagi. Ég fellst ekki á annað. Þó að þessir menn séu náttúrlega eins og aðrir menn eitthvað misjafnir, misjafnlega gerðir og misjafnlega duglegir og misjafnlega gáfaðir, er reynslan sú, að yfirleitt hefur það verið héruðunum til uppbyggingar að hafa slíka menn innan sinna takmarka. Og þess vegna vil ég halda fast í þessi embætti, halda eins fast og hægt er í það að hafa presta úti um landið til að þjóna á kirkjunnar vegum. En þeir gera einnig fleira, þeir þjóna á ýmsa aðra lund fólkinu. Þeir eru til leiðbeiningar og styrktar á marga vegu, hver á sínum stað.

Þetta vildi ég nú segja svona almennt um frv. En það var aðallega ein brtt., sem hv. 6. þm. Reykv. flytur hér, sem ég vildi ofurlítið gera að umtalsefni. Það er þessi brtt. hans um það að gera Þingvelli að annexíu frá Mosfelli hér í Mosfellssveit. Ég furða mig á því, að jafngáfaður og glæsilegur maður og þessi hv. þm. er, skuli leggja fram slíka brtt. hér á hinu háa Alþ. Ég hefði talið honum það til miklu meiri sóma, að hann hefði lagt fram brtt. um það að gera veg Þingvallaprestakalls enn meiri og láta prestinn þjóna þar eingöngu kirkjunni og engu öðru. Þó að Þingvallasókn sé ekki stór, þá veit ég um það af kynnum mínum við þann prest, sem þar er nú, að hann hefur þar mörgum prestsverkum að sinna, ekki einungis aðeins fyrir sóknina, sem er minnstur hluti af því, sem hann hefur að starfa, heldur fyrir þjóðina. Þangað sækir fjöldi manna hér úr þéttbýlinu til þess að láta framkvæma þar ýmsar kirkjulegar og kristilegar athafnir fyrir sig. Þetta gerir fólk vegna þeirrar sögulegu helgar og þeirrar sögulegu helgi, sem hvílir yfir þessum stað. Þetta vil ég meta við hvern mann og vil gera honum það kleift, að hann geti fengið að njóta prestsþjónustu á þeim stöðum, þar sem hann sérstaklega óskar, t. d. eins og í Skálholti og á Þingvöllum, en þangað veit ég, að fjölmargir Reykvíkingar fara til ýmiss konar athafna. Þá finnst mér það nú satt að segja, þó að ég meti mikils Mosfell og sögu Mosfells í Mosfellssveit, þá finnst mér það nú vera að fara aftan að siðunum að gera Þingvelli að annexíu frá þeim stað. Ég verð að segja það eins og það er. Mér finnst hreinlega skömm að slíkri till. Og ég er ákaflega hræddur um, að íbúum austan Hellisheiðar falli slík till. ekki í geð, því að þegar þeir vissu um, að það stóð til að gera þetta, og það var í frv. upphaflega, söfnuðust þeir saman, og það voru 654, sem skrifuðu undir áskorun til Alþ. um að breyta frv. að þessu leyti. 654 undirskriftir þessara manna bárust hingað um þetta efni 19. jan. s. l. Það má vel vera, að hv. 6. þm. Reykv. hafi ekki verið kunnugt um þetta, og auðvitað hefði hann farið sínu fram, ég efa það ekki, þó að hann hefði vitað um þetta. Þetta er vafalaust hans sannfæring, að svona eigi þetta að vera, en erindi mitt hingað í ræðustólinn er að mótmæla þessari till. Ég mun greiða atkv. á móti henni og raunar á móti öllum þeim brtt., sem þessir hv. alþm. bera fram, ekki af því að það sé kannske ekki vit í sumum þeirra. Ég vil hins vegar, að frv. nái fram að ganga eins og það er nú, og það reyni á það, hvernig það tekst, sem til er ætlazt með frv. Ef reynslan leiðir í ljós, að breytinga er þörf, er vitanlega alltaf hægt að gera slíkar breytingar.

Ég skal nú fara að láta ræðu minni lokið um þetta, en ég vildi minna á það í sambandi við kristnisjóðinn, sem ýmsir hafa slæman bifur á eða telja ekki heppilegt form, að þá er hann, eins og ég sagði áðan, ætlaður til þess, að hægt sé að veita þeim svæðum á landinu, þar sem enginn fæst til að vera þjónandi prestur, prestlega eða kirkjulega þjónustu. Til þess er hann ætlaður. Það má vel vera, að það sé ekki æskilegt form. Ég vildi miklu heldur, að það sætu embættismenn í prestaköllunum úti um land, sem nú er verið að leggja niður. En af sögulegri þekkingu veit ég það, að kannske hefur enginn maður reynzt íslenzkri kristni þarfari en Guðmundur biskup hinn góði, sem var eins konar förumaður á sinni tíð meðal þjóðarinnar, og þar með læt ég þessum fáu orðum lokið.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég sé ekki þörf á að vekja athygli á mörgum þeirra atriða, sem hér hafa komið fram, því að ég held, að frsm. minni hl. n. hafi

skýrt allrækilega till. okkar og hvað við höfum við frv. að athuga. Ég vil samt drepa aðeins á ræðu hv. 2. þm. Sunnl., sem hér var að enda mál sitt. Hann kvaðst mundu samþykkja allt, sem í frv. stendur, og mælti gegn öllum brtt. okkar og að mér skildist aðallega vegna þess, að dreifbýlinu sé svo vel séð fyrir prestlegum embættismönnum í þessu frv., og vitnaði hann þar í gr. um farandprestana. Hann undirstrikaði það sérstaklega, að kristnisjóður væri nauðsynlegur, því að dreifbýlið þyrfti á farandprestum að halda, þegar vantaði presta. En það er alls ekki einn einasti stafur um það í kristnisjóðskaflanum, hvað snertir farandpresta, ekki stafur. Hann er annars staðar í þessu frv. Annars held ég, að menn viti það, að farandprestur, sem hefur starfað, getur ekki fullnægt öllum þessum prestslausu prestaköllum. Og þó að manni sé bætt við eða tveimur, segir það ákaflega lítið, því að þau eru svo ákaflega mörg eða hafa verið svo mörg og verða vafalaust svo mörg áfram þrátt fyrir þetta frv. En frv. er fyrst og fremst til þess að fjölga prestum í þéttbýlinu, prestum, sem hafa enga söfnuði, og við vitum ákaflega lítið um, hvaða starfssvið þeir eiga að hafa. Svo að það er öðru nær en að dreifbýlinu sé nokkur akkur í þessu frv. Við erum meira að segja allir sammála um það í menntmn., að það eigi að færa saman prestaköllin sums staðar á landinu. Það er ekki neinn ágreiningur um það. Af því að svo hefur breytzt um mannfjölda á vissum stöðum, er það fyllilega réttmætt að færa þau saman.

Ákvæði um sjúkrahússpresta í þessu frv. hefur borið talsvert á góma, og hv. frsm. meiri hl. n. var þar alveg öfgalaus og gat þess sérstaklega, að þetta væri vandasamt starf og það væri síður en svo á færi allra að gegna þessu starfi, ef það ætti að verða að gagni, og ég tek undir þetta með honum. Ég er líka sammála honum um það, að prestar geta orðið til gagns í sjúkrahúsum. Ég er ekki í nokkrum vafa um það. En hér er ætlazt til að heimila biskupi og ráðh. að fjölga prestum eða stofna til embætta, sem kallast sjúkrahússprestar, alveg ótakmarkað. En allir vilja undirstrika það, að þeir þurfi að vera sérfróðir menn, en það er ekki minnzt á það einu orði í þessu frv., að þeir þurfi að hafa neina sérfræðilega þekkingu í þessum efnum. Biskup og ráðh. geta skipað hvaða prest sem er í þetta, og hafa reyndar ráðið í þetta mann, sem síður en svo hefur nokkra sérþekkingu. Ráðh. getur skipað presta á hvaða aldri sem er. Það er ekkert á þetta minnzt í sjálfu frv., að neina sérþekkingu þurfi til þessa. Það, sem veldur því, að ég hef frekar andúð á þessari embættisskipan, sem kallast sjúkrahússprestar, er þetta fyrst og fremst. Þar sem mest er þörfin, þ. e. í Reykjavík, eru 15 prestar fyrir, 15 starfandi safnaðarprestar, og ýmsir þeirra, ef ekki flestir, eru starfandi á sjúkrahúsunum. Heimsækja þeir sjúkrahúsin reglulega og gegna þar störfum í þágu sjúklinga. Samt á að stofna til allra þessara embætta í ofanálag. Ég segi það, að prestur getur gert gagn hjá sjúklingum, ef það er sá prestur, sem sjúklingurinn hefur óskað eftir. En ég mæli ekki með því, að hver sem er, þótt prestur sé, komi inn í sjúkrastofur til sjúklinga, sem þeir kannske þekkja ekki nokkurn skapaðan hlut, með sínar prédikanir. Þó að ég sé orðinn gamall, eru mér nokkuð minnistæðar kenningar kirkjunnar, sem ég var látinn læra líkt og aðrir, sem eru í þessum sal, og sérstaklega er mér minnistæður 12. kaflinn í Helgakveri, sem þótti alveg nauðsynleg bók og eiginlega guðsorð á mínum barnsárum. Ég man ekki orðrétt, hvað var sagt þar um lífið eftir dauðann, en a. m. k. var rækilega dregið þar fram, hvernig færi um þá menn, sem hefðu af vantrú hafnað guðs náð, að þeirra biði ekkert nema eilíf glötun og eilíf útskúfun. Og ég held, að það hafi verið orðað eitthvað á þá leið, að líf þeirra verði endalaust kvalalíf í sambúð við illa anda, endalaus angist og örvænting án allrar vonar um frelsun. Þetta er kallað hinn annar dauði. Svona held ég, að þetta hafi verið orðað í kristnu fræðunum, sem ég var látinn læra, og ég ætla líklega allflestir, sem hér eru inni, ef þetta er þá ekki gert enn í dag. Ég gæti bezt trúað, að hæstv. kirkjumrh. hefði verið látinn læra þetta líka. Svona var okkur kennt. Nú dettur mér í hug, þegar kominn er sjúkrahússprestur, sem trúir þessu af hjartans sannfæringu öllu saman, og hittir fyrir sjúkan mann, sem hann hefur aldrei séð, og fer að útlista fyrir honum, hvað bíði hans þarna hinum megin. Ef hann fer nú að impra á svona löguðu, sem væri ekkert guðlast að hans dómi, það væri huggulegt, eða hitt þó heldur. Ég vil ekki vera sjúklingur undir slíkum kringumstæðum. Þetta er það, sem veldur því fyrst og fremst, að ég er á móti því að ráða sérstaka presta, en er með því, að prestar sem eru fyrir hendi og sjúklingarnir óska eftir að fá að tala við, geri það. Það hefur ekki staðið á reykvískum prestum eða neinum prestum í landinu, sem ég veit um, að þeir hafi gert þetta.

Það tekur því víst ekki að vera að fara lengra út í frv. að þessu sinni til þess að lengja ekki allt of mikið umr., en ekki skal standa á mér við 3. umr. að skýra eitthvað fleira, ef þörf gerist. Þó get ég ekki látið hjá líða að nefna eitt spaugilegt dæmi úr þessu frv. Þar segir nefnilega, að prestar, sem hafa þjónað fleiri en einu prestakalli og hafa haft fyrir það aukalaun, megi í engu í missa. Þetta eru kristilegar hugsanir, því neita ég ekki. Nú detta mér í hug tvö prestaköll vestur í Barðastrandarsýslu, annað í minni sveit og hitt í nágrannasveitinni. Þau eru bæði prestslaus núna, en prestur í þriðja prestakallinu, þ. e. a. s. á Patreksfirði, þjónar báðum, og væntanlega hefur hann þá tvöföld prestslaun núna, þ. e. a. s. hálf prestslaun fyrir hvort prestakall, sem hann þjónar. Nú á að sameina í eitt þessi tvö prestslausu prestaköll. Ég er alveg sammála því, að þetta sé gert. Við skulum segja, að það komi þangað prestur á eftir, en presturinn á Patreksfirði á að halda launum og ekki hálfum öðrum launum, heldur tvöföldum launum, þó að hann sé hættur að þjóna báðum prestaköllunum. Þetta er ekkert stórmál. Þetta er bara smávegis sýnishorn af því, hversu hroðvirknislega er frá þessu frv. gengið á mörgum sviðum.

Að lokum vil ég benda þeim hv. þm., sem halda það, að við hv. 6. þm. Reykv. séum eitthvað sérlega guðlausir menn, á það, að við flytjum eina brtt., sem ég vil vekja athygli á, en hún er svona:

„Veita skal árlega fé á fjárlögum til safnaða í landinu. Ráðherra ákveður skiptingu fjárins að fengnum tillögum Synodus. Fénu skal varið til hvers konar félagslegrar starfsemi í söfnuðunum, en einnig til innlendrar og alþjóðlegrar hjálpar- og mannúðarstarfsemi."

Ætli við hefðum flutt þessa till., ef við værum alveg á

móti því, að kirkjunnar menn eða kirkjan sem heild hefði eitthvert starfsfé og gæti látið gott af sér leiða? Ég held ekki. Ég held, að þessi till. geti gripið yfir allt það, sem stendur þarna um kristnisjóð, því að það er ekkert annað en um embætti, sem þar er sagt. Þarna er lagt til, að ríkið leggi árlega fé til safnaðanna til þess að rækja þessi mikilsverðu mál, og það eru ekki bundnar hendur neinna í því, hvernig þeir nota það. Þeir eru sjálfráðir, söfnuðirnir, í hvers konar hjálpar- og mannúðartilliti þeir vilja vinna að þessum málum. Ég held, að þessi eina grein sé miklu betri en allur kristnisjóðurinn. Ég neita því ekki, að það er fallegt nafn á þessum sjóði, en það er ekki nóg. Það er alls ekki nóg að vera með falleg nöfn. Það verður að vera gott innihald.

Það hefur verið gagnrýnt hér, ég hygg, að það hafi verið hv. 3. þm. Sunnl. m. a., að vera að hafa á móti tveimur aðstoðaræskulýðsfulltrúum. Ég vil benda honum á það, ef hann hefur kannske ekki tekið eftir því, að ég er ekki með þá till., og ég skal segja alveg eins og er, að af því að þetta voru æskulýðsfulltrúar, vildi ég ekki hafa á móti þessu ákvæði frv. Svo mikið tel ég unnið í þágu æskulýðsins í landinu, að ég flyt ekki þá till. En ég held, að flest af því, sem hv. 3. þm. Sunnl. sagði, að þyrfti að gera og væri nauðsynlegt að gera, geti fallið undir þessa einu brtt., sem við höfum flutt um fjárframlög ríkisins til safnaðanna í landinu. Eða hvað er það, sem þá langar til að gera, prestana eða kirkjuna, sem þeir mundu ekki geta gert skv. ákvæðum þessarar einu greinar? Mér þætti vænt um að heyra það.

Ég skal svo ekki þreyta hæstv. forseta á að tala lengur, þó að ég gæti það svo sem auðveldlega.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Mig langaði til þess að leiðrétta ummæli, sem fram komu hér hjá hv. 2. þm. Sunnl., þar sem hann lýsti furðu sinni á því, að ég skyldi flytja till. um að gera Þingvelli að annexíu frá Mosfelli, og hann sagði, að það væri skömm að slíkri till. Þetta er ekki mín till. Þessi till. lá fyrir í frv. eins og það var lagt fyrir Alþ. Hún lá fyrir í frv., eins og það var lagt fram af ráðh. og samþykkt af biskupinum yfir Íslandi. Ég er aðeins að taka upp þá till., sem kirkjan sjálf hefur óskað eftir. Þetta er ekki mín till., þetta er sú till. Með því tel ég, að við séum að ganga til móts við kirkjuna sjálfa. Ég benti á það í ræðu minni hér áðan, að það hefði verið ákaflega auðvelt að láta Þingvelli t. d. heyra beint undir biskupsskrifstofuna, ef mönnum hefði fundizt það meiri sómi fyrir Þingvelli. Það væri auðvelt að gera það, t. d. að ná samkomulagi um að breyta frv. á þann hátt. Það getur ekki legið svo mikið á, að það megi ekki skoða slíkt atriði. Að öðru leyti mun ég nú ekki ræða þau atriði, sem hér hafa komið fram. Þar hafa komið fram ýmis tilfinningaatriði, sem ég held, að varla geti raskað mati manna. Þó mun rétt að benda á till. um Grímsey, hvernig hún fellur inn í þetta kerfi, sem verið er að byggja upp með þessu frv. Það er lagt til, að prestakall verði í Grímsey. Menn hafa ekki trú á, að þangað fáist nokkur prestur. Hvað leiðir þá af því, að slíkt till. yrði samþ.? Af því leiðir það eitt, að tekjurnar af þeim presti, sem ekki verður ráðinn í Grímsey, renna í kristnisjóðinn. Þetta er aðeins aukin fjárveiting í kristnisjóð, og það eru hámarksprestslaun, eins og skýrt er tekið fram.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 79. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Nd., 22. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 606,1 felld með 23:2 atkv.
Brtt. 605,1 felld með 20:12 atkv.
Brtt. 431 samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 622 felld með 18:8 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
2. – 5. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 606,2 felld með 22:3 atkv.
Brtt. 605,2 felld með 21:6 atkv.
6. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 606,3 felld með 29:3 atkv.
7. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 605,3 felld með 22:6 atkv.
8. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 605,4 felld með 23:8 atkv.
9. gr. samþ. með 24:4 atkv.
Brtt. 605,5 felld með 21:8 atkv.
10. gr. samþ. með 21:3 atkv.
11. – 14. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 605,6 felld með 21:10 atkv.
15. gr. samþ. með 23:2 atkv.
Brtt. 605,7 felld með 21:10 atkv.
16. – 17. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 605,8 felld með 23:7 atkv.
18. gr. samþ. með 22:3 atkv.
Brtt. 605,9 – 15 komu ekki til atkvgr.
19. – 23. gr. samþ. með 23:4 atkv.
24. – 25. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25:1 atkv.

Á 81. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 653).

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs aðeins vegna þess, að ég hef í gær lagt fram brtt. við frv., sem er víst í þann veginn að koma úr prentun, því að ég veitti því athygli, að þskj. var lesið upp áðan. Nú vil ég mælast til þess, að umr. verði frestað, þangað til þskj. liggur fyrir, því að ég á erfitt með að mæla fyrir till. án þess að hafa hana við höndina. Ef hæstv. forseti vill verða við þessari beiðni, óska ég ekki eftir að segja meira að sinni.

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 662 fjórar brtt. við frv., eins og það er nú eftir 2. umr. Segja má, að þessar till. varði ekki beinlínis meginefni frv., en að minni hyggju er þarna um

nokkrar lagfæringar að ræða, sem ég vil vænta, að vel verði tekið undir.

Fyrsta brtt. er við 2. gr. frv. Í 2. gr. stendur og hefur staðið í frv. frá öndverðu, að í Reykjavík skuli vera safnaðarráð. Hins vegar var frv. í Ed. breytt þannig, að prófastsdæmið í Reykjavík var fært út og nær nú einnig yfir Kópavog. Ég hygg því, að það sé nauðsynleg leiðrétting að orða þetta svo, að í Reykjavíkurprófastsdæmi skuli vera þetta safnaðarráð, sem hér er um rætt, því að eins og frv. er nú, þá er Reykjavík hluti prófastsdæmisins, að vísu meiri hluti, en safnaðarráðið er fyrir prófastsdæmið og hlutverk þess er m. a. að gera till. um skiptingu prófastsdæmisins í sóknir og prestaköll. Þetta er í raun og veru aðeins leiðrétting vegna breytingar, sem orðið hefur á frv. í meðferð Ed.

Í öðru lagi flyt ég brtt. við 8. gr. Samkvæmt henni er biskupi heimilt með samþykki ráðh. að ráða prestvígða menn til sérstakrar sjúkrahúsaþjónustu. Ég legg til, að í stað sjúkrahúsaþjónustu komi: sjúkrahúsa- og fangahúsaþjónustu. Er þá tilgangurinn sá með þessari till. minni, að prestur sá eða prestar, sem eiga að sinna fólki á sjúkrahúsum, verði einnig fangelsisprestar. Fangar eru með vissum hætti einnig sjúkir menn, og mun ekki síður ástæða til þess, að prestar vitji þeirra og ræði við þá en hina, sem á sjúkrahúsunum eru.

3. brtt. er við 14. gr. Þar segir, að ráðh. sé heimilt að ákveða að fenginni umsögn biskups og hlutaðeigandi héraðsprófasts, sóknarnefndar og sóknarprests að flytja skuli prestssetur á hentugri stað í prestakallinu. Vitanlega getur það stundum komið til greina að flytja prestssetur. En það er skoðun mín, að prestssetur eigi ekki að flytja, nema sóknarnefnd, sóknarpresturinn og prófasturinn samþykki það. Það eigi ekki að gera þetta gegn þeirra vilja, en skv. frv. er það hægt. Breytingin er aðeins í þessu fólgin, að prestssetur verði ekki flutt, nema þessir aðilar í héraði hafi fyrst samþ. það, ekki gegn andmælum þeirra.

4. og síðasta brtt. er svo við 20. gr. um það, að c-liður gr. falli niður, en gr. er um tekjur kristnisjóðs. Í kristnisjóð á að renna m. a. árlegt framlag úr ríkissjóði, er samsvari hámarkslaunum presta í þeim prestaköllum, sem lögð eru niður samkv. l. þessum, og geri ég enga brtt. við það. En í c-liðnum stendur, að í hann skuli einnig renna laun þau, sem sparast á hverjum tíma, þegar prestakall er prestslaust, svo að ekki komi til greiðslu prestslauna o. s. frv. Mér finnst óviðfelldið, að það felist í l., að kristnisjóður geti haft hag af því, að prestaköll séu prestslaus, og þætti mér það betur fara, að þetta yrði fellt niður, enda er þess getið í grg., að þetta muni ekki vera mikið fjárhagsatriði fyrir sjóðinn.

Frsm. meiri hl. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur flutt hér fjórar brtt. við frv. um skipun prestakalla. Ég get tekið undir það með honum, að eðlileg sé sú leiðrétting við 2. gr. frv., að í stað orðsins Reykjavík komi Reykjavíkurprófastsdæmi, því að Reykjavíkurprófastsdæmi nær yfir meira eða stærra svæði en Reykjavík eina. T. d. er Kópavogskaupstaður innan þessara marka.

2. brtt. andmæli ég ekki heldur, en mér finnst ekki þörf á því að gera þá breyt., sem felst í 3. brtt. hv. þm. Mér finnst, að það megi standa svo áfram, að ekki þurfi annað en umsögn sóknarnefndar, sóknarprests og hlutaðeigandi héraðsprófasts, til þess að flytja megi prestssetur á hentugri stað í prestakalli. Mér finnst það t. d. óeðlilegt, ef sóknarnefnd og sóknarprestur væru búin að samþykkja slíkan flutning, en héraðsprófastur væri þar á öndverðri skoðun af einhverjum ástæðum, að hann hefði jafnvel neitunarvald um breytta skipan.

Um 4. brtt. er það að segja, að ég er henni andvígur. Þetta ákvæði frv. er í raun og veru ekki nein breyt. frá því, sem verið hefur. Prestakallasjóður hefur haft þessar tekjur. Það hafa verið hans tekjur, að hann hefur fengið hálf prestslaun af þeim prestaköllum, sem hafa verið prestslaus, og nú er svo ráð fyrir gert, að þessi sjóður verði stofnfé kristnisjóðs, svo að hér er ekki um neina breyt. að ræða. En maður vonar það, að eftir að prestakallaskipunin er komin í það horf, sem frv. gerir ráð fyrir, komi það miklu síður fyrir nú á eftir en verið hefur áður, að prestaköll verði prestslaus.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 82. fundi í Nd., 25. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 653, 662).

ATKVGR.

Brtt. 662,1 samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 662,2 samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 662,3 felld með 20:10 atkv.

Brtt. 662,4 felld með 18:7 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 26:1 atkv. og endursent Ed.

Á 78. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 694).

Á 81. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 748).

---

32. Gerðardómur í kjaradeilu atvinnuflugmanna.

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um skipan gerðardóms í kjaradeilu atvinnuflugmanna og flugvélstjóra íslenzkra flugfélaga [29. mál] (stjfrv., A. 29).

Á 5. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 6. fundi í Nd., 27. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 18. júní s. l. Aðdraganda þessa máls munu hv. þm. þekkja nokkuð og vita, að l. voru sett, þegar stöðvun flugflot-

ans var yfirvofandi. Það er rétt, þótt þetta sé kunnugt mál, að rifja nokkuð upp aðdragandann að því, að l. voru sett.

Kjarasamningar við flugfélögin féllu úr gildi fyrir uppsögn Félags ísl. atvinnuflugmanna 1. febrúar 1969, og kjarasamningar Flugfélags Íslands vegna flugvélstjóra féll úr gildi fyrir uppsögn stéttarfélagsins á sama tíma. Miklar deilur höfðu staðið seinni hluta vetrar við þessar stéttir vegna skattlagningar dagpeningauppbótar flugmanna og flugvélstjóra, sem nú var skattlögð í fyrsta sinn. Deilu þeirri lauk 23. maí s. l. með skaðleysisyfirlýsingu flugfélaganna, dags. þann dag, þar sem segir m. a.:

„Hér með lýsa Loftleiðir hf. og Flugfélag Íslands hf. yfir því, að þau munu gera starfsmenn sína í Félagi ísl. atvinnuflugmanna og Flugvirkjafélagi Íslands skaðlausa af því, að dagpeningauppbót þeirra hefur verið úrskurðuð skattskyld."

Dagpeningauppbót þessi var fyrir flugstjóra 72 564 kr., en fyrir flugmenn og flugvélstjóra 43 536 kr. Allir þessir menn eru taldir í hæsta skattstiga. Stéttarfélögin lýstu þá yfir því, að innan tíðar mundu þau senda frá sér kröfur um kjarabætur. Kröfur Félags ísl. atvinnuflugmanna bárust hinn 3. júní. Þær voru margþættar, og tók nokkurn tíma að vinna úr þeim og setja þær til samanburðar við eldri samninga. Því var þó lokið, þannig að flugfélögin óskuðu eftir fyrsta viðræðufundi 10. júní, en Félag ísl. atvinnuflugmanna gat ekki sótt fund fyrr en 12. júní. Var þá fyrsti fundurinn haldinn, en hinn 11. s. m. barst verkfallsboðun frá Félagi ísl. atvinnuflugmanna, og skyldi 48 klukkustunda verkfall hefjast kl. 24 á miðnætti aðfaranótt 19. júní.

Deilunni var á fyrsta samningafundinum vísað til sáttasemjara ríkisins til meðferðar, og hélt hann fyrsta fundinn að kvöldi 12. júní s. l. Annar sáttafundur var 14. s. m., sá þriðji 16. júní, og sáttafundur var boðaður kl. 9.30 18. s. m. Á milli funda var látlaust unnið í undirnefndum að lausn deilunnar, en án árangurs. Það, sem sagt hefur verið um sáttaumleitanir og undirnefndastörf á einnig við um flugvélstjóra.

Kröfur frá Flugvirkjafélagi Íslands vegna flugvélstjóra bárust flugfélögunum 6. júní og eru hliðstæðar kröfum Félags ísl. atvinnuflugmanna fyrir flugmenn. Boðun um 48 klst. verkfall flugvélstjóra barst flugfélögunum með bréfi dags. 13. júní, og átti það að hefjast frá og með hádegi laugardaginn 21. júní. Kaupkröfur flugmanna voru mjög háar miðað við gildandi samninga. Auk þess var krafizt vinnutímastyttingar, aukinna trygginga, breytinga á orlofi o. fl. Flugfélögin buðu aðild að maísamkomulaginu og e. t. v. aðeins meira, en allt með hliðsjón af því, sem gerzt hefur á vinnumarkaðinum að undanförnu. Auknar tryggingar voru til umræðu, breytt uppbygging samninganna var rædd, en öll afstaða flugliðsmanna byggðist á, að meginhluta kröfu þeirra um kauphækkun væri sinnt. Samningar við flugvirkja voru undirritaðir 23. maí s. l. og gilda til 1. maí 1970.

Þetta er nú í fáum orðum forsaga málsins, og bar mikið á milli og tveggja sólarhringa verkfall var yfirvofandi. Neyðarkall hafði borizt frá flestum umboðsskrifstofum flugfélaganna utan úr heimi og því lýst yfir, að ef svo færi, þá mundu ferðamenn, sem hefðu pantað flugfar með íslenzku flugfélögunum, hætta við, þar sem ekki væri hægt á íslenzku flugfélögin að treysta. Það var þess vegna mikið í húfi, og þegar sáttaumleitanir fóru algerlega út um þúfur og sýnt var, að ekki gátu náðst samningar, var ekki annað ráð fyrir hendi en setja brbl. til þess að bjarga málinu, til þess að flugfélögin gætu haldið áfram starfsemi sinni og til þess að ferðamannastraumurinn gæti haldið áfram til landsins og til þess að íslenzku flugfélögin héldu trausti sínu út á við. Þetta tókst án nokkurra verulegra truflana, og verður að segja, að l. hafi þar með náð tilgangi sínum.

Það, sem er aðalefni þessara l., er það, að skipaður var gerðardómur þriggja manna, sem skyldi kveða á um lausn deilunnar, og hæstiréttur skyldi skipa gerðardómsmennina. Gerðardómurinn samkv. 2. gr. l. skyldi í meginatriðum miða við lausn deilunnar milli atvinnurekenda og verkalýðsfélaganna 19. maí s. l. Þegar gerðardómurinn tók til starfa, kom í ljós, að hér var mikið verk fyrir hendi, og dróst það því á langinn, að dómurinn væri kveðinn upp. Þetta er allmikil ritsmíð og allflókin, en samkv. því, sem segir á bls. 21, hefur gerðardómurinn farið eftir því, sem kveðið er á samkv. 2. gr. l., þ. e. að úrskurða kaup og kjör flugliða **með hliðsjón af því, sem maí-samkomulagið var byggt á.** En á meðan málið var í gerðardómnum hafði samizt á milli flugfélaganna og flugliða um dagpeningauppbót. Það var sýnt fram á það og færð rök fyrir því, að dýrtíðin hefði vaxið erlendis og dagpeningar, sem flugliðar áður höfðu, nægðu ekki fyrir uppihaldskostnaði, og þess vegna varð samkomulag um það á milli flugliða og flugfélaganna að hækka dagpeningana í samræmi við vaxandi dýrtíð erlendis. Þá höfðu og Loftleiðir samið við flugliðana um, að félagið tæki á sig allan kostnað af skattlagningu, sem byggðist á fatahlunnindum. Út af fyrir sig var það ekki nema gott, að þetta samkomulag náðist á milli flugliða og flugfélaganna. Það var einnig gert ráð fyrir því í l., að þannig væri frá hnútunum gengið, að flugliðar bæru einkennisbúning. Það fer að öllu leyti betur á því, og út af fyrir sig er ekki nema eðlilegt, að flugfélögin beri kostnaðinn af því, að flugliðum er veittur einkennisbúningur, sem er óneitanlega viðkunnanlegra, að þeir klæðist í, en séu í venjulegum fötum.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að svo stöddu að fara fleiri orðum um þetta frv., sem skýrir sig sjálft. Ég tel sjálfsagt, að samgmn., sem fær þetta mál til meðferðar, fái gerðardóminn, þar sem allar upplýsingar er að finna um aðdraganda málsins og úrskurðarorð þeirra kjara, sem dómurinn er byggður á. Ég tel, herra forseti, að rétt sé, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Hæstv. núv. ríkisstj. hefur gefið út fleiri brbl. tiltölulega en nokkur önnur íslenzk ríkisstj., og verulegur hluti af þessum brbl. hefur snúizt um kjaradeilur. Þar hefur verið gripið inn í deilur launamanna og atvinnurekenda af hálfu ríkisvaldsins. Þessi íhlutun hæstv. ríkisstj. hefur öll verið á eina lund. Það er sameiginlegt með öllum þeim brbl., sem um þetta efni fjalla, að þar hefur verið tekinn málstaður atvinnurekenda einhliða gegn launamönn-

um. Þess eru mörg dæmi, að atvinnurekendur hafi vitað um það fyrirfram, að til stóð að setja slík lög, og þess vegna verið ófáanlegir til eðlilegra samningaviðræðna við viðsemjendur sína. Þessi aðferð hæstv. ríkisstj. mætti vera sérstakt umhugsunarefni fyrir Alþfl., sem er annar helmingur ríkisstj. Það hefðu einhvern tíma þótt ólíkleg tíðindi, að það ætti eftir að verða hlutskipti hans í ríkisstj. að standa að síendurtekinni löggjöf, sem þannig væri til komin.

Slík íhlutun hefur sérstaklega snert starfsmenn flugfélaganna. Þar hefur það gerzt aftur og aftur, að þannig hefur verið hlutazt til um samningamál, og þetta er orðin svo föst regla, að það er farið að reikna með þessu sem alveg sjálfgefnum hlut. Flugmenn og aðrir starfsmenn flugfélaganna hafa lýst yfir því réttilega, að það sé í raun búið að svipta þá samningsrétti, og ástæðan til þess, að deilurnar urðu eins harðar og menn muna eftir í vor, var ekki sízt þessi, að flugmönnum og flugliðum fannst, að verið væri að níðast á samningsrétti þeirra.

Eins og hæstv. ráðh. gat um áðan, þegar hann gerði grein fyrir þessum brbl., taldi ríkisstj. sér óhjákvæmilegt að setja þessi l. af tveim ástæðum. Í fyrsta lagi til þess að bjarga rekstri flugfélaganna, eins og það var orðað, og til þess að torvelda ekki ferðamannastraum til Íslands. En einnig var önnur ástæða, sú að það yrði að koma í veg fyrir, að þarna yrðu samningar, sem röskuðu því jafnvægi og þeim vinnufriði, sem komizt hefði á með hinum víðtæku samningum 19. maí þetta ár, eins og það er orðað í grg. með frv. Hæstv. ríkisstj. óttaðist, að ef flugmenn, sem eru býsna kaupháir í samanburði við venjulega launamenn, fengju verulegar kauphækkanir, mundi það hafa þau áhrif, að almennir launamenn ættu erfiðara með að sætta sig við þann nauma hlut, sem þeim hafði verið skammtaður í seinustu samningum.

Þessa forsögu rakti hæstv. ráðh. fyrir okkur. En þegar kom að áframhaldi sögunnar, varð frásögn hans öll óljósari. Eftir að þessi brbl. voru sett, gerðust nefnilega þau tíðindi, að gerðir voru samningar milli flugfélaganna og flugmannanna. Hæstv. ráðh. gat um, að það hefði verið samið um dagpeningauppbót annars vegar í Flugfélaginu og hins vegar um bætur vegna einkennisbúnings af hálfu Loftleiða. En þessir samningar voru raunar mun víðtækari. Það var aðeins höfð sú aðferð, sem menn þekkja, að fela samningsatriðin með því að kalla þau alls konar óskyldum nöfnum. Þarna var í rauninni um að ræða allverulega kauphækkun. Sé hún talin í krónutölu, mundi a. m. k. verkamönnum hér finnast hún býsna mikil. Og þessi samningur var gerður, eftir að brbl. höfðu verið sett, í samráði við hæstv. flugmálarh. Hann vissi um þetta. Þarna var sem sé verið að semja um það að ógilda brbl. hæstv. ríkisstj., og hæstv. ráðh. var eins konar ljósmóðir við þá samninga. Þegar búið var að gera þessa samninga, vissu allir, að gerðardómurinn, sem síðan átti að kveða upp, yrði aðeins nafnið tómt. Þetta er einhver furðulegasta hegðun, sem ég veit dæmi um hjá hæstv. ráðh., og ég hygg, að hún sé býsna hæpin, ef litið er á hana út frá löggjöf um skyldur ráðh. Þess var vandlega gætt að greina ekki opinberlega frá efni þessara samninga. Það hefur ekki verið birt nein skýrsla um það, hvað í samningunum fólst, hve miklar upphæðir var samið um, að flugmenn fengju aukalega á mánuði hverjum, og gerðardómurinn var látinn halda áfram störfum sínum. Síðan kveður hann upp gerðardóm sinn. Ég hygg, að það hafi verið í septembermánuði. En sú dómsuppkvaðning var í rauninni aðeins í því fólgin að semja þetta plagg og undirrita það og kasta því svo raunar í bréfakörfuna, því að áður var búið að semja um annað fyrirkomulag. Í þessum brbl. segir: „Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu kaup- og kjaraákvæði í úrskurði gerðardómsins gilda frá gildistökudegi laganna.“ Engin tilraun hefur verið gerð til þess að framkvæma þetta lagaboð. Ég hygg, að það sé aðeins ein grein í þessum l., sem hefur verið framkvæmd eins og í l. stendur, og það er 4. gr.: „Laun gerðardómsmanna greiðist úr ríkissjóði eftir ákvörðun ráðh.“ Ég hygg, að þetta sé eina atriði l., sem hefur verið framkvæmt.

Nú er ég síður en svo að harma það, að brotin séu niður lög af þessu tagi vegna þess, að ég tel, að samningsréttur sé algert grundvallaratriði og menn verði að kappkosta að halda þannig á málum, að hægt sé að semja á eðlilegan hátt um deilumál, og algerlega sé fráleitt, að atvinnurekendur geti reiknað með því sem sjálfgefnum hlut, að hæstv. ríkisstj. skerist í leikinn og úrskurði einhliða. Engu að síður eru þessi vinnubrögð, sem þarna hafa gerzt, ósæmileg með öllu, og tilgangurinn er fyrst og fremst þessi, að almennir launamenn mega ekki fá að vita, um hvað þarna hefur verið samið í raun og veru. Hæstv. ríkisstj. óttast að vonum, að launamenn eigi erfitt með að una öllu lengur því kaupi, sem hér er greitt almennu verkafólki á Íslandi. Og þegar það gerist, að annar hópur launamanna, sem er með margfalt hærra kaup, fær kaupuppbót með samþykki hæstv. ríkisstj., kaupuppbót, sem er mjög veruleg frá sjónarmiði verkamanna, þá hlýtur það að hafa áhrif á þróun þessara mála. Það liggur í augum uppi. Og ég held, að það væri mjög æskilegt, og raunar held ég, að við eigum kröfu til þess, að hæstv. ráðh. gefi hér skýrslu um það, um hvað var samið við flugliðana, ekki með almennum orðum eins og áðan, heldur með því að tiltaka ákveðnar upphæðir á mánuði. Feluleikur, eins og ástundaður hefur verið, er algerlega ósæmilegur, og hann kemur ekki að gagni heldur vegna þess, að þá koma í staðinn hviksögur, sem ég hygg, að muni sízt verða hæstv. ríkisstj. hagstæðari en sannleikurinn sjálfur.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er náttúrlega ekki langt síðan ég fór að kynnast hv. 6. þm. Reykv., en ég hefði ekki búizt við, að hann væri svo kaldrifjaður eins og fram kemur í þessari síðustu ræðu hans. Hann segir, að ég hafi átt þátt í því að semja við flugliða utan við gerðardóminn og að flugliðar hafi fengið svo og svo miklar hækkanir með samþykki ríkisstj. Sem betur fer eru það fáir hv. þm., sem temja sér svona málflutning, aðeins að fullyrða út í loftið það, sem enginn fótur er fyrir, og treysta því, að einhverjir trúi því, sem þeir eru að fleipra með. Svo var þessi hv. þm. að tala um, að það gætu komizt hviksögur á fót. En hverjir skyldi verða höfundar slíkra hviksagna frekar en þeir, sem tala í þeim dúr, sem hv. 6. þm. Reykv. gerði hér áðan?

Það er leiðinlegt, að hv. þm. skuli temja sér svona málflutning. Það er alls ekki sæmandi. Og svo er hv. þm. að tala um það, að það sé ekkert vitað, um hvað var samið á bak við tjöldin, og skorar á mig að gefa skýrslu um það, höfund samkomulagsins, eins og hann kallar svo. Ég ætti líklega að vita það, hvað hefur verið samið um utan við þetta plagg, ef ég er höfundur þess, eins og hv. þm. vill fullyrða. Svona fullyrðingar stangast á við allt velsæmi og eru alls ekki svaraverðar.

Það er vitað mál, að flugfélögin sömdu við flugliðana um dagpeningana. Loftleiðir sömdu um búninginn og Loftleiðir sömdu einnig við sína flugliða um lengri vinnutíma en þeir áður höfðu haft. Mér var sagt, að þeir hefðu sparað sér ráðningu á tveimur eða þremur flugáhöfnum með því, að flugliðar Loftleiða tóku að sér að vinna lengri tíma en tilskilið var í samningunum. Fyrir þetta fengu þeir vitanlega hærra mánaðarkaup, en ekki hærra tímakaup, og út af fyrir sig held ég, að það sé ekki nema hrósvert að gera samninga á þessum grundvelli, á meðan vinnutíminn er ekki of langur, ekki hættulega of langur í svo ábyrgðarmiklu starfi, sem það er að stjórna flugvél. Þetta er það, sem mér hefur verið sagt um samninga á milli flugliða annars vegar og flugfélaganna hins vegar, á meðan gerðardómurinn var í smíðum.

Hv. 6. þm. Reykv. vitnar í það, að núv. ríkisstj. hafi gefið út mörg brbl. og það hafi alltaf verið gert í sambandi við vinnudeilur. Það hefur verið gert nokkrum sinnum að gefa út brbl., en aldrei nema í ítrustu neyð. Hv. 6. þm. Reykv. fullyrti, að ríkisstj. tæki alltaf afstöðu með atvinnurekendum gegn launþegum. En hvað segja nú þessi lög, sem við nú erum að ræða? Þar er gert ráð fyrir þriggja manna gerðardómi, sem hæstiréttur skipar. Það hefði verið í samræmi við málflutning hv. 6. þm. Reykv. hér áðan að segja eitthvað á þá leið: Ríkisstj. réð því nú alveg, hvaða menn hæstiréttur skipaði í gerðardóminn. Ég er dálítið hissa, að hann skyldi ekki fullyrða það. Það hefði verið í samræmi við annað orðalag í ræðu þessa hv. þm. En hann gerði það ekki. Kannske hefur hann gleymt því. E. t. v. gerir hann það í næstu ræðu til rökstuðnings því, að ríkisstj. hafi tekið afstöðu með atvinnurekendum, því að hafi ríkisstj. ekki fyrir fram vitað, hverjir ættu að fara í gerðardóminn, þá vissi hún ekkert um, hvaða afstöðu gerðardómurinn tæki gagnvart deilunni. Og ég geri nú ráð fyrir því, að engum öðrum en hv. 6. þm. Reykv. detti í hug að efast um það, að þessir gerðardómsmenn þrír, sem skipaðir voru af hæstarétti, hafi unnið að þessu plaggi af ítrustu samvizkusemi. Ég er alveg sannfærður um það, að þeir hafa gert það. Þeir hafa unnið að þessu af ítrustu samvizkusemi. Þess vegna ætti hv. 6. þm. Reykv. ekki að vera með fullyrðingar á borð við þetta.

Hv. þm. talaði um það, að flugfélögin ættu alveg víst, að það yrðu gefin út brbl. þeim til bjargar. Það er náttúrlega, ef um tvennt er að ræða, annaðhvort það að láta flugfélögin hætta starfsemi og fara á hausinn, eins og það er kallað, eða gefa út brbl., þá er valið ekkert erfitt frá mínu sjónarmiði. Þá vil ég gefa út brbl., ef það nægir til þess að bjarga þessum mikilvæga atvinnurekstri okkar, sem flugið er orðið. En það má hv. 6. þm. Reykv. vita, eins og allir aðrir þm., að það var ekki horfið að því að gefa út brbl., fyrr en búið var að boða verkfall og allt var að komast í strand. Nú gæti ég bezt trúað því, að hv. 6. þm. Reykv. hafi ekki hugmynd um það í rauninni, um hvað var deilt. Ég gæti bezt trúað því. Ég held, að hann geri ráð fyrir því, að það hafi verið sáralítið, sem bar á milli. En til upplýsingar fyrir hann, – ég geri ráð fyrir, að flestir aðrir þm. hafi gert sér grein fyrir því – (**MK:** Það stendur í brbl.) Nei, það stendur nú ekki að öllu leyti í brbl. Það er talað um prósenttölu, hlaupandi, en það er hægt að gefa nánari skýringar á þessu, því að það er að sjá, að það, sem stendur í brbl., hafi ekki nægt hv. 6. þm. Reykv. sem rök fyrir málinu.

Hér er um þrjá launaflokka að ræða. Fyrsti launaflokkurinn er fyrir byrjendur, þ. e. fyrstu 6 mánuðina. Það er á DC-3 og DC-4. Þar er mánaðarkaupið lágt, 13655 kr., eða var fyrir hækkunina. Krafan var 20 þús. eða hækkun um 6345, þ. e. 46.5%. Svo er það annar flokkurinn. Það er á DC-3 og Fokker. Þar voru launin frá 20 þús. upp í 26 þús., en krafa um hækkun var úr 20 þús. upp í 33 þús., og 26 þús. í 49 þús., eða 58 – 87%. Ef við tökum svo þriðja flokkinn, sem er Boeing 727, þar voru launin 38537, krafa var 86 þús., eða 123.2%. Þetta voru þær hækkanir, sem um var að ræða, og það var ekki aðeins mánaðarkaupið, heldur var einnig um að ræða mikla hækkun, þegar flogið var umfram umsaminn flugtíma. Þegar flogið er umfram umsaminn flugtíma, en umsaminn flugtími núna er frá 50 – 60 stundir á mánuði eftir því, á hvaða flugvél er flogið, þá var krafan á minni vélunum 1500 kr. á klst., en í úrskurði gerðardómsins er það 570 kr. Á Rolls Royce 400 var krafan 2000 á klst., en í úrskurði gerðardómsins eru það 850 kr. Á Boeing 727 var krafizt 2500 kr. á klst., en í úrskurðinum er 910, þannig að það bar anzi mikið á milli, og það er náttúrlega reginmunur á því, sem úrskurðað var samkv. gerðardómnum, og því, sem krafizt var í byrjun. Flugfélögin bæði töldu, að með þessum kröfum flugliða væri starfseminni ógnað og að tilveruréttur flugfélaganna væri settur á vægast sagt mjög veikan grunn.

Sannleikurinn er sá, að ég er dálítið hissa á því, að þegar gerðardómsleiðin er valin og hlutlausum aðila er fengið málið í hendur, þá skuli það valda deilum hér í hv. Alþ., að þessi leið var farin til þess að bjarga þessu máli, sem komið var í algeran hnút og sáttasemjari gafst algerlega upp við að leysa. Ég held satt að segja, að það sé hægt að finna sér nóg deiluefni hér í hv. Alþ., þó að menn hefðu komið sér saman um það, að nauðsynlegt var að leysa þessa deilu, að það var skylt að koma í veg fyrir, að flugið stöðvaðist í vor, eins og útlit var fyrir, að það mundi gera. Ég hefði haldið það. Og ég hefði haldið það, að þó að við séum sammála um, allir hv. þm., að flugliðar okkar eigi allt gott skilið, þá væri sanngjarnt, að þeir sættu sig við það, sem þeir hafa nú fengið samkv. úrskurði gerðardómsins. Þeir gegna ábyrgðarstöðum, en þeir hafa líka hæstu laun, sem greidd eru í landinu, og þeir hafa ekki samkv. því, sem upplýst er, þvingandi langan vinnutíma.

Hv. 6. þm. Reykv. sagði hér áðan, að gerðardómurinn, þessi bók hér, væri bara ómerkilegt plagg, sem væri látið fara í ruslakörfuna, lögin væru ekki framkvæmd, gerðardómurinn væri markleysa. Allir vita betur. Allir vita það, að lögin hafa verið framkvæmd og eru þegar í fullu gildi. Allir vita það, að eftir úrskurði gerðardómsins er farið, nema hv. 6. þm. Reykv. En auðvitað

hlýtur hann að vita þetta, þó að hann temji sér að fullyrða annað. En ég held, að það sé svo ekki annað, sem ég þarf að taka fram. Ég held, að ég hafi hér með hrakið fullyrðingar hv. þm., og ég á ekki von á því, að nokkur annar hv. þm. taki undir það, sem hann hér áðan sagði.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég er einnig farinn að hafa dálítil kynni af hæstv. flugmálarh., og ég þekki það vel, að þegar hann kemur upp í þennan ræðustól og setur upp ljómandi sakleysissvip, þá kemur einhver fullyrðing, sem er algerlega fjarstæð. Hæstv. ráðh. sagði áðan mjög sakleysislegur í framan, að því færi fjarri, að hann hefði staðið að þeim samningum, sem gerðir voru milli flugfélaganna og flugliða, eftir að þessi brbl. voru sett. Nú veit ég það fullvel, að ráðamenn flugfélaganna ræddu það mál sérstaklega við hæstv. ráðh., áður en þeir gerðu þennan samning, og fengu hjá honum samþykki til þess, því að að sjálfsögðu treystu þeir sér ekki til þess að gera slíkan samning, nema það væri gert í samvinnu við hæstv. ráðh. Hitt skal ég fúslega viðurkenna, að ég hef engin gögn í höndunum til þess að sanna þessa staðhæfingu. Hins vegar vita þetta allir menn, sem eitthvað komu nálægt þessum málum. Það vita það allir, að hæstv. ráðh. tók þátt í því sjálfur, að gerðir væru samningar, sem brutu niður þau brbl., sem hann var nýbúinn að setja. Þetta framferði hjá hæstv. ráðh. er vægast sagt furðulegt og brýtur, eins og ég sagði áðan, í bága við lög.

Hæstv. ráðh. vildi vefengja það, sem ég sagði, að þau brbl., sem ríkisstj. hefði sett um lausn kjaradeilna, hefðu verið einhliða til stuðnings við atvinnurekendur, og í sambandi við þau brbl., sem hér eru til umr., setti hann upp sakleysissvip á ný og sagði, að þarna væri aðeins gert ráð fyrir því, að skipaður yrði þriggja manna gerðardómur af hæstarétti, og hvernig dytti mér í hug að halda því fram, að valinkunnir menn, sem hæstiréttur skipaði, færu að reka erindi ríkisstj. Þetta væru hlutlausir menn, sem mundu kveða upp sinn dóm af fyllstu sanngirni. Ég held, að hæstv. ráðh. hljóti að vita, hvað fólst í þessum lögum, sem hann var sjálfur að setja. Í l. eru fyrirmæli til gerðardómsins um það, hvernig hann eigi að fara að því að vinna. 2. gr. laganna hljóðar svo:

„Gerðardómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara atvinnuflugmanna og flugvélstjóra miða í meginatriðum við þá samninga stéttarfélaga þeirra við Flugfélag Íslands hf. og Loftleiðir hf., sem gilt hafa, og þær launa- og kjarabreytingar, sem samið var um milli fulltrúa vinnuveitenda og Alþýðusambands Íslands 19. maí 1969."

Þarna er gerðardómnum fyrirskipað, hvernig hann eigi að vinna. Og þetta á ég við, þegar ég segi, að ríkisstj. hlutist til um kjaradeilu og ákveði einhliða, hvernig kveða skuli upp úrskurð í samræmi við afstöðu atvinnurekenda, eins og gerist í þessu dæmi og eins og gerzt hefur í öllum dæmum, þegar ríkisstj. hefur sett lög um þessi mál. Það er einmitt sérkenni á hæstv. ráðh., þegar hann stóð hér áðan og var að tala um þennan gerðardóm, sem gæti kveðið upp úrskurð eftir sinni innstu sannfæringu án þess að þurfa að fara eftir nokkru, sem ríkisstj. segði á sama tíma og dómnum eru sett lög, sem hann verður að fylgja.

Hæstv. ráðh. talaði um það á hjartnæman hátt, að hann hefði orðið að bjarga afkomu flugfélaganna, sem væru mikilvæg fyrirtæki fyrir þjóðarbúskapinn, og ef um það væri að ræða að bjarga þeim eða hlutast til um slík málefni með löggjöf, þá mundi hann ekki hika. En málið er ekki svona einfalt. Ástæðan til þess, að þetta mál komst í harðan hnút í vor, var einmitt sú vitneskja flugfélaganna, að hæstv. ríkisstj. mundi grípa inn í deiluna með brbl. Afleiðing af slíkri vitneskju er sú, að það kemur ekki til neinna raunverulegra samninga. Ef annar aðili veit, að hann hefur vissu fyrir því, að hans málstaður geti náð fram að ganga, fæst hann að sjálfsögðu ekki til þess að semja. Flugmennirnir höfðu boðað, ef ég man rétt, tveggja daga verkfall til þess að ýta á eftir kröfum sínum. Ég man ekki betur en þeir væru veikir í tvo daga, og ég varð ekki var við, að flugfélögin færu um koll af þeim sökum.

Hins vegar vitraðist ráðamönnum flugfélaganna sú staðreynd, að það er ekki hægt að reka neitt fyrirtæki, allra sízt flugfélög, nema starfsfólkið starfi þar af sæmilega góðum hug. Á því veltur allur reksturinn, og á því veltur afkoma slíkra fyrirtækja. Sú harka, sem komin var í málin hjá flugfélögunum, var orðin mjög hættuleg rekstri flugfélaganna sjálfra, og það var af þeim ástæðum, sem þau sáu sér þann kost vænstan að semja, eftir að l. höfðu verið sett, og semja um miklu meiri árarangur en felst í þeim gerðardómi, sem var kveðinn upp í september. Það er mikill munur á þeim greiðslum, sem flugmenn fá nú í raun og veru og ákvæðum gerðardómsins. Og þess vegna er það, að hæstv. ráðh. hefur ekki gert neina tilraun til að framkvæma 6. gr. l., sem segir svo: „Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu kaup- og kjaraákvæði í úrskurði gerðardómsins gilda frá gildistökudegi l." Hæstv. ráðh. hefur ekki gert neina tilraun til þess að framkvæma þetta. Hann veit, að greiðslurnar eru mun hærri en gert er ráð fyrir í gerðardómnum, en hann reynir ekki að framkvæma l. Þessa athyglisverðu staðreynd ber hæstv. ráðh. að viðurkenna, og ég tel, að fyrst hæstv. ráðh. fæst ekki til þess að segja hér úr ræðustóli frá því, um hvað var samið í raun og veru í leynisamningunum milli flugfélaganna og flugliðanna, þá eigi sú hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, að kanna það til hlítar og skýra svo frá því hér á þingi, hverjir þessir samningar eru í raun og veru.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21:5 atkv. og til samgmn. með 23 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 29. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., 30. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 29, n. 262 og 265).

Frsm. meiri hl. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Samgmn. þessarar hv. d. hefur haft mál þetta til meðferðar, en það er frv. til l. um skipan gerðardóms í kjaradeilu atvinnuflugmanna og flugvélstjóra og ís-

lenzkra flugfélaga. Um þetta mál þarf ekki að hafa mörg orð. Þetta er aðeins frv., sem flutt er til staðfestingar brbl. og lagt fyrir Alþ. samkvæmt skýrum ákvæðum 28. gr. stjórnarskrárinnar. N. fjallaði nokkuð um þetta mál, en gat ekki náð samstöðu og skilar tveimur álitum. Álit meiri hl. var á þá leið, að við leggjum til að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Svo sem frsm. meiri hl. samgmn. hefur skýrt frá, ræddi n. þetta frv. til l. til staðfestingar á brbl. og varð ekki sammála um málið. N. klofnaði, og skipa minni hl. auk mín Sigurvin Einarsson, hv. 1. þm. Vestf., og Steingrímur Pálsson, hv. 8. landsk. þm.

Það er „prinsip"-mál verkalýðshreyfingarinnar að sætta sig ekki við og samþykkja ekki setningu gerðardómslaga í launadeilum. Alþýðusamtökin hafa alltaf verið andvíg því, að ríkisvaldið grípi inn í þau frjálsu samningamál aðilanna á vinnumarkaðinum, verkalýðshreyfingarinnar annars vegar og samtaka atvinnurekenda hins vegar. Þau mál teljum við að eigi að leysa á þessum löghelgaða og frjálsa samningsgrundvelli. Hér er um það að ræða, að gripið var inn í deilu, sem risið hafði um kjör atvinnuflugmanna og flugvélstjóra á miðju síðasta ári, og hafði verið boðuð 48 klst. vinnustöðvun flugmanna og flugvélstjóra. Inn í þetta mál greip svo hæstv. ríkisstj. með útgáfu einna brbl. af mörgum, sem hún hefur gefið út undir líkum kringumstæðum. Við í minni hl. teljum, að þetta frv. beri að fella. Og hef ég ekki fleira um það að segja. Sú afstaða á ekki að þurfa útskýringar við.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls vakti ég athygli á því, að í kringum þessi brbl. hefðu gerzt býsna fróðlegir atburðir. Þessi lög voru sett, eins og hv. 9. þm. Reykv. minntist á hér áðan, vegna þess að flugliðar höfðu boðað verkfall í 48 stundir. Eftir að l. voru sett, gerðust þau tíðindi, að flugliðarnir urðu veikir jafnlengi og verkfallið hefði átt að standa. Auðvitað vita allir, hvað á bak við þetta var. Þarna var verið að brjóta á bak aftur þessa lagasetningu hæstv. ríkisstj. Við þurfum ekki að hafa neina tæpitungu um það. Og þetta hafði ekki aðeins þær afleiðingar, að þessi ákvæði í brbl. væru að engu gerð, heldur leiddi þetta til þess, að flugfélögin sömdu við flugliða nokkrum dögum eftir að þessi brbl. voru sett. Þau gerðu nýja kjarasamninga við flugliða með mun hærri ákvæðum um kaup og kjör en mælt er fyrir um í þessum brbl. Ég spurði hæstv. flugmálarh. um það við 1. umr. þessa máls, hverjir þeir samningar hefðu verið, um hvaða kaup hefði verið samið í raun og veru og hvaða kjör, en hæstv. ráðh. fór undan í flæmingi. Ég beindi þá þeim tilmælum til þeirrar hv. d., sem fengi málið til meðferðar, að hún aflaði sér vitneskju um þessi atriði, en af ræðum framsögumanna að dæma virðist n. ekki hafa fengið þessa vitneskju. Engu að síður skiptir þessi vitneskja verulegu máli. Við þurfum að fá að vita það hér á Alþ., um hvað var samið í kjölfar þessara brbl., vegna þess að þessi l., sem hér er lagt til að verði staðfest á Alþ., eru algert pappírsgagn, hafa ekkert annað gildi en þessi pappír, sem þau eru prentuð á, því að vinna flugmanna fer fram eftir allt öðrum ákvæðum. Það eina, sem staðizt hefur í þessum brbl., er ákvæði 4. gr.: Laun gerðardómsmanna greiðist úr ríkissjóði eftir ákvörðun ráðherra. – Þetta er hið einasta, sem staðizt hefur í þessari lagasetningu. (Gripið fram í.) Það er alveg rétt, vafalaust þarf ekki neina nýja lagasetningu til þess að tryggja það, að gerðardómsmennirnir fái kaupið sitt. Það tel ég alveg víst.

En þetta skiptir einnig talsverðu máli af annarri ástæðu. Í brbl. getur að líta þessa fróðlegu setningu: „Væri samið við atvinnuflugmenn og flugvélstjóra nú á grundvelli krafna þeirra, mundi raskað því jafnvægi og vinnufriði, sem komizt hafði á með hinum víðtæku samningum 19. maí þ. á." Þessi brbl. átti sem sé að setja til að raska ekki því samkomulagi sem gert hafði verið við verkalýðsfélögin 19. maí. Ástæðan til þess, að samningarnir voru faldir, var sú, að ríkisstj. telur og hefur lýst því yfir, að samningar flugliða séu fordæmi fyrir aðra launþega. Og þetta er yfirlýsing, sem ástæða er til þess að veita sérstaka athygli.

Nú rétt nýlega var skýrt frá því í blöðum, að gerður hefði verið samningur um kaup flugliða í sambandi við þotuflug, sem Loftleiðir hafa í hyggju að hefja á næstunni. Í þessari frétt var greint frá launakjörum, sem um hafði verið samið, og mörgum þóttu þau fróðlega há. Þau hámarkskjör, sem þar var rætt um, voru 105 þús. kr. á mánuði. Samningurinn tók til þriggja ára, og þar voru einnig ákvæði um það, að hann skyldi hækka um 5% á ársfresti. Einnig skyldi hann hækka um 5%, ef upp væri tekið flug með stærri þotum, þannig að þau hámarkslaunaákvæði, sem felast í þessu samkomulagi, eru yfir 120 þús. kr. á mánuði eða hálf önnur millj. kr. á ári. Eftir þessu verður að sjálfsögðu tekið, ekki sízt vegna þess að fyrir liggur yfirlýsing hæstv. ríkisstj. um það, að kaup flugliða sé fordæmi fyrir aðra launamenn. Þess vegna teldi ég, að það væri ákaflega fróðlegt að fá að heyra mat hæstv. flugmálarh. á því, hvaða launakröfur væri eðlilegt að gera fyrir aðra launamenn, út frá þeim samningum, sem þegar hafa verið gerðir í góðu samkomulagi við hæstv. ríkisstj. við flugliðana.

Raunar væri einnig fróðlegt af öðrum ástæðum að heyra mat þessa hæstv. ráðh., vegna þess að hann mundi tala einnig sem málsvari Sjálfstfl., en framkvæmdastjóri þess flokks hefur fyrir örfáum dögum skýrt frá kaupkröfum sínum fyrir hönd lögfræðinga í opinberri þjónustu. Þar voru bornar fram kröfur um það, að kaup lögfræðinga í opinberri þjónustu skyldi vera að lágmarki til 40 þús. kr. á mánuði, og hámarkið 110 þús. kr. á mánuði. Þessi till. var borin fram af framkvæmdastjóra Sjálfstfl., og ég dreg ekki í efa, að hann hafi ráðgazt við nánustu samverkamenn sína í flokknum um þessa kröfugerð. Einnig af þessum ástæðum væri fróðlegt að heyra mat hæstv. ráðh. á þessu atriði, og vil ég fara þess á leit við hann, að hann greini okkur frá því.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. meiri hl. samgmn. hefur lagt til, að frv. til staðfestingar á brbl. sem gefin voru út 18. júní 1969, verði samþ. Hér er vitanlega sjálfsagt og eðlilegt að samþykkja þetta frv., því hvað sem því líður, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði hér

áðan, að þessi l. væru pappírsgagn, þá vita allir, að þessi l. gerðu sitt gagn, þegar þau voru sett, og komu í veg fyrir, að flugflotinn stöðvaðist. Þess vegna er sjálfsagt og eðlilegt að staðfesta þessi l. með því að samþykkja þetta frv.

Hv. 6. þm. Reykv. fullyrti, að flugfélögin hefðu samið við flugliðana um allt önnur kjör en felast í brbl. Mér er kunnugt um, að einhverjir samningar fóru fram, m. a. að lengja vinnutíma flugmanna og borga þeim fyrir þá aukavinnu, sem þeir legðu á sig. Hins vegar var ríkisstj. ekkert með í því samkomulagi, og ríkisstj. hefur aldrei blandað sér inn í frjálsa samninga atvinnurekenda og launþega. Það var ekki fyrr en það var ljóst, að flugflotinn mundi stöðvast, að þessi brbl. voru gefin út. Ég sé, að þeir félagar, hv. 4. þm. Reykv. og hv. 6. þm. Reykv., brosa að þessu, en það er þeim ekki of gott. Ríkisstj. gaf þessi brbl. út til þess að koma í veg fyrir, að flugið stöðvaðist á s. l. vori.

Nú er sagt, að Loftleiðir hafi gert nýja samninga við flugliða í sambandi við þotuflug, og í fréttatilkynningunni er sagt, að það sé um mjög háar launagreiðslur að ræða. Ríkisstj. hefur ekki haft afskipti af þessum samningum. Það eru samningar á milli Loftleiða og þotuflugmanna væntanlega. Ég hef hitt forstjóra Loftleiða, eftir að þessir samningar voru gerðir, og spurt hann nokkuð um það, hvernig þetta væri. Hámarkslaunin koma eftir að starfstíminn er 24 ár. Launin hjá þotuflugmönnum eru frá 50 þús. og upp í 105 þús. eftir starfsaldri. Þetta eru há laun á okkar mælikvarða. Það er reiknað með, að Loftleiðir geti tekið þotur í notkun á N.-Atlantshafinu og einnig á suðurleiðinni á milli Lúxembúrg og Bahamaeyja, sem þeir reyndar eru byrjaðir á. Þeir þotuflugmenn, sem verða á syðri leiðinni, verða langdvölum fjarri Íslandi, og ég geri ráð fyrir því, að þeir flugmenn, sem fljúga á norðurleiðinni og suðurleiðinni, skiptist á og þessir samningar og þessi háu laun séu að nokkru leyti ákveðin með það fyrir augum, að þessir Íslendingar verði mánuðum saman erlendis án þess að koma heim, og þar sé að nokkru leyti fengin skýringin á þessum háu launum, sem ég ætla ekki að leggja neinn dóm á og ríkisstj. hefur ekki haft nein afskipti af.

Hv. 6. þm. Reykv. talar hér um kaupkröfur lögfræðinga og minntist eitthvað í því sambandi á framkvæmdastjóra Sjálfstfl., og náttúrlega hlyti Sjálfstfl. að bera ábyrgð á þessari kröfu hans. Þetta er nú dálítið langsótt hjá hv. þm. Ég held, að hér í landi sé svokallað lögfræðingafélag, stéttarfélag, og það ber fram sínar óskir, en það á ábyggilega langt í land, að þær óskir verði samþykktar, og Sjálfstfl. ber enga ábyrgð á því, þótt framkvæmdastjóri Sjálfstfl. sé í þessu félagi og beri fram óskir þessa stéttarfélags. Þetta veit hv. 6. þm. Reykv., þótt hann sé nú að reyna hér í Alþ. að gera sér mat úr því, en ég þekki a. m. k. einn lögfræðing, sem er flokksbróðir hv. 6. þm. Reykv., og ég gæti nú bezt trúað því, að hann væri ekki eftirbátur í kröfugerðinni. Sjálfsagt eru þeir miklu fleiri í flokki lögfræðinga, sem mundu vilja taka undir þetta.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv. Ég vil þakka meiri hl. hv. n. fyrir að leggja til, að frv. verði samþ. Brbl. gerðu sitt gagn. Brbl. eru fyrir utan það, sem nú er á dagskrá í sambandi við Loftleiðir og þotuflugið, sem verður að miklu leyti utan Íslands, og við vitum það allir í þessari hv. d., að íslenzkt efnahagskerfi þolir ekki þessar háu launagreiðslur. Þær byggjast á því, að flugmennirnir dveljist langdvölum erlendis og vinni utan Íslands við það að flytja erlenda farþega. En það væri ábyggilega æskilegt, að við gætum unnið að því sameiginlega að treysta svo undirstöður íslenzks atvinnulífs, að það gæti hækkað laun, ekki til flugmanna, heldur fyrst og fremst til þeirra, sem eru lægst launaðir.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það er í tilefni af ummælum, sem fram komu hjá hv. 6. þm. Reykv., sem ég tel ástæðu til að kveðja mér hljóðs. Hann lét þau orð falla, að samgmn. hefði ekki aflað sér upplýsinga um þá samninga, sem gerðir voru í fyrravor rétt eftir útkomu brbl. Þetta er rétt hjá honum. Ég fór fram á það í samgmn., að þetta yrði gert, og ég óskaði eftir, að fulltrúi flugmanna í fyrrnefndri deilu mætti hjá n. og gerði henni grein fyrir þeim samningum, sem gerðir voru í fyrravor, fimm dögum eftir að brbl. voru gefin út, og okkur er fullkunnugt um að voru gerðir, jafnframt að við fengjum gerðardóminn, sem féll eða okkur er tjáð að hafi fallið í september, held ég, að það hafi verið, um það, hvernig kjör flugmanna skyldu verða. Ég vildi kynna mér þetta hvort tveggja. En meiri hl. samgmn., sá meiri hl., sem mælir með samþykkt þessa frv., vildi ekki fallast á það, taldi enga nauðsyn á að kanna þetta meira. Þess vegna var það ekki gert.

Að öðru leyti skal ég ekki fara mikið út í þetta mál. Ég álít höfuðatriðið í þessu máli og hið langalvarlegasta, að það er farið að bera anzi mikið á því, þegar launastéttirnar og atvinnurekendur eiga í deilum, að þá sé gripið til þess að gefa út brbl., og ég hef fulla ástæðu til að ætla, að atvinnurekendur séu farnir að nota sér þetta, og geri ekki samninga, af því að þeir eigi von á því, að þetta verði leyst með brbl., eins og þarna var gert. Það tel ég alvarlegt og sérstaklega alvarlegt að því leyti, að með þessu er verið að þurrka út samningsréttinn. Það verður ekkert úr samningsrétti, ef þetta á að framkvæma svona. Það tel ég mjög alvarlegt.

Hæstv. ráðh. leggur áherzlu á, að frv. verði samþykkt, og það er ég ekki að lá honum, fyrst hann gaf brbl. út, þó að hann vilji það. Bæði er það skylda samkvæmt stjórnarskránni að leggja brbl. fyrir næsta þing og það væri a. m. k. ekki eðlilegt, að hann óskaði eftir því, að frv. yrði fellt. En brbl. hafa oft verið gefin út áður og nokkrum sinnum, að ég ætla, með þeim ákvæðum, að þau gildi til ákveðins tíma, og eins er um þessi. Ég man eftir brbl., sem féllu sjálfkrafa úr gildi, mig minnir 1. des., og einhver fleiri lög munu hafa verið svipað úr garði gerð. Þessi lög falla sjálfkrafa úr gildi 15. maí n. k. Nú hefði ég talið alveg eins skynsamlegt af hæstv. ráðh. að bíða með þetta til þess að vita, hvort þingið dragist ekki til 15. maí, svo að l. yrðu sjálfdauð, eins og hliðstæð lög sum hafa orðið áður. Þá hafa menn sloppið vel frá þessu. Sannleikurinn er sá, að það er varla ómaksins vert að vera að samþykkja þetta frv., hvernig sem menn líta á efni þess, þegar allir vita, að þessir aðilar sömdu um sín kjör fimm dögum eftir að brbl. voru gefin út. Svo fellur gerðardómur um þetta í september, að ég

ætla, ágúst eða september, sem enginn maður lítur á og enginn hefur farið eftir. Loks eru gerðir nýir samningar núna í janúar, sem taka ýmsu öðru fram, og ég get ekki betur séð en þeir samningar séu algert lagabrot. Brbl. eru í gildi enn, og í 1. gr. þessara l. segir, að hæstiréttur tilnefni þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði kaup og kjör atvinnuflugmanna og flugvélstjóra í Félagi ísl. atvinnuflugmanna og Flugvirkjafélagi Íslands við störf fyrir íslenzk flugfélög. Þetta er í fullu gildi. Ég veit ekki, með hvaða lagaheimild þessir aðilar hafa verið að semja um daginn. Er þetta ekki algert brot á þessari 1. gr.? Á þessu geta menn nú séð, hvað brbl. eru tekin alvarlega.

Ég held, að það sé ekkert ofmælt hjá okkur, sem minni hl. samgmn. skipum, að það sé ekki ástæða til að samþykkja þessi lög. Það hefur aldrei verið farið eftir þeim. Það er farið að gera nýja samninga þvert ofan í lögin. Þess vegna tel ég eðlilegt að fella frv., eins og greint er frá í okkar nál. En frá sjónarmiði hæstv. ráðh. hefði verið mjög skynsamlegt að bíða svolítið og vita, hvort frv. hefði ekki fengið hægari og minna áberandi dauðdaga.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Hæstv. flugmálarh. er fáum mönnum líkur. Við erum hér að ræða um frv. til l. frá hæstv. ríkisstj. þess efnis, að frjálsir samningar tiltekinna aðila skulu bannaðir og í staðinn skuli koma gerðardómur. Samt stendur hæstv. ráðh. hér í ræðustól og segir: „Ríkisstj. hefur aldrei blandað sér í frjálsa samninga atvinnurekenda og verkalýðsfélaga.“ Staðreyndir eru þær, að þessi ríkisstj. hefur gert þetta oftar en nokkur önnur ríkisstj. í sögu landsins, og hún hefur gert þetta að fastri reglu sérstaklega í sambandi við flugfélögin og það að svo fastri reglu, að flugfélögin voru farin að reikna með þessu eins og öruggum hlut og voru alls ekki til viðræðna um neina raunverulega samninga, vegna þess að ráðamennirnir vissu, að l. mundu koma. Það var það, sem olli því, að flugliðar brugðust eins harkalega við og allir vita.

Hæstv. ráðh. sagði, að l. hefðu þrátt fyrir allt gert sitt gagn, þegar þau voru sett. Tilgangur l. var tvíþættur, annars vegar að koma í veg fyrir 48 stunda vinnudeilu, verkfall, sem boðað hafði verið, og í öðru lagi að tiltaka, að kaup og kjör flugliða skyldu vera í samræmi við launa- og kjarabreytingar, sem um hafði verið samið áður við verkalýðsfélögin. Þetta var hinn tvíþætti tilgangur brbl. En hvorugu þessu var náð. Vinnustöðvun flugliðanna fór fram nákvæmlega eins og flugliðarnir höfðu boðað, og nýr samningur var gerður nokkrum dögum síðar um allt annað en það, sem í gerðardómnum felst. Það er ekkert eftir í þessum l., ekki snefill, og einnig af þeirri ástæðu er sjálfsagt að fella þessi brbl., hvort sem menn eru að meginreglu á móti slíkri íhlutun stjórnarvalda, eins og ég er, eða menn eru það ekki. Þessi brbl. hafa ekkert gildi lengur, nákvæmlega ekkert.

Hæstv. ráðh. svaraði nokkuð fsp. minni um það, hvaða mat hann hefði á kaupi því, sem um hefði verið samið í sambandi við þotuflug. Hann rökstuddi kaupið í ýmsum atriðum, þarna væru nýjar og flóknar vélar, meiri kunnátta og meiri ábyrgð, og þarna væri um að ræða fjarveru frá Íslandi langtímum saman. Mér dettur ekki í hug að gagnrýna þessi sjónarmið og hef ekki gert það. En þessi sjónarmið eiga við fleiri en flugmenn eina. Það er almenn regla í öllum störfum á Íslandi um þessar mundir, að vélar þær, sem menn vinna með, verða sífellt fullkomnari og flóknari, og það þarf meiri kunnáttu til þess að fara með þær. Það er ágætt, að sú regla sé viðurkennd, að eftir því sem mönnum er trúað fyrir flóknari tækjum, eigi þeir að fá hærra kaup. Og það eru býsna margir aðilar á Íslandi, sem verða að vinna langtímum saman fjarri heimilum sínum. Þannig er ástatt um flesta sjómenn okkar, um farmenn okkar og um fjölmarga aðra launamenn, sem verða að sækja vinnu til staða, sem eru mjög fjarri heimilunum. Það er ágætt að fá viðurkennda þá reglu, að menn eigi að fá hærra kaup, miðað við þær aðstæður. Og í þessu er fólgin þessi viðurkenning, vegna þess, eins og ég sagði áðan, að það stendur í brbl. ríkisstj., að kaup og kjör flugliða séu fordæmi fyrir aðra launamenn.

Ég veit það fullvel, að framkvstj. Sjálfstfl. bar ekki fram kröfur sínar um launakjör lögfræðinga í nafni flokksins. Hann bar þær fram, vegna þess að hann var formaður í stéttarfélagi lögfræðinga. En ég geri ekki ráð fyrir, að sá ágæti maður hafi neitt tvískiptan persónuleika. Hann hlýtur að hafa sömu skoðun á þeim kröfum, sem hann telur rétt að bera fram fyrir hönd Lögfræðingafélagsins og þegar hann starfar innan Sjálfstfl. Hann hlýtur einnig sem framkvstj. Sjálfstfl. að telja þetta launakerfi eðlilegt. Og ef þetta launakerfi er eðlilegt fyrir lögfræðinga í opinberri þjónustu, sem ég er ekki að draga í efa, þá leiðir af því ákveðnar ályktanir fyrir aðra launamenn í þjóðfélaginu. Þetta þarf hæstv. ráðh. að gera sér fullkomlega ljóst.

Frsm. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég taldi alveg óþarft að hafa mörg orð um þetta mál. Það eina, sem máli skiptir, er það, hvernig menn taka afstöðu til þess, hvort menn verða með því eða hvort menn sameinast um að fella það, eins og minni hl. hv. samgmn. leggur til. Málið, sem brbl. fjalla um, er löngu leyst, eins og fleiri en einn hv. þm. hefur hér upplýst, og allir í þingsalnum vita. Þess vegna er í rauninni algerlega þarflaust að samþykkja það. En vegna þess, að þetta er „prinsip“-mál, á ekki að leggja það til hliðar. Það á ekki einu sinni að leyfa því að verða sjálfdautt. Það á að fella það. Það er skylda Alþ.

Þeir, sem taka þátt í að samþykkja frv. eins og þetta, eru ekki bara að taka afstöðu til afskipta ríkisstj. af flugmannadeilunni. Þeir eru að taka undir það við hæstv. ríkisstj., að frjálsan samningarétt sé sjálfsagt að sniðganga og grípa inn í frjálsa samninga með setningu brbl. hvenær sem ríkisstj. þóknast. Þeir eru í raun og veru að vanvirða samningaréttinn, og þess vegna hlýtur að verða tekið eftir því út frá því sjónarmiði, hvaða alþm. láta setja á sig handjárn og taka þannig þátt í því að óvirða frjálsan samningarétt í landinu. Það er miklu meira, sem þeir taka afstöðu til í atkvgr. um þetta frv. en bara um þetta ómerkilega, ógilda frv., sem ekki hefur verið framkvæmt og er orðin markleysa ein út af fyrir sig.

Mér blöskraði nú kokhreysti hæstv. ráðh., þegar hann stóð hér í ræðustólnum áðan með frv. í hendinni,

frv. um að grípa inn í löglega launadeilu flugmannanna. Með það í hendinni sagði hann: „Ríkisstj. hefur aldrei blandað sér í frjálsa samninga.“ Það er ekki heilsuleysið þarna.

Það er viðurkennt, að þarna hafi verið samið um há laun, en það sé vegna þess, að þessir menn séu svo mikið frá heimilum sínum. Það væri gaman að vita, hve mikið af hinu umsamda kaupi er þóknun og umbun fyrir að vera í starfi fjarri heimili sínu. Það hlýtur að vera talsverð upphæð miðað við 105 þús. kr. laun á mánuði a. m. k. En ég hygg, úr því að fengizt hefur ráðherrayfirlýsing um það, að slíkt tillit beri að taka í launasamningum, þá verði þess einhvern tíma minnzt, þegar verið er að semja fyrir íslenzka sjómenn og íslenzka farmenn, sem vissulega þurfa líka að vera fjarri heimilum sínum, stundum um langan tíma. Ég hygg, að þessara orða ráðh. verði einhvern tíma minnzt í samningum við sjómenn og farmenn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Annaðhvort er, að hv. 9. þm. Reykv. og hv. 6. þm. Reykv. hafa ekki viljað skilja mig rétt eða þeir hafa misskilið mig, þegar þeir halda því fram, að ég hafi tekið afstöðu til þeirra samninga, sem Loftleiðir gerðu við væntanlega *þotuflugmenn*. Ég var aðeins að lýsa því, hvað *forstjóri* Loftleiða hefði sagt til rökstuðnings fyrir þessu háa kaupi, sem samið var um. Ég tók það fram, að ég tæki enga afstöðu til þessara samninga.

Þá er alveg óþarfi fyrir þessa hv. þm. að misskilja orð mín, þegar ég sagði, að ríkisstj. hefði aldrei blandað sér inn í frjálsa samninga, á meðan þeir stóðu yfir. Ríkisstj. hefur aldrei gefið út brbl. eða blandað sér inn í samningana, fyrr en allt var komið í strand. Og þessi brbl. voru ekki gefin út, fyrr en sáttasemjari hafði gefizt upp á því að ná samningum á milli flugfélaganna og flugliðanna. Þetta vita hv. þm., og þess vegna er ég dálítið hissa á því, að þeir skuli vera að reyna að snúa út úr í þessu máli. Þeir vita, að ríkisstj. hefur ekki blandað sér inn í málin, fyrr en sáttasemjari hefur gefizt upp á því að ná samkomulagi. Ég þarf ekki að segja meira um þetta.

Frsm. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta, sem hæstv. ráðh. sagði núna, hefur hann ekki getað meint áðan, þegar hann sagði, að ríkisstj. hefði aldrei gripið inn í frjálsa samninga, því að það er einmitt meðan frjálsir samningar standa yfir, sem brbl. hafa verið sett af þessari hæstv. ríkisstj. En það er inngrip í frjálsa samninga, og það er gert fyrr en brbl. eru lögð fram. Þegar vinnuveitendur vita, að ráðh. er með brbl. í erminni, þá er búið að eyðileggja samningsaðstöðuna. Þá er verið að grípa inn í frjálsa samninga, og það er þetta, sem hæstv. ráðh. hefur þegar gert, ekki núna í fyrsta sinn, heldur margoft áður. Þessi orð hans, að hann hafi meint það, að hann hafi ekki verið aðili að samningunum, sem flugfélögin gerðu, þurftu engra skýringa við. Auðvitað gerðu flugfélögin þá samninga. En þau gripu þó inn í framkvæmd brbl., og var ekki hæstv. ráðh. það eitthvert kappsmál, að eftir l. yrði farið? Með samningunum voru þau alveg lögð til hliðar sem ómerkt plagg. En ráðh. stóð á sama um það. Gott og vel. Það eru auðvitað samningarnir, sem eiga að gilda. Brbl. sem þessi eiga að ógildast með öllum tiltækum ráðum, og það var gert í það sinn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 51. fundi í Nd., 2. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhH, JP, MB, MÁM, PJ, PS, SI, SvJ, BGr, BF, ÞG, BGuðm, EmJ, FÞ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, SB.

nei: JSk, JónasÁ, LJós, MK, SV, SP, VH, ÁÞ, BP, EðS, EystJ, GeirG, GíslG, HS, HV, IG.

5 þm. (JK, SE, ÞÞ, BK, BrS) fjarstaddir.

2. – 7. gr. samþ. með 18:13 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:14 atkv.

Á 54. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 3. umr. Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 55., 56., 57. og 58. fundi í Nd., 5., 9., 10. og 12. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., 16. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:13 atkv. og afgr. til Ed.

Á 56. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 57. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr. Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgmn. með 11 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 29, n. 719 og 723).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Eins og hv. dm. sjá, er nál. ekki komið á borð þeirra, en málið er gamalt og er til staðfestingar á brbl. um lausn á kjaradeilu atvinnuflugmanna og flugvélstjóra og fór hér í gegnum d. 17. marz s. l. Samgmn. náði ekki samstöðu um stuðning við frv., og meiri hl. vill mæla með samþykkt þess, en minni hl. gegn samþykkt frv. Því miður liggja nál. ekki fyrir, og ég mun ekki hafa lengri framsögu við málið. Þetta er 29. mál. Hv. þm. geta skoðað grg. eða það, sem fylgir frv., en l. gilda til 15. maí

1970, og þess vegna þarf staðfesting á þeim að komast í gegn á yfirstandandi þingi.

Frsm. minni hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Um nál. minni hl. samgmn. um þetta mál gildir hið sama og frsm. meiri hl. tók fram um nál. meiri hl., að þau eru ekki komin fram. Í minni hl. erum við hv. 1. þm. Vesturl. og hv. 2. þm. Austurl. Við mælum gegn því, að frv. hljóti samþykki.

Ástæðulaust er að hafa mörg orð um þetta frv., eins og málum er komið. Það er flutt hér til staðfestingar á brbl., sem ríkisstj. gaf út hinn 18. júní 1969 til þess að stöðva það verkfall, sem flugmenn og flugvélamenn höfðu boðað þá, og ríkisstj. mat það svo, að það verkfall stefndi svo í voða þjóðarhagsmunum Íslendinga, að ekki væri annað réttlætanlegt en að koma í veg fyrir, að verkfallið kæmi til framkvæmda. Verkfallið kom að vísu til framkvæmda eigi að síður, og er nú máske ekki þörf á að rekja þá sögu hér. Það kom í framkvæmd í því formi, að flugmenn og starfsmenn flugsins voru slegnir sótt nokkurri og flugið truflaðist í nokkra daga, en engu að síður varð ekki úr þessu stór vinnustöðvun.

Nú er það svo, að ef menn meta það, hvert er kaup flugmanna, og bera það saman við aðrar starfsstéttir hérlendis, þá má auðvitað fá út þá útkomu, að þeir séu ekki sem verst settir, en þeir eiga hægara með að bera kaupgreiðslur sínar saman við kaupgreiðslur starfsbræðra sinna í öðrum löndum, og hallar þar verulega á þá.

Einkanlega verð ég þó að taka undir það, að ekki sé rétt að setja lög eins og þarna voru sett, vegna þess að þessu hefur áður þrásinnis verið beitt einmitt við þessa sömu stétt manna. Við stöndum frammi fyrir því, að ýmsir hópar í þjóðfélaginu gerast uppivöðslusamir og hávaðasamir og fara ekki að lögum í sinni baráttu. Ég mæli ekki með slíku. En ef við viljum forðast slíkt, þá verðum við líka að forðast það að höggva hvað eftir annað í sama knérunn, þannig að með lagasetningu sé komið í veg fyrir eðlilega og löglega stéttabaráttu, eins og gert hefur verið við flugmenn hvað eftir annað. Þess vegna leggur minni hl. n. til, að frv. verði fellt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:5 atkv.
2. – 7. gr. samþ. með 11:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12:2 atkv.

Á 82. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:7 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 766).

---

33. Kaup á sex skuttogurum.

Á 66. fundi í Ed., 7. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um kaup á sex skuttogurum [206. mál] (stjfrv., A. 501).

Á 67. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Togaraútgerð á Íslandi hefur frá öndverðu verið mikilvægur þáttur í sjávarútvegi Íslendinga. Miklar sveiflur hafa þó orðið á afkomu hans. Hefur sú staðreynd mestu ráðið um það, hvenær endurnýjun þessara framleiðslutækja hefur átt sér stað. Mætti í því sambandi jafnvel tala um kynslóðir togaranna. Of langt tal yrði þó að rekja hér sögu togaraútgerðar á Íslandi frá upphafi. Þó skal rifjað upp, að á árunum fyrir síðustu heimsstyrjöld var afkoma togaraútgerðarinnar slæm. Skipin voru gömul og úr sér gengin, en fjármagn lítið til úrbóta. Samt sem áður voru það togararnir, sem mest áhrif höfðu á hag Íslendinga á stríðsárunum. Vegna ófriðarástandsins kom það í hlut togaranna að flytja afla sinn á erlendan markað. Þá lögðu togararnir að vissu leyti grundvöll að velmegun eftirstríðsáranna.

Eitt fyrsta verk ríkisstj. eftir stríðið var að semja um kaup á nýjum togurum. Árin 1945 og 1946 samdi hún um smíði 32 togara í Bretlandi, og síðar, árið 1948, var svo samið um smíði 10 togara til viðbótar.

Fyrstu árin eftir styrjöldina gekk togaraútgerð sæmilega, en þegar frá leið, jukust erfiðleikar útgerðarinnar, m.a. vegna síhækkandi kostnaðar. En hér kom einnig annað til. Landhelgin var stækkuð árin 1950 og 1952, og var íslenzki togaraflotinn þá einnig látinn víkja úr fiskveiðilögsögunni. Útfærsla fiskveiðilandhelginnar hófst með lokun Húnaflóa árið 1950, og í kjölfar þeirrar ráðstöfunar var landhelgin færð út í 4 mílur árið 1952. Voru þá grunnlínupunktar settir á yztu annes og þar með lokað fjörðum og flóum. Árið 1958 var landhelgin færð út í 12 mílur, og loks árið 1961 var grunnlínupunktum breytt, og voru þá innan landhelgislínu allstór og mikilvæg svæði út af Faxaflóa, Húnaflóa, Héraðsflóa og á Selvogsbanka, sem til þess tíma höfðu verið heimil togurum til veiða. Þess skal þó getið, að landhelgisútfærslan tók ekki að fullu til íslenzkra togara, en samt sem áður töldu margir, að veiðisvæði togaranna hefðu verið rýrð um 60-80% með öllum þessum aðgerðum.

Eftir 1956, er afli fór minnkandi á Barentshafi og þar í grennd, færðu togararnir sig í auknum mæli vestur á bóginn til Grænlands, Labrador og Nýfundnalands. Einnig jókst sóknin á heimamiðin hér við Ísland. Árin 1958 og 1959 fundust mjög auðug karfamið við austurströnd Norður-Ameríku, og var þar um að ræða uppgripaafla um 2-3 ára skeið. Þetta leiddi enn á ný til smíði nokkurra nýtízkutogara, stærri en þeirra, sem áður höfðu verið í íslenzka togaraflotanum. Þegar hin gjöfulu karfamið við Labrador og Nýfundnaland voru uppurin upp úr 1960, voru heimamiðin nær þau einu, sem sótt var á mestan hluta ársins, en skerðing þessara miða hafði þá þegar orðið, eins og áður er að vikið, mjög tilfinnanleg fyrir togarana.

Þróun aflamarkaðanna á árunum eftir 1960 var óhagstæð og átti það við um allra þjóða togara. Hins vegar fór sókn stórra verksmiðjutogara á miðin á Vestur-Atlantshafi vaxandi, og hefur mátt heita, að þangað hafi vaxandi flota þessara skipa frá Vestur-Evrópu að langmestu leyti verið stefnt. Þessi þróun eftir 1960 kom mjög niður á rekstri togaranna, og þrátt fyrir nauðsyn þess að endurnýja þann skipakost, sem fyrir var, varð ekki vart við neinn áhuga eigenda skipanna í þá átt. Eins og kunnugt er, hafa gengisbreytingin haustið 1968 og þær ráðstafanir, sem gerðar voru í sambandi við hana, verulega breytt rekstrargrundvelli togaraútgerðarinnar til hins betra frá því, sem áður var. Hefur afkoma þessara veiða stórbatnað við þessar ráðstafanir. Í stað áhugaleysis ríkir í fyrsta sinn um langt árabil nokkur bjartsýni um endurnýjun á þessum framleiðslutækjum. Er hér um að ræða eina meginástæðu þess, að frv. þetta er hér lagt fram, en þó kemur fleira til.

Hinar miklu síldveiðar á fyrra helmingi þessa áratugs, sem nú er að líða, og hagstætt verðlag á afurðum síldveiðanna ýttu mjög undir uppbyggingu þessa flota, sem hentugur var fyrir þær veiðar. Togararnir gátu hins vegar ekki keppt við síldveiðiflotann um sjómennina, m.a. vegna mjög mikils afla hins síðarnefnda, sem aftur leiddi til þess, að fjármagnið leitaði þangað. Þessi um of einhæfa þróun í uppbyggingu íslenzka fiskiskipaflotans hefur lýst sér í því, að borið hefur á skorti á hráefni til þýðingarmestu greinar fiskiðnaðarins, frystiiðnaðarins. Nauðsyn ber því til að gera ráðstafanir til aukinnar hráefnisöflunar fyrir frystihúsin.

Ein afleiðingin af samdrætti togaraútgerðarinnar hefur orðið sú, að útgerðin hefur færzt á fáa staði og þýðing togarafisksins er staðbundnari en var á tímabili, þegar togararnir voru gerðir út meira og minna frá öllum landsfjórðungum. Enn fremur er rétt að benda á, að þróun nýrra skipagerða hefur komið til, sem nauðsynlegt er að Íslendingar kynnist af eigin raun. Síðast, en ekki sízt, ber að huga að því, að þær staðreyndir hafa skapazt í fiskveiðum á N.-Atlantshafi, að mikilvægir fiskstofnar hafa gengið til þurrðar. Er því fyrirsjáanlegt, að gera verður ráðstafanir þeim til verndar. Fyrir Íslendinga er því mikil nauðsyn að halda ekki aðeins sínum hlut á hinum hefðbundnu veiðisvæðum umhverfis landið, heldur einnig að skapa sér sem bezta aðstöðu til að veiða á fjarlægum miðum með þeim skipum, sem til þess duga. Í þeim efnum verður togaraflotinn þungur á metunum.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er árangur af starfi n., sem skipuð var fyrir réttum 3 árum, eða 6. apríl 1967, til að gera tillögur um kaup á nýjum skuttogurum. Í n. eiga sæti Davíð Ólafsson, þáverandi fiskimálastjóri, sem jafnframt er form. n., Jón Axel Pétursson bankastjóri, til vara Jónas G. Rafnar bankastjóri, tilnefndir af Fiskveiðasjóði Íslands, Loftur Júlíusson skipstjóri, til vara Páll Guðmundsson skipstjóri og Ingólfur Stefánsson skipstjóri, tilnefndir af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Loftur Bjarnason útgerðarmaður og Vilhelm Þorsteinsson framkvstj., til vara Matthías Jónasson framkvstj. og Valdimar Indriðason framkvstj., tilnefndir af Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda, og Pétur Sigurðsson alþm., til vara Magnús Guðmundsson matsveinn, tilnefndir af Sjómannasambandi Íslands.

Eftir að togaranefndin hafði gert ítarlegar athuganir og rekstraráætlanir, gerði hún till. um smíði á skuttogara um 1000 brúttórúmlestir að stærð eða 59 m að lengd. Hafa að undanförnu farið fram viðræður af hálfu rn. við þá aðila, sem áhuga hafa sýnt um kaup á slíkum togurum. Niðurstöður viðræðnanna liggja ekki endanlega fyrir og því ekki ákveðið enn um kaupendur. Ekki er vitað endanlega um þau kjör, er skipin geta fengizt á. Lán og lánskjör frá hugsanlegum skipasmíðastöðvum munu ekki liggja fyrir, fyrr en útboðsfrestur er liðinn, en ríkisstj. hefur falið togaranefnd að bjóða út smíði 6 skipa af umræddri gerð og stærð á opnum alþjóðamarkaði. Hér er um að ræða að uppfylla sérstakar þarfir íslenzks sjávarútvegs, sem ekki verða uppfylltar eingöngu með minni gerðum skipa, og er þar að leita raka fyrir því, að farið er út á þá óvenjulegu braut að styrkja smíði þeirra sérstaklega með framlagi af ríkisfé. Eru þetta hliðstæðar ráðstafanir og aðrar togaraútgerðarþjóðir við N.-Atlantshaf hafa gert að undanförnu. Þá er og gert ráð fyrir tiltekinni lánafyrirgreiðslu af hálfu ríkisvaldsins.

Ekki þarf að rekja efni einstakra greina frv., enda nánar gerð grein fyrir efni þeirra í aths. við það. Þó skal þess getið, að gert er ráð fyrir að lán fáist með skipunum, er nemi 80% af byggingarkostnaði þeirra. Af þeim 20%, sem eftir standa, er áætlað, að væntanlegir kaupendur greiði 7.5%, sveitarfélag það, sem skipið verður gert út frá, leggi fram önnur 7.5% og loks að 5% komi svo frá ríkinu. Enn fremur leggi ríkið fram sem svarar 2.5% af byggingarkostnaðinum, og verði því fé varið til útbúnaðar á skipunum, þannig að heildarframlag ríkisins nemi sem svarar 7.5% af byggingarkostnaði. Gert er ráð fyrir, að framlag ríkisins verði endurgreitt, en þó ekki fyrr en öll lán hafa verið greidd, og þá án vaxta. Gert er ráð fyrir, að byggingarlán verði yfirtekið af ríkisábyrgðasjóði og endurlánað til allt að 18 ára. Þá er gengið út frá því, að kaupendur skipanna skuli sem fyrr greiða ákveðinn hundraðshluta af brúttóaflaverðmæti þeirra til að standa undir greiðslum afborgana og vaxta lánanna. Um það verður að setja nánari reglur, ef frv. nær fram að ganga. Hafa verið samdir sérstakir skilmálar um kaup á þessum togurum og gerðar áætlanir um greiðslur afborgana og vaxta.

Eins og ég sagði í upphafi, hefur gætt mikils ójafnvægis í endurnýjun togaraflotans. Vonandi verður sú endurnýjun, sem nú væntanlega á sér stað, upphaf þess, að togaraflotinn verði í framtíðinni endurnýjaður og oftar og jafnar en verið hefur. Þurfa Íslendingar að eiga þess kost á hverjum tíma að kynnast því fullkomnasta í þessu efni, sem um er að ræða. Mun það hafa verið stefna ríkisstj. að stuðla að stöðugri og jafnari endurnýjun þessara framleiðslutækja í framtíðinni. Frv. það, sem hér er lagt fram, hefur að geyma sérstakar ráðstafanir til eflingar íslenzkum sjávarútvegi, sem mun leiða til aukinnar hráefnisöflunar, betri nýtingar frystiiðnaðarins og áframhaldandi þátttöku Íslendinga í fiskveiðum á mikilvægum fiskimiðum, sem þeim er nauðsynlegt að tryggja sér aðgang að.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa um þetta frv. fleiri orð á þessu stigi málsins, en geri till. um, að því

verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Það er vor í lofti, og þess eru nú ýmis merki, að kosningar eru ekki langt undan. Dagblöðin okkar eru nú farin að skrifa í þá veru. Ég minnist þess, þegar ég hef litið í Alþýðublaðið, að ég hef séð, að það er meira að segja farið að skamma íhaldið í borgarstjórn Reykjavíkur öðru hverju, og það ganga um það sögur, að borgarfulltrúar, sem að sögn hefur naumast hafzt upp úr orð í fjögur ár, séu nú farnir að halda uppi hrókaræðum, og það er ekki alveg laust við það, að hæstv. ríkisstj. sé einnig að byrja að viðra kosningafötin sín. Það fór að vísu dálítið illa fyrir þeirri fallegu slaufu, sem átti nú að gera stjórnarflokkana enn fýsilegri en þeir hafa verið í augum kaupmanna. Og eins og allir vita, þá var það nú hæstv. sjútvrh., sem kom því ákvæði flokksbróður síns, viðskrh., fyrir kattarnef, eins og frægt er orðið. Þess minnumst við um afgreiðslu mála núna síðustu dagana, að það er búið að hækka ellilífeyri, það er búið að hækka hann, held ég, um 170 kr. á mánuði eða um full 5%. Mörgum þótti þetta að vísu lítið, en þetta er þó vafalaust kosningaundirbúningur. Þá er komið fram mikið frv. um húsnæðismál, og má vissulega um það margt segja, bæði til lofs og lasts, og það er auðséð á Alþýðublaðinu, ég held í fyrradag, að það á að vera eitt helzta skrautblómið í hnappagati Alþfl. við komandi sveitar- og borgarstjórnarkosningar. Það er ljóst m.a. af því, að Alþýðublaðið, opna þess og rúmlega það, er viðtal eitt mikið við hæstv. félmrh. um þetta mál. Og loks er svo komið, að hér hefur séð dagsins ljós frv. um togarakaup, og ég held ég hafi lesið það í Alþýðublaðinu í gær, að nú í dag muni birtast þar allmikið viðtal við hæstv. sjútvrh. um þetta mál. Ég efa það ekki, að þar kemur af honum falleg mynd og hann fær þar lof fyrir framtak og dugnað í þessum efnum. Eins og ég segi, þá eru þess ýmis merki, að vorið sé komið og kosningar séu í nánd.

Það er nú ekki í fyrsta sinn, a.m.k. ekki hjá hv. Alþfl. og forystumönnum hans, sem endurnýjun togaraflota er lofað fyrir kosningar og höfð um það góð orð að gera eitthvað í þeim málum. Ég held, að ég fari ekki rangt með, að um þetta hafi verið gefin fyrirheit og höfð allsterk orð fyrir tvennar síðustu kosningar a. m. k. af Alþýðuflokksmönnum. Ég held, að það hafi farið minna fyrir því hjá þeim hv. sjálfstæðismönnum. Nú er þetta mál þó lengra komið en ella. Það er nú komið í frv.-formi hér til þessarar hv. d. Ef ráða má af því, að áhugi hv. Alþfl. eða forystumanna hans á því að endurnýja togarana birtist aðeins fyrir kosningar, ef það verður hin almenna regla, eins og virðist nú hafa verið núna fyrir tvennar síðustu kosningar og þá í þriðja sinn núna, þá sýnist mér, að miðað við það og miðað við þetta frv., sem fjallar um heimild til þess að kaupa sex togara, þá reiknast mér til, að ef ætti að endurnýja togaraflotann svona á eðlilegan máta, þá þurfi að kjósa ekki sjaldnar en tvisvar á ári, bæði vor og haust, ef það ætti að takast, að eitthvað yrði gert, svona fyrir þriðju hverjar kosningar.

Það er vissulega ástæða til þess af þessu tilefni, að frv. um togarakaup er nú loksins lagt fram, að rekja sögu togaraútgerðarinnar nokkuð og það dálítið ítarlegar en hæstv. sjútvrh. gerði. A. m. k. suma þætti hennar ætti að rekja öllu betur en hann gerði í framsögu sinni og þá ekki sízt sögu síðustu 10-12 áranna, þá hrakfallasögu, þegar togurunum hefur stöðugt verið að fækka og útgerð þeirra verið að dragast saman. Ég ætla nú samt að láta það farast að mestu fyrir að þessu sinni. Það hefur verið gert oft áður, og m. a. gerði ég það hér fyrr á þessu þingi, og læt ég það að mestu leyti nægja, sem áður hefur verið sagt um það efni. Þó get ég ekki látið hjá líða að minna á það, að öll þessi ár, þegar togurunum hefur stöðugt verið að fækka og þeir að eldast og úreldast, sem til hafa verið, þá höfum við Alþb.-menn, bæði hér á Alþ., í borgarstjórn Reykjavíkur og annars staðar, þar sem tök hafa verið á og þessi mál hefur borið á góma eðli málsins samkvæmt, flutt frv. og till. um það, að togaraflotinn verði endurnýjaður, og bent á, að það verði ekki gert nema að frumkvæði ríkisvaldsins og með meiri eða minni tilstyrk þess, enda þótt aðrir aðilar kæmu gjarnan til greina til þess að reka togarana. Lengi var það svo, að það var hreint og beint ekki á okkur hlustað. Við lögðum hér fram till. og frv. Þeim var í bezta falli vísað til n. umræðulaust fyrir utan það, sem við sögðum við 1. umr., og síðan lágu slík mál í n., og þau fengust aldrei afgreidd.

Smám saman breyttist þetta að vísu, og þó einkum eftir að farið var að þrýsta á af ýmsum aðilum og menn fóru að finna til þess víða, þar sem togararnir höfðu verið verulegur þáttur í því að tryggja varanlega atvinnu, að það væri nauðsynlegt að fara að endurnýja flotann. Það var líklega fyrir fjórum árum, sem fyrst fengust nokkrar umr. um þessi mál til að mynda hér á þingi, og þá minnist ég þess, að hæstv. núv. sjútvrh., sem var nýlega tekinn við ráðherradómi, lét í það skína og skýrði frá því, að það væri ætlun ríkisstj. að taka einn nýjan eða nýlegan skuttogara á leigu til reynslu og sjá, hvernig það gæfist hér við íslenzkar aðstæður. Síðan var frá því skýrt, að það hefði verið hætt við þetta, vegna þess að enginn heppilegur skuttogari hefði þá fengizt á leigu til skamms tíma, en það þótti, að því er virtist, ókleift að taka þótt ekki væri nema eitt skip á leigu, nema um skamman tíma væri að ræða. Síðan var um það rætt og gefnar jafnvel um það út tilkynningar, að ætlunin væri að kaupa til landsins einn nýlegan skuttogara. Úr þessu varð einhverra hluta vegna ekki neitt. Enginn slíkur togari var keyptur, eins og hv. alþm. er kunnugt.

Þá gerðist það loks, rétt fyrir síðustu alþingiskosningar fyrir tæpum þremur árum, að hæstv. sjútvrh. skipaði þá skuttogaranefnd, sem hann gerði grein fyrir hér áðan og síðan hefur starfað. Ég vil ekki og skal ekki fara mörgum orðum um störf þeirrar n., mér eru þau ekki svo kunn. Hitt held ég, að öllum sé ljóst, að störf hennar hafa gengið býsna hægt, og ég kenni þar ekki sérstaklega um nm., sem ég veit, að eru hinir mætustu menn og þekkja vel til þessara hluta. Ég tel, að sökin sé ríkisstj., hún hafi ætlazt til þess og beinlínis jafnvel lagt það fyrir, að þessi n. starfaði með þeim hætti, sem hún hefur gert, færi að láta teikna togara hér heima o. s. frv., þannig að núna, eftir þriggja ára störf, er kannske fyrst að koma einhver árangur í ljós, þegar henni er falið að láta bjóða út þessa sex togara, sem hér

er um að ræða. Það er enginn efi á því, að þessi n. hefði starfað af meiri krafti og skilað fyrr af sér, ef ríkisstj. hefði ætlazt til þess, að hún gerði það. Ég fullyrði, að sökin er ríkisstj. fyrst og fremst og sennilega eingöngu hennar.

Nú er þetta frv. loks komið hér fram. Það er, eins og þegar er kunnugt, þess efnis, að heimilt sé að láta smíða allt að sex skuttogara og þeir verði síðan seldir einstaklingum eða félögum eða bæjar- og sveitarfélögum. Í sjálfu frv. er ekki ákvæði um stærð þessara skipa. Hins vegar segir í aths., að lengd þeirra skipa, sem óskað hefur verið eftir tilboðum í, sé um 59 m. Þetta segir e. t. v. ekki nægilega mikið, en ég býst við og mér hefur skilizt á þeim upplýsingum, sem ég hef getað aflað mér, að hér sé um 1000–1100 tonna skip að ræða, eitthvað á því bili. Þeir aðilar, sem ég hef helzt fengið einhverja fræðslu frá um þessi efni, segja, að hugsunin á bak við þessi kaup á sex skuttogurum sé sú, að Bæjarútgerð Reykjavíkur muni koma til með að eiga kost á tveimur af þessum skipum, Bæjarútgerð Hafnarfjarðar muni koma til með að eiga kost á einu af þessum skipum, Útgerðarfélag Akureyrar muni eiga kost á einu þeirra og útgerðarfélag ungra manna, Sverris Hermannssonar o. fl., muni svo eiga kost á tveimur af þessum sex skipum. Þannig er mér tjáð, að þessi sé í grófum drættum hugmyndin í sambandi við það, hvernig þessum skipum verði úthlutað og ráðstafað, þegar þar að kemur.

Nú er það svo, að á annan áratug hefur ekki verið keyptur einn einasti nýr togari til landsins, og við eigum engan skuttogara, eins og kunnugt er. Það hafa verið nokkuð skiptar skoðanir um það hjá þeim mönnum, sem hafa rætt um togaraútgerð og kynnt sér þau mál, hvaða stærðir skuttogara væru álitlegastar og mundu henta á hinum ýmsu stöðum. Hefur sérstaklega verið rætt um þrjár stærðir eða gerðir skuttogara. Í fyrsta lagi hefur verið rætt um togara af þeirri stærð, sem hér er um að ræða, þ. e. a. s. 1000–1100 tonna skip, og ég býst við, að það sé rétt, að bæði Bæjarútgerð Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og e. t. v. fleiri hafi helzt sýnt áhuga í sambandi við skip af þeirri stærð. En eins og kunnugt er hafa ýmsir, sem hafa kynnt sér þessi mál, talið, að full ástæða væri til og mikil þörf á, að við Íslendingar eignuðumst til reynslu, þótt ekki væri nema einn stóran togara, sem væri fullfær um veiðar hvar sem væri, skip, sem stundum eru kölluð til hægðarauka verksmiðjuskip, þ. e. a. s. þannig að þau geti nýtt allan aflann um borð, fryst og flakað og annað slíkt. Hér er um að ræða sennilega 2700 tonna skip, sem margir hafa trú á að geti gefið góða raun í rekstri, og er full ástæða til að taka undir það, að það er mikil nauðsyn, að við fáum eitt slíkt skip til reynslu. Ég tel, að í ræðu hæstv. ráðh. hafi m. a. komið fram ein sterkasta röksemdin fyrir því, að við þurfum einnig að koma okkur upp slíku skipi eða, ef vel gengur, slíkum skipum. Sú röksemd var á þá leið, að allra hluta vegna, eins og nú er ástatt um fiskgöngur, þá þurfum við Íslendingar einmitt að skapa okkur sem allra tryggasta og öruggasta aðstöðu til þess að hafa siðferðilegan rétt til fiskveiða, ekki aðeins hér á okkar heimamiðum, heldur líka á fjarlægum miðum.

Síðast en ekki sízt, í sambandi við stærðir togskipa er þess að geta, að ýmsir staðir, sérstaklega á Norður- og Austurlandi, þar sem hefur verið og er langtímum saman a. m. k. verulegur skortur á hráefni í hraðfrystihúsin, hefur verið og er mikill áhugi á togurum af minni gerðum en þeim tveimur, sem þegar hefur verið um rætt. Þar er verulegur áhugi á 400–500 tonna skuttogurum, sem margir telja, að henti einmitt vel á þessum stöðum og geti leyst vanda, sem þar er fyrir hendi. Ég hygg, að á Siglufirði hafi verið og sé verulegur áhugi, – á Sauðárkróki mun hann hafa verið og á Austfjörðum og trúlega víðar, einmitt á skipum af þessari stærð.

Þeir aðilar, sem nú a. m. k. í heilt ár og kannske lengur hafa haft áhuga á því að afla sér skuttogara af einhverjum þessara stærða, hafa þrýst á hæstv. ríkisstj., og það er vitað, að hér hafa verið sendinefndir, ein á fætur annarri, til þess að reyna að fá einhver ákveðin svör frá ríkisstj., um hvaða fyrirgreiðslu af opinberri hálfu kynni að vera að ræða í sambandi við þessi mál. Þessar sendinefndir hafa yfirleitt farið heim með heldur lítil svör, og það er í rauninni ekki fyrr en nú eftir áramót, að einhver svör hafa komið, og þau eru þá, að því er ég bezt veit, bundin við þessa einu stærð skuttogara, 1000–1100 tonna skip, en alls ekki við skip af öðrum stærðarflokki, hvorki 400–500 tonna né 2700–3000 tonna skip.

Ég staðhæfi og tel, að ég hafi fyrir því góð rök, að sá algerlega óeðlilegi og óafsakanlegi dráttur, sem hefur orðið á því að hefjast handa í þessum málum, eftir að verulegur áhugi varð á þessu, hafi skaðað okkur Íslendinga um stórfé. Ef við hefðum getað samið um nokkuð, þótt ekki hefði verið nema um sex skip, fyrir ári, þá hefðum við náð til mikilla muna hagstæðari kjörum en nú munu bjóðast. Ástæðan er m. a. sú, að á þessu eina ári hafa skip hækkað verulega á heimsmarkaði m. a. og ekki sízt vegna mjög mikillar hækkunar á stáli. Ég hef nú ekki handbærar tölur um þetta efni, en mér er tjáð, að hér sé um svo mikla hækkun að ræða, að það sé ekki fjarri lagi, að hún komi til með á svo sem einu ári að nema 10–15 millj. kr. á skip af þessari stærð. Ef þetta reynist rétt, þá höfum við með þessum síðasta ársdrætti tapað, miðað við kaup á þessum sex skipum, svo sem 60–90 millj. kr. Þannig getur farið þegar áhuginn hjá hæstv. ríkisstj. er ekki meiri, að því er virðist, en raun ber vitni.

Það er e. t. v. ástæðulaust að fara út í það, hvers vegna þessi seinagangur hefur verið á hlutunum, eftir að málin voru þó loksins að þokast í þá átt, að hæstv. ríkisstj. sagðist ætla eitthvað að fara að gera í þessum málum, eitthvað að fara að sinna þeim. Ég vil aðeins undirstrika það, að óánægjan með allan þennan seinagang er mikil og hún er sízt af öllu bundin við okkur stjórnarandstæðinga. Hún er mikil meðal margra áhugamanna í stjórnarflokkunum og þá alveg sérstaklega í flokki hæstv. sjútvrh. Ég hygg, að það sé ungur maður, sem skrifar í blað ráðh., Alþýðublaðið, fastan þátt um sjávarútvegsmál, þar sem hann bæði segir ýmsar fréttir og bollaleggur oft og tíðum um þau mál. Þessi ungi maður heitir Pétur Axel Jónsson, og hann hefur stundum rætt allhressilega um seinaganginn í þessum málum. Til að mynda skrifar hann um þessi togaramál s. l. haust, hinn 22. okt., og þótt hann tali þar í þessari grein sinni um stjórnmálamenn almennt, þá held ég, að það fari varla á milli mála, við hverja hann á

þar, og ég býst við, að skeytið, sem þar var sent, hafi alveg örugglega komizt til skila. Þessi trúnaðarmaður Alþýðublaðsins um sjávarútvegsmál komst nefndan dag svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Togarakaup eru stanzlaust á dagskrá, sem vonlegt er. Stjórnmálamennirnir eru búnir að sitja í nefndum, frá því maður man eftir sér, og enn er lausnin ekki nema afturkreistingur um nákvæma yfirvegun, flana ekki að neinu o. s. frv. Ég held satt að segja, að þeir ættu að taka sig saman í andlitinu og eyða eins og einum til tveimur dögum til að kaupa togara."

Hæstv. sjútvrh. og samráðherrar hans í ríkisstj. hafa nú loks tekið sig saman í andlitinu og ætla að fara að standa fyrir togarakaupum. Vissulega fagna ég þessu, svo langt sem það nær. En ég verð að segja það, að eftir eins langan meðgöngutíma og hér er um að ræða, þá gerði ég nú satt að segja ráð fyrir, að afkvæmið yrði dálítið hressilegra en raun ber vitni. Ég hef þegar lýst því nokkuð, að áhugamenn um endurnýjun togaraflotans og menn, sem hafa kynnt sér togaramál, eins og þau gerast nú hjá þeim þjóðum, sem hafa endurnýjað sinn togaraflota, hafa rætt um þessi mál, og skoðanir hafa verið dálítið skiptar. Þeir hafa rætt fyrst og fremst um þrjár stærðir togara, sem allar geta hentað við mismunandi aðstæður og á ýmsum stöðum. Skoðun mín er sú, að hér hafi dregizt svo lengi að hefja endurnýjun togaraflotans, að við þurfum og það á mjög skömmum tíma að hagnýta allar þessar skipastærðir. Þá á ekki að setja dæmið þannig upp, að kaup á einni tegund skuttogara útiloki það, að skip af annarri stærð verði einnig keypt. Við þurfum vissulega, að því er ég tel, að kaupa eitthvað af skipum af þessari stærð, sem hér um ræðir, 1000 tonna skip. Það eru skip af svipaðri stærð eða lítið eitt stærri en stærstu og nýjustu togararnir okkar, en vissulega verða það öflugri skip og á margan hátt vonandi hentugri. Þessi skip geta fiskað hér við land, þau geta fiskað við Grænland og Nýfundnaland, en það er yfirleitt gert ráð fyrir því, að þau sigli með afla sinn ýmist til vinnslu hér eða til sölu á erlendan markað. Ég er dálítið smeykur um það, að í sambandi við skip af þessari stærð verði freistingin of mikil til þess að sigla með aflann, ef um gott verð er að ræða í Bretlandi og Þýzkalandi, einkum þar sem bæjarfélög hafa ekki verulega hönd í bagga um útgerðina og geta þá ekki metið það frá sjónarmiði bæjar- eða sveitarfélags, hvort hentugra sé að láta skipin sigla og fá kannske allverulega hærra verð eða láta þau leggja upp til vinnslu og fá þar eitthvað lægra verð, en tryggja þá atvinnu, sem oft er vissulega mikil þörf á. En ég hef sízt á móti því og tel full rök fyrir því, að keypt séu skip af þessari stærð. En ég vil leggja áherzlu á, að það á ekki að láta þar við sitja og það á alls ekki að útiloka það, að jafnhliða séu til reynslu keypt skip af þeim öðrum stærðum, sem áhugi er fyrir og ég hef þegar vikið nokkuð að.

Þá skal ég víkja stuttlega að þeim kjörum, sem ríkisvaldið ætlar að tryggja þeim aðilum, sem hyggja á skuttogarakaup. Þar er, eins og hæstv. ráðh. hefur þegar skýrt frá, fyrst og fremst um að ræða 80% ríkisábyrgð fyrir láni, sem væntanlega tekst að fá, ef skipin verða smíðuð erlendis, sem mér skilst að sé ætlunin, og e. t. v. var ekki um annað að ræða að svo komnu máli til þess að fá þessi skip tiltölulega fljótt. Þá verður um að ræða erlend lán, sem þessu svarar, og þá náttúrlega ríkisábyrgðin mjög mikilvæg og eiginlega alger undirstaða þess, að nokkur geti ráðizt í slík skipakaup. Jafnframt er svo gert ráð fyrir því, að ríkisstj. sé heimilt að lána úr ríkissjóði eða leggja fram allt að 7.5% af byggingarkostnaði skipanna og það sé framlag, sem ekki þurfi að greiða neina vexti af. Þetta sé lán, að vísu með nokkuð óvenjulegum hætti, sem ekki þurfi að greiða af neina vexti og ekki þurfi að greiða upp, fyrr en öll önnur lán af viðkomandi skipi hafa verið að fullu greidd. Út af fyrir sig hef ég ekki margt við þetta að athuga, ef sú fyrirgreiðsla nægir, sem hér er um að ræða. Ég tel, að það sé svo mikið atriði að fá skip, skuttogara, og fá þau gerð út héðan með myndarlegum hætti, að það eigi ekki að ráða úrslitum, hverjir það eru eða hvaða rekstrarfyrirkomulag það er, sem tekur við skipunum. Þó tel ég hins vegar, að togararekstur á félagslegum grundvelli sé að mörgu leyti eðlilegur og geti þjónað ýmsum bæjarfélögum bezt. En aðalatriðið er þó að fá skipin og þau verði gerð út af myndarskap.

Ég dreg ekki dul á það, að mér heyrist á ýmsum flokksbræðrum mínum, að þeir telji óeðlilegt, að til að mynda útgerðarfélag, sem einstaklingar eiga, njóti slíkrar fyrirgreiðslu af hálfu ríkisins eins og þeirrar, sem hér er fyrirhuguð, þ. e. a. s. þetta lán, sem svarar 7.5 hundraðshlutum af kaupverði, sem ekki þurfi að greiðast fyrr en býsna seint, og er jafnvel talað í þessu sambandi um gjafir til einstaklinga. Nú ætla ég, að það sé rétt, þegar litið er á sögu sjávarútvegsins, að þótt því sé ómótmælt, að hann hafi staðið alla tíð eða lengst af undir meginþorra gjaldeyrisöflunar okkar, þá hefur það sjaldan í seinni tíð verið neinn öruggur gróði að leggja áhættufé í sjávarútveg, og á það við um togaraútgerð engu síður en aðra, því miður. Fé, sem í útgerð er lagt, er yfirleitt verulegt áhættufé, því er ekki að leyna. En þrátt fyrir það er brýn nauðsyn að skipin séu gerð út. Ég sé því ekki neitt athugavert við það í sjálfu sér, að að því sé stuðlað af hálfu ríkisvaldsins, að togarar verði keyptir og gerðir út, jafnvel með einhverju svipuðu fyrirkomulagi og hér er gert ráð fyrir. Þó skal ég taka það fram, að margra hluta vegna tel ég eðlilegt, að þegar ríkisvaldið er að stuðla að endurnýjun togaraflotans, þá láti það bæjarútgerðir og aðra útgerðarstarfsemi, sem rekin er á félagslegum grundvelli, ganga fyrir um fyrirgreiðslu. Og ástæðurnar eru fyrst og fremst þær, að það má ætla, að útgerðir, reknar, eins og ég orða það, á félagslegum grundvelli, líti meira á hinn almenna hag viðkomandi bæjarfélags en einstaklingarnir, sem eru að gera út. Með útgerð á félagslegum grundvelli á ég við útgerðarfyrirkomulag, sem ég tel, að geti í ýmsum tilfellum gefið góða raun og hafi raunar gert það. Það er hlutafélagsútgerð, þar sem bær og hugsanlega ríki væru aðalhluthafarnir eða stærstu hluthafarnir, en einstaklingar, sem ýmist eru tengdir sjávarútvegi eða áhuga hafa á sjávarútvegi, eru einnig með í slíku útgerðarfélagi. Dæmi um þetta form hygg ég að sé Útgerðarfélag Akureyrar, þar sem Akureyrarbær á verulegan þátt í og verulegan hluta af hlutafénu, og þá fyrirtæki, opinber og hálfopinber, og einstaklingar líka. Ég tel, án þess að ég vilji fara á þessu stigi máls út í einstök atriði, að það hefði komið og kæmi vissulega mjög til mála, og e. t. v. væri rétt að flytja um

það brtt. við þetta frv., að útgerð, sem rekin verður á félagslegum grundvelli, þ. e. a. s. bæjarútgerð eða útgerð, þar sem bæir og ríki eru stórir hluthafar, fái meiri ríkisstuðning en hér er ráðgerður. Þá verði það jafnframt athugað mjög alvarlega, hvort sá stuðningur eigi þá ekki að vera beinlínis í formi hlutafjárframlags af ríkisins hálfu. Og raunar finnst mér, að sú spurning vakni, þegar að því kæmi að styðja jafnframt einstaklinga, t. a. m. hlutafélög, sem einstaklingar standa að, til þess að eignast og reka togara, hvort þetta fyrirkomulag gæti þá ekki verið að flestu leyti heppilegra og jafnvel viðfelldnara en þetta lánsfyrirkomulag, þar sem í rauninni virðist nú ekki gert ráð fyrir því, að lánið verði endurgreitt, þ. e. að um verði að ræða beint hlutafjárframlag eða ríkið bjóði viðkomandi aðilum að leggja fram til að mynda 7.5% af kaupverði skipsins beinlínis sem hlutafé, sem áhættufé í þessari óneitanlega áhættusömu útgerð. Ég varpa þessu fram, án þess að ég sé á þessu stigi máls ráðinn í því að bera fram slíka brtt., en í fljótu bragði sýnist mér, að þetta fyrirkomulag komi mjög til greina margra hluta vegna og sé á ýmsan hátt viðfelldnara form en hitt, sem nú er fyrirhugað.

Eins og ég hef þegar rætt nokkuð, þá er það greinilegt á aths. við lagafrv., þó að ekki sé það sagt berum orðum í frv. sjálfu, að hér er aðeins um að ræða eina stærð skipa, togara á bilinu frá 1000–1100 tonn. Ég spyr þess vegna hæstv. sjútvmrh.: Hvað er fyrirhugað af hálfu ríkisstj. um stuðning við aðrar stærðir togskipa? Hvað er fyrirhugað í sambandi við 400–500 tonna togarana, sem ýmsir útgerðarstaðir á Norður- og Austurlandi hafa sýnt mjög eindreginn áhuga á? Fá þessir aðilar enga áheyrn, eða er gert ráð fyrir, að þeir fái sömu fyrirgreiðslu og þeir aðilar, sem hafa hug á að kaupa 1000 tonna skipin? Og enn fremur vil ég spyrja: Hefur hæstv. ríkisstj. gert það upp við sig, hvort hún hyggst veita þeim aðilum stuðning, sem hafa sýnt mjög verulegan og lofsverðan áhuga á því að leggja áhættufé í kaup á stórum úthafstogara? Ég á þar við þá aðila, sem hafa stofnað Úthaf h.f. til þess að kaupa 2700 tonna togara. Þessir aðilar hafa þegar safnað nokkrum millj. kr. í hlutafjárloforðum og telja sig geta náð verulega miklu meira hlutafé, ef um væri að ræða stuðning frá ríkisvaldinu, sem gæti verið með ýmsum hætti, til að mynda með beinni þátttöku, beinu hlutafjárframlagi af hálfu ríkisins eða þá svipuðu ábyrgðarhlutfalli og um ræðir hér í frv. Ellegar skilst mér, að forgöngumenn þessa máls gætu hugsað sér og teldu engan veginn ómögulegt, að hægt yrði að festa kaup á slíku skipi, ef ríkisábyrgð fengist fyrir 90% byggingarkostnaðar. Ég tel, að þetta mál eigi að sjálfsögðu að athuga gaumgæfilega, og þykir raunar ótrúlegt, ef hæstv. ríkisstj. hefur ekki þegar um það fjallað og gert upp hug sinn til þess.

Þrátt fyrir það, sem ég sagði hér í upphafi míns máls um kosningar í nánd og kosningaskap og jafnvel það, að ég gaf í skyn, að hér væri um kosningamál að ræða, þá fagna ég því vissulega, að loksins er þó hafizt handa um að endurnýja íslenzka togaraflotann, enda þótt ég telji það mjög ámælisvert, hversu seint er hafizt handa, og ég telji það óneitanlega bera vott um lítinn stórhug og litla framsýni, ef það er ætlunin að láta nú um sinn við það sitja að kaupa e. t. v. aðeins þessi sex skip, þessa einu gerð af togurum. Að mínu viti er hér um að ræða hvort tveggja, að eftir svo margra ára eymdartímabil í sambandi við uppbyggingu togaraflotans eru þessi skip allt of fá, og það eru allt of fáar tegundir eða stærðir skipa. Frv. það, sem við Alþb.-menn fluttum á öndverðu þessu þingi, fjallar um kaup á 15 togurum af þremur mismunandi stærðum. Ég minni aðeins á, að þetta er það, sem við teljum, að þurfi að gera. Það þurfi nú að gera stórátak í endurnýjun togaraflotans. Það hafi dregizt svo lengi, að ekkert minna dugi. Og við leggjum áherzlu á, að við teljum, að með því að ákveða að kaupa nokkur skip af einni þeirra þriggja stærða skipa, sem um hefur verið rætt, þá eigi það á engan hátt að útiloka, að ráðizt verði einnig nú þegar eða hið allra fyrsta í kaup á skipum af hinum stærðunum.

Ég skal svo, herra forseti, fara að stytta þetta mál mitt mjög. Þar sem gert er ráð fyrir, að þetta mál fari til þeirrar n., sem ég á sæti í, sjútvn., á ég þess kost að fjalla frekar um málið og flytja eða standa að brtt. í þá átt, sem ég hef nú þegar um rætt. Það er í fyrsta lagi um kaup á fleiri togurum og fleiri stærðum togara og e. t. v. einnig um breyttan stuðning ríkisvaldsins, til að mynda á þann veg, sem ég áður vék að, að um yrði að ræða framlag í formi hlutafjár og þá væntanlega hærra en ella, þegar um væri að ræða útgerð á félagslegum grundvelli, en um þetta skal ég ekki fara fleiri orðum að sinni.

Við hæstv. sjútvrh. vil ég svo að lokum aðeins segja þetta: Ég hefði vel getað unnt hæstv. ráðh. þess, að saga hans og saga íslenzkrar togaraútgerðar hefði á undanförnum árum getað tvinnazt svolítið skemmtilegar saman en orðið hefur fram að þessu. Þó að mér þyki þetta frv. heldur smátt í sniðum, eins og allt er í pottinn búið, þá er það þó fyrsti sýnilegi vottur þess, að sú saga geti orðið ánægjulegri, bæði hæstv. ráðh. og íslenzkum sjávarútvegi, en hún hefur verið fram að þessu.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Með tilkomu togaranna á sínum tíma varð í raun og veru bylting í atvinnulífi Íslendinga. Togaraútgerðin varð undirstaða nýrra framfara, og sannleikurinn er sá, að æ síðan hefur togaraútgerðin, þó að hún hafi gengið misjafnlega á einstökum tímum, verið sterkasta stoð íslenzks atvinnulífs. Það er hins vegar kunnara en frá þurfi að segja, að það hefur verið lægð í togaraútgerðinni undangenginn áratug. Það hefur ekki átt sér stað sú endurnýjun á togaraflotanum, sem nauðsynleg er, og þarf alltaf að gerast með sem jöfnustum hætti. Þessir togarar, sem nú eru flestir a. m. k. gamlir og úreltir, eru ekki sambærilegir við þá nýtízku togara, sem nú þekkjast hjá öðrum þjóðum. Á þessu þarf að verða breyting, og það hefur verið ljóst lengi, að hér þyrfti að gera stórátak. En því miður hefur ekki orðið af framkvæmdum í því efni. En þó er það svo, að það var, eins og rakið hefur verið, skipuð sérstök n., svokölluð togaranefnd eða skuttogaranefnd, á öndverðu ári 1967 til þess að fjalla um þessi mál, og það má segja, að það sé árangur af hennar starfi, sem hér liggur fyrir í þessu frv. Ég get nú tekið undir með hv. síðasta ræðumanni um það, að mér eru að sjálfsögðu ekki kunn störf þessarar togaranefndar. En ég vil nú ætla, að hæstv. ráðh. hafi verið fullur áhuga

í þessum efnum, og mér finnst nú eiginlega eðli málsins samkvæmt, að svo hljóti að vera, að maður í hans stöðu ætti að hafa haft þetta sem sitt brýnasta áhugamál. Og þó að ég geti ekki og hafi ekki aðstöðu til að meta eða dæma störf þessarar n., þá verð ég að segja það, að það hefur verið að minni skoðun alveg ótrúlegur seinagangur á störfum hennar, hverjum svo sem það er um að kenna. Vafalaust hafa þeir verið að teikna eða láta teikna og gera rekstraráætlanir. Það er vissulega ágætt og þarf auðvitað að gerast. En manni sýnist, að það hefði mátt afgreiða það mál á skemmri tíma en raun ber vitni, og það er staðreynd, að sá dráttur, sem á þessu hefur orðið, veldur okkur óhjákvæmilegu tapi. Auðvitað er ágætt að vera með rekstraráætlanir, og auðvitað er ágætt, að allt beri sig, og reikna það út fyrir fram. En sannleikurinn er sá, að þetta er í raun og veru einfaldara mál, af því að spurningin um það, hvort við Íslendingar eigum að eignast skip, og spurningin um það, hvort við Íslendingar eigum að gera út, er í raun og veru spurningin um það, hvort við eigum að lifa í þessu landi. Allt annað í sambandi við það er bókfærsluatriði í raun og veru. Og hvað sem allri rekstrarafkomu líður á hverjum tíma, þá er þetta staðreyndin, sem við verðum að horfast í augu við, að við komumst ekki af í þessu landi nema hafa nægilegan skipastól og útgerð sé rekin hér.

Það þarf ekki að eyða mörgum orðum að því, hver nauðsyn er á togaraflota. Það er nú í fyrsta lagi, að það er nauðsyn á togaraflota til þess að afla hráefnis til vinnslu í fiskvinnslustöðvunum, og fiskvinnslustöðvarnar hér á landi eru orðnar margar, sem betur fer, en þær eru hvergi nærri allar fullnýttar og er langt frá því. Atvinnuleysi það, sem á sér stað víða um landið og ekki sízt í sjávarplássum úti um landið, stafar að nokkru leyti af því, að fiskvinnslustöðvarnar á hverjum stað geta ekki gengið með eðlilegum hætti og hafa ekki hráefni til þess að vera fullnýttar. Sannleikurinn er sá, að ef nægilegs hráefnis er aflað til þeirra og það er full vinna í þeim, þá er atvinnulífi á mörgum stöðum sæmilega borgið. Slík undirstöðugrein eru fiskvinnslustöðvarnar. En á þessu hefur orðið mikill misbrestur. Hráefni hefur víða skort. Nú má fara ýmsar leiðir til þess að afla hráefnis til þessara stöðva, og sjálfsagt er það svo, að mismunandi stærðir af skipum henta á hinum ýmsu stöðum. En ég hygg samt sem áður, að það verði að horfast í augu við þá staðreynd, ef á að reyna að tryggja nokkurn veginn öruggt hráefni allan ársins hring í fiskvinnslustöðvunum, þá þurfi á togaraútgerð að halda eða a. m. k. á útgerð stærri skipa en við höfum nú, skipa, sem geta sótt veiðar allan ársins hring, og skipa, sem geta sótt lengra en á grunnmiðin. Þetta er frumskilyrði, og þetta er náttúrlega eitt stærsta vandamál okkar nú, það er að tryggja atvinnuöryggi, og það verður með skjótum hætti ekki gert betur en með því að efla fiskiskipastólinn og í því er togaraflotinn einn meginþáttur.

En auk þess er nýtízkutogarafloti alveg nauðsynlegur til þess að nýta fiskimiðin í kringum þetta land og til þess að nýta líka fiskimiðin, sem fjær liggja, því eins og hér hefur verið bent á, ef ekki við nýtum þau fiskimið, þá gera það aðrir. Það er mjög hættulegt, það getur dregið dilk á eftir sér, m. a. í þeirri samkeppni og þeirri baráttu, sem verður um fiskimiðin. Það má búast við, að þá komi ýmiss konar skipting til greina í framtíðinni, og þá er það auðvitað höfuðatriði, að við höfum ekki látið undir höfuð leggjast að sækja á þessi mið, heldur að við getum stutt kröfur okkar við söguna að því leyti til, að við getum sýnt fram á, að við höfum sótt á miðin og nýtt þau.

Auðvitað er svo nýtízkutogarafloti nauðsynlegur til þess að sigla með aflann, því að jafnframt því, sem þarf að tryggja hráefni hér innanlands, þá þarf að kappkosta, að þeir markaðir, sem völ er á erlendis og við höfum átt aðgang að, séu nýttir, og það má ekki með nokkru móti láta undir höfuð leggjast. Þess vegna er það auðvitað höfuðnauðsyn að endurnýja þann togaraflota, sem nú er orðinn gamall og úreltur, og gera það á þann hátt að fá nýtízkutogara, og það á að auka togaraflotann eftir því, sem tök eru á.

Það hefur í mínum augum verið algerlega ljóst um skeið, að eins og afkomu togaraflotans hefur verið háttað að undanförnu, þá hefur ekki verið nein von til þess, að togaraflotinn yrði endurnýjaður, nema atbeini og aðstoð hins opinbera kæmi til í einhverri mynd. Menn hafa horfzt í augu við þá staðreynd um lengri tíma. En það hefur ekki, því miður, verið hafizt handa. Ég má aðeins minna á það hér, að við framsóknarmenn hér í þessari hv. d. fluttum á öndverðu þessu þingi frv. um togaraútgerð ríkisins og stuðning við hlutafélög, sem sveitarfélög eru aðili að, til skipakaupa. Þetta frv. hefur nú verið að veltast í sjútvn. allan þennan tíma, og má segja, að það sjái kannske fyrir endann á þeirri veltu, þar sem minni hl. hefur skilað áliti um það mál og leggur til, að þetta frv. verði samþ., en enn hefur nú ekki verið skilað áliti af hálfu meiri hl., en ætla má, að hann leggi til, að því frv. verði vísað til ríkisstj. En eins og menn minnast, er í þessu frv. gert ráð fyrir því, að hafin sé ríkisútgerð togara. Það er þó ekki svo, að við framsóknarmenn séum sérstakir talsmenn ríkisrekstrar, en við teljum, að eins og komið er, verði þessi mál ekki leyst nema með atbeina ríkisvaldsins, og það er frá okkar sjónarmiði ekki aðalatriði, hvernig sá atbeini kemur til. Þeir einkaaðilar eða félagsútgerðir, sem hafa staðið að togaraútgerð til þessa, hafa ekki bolmagn, eins og nú stendur, til þess að endurnýja togaraflotann upp á eigið eindæmi. Þess vegna gerðum við ráð fyrir því, að ríkið keypti togara, ekki tiltekna tölu, heldur eftir því, sem þörf væri á og ástæður leyfðu. Það var þó ekki mark okkar og mið, að sú togaraútgerð ríkisins stæði um aldur og ævi, heldur einmitt er í okkar frv. gert ráð fyrir því, að togarar þeir, sem ríkisútgerðin þannig eignast, séu seldir fiskvinnslustöðvunum og öðrum aðilum, þegar þeir hafa bolmagn til þess að kaupa þá, þó svo, að ríkisútgerðin eigi aldrei færri en fjóra togara, og þeir fjórir togarar eru hugsaðir sérstaklega til atvinnujöfnunar. En það er einmitt mjög mikil þörf á því að hafa tæki til þess að miðla hráefni þannig. Menn eru með ótrú á þessu og alls konar fordóma, en ég gef satt að segja ekkert fyrir það. Og það er í raun og veru ekkert nema örökstuddir sleggjudómar, sem menn færa fram gegn því, eins og það, að skip geti ekki landað á fleiri stöðum eða skip þurfi að vera bundið við einhvern ákveðinn útgerðarstað. Það eru ekkert annað en bábiljur.

En jafnframt vil ég minna á, að það var og er ekki veigalítið atriði og ekki kannske í raun og veru veigaminna atriði í okkar frv. að gera ráð fyrir því, að ríkið styrki skipakaup þeirra félagsútgerða, sem sveitarfélög eru aðilar að, með því að kaupa hlutabréf í þeim og gera þessum útgerðum þannig kleift að eignast skip. En viða um landið er einmitt sérstakur áhugi á því á ýmsum útgerðarstöðum, eins og hv. síðasti ræðumaður, hv. 5. þm. Reykn., rakti hér í sinni ræðu. En það er eins og víðar, að þó að vilji sé fyrir hendi, þá vantar getuna. Og ég hygg, að í mörgum stöðum sé þannig ástatt, að það, sem mundi alveg ríða baggamuninn í þeim efnum, er það, ef ríkið væri tilbúið að leggja nokkurt hlutafé af mörkum í þessu skyni til þessara skipakaupa.

Ég minni aðeins á þetta frv. okkar og vona þrátt fyrir allt, að enn eigi það eftir að hljóta hér sæmilega afgreiðslu, því að þótt þetta frv., sem hér liggur fyrir, verði samþ., þá er áreiðanlegt, að við getum allir orðið sammála um það, að ekki er allur vandi leystur með því, og til viðbótar þarf að gera átak, ef allt á að komast í lag og ef við eigum að ná því upp, sem við í raun og veru höfum tapað í þessum efnum á undanförnum árum. En í sambandi við það frv., sem við höfum lagt hér fram, þá hef ég einmitt lagt á það áherzlu æ ofan í æ, að rekstursformið á togurunum eða útgerðum þessum væri í mínum augum algert aukaatriði. Það þýðir ekkert, og það er ekkert annað en bábilja, að vera að binda sig við ákveðin form, sem alltaf og æ og að eilífu eigi að standa. Það verður auðvitað að haga sér eftir aðstæðum og þörfum á hverjum tíma í því efni og ekki vera að binda sig í neinar kreddur um það, að þetta eða hitt rekstrarformið komi ekki til greina. Í mínum augum hefur það alltaf verið aðalatriðið í þessu máli, að við fengjum nýja togara og fengjum þá sem fyrst og kæmum þeim af stað og í útgerð. En rekstrarformið er í mínum augum nánast aukaatriði, af því að í raun og veru verður það svo, hvernig sem því verður fyrir komið, að þessi skip verða undirstaða þjóðarbúskaparins og þess vegna undirstaða lífsafkomu og lífsskilyrða okkar allra.

Nú er þetta frv. fram komið, og þarf ekki að rekja efni þess. Það er um kaup á sex skuttogurum, sem gert er ráð fyrir að selja síðan öðrum með fyrrgreindum kjörum þar á. Þau kjör, sem þar er um að tefla, eru að visu óvenjuleg, eins og gerð var grein fyrir af hv. 5. þm. Reykn., þar sem gert er ráð fyrir þeirri fyrirgreiðslu ríkisvaldsins í því formi, sem þar segir. En ég vil segja það strax, að ég álít, að þessi leið, sem þarna er bent á, komi mjög vel til greina. Eins og ég sagði áðan, er það alveg augljóst mál, að þessi mál verða ekki leyst nema með atbeina ríkisvaldsins, og það má ekki gera það að neinu höfuðatriði eða úrslitaatriði, hvaða leið er farin í því efni. Og þó að ég hafi vissar aths. við þessa leið að gera og ég teldi aðra leið beinni og heppilegri, þá mun ég veita þessu frv. minn stuðning.

Ég tek alveg undir það, sem hv. 5. þm. Reykn. sagði, að vissulega finnst mér, að það væri miklu viðfelldnari leið, að ríkið gerðist beinlínis þátttakandi í útgerð þessara togara, hvort sem það verður félagsútgerð, hlutafélag eða einkaaðili, sem verður þar annar aðilinn, með því að leggja fram þetta áhættufé, sem það ætlar að leggja í þetta, sem hlutafé, því að auðvitað þýðir ekki að loka augunum fyrir því, að þetta er áhættufé. Það er aukaatriði, hvað þetta er kallað, hvort það er kallað lán eða einhverju öðru nafni. Það er auðsætt á kjörunum, að menn gera fyllilega ráð fyrir því, að þetta fé muni ekki aftur koma, og við því er ekkert að segja. Þetta er vaxtalaust lán, og þó að það sé látið heita lán, þá á það ekki að greiðast fyrr en allar skuldir eru greiddar. Þrátt fyrir það þó að það sé nú bezt að vera bjartsýnn í þessu efni, þá býst ég nú við, að það geti orðið dráttur á því, að allar skuldir verði greiddar, sem á þessum togurum hvíla, svo að ég býst við því, að menn ættu ekki af ríkisins hálfu að gera sér of bjartar vonir um það að sjá þessa aura aftur, sem í þetta eru lagðir, og ég tel það út af fyrir sig ekkert eftir. En úr því að ríkið leggur þetta til með þessum hætti og leggur þetta áhættufé fram, þá finnst mér, að það væri eðlilegra, að það hefði hönd í bagga með þessari útgerð eða hefði tækifæri til þess og þetta væri hlutafé. Það er sem sagt til athugunar. Ég mun skýra það sjónarmið mitt nánar í n., og þar verður hægt að taka það til athugunar, hvort það er hægt að fá nokkra samstöðu um það að breyta til um form á þessu. En ég vil segja það, að ég mun ekki láta það standa fyrir mínum stuðningi við þetta frv., þó að það fáist ekki fram. En ég vona, að meiri hl. vilji nú samt á okkur hlusta í þessu efni. Sannleikurinn er sá, að þó að þetta sé nú ekki stærra fyrirtæki en þetta, þá er það nú samt stórt fyrirtæki, og ég mundi telja skynsamlegast, að það væri leitað eftir sem mestri samstöðu um afgreiðslu máls sem þessa. Það er rétt, eins og hér var bent á, að þetta er ekki stórt í sniðum, en það er þó byrjun, og það er spor í rétta átt. Auðvitað væri æskilegra, að það hefði verið hægt að vera stórtækari í þessu efni og hafa þessi skip fleiri, vegna þess hvað stöðvunin hefur orðið löng í þessu efni.

En þá ætla ég að koma að því, sem hv. 5. þm. Reykn. minntist líka á, þessum minni togurum, og það eru nokkrir staðir úti á landi, – það eru sérstaklega Sauðárkrókur, Siglufjörður, Akureyri og Neskaupstaður, sem mér er kunnugt um, – sem hafa sýnt sérstakan áhuga á því efni að eignast skuttogara, sem eru þetta kannske tæp 500 tonn. Og mér er kunnugt um það, að þessir aðilar hafa haft samvinnu um þessi mál sín á milli. Mér er kunnugt um það, að þeir hafa lagt mikla vinnu í það að athuga þessi mál, og er alveg brennandi lífshagsmunamál fyrir þessa staði að eignast þessi skip. En þó að þeir séu þetta minni og þó að það sé brennandi áhugi á þessum stöðum og það séu þar margir fórnfúsir aðilar, sem eru tilbúnir til þess að leggja fram nokkurt fé í þessu skyni sem áhættufé, þá er það samt sem áður svo, að það skortir getu til þess að leysa þetta mál. Þetta er mál, sem hefur snertipunkta víðar. M. a. hafa þessir aðilar, eftir því sem ég veit bezt, rætt tölu vert alvarlega við skipasmíðastöðvar hér innanlands og þá sérstaklega við skipasmíðastöð á Akureyri t. d., og auðvitað er það mikið atriði, sem kemur til líka í þessu sambandi, hvort það er hægt að leysa mál skipasmíðastöðvanna að einhverju leyti í þessu sambandi og útvega þeim verkefni.

Nú vil ég fyrir mitt leyti leggja mikla áherzlu á, að mál þessara aðila séu skoðuð í sambandi við afgreiðslu þessa máls, og ég vil vænta þess, að þegar á mál þeirra er litið með sanngirni, þá gæti náðst samstaða um, að

þessir aðilar fengju sams konar fyrirgreiðslu eins og þessum sex skuttogurum er ætluð. Það er að vísu svo, að ástandið í þeim bæjarfélögum er þannig, að það eru svo litlar einingar, að þeim er auðvitað mjög torvelt að standa undir þessum 7.5%, sem bæjarfélögunum er ætlað. En ég verð að segja það, að ég er ekki bjartsýnni en svo, að ég geri mér tæpast vonir um, að það þýði að fara fram á meiri fyrirgreiðslu fyrir þeirra hönd en þá, sem þessum skuttogurum er hér ætluð. Ég veit, að hæstv. ráðh. hefur kynnt sér mál þessara aðila, og ég vænti þess, að hann geti tekið undir þau sjónarmið, sem ég hef hér sett fram. Ég mundi vera náttúrlega mjög ánægður, ef hann gæti lýst yfir á eftir jákvæðum stuðningi við þau sjónarmið, sem ég hef sett hér fram, að því væri komið til leiðar í sambandi við afgreiðslu þessa máls, að þessir aðilar fengju að sitja við sama borð í þessu efni og þessir sex skuttogarar. En vel má vera, að hann sé ekki tilbúinn til þess að gefa slíka yfirlýsingu hér. En þá vil ég fyrir mitt leyti leggja áherzlu á það samt, að það verði ekki lokað neinum dyrum í þessu efni og það verði kannað í n., hvort það er ekki hægt að ná samstöðu um þetta.

Svo er það þriðja stærðin, sem hér kemur til greina, eins og hér hefur verið minnzt á, þar sem er hinn svokallaði verksmiðju- eða úthafstogari. Við vitum, að það hefur verið stofnað hér sérstakt félag áhugamanna í því efni, sem hafa lagt fram verulegt fé nú þegar með það fyrir augum að eignast einn úthafstogara eða verksmiðjutogara. Það er mikið fyrirtæki. En ég lít svo á, að það sé tilraun, sem nauðsynlegt er og sjálfsagt að gera. Nú hefur þetta félag, Úthaf, skrifað þingflokkunum bréf um það efni, og farið fram á ákveðna afstöðu þeirra í þessu máli, og það hefur bent á einar þrjár leiðir, sem gætu komið þar til greina sem stuðningur við það og úrræði til þess að hrinda þessu máli í framkvæmd. Ég ætla ekki að fara að rekja þær leiðir hér, en minni þó á, að fyrsta leiðin er sú, að ríkið gerist hluthafi í þessu fyrirtæki, með allháu framlagi að vísu. Þetta mál verður nú sjálfsagt rætt í þingflokkunum og athugað, hvort það getur náðst samstaða um það. En auðvitað tek ég undir það með hv. 5. þm. Reykn., að það væri fróðlegt að heyra afstöðu ráðh. í því efni, ef hann er viðbúinn að gera grein fyrir því. Ég vil ekki segja, að það eigi að blanda því máli saman við þetta mál, sem hér liggur fyrir. Ég lít í raun og veru á það mál sem alveg sérstaks eðlis. Ég vil líta á það sem tilraun, sem á að gera og ríkisvaldinu beri að styrkja. Og þá kem ég aftur að því, sem ég áðan minntist á í sambandi við rekstraráætlun, að auðvitað er það sjálfsagt og nauðsynlegt, að þessir aðilar leggi fram rekstraráætlanir og það mál allt sé kannað. En þó geri ég ekki of mikið með það, því að allar áætlanir geta brugðizt, en það er í raun og veru að mínu mati sjálfsagt, hvað svo sem tölur á pappír segja, að gera tilraun í þessu efni og sjá til, og ég undirstrika það, sem áður hefur verið tekið fram, að það er einmitt líka vegna hagnýtingar hinna fjarlægari miða nauðsynlegt, að við verðum með í því að nýta þau, og vel má vera, að framtíðin beinist meir að þessu en við gerum okkur nú grein fyrir.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð öllu fleiri, en legg enn og aftur áherzlu á það, að það er nauðsynlegt, að hafizt sé handa sem fyrst í þessum efnum og raunhæfar aðgerðir gerðar í þessu efni jafnframt því, sem þess þyrfti um leið að strengja heit að láta það ekki endurtaka sig, sem nú hefur gerzt og raunar er ekki einsdæmi, því að það er rétt, sem hér hefur komið fram, að endurnýjun togaraflotans hefur farið hér fram í nokkrum stökkum. Það er auðvitað ekki heppilegt, en þeim þarf að halda við jafnt og þétt og endurnýjun togaraflotans þarf að fara stöðugt fram.

Eins og ég hef áður sagt, gefst nú færi á því fyrir mig að fylgja fram mínum sjónarmiðum í n., sem um þetta fjallar, og ég skal láta mínu máli lokið, en vil endurtaka að mér þætti náttúrlega mjög mikilsvert, ef hæstv. ráðh. gæti tekið jákvætt undir þau atriði, sem ég hef hér sett fram.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég þarf ekki efnisins vegna að vera langorður í þessu máli umfram það, sem ég hef þegar sagt. Ég vil þakka þeim tveimur hv. þm., sem til máls hafa tekið á eftir minni framsöguræðu, fyrir jákvæðar undirtektir við frv., og ekki er ástæða fyrir mig til þess að víkja að mörgum atriðum í þeirra ræðum.

Þegar hv. 5. þm. Reykn. hafði komizt yfir hugleiðingar sínar um kosningavor, þá varð niðurstaðan eigi að síður jákvæð varðandi þetta frv. Hann minnti á það, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. kom einnig inn á, að ekki væri allur vandi leystur í íslenzkri togaraútgerð með flutningi og jafnvel samþykkt þessa frv. Það er bæði rétt og skylt að viðurkenna, að það er rétt. Hins vegar taldi ég, og það var álit ríkisstj., að hér hefði verið hægt að finna viðunanlegan rekstrargrundvöll á þessari stærð skipa með því að gefa sér þó ákveðnar tölur í tilteknum veigamiklum atriðum í rekstrarkostnaði þeirra. Það er líka rétt, sem fram kom í ræðum þessara hv. þm., að í þessum efnum verður aldrei neitt ákveðið, óbreytanlegt eða óhreyfanlegt. Það er vitað mál, að fátt í íslenzkum atvinnuvegum er eins óöruggt og íslenzkur sjávarútvegur, aflamagn, veðurfar og verðlag á erlendum mörkuðum. Þetta eru alltaf óþekktar stærðir.

En það, sem þessir þm. báðir lögðu mikið upp úr, var að heyra mitt persónulega álit varðandi aðrar greinar togaraflotans, þ. e. a. s. bæði minni skip og þá jafnframt framtíðaráform um verksmiðjuskip eða að eignast verksmiðjuskip. Ég hef á opinberum vettvangi látið í ljós þessa skoðun mína, persónulegu skoðun mína, og get gjarnan endurtekið hana hér, en í nafni ríkisstj. get ég ekki gefið slíkar yfirlýsingar, því að það er álit manna, sem og er álit mitt líka, að það sé sérstakt mál, sem þurfi sérstaklega að skoða, og að því er unnið að fara ofan í þau vandamál með sama hætti og gert hefur verið varðandi þessa stærð skipa. Ég tel það líka alveg rétt, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði, að það væri rangt að loka nokkrum dyrum í sambandi við umr. um þessi mál. Það er sjálfsagt að halda þeim öllum opnum og athuga hvern þann möguleika, sem fyrir hendi er, til lausnar þessum vanda. Ég hef látið það frá mér fara í blaðagrein, sem ég skrifaði á s. l. hausti eða sumri, að ég tel nauðsynlegt fyrir Íslendinga að eignast allar þessar stærðir togara. En hins vegar gildir hið sama um þessar stærðir eins og reyndar þessa, sem frv. fjallar um, að það verður að eygjast einhver möguleiki til þess, að

þessi útgerð geti borið sig. Ég segi ekki, að það þurfi endilega að vera múr- og naglfast, eins og sagt er stundum. Það verður aldrei, eins og ég kom inn á áðan, í sambandi við íslenzkan sjávarútveg hægt að færa fram slík rök fyrir einni eða neinni útgerð hér á landi, svo mörgum óvissum stærðum, sem hún er háð. En eygðist einhver möguleiki fyrir því, þá tel ég persónulega nauðsynlegt, að Íslendingar eignist allar þessar stærðir, ekki sízt vegna mannskapsins sjálfs, að við eigum þjálfaðan mannskap við allar þær veiðiaðferðir og stærðir í veiðiflota, sem kostur er á og aðrar þjóðir hafa reynt og hafa sannað ágæti sitt. Þótt hinar tvær stærðirnar séu ekki ræddar í þessu frv., þá ítreka ég það, að það er mín persónulega skoðun, að við þurfum að eignast þessar stærðir allar. Ég skal ekki tiltaka neinn fjölda skipa í þessum greinum. Um það geta verið deilur.

En það er einnig rétt, að nokkur bæjarfélög, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. gat um, hafa sýnt nú upp á síðkastið, þó ekki fyrr en á þessu og síðasta ári, verulegan áhuga á því að eignast slík skip. En mér finnst, að eftir málflutningi forsvarsmanna þessara bæjarfélaga, sumra a. m. k., muni þeim vart duga sams konar aðstoð og þetta frv. gerir ráð fyrir, þar þurfi eitthvað nýtt til að koma. Það er vitað, að fjárhagur sumra þeirra bæjarfélaga, sem hv. þm. nefndi, er mjög bágur, eins og hann gat um, og það olli nokkurri svartsýni sumra þessara forystumanna, að sú aðstoð, sem þessu frv. er ætlað að veita, mundi ekki duga þeim til kaupa á jafnvel minni skipum.

Eins og ég áðan sagði, þá er nauðsynlegt að líta á þessi mál öll og kanna til hlítar. En ég vona, að hv. þdm. séu mér sammála um, að það er ekki rétt að draga úr ferðinni á samþykkt þessa frv., þó að einhvern tíma kunni að taka að fara ofan í hinar hliðar þessa vanda, og ég fagna því, að báðir þessir hv. þm. tóku jákvætt undir frv. sem slíkt, þó að þeir teldu, að það mætti gjarnan vera stærra í sniðum. Það eru ávallt og hafa alltaf verið greindar meiningar um slíkt, hve langt eigi að ganga, en þetta var nú sú tala, sem talið var að væru einhverjir möguleikar á að eftirspurn væri eftir varðandi þessa stærð skipa.

Varðandi svo verksmiðjuskipið sjálft er það, eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. gat um, kannske hvað sérstakast þessara mála vegna þess, hversu stóra fjárhæð er um að ræða, en eigi að síður hliðstætt hinum minni skipum, vegna þess að það er nauðsynlegt fyrir okkur að fylgjast með vinnubrögðum og þjálfun mannskaps í þeim efnum rétt eins og að viðhalda miðstærðunum og minnstu stærðunum. Að öðru leyti má segja, að slík útgerð sé, eins og þm. sagði, tilraunaútgerð. Við höfum ekki tekið þátt í slíkum veiðiskap eða veiðiskap við slíkar aðstæður, en það er tvímælalaust margt, sem af því má læra, sem nauðsynlegt er, að vitneskja sé um meðal íslenzkra fiskimanna, og við þörfnumst þeirrar þjálfunar, sem útgerð slíks fiskiskips hlyti óhjákvæmilega að leiða af sér. Ég skal ekki láta á mér standa, hvað því viðvíkur, að leita eftir sem allra mestri samstöðu um málið. Mér væri það að sjálfsögðu kærast, að hér gæti verið um einróma álit að ræða og að við höldum síðan áfram að fara ofan í þann vanda, sem hinum atriðunum, sem ekki leysast með þessu frv., fylgja, því að mér er fullkomlega ljóst, að þann vanda þarf að leysa ekki síður en þann vanda, sem leystur er með þessu frv.

Ég vænti þess svo, að vegna þess, hversu áliðið er þingtímans, reyni hv. n., svo sem kostur er, að hraða störfum sínum um afgreiðslu málsins og þótt aðrar hliðar vandans í togaraútgerðinni séu óleystar, verði það ekki til þess að draga úr ferðinni á afgreiðslu þessa frv.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. neitt að ráði, enda gaf ræða hæstv. ráðh. ekki tilefni til þess, að ég yrði margorður að þessu sinni.

Hæstv. ráðh. taldi, að ég og hv. 1. þm. Norðurl. v. hefðum verið að spyrja um hans persónulega álit, ráðh. um það, hvað hann teldi rétt að gera í sambandi við bæði hinar minni tegundir eða stærðir togskipa og úthafstogara. Það er í sjálfu sér ágætt að heyra það og fá það staðfest hér í ræðu hæstv. ráðh., að hans persónulega skoðun sé sú, að við þurfum einnig að koma okkur upp skipum af þessum stærðum. En í rauninni vorum við ekki, a. m. k. ekki ég, fyrst og fremst að spyrja um þetta. Ég var hreint og beint og ég taldi nokkuð skýrt að spyrja um það, hvaða afstöðu hæstv. ríkisstj. hefði tekið til beinna tilmæla, sem ég hygg að henni hafi borizt og sum fyrir alllöngu um stuðning við aðila, sem vilja koma sér upp skipum af þessum tveimur stærðum. Og því miður var svar hæstv. ráðh. á þann veg, að í nafni ríkisstj. gæti hann ekki gefið neinar yfirlýsingar um stuðning við skip af þessum tegundum eða stærðum. Hins vegar lýsti hann yfir því, og það þótti mér út af fyrir sig gott að heyra, að áfram mundi verða unnið að athugun og þá væntanlega lausn þeirra mála, en það gefur auga leið, að ef það á alls ekki að gera í sambandi við þetta frv., þá er nú orðið svo áliðið þinghalds, að aðgerða Alþ. er þá alls ekki, að því er virðist, að vænta fyrr en á næsta hausti eða næsta vetri, og ég tel það mjög illa farið, ef enn þarf að bíða með allar ákvarðanir í sambandi við aðrar togskipastærðir kannske hálft eða heilt ár enn.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. lagði á það áherzlu og alveg réttilega að mínum dómi, að það að gera út skip af ýmsum stærðum og sem allra nútímalegastan flota hverju sinni hefði verið og væri okkur Íslendingum lífsnauðsyn, og hitt væri, eins og hann orðaði það, meira bókhaldsatriði, hvort skipið þá og þá sýndi hugsanlegan, rekstrarlegan hagnað eða jafnvel eitthvert tap. Í flestum tilfellum væri um lífsnauðsyn að ræða að eiga sem nútímalegastan og bezt búinn flota. Þetta vil ég leggja alveg sérstaka áherzlu á og tel, að sé alveg hárrétt athugað. Og þó hagfræðingar og bankastjórar, ágætir og hálærðir menn, séu að velta fyrir sér ýmsum tölum í þessu sambandi, þá legg ég ekki allt of mikið upp úr því.

Ég fór nokkrum orðum um það í lok ræðu minnar hér í dag, að ég hefði vel getað unnt hæstv. sjútvrh. þess að koma hér með dálítið stærra og myndarlegra frv. í sambandi við endurnýjun togaraflotans en hann hefur nú gert. Ég skal þó á engan hátt vanþakka, að þetta skuli þó fram komið, og mun styðja það, svo langt sem það nær. Ég saka ekki hæstv. ráðh. um, að það standi eða hafi staðið fyrst og fremst á honum í sambandi við

endurnýjun togaraflotans. Ég tel, að þar hafi önnur og neikvæðari öfl verið að verki, en hann hafi hins vegar látið þau öfl draga of mikið úr sér kjark og látið þau ráða of miklu. Og það skulu þá verða mín síðustu orð við þessa umr., að ég vil vænta þess, að hann nú á næstunni haldi það strik, sem hann virðist þó fylgja fram nú, að koma með raunhæfar till. um lausn á þeim vanda, að við getum aflað okkur togskipa, fleiri togskipa og af öðrum gerðum en hér er um að ræða samkv. þessu frv. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh., enda þótt hann hafi nú verið í ríkisstj. alllengi með flokki, sem hefur, að því er virðist, ákaflega steinrunnar hugmyndir um það, að einkaframtakið eigi að leysa atvinnumálin, þá sé hann mér enn eins og fyrr í rauninni sammála um það, að í sambandi við togaraútgerð þurfi félagsleg úrræði í mörgum greinum til að koma til þess að leysa þau mál, og hann vinni eftir þeim línum, en treysti ekki blint á einkaframtakið til að leysa málin. Það hefur sýnt sig í þessu efni, að það dugar ekki til þess. Þar verður hið opinbera til að koma, eins og gert er með þessu frv. að nokkru, þó að það hrökkvi því miður helzt til skammt.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Þessar umr. hafa nú orðið langdregnar nokkuð og margt slæðzt inn í þær, eins og oft vill verða, þegar stórmál eru á döfinni. Mönnum sýnist sitt hvað um kaup á stórum togurum og togaraútgerð í landinu. Það er ekkert nýtt og hefur ævinlega verið svo á Íslandi. Menn hafa deilt um togaraútgerð, því að hún er fjárfrek og hefur oft verið erfið í rekstri, bæði hér á Íslandi og annars staðar. Ég ætla ekki að tefja tímann mjög, en ég vil þó aðeins vekja athygli á þeim orðum, sem formaður Framsfl., hv. 1. þm. Norðurl. v., viðhafði hér, þegar hann gerði ekki mikið úr því tapi, sem kynni að verða á togaraútgerð, sagði, að það væri ekki aðalatriðið, viljinn væri mikið atriði. Það tek ég undir. En ég vil þó ekki líta fram hjá því, að það varð einmitt togaraútgerðinni að falli, hversu erfitt var að ná rekstrarlegri niðurstöðu. Mörg bæjarfélög voru bjartsýn hér á sínum tíma og fóru í togaraútgerð, en því miður reyndist togaraútgerð á þessum stöðum þeim ofviða og setti bæjarsjóðina kannske ekki alveg um, en setti þá mjög skakka. Má þar nefna, að í Neskaupstað, í Vestmannaeyjum, í Keflavík og á Norðurlandi gáfust þessi bæjarfélög upp við rekstur á togurum, e. t. v. illu heilli, e. t. v. vegna skilningsleysis ríkisvaldsins eða af ýmsum öðrum orsökum. En það er þó staðreynd, að togaraútgerðin lognaðist út af á þessum stöðum, vegna þess að tapið varð þeim ofviða. Nú skal ég ekki vera þversum í því efni, ef ríkissjóður hefur svo mikið fjármagn, að menn verða sammála um að leggja fram nægilegt fjármagn, þannig að togaraútgerð, hvar sem vera skal á landinu, geti gengið. En ég held þó, að fyrr eða síðar komum við að þeim erfiða hnút, sem þarf að leysa, að togaraútgerð á Íslandi er ekki jafngild, hvar sem vera skal. Og það er mikið vandamál, en hann vildi ekki gera úr því mjög svo mikið atriði, en það er mikið vandamál, hvar skal landa úr togara, ef hann er orðinn stór og kemur með 250–300 tonna afla að landi. Þá er það mikið vandamál. Bæði tekur það tíma að landa, áhöfnin tekur frí og það þarf að flytja skipið þá á milli hafna, og það er ekki sama, hvernig að þessu er staðið. Það vil ég undirstrika. En það kallaði hv. þm. bábiljur einar að gera úr því nokkra erfiðleika.

Slík tilraun var reynd á Norðurlandi og fór alveg hrapallega. Þess vegna hef ég persónulega helzt þá skoðun, að við eigum að skipta togaraflotanum í misjafnar stærðir, og helzt væri ég á því, að stuðningur ríkisvaldsins næmi ákveðinni upphæð, hvort hann er 50 millj. eða 100 millj. En svo einkennilega hefur viljað til, að enginn ræðumanna nefndi ákveðnar tölur. Ég held þó, að það sé nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, hvað í frv. felst varðandi ákveðnar tölur, því að það hlýtur að skipta ríkissjóð nokkru máli, hvort við erum að leggja til, að hann snari út 50 millj. eða 150 millj. í ákveðna útgerðarþætti. Miðað við reynslu undanfarinna ára, og fram hjá henni verður varla gengið, þó að menn vilji ekki gera um of mikið úr tapi og rekstrarörðugleikum víða um land, er ég helzt á því, að við ættum að láta reynsluna ráða verulega ákvörðun okkar og skipta togaraflotanum í ákveðnar stærðir.

Nú er það vitað mál, að það eru vaxandi kröfur um gæði á fiski, og ég held, að ég fari rétt með það, að í Noregi séu komnar þær kröfur, að ekki sé landað eldri fiski en átta daga. Íslenzkur fiskmatsmaður fór nýlega til Noregs, og hann hefur sent frá sér skýrslu, og þar segir hann blákalt, að átta daga sé elzti fiskur leyfilega landaður í frystihús í Noregi. Hvað þýðir þetta? Það þýðir að mínu viti, að þá sé útgerð stórra togara hér, sem landa í frystihús á Íslandi, mjög vafasöm, ef vel aflast. Ég er því helzt á því, að 600–800 brúttótonna togarar hentuðu hér mjög víða vel, en þó er eðlilegt að kaupa kannske tvo til þrjá rúmlega 1000 tonna togara, sem fiska í ís undir vissum kringumstæðum. Hins vegar geta þeir verið góðir til sölu á erlendum markaði.

Svo er hinn þátturinn, það er vinnsluskipið. Ég vil taka undir, að eðlilegt er að líta á það sem sérstaka tilraun og veita sérstaka aðstoð. Athugum frystihús eins og í Hafnarfirði, á Akureyri, í Vestmannaeyjum og í Neskaupstað t. d. Þar er móttaka og afkastageta þannig, að togarafarmur, sem væri um 200 tonn, er nokkuð góður. Ef farmurinn fer mikið yfir 200 tonn, er það þeim í flestum tilfellum ofviða, nema aflinn sé fenginn á mjög stuttum tíma, því að annars verður fiskurinn of gamall til vinnslu í frystingu. Hann gæti verið ágætur í skreið, en vinnan í landi er nú ekki eins mikil við skreiðarvinnslu og við hraðfrystingu, og þess vegna er það mikið atriði, að það fjármagn nýtist sem bezt til vinnslu, sem ríkissjóður lætur af hendi. Þetta atriði vildi ég undirstrika hér, vegna þess að ég tók ekki eftir því, að neinn nefndi hér ákveðna tölu. Þó að við séum allir inni á því, að ríkissjóður leggi fram upphæðir, þá tel ég nú eðlilegt, að við gerum okkur grein fyrir, hvað við erum að samþykkja varðandi framlag ríkissjóðs í framtíðinni.

Um hitt má svo mjög spyrja, með hvaða hætti við skulum draga fisk hér að landi á Íslandi, þegar það er nú einu sinni staðreynd, að fiskimið okkar virðast vera því sem næst fullnýtt. Það hefur margsinnis komið fram hér á Alþ. og víðar, að menn telja, að það sé mjög nálægt því, að fiskimiðin við Ísland séu fullnýtt. Þá hlýtur sú spurning að vakna óhjákvæmilega, hvort ekki sé skylda okkar að stuðla að því, að við drögum fiskinn

að landi með sem minnstum tilkostnaði. Og nokkrar raddir eru uppi um það, að við getum aflað fisksins hér á Íslandsmiðum með minni tilkostnaði en gerist um borð í togara. Það fer eftir aðstæðum og atvikum, en reynslan hefur þó sýnt í gegnum árin, að flest fiskiskip hafa skilað fiskkílói í land með minni tilkostnaði en togarar. Það hefur komið fram í reikningum, t. d. frá aflatryggingasjóði og víðar, að togaraflotinn hefur fengið mjög stórar upphæðir úr aflatryggingasjóði og skuldaði fyrir 2–3 árum þeirri deild í aflatryggingasjóði um 100 millj. t. d. Þó hefur togaraflotinn notið verulega beinna ríkisstyrkja.

Nú kann einhver að segja, að þessir gömlu togarar okkar séu úreltir og við gætum með togurum af nýrri gerð aflað með ódýrari hætti. Um þetta skal ég ekki dæma. Hitt er reynsla annarra þjóða, sem hafa farið á Íslandsmið, að rekstur togara hér hefur gengið mjög misjafnlega, og hafa margir togarar verið til sölu, en aðrir togarar orðið að taka við stórstyrkjum. Norðmenn hafa látið smíða fjögur verksmiðjuskip af tveimur gerðum, og ég sá það í norsku tímariti í s. l. viku, að þeir hafa ákveðið að staldra við og taka rekstur þessara verksmiðjuskipa sérstaklega fyrir og reikna nákvæmlega, hvað hefur áunnizt og hvað má lagfæra í sambandi við þessi skip, og taka síðan ákvarðanir um áframhaldandi uppbyggingu togaraflota síns. Þeir hafa nokkuð af minni skipum, sem gáfu sæmilega raun, og er vaxandi áhugi á því sviði.

Á Íslandi er nú talsverður áhugi á minni fiskiskipum vegna breyttra aðstæðna í togveiðimöguleikum við landið. Jafnframt hef ég lesið á prenti, t. d. í grein í Norðanfara, síðasta blaði, eftir ágætan mann, mjög vel kunnugan öllum aðstæðum, Pál Guðmundsson skipstjóra, þar stendur, að vanrækt hafi verið uppbygging fiskiskipaflotans. Þetta er ekki rétt. Fiskiskipaflotinn hefur verið aukinn. Deilan stendur um það, hvort við eigum að telja þessi skip, sem eru 300 tonn eða minni, til togveiðiskipa. Ég held, að hann hafi átt við eitthvað annað, því að þetta eru auðvitað fiskiskip, því að þau nota ýmis veiðarfæri og veiða fisk, en þannig er áróðurinn. Hann er orðinn einhliða og hefur jafnvel farið út í öfgar á vissum sviðum.

Þess vegna dreg ég enga dul á það, að vilji hæstv. fjmrh. leggja því lið, að ríkissjóður taki á sig kvaðir upp á 100 eða 200 millj., vildi ég helzt, að það væri gert um tvær til þrjár gerðir skipa, en ekki sex skip af sömu stærð, eingöngu vegna þess, hvað reynsla undanfarinna ára hefur kennt okkur, hver reynsla hjá öðrum þjóðum er. Þetta vildi ég undirstrika, en ég vil líka undirstrika það, að við getum ekki litið algerlega fram hjá tapinu, því það hefur haft svo bitra reynslu í för með sér hér á Íslandi, að fram hjá því verður ekki gengið, að samþykkjum við það hér á Alþ., að ríkissjóður taki á sig ákveðnar kvaðir og hjálpi þannig bæjarfélögum, þá getur það reynzt mjög illa víða. Aðstæður á Íslandi eru svo misjafnar, að fram hjá þeirri staðreynd verður ekki gengið. Hitt vil ég undirstrika og taka undir, sem fram kom hjá öllum ræðumönnum, að okkur er nauðsyn á góðum skipum til að sækja á hin fjarlægustu mið, og það mun ekki standa á mér að leggja því lið. En útgerð togara hefur verið okkur erfið í mörg ár, og hún er erfið hjá mörgum nágrannaþjóðum hér í Norðurhöfum. Og það eru uppi raddir um það núna að takmarka sókn í þorsk- og ýsustofna hér á stóru svæði, og það kann að hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir rekstur þessarar stærðar á skipum, þannig að ég tel nokkuð djarft teflt að miða þetta frv. við eina stærð skipa. Persónulega væri ég helzt á því, ef ríkissjóður vill ganga undir ákveðna kvöð, sem væri 100 eða 200 millj. kr. framlag, að við ættum að hugleiða að dreifa því fjármagni á fleiri gerðir togara.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að hætta mér út í deilur við hv. 5. landsk. þm. um útgerðarmál, þar sem hann er útgerðarmaður og fagmaður á því sviði, en mig langaði aðeins til þess að gera aths. út af þeim orðum, sem hann lét falla um útgerð á Norðurlandi og þá reynslu, sem þar hefði fengizt.

Það er rétt, að t. d. þrír kaupstaðir áttu saman einn togara á Norðurlandi. Það má segja, að það hafi gengið illa. Það er rétt, að það var tap á þessari útgerð og hún gafst upp. En það er nú stundum svo, að það ræður úrslitum, hvort menn gefast upp á einhverju tilteknu augnabliki eða þrauka ofurlítið lengur og er hjálpað til þess að komast yfir örðugasta hjallann. Ég er nú ekki frá því, að ef menn hefðu verið svolítið þolinmóðari, þá hefðu viðhorfin breytzt í þessu efni. Og það var ekki bara þessi togaraútgerð, sem gekk erfiðlega. Ég átti hlut að því m. a. að afla skipa til Sauðárkróks á sínum tíma, og það var um eitt skeið, að við gerðum út þaðan tvö eða þrjú skip, en það gerðist sú sorgarsaga, að þessi útgerð gekk ekki, og það voru ekki fjárhagslega sterkir aðilar, sem stóðu að henni, og þeir, sem yfir fjármagninu höfðu að ráða, þorðu ekki að taka meiri áhættu en orðið var, og niðurstaðan var sú, að skipin voru seld burt af staðnum. Síðan hefur orðið að kaupa önnur skip, og þau skip hafa gengið vel, og mér er óhætt að segja, að þau skip hafa einmitt skapað algerlega undirstöðu undir atvinnulífið á þessum stöðum og hafa gengið vel, þannig að við megum ekki vera of svartsýnir og miða við reynslu, þótt illa hafi gengið í sum skipti, heldur getur oft verið rétt að líta á það sem tilraun og læra af þeirri reynslu, sem fengin var.

Hann vildi, hv. 5. landsk. þm., ekki fallast á það, sem ég sagði, að þetta væri bara bábilja, að það mætti ekki landa á fleiri stöðum. En það er nú svona, að jafnvel útgerðarmenn eru stundum nokkuð fastheldnir á það, sem þeir hafa lært og eru vanir. Aðstaðan á Norðurlandi t. d. er gerbreytt frá því sem var, þegar þessi togari var, sem hann talaði um. Það eru t. d. komin tvö frystihús á sumum stöðunum. Það er kominn ágætur vegur, sem er greiðfær og yfirleitt fær allan ársins hring á milli þessara staða, og t. d. er það sízt lengri vegur en t. d. frá Þorlákshöfn til Reykjavíkur eða jafnvel miklu styttri vegur, þannig að það væri kannske engin frágangssök heldur, að manni finnst, miðað við það, sem hér er gert, að keyra afla á milli staða.

Ég ætla ekki að fara lengra út í þetta hér, en vegna þess að mér er það mikið áhugamál, að litið sé á þessi mál með fyllsta velvilja, þá vil ég undirstrika það, að menn mega ekki hræðast reynsluna um of í þessu efni. Reyndar er það ekki heldur svo nú, að það sé stílað upp á það, að þau séu fleiri staðir saman um einn togara,

heldur er gert ráð fyrir því, að hver af þessum stöðum, sem þarna er um að tefla og hafa átt þátt í þessum undirbúningi, sé með einn togara út af fyrir sig.

Ég skal ekki segja um það, hvort það á að draga úr stærð skipa skv. þessu frv. Mér sýnist það nú ekki fært. En hins vegar fagna ég mjög þeim skoðunum, sem komu fram hjá hv. 5. landsk. þm., á þá lund, að hann vildi einmitt leggja áherzlu á, að það væru fengnar fleiri stærðir af togurum, og þá skildist mér einmitt hann hallast að þeirri stærð, sem þeir eru að hugsa um fyrir norðan og austan. Það sýnir sig, að þau skip, sem þeir hafa nú, – þó að þau hafi reynzt vel og gengið vel, – þá eru þau ekki nógu stór. Það þarf stærri skip til þess að geta sótt lengra og aflað þess hráefnis, sem er þörf á. Þeir álíta, að þessi skip, sem þeir hafa mjög verið að athuga, dugi og ég veit, að þeir hafa lagt mjög mikla vinnu í að kynna sér allt í sambandi við það. Það er sjálfsagt rétt að átta sig á tölum í þessu sambandi. Ég hygg, að það sé nú auðvelt. Að vísu verður, eins og hæstv. sjútvrh. drap á, að taka allar áætlanir með fyrirvara. En þeir hafa gert mjög ítarlega áætlun um þessi skipakaup, og það er enginn vandi að gera sér alveg grein fyrir því, um hve stórt mál hér er að tefla, og hvaða tölur er þarna um að ræða. Og ég held, að þótt það væri bætt við svo sem þremur til fjórum skipum af þessari stærð, sem þeir hafa verið að hugsa um, þessa sex skuttogara, sem þarna er um fjallað, þá væri það alls ekkert óviðráðanleg upphæð fyrir ríkið. Þess vegna vil ég enn leggja áherzlu á, að það verði mjög athugað, einmitt í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Og ég álít, að þetta mál þeirra sé nú svo vel undirbúið af þeirra hálfu þarna fyrir norðan og austan, – þeir hafa rætt við aðila hér, m. a. forráðamenn hjá fiskveiðasjóði og þeir hafa, að því er ég bezt veit, kynnt þar og lagt fram áætlanir, – að það ætti nú ekki að þurfa að tefja afgreiðslu þessa frumvarps, þótt það væri tekið til athugunar í sambandi við það.

Hitt er augljóst mál, sem hv. 5. þm. Reykn. sagði, að ef ekki er hafizt handa í því efni í sambandi við þetta mál, þá eru hverfandi líkur til þess, að því máli verði sinnt á þessu þingi, þar sem senn líður að lokum þings. Þá þýðir það að líkindum eitt ár alveg til viðbótar, sem það dregst, að hafizt verði handa í þessu efni. Nema þá að ríkisstj. vildi gefa einhverjar yfirlýsingar í sambandi við afgreiðslu þessa máls, sem sjálfsagt væri að taka gildar, ef hún treystir sér til þess. Ég álít þetta svo brennandi mál, að því megi ekki skjóta á frest að sinna því. Og það er rétt, eins og hæstv. sjútvrh. drap á, að þróunin hefur orðið sú, að útgerð togaranna hefur færzt á færri staði og er bundin við fáa staði. En það er einmitt mikil þörf á því að dreifa henni meir. Þá hæfir að vísu ekki þessum stöðum þessi stærð, sem um er að tefla í þessu frv., heldur þessi minni gerð, sem þeir hafa hugsað sér, eða það er álit þeirra manna sem gerst þekkja til, sem hafa kynnt sér þessi mál og hafa vit á þeim. Hitt get ég tekið undir með hv. 5. landsk. þm., að æskilegt er auðvitað, að allir hlutir beri sig. En ég held í sambandi við bæjarútgerðirnar, þó að það sé hægt að sýna fram á eitthvert tölulegt tap hjá þeim, þá sé nú ekki rétt að reikna dæmið þannig. Mér kemur nú t. d. í hug Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, þar sem það sannarlega hefur gengið á ýmsu hjá þeirri útgerð og mér er talsvert kunnugt um. En hvernig ætli það dæmi liti út, ef það væri reiknað í heild allt? Hvaða áhrif hefur Bæjarútgerð Hafnarfjarðar frá öndverðu haft á Hafnarfjörð? Ég er þeirrar skoðunar, að það mundi verða pósitíft, sem kæmi út úr því dæmi, ef það væri reiknað með réttum hætti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 501, n. 580, 581).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. – Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur fjallað um þetta mál og fékk á fund til sín hæstv. sjútvrh., vegna þess að í n. var áhugi fyrir því að reyna brtt. við frv. Nm. voru allir sammála um það, að rétt væri að styðja frv., eins og það lægi fyrir, en þó var vitað mál, að víða á landinu, eins og kom fram reyndar í umr., er áhugi á minni gerð skuttogara. Því var það rætt í n., með hvaða hætti væri hægt að mæta þeim áhuga. Það kom fram í viðtali við hæstv. sjútvrh., að ríkisstj. mun líta með velvilja á það vandamál, en það liggur þó ekki fyrir ákveðið, að hægt verði að taka beina afstöðu til þess. Það er ekki búið að bjóða út aðra gerð af skipum, a. m. k. veit maður ekki um það opinberlega, en verði það gert og liggi þar fyrir kostnaður varðandi smíði slíkra skipa, göngum við út frá því, að það vandamál verði séð með velvilja og lausn verði fundin á því sem slíku. Við meiri hl. töldum því ekki ástæðu til að gera breytingu á þessu frv. miðað við orð hæstv. sjútvrh. og leggjum því til, að frv. verði afgr. nú þegar óbreytt. Minni hl. mun skila séráliti, en er meðmæltur frv., eins og það liggur fyrir. En till. minni hl. liggur fyrir á þskj. 581, en þar auka þeir tölu skipanna, allt að 12. Við, eins og ég sagði áðan, leggjum hins vegar til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það liggur fyrir.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 580, hefur n. orðið sammála um að mæla með samþykkt þessa frv. svo langt sem það nær, en við þrír nm., fulltrúar Framsfl. í n. og ég, skrifum þó undir nál. með fyrirvara, það sem sá fyrirvari merkir er í stuttu máli það, að við teljum, að nauðsyn beri til, að þegar nú er loks farið af stað til þess að endurnýja togaraflotann, þá sé ríkisstj. heimilað að láta smíða fleiri skip og af fleiri stærðum en þetta frv. gerir ráð fyrir. Það sætir vissulega nokkrum tíðindum fyrir okkur, sem nú í áratug a. m. k. höfum barizt fyrir því eftir föngum, að hafizt verði handa um endurnýjun togaraflotans miðað við nútímaskip í þeim efnum. Það má segja, að það séu um það bil 10 ár síðan slík barátta hófst fyrir alvöru. Mér er ákaflega vel kunnugt um það, að uppi hafa verið hafðar þær röksemdir gegn því, að togaraflotinn yrði endurnýjaður, að ekki hafi verið rekstrargrundvöllur fyrir togara og ekki áhugi á því hjá einstaklingum, útgerðarfélögum eða bæjarútgerðum að

kaupa skip. Það má segja, að þetta hafi verið rétt, svo langt sem það nær, að þannig hafi verið að útgerðinni búið, að þessi áhugi hafi ekki verið ýkjamikill. En það er í sjálfu sér ekki neitt nýtt, þó að ríkið verði að hafa forgöngu um endurnýjun togaraflotans. Margir minnast þess, að því var einnig svo háttað eftir lok síðustu heimsstyrjaldar, þegar við sátum uppi með gamla og úrelta togara og þeim hafði enn fremur fækkað mjög, þá virtist ekki vera um skeið, þegar stríðinu lauk, sérlega mikill áhugi hjá einstaklingum eða jafnvel bæjarfélögum eða geta til þess að hefjast handa. Það var í rauninni ekki fyrr en Alþ. og ríkisvaldið hófst handa og ákvað að kaupa mikið af nýjum skipum, að áhuginn kom í ljós hjá þeim, sem síðar keyptu skipin.

Það verður einnig að segjast, að það hefur ekki verið gert mikið af ríkisins hálfu á undanförnum árum til þess að búa þannig að togaraútgerð, að það væri sérstaklega þægilegt fyrir einstaklinga eða bæjar- og sveitarfélög ellegar þá félagsútgerðir að endurnýja togaraflotann eða kaupa ný skip. Það hefur svo sem ekki alltaf verið sérstaklega mulið undir togaraútgerðina af hálfu hins opinbera.

Ég skal ekki fara langt út í þá sálma að nefna atriði í sambandi við þetta, sem þó skiptir verulegu máli. Allir vita, að útfærsla landhelginnar hafði á sínum tíma mjög veruleg neikvæð áhrif á útgerð togara. Sú útfærsla var af öllum talin nauðsyn, þótt síðar hafi verið nokkuð skiptar skoðanir um það, hvort ekki væri fært að heimila togurum takmörkuð og tímabundin afnot af hinni íslenzku fiskveiðilandhelgi. En það var ekki aðeins þannig, að togararnir yrðu að búa við skert fiskimið, heldur var það þannig um nokkuð langt skeið, ég hygg árin 1951–1957, að þeim báðum meðtöldum, að þá gilti hér lægra fiskverð fyrir fisk úr togurum en fyrir fisk úr öðrum skipum. Þetta nam mjög miklum upphæðum á þeirra tíma mælikvarða og mundi, að því er reiknað hefur verið út, nema svo sem eins og einum milljarði kr. eða rúmlega það þessi mismunur, sem umreiknað væri í það gengi, sem við búum við í dag. Þá má aðeins geta þess, að útflutningsgjöld þau, sem þessir fáu togarar, sem nú er haldið úti, verða að greiða, nema á þessu ári, að því er talið er, 37 millj. umfram það, sem rennur aftur til togaranna af þessum lið. Í fyrra var svo bætt við nýjum pinkli, að vísu ekki stórum, þar sem er um að ræða skattgjald á afla togaranna og útgerð þeirra til greiðslu á fæðiskostnaði bátasjómanna. Þessi pinkill nemur 10–12 millj. á ári. Ég vil aðeins geta þessa í sambandi við það, sem hefur komið fram, bæði hjá hæstv. ráðh. við 1. umr. þessa máls, og oftar, bæði fyrr og síðar, að grundvöllur til þess að kaupa nýja togara og reka þá, hafi ekki verið fyrir hendi. Það er margt, sem því veldur og þar á meðal og e. t. v. ekki sízt verðbólguástandið og viðreisnarstefnan og svo þessi stefna að leggja hina og þessa pinkla á útgerðina.

Við, sem höfum skrifað undir nál. með fyrirvara, flytjum tvær brtt. við þetta frv., og um þær vil ég nú fara nokkrum orðum.

Við 1. umr. þessa máls kom í ljós, að enda þótt ekki sé í sjálfu frv. eða einstökum greinum þess neinu slegið föstu um stærðir eða gerðir þeirra skuttogara sex, sem ætlunin er að heimila ríkisstj. að láta smíða samkv. frv., þá er skýrt frá því í grg., að hér sé átt við skip af stærðinni um 59 metra löng, en þar mun vera um að ræða eitthvað nálægt 1100 tonna skip. Það er einnig upplýst, að þessi stærð skipa og þessi fjöldi skipa, sex, er hvort tveggja við það miðað, að áhugi virðist vera vaknaður fyrir því að fá keypt fjögur skip af þessari gerð hingað til Reykjavíkur, eitt skip til Hafnarfjarðar og eitt til Akureyrar. En jafnframt er upplýst, að ýmsir aðrir útgerðarstaðir á landinu og þá alveg sérstaklega nokkrir staðir á Norður- og Austurlandi hafa sýnt verulegan áhuga á því að eignast skuttogara, en þá gjarnan minni skip en þau 1100 tonna skip, sem um ræðir í þessu frv. Það er engan veginn algerlega nýtt af nálinni, að þessi áhugi sé fyrir hendi. Ég hygg, að á sumum stöðum hafi undirbúningur að því að eignast skuttogara af 400–500 tonna stærð hafizt fyrir alllöngu, jafnvel einu eða tveimur árum. En það er upplýst, að í þessu frv. er alls ekki gert ráð fyrir því að mæta óskum þessara aðila né annarra, sem kynnu að vilja eignast skip af einhverjum öðrum stærðum en þessi 1000–1100 tonna skip, sem við er miðað í sambandi við heimildina til að smíða þessa sex skuttogara.

Hæstv. sjútvrh. kom á fund sjútvn. í sambandi við afgreiðslu þessa máls, og þar var hann inntur eftir því, hvað ríkisstj. hefði ákveðið að gera eða hygðist gera til þess að mæta óskum þessara aðila á Norður- og Austurlandi og að ég hygg einnig aðila á Vesturlandi, sem hafa sýnt áhuga á öðrum stærðum skuttogara en hér um ræðir. Hæstv. ráðh. skýrði frá því, að engin endanleg ákvörðun hefði verið tekin um það, hvort þessir aðilar fengju einhverja fyrirgreiðslu eða hver sú fyrirgreiðsla yrði, en lét þau orð falla, sem hv. frsm. n. viðhafði hér einnig, að á þær málaleitanir yrði litið með velvilja. Hæstv. ráðh. gat þess, að fyrir lægi fjárhagsáætlun um rekstur þessara 1000–1100 tonna skipa, en engin rekstraráætlun, að því er mér skildist, um skip af öðrum stærðum. Ég hygg nú að vísu, að ýmsir þeir aðilar, sem áhuga hafa á slíkum skipakaupum, hafi gert rekstraráætlanir, en það, sem ég býst við, að hæstv. ráðh. hafi átt við, er það, að trúnaðarmenn ríkisstj. hafa ekki einhverra hluta vegna gert enn þá rekstraráætlanir varðandi önnur skip en þessi 1100 tonna, en hitt virðist bíða einhverra hluta vegna, hverjar sem ástæðurnar eru.

Ég tel ástæðu til þess að beina þeirri fsp. til hæstv. sjútvrh., hvort hann við þessar umr. eða við meðferð málsins, áður en það fer út úr Alþ. nú, telur sér fært að gefa um það yfirlýsingu fyrir ríkisstj. hönd, að ef svo færi, þegar fjárhagsáætlun um til að mynda 400–500 tonna skip eða skip af minni gerðum en þessi 1100 tonna, lægi fyrir og sýndi ekki lakari rekstrarmöguleika en fjárhagsáætlunin í sambandi við 1100 tonna skipin, þá fengju hin minni skip ekki lakari fyrirgreiðslu af opinberri hálfu en þessi 1100 tonna skip, sem frv. beinist að. Ég teldi það miklu máli skipta, ef hæstv. ríkisstj. fengist til að gefa einhverja slíka viljayfirlýsingu, að hún mundi beita sér fyrir þessu, ef þetta kæmi í ljós, þegar rekstraráætlunin lægi fyrir, sem vonandi þarf ekki að taka allt of langan tíma. Þetta mundi að mínum dómi og okkar, sem skrifum undir nál. með fyrirvara, opna möguleika fyrir því að flýta fyrir því, að slík skip af öðrum stærðum yrðu keypt til landsins, en á því teljum við mikla þörf.

Að vísu teljum við, að allra einfaldast og eðlilegast

væri, að hv. Alþ. samþykkti fyrri brtt. okkar, sem einmitt opnar þennan möguleika, samþykkti að heimila ríkisstj. að láta smíða allt að 12 skip og þá væri stærðin ekki bundin í frv. fremur en nú, en þarna væri um að ræða eða gæti verið um að ræða allt niður í 400–500 tonna skip, þó að einnig kæmi til mála einhver millistærð, ef það sýndist ráðlegast, eins og jafnvel sumir virðast telja, að kæmi mjög til greina, að hentaði á ákveðnum stöðum, e. t. v. 700–800 tonna skip.

Síðari brtt. okkar á þskj. 581 er á þá lund, að það lán, 7.5% af byggingarverði skipanna, breytist úr þessu dálítið óvenjulega láni, sem ekki á að greiða fyrr en allar aðrar skuldir skipanna eru greiddar, breytist í hlutafjárframlag. Við teljum, að þetta sé í alla staði eðlilegri og viðfelldnari aðferð en þetta framlag, sem kallað er lán að vísu, en getur varla miðað við okkar miklu áhættuútgerð kallast annað en framlag eða styrkur. Við teljum þetta sem sagt skemmtilegri og viðfelldnari aðferð, og það gefur líka hinu opinbera nokkur tækifæri til þess að fylgjast með rekstri þessara skipa, sem óneitanlega njóta mjög mikilvægrar fyrirgreiðslu, þótt ég sé sízt að telja hana eftir. Það gæti einnig að því leyti til orðið íslenzkri togaraútgerð lyftistöng, að það mundi væntanlega geta aukið skilning hins opinbera eða þeirra aðila, sem fara með þessi mál af opinberri hálfu, á vandamálum þeim, sem togaraútgerðin og sjávarútvegurinn eiga við að glíma hverju sinni.

Jafnframt höfum við talið rétt að gera þarna á þá breytingu, að um aukinn stuðning geti verið að ræða, eða 10%, þegar um bæjarútgerðir eða útgerðarfélög, sem bæjar- og sveitarfélög standa að, er að ræða. Þarna gæti hvort tveggja komið til greina, bein eignarhlutdeild, sameignarhluteign með bæjarfélögum eða þá hlutafélögum, þar sem bæði bær eða viðkomandi sveitarfélög, ríkið og einstaklingar eru hluthafar. Ég legg áherzlu á það, að við, sem að þessum brtt. stöndum, teljum, að ríkið verði að koma til móts við óskir þeirra bæjar- og sveitarfélaga, sem hafa sýnt eða sýna á næstunni áhuga á togaraútgerð og vilja með því móti taka þátt í þeirri nauðsynlegu endurnýjun togaraflotans, sem allt of lengi hefur beðið. Við teljum, að við verðum í þessu efni að vera nokkuð stórtækir vegna þess, hve langur tími hefur liðið án þess, að neitt hafi verið gert í þessum efnum.

Ég skal á það benda, að verði fyrri brtt. okkar samþ., þ. e. a. s. að veita heimild til þess að smíða allt að 12 skuttogara, þá leiðir af henni, að fyrirsögn frv. verður að breyta í samræmi við það, þar sem í stað sex skuttogara kæmi þá kaups á 12 skuttogurum.

Ég skal aðeins nefna það, að í sambandi við afgreiðslu þessa máls hefur verið rætt nokkuð um áhuga þeirra aðila, sem hafa stofnað hlutafélag til kaupa á verksmiðjutogara eða stórum togara, 2700 tonna. Þar er um að ræða ýmsa áhugamenn um sjávarútvegsmál, fyrrv. skipstjóra og frammámenn í Farmanna- og fiskimannasambandi. Fyrir forgöngu þessara aðila hefur verið stofnað hlutafélagið Úthaf, og það hefur nú snúið sér til þingflokkanna um fyrirgreiðslu í sambandi við hugmyndir um kaup á slíku verksmiðjuskipi. Við lítum þannig á, sem undir þetta frv. skrifum með fyrirvara, að það sé ekki rétt að blanda hugsanlegum stuðningi við Úthaf hf. eða hugsanlegri aðild ríkisins að kaupum á verksmiðjutogara saman við þetta mál, sem hér er um að ræða. En við viljum láta það koma skýrt fram, að við erum jákvæðir í því máli að því leyti, að við teljum ástæðu til, að það verði kannað nákvæmlega, hvort ríkið gerist ekki á einhvern hátt aðili að kaupum á einum slíkum togara í tilraunaskyni, og teljum, að það mál eigi að taka upp sérstaklega.

Að síðustu vil ég aðeins segja þetta: Við erum orðnir ákaflega seinir, að því er tekur til endurnýjunar togaraflotans, og við megum þess vegna ekki vera allt of smátækir, þegar við loksins hefjumst handa. Skipin, sem nú verða á næstu vikum eða mánuðum gerðir samningar um, eru ekki strax komin í gagnið. Það tekur eitt og hálft til tvö ár að smíða hvern togara, þannig að jafnvel þau skip, sem samið kynni að verða um nú á næstu vikum, koma ekki í gagnið fyrr en í allra fyrsta lagi í árslok 1971, en þó sennilega ekki fyrr en snemma árs 1972. Enn fremur legg ég enn áherzlu á það, sem ég hef nú reynt að færa nokkur rök að, að ekki hentar öllum, hvar sem er á landinu, sama skipastærðin, og okkur er nauðsyn á því að fá reynslu af fleiri en einni stærð og gerð togskipa. Þessir staðir úti á landi, sem hafa með vaxandi áhuga verið að undirbúa kaup á hinum minni togurum, eru margir þannig settir, að þar eru til stór hraðfrystihús og þar er til staðar fólk, sem á vissum árstímum a. m. k. skortir atvinnu, en hráefni er af skornum skammti. Og það mælir allt með því, að það sé ekki aðeins réttmætt að líta með velvilja á erindi þessara aðila, heldur sé nauðsynlegt að rétta þeim alla þá hjálparhönd, sem framast er unnt.

Ég get í sjálfu sér ekki séð, hverjar ástæður hæstv. ríkisstj. eða hæstv. sjútvrh. gæti haft gegn því að fá þá heimild, sem um getur og um er að ræða í fyrri brtt. okkar á þskj. 581. Hér er vissulega orðalagið á þá lund, að hér sé um heimild að ræða, og það er frá mínu sjónarmiði alveg tvímælalaust, að sé hæstv. ríkisstj. verulega alvara með að vilja styðja útgerðarstaðina úti á landi, þá ber henni nú að gera annað tveggja, að fallast á þessa brtt. okkar, fá þar með heimildina í lög, ellegar þá að gefa yfirlýsingu eitthvað í þá átt, sem ég var að spyrja um áðan.

Það liggur fyrir, að hæstv. sjútvrh. segir, að þetta mál með hin minni skip og útgerðarstaðina, sem ég hef margoft vikið að úti á landi, sé ekki enn nægilega kannað af hálfu trúnaðarmanna ríkisstj., það sé ekki eins vel kannað og 59 metra skipin. Hæstv. ráðh. segir, að þetta mál verði kannað og það verði litið á þetta mál með velvilja. Nú geta niðurstöður könnunar og niðurstöður fjárhags- eða rekstraráætlunar sýnt tvennt: annars vegar það, að æskilegt sé að láta smíða skip af þessum stærðum. Ef það verður niðurstaðan, er þá ekki bezt að hafa heimildina í lögum og geta notað hana, eftir því sem reynslan eða könnunin sýna að rétt sé og ástæða sé til? Í öðru lagi gæti niðurstaða könnunarinnar orðið á þá lund, að ekki sé grundvöllur fyrir því að kaupa skip af þessum stærðum. Þá er það vitanlega algerlega í höndum hæstv. ríkisstj. að nota ekki þessa heimild til þess að kaupa þá fleiri togara en þá sex, sem hún virðist þegar vera ákveðin í að láta smíða.

Ég vil biðja hv. alþm. og hæstv. ráðh. að hugsa sig nú vel um, áður en felld verður till. okkar þremenninganna um þessa heimild til handa ríkisstj. að láta smíða allt að

12 skuttogara af mismunandi stærðum. Ég sé ekki hættuna af því að samþykkja slíka heimild. Annaðhvort leiðir niðurstaðan í ljós, að rétt sé að nota hana að fullu, ellegar þá að niðurstaðan leiðir það í ljós, að það sé ekki rétt, og þá lætur ríkisstj. það ógert og skýrir frá sínum sjónarmiðum og viðhorfum, þegar þau liggja ljóst fyrir. En ég óttast, að verði þetta frv. afgr. óbreytt, eins og hv. meiri hl. sjútvn. leggur til, þá heimili það aðeins kaup eða smíði sex togara allra af sömu stærð, og þá frestast það sennilega um hálft til eitt ár hið minnsta, að eitthvað meira verði gert í þessum togarakaupamálum, sem svo mikil nauðsyn er á að okkar dómi að verði nú staðið nokkuð myndarlega að að bæta úr vanrækslu undanfarinna ára. Ég tel algerlega ástæðulaust, að Alþ. skilji þannig við þetta mál, að slíkur frestur gæti verið yfirvofandi. Þess vegna tel ég eðlilegt, að hv. Alþ. samþykki brtt. okkar þremenninganna á þskj. 581.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykn. beindi einni ákveðinni fsp. til mín, sem hann hafði nú reyndar gert áður á nefndarfundi við umr. um þetta mál. Hann spurði, hvort ég væri reiðubúinn til þess að lýsa því yfir fyrir hönd ríkisstj., að bygging hinna umræddu minni skipa fengi sömu fyrirgreiðslu og frv. gerir ráð fyrir um hin stærri skip, ef fjárhagsáætlun sýndi ekki verri útkomu en athugunin á 1000–1100 tonna skipum. Ég tel mig ekki hafa umboð til þess að lýsa þessu yfir fyrir hönd ríkisstj. Niðurstaðan af umr. um það hefur orðið sú, sem kom fram í yfirlýsingu minni á nefndarfundinum, og ég tel mig hafa umboð til þess að lýsa yfir því, að ríkisstj. muni með velvilja líta á mál þessara áhugaaðila, þegar niðurstaða er fengin á því, hver sú aðstoð þarf að vera og með hvaða hætti hún gæti komið að sem beztum notum fyrir þá, sem hlut eiga að máli. Þetta er sú yfirlýsing, sem ég tel mig geta gefið fyrir hönd ríkisstj., og tel, að hún feli það í sér, að ef jákvæðar niðurstöður fást út úr þessari athugun á rekstri þessara skipa, þá muni útboð þeirra og undirbúningur að byggingu ekki þurfa af þeim sökum að tefjast.

Sveinn Guðmundsson: Herra forseti. Ákvarðanir um nýja togara hafa haft langan aðdraganda. Væntanlega er þetta til góðs, en þar á ég við, að þær breytingar, sem orðið hafa á veiðitækni síðustu árin og síðustu mánuðina, eru svo miklar, að ef brugðið hefði verið snöggt við með ákvörðun um þessi skip, þá væru þau gamaldags í dag. Við vitum, að það liggja skip, sem eru kraftvana, í fiskihöfnum erlendis. Nýja flotvarpan, ef ég má nefna það svo, sem Þjóðverjar hafa fundið upp, hefur gert það að verkum, að afl togaranna þarf að vera a. m. k. einum þriðja meira en áður.

Meiri hl. sjútvn. mælir með þessu frv. óbreyttu. Minni hl. leggur hins vegar til, að togararnir verði 12 í stað sex. Er nú ekki bezt að sjá, á hvern veg fer um þessa sex fyrstu, og halda svo áfram? Ég vil minna á, að fyrstu 30 nýsköpunartogararnir voru gufutogarar. Hinir seinni, 10–11, urðu dísiltogarar. Gufutogararnir urðu of fljótt gamaldags, en dísilskipin eru talin af mörgum fullkomlega samkeppnishæf við skuttogara enn í dag. Þannig gæti verið, ef nú þegar væru keypt þessi 12 skip, að það kæmu fram einhverjir ágallar, og það væri þá betra að fara ekki hraðar af stað en að vera búinn að kynna sér þessa galla og rekast á þá, þegar seinni skipin yrðu byggð. Auðvitað þurfa Íslendingar ekki að taka endilega svona stórt stökk. Þeir þurfa að halda áfram að byggja. Í till. minni hl. er gert ráð fyrir, að ríkið verði hluthafi og leggi fram 7.5% af kostnaðarverði skipanna, ef um einstakling er að ræða, en 10%, ef opinberir aðilar eignast skipið. Mér er alveg óskiljanlegt, hvers vegna þarf enn að mismuna rekstrarformum. Þetta virðist orðið landlægt hér á landi. Mín skoðun er sú, að öll rekstrarform, einkarekstur, rekstur bæjar- eða sveitarfélaga, ríkis eða samvinnurekstur, eigi að sitja við sama borð. Ég lýsi mig fullkomlega samþykkan þessu frv., eins og það er óbreytt, enda kemur það fram á þskj. 580.

Ef nokkuð væri, þá finnst mér, að frv. gangi of stutt. Fyrirgreiðslu hins opinbera til öflunar þessara afkastamiklu atvinnutækja gæti ég hugsað mér enn meiri. Það er ekki vansalaust, hversu lengi hefur dregizt að endurnýja togaraflotann, þó að það verði okkur væntanlega til góðs, eins og ég tók fram í byrjun. Enginn nýr togari hefur verið keyptur til landsins síðustu 10 árin, og er nú svo komið, að togararnir, sem gerðir eru út, t. d. hér frá Reykjavík, eru aðeins 13 að tölu, en 20 eða 22 á öllu landinu. En fyrir 10–12 árum var þessi tala nær tvöföld. Ástæðan til þess, hversu togaraútgerð hefur farið halloka fyrir t. d. bátaútgerðinni s. l. áratuginn, er eflaust margþætt: útfærsla landhelginnar, löndunarbann Breta, hinar miklu síldveiðar og þar með meiri áhugi á stórum bátasmíðum, minnkandi fiskimagn við Grænland og ekki sízt sú samkeppni, sem togurunum er búin með byggingarstyrkjum hjá samkeppnisþjóðum okkar í togaraútgerð. Haft er fyrir satt, að t. d. Englendingar styrki nýsmíði togara sem nemur 40–50% af byggingarverði, og Þjóðverjar einnig verulega. Þetta þýðir það, að útgerðaraðilar í þessum löndum geta raunverulega selt sinn fisk á miklu lægra verði en okkar útgerðarmenn.

Á árunum eftir síðustu heimsstyrjöld ríkti mikil bjartsýni um endurnýjun togaraflotans. Alls urðu nýsköpunartogararnir líklega 43, sem komu til landsins á árunum 1947–1952. Verðfall fisks á mörkuðum togaranna varð hins vegar tilfinnanlegt, eftir að Englendingar og Þjóðverjar hleyptu af stað togaraflota sínum til fiskveiða eftir styrjöldina. Líklega varð verðfallið í sjávarútvegi 40%, en það þoldi ekki togaraútgerð okkar, eins og búið var að hlaða á hana kostnaði og alls konar pinklum á velgengnistímunum. Með bátagjaldeyriskerfinu, sem sett var á stofn 1951, en hélst, að því er mig minnir, fram til ársins 1958, var hagur togaranna raunverulega enn rýrður. Ég hef einhvers staðar séð því haldið fram, að þessi mismunur togurunum í óhag hafi numið á þessum árum 245 millj. kr. En það samsvarar eflaust í dag 1000–1200 millj. Styrkur til togaranna á síðustu og verstu tímum mun hins vegar nema nú milli 300 og 400 millj. Einnig má minna á það, að árið 1956 setti Alþ. lög um hvíldartíma háseta á togurunum og fjölgaði þar með skipverjum togaranna úr 24 í 30 eða 31. Það er því ekki hægt að segja annað en að Alþ. hafi nokkrar skyldur við þessa atvinnugrein. Auk þess eru togararnir öflugustu atvinnutækin, sem við höfum, til

þess að viðhalda fullri atvinnu hér á höfuðborgarsvæðinu og í fjölmenni, eins og t. d. Akureyri. Sem dæmi um þetta má nefna, að togarar Bæjarútgerðar Reykjavíkur lönduðu hér í borg yfir 12 þús. tonnum af bolfiski á s. l. ári, og aðeins einn togari, Narfi, landaði yfir 4 þús. tonnum. Hv. alþm. verða að gera sér grein fyrir því, að aldur togara okkar er nú 10–22 ár og engin skip hafa bætzt við á s. l. 10 árum, eins og ég tók fram.

Að endingu vil ég eindregið mæla með þessu frv., og ég vil einnig undirstrika það alvarlega, að það sé athugað, hvort ekki væri hagkvæmt að smíða t. d. tvo af þessum togurum hérlendis. Ég er sannfærður um það, að þjóðhagslega væri það stórt spor í rétta átt. Að mínum dómi ætti jafnframt, sem samið væri um kaup erlendis á þessum skipum, við skulum segja fjórum skipum, að semja um vélakaup, efni og annan sams konar búnað, sem í skipunum verður, t. d. í tvö skip til viðbótar og smíða þau hér innanlands. Einnig að fá vinnuteikningar frá byggingaraðila, þannig að skipin yrðu nákvæmlega eins, og jafnvel tæknileg aðstoð væri hugsanleg. Á þennan hátt mundi fást fullkominn samanburður á því, hvers íslenzkir skipasmiðir eru megnugir, og það mundi jafnframt lyfta skipasmíðastöðvum, sem hér fengju verkefni, fram á veg um a. m. k. áratug. Ég vænti, að þessi ábending verði tekin til athugunar af hv. ríkisstj. á seinna stigi málsins.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Hæstv. sjútvrh. telur sig ekki hafa umboð og hefur vafalaust ekki umboð frá ríkisstj. til þess að gefa slíka yfirlýsingu, er ég innti hér eftir. Hann svaraði því hins vegar ekki, hvers vegna hann og hæstv. ríkisstj. gætu ekki við það unað að fá hina rýmkuðu heimild og hafa það að sjálfsögðu, þar sem um heimildarákvæði er að ræða, í hendi sér, á hvern hátt sú heimild yrði veitt.

En það, sem kom mér til þess að standa hér upp, voru aðallega nokkur ummæli hv. síðasta ræðumanns, 7. landsk. Mér líkaði satt að segja heldur illa upphafið á ræðu hans, en hún fór nú vel batnandi, eftir því sem á leið, og var orðin ágæt í lokin. Hann hóf mál sitt eiginlega á því, að hann ætlaði að færa rök að því, að þetta hefði nú allt, sem við teljum hafa miður farið, orðið okkur til góðs, vegna þess að ef við hefðum slysazt til þess á undanförnum 10 árum að hefja endurnýjun togaraflotans, þá væru þau skip orðin úrelt í dag. Ég vil nú aðeins segja í sambandi við þessa röksemdafærslu, að mér er að vísu fullkunnugt um það, að þarna gerist stórbreyting og raunar má kannske kalla það byltingu í togaraútgerð, þegar það tekst raunverulega að veiða fisk, svo að öruggt sé, með flotvörpu. En ég vil hins vegar almennt segja það, að tækniframfarir á flestum sviðum eru svo örar, að ef við ættum að lifa eftir þeirri kenningu, að t. a. m. fiskiskip geti orðið gamaldags eða kallazt gamaldags eftir eitt, tvö eða fimm ár, þá gætum við aldrei endurnýjað flotann, því að framfarirnar verða árlega, meiri og minni að vísu. Ég vil aðeins í því sambandi benda á það, að við erum að tala um þessi 20 og 22 ára gömlu skip, þessa togara, sem bæði ég og aðrir erum að staglast á, að séu orðnir gamlir og úreltir, og þeir eru það. En hvað gera ekki þessir togarar undanfarna mánuði og jafnvel undanfarin ár? Ég var að tala við togarasjómann fyrir þremur dögum. Hann er að vísu ekki á neinu af þessum elztu skipum, heldur einum af þessum 10 ára togurum. Þeir voru úti núna, þeir voru á veiðum í 8 daga. Þeir komu með 400 tonn af fiski eftir 8 daga, dekkið allt hvítt af fiski. Þetta eru nú úreltu skipin að vísu, en þó hafa þau þessa möguleika. Það eru þess vegna engin rök fyrir því, þó tækniframfarir verði, hafi orðið og verði vafalaust framvegis, að það sé hægt að bíða eftir þeim. Það verður að endurnýja flotann og miða við hina beztu og fullkomnustu tækni á hverjum tíma.

Hv. 7. landsk. þm. kom inn á það í lok ræðu sinnar, að það væri mjög æskilegt, að tvö af þessum sex skipum, sem frv. gerir nú ráð fyrir, verði smíðuð innanlands, ef möguleikar eru á því. Ég tel það einnig mjög æskilegt, að þetta verði athugað. En í þessu sambandi vil ég þó leggja alveg sérstaka áherzlu á það, að enn þá tiltækilegra ætti þó að verða að tryggja það, þó að til þess þurfi ýmsar fjárhagslegar ráðstafanir, það að 400–500 tonna skipin, sem ég hef hér sérstaklega mælt fyrir, eða önnur skip, minni en 1100 tonna skipin, yrðu smíðuð hér innanlands, og ég held, að nokkur undirbúningur sé í sambandi við það. Þess vegna vil ég vænta þess, að hann geti að athuguðu máli fallizt á að opna í þessu frv. möguleika fyrir því, að 400–500 tonna skipin verði einnig keypt, og þess verði þá freistað a. m. k. að byggja þau eða einhver þeirra innanlands. En ég mun síðar en svo draga úr því, að jafnframt verði allir möguleikar athugaðir í sambandi við það, hvort hægt væri að smíða, eins og hann nefndi, svo sem eins og tvö af þessum stærri skipum hér innanlands og fá þar með samanburð bæði um kostnað og gæði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 72. fundi í Ed., 17. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 581,1 felld með 11:7 atkv

Brtt. 581,2 felld með 11:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓlJ, PÞ, ÁB, BGuðbj, BJ, KTh, GilsG.

nei: JónÁ, JÁH, JÞ, MJ, ÓB, StG, SvG, AuA, AJ, EggÞ, JR.

2 þm. (KGuðj, BFB) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

3.–4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 77. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 78. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá hv. Ed. og var afgr. þaðan nú fyrir helgina. Við umr. um þetta frv. spunnust nokkrar umr. um byggingu á öðrum stærðum togaraflotans, þá sérstaklega um skipin, sem nokkur byggðarlög hafa sýnt áhuga á, að yrðu smíðuð, þ. e. a. s. skip 500–600 rúmlesta. Um það mál er það að segja, að það mál er nú á lokastigi þeirrar rannsóknar, sem nauðsynlegt var talið, að fram færi á þeim gögnum, sem umræddir aðilar hafa látið ríkisstj. eða fiskveiðasjóði í té, og lýkur þeirri athugun um miðja þessa viku.

Frv. sjálft, sem hér liggur fyrir, er árangur af starfi n., sem skipuð var fyrir þremur árum, eða 6. apríl 1967, til að gera till. um kaup á nýjum skuttogurum. Eftir að togaranefndin hafði gert ítarlegar athuganir og rekstraráætlanir, gerði hún till. um smíði skuttogara, um 1000 brúttólestir að stærð eða 59 m á lengd. Hafa að undanförnu farið fram viðræður af hálfu rn. við þá aðila, sem áhuga hafa sýnt um kaup á slíkum togurum. Niðurstöður viðræðnanna liggja ekki fyrir. Því hefur ekki enn þá verið ákveðið neitt endanlega um framhald þessa máls. Ekki verður heldur vitað um kjör, sem skipin geta fengizt á. Lán og lánskjör frá hugsanlegum skipasmíðastöðvum munu ekki liggja fyrir, fyrr en útboðsfrestur er liðinn, en ríkisstj. hefur falið togaranefnd að bjóða skipin út á opnum alþjóðamarkaði.

Þau skip, sem hér er um að ræða, uppfylla sérstaklega þarfir íslenzks sjávarútvegs, sem verða uppfylltar eingöngu með minni gerðum skipa, og er þar að leita raka fyrir því, að farið er út á þá óvenjulegu braut að styrkja smíði þeirra sérstaklega með framlagi af ríkisfé. Eru þetta hliðstæðar ráðstafanir og aðrar togaraútgerðarþjóðir við Norður-Atlantshaf hafa að undanförnu gert. Þá er og gert ráð fyrir tiltekinni lánafyrirgreiðslu af hálfu ríkisvaldsins.

Ekki þarf að rekja efni einstakra gr. frv., heldur er nánar gerð grein fyrir efni þeirra í aths. við sjálft frv. Þó skal þess getið, að gert er ráð fyrir, að lán fáist með skipunum, sem nemi 80% af byggingarkostnaði þeirra. Af þeim 20%, sem eftir standa, er ætlað, að væntanlegir kaupendur greiði 7.5%, sveitarfélag það, sem skipið verði gert út frá, leggi fram 7.5% og loks, að 5% komi sem framlag frá ríkinu, en enn fremur leggi ríkið fram sem svarar 2.5% af byggingarkostnaðinum og verði því fé varið til útbúnaðar á skipin, þannig að heildarframlag frá ríkinu nemi þá sem svarar 7.5% af byggingarkostnaði. Gert er ráð fyrir, að framlag ríkisins verði endurgreitt, en þó ekki fyrr en öll lán hafa verið greidd, þá án vaxta. Einnig er gert ráð fyrir því, að byggingarlánið verði yfirtekið af ríkisábyrgðasjóði og endurlánað til allt að 18 ára. Þá er gengið út frá því, að kaupendur skipanna skuldbindi sig til þess að greiða ákveðinn hundraðshluta af brúttó aflaverðmæti þeirra til þess að standa undir greiðslu afborgana og vaxta af láninu. Um það verður að setja nánari reglur. Hafa verið samdir sérstakir skilmálar um kaup á þessum togurum og gerðar áætlanir um greiðslur afborgana og vaxta af þeim lánum.

Eins og hv. þdm. vita, þá hefur gætt allmikils ójafnvægis í endurnýjun togaraflotans, og vonandi verður sú endurnýjun, sem væntanlega mundi eiga sér stað eftir samþykkt þessa frv., upphaf þess, að togaraflotinn verði í framtíðinni endurnýjaður oftar og jafnar en verið hefur. Íslendingar þurfa að eiga þess kost á hverjum tíma að kynnast því fullkomnasta í þessu efni, og mun það verða stefna stjórnarinnar að stuðla að stöðugri og jafnari endurnýjun þessara framleiðslutækja í náinni framtíð. Frv. það, sem hér er lagt fram, hefur að geyma sérstakar ráðstafanir til eflingar íslenzkum sjávarútvegi, sem mun vonandi leiða til aukinnar hráefnisöflunar, betri nýtingar frystiiðnaðarins og áframhaldandi þátttöku Íslendinga í fiskveiðum á mikilvægum fiskimiðum, sem þeim er nauðsyn að tryggja sér aðgang að.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa um frv. þetta fleiri orð á þessu stigi málsins, en geri að till. minni, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Með þessu frv. leggur hæstv. ríkisstj. fram till. sínar varðandi það, hvernig tekið skuli á því stóra verkefni að vinna að endurnýjun togaraflotans. Í frv. er þó aðeins gert ráð fyrir því, að ríkisstj. fái heimild til þess að láta smíða sex skuttogara. Nánar er gerð grein fyrir því í frv., að hér er reiknað með 1000 rúmlesta skipum, eða það hefur verið upplýst um málið, en lengra nær þetta frv. í rauninni ekki varðandi það að leysa þetta verkefni, sem hér er um að ræða.

Ég verð nú að segja það hér við 1. umr. þessa máls, að mér finnst þessar till. algerlega ófullnægjandi. Ríkisstj. hefði átt að leita eftir miklu víðtækari heimild en felst í þessu frv. Mér hefði ekki þótt mikið, þótt hún hefði farið fram á að fá heimild til að semja um kaup á a. m. k. 12–15 skipum. Það er hins vegar aðeins framkvæmdaatriði málsins, hvort fyrst verður samið um sex skip og eitthvað aðeins síðar um önnur og hvað mörg skip verða í hverjum stærðarflokki.

Við vitum, að það hafa komið fram opinberlega að undanförnu, þegar þessi mál hafa verið rædd, till. um þrjár stærðir skuttogara. Það hefur allmikið verið rætt um þessa stærð, sem frv. fjallar um, eða í kringum 1000 rúmlesta skip, en það eru skip af mjög svipaðri stærð og stærstu togarar okkar eru nú. En byggingarlagið er nokkuð annað, og líklega yrði um nokkru afkastameiri skip að ræða en gömlu skipin. En það hefur einnig verið talsvert mikið talað um það að kaupa nokkru minni skip, sem væru 500–700 rúmlestir. Hafa þeir aðilar, sem um þá stærð hafa mest rætt, fyrst og fremst hugsað sér að staðbinda skipin enn meir en gert verður með stærri skipin, binda þau enn meir við tilteknar löndunarhafnir og tiltekin fiskiðjuver og afla þá nálega eingöngu fyrir fiskvinnsluna hér innanlands. Skip af þeirri stærð yrðu að sjálfsögðu nokkru ódýrari, bæði í stofnkostnaði og einnig í rekstri, og væri því hægt að hafa rekstur þeirra þannig, að þau kæmu miklu þéttar að landi en stærri skipin gera allajafna. En í frv. er ekki gert ráð fyrir neinum heimildum handa ríkisstj. í sambandi við kaup á skipum af þessari stærð. Og í þriðja lagi hefur svo allmikið verið rætt um það, að Íslendingar keyptu a. m. k. eitt skip til reynslu af verksmiðjuskipastærð, þ. e. a. s. skipið væri í kringum 2500–2700 rúmlestir að stærð, og væri það útbúið til þess, að fisk-

urinn yrði unninn að mestu leyti um borð. Þetta frv. gerir ekki heldur ráð fyrir því, að neitt verði aðhafzt í þessum efnum.

Ég tel því, að þetta frv. sé mjög gallað. Það hefði þurft a. m. k. að gera ráð fyrir heimildum handa ríkisstj. á miklu víðtækari grundvelli en hér er gert, ef á að vera um það að ræða, að hægt sé að tala um endurnýjun togaraflotans, eins og nú er komið. Ég held líka, að það megi öllum verða ljóst, að verði aðeins til sex skip nú á næstunni með þessum stuðningi, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., þá verður hér alveg um minnstu framkvæmdir að ræða hjá þeim aðilum, sem þegar hafa látið til sín heyra í þessum efnum, sem mögulegt er í sjálfu sér.

Frá því hefur verið skýrt opinberlega, að einstaklingar hafi þegar gert byrjunarsamning við erlendar skipasmíðastöðvar um tvö skip af þessari stærð, og þeir munu áreiðanlega fá fyrirgreiðslu í samræmi við þessi lög eða þetta frv. Þá er aðeins eftir um fjögur skip að ræða. Mér þykir mjög ótrúlegt, að það verði staðið þannig að framkvæmdum í þessum efnum, að togaraútgerðarbæir eins og Akureyri og Hafnarfjörður verði ekki a. m. k. með sitt skipið hvor. Þá eru eftir aðeins tvö skip handa stærsta togaraútgerðarfélaginu í landinu, sem er Bæjarútgerðin í Reykjavík, sem ég veit ekki annað betur en hafi gert samþykktir um að óska eftir miklu meiri framkvæmdum í þessum efnum en sem nema aðeins tveimur skipum. Þótt aðeins þeir aðilar, sem ég hef nú nefnt, því það eru auðvitað fleiri aðilar, sem hér eiga hlut að máli og þurfa á því að halda að endurnýja sinn togaraflota, óskuðu nú eftir því að gera örlítið stærra átak en þetta, t. d. þeir á Akureyri óskuðu eftir tveim skipum og þeir í Hafnarfirði tveim skipum, að ég tali nú ekki um ef Bæjarútgerðin í Reykjavík óskaði eftir 4–5 skipum, sem væri fullkomlega nauðsynlegt fyrir þá útgerð, eins og komið er, þá er engin heimild til fyrir ríkisstj. til að veita stuðning til þess að leysa slíkar beiðnir samkvæmt þessu frv. Mér þykir því, að frv. skeri þennan stakk allt of lítinn. Það er eins og það sé verið að binda það, að ekki skuli gert meira en það, sem tiltekið er í heimildum frv. Ég teldi því, að það ætti að gera heimildir frv. víðtækari og sjá þá nánar til, hvernig til tækist með framkvæmdir, þegar vandinn kæmi á eftir.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir nokkrum viðbótarstuðningi af hálfu ríkisins umfram það að veita kaupendum 80% ríkisábyrgð, en á undanförnum árum, þegar togarar hafa verið keyptir til landsins, þá hefur ríkið í flestum tilfellum veitt ríkisábyrgð fyrir lánum í sambandi við kaupin, sem nema í kringum 90%, svo að hér er þessi heimild nokkuð lækkuð frá því, sem verið hefur. Þar á móti kemur hins vegar, að gert er ráð fyrir því, að ríkið veiti sérstök hlunnindalán til kaupenda skipanna, sem geta numið samtals 7.5% af verði skipanna, og þessi lán verði ekki innheimt fyrr en að 18 árum liðnum og þá án vaxta. Því verður auðvitað ekki neitað, að hér er um greinileg hlunnindalán að ræða, og á þennan hátt má segja, að kaupendur þessara skipa fái ríkisábyrgð 80% og sérstök hlunnindalán, sem nema 7.5%, eða þá þeir fái fyrirgreiðslu til kaupa á skipunum, sem nemur í kringum 87.5%. Það má vera, að þessi fyrirgreiðsla nægi í vissum tilfellum, en ég býst þó við, að hún verði að teljast heldur lítil fyrir marga, sem hér eiga hlut að máli. En þá er það sérstaka fyrirkomulag tekið upp, sem kemur sérstaklega fram í grg. frv., að gert er ráð fyrir því, að væntanlegir eigendur skipanna leggi fram 7.5% af byggingarkostnaði skipanna, en hins vegar eigi viðkomandi sveitarfélag að leggja fram 7.5% á móti, og þannig skuli koma sem framlag til skipakaupanna upphæð, sem nemur 15% af byggingarverðinu. Ég verð að segja, að mér finnast þessi ákvæði nokkuð einkennileg, að gera sérstaklega ráð fyrir því, að sveitarsjóðir eigi að leggja fram tiltekinn hluta. Ég held, að það verði í rauninni að vera alveg á valdi sveitarstjórnanna sjálfra, hvort þær vilja leggja fram eða hvort þær geta lagt fram meira eða minna í þessu skyni eða ekki. Hið eðlilega er að sjálfsögðu, að ríkið ákveði, hvað það ætlar að gera mikið, og svo verða væntanlegir kaupendur og sveitarstjórnir að sínum hluta að ákveða það, hvað þeir geti lagt mikið fram á móti. Vilji t. d. bæjarstjórnin í Hafnarfirði aðstoða bæjarútgerð sína með því að leggja fram 7.5% á móti framlagi frá bæjarútgerðinni, sem næmi 7.5%, þá er það að sjálfsögðu þeirra mál. En það má alveg eins búast við því, að bæjarstjórnin í Hafnarfirði vildi ekki samþykkja það að leggja fram 7.5% handa einstaklingi þar í bæ til þess að kaupa skip. Ég álít, að ríkið eigi ekki að setja löggjöf þess efnis, að það sé þvingað fram neitt í þessum efnum. Það verður vitanlega að vera algerlega á valdi hvers og eins, hvernig hann vill skipa þessum framkvæmdamálum.

Ég tel hins vegar, að það hefði fyllilega komið til greina, að ríkið, þegar svo er komið um togaraútgerðina, eins og raun er á, hefði lagt fram allmiklu meira fé en sem nemur 7.5%, gegn því að skipin hefðu verið keypt og rekin hér með hagsmuni þjóðarheildarinnar fyrir augum, annaðhvort í formi hlunnindalána eða á annan hátt. Slíkt hefði fyllilega komið til greina. En að setja upp sérstök lagafyrirmæli um að skylda sveitarstjórnir til þess að leggja fram tiltekna prósentu, það tel ég mjög óeðlilegar aðfarir. Slíkt hefur aldrei verið gert áður, svo að mér sé kunnugt um.

Þar sem þetta frv. fjallar ekki á neinn hátt um það, að gert sé neitt frekar í þessum málum en að veita ríkisstj. heimild til þess að kaupa sex skuttogara í kringum 1000 rúmlestir að stærð, virðist ekki gert ráð fyrir því, að neinar ráðstafanir verði gerðar til þess að greiða fyrir þeim aðilum, sem hugsa sér að kaupa nokkru minni skip en af þessari tilteknu stærð. Það mál er enn þá algerlega óleyst, og ég held, að það sé liðið svo á þingtímann, að það sé ómögulegt annað en að ríkisstj. verði að óska eftir heimildum sér til handa til þess að hún geti mætt óskum þeirra aðila, sem vilja endurnýja togaraflotann og velja sér aðra skipastærð en hér er fjallað um. Ríkisstj. verður að óska eftir heimildum sér til handa, svo að hún geti mætt óskum þessara aðila, nema þá að það sé meiningin að láta þá sitja við allt annað borð. En ég tel mjög óhyggilegt að ætla að slá því föstu með lagasetningu á Alþ., að við endurnýjun togaraflotans, eins og nú er háttað, skuli aðeins skip af tiltekinni stærð, þ. e. a. s. 1000 rúmlestir, geta notið hlunnindalána frá ríkinu. Ég efast ekkert um það fyrir mitt leyti, að skip, sem eru rúmlega 1000 rúmlestir að stærð, verða rekin í stórum dráttum svipað því og okkar

stærstu togarar hafa verið reknir að undanförnu. Þau sækja talsvert á fjarlæg mið, og þau munu mjög leitast við að sigla með aflann á erlenda markaði sem ísvarinn fisk, og þau nota ekki heimalöndun, nema þegar illa horfir um löndunaraðstöðu erlendis. Þau eru í eðli sínu of stór og of dýr til þess að hægt sé að grundvalla rekstur þeirra á því að koma að landi svo að segja vikulega eða á 8–10 daga fresti og þjóna þar fiskverkunarstöðvum í landinu. En skip af þessari stærð geta vitanlega verið afbragðsskip og aflað mikið og eru vissulega góð veiðitæki. En ég held, að við þurfum ekki síður á því að halda að eignast hér góð togskip, sem geta veitt með fullum afköstum á öllum þekktum fiskimiðum hér við landið og sérstaklega þó á okkar djúpmiðum hér við landið, sem eru nokkru minni en þetta og hæfa betur fiskverkunarstöðvunum. Og ég teldi það alveg fráleitt að segja við þá aðila, sem láta byggja slík skip og í þessum sérstaka tilgangi: Þið skuluð sitja við miklu lakara borð en hinir, sem byggja stærri skipin og hugsa sér að nota þau að verulegu leyti á sama hátt og stóru skipin hafa verið notuð. Þjóðhagslega litið á málið, þá er auðvitað enginn vafi á því, að þau skip, sem leggja upp afla sinn að langmestu leyti til vinnslu innanlands, eru hagkvæmari en þessi stóru. En þó mundi mér auðvitað ekki detta í hug að standa þannig að endurnýjun togaraflotans nú að ætlast til þess, að við keyptum einvörðungu skip af þeirri stærð. Ég álít, að einmitt skip af þeirri stærð, sem frv. fjallar um, þurfi einnig að kaupa.

Þá vil ég segja það, að ég tel, að það sé aðeins eðlilegt, að fiskveiðiþjóð, eins og við Íslendingar erum, þurfi að eignast eitt verksmiðjuskip af hagkvæmri stærð. Við þurfum að kynnast þeim rekstri og notfæra okkur þá möguleika, sem slík skip vissulega veita. Þar mundi veiðin aðallega vera stunduð á miðum, sem við Íslendingar sækjum ekki nú. Ég er hins vegar ekki að mæla með því á þessu stigi málsins, að við kaupum mörg slík skip, að endurnýjun togaraflotans fari fram í slíku formi, en ég tel mjög æskilegt, að ráðstafanir yrðu gerðar til þess að við keyptum a. m. k. eitt slíkt skip samhliða því, sem við förum í endurnýjun á okkar togaraflota að öðru leyti.

Ég held, að það hefði verið rétt að gera ráð fyrir í þessu frv., að ríkisstj. hefði fengið heimild til þess að veita nokkra fyrirgreiðslu í þessum efnum, og svo hefði það vitanlega orðið á ríkisstj. valdi að dæma um það, þegar til framkvæmdanna hefði komið, hvort hún hefði notað þá heimild eða ekki, hvort hún teldi sem sagt, að það væri fjárhagslegur og rekstrarlegur grundvöllur fyrir því að nota slíka heimild.

Ég tók eftir því, að hæstv. sjútvrh. sagði, að ríkisstj. hefði enn til nánari athugunar óskir þeirra aðila, sem hugsa sér að kaupa nokkru minni skip en þetta frv. fjallar um, og það er auðvitað gott út af fyrir sig, að hún hefur það til athugunar. En ég get ekki séð, þegar svo er komið, að ekki eru eftir nema 8–9 starfsdagar af þessu þingi, að það sé hægt að víkja sér undan því að veita ríkisstj. tilteknar heimildir, til þess að hún geti veitt þá aðstoð, sem þar er farið fram á, ef henni sýnist vera ástæða til þess. En hún getur ekki mætt óskum þeirra aðila án þess að hafa til þess einhverjar lagalegar heimildir. Ég skal svo ekki ræða frekar um þetta mál að þessu sinni. Það fer nú til n., sem ég á sæti í, og verður að sjálfsögðu athugað og rætt frekar, þegar það kemur aftur inn í d. En aðalatriðið, sem ég vildi segja, er í rauninni þetta, að ég tel, að þær till., sem hér eru á ferðinni, séu allt of mjóslegnar, allt of smáar. Hér getur ekki verið um að ræða till. til þess að fást við það stóra verkefni að ætla að hefjast verulega handa um endurnýjun togaraflotans, eins og nú er komið. Það þarf að gera hér miklu stærra átak en þetta frv. gerir ráð fyrir.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki segja nema örfá orð, vegna þess að ég hef áhuga á því, að þetta mál komist til n. og áfram. Ég stóð upp til þess að lýsa fylgi við frv., svo langt sem það nær. Það hefði verið ástæða til að ræða nokkuð almennt um togaramálin og sögu þeirra mála upp á síðkastið, en ég ætla ekki að gera það, vegna þess að ég tel, að tími sé orðinn nokkuð naumur og því ekki rétt að tefja neitt með því. Það má víkja að því við önnur tækifæri.

Um leið og ég lýsi fylgi við frv., þá vil ég taka það fram, að ég tel, að það gangi of skammt, og það þyrfti að heimila hæstv. ríkisstj. að láta smíða fleiri skip og af fleiri gerðum en ráðgert er. Mér skilst eiginlega, að menn líti þannig á, að þetta frv. heimili ekki kaup á annarri stærð en þeirri, sem getið er í sjálfri grg. Koma eiga til greina að mínu viti togarar af 500–600 tonna stærð eða eitthvað þar um kring, en það er kunnugt, að nokkrir aðilar hafa verið undanfarið að athuga kaup á slíkum skipum og vilja eignast þau og víða mikill áhugi um þau efni. Með þeim nýtízku togveiðarfærum, sem nú er farið að nota annars staðar, þótt þau séu lítið notuð hér, því miður, þá er líklegt, að slíkir togarar mundu koma að mjög miklu liði við að afla hráefnis til fiskvinnslustöðvanna víðs vegar um landið. Er ekki ólíklegt, að það séu mikil framtíðarskip, einnig af þeirri stærð. Ég tel nauðsynlegt, að menn geri sér grein fyrir því, að fiskveiðiþjóð verður að eiga fjölbreytilegan fiskiskipaflota og í honum hin stærstu veiðiskip og allt niður í hin smæstu, til þess að allir möguleikar nýtist fullkomlega. Það er höfuðatriðið. Ég vil skora á hæstv. sjútvrh. að láta þær athuganir, sem farið hafa fram og hann ræddi um varðandi kaupin á 500–600 tonna togurum, koma inn í sjútvn. Ég heyrði, að hæstv. ráðh. sagði, að einmitt nú í þessari viku mundi þessum athugunum verða lokið og niðurstaða þeirra liggja endanlega fyrir. Þá kemur þessi spurning upp: Er ekki hægt að ná samkomulagi um að breikka málið með því að taka inn í það viðbótartill. í framhaldi af þessari athugun, sem hæstv. ráðh. hefur látið fara fram um þessi smærri skip og hann lýsti sjálfur áðan, að væri komin alveg á lokastig? Það ætti að vera svigrúm til þess að taka þann þátt togaramálsins einnig inn í þetta frv., og þá mundu allir una betur við. Sannast að segja bíða menn sums staðar með öndina í hálsinum eftir því að fá svar við þeim óskum, sem fram hafa verið fluttar, um smærri gerð togskipanna. En þó ég minni hér á smærri gerðina, þá er það ekki fyrir það, að ég telji litla nauðsyn á því að kaupa stærri skipin, sem hér er gert ráð fyrir, heldur þvert á móti þyrfti að kaupa fleiri, einnig af þeirri gerð. En aðalatriðið á þessu stigi finnst mér vera þetta: Er ekki hægt að ná því samkomulagi, að hæstv. ráðh. láti nú upplýsingar þær, sem hann hefur, og at-

hugunina um kaupin á smærri gerðinni koma inn í sjútvn. og þar geti orðið samkomulag um að breikka málið?

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 501, n. 665, 690 og 710).

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Sjútvn. hv. d. hefur haft til meðferðar frv. til l. um kaup á sex skuttogurum á þskj. 501. N. hefur klofnað um afstöðu sína til málsins, og tala ég hér eingöngu fyrir hönd meiri hl. n., þegar ég mæli með því, að frv. verði samþ., eins og það liggur fyrir. Hins vegar hygg ég, að mér sé óhætt að segja, að þrátt fyrir það að n. varð ekki sammála um að mæla með frv., þá séu aðrir nm., þeir sem minni hl. n. skipa, ekki andvígir frv. svo langt sem það nær, heldur vilji þeir freista þess að bera fram við það brtt.

Það er víst enginn ágreiningur um það, að togaraútgerð á Íslandi hefur haft mjög mikla þýðingu fyrir uppbyggingu þessa lands og þá ekki sízt fyrir uppbyggingu stærstu kaupstaðanna á landinu hér við Faxaflóa. Togaraútgerðin er því afar mikilvæg fyrir þjóðarbúið, og þótt svo hafi gengið um nokkuð langt skeið, að togaraflotinn hafi ekki verið endurnýjaður, þá hefur það ekki verið af því, að mönnum hafi ekki verið ljós þessi mikla þýðing togaraútgerðarinnar. Hins vegar hefur ýmislegt valdið því, að afkoma togaraútgerðarinnar hefur verið mjög erfið, og þess vegna hefur ekki um nokkurt skeið verið verulegur áhugi á því, að auka togaraútgerðina eða endurnýja togaraflotann. Þvert á móti hefur togaraflotinn minnkað úr rúmlega 50 skipum niður í um 20 skip, eins og hann er núna, og þau 20 togskip, sem nú stunda veiðar, eru mörg hver orðin nokkuð við aldur. Þess vegna er ljóst, að þótt það átak verði gert, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, þarf enn að gera betur að því er varðar endurnýjun togaraflotans. Það hefur, sem betur fer, glæðzt mjög afli hjá togurunum á þessu og s. l. ári, og hygg ég, að afkoma þeirra sé um þessar mundir mun betri en hún hefur verið um langt skeið.

Það er svo um útgerð togara eins og annarra skipa, að misjafnt er, hvaða stærðir og gerðir skipa menn vilja nota. Menn hafa misjafnar skoðanir á því, og þótt niðurstaðan af þeim undirbúningi, sem þetta frv. hefur hlotið, hafi verið sú, að ríkisstj. vildi greiða fyrir smíði á sex 1000 lesta skuttogurum, þá hafa ýmsir aðilar í landinu áhuga á útgerð togskipa af annarri stærð. Hef ég þá í huga, að það mun hafa komið fram áhugi a. m. k. á fimm stöðum á landinu fyrir kaupum á minni togskipum, þ. e. a. s. 500–600 tonna skipum. Athugun á smíðiskostnaði þeirra skipa og rekstrargrundvelli, sem þau kunna að hafa, er enn mjög skammt á veg komin. Þó mun það vera svo, eins og hæstv. sjútvrh. upplýsti við 1. umr. þessa máls, að Efnahagsstofnunin hefur gert nokkra athugun á þeirri hlið málsins. Þær niðurstöður, sem hún kann að hafa komizt að, munu þó ekki enn hafa verið kannaðar eða yfirfarnar, þannig að á þessu stigi málsins telja menn ekki, að unnt sé að gera ráð fyrir smíði þessara skipa í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir. Hins vegar hef ég orð hæstv. sjútvrh. fyrir því, og hann mælti á þá leið í Ed., þegar þetta mál var til umr. þar, að það mundi verða tekið með vinsemd og velvilja á þessu máli, þegar athugun á því og undirbúningi væri lengra komið, þótt ekki þyki að þessu sinni tiltækilegt, að tengja það því frv., sem hér er til umr.

Þeir staðir, sem mér er kunnugt um að hafa í athugun eða hafa sýnt nokkurn áhuga á kaupum skipa 500–600 tonna, eru Siglufjörður, Norðfjörður, Sauðárkrókur, Akureyri og Ísafjörður. Ég vil fyrir mitt leyti treysta því, að enda þótt þetta mál, sem ég hef gert hér að umtalsefni, verði ekki tengt afgreiðslu þessa frv., þá fái þeir staðir, sem ég nefndi, og aðrir, sem þess kynnu að óska, fyrirgreiðslu, er sé a. m. k. á borð við það, sem gert er ráð fyrir að veita samkvæmt frv. um kaup á sex 1000 tonna skuttogurum.

Það var rætt við sjútvn. beggja d. um hugsanlega fyrirgreiðslu hins opinbera við kaup á stórum úthafstogara, verksmiðjuskipi, sem yrði keypt á vegum hlutafélags, er stofnað hefur verið í þeim tilgangi. Það er ekki hljómgrunnur fyrir því hjá meiri hl. sjútvn. að mæla með því, að fyrirgreiðsla við kaup á slíku skipi verði tengd afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. n. telur málið ekki hafa verið kannað eða undirbúið svo sem skyldi, til þess að unnt sé á þessu stigi að taka afstöðu til þess. Hins vegar er það mín skoðun, að vel geti komið til álita um slík skip eins og minni togskip, að athuga um kaup á því, þegar málið hefur verið betur kannað en nú liggur fyrir.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða gr. frv. í einstökum atriðum. Ég vil aðeins geta þess í sambandi við 2. gr., þar sem gert er ráð fyrir því, að ríkissjóði sé heimilt að leggja fram allt að 7.5% byggingarkostnaðar skipanna á byggingartíma þeirra, að þetta er hugsað þannig, að á sjálfum byggingartímanum greiðist 5%, en um það leyti sem skipið er að verða tilbúið á veiðar greiðist 2.5%. Með þessu fyrirkomulagi hefur mér verið tjáð, að komið hafi verið verulega til móts við óskir hugsanlegra kaupenda skipanna, því að í upphaflegum tillögum var gert ráð fyrir, að 2.5% greiddust ekki fyrr en nokkrum árum eftir að smíðinni lyki. Hins vegar er nú gert ráð fyrir, að 7.5% verði að fullu greidd, þegar skipið er tilbúið á veiðar.

Það var spurt um það í hv. sjútvn., hvernig hugsað væri að haga framkvæmd á því gengisákvæði, sem gert er ráð fyrir í síðustu málsgr. 3. gr. Ég kynnti mér þetta eftir föngum hjá þeim, sem hafa fjallað um frv. áður, og fékk þá skýringu á þessu atriði, sem ég hygg að sjútvn. sem heild geti aðhyllzt. Það mun ekki ætlazt til þess, að gengisáhættuákvæðið fylgi þeim lánum, sem um er að ræða, lengur en svo, að það hvíli á þeim, meðan þau erlendu lán, sem tekin kunna að verða, eru í umferð.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið, herra forseti, en mæli með því fyrir hönd meiri hl. sjútvn., eins og ég tók fram í upphafi, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. 2. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Eins og þegar hefur komið fram, leggur meiri hl. sjútvn. til, að frv. verði samþ. óbreytt, en það eru stuðningsmenn ríkisstj. í n. Við, sem erum í minni hl. í sjútvn., teljum hins vegar, að það þurfi að gera á þessu frv. talsverðar breyt. Við skilum sameiginlegu áliti, ég og hv. 2. þm. Reykn., Jón Skaftason, en okkar nál. hefur ekki verið prentað eða því útbýtt, og skal ég því gera hér lauslega grein fyrir okkar afstöðu til málsins og þá einnig grein fyrir þeim till., sem við flytjum við frv., sem verða að flytjast hér sem skriflegar till., þar sem þær eru ekki komnar úr prentun enn þá.

Afstaða okkar er sú, að við teljum, að með þessu frv. sé allt of skammt gengið til þess að takast á við það mikla verkefni að endurnýja togaraflota landsmanna. Hér er aðeins um það að ræða að heimila ríkisstj. að efna til smíði á sex skipum af tiltekinni stærð, sem gerð er grein fyrir í grg. frv., en þessi skip eru rétt rúmlega 1000 rúmlestir að stærð. Það er gert ráð fyrir því í frv., að ríkisstj. geti veitt ríkisábyrgð fyrir lánum vegna þessara skipa, sem nemur 80% af kostnaðarverði skipanna. Auk þess megi leggja fram úr ríkissjóði sem nemur 7.5% af byggingarverði skipanna með þeim hætti, að það framlag verði ekki krafið frá eigendum skipanna, fyrr en aðalstofnlán skipanna hafa verið greidd upp eða fyrr en eftir 18 ára lánstíma, og þá verði þetta framlag innheimt að vísu aftur, en þó án vaxta.

Þetta eru í stórum dráttum þær fyrirgreiðslur, sem veittar eru samkvæmt þessu frv., og eru þær eingöngu bundnar við sex skip af þessari tilteknu stærð. Það er skoðun okkar hv. 2. þm. Reykn., að í þessu frv. eigi að gera ráð fyrir heimildum handa ríkisstj., sem væru allmiklu víðtækari en þessi heimild er. Við teljum, að í fyrsta lagi eigi að veita ríkisstj. heimild til þess að láta smíða 12 skip af stærðinni 1000–1200 rúmlestir, eða sem sagt af svipaðri stærð og fjallað er um í frv. Í öðru lagi leggjum við einnig til, að ríkisstj. verði falið að beita sér fyrir, að smíðaðir verði átta skuttogarar nokkru minni, eða af stærðinni 500–700 rúmlestir, og þeir verði aðnjótandi sömu hlunnindalána og gert er ráð fyrir í 2. gr. frv. Þá leggjum við einnig til, að tekið verði upp ákvæði í frv. um það, að í þeim tilvikum, þar sem um er að ræða bæjar- eða sveitarfélag eða útgerðarfélag, sem bæjar- eða sveitarfélag er verulegur aðili að, sé heimilt að veita sérstaka fyrirgreiðslu, sem nemi 10% af kostnaðarverði skipanna, og sú upphæð verði ekki innheimt fyrr en aðalstofnlánið hefur verið borgað upp og án vaxta. Í fjórða lagi leggjum við til, að ríkisstj. verði með þessu frv. einnig heimilað að ábyrgjast allt að 90% af kostnaðarverði verksmiðjutogara fyrir Úthaf hf. gegn fullnægjandi tryggingu. En þar reiknum við með, að keypt verði eitt skip af skuttogaragerð, sem sé á stærðarbilinu 2500–3000 rúmlestir.

Við þetta miðast okkar till. Það er sem sagt okkar skoðun, að þegar á að takast á við þetta mikla vandamál, endurnýjun togaraflotans, þá sé rétt að gera hér ráð fyrir því, að keypt verði um tólf skip af um 1000 rúmlesta stærð, átta skip, sem séu nokkru minni, 500–700 rúmlestir, og eitt verksmiðjuskip. Þetta verði sá áfangi, sem miðað verði við nú í þeim heimildum, sem ríkisstj. fær í sambandi við endurnýjun togaraflotans. Við teljum, að það sé allsendis ófullnægjandi að miða framkvæmdir við endurnýjun togaraflotans nú einvörðungu við það að kaupa um 1000 rúmlesta skip og aðeins sex skip. Það er alveg gefið mál, að skip af þeirri stærð mundu vera rekin í öllum aðalatriðum svipað því og stærstu togarar okkar eru reknir nú. Þau skip mundu oftast nær selja afla sinn á erlendum ísfiskmarkaði og varla landa hér fiski til vinnslu innanlands, nema þegar illa stendur á með markað erlendis. En við álítum, að það væri mjög hagkvæmt, eins og komið hefur fram hjá ýmsum aðilum hér í landinu, að það væru byggðir nokkrir skuttogarar af minni stærð, sem þó eru hreint ekki svo lítil skip, skip á milli 500 og 700 rúmlestir að stærð. En það eru skip, sem eru nærri því að vera jafnstór og nýsköpunartogararnir okkar eru. Skip af þeirri stærð mundu henta miklu betur til þess að afla hráefnis fyrir fiskvinnsluna í landi en stóru skipin, og við álítum því, að það þurfi nauðsynlega að gera ráðstafanir til þess að létta undir með aðilum til þess að kaupa slík skip einnig.

Þessar tillögur okkar eru miðaðar við átök til endurnýjunar togaraútgerðarinnar. En okkar till. fjalla ekki á neinn hátt um það að gera sérstakar ráðstafanir til þess að auðvelda, frekar en nú er, kaup á minni skipum eða bátum. Ég viðurkenni þó fyllilega, að það getur verið þörf á því, að það komi til nokkur viðbótaraðstoð við það, sem nú er, en þó eiga þeir kost á því, sem byggja skip eða báta innanlands, að fá lán, sem nema í kringum 90% af kostnaðarverði, en lánsupphæðin er nokkru lægri, þegar skipin eru smíðuð erlendis. Ég álít fyrir mitt leyti, að það sé ekki æskilegt að blanda því máli, sem snertir stuðning við bátaflotann, saman við það mál, sem hér er á ferðinni, en það snertir uppbyggingu togaraútgerðarinnar. Hins vegar vil ég leggja á það áherzlu, að skuttogarar af þeirri stærð, sem okkar till. fjalla um, 500–700 rúmlestir, eru í öllum aðalatriðum togarar, en ekki af þeirri gerð, sem við venjulega flokkum undir okkar báta. Hér er um að ræða skip, sem þarf að smíða sem togara og verða einnig rekin þannig, og það skilur vitanlega talsvert mikið á milli þeirra og bátanna almennt. Því tel ég fyllilega réttmætt, að skuttogarar af þessari stærð njóti sömu fyrirgreiðslu og stærri skipin eiga að njóta.

Ég hef heyrt þær viðbárur, að ekki hafi þótt rétt að taka upp í þetta frv. neinar heimildir til stuðnings við skuttogara af þessari stærð, 500–700 rúmlestir, vegna þess, að verði veitt fyrirgreiðsla til þess að kaupa slík skip, þá sé svo erfitt að átta sig á því, hvar skuli draga línuna á milli togara og báta. En ég álít, að skip af þessari gerð, svipaðri stærð og okkar togarar margir eru nú, eigi tvímælalaust að flokkast undir togarana og það þurfi ekki að sýna neina tregðu við að veita hliðstæða fyrirgreiðslu til kaupa á slíkri stærð á skipum, þó að menn hiki jafnvel eitthvað við að auka við fyrirgreiðslu til kaupa á almennri bátastærð.

Till. okkar, sem við leggjum hér fram, eða okkar nál. verða að flytjast hér skriflega. Ég skal nú lesa þær yfir og ljúka þar með máli mínu. Þær eru þannig:

Í fyrsta lagi: 1. gr. frv., 1. mgr., orðist svo:

Ríkisstj. er heimilt að láta smíða allt að 12 skuttogara, 1000–1200 rúmlesta að stærð, í þeim tilgangi, að þeir verði seldir einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum.

Önnur till. okkar er að ný mgr. komi á eftir 1. mgr., svo hljóðandi: Ríkisstj. skal jafnframt beita sér fyrir, að smíðaðir verði allt að 8 skuttogarar 500—700 rúmlestir að stærð og verði þeir seldir einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum.

Þá er brtt. okkar við 2. gr.:

Við 2. gr. bætist: Nú óskar bæjar- eða sveitarfélag eða útgerðarfélag, sem það er verulegur aðili að, eftir kaupum á skipi, sem smíðað er samkv. lögum þessum, og skal þá ríkissjóður leggja fram 10% af byggingarkostnaði skips, og fer um endurgreiðslu þess samkv. þessari grein.

3. brtt. okkar er þannig:

Á eftir 3. gr. *komi ný gr., svo hljóðandi:* Ríkisstj. er heimilt að ábyrgjast allt að 90% af kostnaðarverði verksmiðjutogara fyrir Úthaf hf. gegn fullnægjandi tryggingum.

Ég tel algerlega ástæðulaust að bíða með það að taka ákvörðun um stuðning við togarakaup skv. þessum till. okkar, vegna þess að það hafi ekki farið fram nægilegar athuganir enn þá á rekstrarmöguleikum skipa af þessari stærð. Það er langt síðan rekstraráætlun um þessa millistærð skipa var lögð fyrir fiskveiðasjóð, bankana og Efnahagsstofnunina, og hv. sjútvrh. tilkynnti hér fyrir nokkrum dögum í þinginu, að nú um miðja þessa viku mundi rn. hans fá umsögn Efnahagsstofnunarinnar um þessa rekstraráætlun. Ég efast því ekki um, að þessi rekstraráætlun liggur nú fyrir endurskoðuð, svo það er hægt að taka afstöðu til þessa máls vegna upplýsinga, sem fyrir liggja, engu síður en varðandi stærri skipin.

Ef till. okkar yrðu samþ., mundi fyrirsögn frv. breytast af eðlilegum ástæðum og þá væntanlega heita frv. til l. um kaup á skuttogurum, en ekki lengur kaup á sex skuttogurum. Það virðist vera afskaplega heilög tala, og kemur fram í nafninu, að það megi ekki víkja frá því, að skipin séu aðeins sex. Um það mundum við þá flytja brtt. við 3. umr., þegar við sjáum, hvernig okkar brtt. reiðir af.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 711) leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Björn Pálsson): Herra forseti. Þó að ég sé með sérálit hér og sértill., þá ber ekki að líta á það þannig, að ég sé á móti frv., svo langt sem það nær. Ég tel, að þetta frv., sem lagt hefur verið fram af hv. ríkisstj., nái ekki nógu langt. Það hefur nú verið svo, að hv. ríkisstj. hefur oft verið ásökuð fyrir það að kaupa ekki togara, marga togara. Satt að segja hefur mér fundizt stundum gengið of langt í ásökunum í því efni, því að þeir hafa mest talað um togarakaup, sem minnsta reynslu höfðu haft af rekstri togara, og lengstan tímann hefur það verið þannig, að bátaútgerðin hefur borið sig betur. Meðan svo var, að bátaútvegurinn var hagstæðari vegna vinnu við aflann, þá var ekki eðlilegt, að ríkisstj. legði höfuðáherzlu á að fjölga togurum. Um þetta má alltaf deila. Meðan síldin var, þá var erfitt að fá góða menn á togarana. Svo breyttist þetta, þegar dró úr síldaraflanum, þannig að þetta er breytilegt. En vafalaust getum við allir verið sammála um það, að æskilegt er að hafa togara. Hitt verða auðvitað skiptar skoðanir um, hversu langt á að ganga í því efni, hvernig sú skipting á að vera á milli báta, sem kallað er, og togara. Togari, sem keyptur er fyrir 120 millj. og siglir með aflann, ef hann er ekki rekinn með gróða, ef allur kostnaðurinn fer í það að greiða vexti og afborganir og útgerðarkostnað og kaup mannanna, þá skilar hann ekki öðru í land en kaupi mannanna, sem eru á togaranum. Bátur, sem aflar og leggur upp, það tvöfaldast verðmætið við landvinnuna, og þess vegna kemur miklu meira í vasa Íslendinga sjálfra. Leggi hins vegar togarinn upp, þá verða hlutföllin hliðstæð við bátana. Fyrir minni staðina eru minni skipin hins vegar lífsnauðsyn. Það er hvorki aðstaða viðvíkjandi legu fyrir skipin við bryggjur né nógu fljótri vinnslu á aflanum á þeim stöðum. Það eru þessi byggðarlög, sem hafa skapað mestan fiskaflann og mesta vinnuna og mestu þjóðartekjurnar. Það eru einmitt þau byggðarlög, sem gera út bátana. Við getum litið á Vestmannaeyjar og Keflavík. Þessir aðilar kæra sig ekkert um stóra togara. Vestmanneyingar keyptu einu sinni togara. Þeir seldu hann. Hins vegar eru stærri staðirnir eins og Akureyri og Reykjavík, þar sem þarf að sigla mjög langt til þess að komast á miðin og fjölmenni er mikið og það þarf mikið hráefni. Þá eru stærri togararnir hagkvæmari.

Það er þetta, sem okkur greindi á um, mig og hv. 4. þm. Austf. og hv. 2. þm. Reykn. Ég leit svo á, að ósanngjarnt væri, að minni byggðarlögin byggju ekki við hliðstæða aðstoð og þau stærri hvað skipakaup snerti. Við skulum ekki reikna með þeirri afkomu hjá togurum, sem verið hefur s. l. ár. Þar ber ýmislegt til. Það er búið að fella gengið tvisvar sinnum, 1967 og 1968. Gengislækkunin ein hefur tvöfaldað verðmæti aflans í krónutölu. Auk þess hefur verð á afurðunum stórhækkað, og til viðbótar þessu eru breytt kjör gagnvart sjómönnum. Nálægt 20% var tekið af kaupi þeirra, og útgerðin fékk það beint og óbeint. Auk þess hefur verið óvenjugóður afli og hagstætt tíðarfar. Við skulum því alls ekki reikna með hliðstæðri afkomu og hefur orðið á togurum s. l. ár og þetta ár. Þetta mun allt saman breytast. Við getum ekki búizt við þessum afla að jafnaði, ekki svo hagstæðri tíð og ekki svo hagstæðu verði. Við vitum, að þetta gengur í sveiflum. Sjómenn munu síga á að ná sínum hluta aftur.

Ég er ekki sérfræðingur í togaraútgerð, hef mest fengið upplýsingar um hana hjá Tryggva Ófeigssyni. Hann er einna vanastur að reka togara, og aðrir hafa ekki rekið þá betur hér á landi. Ég var að ræða um það við hann, hvort hann héldi, að þessir nýju togarar bæru sig. Þá hristi hann höfuðið. Hann hefur haldið því fram, þegar ég hef talað við hann, að í venjulegu árferði verði að fá togaraverðið annaðhvort með mjög lágum vöxtum eða að meira eða minna leyti greitt, eigi reksturinn að bera sig, beint eða óbeint. Lengst af hefur orðið að styðja við bakið á togurunum til þess að hægt væri að reka þá, þó að þess þurfi ef til vill ekki nú, eins og sakir standa. Ég veit, að menn, sem hafa verið búnir að afskrifa togara, eins og Tryggvi Ófeigsson, hafa grætt á togaraútgerðinni s. l. ár og þá fyrst og fremst á fiskvinnslu. Staðreyndin er sú, að á s. l. ári stórgræddu þau

frystihús, sem höfðu nægilegt og gott hráefni. Við getum því ekki miðað við það, sem hefur verið nú s. l. ár.

Hér er gert ráð fyrir að kaupa sex stóra togara, um 1000 lesta, að mér skilst. Það á að lána 7.5% án vaxta til 18 ára. Svo er ætlazt til, að bæjarfélög leggi til 7.5% og hlutaféð sé 7.5%. 80% á að útvega þeim að láni. Það má reyna þetta, þótt ekki sé lagt meira fram í bili af ríkisins hálfu. Það nær þá ekki lengra. Ef þeir verða í vandræðum, þá borga þeir ekki meira en þeir geta, og þá verður vafalaust á einhvern hátt hlaupið undir bagga með þeim.

Það, sem fyrir mér vakir, er, að greitt verði fyrir minni stöðunum á hliðstæðan hátt. Það eru mörg 500–600 manna kauptún, sem hafa mikla þörf fyrir minni gerð togara. Sannleikurinn er sá, að það liggur ekkert fyrir um það, hvort hagkvæmara er að kaupa 1000 tonna skuttogara eða 300 tonna skuttogara. Það liggur ekkert fyrir um það. Ég er sannfærður um það, að fyrir þjóðina í heild verða minni skipin hagkvæmari. Þau munu veita fólkinu meiri vinnu í landi og skapa meiri hreinar tekjur í landinu sjálfu. Stærri togararnir munu frekar sigla með aflann. Eins og ég benti á áðan, þá er ekki annað eftir, ef togari skilar engum nettóágóða við siglinguna, en kaup mannanna. Hitt fer í olíu, veiðarfæri, stofnkostnað skipsins og annan rekstrarkostnað, sem að mestu leyti er erlendur eða að nær öllu leyti. Þannig er ég í engum vafa um það, að fyrir þjóðarheildina í framtíðinni verða minni togskipin og bátarnir það, sem mun afla fólkinu fyrst og fremst tekna.

Ég veit um ýmsa staði, sem vilja fá minni togskip, í mínu kjördæmi, og ég efast ekki um, að svo sé á Vestfjörðum og Austfjörðum líka, jafnvel þó að Norðfjörður vilji fá stóran togara. Norðfjörður er stærsti kaupstaðurinn á Austfjörðum. Ég ætla því að leggja fram till. Ég ætlaði að fá hana prentaða og útbýtt núna, bæði grg. og till., en það er ekki unnið í prentsmiðjunni í dag, þannig að þetta getur ekki komið nú. Þess vegna ætla ég ekki að fara fram á, að þessi till. verði borin undir atkv. fyrr en eftir helgi, ef frv. yrði þá tekið fyrir. Till. er þannig: 4. gr. frv. orðist þannig: Ríkisstj. er einnig heimilt að stuðla að smíði og kaupum á allt að 14 minni skuttogurum með því að lána án vaxta úr ríkissjóði eða atvinnujöfnunarsjóði 10% af andvirði þeirra til 15 ára. Stærð þessara skipa skal vera 250–700 lestir. Ríkisstj. skal vinna að því, að heimahöfn þessara skuttogara verði í kauptúnum og minni kaupstöðum, enda sé stærð þeirra miðuð við þá aðstöðu, sem þeir eiga væntanlega við að búa hvað snertir löndun og vinnslu aflans. Ríkisstj. er heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs lán í þessu skyni, ef með þarf.

Þessi till. er rúm. Mér skildist á hv. 4. þm. Austurl. og hv. 2. þm. Reykn., að þeir vildu hafa stærðarhlutföllin frá 500–700 lestir. Fyrir mér vakti fyrst og fremst að styðja þá, sem óskuðu eftir að fá minni skip, sem eru þeim hagkvæmari. Ég tala eingöngu um 10%. Ég tala líka um atvinnujöfnunarsjóð. Sannleikurinn er sá, að atvinnujöfnunarsjóður á að hafa töluvert mikið fé til umráða á næstunni. Það er ekki ólíklegt, að það verði um 100 millj. á ári. Nákvæmlega get ég ekki sagt um það. Ég get ekkert fullyrt um, hvað fæst út úr þessum álskatti. Það er ekki ólíklegt, að það verði upp undir 100 millj. á ári. Nú er þetta ekki lánað með háum vöxtum. Svo er verið að krefja þetta aftur inn. Ég satt að segja er í dálitlum vafa um, hvort þetta sé að öllu leyti rétt stefna, hvort ekki væri viturlegra að leggja fram óafturkræft framlag til vissra hluta, vera ekki sífellt að innheimta, greiða einhvern ákveðinn hluta eða leggja fram óafturkræfa upphæð eða vaxtalausa upphæð, þannig að ekki þurfi alltaf að vera að hjálpa vissum aðilum. Við skulum segja 10% af togara, sem kostar 50 millj., það eru 5 millj. Ef ætti að taka þær að láni í þessum atvinnumálasjóði, þá eru það 450 þús. í vexti á ári, og þar að auki er þetta gengistryggt lán.

Sannleikurinn er sá, að það að taka lán úr þessum atvinnumálasjóði fyrir útgerðina er í raun og veru ógerlegt. Þarna eru 8–9% vextir og þar að auki gengistryggt. Við vitum, að í meðalári hefur útgerðin aldrei borið svo háa vexti. Ég veit, að það er verið að krefja um þessi lán mönnum til leiðinda, og sumir geta ekki borgað þau. Ég er í stórum vafa, hvort það væri ekki rétta aðferðin, að atvinnujöfnunarsjóður legði fram ákveðnar upphæðir árlega sem óendurkræfar, einhvern hluta af því, sem hann hefði til að lána út árlega, reyna svo að láta fyrirtækin standa á eigin fótum á eftir. Það er búið að fella gengið hvað eftir annað, af því að útgerðin hefur ekki borið sig. Er það betra fyrir fólkið í landinu að hafa vextina háa og leggja ekki fram neitt óendurkræft fé? Svo rekur að því, að útgerðin ber sig ekki. Þá er gengið lækkað. Er eigi betra að lána með skaplegum vöxtum og þurfa ekki að lækka gengið? Ég álít, að verst af öllu sé gengislækkun. Gengislækkun er ekkert annað en að taka hluta af sparifé landsmanna og hluta af kaupi fólksins. Fólkið hættir að treysta á alla samninga. Til hvers er þá verið að semja um kaup, þegar ekki er hægt að borga kaupið, en gengið bara lækkar. Þegar verkalýðsleiðtogararnir eru búnir að pota upp kaupinu, þá er verðgildi krónunnar minnkað. Þetta er tilgangslaust basl. Við verðum að geta treyst á gjaldmiðilinn fyrst og fremst. Það er undirstaða undir öllu heilbrigðu fjármálalífi og öllum samningum.

Það er leitt, að sjútvrh. er ekki við. Ég hafði heyrt ávæning af því, að ríkisstj. sjálf mundi leggja fram frv. viðvíkjandi minni skipunum og veita þeim einhverja hliðstæða fyrirgreiðslu og þeim stærri. Ég hef heyrt, að slíta eigi þingi á fimmtudaginn kemur. Hvort svo verður eða ekki, veit ég ekki, en litlar líkur eru til, að lagt verði fram frv. af hendi stjórnarinnar og það nái fram að ganga á þeim dögum, sem eftir eru. Sé það gert, þá nær það ekki lengra. Þá get ég gjarnan tekið mína till. aftur. En ég vildi, að þessi skoðun mín kæmi fram.

Ég vil vekja eftirtekt á því, að ég tel, að það skipti meira máli að stuðla að því, að hin minni byggðarlög geti fengið skip við sitt hæfi og fyrirgreiðslu í því efni, en að kaupa þessa sex stóru togara, þótt ég ætli engan veginn að gera lítið úr þeirri þýðingu, sem það hefur. Ég hef heyrt, að það eigi að lána til minni skipa. Ég skal ekki segja, hvað á að kalla togskip, togara eða togbát. Það má endalaust deila um það. Það er farið að mæla skipin á annan hátt en gert var. Ég hygg, að þessi 250 lesta skip, sem ég hef fyrir lágmark, jafngildi 300 tonna skipum, eins og mælt var hér áður. Ég hygg, að það mætti alveg eins kalla 300 lesta skuttogara togara eins og 500 lesta eða 700 lesta, það er ekki aðalatriðið. Það er aðalatriðið, að skipið togi og geti togað. Ég sé ekki

nokkra einustu ástæðu til að láta minni skipin sitja við önnur og lakari kjör en þau stærri.

Ég hef heyrt, að það eigi að lána 5% úr atvinnujöfnunarsjóði, 10% úr atvinnumálasjóði, sem var nú eitthvað verið að lána úr í fyrra, með okurvöxtum, 8 eða 9%, og þar að auki sé það gengistryggt. Ég tel þau lán ekki takandi fyrir útgerðina. Svo ætlar fiskveiðasjóður að lána 75%. Eigendur þurfa að leggja fram 10%. Nú er þess að gæta, að það verða ekki allir bátarnir smíðaðir innanlands, og út á skip, sem smíðuð eru erlendis, verður ekki lánað nema 67%. Ef ríkið hlutaðist til um það, að úr atvinnujöfnunarsjóði eða á einhvern annan hátt væri lánað 10% vaxtalaust í 15 ár, eins og ég legg til í minni till., þá þyrfti viðkomandi aðili ekki að taka lán í þessum atvinnumálasjóði, sem eru ókjaralán. Það mundi, eins og ég benti á áðan, geta sparað þeim, sem keyptu togara fyrir 50 millj., 400–450 þús. kr. á ári að fá þessi 10% þannig: Það væru 5 millj., sem þeir fengju þá. Það getur ráðið úrslitum um, hvort skipið ber sig eða ekki.

Það er, eins og ég sagði áðan, leitt að sjútvrh. skuli ekki vera við, en hv. forsrh. er nú hér, og hann hefur gott minni. Ég veit þess vegna, að allt kemst í réttan stað, sem sagt er í hans eyru. En ég vænti þess nú, hvort sem þessi till. verður samþ. eða ekki, að ríkisstj. greiði einhvern veginn fyrir þessu máli viðvíkjandi minni skipunum, þannig að þessi bæjarfélög geti fengið sér þá báta, sem hagkvæmir eru og nauðsynlegir eru fyrir minni byggðarlögin. Við vitum það, að þar er mikil vinnuorka, sem ekki nýtist að fullu, ef ekki eru skip til þess að afla þessa hráefnis.

Ég mun greiða atkv. með þessu frv., þrátt fyrir það að ég telji það ekki ná nógu langt og þó að ég, eins og ég tók fram áðan, sé í miklum vafa um það, hvort ekki væri hagstæðara fyrir okkur að kaupa 1000 lesta togarana en minni skip. Reynslan ein getur skorið úr því.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð í sambandi við það frv., sem hér er til umr. Mér finnst ekki óeðlilegt, þegar verið er að vinna að lausn þess vandamáls, sem sjávarútvegur hefur átt við að glíma, að einstakir þættir séu teknir fyrir og reynt að ljúka við að leysa þann vanda, eins og hér er gert, þ. e. a. s. í sambandi við útgerð á stærri togurum. Það er hins vegar skoðun mín, að þær till., sem hér liggja fyrir, séu ekki þess eðlis, að það skapist grundvöllur fyrir togaraútgerð hér við Ísland, eins og þarf að vera. En ég mun að sjálfsögðu greiða atkv. með þessu frv. til þess þó að koma því áleiðis, sem hægt er að gera í þeim efnum.

Ef við lítum til okkar næstu nágranna, þá sjáum við, með hvaða hætti þeir hafa tekið á þessum málum, t. d. Bretar, sem strax við byggingu stærri togara greiða niður stofnkostnað, einfaldlega vegna þess, að byggingarkostnaður þessara stóru skipa er orðinn svo mikill, að reksturinn getur ekki borið hann. Við sjáum, hvað Færeyingar gera. Þeir greiða niður 40%, ef byggt er hjá þeim sjálfum, 30% ef byggt er erlendis.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta, en vildi láta þessa skoðun mína koma hér í ljós, að sá grundvöllur, sem þessar till. eru byggðar á, er að mínum dómi ekki nægilega traustur til þess að við getum rekið togaraútgerð við Ísland, eins og við höfum getað gert, þ. e. a. s. áður en fór að síga á ógæfuhliðina í þeim efnum.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil á margan hátt taka undir þau orð, sem hv. síðasti ræðumaður viðhafði, er hann taldi, að það frv., sem hér er til umr., gangi alls ekki nógu langt til hjálpar þessari tegund útgerðar, sem er nú margrædd hér á hæstv. Alþ. og reyndar víðar en hér. Ég vil þó hins vegar benda honum á það, að það eru þó til einstaklingar í dag, sem telja sig geta ráðizt í þessa útgerð, að vísu vegna þess, að þeir höfðu nokkurn grundvöll til þess að ráðast í þessa útgerð, sem ég veit, að togaraútgerðarmenn almennt í dag hafa alls ekki. Persónulega hefði ég viljað, að lengra hefði verið gengið, talið það nauðsynlegt, ekki sízt vegna þess, – og þá vil ég nú aðeins koma að orðum hv. þm., Björns Pálssonar, 3. þm. Norðurl. v., er hann fór að taka inn í þetta dæmi ströndina alla, – að það er staðreynd, að það eru fimm staðir hér á Íslandi í dag, sem hafa lagt gífurlega mikið upp úr þessum atvinnurekstri, hafa stundað hann og hafa talið það ómetanlegt vegna sinnar atvinnu. Persónulega álít ég, að þetta frv., sem nú er lagt fram, sé kannske fyrst og fremst til þess að koma á móti þessum fimm stöðum á Íslandi, þótt við heyrum hins vegar, að síðasti ræðumaður telji þar alls ekki nógu langt gengið, og veit ég þá, að hann á við það byggðarlag, sem hann kemur frá. En samt sem áður hafa hvorki ríkisstj. né lánastofnanir hér á Íslandi treyst sér til þess að ganga lengra, þótt mikið hafi gengið á að reyna að fá betri kjör, en þau hafa ekki fengizt, m. a. vegna þess, að það eru menn hér á Alþ. sem telja, að þótt þessi útgerð, sem er kannske á margan hátt lífsskilyrði þeirra staða, sem ég hef þegar getið um, sé í veði, þá megi ekki koma henni til hjálpar á þann hátt, sem hér er gert. Ég leyfi mér að fullyrða, að sú togaraútgerð, sem nú er á Íslandi, verður búin að vera eftir, – ég vil segja 4–5 ár, ef ekkert verður að gert. Við komum kannske til með að eiga 4–5 skip eftir það. Hin skipin eru komin svo langt fram yfir það, að skynsamlegt geti talizt að reka þau, jafnvel þótt þau hin sömu skip hafi verið fengsæl. Við getum tekið dæmi um eitt skip Bæjarútgerðar Reykjavíkur, sem skilar á 21 degi meðalafla Vestmannaeyjabáta, sem hafa staðið sig bezt á s. l. vertíð. Þarna eru um borð 28–30 menn, sem skila þessum afla, og ef við höfum þann góða hag eða þá góðu afkomu, sem ég veit að togararnir hafa skilað í vetur, þá mundi ég huga að því, að slíkir tímar hafa verið hjá okkur áður, þótt þeir hafi átt sínar lægðir eins og vélbátaflotinn og önnur útgerð á Íslandi. Við skulum ekki ganga fram hjá því, hafandi þetta í huga, að þetta er útgerð, sem við eigum auðvitað aldrei nokkurn tíma að leggja niður. Hún er nauðsyn, ekki aðeins fyrir þá staði, sem reka togaraútgerð í dag, heldur og aðra staði, eins og komið hefur fram hjá þeim aðilum, sem hafa rætt um þessi mál.

Ég tek heils hugar undir með þeim, sem hér hafa talað um það á þann veg, að það séu staðir allt í kringum land, sem þurfi að eignast togara til þess að landa afla, ekki aðeins hjá sér, heldur eiga þeir skilyrðislaust líka að geta leitað til annarra staða erlendis, þegar

aflaverðmætið verður svo mikið, að það fari langt fram úr öllu, sem gæti hugsast með kannske margfaldri vinnslu hér heima. Auðvitað á ekki að stöðva neina útgerð þá, því að við eigum að geta notið slíkra hlunninda, þegar þannig stendur á.

Hins vegar greinir menn á, og ég veit, að það hefur orðið þó nokkur ágreiningur um það, hvar ætti að skera í sundur. Á að láta þessi sérstöku fríðindi, sem okkar togarar svokölluðu fá að njóta með þessu frv., ná út yfir allan flotann, og eru þau yfirleitt fríðindi fyrir allan flotann, eða hefur önnur tegund flotans kannske meiri fríðindi í dag? Þar á ég við bátaflotann. Eru það kannske ekki miklu meiri hlunnindi, sem bátaflotinn nýtur? Hann getur fengið allt að 90% að láni. Að vísu er talað um okurvexti, en eru það ekki líka okurvextir, þegar við þurfum að setja á okkar nýja, væntanlega togaraflota bæði gjaldeyrisklásúlur og okurvexti, jafnvel þótt um sé að ræða 7.5% frá ríkinu, sem þarna kemur til greina sem framlag, sem þó eru viss ákvæði um, sem ég hef aldrei kunnað að meta? Hitt hlýtur að vera bæjarfélaganna á hverjum stað, hvað þau vilja gera fyrir þessa eða aðra útgerð. Ég þekki það vegna veru minnar í nokkur ár í atvinnuleysistryggingasjóði, sem hefur m. a. lánað peninga til atvinnujöfnunarsjóðs, sem hefur staðið að því að kaupa skip frá Reykjavík, sem ekki hefur notið hlunninda atvinnujöfnunarsjóðs, að það eru bæjar- og sveitarfélögin á þessum stöðum, sem hafa tekið þátt í því að ábyrgjast lán og lána beint, til þess að svo mætti verða, að þessi skip okkar gætu komizt til þeirra, sem, eins og hv. þm. Björn Pálsson benti réttilega á, hefur orðið þeim til stórkostlegs framdráttar, og auðvitað þurfa fleiri slík skip og stærri að koma inn í það dæmi.

Hvar á að skera í sundur með það, hvort við séum að tala um vélbát, dagróðrabát, landróðrabát eða togara? Ég held, að þingið hafi á nokkurn hátt gert það á sínum tíma með ákvörðun um það, hverjir gætu notið landhelginnar. Ég vil meina það, að við þurfum nú umfram allt að tala um togara, sem eru úthafstogarar, togara, sem geta sótt á fjarlæg mið, séu ekki hér á heimamiðum, nema þegar þannig aflast og tækifæri gefast til að þeir geti komið með nýjan og ferskan afla til vinnslustöðvanna hér við land, sem þeir geta auðvitað líka gert af fjarlægum miðum.

En vegna þeirra bollalegginga, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. var að hafa um það, að það væri tiltölulega sama, hvort um væri að ræða 300 tonna skip eða 1000 tonna skip, get ég ekki annað en spurt þennan ágæta þm.: Var það sama fyrir hann, þegar hann var kaupfélagsstjóri á Skagaströnd, hvort um væri að ræða opna trillu eða Húna 1, þegar hann kom þangað fyrst? Mig minnir, að ég hafi einhvern tíma lesið eða heyrt, hvílíka býsn og dásemd um var að ræða, þegar það skip kom þangað, og vissulega var það það miðað við það, sem fyrir var.

1000 tonna skuttogari í dag getur stundað veiðar í N.-Atlantshafi við flestar aðstæður og á flestum miðum. Ég vil alveg hiklaust halda því fram, að 600 tonna skip geti ekki gert það. Þau byggðarlög, sem búa við togaraútgerð í dag og ætla sér að búa við togaraútgerð og telja hana nauðsyn fyrir sig og sína fiskvinnslu og sitt athafnalíf, ætla sér ekki að gera út minni báta, sem koma daglega að landi. Hin stóru skip eiga, þó að þau leiti á grunnmið í öðru eins aflamagni og verið hefur þar síðustu vikurnar, að leita víða til fanga. Ég vil segja það, ekki aðeins útgerðarinnar vegna, heldur líka þeirra, sem um borð í skipunum eru, að þeir eiga fyllilega skilið það öryggi, sem slíkt skip hefur fram yfir minni skipin í N.-Atlantshafinu og norður við Grænland og Nýfundnaland í vetrarveðrum.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa mörg orð um þetta frv. Ég tek hins vegar heils hugar undir það, þótt ég verði ekki fylgjandi því að þessu sinni, að þær brtt., sem hér hafa komið fram um minni skipin, nái fram að ganga, einfaldlega vegna þess, að ég hef sjálfur lýst því yfir við minni hl. í sjútvn., að ég telji ekki aðeins rétt, heldur og nauðsynlegt, að þessum málum verði ráðið til lykta á næsta hausti. Hins vegar hafa ýmis formsatriði ekki verið leyst í sambandi við bæði rekstraráætlanir og annað, eins og hv. þm. Lúðvík Jósefsson gat hér um áðan, og ég tel alveg sjálfsagt, að menn bindi sig ekki við 1000 tonna togara. En hv. sjútvrn., sem þetta frv. flytur, hefur ekki fengið till. um þessa stærð út í loftið, heldur af mikilli og góðri athugun, þar sem það m. a. var ekki aðeins borið undir helztu togaraútgerðarmenn, sem stunda togaraútgerð í dag, og miðað við reynslu nágrannaþjóða okkar, heldur og þeirra togaraskipstjóra, sem bezt hafa sýnt hæfni sína á síðustu misserum og árum. Þannig er ekki verið að segja það um leið, að verið sé að fara í vitlausa stærð, þótt það séu teknir sex togarar af þessari stærð.

Hins vegar hefur það líka legið ljóst fyrir, að ákveðnir staðir hér á landi þurfa á minni skipum að halda, sem geta líka sótt, ekki aðeins hér á grunnmið og mið landgrunns, heldur líka á fjarlægari mið. Og ég er heils hugar fylgjandi því, að ríkisstj. vinni að því í sumar að útbúa till. um fyrirgreiðslu við slík skip, áður en þing kemur saman að hausti. En ég tel, að þessi lausn og sú fyrirgreiðsla, sem er ætluð með þessu frv., sé svo nauðsynleg og brýn, að hana megi ekki daga uppi á þessu þingi. Enda hef ég heyrt það á hv. þm. stjórnarandstöðunnar, þótt þeir hafi ekki sýnt algjöra samstöðu með okkur um okkar nál., að þeir hafa hinn sama hug, og fyrir það vil ég þakka þeim.

Vegna brtt., sem kom fram hjá hv. þm. Lúðvík Jósefssyni í sambandi við verksmiðjuskuttogara, þá vil ég líka taka það fram hér, að ég tel nauðsynlegt fyrir íslenzku þjóðina að eignast slíkt skip. Ég hef marglýst þessu yfir opinberlega, og það er eiginlega til skammar fyrir íslenzku þjóðina, mestu fiskveiðiþjóð á norðurhveli jarðar, að slík skip skuli ekki vera í hennar eigu. Ég hef hins vegar haft þá skoðun, að áður en við gengjum út í kaup á slíku skipi, miðað við að við erum fjárvana þjóð á margan hátt, þá ættum við frekar að stíga það spor, sem við erum að stíga nú, og næsta skrefið tel ég vera að kaupa nokkra skuttogara af minni gerð til staðsetningar allt í kringum land.

Ég mótmæli um leið þeirri skoðun, að þessir stærri togarar muni síður landa afla sínum hér heima og auka atvinnu en minni togararnir, þótt ég taki það líka fram, að þessi skip eiga að hafa allan rétt m. a. vegna skipshafna sinna, til þess að leita þess markaðar, sem beztur er hverju sinni. Ef menn vilja kosta einhverju til, til þess að landa hér heima til þess að auka atvinnu, þá verða fleiri að taka þátt í því en skipshöfnin.

Að svo mæltu vil ég aðeins lýsa yfir því, að ég styð þetta frv., eins og það er komið fram. Ég mun greiða atkv. gegn brtt. í trausti þess, að Alþingi Íslendinga og ríkisstj. beiti sér fyrir því, að ráðið verði fram úr þeim vandamálum, sem þar hafa komið fram og bent er á í brtt.

Frsm. 1. minni hl. (Björn Pálsson): Herra forseti. Örfá orð, ég hef ekki miklu að svara. Hv. 10. þm. Reykv. hélt hér snjalla ræðu, eins og við var að búast. Hann gerði mikið úr því, að þessi stóru skip gætu verið að í lakara veðri og minni hætta væri að vera á þeim. Þetta er vafalaust rétt, en hitt hygg ég, að það verði ekki mikill ágóði af því að veiða norður í höfum eða vestur við Grænland í stórhríðum, og ef ís ræki mikið í kringum þau, þá hygg ég, að þau væru ekkert betri en minni skipin, þ. e. ef þau verða fyrir stórum jökum eða öðru slíku. Satt að segja legg ég ákaflega lítið upp úr því að vera að veiða í vitlausu veðri, hvort það eru heldur meðalskip eða stór skip. Ég held, að það verði enginn auðugur af því og það verði á engan hátt hagkvæmt.

Ég hef átt tal um það við Tryggva Ófeigsson, hvort þessir nýju skuttogarar þeirra mundu geta verið að í miklu verra veðri en togarar hans. Hann telur það ekki vera. Hann segir, að sínir togarar hafi veitt á svipuðum stöðum og það muni ekki öllu. Ég get persónulega ekki fullyrt um þetta, en hitt er ég viss um, að þótt þetta séu stærri skip og að einhverju leyti betur útbúin, þá ráða þau ekki við vitlaus veður, þau hafa ekki aðstöðu til að veiða í vitlausu veðri, enda mundi það ekki borga sig.

Það kom fram hjá hv. þm., að hann leggur mikið upp úr því, að þessum minni togskipum, sem ég var að tala um, verði veitt fyrirgreiðsla á næsta hausti. Það var í sjálfu sér ánægjulegt að heyra. Ég er hv. þm. þakklátur fyrir, að hann hefur þessa skoðun, en það, sem fyrir mér vakir, er, að mér finnst þetta nokkuð seint, af því að ég veit, að það eru ýmsir, sem hafa mikinn áhuga fyrir að fá þessi skip sem allra fyrst. Það er eins með þá og Reykjavík og aðra staði, sem leggja mikið upp úr því að fá þetta ákveðið strax. Það tekur sinn tíma að undirbúa þessi mál og fá skipin smíðuð.

Það er hárrétt hjá hv. þm., að fyrir Reykjavík og Akureyri og þessa stærri staði er nauðsynlegt að hafa þessa stóru togara, það tók ég fram í minni ræðu. Þess vegna má ekki lá mér það, þó að ég telji mér skylt að vekja athygli á því, að það eru fleiri, sem þurfa að lifa og hafa aðra aðstöðu. Þess vegna legg ég talsvert upp úr því, ef mögulegt væri að fá hliðstæða fyrirgreiðslu eða loforð um hana nú þegar fyrir þau skip, sem henta minni bæjarfélögum. Ríkisstj. getur að sjálfsögðu gefið út brbl. eða gefið loforð, þó að þingið sé hætt að starfa. Ég efast ekkert um, að hæstv. ráðh. hlýtur að vera það ljóst, að þörf er fyrir þessi skip. Ég tel ekki sanngjarnt, eins og ég tók fram áðan, að þau njóti ekki hliðstæðrar lánafyrirgreiðslu og stærri togarar. Og þó að það sé ekki gert meira í bili en að lána 7.5% vaxtalaust, þá þykir mér ólíklegt, að þessi skip þurfi ekki, áður en langt um líður, meiri fyrirgreiðslu, annaðhvort með styrkjum, eins og þau hafa notið undanfarin ár, eða þá með eftirgjöf á skuldum eða einhverju slíku. En við skulum ekki vera að spá neinum hrakspám. Reynslan sker úr þessu.

Viðvíkjandi því, sem kom fram hjá hv. þm., að hann mótmælti því, að þessi stóru skip mundu ekki losa hér: Ég hef aldrei fullyrt neitt um það, að þau losuðu ekki hér. Hitt er ég sannfærður um, og það kom fram hjá hv. þm., að þau sigla frekar með aflann en minni skipin, enda er það eðlilegt.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. Endurnýjun togaraflotans er eitt þeirra mála, sem hv. ríkisstj. hefur sofið allt of lengi á. Og það er sannast sagna komið á elleftu stund að ráðast í endurnýjun togaraflotans. Það mál hefur verið vanrækt allt of lengi, og þess vegna verður nú að gera svo stórt átak sem við höfum ýtrast afl til.

Ég tel, að þær till., sem fram eru komnar um endurnýjun togaraflotans, séu allar mjög svo eðlilegar og nauðsynlegar, þegar við lítum á, hvernig komið er. Það er auðvitað ekki fjarri sanni, sem hv. 10. þm. Reykv. sagði hér áðan, að ef ekki verður myndarlega á málinu tekið ekki síðar en á komandi hausti, þá vofir það yfir, að við höfum enga togaraútgerð. Það er mjög óhyggilegt að láta það dragast árum saman að endurnýja okkar fiskiskipaflota og hrökkva svo upp með andfælum einn góðan veðurdag, þegar í óefni er komið, og verða þá að gera slík átök, að það ofbýður okkar fjárhagslegu getu. En þannig var komið, þegar nýsköpunartogararnir voru keyptir. Þá var hér ekki um aðra togara að ræða en lítt sjófæra ryðkláfa, og þá varð að gera eitt heljarátak til þess að endurnýja togaraflotann, en af þessu leiðir aftur, að þau skip eru nú öll jafngömul og verða ónýt mjög um sömu mundir. Við erum enn að falla í þessa sömu gröf í stað þess að hafa á okkur andvara og sinna árlegri endurnýjunarþörf á togaraflotanum. Ég játa, að það væri geysilegt átak að byggja núna í einu 20 skip, 12 1000 tonna skip, 8 500–700 lesta skip og e. t. v. 2500–3000 lesta verksmiðjuskip. En þessa alls er þörf, ef við ætlum að sækja fram og láta ekki togaraútgerð lognast út af eða leggjast niður. En svo framarlega sem það er rétt, að hæstv. ríkisstj. telji ekki möguleika á að stíga stærra skref en hún gerir með því að leggja til, að byggðir séu sex 1000 lesta skuttogarar, þá er ég þeirrar skoðunar, að það hefði leyst úr meiri þörf, ef ekki yrði hægt að taka nema hluta af málinu til úrlausnar, víðar á landsbyggðinni að ráðast í það nú sem hluta af viðfangsefninu að byggja tíu 500 tonna skip. Og ég held, að ég hefði kosið það fremur, að frv. hefði verið um að byggja nú þegar tíu 500–600 tonna skip í staðinn fyrir sex 1000 tonna skip.

En ekki eru nú frammi till. um það, og mun ég þá í fyrsta lagi lýsa stuðningi mínum við þetta frv., þó að það taki ekki þann hluta málsins fyrir, sem ég hefði talið skynsamlegast. Einnig mun ég freista þess með öðrum hv. þm. að taka málið fyrir til úrlausnar allt saman, eins og það blasir við okkur, og ráðast í þetta heljarátak, þótt ég viti, að þar er teflt á tæpasta vað um fjárhagslega getu, að taka ákvörðun um að endurnýja togaraflotann með einu átaki með byggingu um 20 togskipa 500–1000 tonna og eitt verksmiðjuskip.

Það er óneitanlega veitt allmikil aðstoð til þess að greiða fyrir kaupum á þessum sex togurum. Þó er ég hræddur um það, að hin getuminni bæjarfélög geti ekki risið undir því að eignast þessi skip, og þyrftu þau þó að

dreifast á ýmsa staði. Það má vel vera, að Reykjavík ráði við þetta, en ég efast um, að aðrir kaupstaðir geti það, og sennilega mun að því draga, að það verði meiri aðstoðar þörf.

Ég sé ekki, hvernig ætlað er, að þessi sex skip, sem frv. fjallar um, dreifist um landið. Ég hef séð það nýlega, að annar stjórnarflokkurinn hefur borið fram till. í borgarstjórn Reykjavíkur um það, að Bæjarútgerð Reykjavíkur endurnýi sig með fjórum skipum. Það er minni flokkurinn, en sá, sem segist hafa forystuna oft og tíðum í framfaramálunum. Hann hefur borið fram till. í borgarstjórninni um það. Það sá ég í Alþýðublaðinu rétt fyrir skemmstu, að bæjarútgerðin eigi ekki að stíga minna skref en það að kaupa fjögur skip í einum áfanga. Þá verður harla lítið eftir handa stóra flokknum og landsbyggðinni allri saman. Mér finnst þess vegna vera farið þarna af stað eins og það hafi ekki verið hlustað á stórhug og kröfugerð annars stjórnarflokksins. Nema þá að Sjálfstfl. ætli sér mjög lítinn hlut í þessari nauðsynlegu og aðkallandi uppbyggingu.

Ég hef lýst afstöðu minni til þessa máls. Ég hefði talið hyggilegra að byggja fleiri og smærri skip nú í fyrsta áfanga, ef það er skoðun ríkisstj., að ekki sé hægt að taka á endurnýjunarmálinu öllu nú. En væri hins vegar sú skoðun uppi, sem hv. 10. þm. Reykv. mælti fyrir hér áðan, að ekki væri neitt undanfæri um heildarendurnýjun togaraflotans nema fram á næsta haust, þá væri eðlilegast að sníða endurnýjunarmálinu öllu einn sameiginlegan ramma nú, þó að framkvæmdin yrði tekin í tveimur eða þremur áföngum. Það held ég væri eðlilegast, úr því við erum nú komin í slíkt óefni með þessi mál eftir allt of langan drátt, allt of langan svefn hæstv. ríkisstj. varðandi þessi grundvallarmál atvinnuveganna.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 85. fundi í Nd., 27. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 711,1.a felld með 20:14 atkv.
Brtt. 711,1.b felld með 20:17 atkv.
1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 711,2 felld með 21:17 atkv.
2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 690 tekin aftur.
Brtt. 711,3 felld með 21:15 atkv.
4. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 501, 690).

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Björn Pálsson): Herra forseti. Vegna brtt., sem liggur frammi frá mér, langar mig til að segja örfá orð. Hún er aðallega þess efnis, að ríkið styrki með vaxtalausu láni til 15 ára minni gerð togara en gert er ráð fyrir í frv. eða togara allt frá 250–700 tonn. Hún grípur þess vegna yfir það í raun og veru, sem lagt var til af hv. 2. þm. Reykn. og hv. 4. þm. Austf. um togara frá 500–700 tonn. Hún nær yfir stærra bil.

Ég geri ráð fyrir, að fiskveiðasjóður láni yfirleitt til minni skipa, a. m. k. ætti að vera eðlilegt, að hann gerði það. Það er ekkert lakara að útvega fiskveiðasjóði lán til að lána til minni togara en til stærri báta í sjálfu sér. En hvaða leið sem farin yrði í því efni, þá er ekki hægt að búast við, að úr fiskveiðasjóði eða öðrum sjóðum hliðstæðum fáist nema 75%. Ef gert væri ráð fyrir, að atvinnujöfnunarsjóður láni 5%, þá vantar 20%. Því hef ég hugsað þetta þannig, að heiman kæmi, annaðhvort frá bæjarfélögum eða í hlutafé, sem svaraði 10%, og svo þetta 10% lán á móti. Ég hef heyrt, að það hafi verið gert ráð fyrir, að það fengist úr atvinnumálasjóði 10% lán til þessara skipakaupa. En eins og ég gat um í fyrri ræðu minni, þá tel ég það óaðgengileg kjör að greiða 8 eða 9% vexti og gengistryggingu að auki.

Það eru margir skattar á útveginum, og við getum ekki búizt við hliðstæðu ári eins og nú er. Það er t. d. núna með lífeyrissjóði sjómanna verið að leggja á hvern einasta bát í landinu af stærri bátum sennilega 100–200 þús. kr. útgjöld. Þó að líklegt sé, að bátarnir beri sig sæmilega í ár, þá kemur ár á eftir þessu ári, og við skulum ekki búast við, að þau verði hliðstæð, hvorki um verðlag né afla, við það, sem nú er.

Ég reikna ekki með, að þessir togarar, sem ég tala um í þessari till., verði byggðir á einu eða tveimur árum. Það á eftir að undirbúa málið, og þeir verða ekki byggðir allir í einu. Gera má ráð fyrir, að tekjur atvinnujöfnunarsjóðs aukist, eftir því sem skatturinn hækkar af álvinnslunni. Ég hef ekki komið með frv. um þetta efni, af því að ég gerði ráð fyrir, að ríkisstj. legði fram frv. En nú er orðið áliðið þingsins og ekkert frv. hefur komið frá ríkisstj. Ég veit ekki nákvæmlega um, hvað hún ætlar sér í þessu efni, en skoðun mín er sú, að það sé óverjandi að ætla að fara að styrkja kaup á stórum skipum án þess að styðja kaup á minni gerðum togara líka. Það er ekki sanngjarnt eða réttlátt.

Mér hefur verið það ljóst, eftir að seinni gengisfellingin fór fram, að það leggur enginn í að kaupa stór togskip án þess að fá einhvern stuðning, beinan eða óbeinan. Og þó að einhver félög réðust í að taka lán eins og hjá atvinnumálasjóði með þessum háu vöxtum og gengistryggingu, þá er það ekkert betra en veita þeim einhverja fyrirgreiðslu í byrjun, sem geri þeim kleift að standa í skilum, því að þau rísa ekki undir því að standa í skilum á þann hátt. Og ég held, að lakasta leiðin gagnvart atvinnurekendum eða atvinnurekstrinum, hvort sem hann er rekinn af hlutafélögum eða einstaklingum, sé að hafa byrðarnar svo þungar, að þeir gefist upp. Og þess vegna er það mín skoðun, að það hefði verið miklu betra að hafa vextina lægri á lánum, sem togararnir fá, en ekki bein framlög úr ríkissjóði. Úr því að ríkisstj. fer inn á þá leið að leggja fram vaxtalaust framlag til skipakaupa, hvar verður þá numið staðar? Verða ekki kröfurnar alltaf meiri og meiri? Og þó að e. t. v. verði hægt að byggja þessa sex togara og selja þá hlutafélögum eða einhverjum öðrum aðilum, þá er ekki þar með sagt, að það verði staðið í skilum um andvirði þeirra með þeim vöxtum, sem eru á þeim lánum, sem

þeir verða að taka, og gengistryggingu sennilega þar að auki. En menn geta stofnað hlutafélög, ef þeir eru ekki persónulega ábyrgir fyrir lánum, og byggðarlögin hugsa sem svo: Við töpum ekkert á þessu. Við borgum ekki meira en við getum, og hitt verður ríkisábyrgðasjóður eða einhver annar aðili að greiða. En ég held, að sú stefna, sem hefur verið tekin í þessum sjávarútvegsmálum, hafi ekki verið rétt að því leyti til.

Meðan hv. 1. þm. Austf. réð miklu í fjármálum á Íslandi, þá voru 4% vextir af skipum. Sjálfstfl. hefur a. m. k. alltaf hampað því, að hann ætlaði að efla einstaklingsframtakið í landinu, en ef maður lítur nú yfir það, sem er að gerast í landinu, þá er það það, að einstaklingar gera meira og minna að því að selja eignir sínar hlutafélögum, sem eru stofnuð með eins konar samskotafé, og vitað er, að þau geta ekki staðið í skilum, ef eitthvað ber út af, og eina einstaklingsframtakið, sem hefur lifað sómasamlegu lífi í þessu landi, er það, sem til var, áður en þessi hv. ríkisstj. tók við. Það eru því menn, sem voru þá búnir að kaupa báta og eru ekki með gengistryggð lán. Það eru útgerðarmenn í Vestmannaeyjum og Keflavík, þeir menn, sem voru búnir að eignast báta fyrir 1960, það eru þeir, sem standa sig bezt nú, m. a. af því að þeir búa við hagstæðari lánakjör. Það eru þeir, sem ekki hafa lagt í ábyrgðarlítið brask. Þannig held ég, að Sjálfstfl. stefni ekki alveg í rétta átt í þessum einstaklingsframtaksmálum, sem hann hefur alltaf verið að vegsama. En þetta lagast nú e. t. v. allt, þegar fjárfestingarfélagið er komið og farið að stjórna fjárfestingarmálum. Þá dafnar nú einstaklingsframtakið í landi voru.

Það er venja hér yfirleitt, að ekkert verði samþ., sem ríkisstj. kemur ekki með. Við vitum það ósköp vel. Ég bjóst við, að ríkisstj. legði fram frv., af því að það er venjan. Það hefur ekki komið fram. En ég vona, að þetta verði frekar til þess að vekja hana, að hún hreyfi sig eitthvað í þessu efni, því að ég veit um marga aðila, sem bíða eftir úrlausn í þessu efni, að fá sér minni togarana vegna sinna byggðarlaga til þess að geta haft þar atvinnulíf í lagi. Því er það ekki að nauðsynjalausu, sem ég flyt þessa till. Ég vona því, að jafnvel þótt stjórnarliðar samþykki ekki þessa till., — það er þó engan veginn vonlaust, að einhver verði með henni úr stjórnarliðinu, till. er bæði skynsamleg og vel orðuð, — að þessi flutningur á till. verði til þess, að ríkisstj. rumski eitthvað, geri eitthvað í þessu efni.

Ég vil svo ekki þreyta ykkur lengur á þessari ræðu, þó margt mætti um þetta mál segja. En vil þó láta þá ósk í ljós, að ég vona að Sjálfstfl. breyti stefnu sinni, að hann efli einstaklingsframtakið á komandi ári í stað þess að lama það, eins og hann hefur gert að undanförnu, þannig að minna beri á skrautfjöðrum Eysteins í því efni en gerir nú.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 88. fundi í Nd., 28. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 690 felld með 21:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÞ, BP, EðS, EystJ, GeirG, GíslG, HS, HV, IG, JK, JSk, LJós, MK, SE, SV, SP, VH, ÞÞ.

nei: ÁS, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, US, RG, FÞ, JóhH, GunnG, GÞG, IngJ, JSH, JP, MB, PJ, PS, SI, SvJ, MÁM.

1 þm. (JónasÁ) fjarstaddur.

Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 770).

34. Lífeyrissjóður togarasjómanna.

Á 36. fundi í Ed., 20. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 28. apríl 1962, um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum [146. mál] (stjfrv., A. 243).

Á 37. fundi í Ed., 22. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þegar samningar voru gerðir í febrúarmánuði 1969 á milli Sjómannasambands Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna um kjör bátasjómanna, þá var það eitt af samkomulagsatriðum samningsaðila, að þeir beittu sér fyrir því, að bátasjómönnum yrði með lögum tryggð aðild að lífeyrissjóði togarasjómanna og undirmanna á farskipum.

Í samkomulagi þessu var m. a. kveðið á um iðgjaldagreiðslur sjómanna og útgerðarmanna, sem áttu að hefjast í ársbyrjun 1970. Í miðlunartill. þeim, sem sáttasemjari ríkisins lagði fram til lausnar kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátaflotanum og Alþ. lögfesti skömmu síðar, voru sams konar ákvæði um lífeyrisréttindi. Til þess að hrinda áleiðis þessum samkomulagsatriðum fól hæstv. félmrh. sérstakri n. í september 1969 að semja lagafrv. um aðild bátasjómanna að lífeyrissjóði togarasjómanna. Ráðh. skipaði n. þessa með þeim hætti, sem segir í grg. frv. þess, sem hér liggur fyrir, og sé ég ekki ástæðu til þess að rekja það nánar.

Í grg. er gerð ræki|eg grein fyrir því, hvernig n. þessi starfaði, og sé ég heldur ekki ástæðu til þess að fara út í það í einstökum atriðum, en í n. varð ágreiningur, sem rétt er að vekja athygli á, um tvö atriði frv. Annars vegar varð ágreiningur um heimild til stofnunar sérsjóða í einstökum byggðarlögum, og voru það sérstaklega Vestmanneyingar, sem lögðu áherzlu á, að heimild yrði til stofnunar sérsjóða, en það varð mikil andstaða gegn því hjá ýmsum aðilum í umræddri n. og þá fyrst og fremst fulltrúum sjómannasamtakanna, sem töldu æskilegast, að þessum sjóðum yrði ekki dreift, heldur yrði einn sameiginlegur sjóður. Í annan stað var einnig deilt um aðild að stjórn sjóðsins, og komu fram raddir í þá átt að breyta nokkuð skipan stjórnarinnar frá því, sem nú er, eftir að þetta væri orðinn sameiginlegur sjóður allra sjómanna. Það er einnig nákvæmlega frá því greint í grg. með frv., hvernig þessum ágreiningi var

háttað og hvernig skipting nm. varð í afstöðunni til þessa ágreiningsatriðis.

Frv. er þannig orðað, að tekin var til greina skoðun meiri hl. n., sem í rauninni var álit n. allrar, þegar til úrslita dró varðandi þessi tvö ágreiningsatriði. Annars vegar er gert ráð fyrir því í frv., að ekki verði fallizt á sjónarmiðið um sérsjóði, og hins vegar er gert ráð fyrir því, að gerð verði sérstök breyting á skipan þeirrar stjórnar, sem sjóðurinn hefur, þó að fram komi, að það hafa verið nokkrar vangaveltur um það, hvað eðlilegt væri í þessu efni.

Frv. er lagt hér fram fyrir hv. þd. í því formi, sem n. gekk frá því, og álit n. er sameiginlegt, þótt hún tilgreini, að þessi ágreiningsatriði hafi komið fram.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara sérstaklega að lýsa skoðunum mínum varðandi þessi ágreiningsefni, en tel rétt, að það verði athugað í þeirri hv. n., sem málið fær til meðferðar, og þá rætt við þá nm., sem undirbjuggu málið. Ég tel það mikils virði og reyndar óumflýjanlegt, að ekki verði farið að gera neinar mikilvægar breyt. á þessu frv. nema í samráði við þá n., vegna þess, eins og ég gat um, að hér er ekki um venjulegt stjórnarfrv. að ræða eða till. ríkisstj., heldur er hér um að ræða frv., sem byggist á sérstöku samkomulagi, sem gert var í sambandi við kjaradeilur. Það skiptir því höfuðmáli, að málið verði afgr. frá þinginu í því formi, sem aðilar telja að sé í samræmi við það, sem um var samið.

Það eru að vísu vissar kvaðir, sem með þessu falla á ríkissjóð, en talið er, að þær séu litlar. Þær eru efnislega hinar sömu og komið hafa fram í sambandi við annað frv., sem hér liggur fyrir um lífeyrissjóð verkamanna. Til þess að gera mögulegt að hefja lífeyrisgreiðslur svo tímanlega sem samkomulagið gerði ráð fyrir, – en það mun ekki verða um neinar verulegar kvaðir í því efni að ræða, – tel ég ekki að af þeirri ástæðu sé frambærilegt að raska því samkomulagi, sem þarna hefur verið gert, og því sé nauðsynlegt við alla meðferð málsins að gæta þess að gera ekki á því breyt., nema gætt sé þess, að það valdi ekki nýjum vandræðum í sambandi við það samkomulag, sem gert var og frv. byggist á.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn., og væri mjög æskilegt, að hægt væri, svo fljótt sem auðið er, að afgreiða frv. úr n., þar sem gert er ráð fyrir, að lífeyrissjóðurinn taki nú þegar til starfa.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 243, n. 538, 539).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. – Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft til meðferðar frv. það, sem hér liggur fyrir, og eins og nál. á þskj. 538 ber með sér, mælir n. einróma með samþykkt frv., en einstakir nm. hafa þó áskilið sér rétt til þess að flytja eða fylgja frekari brtt. N. flytur á þskj. 539 tvær brtt. við frv., sem ég skal nú gera grein fyrir í örstuttu máli.

Eins og hv. dm. mun kunnugt, hefur verið komið á fót tveimur lífeyrissjóðum úti á landi, sem gert er ráð fyrir eða ætlazt til af þeim, sem stofnað hafa þessa sjóði, að yrðu sjálfstæðar stofnanir án tengsla við lífeyrissjóðinn. Þetta hefur, eins og grg. frv. ber með sér, verið deilumál innan þeirrar n., sem um þetta fjallaði. Þess er getið í nál., að n. hafi kallað á fund sinn þrjá þeirra, sem áttu sæti í n., sem undirbjó frv., en það voru þeir Guðjón Hansen, sem vann sem sérfræðingur að undirbúningnum, Gunnar Hafsteinsson frá Landssambandi ísl. útvegsmanna og Jón Sigurðsson, formaður Sjómannasambandsins, fulltrúi sjómanna. Allir þessir menn tjáðu sig því andvíga á nefndarfundinum, að frekari heimildir yrðu veittar í þessu efni en þær, sem 2. gr. frv. gerir ráð fyrir, en samkv. henni skal ráðh. hafa heimild til að löggilda slíka sjóði. Þeir aðilar, sem hér áttu hlut að máli, töldu þó þetta heimildarákvæði ófullnægjandi og fóru fram á það, að skylt yrði a. m. k. að löggilda þá sjóði, sem þegar væru stofnaðir. Þess má enn fremur geta í sambandi við þetta, að mér hefur borizt bréf frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Mér barst það að vísu fyrst eftir að n. hafði afgreitt málið, en ég tel rétt að kynna hv. d. þetta erindi, en þar er tekið í sama streng, Farmanna- og fiskimannasambandið er andvígt skiptingu sjóðanna. Það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með skírskotun til samninga Farmanna- og fiskimannasambands Íslands við Landssamband ísl. útvegsmanna og laga nr. 2 18. febr. 1969, er það eindregin ósk vor, að ekki verði hvikað frá ákvæðum laga um, að bátasjómenn verði í einum og sama sjóði. Í öðru lagi, að ekki verði hægt að stofna til sérsjóða fyrir yfirmenn bátaflotans, nema samþykki Farmanna- og fiskimannasambands Íslands komi til við stofnun þeirra, þ. e. fyrir skipstjóra, stýrimenn og vélstjóra. Ekki mun Farmanna- og fiskimannasamband Íslands gera ágreining um stofnun lífeyrissjóðs fyrir Vestmanneyinga.

Virðingarfyllst,

f.h. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Ingólfur Stefánsson."

N. taldi sig í töluverðum vanda stadda að samræma þau andstæðu sjónarmið, sem hér var um að ræða. Hún taldi að athuguðu máli ekki rétt að fara þá leið, sem kröfur höfðu komið fram um, eins og ég minntist á, að löghelga skilyrðislaust þá sjóði, sem þegar hefðu verið stofnaðir, en nota heimildarákvæði um aðra sjóði með tilliti til þess, að það verður nokkuð tilviljanakennt, hvaða sjóðir hafa þegar verið stofnaðir og hvaða óskir kunna að koma fram um það síðar að stofna nýja sjóði. Þess vegna hefur n. lagt til, að sú leið verði farin, sem fyrri brtt. á þskj. 539 gerir ráð fyrir, að ráðh. sé skylt að ákveða, að sjómenn, sem eru lögskráðir í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum, skuli vera utan við sjóðinn, ef fram koma um það óskir frá félögum sjómanna og útvegsmanna á þeim stöðum og forsvaranlega er frá lífeyrissjóðsmálum hlutaðeigandi manna gengið. Samkv. þessu er það sett sem almenn regla, að slíka sjóði skuli löggilda, þar sem samstaða er um það milli aðila, en þó settur sá varnagli, sem við teljum, að skapi nokkra tryggingu fyrir því, sem auðsætt er, að mundi vera óæskilegt, að sjóðirnir verði ekki allt of

smáir, að forsvaranlega verði að vera frá lífeyrissjóðsmálunum gengið. Það er svo komið undir dómi hv. d., hvort hún fellst á þá millileið, sem hér hefur verið lögð til.

2. brtt. n. er flutt samkv. ósk fjmrn., en það lagðist mjög gegn þeirri skipan, sem frv. gerði ráð fyrir, að lögskráningarstjóri skyldi innheimta iðgjöld sjóðfélaga. Hér er gert ráð fyrir samkv. brtt., að það ákvæði falli niður. En til þess að skapa aukið aðhald um innheimtu iðgjaldanna, eru sett ákvæði um það samkv. þeirri brtt., sem n. hefur flutt, að sé um vanskil að ræða af hálfu útgerðar, skal lögskráningarstjóri ekki skrá á hlutaðeigandi skip, ef krafa hefur komið fram um það af hálfu sjóðsstjórnar.

Þetta eru þær brtt., sem n. hefur flutt. Ég tel rétt að segja frá því, að í n. var enn fremur ræddur sá ágreiningur, sem var í n. þeirri, sem undirbjó frv., um stjórn sjóðsins, en í því efni má að öðru leyti vísa til grg. fyrir frv., þar sem þessum ágreiningi er lýst. N. hefur þó ekki komið sér saman um flutning brtt. um þetta efni, en eins og ég gat um, þá hafa einstakir nm. áskilið sér rétt til þess að flytja eða fylgja frekari brtt. en þeim, sem n. flytur. Enn fremur tel ég rétt að skýra frá því, að það kom fram munnlega á stuttum fundi, sem ég átti með fulltrúum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, að þeir óskuðu eftir, að athugaðir yrðu möguleikar á því að láta bráðabirgðaákvæði laganna ná til eldri yfirmanna á farskipum. Þetta mun n. einnig hafa til athugunar á milli 2. og 3. umr.

Herra forseti. Að öðru leyti leggur n. til, að frv. verði samþ. við þessa umr. með þeim brtt., sem hún hefur flutt.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það er í sambandi við þessar brtt., sem n. flytur, sem ég vil gera örstuttar aths.

Varðandi fyrri brtt. er það að segja, að ég hef ekkert við það að athuga, að stofnaðir séu sérsjóðir í ýmsum landshlutum, ef það fyrirkomulag er álitið hagkvæmara en hafa þetta allt í einum sjóði. En ég vil taka undir það, sem hv. frsm. sagði hér áðan, að þá er auðvitað höfuðatriðið, að það sé forsvaranlega gengið frá þeim lífeyrissjóðum, sem væntanlega á að fara að stofna. Og þá sýnist mér, að hér vanti viðbót við þessa brtt., sem flutt er á þskj. 539. Þar segir aðeins: „Og forsvaranlega er frá lífeyrissjóðsmálum hlutaðeigandi manna gengið.“ Þarna segir ekkert um það, hver eigi um það að dæma. Í sjálfu frv. er þó að sjálfsögðu út frá því gengið, þar sem rætt er um heimild ráðh. til þess að löggilda þessa sjóði, að það sé ráðh., sem meti það, hvort tryggilega sé gengið frá lífeyrissjóðsmálunum. Mér sýnist, að þetta sé algerlega óákveðið, ef það er ekki kveðið á um það, hvaða aðili það á að vera, sem á mat á því, hvort gengið er tryggilega frá lífeyrissjóðsmálunum. Það getur auðvitað ekki verið meiningin að selja hlutaðeigandi sjóðsstjórn í hverju umdæmi sjálfdæmi um það. Á þetta vildi ég aðeins benda. Ég held, að þetta liggi í augum uppi, að það verður að vera einhver aðili, sem sker úr því og metur það, hvort það er nægilega tryggilega frá lífeyrissjóðsmálunum gengið eða ekki.

En aðalaths. mín lýtur að 2. brtt. Þar er lagt til að breyta um innheimtufyrirkomulag frá því, sem ráð er fyrir gert í þessu frv. Það álít ég sannast að segja mjög varhugavert. Í sambandi við lífeyrissjóð togarasjómanna og farmanna er það sannast sagna, að einir aðalerfiðleikarnir í sambandi við hann hafa verið innheimtuerfiðleikar. Ég geng út frá því, að þeim, sem sömdu þetta frv., hafi verið það ljóst og þeir hafi enn fremur gert sér grein fyrir því, að enn erfiðari yrði innheimtan, þegar þeir aðilar bættust við, sem þetta frv. fjallar um, en þeir eru margir og dreifðir og erfitt að ná til þeirra. Þess vegna hafa þeir auðvitað horfið að því ráði að fela lögskráningarstjórunum innheimtuna og binda lögskráninguna því skilyrði, að staðið hafi verið í skilum með greiðslur iðgjalda. Þetta fyrirkomulag er einfalt og eðlilegt að mínum dómi og í samræmi við það, sem tíðkast að ýmsu öðru leyti um innheimtu gjalda, að það séu lögskráningarstjórarnir, sem annast þessa innheimtu. Það held ég, að sé hið eina skilvirka innheimtufyrirkomulag í þessu efni. En ég held, að það sé mjög varhugavert, og ég vil vara eindregið við því að velja þá leið, sem þarna er stungið upp á í þessari brtt., þar sem gert er ráð fyrir, að sjóðsstjórnin annist innheimtu sjálf, og látum það nú vera. En það er jafnframt sagt, að það skuli ekki skrá á hlutaðeigandi skip, ef krafa kemur fram um það af hálfu sjóðsstjórnar. Með slíku ákvæði er sjóðsstjórn satt að segja sett í alveg óviðunandi aðstöðu og óþægilega, þannig að það er ekki nokkurt vit í slíku að mínum dómi. Þá er það þannig, að þegar á að fara að lögskrá á eitthvert skip, þótt vanskil verði, þá er farið að skírskota til sjóðsstjórnar og óska eftir því, að hún standi nú ekki í vegi fyrir, að skráð verði á þetta skip, mikið liggi við, að það komist út o. s. frv. Ég held, að þetta sem sagt sé mjög vanhugsað og óheppilegt í alla staði. Ég hefði a. m. k. talið ástæðu til, áður en slíkt ákvæði er samþ., að þá hefði verið haft samband við þá menn, sem eiga að sjá um framkvæmd á þessum l., og þá eru það fyrst og fremst starfsmenn Tryggingastofnunar ríkisins, sem hafa með framkvæmdina að gera. Ég verð að segja það, að ég hefði talið fulla ástæðu til að hafa samband við þá og leita eftir áliti þeirra á þessu atriði.

Ég verð nú að segja það, að mér finnst, að það hefði verið mjög eðlilegt og í samræmi við venju, að þetta frv. hefði verið sent til umsagnar sjóðsstjórnar þess lífeyrissjóðs, sem hér á hlut að máli. Þó að þetta frv. byggist á samningi, sem gerður hefur verið, og ekki sé ástæða til þess að ætla, að út af því verði brugðið, þá er þó gert ráð fyrir því að fella þennan sjóð inn í annan sjóð, sem fyrir er, og fela sjóðsstjórn þess heildarsjóðs framkvæmd þessara mála. Það hefði að mínu viti verið eðlilegt, að leitað hefði verið umsagnar þeirrar sjóðsstjórnar um viss framkvæmdaatriði í þessu sambandi, og slíkt hefði verið mjög auðvelt að gera að mínum dómi, þar sem þetta frv. er flutt fyrir löngu og hefur verið hér lengi til meðferðar, og það hefði því engin töf af því stafað, þó að leitað hefði verið álits sjóðsstjórnarinnar um frv. Sannleikurinn er líka sá, að í l. um lífeyrissjóðinn, lífeyrissjóð togaramanna og farmanna, eru viss ákvæði, sem þörf væri á að breyta, og hefði að mínum dómi verið eðlilegt að nota þetta tækifæri einmitt til þess að breyta þeim í leiðinni. En það hefur ekki verið gert. Segja má, að tækifæri verði til þess síðar, en það hefði

að mínum dómi verið eðlilegt að leita eftir því einmitt við sjóðsstjórnina, hvort væru ekki einhver önnur ákvæði í sambandi við þetta mál, sem óskað væri þar breytinga á.

Enn fremur og að lokum vil ég aðeins minnast á skipun stjórnarinnar. Ef þetta frv. verður samþ. óbreytt, þá leiðir af því, að það er felldur niður einn aðili, sem hefur nú rétt til að skipa í stjórn þessa sjóðs. Ég hygg, að það sé heldur óvenjulegt og óeðlilegt að fara þannig að, þegar áður var búið að viðurkenna þann aðila þannig, að hann hefði tilnefningarrétt, og staða hans í sambandi við þennan sjóð hefur ekki á neinn hátt breytzt, að fara að svipta hann þessum rétti. Mér sýnist, að það hefði nú verið auðvelt að finna leið í þessu efni, annaðhvort þá, að Vinnuveitendasambandið og Vinnumálasamband samvinnufélaganna kæmu sér saman um tilnefningu manns eða tilnefndu mann fyrir sitt hvert tímabilið, eða þá, ef slíkt þætti ekki fært, að horfið væri þá að því ráði að fjölga um tvo í þessari stjórnarnefnd. Það getur auðvitað ekki skipt neinu meginmáli, hvort n. er skipuð 7 mönnum eða 9. Ég held, að það væri æskilegt, að um mál sem þetta væri samkomulag, og ég dreg í efa, að það sé að vilja sjómannasamtakanna, að einn aðili, sem hefur haft þennan tilnefningarrétt og haft mann í stjórninni, sé sviptur þessum rétti í sambandi við þetta mál. Ég dreg það alveg í efa. Og a. m. k. hefði verið full ástæða til þess að leita þá eftir skýrri umsögn þeirra samtaka, sem að þessum sjóði hafa staðið. Á þetta vildi ég nú aðeins benda. En umfram allt vil ég leggja áherzlu á það, að ég tel 2. brtt. á þskj. 539 sérstaklega varhugaverða, og ég mun fyrir mitt leyti greiða atkv. gegn henni. Ég vil sérstaklega mælast til þess, að n. taki þetta til frekari athugunar, að hún hafi samráð og kalli til viðtals við sig þá menn í Tryggingastofnun ríkisins, sem hafa með innheimtu að gera fyrir þennan sjóð, og leiti eftir áliti þeirra á því, hvor innheimtuleiðin muni verða heppilegri. Ég skil satt að segja ekki almennilega þau rök, sem hér voru flutt fram, að þetta væri gert samkv. beiðni fjmrh. eða fjmrn. Ég get ekki beint skilið það, hvað það getur haft á móti því, að lögskráningarstjórarnir annist þessa innheimtu. Með því úrræði, sem þarna er lögboðið, á það að vera þeim mjög auðvelt, þ. e. a. s. þeir lögskrái alls ekki, ef vanskil verða. Og í þessu efni þýðir ekkert annað en hafa þvílíka skýra og ótvíræða reglu. Annars verður þetta ákaflega erfitt í framkvæmd að mínum dómi.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af þeim aths., sem hv. 1. þm. Norðurl. v. gerði hér.

Í fyrsta lagi var það við þá brtt., sem n. flutti um skyldu ráðh. til þess að löggilda þá sjóði, sem samkomulag yrði um milli aðila á viðkomandi stöðum. Hugsun n. var sú, þó að það sé ekki beint tekið fram, að það yrði ráðh., sem mæti það, hvort forsvaranlega væri frá lífeyrissjóðsmálunum gengið, og n. taldi ekki nauðsyn bera til, að það yrði skýrt tekið fram. Hins vegar mundi ég ekki fyrir mitt leyti í sjálfu sér hafa neitt við það að athuga, þó að það væri skýrt tekið fram, en n. taldi, að þannig hlyti þetta að verða skilið.

Varðandi brtt. n. um það að fella niður skyldu löggskráningarstjóra til þess að innheimta iðgjöldin, þá vil ég leyfa mér að lesa hér upp – með leyfi hæstv. forseta – kafla úr bréfi frá fjmrn., sem n. barst um þetta, en á grundvelli þess taldi hún ekki annað fært en að koma til móts við óskir fjmrn. í þessu efni. Þetta hljóðar þannig:

„Hv. fjhn. Ed. Alþ. hefur nú til meðferðar frv. til l. um breyt. á l. um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum. Frv. þetta er stjfrv., en við skoðun þess í þessu rn. hafa rn. yfirsézt ákvæði, sem það telur nauðsynlegt að taka til athugunar og endurskoðunar. Hér er um að ræða ákvæði í 5. mgr. 6. gr. frv., þar sem skráningarstjóri er gerður að innheimtumanni fyrir lífeyrissjóðinn. Þetta er breyting á fyrirkomulagi, sem er stefnubreyting frá því, sem verið hefur, og er varhugavert að því leyti, að nú eru í uppsiglingu mjög margir lífeyrissjóðir, sem eflaust mundu vilja njóta þeirrar fyrirgreiðslu að fá opinberan aðila sem innheimtumann fyrir sjóðinn. Skráning skipverja á skip hefur verið mjög umfangslítið starf, en með því að blanda þeirri starfsemi saman við innheimtu til þessa lífeyrissjóðs, yrði um að ræða mjög brotamikið kerfi, sem engin leið er að sjá fyrir endann á."

Þetta eru þau rök, sem fjmrn. hefur fært fyrir því, að ekki sé fært að taka upp þá skipan, sem frv. upphaflega gerði ráð fyrir. Og n. treysti sér ekki til þess að ganga á móti þessu.

Varðandi það atriði, að rétt hefði verið að vísa þessu frv. til umsagnar stjórnar núverandi lífeyrissjóðs, þá er það auðvitað alltaf álitamál, hverjir eigi að fella umsögn um þau frv., sem fyrir liggja. Það kom engin till. fram um það í d., og á það má benda í þessu sambandi, að sjóðsstjórninni hefur verið kunnugt um það, að þetta frv. hefur um nokkurt skeið legið fyrir Alþ., þannig að lægi henni eitthvað sérstakt á hjarta í sambandi við frv., sem hún óskaði eftir að koma á framfæri við n. eða Alþ., þá hefði það auðvitað verið hægt. En þetta verður auðvitað alltaf álitamál.

Varðandi það atriði, sem ég drap að vísu á í framsöguræðu minni og hv. 1. þm. Norðurl. v. gerði aths. við, en það var um stjórn lífeyrissjóðsins, þá kemur það fram í grg. fyrir frv., að um þetta atriði var ágreiningur í þeirri n., sem undirbjó það, og enn fremur kemur það fram, að till. hafði komið um það í þessari n., að sá háttur yrði framvegis hafður á, sem verið hefur, að Vinnuveitendasambandið og Vinnumálasambandið tilnefndu mann sameiginlega. En það kemur einnig fram í grg. og á því fékk ég staðfestingu hjá Vinnuveitendasambandinu, að báðir aðilar lögðust gegn þeirri skipan, enda augljósir gallar á því, að tveir aðilar tilnefni þannig sameiginlega. Hitt hefði líka auðvitað getað komið til greina að fjölga í stjórninni, en stjórnarmeðlimir eru nú þegar 7, og okkur þótti það nokkuð viðamikið að setja þarna á laggirnar 9 manna stjórn. Hins vegar held ég, að mér sé óhætt að fullyrða það, að enginn nm. hefur haft neinn áhuga á því að útiloka þarna Vinnumálasambandið. En ef gera hefði átt upp á milli þessara tveggja aðila, Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambandsins, þá mun Vinnuveitendasambandið vera þarna stærri aðili, og n., sem undirbjó frv., hefur a. m. k. litið þannig á eða meiri hl. hennar, að eðlilegra væri þá, að Vinnuveitendasambandið hefði sinn aðila.

Annars eru þetta, sem ég sagði um stjórnina, aðeins mínar eigin hugleiðingar. Ég tók fram í framsöguræðunni, að þetta hefði verið rætt í n., en hún hefði ekki komizt að neinni sameiginlegri niðurstöðu um breytingu á þessu, en hins vegar hafa einstakir nm. rétt til þess að flytja og fylgja brtt. bæði um þetta atriði og önnur.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Það er fyrst og fremst vegna fyrri brtt. á þskj. 539 frá hv. fjhn., sem ég kveð mér hér hljóðs í sambandi við umr. um lífeyrissjóðsmálin almennt, sem átt hafa sér stað að undanförnu, svo og þetta frv. sérstaklega. Eftir að það kom fram, þá hefur komið upp skoðanaágreiningur meðal manna um það, hvernig þessum málum ætti að skipa, og þá fyrst og fremst um það, hvort þau eigi að miða við að notfæra sér sjóði fyrir tiltekna stétt manna, sem séu þá sjóðir, sem taki til alls landsins, þ. e. allir einstaklingar í sömu atvinnustétt séu þá í þessum sjóði, sem sé eins konar landssjóður, eða hvort það eigi að byggja upp að hinu leytinu sjóði, sem bundnir séu við byggðarlögin, þar sem allar stéttir manna í viðkomandi byggðarlagi séu saman í sjóði. Þetta eru náttúrlega tvær ólíkar stefnur, og persónulega hallast ég fremur að því að hafa þetta landsskipulag á, að sama stétt manna um allt land væri þá í sama sjóði, er síðar komist svo langt, að það verði einn lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn. En hvað sem um það má segja, hvort heldur menn aðhyllast þetta landsskipulag fyrir hverja stétt út af fyrir sig eða byggðarlagasjóði, þar sem margar stéttir eigi saman aðild að lífeyrissjóði, þá finnst mér, að lakast af þessu öllu sé, þegar verið er að blanda þessum tveimur kerfum saman, og það er einmitt gert hér í þessu frv., að vísu að takmörkuðu leyti, því að í niðurlagi 2. mgr. 2. gr. frv., þar sem fjallað er um bátasjómenn, segir, að ráðh. sé heimilt að ákveða, að sjómenn, sem þessi mgr. tekur til og lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum, skuli vera utan við sjóðinn, enda komi fram um það eindregnar óskir frá félögum sjómanna og útvegsmanna á þessum stöðum og forsvaranlega sé frá lífeyrissjóðsmálum hlutaðeigandi manna gengið að dómi ráðh., segir í frv. – Ég er andvígur þessu ákvæði frv. og hefði helzt viljað fella það út. En þarna má þó segja, að ráðh. sé heimilt að víkja frá því, að allir sjómenn séu í þessum landssjóði, og ráðh. sé heimilt að stíga þetta víxlspor, en hann geti líka látið þetta ógert. En í brtt. n. er gengið það lengra að minni hyggju, að ráðh. er skyldaður til að stíga þetta víxlspor, ef tiltekin skilyrði eru fyrir hendi, og það finnst mér stefna í öfuga átt, og þess vegna mun ég greiða atkv. á móti þessari brtt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 539,1 samþ. með 14:1 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
3.–5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 539,2 samþ. með 13:2 atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
7.–13. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 560).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 72. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 75. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það um lífeyrissjóð togarasjómanna, sem hér liggur fyrir, er til komið vegna samninga, sem gerðir voru um aðild bátasjómanna að lífeyrissjóði í sambandi við samkomulag útvegsmanna og bátasjómanna í kjaradeilu þessara aðila nú á s. l. vetri. Hér er því um staðfestingu á þessu kjarasamkomulagi að ræða, sem ríkisstj. hefur talið sér skylt að beita sér fyrir, enda hlutaðist hún til um það í framhaldi af þessu samkomulagi, að n. yrði skipuð til að undirbúa málið, og er frv. óbreytt, eins og það kom frá þessari n. Svo sem gerð er grein fyrir í grg. frv. voru nokkur ágreiningsatriði í sambandi við þetta mál. Í fyrsta lagi það, hvort rétt væri að bátasjómenn fengju aðild að lífeyrissjóði togarasjómanna. Niðurstaðan varð sú hjá sjómannasamtökunum, að það væri rétt að hafa þessa tilhögun á, og byggist frv. á því. Í öðru lagi komu fram óskir um, að heimilt yrði að stofna sérsjóði, en frv. byggist á því, að allir sjómenn verði aðilar að þessum eina sjóði, lífeyrissjóði togarasjómanna. Þetta stafaði m. a. af því, að á einstaka stöðum, og mun það fyrst og fremst hafa verið í Vestmannaeyjum, var það komið langleiðis að byggja upp sjóði með nokkuð víðtækara hætti, þ. e. a. s. sem bæði útvegsmenn og sjómenn voru aðilar að. Vestmanneyingar hafa lagt á það mikið kapp, að það yrði veittur réttur til þess að hafa sérsjóði starfandi í einstökum byggðarlögum.

Þegar n. gekk frá frv. til ríkisstj. þá varð hins vegar niðurstaðan sú að taka ekki tillit til þessara óska, heldur halda fast við það, að það yrði einn sjóður, sem allir sjómenn yrðu aðilar að.

Í Ed. var hins vegar gerð breyt. á frv., einmitt í sambandi við þetta atriði, á þann veg, að samþ. var, að ráðh. skyldi ákveða þá, að þeir sjómenn, sem lögskráðir væru í tilteknu byggðarlagi eða landshluta, geti verið utan við sjóðinn, ef fram koma um það óskir frá félögum sjómanna og útvegsmanna á þessum stöðum, enda sé þá forsvaranlega frá lífeyrismálum hlutaðeigandi manna gengið, eins og það er orðað í brtt., sem samþ. var. Með þessari breyt. er opnuð leið til þess, að það sé heimilt í þessum einstöku byggðarlögum að hafa sérsjóði. Ég sá ekki ástæðu til þess að hafa á móti því, að þessi breyt. yrði gerð, enda stóð öll n. að henni, og með hliðsjón af þeim gögnum, sem til n. komu, og óskum jafnvel úr fleiri landshlutum, að þetta yrði haft opið, þá þótti rétt að gera þessa breyt. En mér þykir skylt að gera hv. Nd. grein fyrir því, að þessi breyt. var einmitt gerð á frv. í Ed. frá því, að það var lagt fyrir þá d.

Í annan stað var gerð breyt. á 6. gr. Þar var upphaflega lagt til, að ekki mætti lögskrá á skip, nema því aðeins að iðgjöld til þessa sjóðs væru greidd. Við nánari athugun kom í ljós, að þetta var raunar ekki framkvæmanlegt og gat leitt til stórfelldra vandræða, ef skipaskráningarstjóri á hverjum stað ætti að fara að kynna sér það, áður en hann skráir á skip, hvort búið væri að greiða þessi iðgjöld. Það gerist oft með mikilli skyndingu að skráð er á skip, og gæti slíkt valdið miklum erfiðleikum. Það er útilokað að leggja þessa kvöð á skráningarstjóra. Þess vegna var sú breyt. gerð í Ed. á þessu ákvæði, að heimilt er að stöðva skráningu á skip, eins og lagt er til í gr., en þó því aðeins, að krafa komi fram um það frá lífeyrissjóði, að ekki mætti skrá á skipið vegna vanskila. Þetta er í samræmi við það, sem eðlilegt verður að teljast í þessu sambandi, að sjóðurinn hafi gert um þetta kröfu til skráningarstjóra. Þá er auðvitað sjálfsagt að verða við þeirri ósk, svo sem er um innheimtu opinberra gjalda og um aðrar sambærilegar kröfur, þegar þær eru fram bornar, og sýnist mér, að það sé vel hægt að framkvæma gr., án þess að þessi breyt. valdi vandræðum.

Þetta eru þær tvær breyt., sem í frv. voru gerðar í hv. Ed.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að rekja í einstökum atriðum efni frv. Það er, eins og ég gat um, til komið vegna samkomulags í sambandi við kjarasamninga, og kom ekki fram í Ed. nein gagnrýni á þau atriði, nema af eðlilegum ástæðum það, sem ég gat um áðan, vegna þess að um það varð ágreiningur, og ég hygg því, að vel megi standa að frv. með þeim hætti, sem það nú liggur fyrir.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjhn. með 27 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 560, n. 722, 715).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. – Afbrigði leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft frv. þetta til athugunar. Leggur n. til, að frv. verði samþ. og á því gerð ein breyt., og flytur n. á þskj. 715 brtt. þar að lútandi. Í frv. þessu er gert ráð fyrir, að sjóðfélagar í lífeyrissjóði togarasjómanna og undirmanna á farskipum öðlist rétt til lögveða, en í Ed. var sú breyt. gerð á frv. frá þeirri upprunalegu mynd, sem það var flutt í, að heimilt er, að þeir aðilar, sem rétt eiga á að vera í lífeyrissjóði samkvæmt frv. þessu, verði í öðrum svæðisbundnum lífeyrissjóðum. Þykir því eðlilegt, að þeir lífeyrisþegar, sem geta gerzt aðilar að lífeyrissjóði togarasjómanna og undirmanna á farskipum, en kjósa einhverra ástæðna vegna og fá til þess heimild að vera í öðrum lífeyrissjóðum, njóti sömu réttinda, hvað snertir innheimtu á iðgjöldum þeirra til viðkomandi lífeyrissjóðs. Þess vegna leggur fjhn. til, að við 2. gr., á eftir 2. málsgr., komi: Um slíka sjóði (þ. e. a. s. þá sérsjóði, sem sjómenn hafa heimild til að vera í) skulu gilda öll ákvæði þessara l., sem við geta átt og varða skyldur launagreiðenda til að halda eftir af launum vegna iðgjaldagreiðslu og um innheimturétt, lögveð í skipum svo og önnur atriði, sem tryggja rétt lífeyrissjóðs samkvæmt þessum lögum.

Með þessari breyt. leggur fjhn. Nd. til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 715 samþ. með 31 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
3.–13. gr. og ákv. til brb. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 749).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 82. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 84. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. – Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er hingað komið aftur vegna breyt., sem á því var gerð í hv. Nd., og þykir mér rétt að gera grein fyrir þessari breyt., til þess að hv. þdm. sé ljóst, hvað hér er um að ræða.

Eins og menn muna, þá var sú breyt. gerð á frv. hér í þessari hv. d., að sjómönnum var heimilað að gerast aðilar að öðrum sjóðum en hinum ákveðna lífeyrissjóði, sem frv. fjallaði um, en þar var gert ráð fyrir, að þeir væru allir í einum sjóði. En eftir breyt. hér í hv. d., þá mundu sérsjóðir undir vissum kringumstæðum vera heimilir, eða þá, að þeir sjómenn gætu gerzt aðilar að öðrum sjóðum.

Í frv., eins og það var lagt fyrir Alþ., var svo ákveðið, að það skyldi vera lögveð í skipum vegna iðgjaldagreiðslu í sambandi við greiðslur til hins sameiginlega sjóðs, sem þar var gert ráð fyrir, en eftir að sú breyt. var gerð á frv. hér í Ed., að sjómönnum er heimilað að vera í öðrum sjóðum, þá mundi þessi lögveðsréttur ekki gilda varðandi þá sjómenn, og það er sú breyt., sem gerð hefur verið í hv. Nd., og er nánast eingöngu formsatriði, að það sé tryggt, að þessi lögveðsréttur gildi einnig fyrir þá sjómenn, eða iðgjöld þeirra, sem gerast aðilar að öðrum sjóðum. Ég geri því ekki ráð fyrir, að það brjóti neitt í bága við þá hugsun, sem var að baki þeim breyt., sem á frv. voru gerðar hér í hv. d., en taldi rétt, að þetta kæmi fram til skýringar á því, hvað hér væri um að ræða.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 771).

35. Útflutningslánasjóður.

Á 66. fundi í Ed., 7. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um útflutningslánasjóð [202. mál] (stjfrv., A. 493).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ein *meginhagsbótin, sem Íslendingar munu væntanlega* hafa af aðild að Fríverzlunarsamtökum Evrópu, EFTA, er fólgin í því, að það á að vera auðveldara en ella að koma á fót á Íslandi nýjum útflutningsatvinnuvegum, sem hagnýtt gætu sér hinn tollfrjálsa markað, sem við nú þegar höfum fengið aðgang að í EFTA-löndunum. En telja má, að erfiðleikar séu á því, að koma íslenzkum iðnaðarútflutningsvörum á erlendan markað, ef flytja þarf út yfir tollmúra. En flest þau lönd, sem hugsanlegt er, að við gætum flutt iðnaðarvörur til án þess að eiga aðgang að tollfrjálsum markaði, hafa þess konar tolla á iðnaðarvörum, að a. m. k. erfiðleikar væru á útflutningi þangað, þó að ég vilji ekki segja, að það væri ókleift í einstökum greinum, þar sem Íslendingar hafa sérstaklega góða aðstöðu til framleiðslu iðnaðarvöru. En hitt ætti að vera alveg óumdeilt, að ef við njótum tollfrelsis á tilteknum markaði fyrir íslenzkar iðnaðarvörur, þá er útflutningur þangað auðveldari en ella. Og með aðild Íslands að EFTA hafa Íslendingar einmitt fengið tollfrjálsan aðgang að um 100 millj. manna markaði, og skapar þetta vonandi skilyrði til aukins útflutnings þangað af hálfu ýmissa iðngreina, sem nú eru stundaðar í landinu, og þá ekki síður von um, að hægt yrði að koma hér á fót nýjum greinum útflutningsiðnaðar, sem hagnýttu sér þennan nýja tollfrjálsa markað.

Aðstaða Íslendinga til útflutnings iðnaðarvöru á alla aðra markaði er í sjálfu sér nákvæmlega hin sama, hvort sem við erum aðilar að EFTA eða stæðum utan EFTA. Hið sama á að sjálfsögðu við um þann útflutning, sem nú er fyrst og fremst stundaður á Íslandi, þ. e. a. s. útflutning sjávarvöru. Aðstaða okkar á öllum öðrum mörkuðum en EFTA-markaðinum er hin sama, hvort sem við erum meðlimir í EFTA eða stöndum utan EFTA, en EFTA-aðildin hefur einnig bætt aðstöðu íslenzks sjávarútvegs á EFTA-markaðinum að ýmsu og mjög verulegu leyti.

Uppbygging íslenzks útflutningsiðnaðar kallar á lausn ýmissa vandamála hér innanlands. Ég skal ekki gera þau almennt að umtalsefni í þessu sambandi, enda ekki nein ástæða til þess. Hins vegar er þetta frv. flutt til þess að stuðla að lausn alveg tiltekins vandamáls í þessu sambandi. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að útflutningur ýmiss konar framleiðslu, sem flokkast undir fjárfestingarvöru, er þess eðlis, að framleiðendur vörunnar í heimalandinu hafa selt vöruna með þeim hætti að veita greiðslufrest. Íslendingar, sem keypt hafa ýmsa fjárfestingarvöru, svo sem báta og skip frá öðrum löndum, hafa í ríkum mæli notið góðs af þessum útflutningsháttum, þ. e. a. s. þeir hafa átt kost á ríflegum greiðslufresti á þessum vörum í þeim löndum, sem þeir hafa keypt t. d. báta sína og skip frá. Og þetta á ekki aðeins við um báta og skip, þó að þar sé um að ræða kunnasta dæmið fyrir atvinnuvegi okkar Íslendinga. Þetta á einnig við um t. d. vélar hvers konar og fjárfestingarvörur yfirleitt.

Það gefur því auga leið, að ef hér á að koma á fót útflutningsiðnaði til framleiðslu á fjárfestingarvörum, þá verður sá útflutningsiðnaður að geta gefið væntanlegum kaupendum sínum í öðrum löndum kost á hliðstæðum greiðslukjörum, þ. e. a. s. hliðstæðum greiðslufresti og vaxtakjörum, og framleiðendur sams konar fjárfestingarvara í öðrum löndum bjóða sínum viðskiptamönnum. En hér er um að ræða svo stórt vandamál, að það mundi verða ofviða íslenzka bankakerfinu án sérstakra ráðstafana að gera framleiðendur íslenzkrar fjárfestingarvöru, sem ætla að flytja út, t. d. til EFTA-landanna eða raunar hvert sem er, kleift að bjóða sams konar kjör og nú eru í boði af hálfu framleiðenda sams konar vörutegunda í öðrum löndum. Þess vegna hefur verið talin nauðsyn á að gera sérstakar ráðstafanir í þessu sambandi.

Hér hefur verið talið rétt að fylgja fordæmi nágrannaþjóða um þetta efni, sem er í því fólgið að koma hér á fót útflutningslánasjóði, sem skuli hafa það hlutverk að veita lán vegna útflutnings meiri háttar véla og tækja, t. d. skipa og annarrar fjárfestingarvöru, sem framleidd er innanlands, en jafnframt að veita svonefnd samkeppnislán, en með samkeppnislánum er átt við lán til innlendra aðila til að kaupa vélar og tæki, þar með talin skip, sem framleidd eru innanlands, gegn bankaábyrgð eða annarri fullgildri ábyrgð. En þar er um að ræða alveg hliðstætt vandamál því, sem ég lýsti áðan. Ef innlendar skipasmíðastöðvar t. d. eða innlendir framleiðendur fjárfestingarvöru eiga að vera samkeppnisfærir við erlenda aðila í þessum efnum á innlenda markaðinum, þá þarf að vera hægt að bjóða þeim úr innlendum sjóðum sams konar fyrirgreiðslu hjá innlendu framleiðendunum, þ. á m. skipasmíðastöðvunum, og innlendir kaupendur þessara vörutegunda eiga kost á hjá erlendum framleiðendum þeirra. Vandinn er því í raun og veru tvíþættur, þ. e. a. s. annars vegar að gera íslenzkum útflutningsfyrirtækjum kleift að veita erlendum kaupendum hliðstæða fyrirgreiðslu og þeir eiga kost á hjá erlendum framleiðendum, og svo hins vegar að gera innlendum framleiðendum, sem framleiða fyrir innlendan markað, kleift að gefa innlendum kaupendum kost á sams konar hlunnindum í sambandi við greiðsluskilmála og vexti og þeir eiga kost á hjá erlendum seljendum.

Þetta er leiðin, sem farin hefur verið í nálægum löndum, og þetta frv., sem hér er nú til 1. umr., gerir ráð fyrir því, að hliðstæð leið verði farin hér til þess að vinna bug á þeim vanda, sem augljóslega fylgir aukinni samkeppni. Annars vegar er stuðlað að bættum skilyrðum innlendra framleiðenda á innlenda markaðinum í samkeppni við erlenda framleiðendur og hins vegar bættum skilyrðum innlendra framleiðenda til þess að keppa við erlenda framleiðendur á erlendum mörkuðum.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að stofnaðilar sjóðsins skuli vera Seðlabanki Íslands, Landsbanki Íslands og iðnlánasjóður og stofnfé sjóðsins skuli vera 150 millj.

kr. Hver um sig af þessum þremur banka- eða lánastofnunum leggur 50 millj. kr. til sjóðsins. En þess má geta, að fyrir fáeinum dögum tók stjórn norræna iðnþróunarsjóðsins ákvörðun um, að af fé iðnþróunarsjóðsins skuli ganga 50 millj. kr. til iðnlánasjóðs í því skyni að gera honum kleift að leggja fram stofnfé sitt til þessa fyrirtækis, þannig að sú kvöð, sem hér er lögð á iðnlánasjóð um að leggja fram 50 millj. kr., mun í engu rýra aðstöðu iðnlánasjóðsins til þess að sinna þörfum iðnaðarins hér innanlands. En Seðlabankinn og Landsbanki Íslands munu geta lagt fram sínar 50 millj. kr. hvor, án þess að þær stofnanir þurfi í nokkru að draga úr sínu þjónustuhlutverki við íslenzkt atvinnulíf vegna þeirrar kvaðar, sem í þessum l. er og á þessar stóru bankastofnanir er lögð. Það er gert ráð fyrir því, að aðrir viðskiptabankar geti orðið aðilar að sjóðnum, og þá fari um fjárframlag þeirra, ábyrgð og aðild að stjórn sjóðsins eftir því, sem um semst á milli þeirra og sjóðsstjórnarinnar. Þá er gert ráð fyrir því, að sjóðnum sé heimilt að afla sér fjár til starfsemi sinnar með lántökum hjá innlendum bönkum og sjóðum til viðbótar stofnfénu. Honum er einnig heimilt að taka lán erlendis.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fela Landsbanka Íslands eða annarri lánastofnun, og skal Landsbanki Íslands eða sú stofnun, sem stjórn sjóðsins ákveður að fela stjórnina og afgreiðsluna, annast afgreiðslu lána og innheimtu þeirra. En lausafé sjóðsins skal geymast á reikningi í Seðlabanka Íslands.

Þetta eru meginatriði þess frv., sem hér er um að ræða. Samtímis þessu frv. er lagt fram frv. til l. um tryggingadeild útflutningslána við ríkisábyrgðasjóð, og mun hæstv. fjmrh. mæla fyrir því hér á eftir, enda heyrir framkvæmd þess máls undir fjmrn. með sama hætti og framkvæmd þessa máls heyrir undir viðskmrn., sem fer með bankamál.

Herra forseti. Ég vona, að með þessum fáu orðum hafi mér tekizt að skýra meginatriði þess máls, sem hér er um að ræða. Hér er um að ræða mjög mikilvægt mál fyrir framtíð íslenzks iðnaðar, bæði að því er snertir möguleika hans á innlendum markaði og einnig skilyrði hans til heilbrigðrar samkeppni, til góðrar samkeppni við erlenda aðila á erlendum mörkuðum. Ég vona, að allir hv. þm., hvaða afstöðu sem þeir annars kunna að hafa haft til aðildar að EFTA í sjálfu sér, geti orðið sammála um, að fyrst aðild að EFTA er orðin staðreynd í íslenzku atvinnulífi, í íslenzkum þjóðmálum, þá sé nauðsynlegt að gera sem fyrst og með sem skynsamlegustum hætti þær ráðstafanir, sem eðlilegar og nauðsynlegar eru til þess að gera íslenzkum atvinnuvegum og þá sérstaklega íslenzkum iðnaði kleift að hagnýta sér þá möguleika, sem aðild að EFTA hlýtur að skapa. Þess vegna vildi ég mega vænta þess, hvað sem líður öllum liðnum ágreiningi um aðild að EFTA, að hv. þm. geti sameinazt um, að mál eins og þetta og fleiri slík, sem munu verða lögð fyrir þetta Alþ. og hið næsta, séu í sjálfu sér nauðsynlegur stuðningur við íslenzka atvinnuvegi og þau hljóti því almennan stuðning hér á hinu háa Alþ.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að óska þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil aðeins lýsa yfir fylgi mínu við þá meginstefnu, sem fram kemur í þessu frv., og Framsfl. mun fyrir sitt leyti stuðla að því, að þetta mál fái greiða afgreiðslu.

Það liggur í augum uppi, að ef það gagn á að verða að EFTA-aðild, sem margir gera sér vonir um, þá er óhjákvæmilegt að gera margvíslegar ráðstafanir. Einn þáttur í þeim ráðstöfunum er einmitt stofnun útflutningslánasjóðs. Það hefði raunar þurft að koma slíkri stofnun á fót alveg án tillits til EFTA-aðildar, og reyndar hefði fyrir löngu átt að vera búið að stofna til sjóðs, sem bætti samkeppnisaðstöðu innlends iðnaðar við innfluttar vörur, svo sem gert er ráð fyrir í þessu frv., því að það er auðsætt mál, að hann hefur að ýmsu leyti búið við ójafna samkeppnisaðstöðu, þegar erlendir aðilar hafa getað boðið svo og svo langan gjaldfrest vegna tækja, sem keypt hafa verið inn erlendis frá. En hliðstæðir innlendir framleiðendur hafa hins vegar ekki hingað til átt kost á þvílíkum lánum. En það er auðvitað augljóst mál, að EFTA-aðildin knýr á í þessu efni, og ég tek algerlega undir þau orð hæstv. viðskmrh., að hvaða afstöðu svo sem menn hafa haft til EFTA-málsins á sinni tíð, þá hlýtur það að vera nú mark og mið allra, þegar þeir standa andspænis þeirri staðreynd, að Ísland er orðið aðili að EFTA, að þátttakan megi verða íslenzku atvinnulífi að sem mestu gagni. Og þess vegna er auðvitað sjálfsagt að stuðla að þeim ráðstöfunum, sem nauðsynlegt er að gera í því skyni. Við framsóknarmenn bentum á það í sambandi við spurninguna um EFTA-aðildina og höfum margsinnis bent á síðan og reyndar áður ýmsar ráðstafanir, sem við hefðum talið, að nauðsynlegt væri að gera. Við höfum átt og munum sjálfsagt eiga frumkvæðið að þeim ýmsum, en að sjálfsögðu munum við fylgja þeim ráðstöfunum, sem koma frá öðrum og ganga í sömu átt og við höfum hugsað okkur, að nauðsynlegt væri.

Þetta vildi ég aðeins leyfa mér að segja strax á þessu stigi um þetta frv. í heild. Það er hins vegar spurning, sem getur komið til álita, hvort það er nógu langt gengið í þessu frv. Það er óneitanlega talsverð takmörkun, sem felst í 2. gr. frv., ef hún er bókstaflega skilin, þar sem þar er aðeins um að ræða að veita lán vegna útflutnings meiri háttar véla, tækja og þ. á m. skipa og annarra fjárfestingarvara. Ég skil það svo, að þetta „meiri háttar" eigi við þetta allt. Það getur máske verið eðlileg takmörkun, en þó sýnist mér, að það geti verið álitamál, hvað sé meiri háttar, og það geti verið svo, að það geti verið réttmætt að fara inn á ýmsar brautir í þessu efni, og að það sé engan veginn útilokað, að hér geti komið til greina líka ýmiss konar smávarningur, sem Íslendingar af einhverjum ástæðum gætu hugsanlega orðið samkeppnisfærir um með þvílíkri fyrirgreiðslu sem þessari. Á það bendi ég aðeins.

Það er nú sjálfsagt form, sem ekki skiptir máli, að þarna er aðeins talað um heimild, að heimilt sé að stofna þennan sjóð. En það liggur að sjálfsögðu fyrir og þarf sjálfsagt ekki að draga það í efa, að það er meiningin að gera þetta, og þess vegna er nú þetta aðeins orðalag.

Það er gert þarna ráð fyrir tilteknum stofnaðilum. Maður gæti spurt í því sambandi, hvers vegna t. d. Útvegsbankinn er ekki þarna með, en mér skilst, að

hann hafi verið nokkur viðskiptabanki iðnaðar, og reyndar býst ég við, að því sé þannig háttað um aðra banka. Auðvitað má fljótt á litið segja, að í þessu felist frekar kvöð fyrir lánastofnanirnar, sem þær kannske vilji vera undanþegnar. Og auðvitað er það svo. Þó er það nú þannig, að ég býst við, að hugsanlegt sé, að viðskipti geti skapazt í sambandi við svona mál og það sé ekki óeðlilegt, að þeir, sem hafa með að gera sem viðskiptaaðila þau fyrirtæki, sem leita á þessar slóðir, vilji hafa þarna einhverja aðild að. Ég bendi aðeins á þetta. Þetta hefur trúlega verið athugað og þetta þá sennilega af því sprottið, að það hafi ekki aðrir aðilar viljað vera með í þessu en þeir, sem taldir eru. En það væri fróðlegt að fá það upplýst. Þarna er gert ráð fyrir allháu framlagi allra þessara aðila, en mér sýnist ekkert því til fyrirstöðu, að það geti verið fleiri stofnaðilar og reyndar tekið þátt í þessu síðar, þó að framlag þeirra sé ekki nákvæmlega þetta, sem þarna er tilskilið. Ég sé ekki, að það ætti að vera neitt því til fyrirstöðu, að framlag aðila að þessum sjóði væri mismunandi eftir getu hvers og eins.

Þá bendi ég aðeins á það, að í 4. gr. frv. segir aðeins, að um stjórn sjóðsins og rekstur fari eftir stofnsamningi. Það er sem sagt ekkert í þessu um stjórn sjóðsins. Þetta er nú heldur fátæklegt, þó að segja megi, að það sé eðlilegt, að þessir stofnaðilar eigi þarna aðild að, og vafalaust er gert ráð fyrir því að endurtaka þau ákvæði í reglugerð, og sennilega liggur það fyrir, eða mér þykir það líklegt, hvernig menn hugsa sér stjórn sjóðsins. En það er þó nokkurt atriði að hafa það klárt, m. a. vegna þess, að gert er ráð fyrir því, að aðrir aðilar geti komið til síðar samkv. samningum við stjórn sjóðsins. T. d. verður mér strax spurn um það, hvort stjórn sjóðsins verði eingöngu skipuð frá þessum aðilum eða hvort ríkisvaldið ætti ekki beint að hafa hönd í bagga með þessu. Ég býst við því, að þetta hafi menn gert sér ljóst, og ég hefði talið, að það hefði engu spillt að taka þetta fram í frv., hvernig stjórnin ætti að vera skipuð.

Það er auðséð á þessu frv. eða því fskj., sem með því fylgir, að þetta frv. er í raun og veru samið í Seðlabankanum, þar sem koma fram ýmis atriði í því skjali, sem í frv. eru tekin, og það er raunar nákvæmlega sniðið eftir því, sem frá Seðlabankanum kemur. Ekki hef ég nú á móti Seðlabankanum og þeim ágætu mönnum, sem þar eru, og ekki finnst mér óeðlilegt, að ráða Seðlabankans sé leitað í þessu sambandi, en ég hefði talið eðlilegt, að það hefði verið haft samráð við fleiri aðila. Það má vel vera og ég tel það sennilegt, að það hafi verið gert, en það kemur ekki fram í þessu frv., að ég held, sem ber það með sér, að þetta hafi verið borið undir t. d. iðnlánasjóð eða yfirleitt aðra aðila eða bankana, athugað t. d., hvort fleiri bankar vildu vera með í þessu, eða því um líkt. Mér skilst, að það hefði út af fyrir sig ekki verið óeðlilegt, að fleiri aðilar hefðu verið til kvaddir. Að sjálfsögðu er hægt að ganga úr skugga um þetta atriði, hvað þetta snertir. Það getur sem sagt verið, að einstök atriði í þessu frv. þurfi einhverrar athugunar við, og þá kemur það sjálfsagt til kasta þeirrar n., sem fær frv. til meðferðar, og að sjálfsögðu er sú yfirlýsing, sem ég gaf um fylgi við frv., með þeim fyrirvara, að einstök atriði geta komið til athugunar.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að þakka hv. 1. þm. Norðurl. v., formanni Framsfl., fyrir yfirlýsingu hans um stuðning við frv., að sjálfsögðu að athuguðum ýmsum einstökum atriðum málsins, og almenna yfirlýsingu hans um, að hann og flokkur hans sé reiðubúinn til þess að stuðla að þeim hliðarráðstöfunum, ef ég mætti nota það orð, sem aðild að EFTA gerir nauðsynlegar og æskilegar að athuguðu máli, hver svo sem afstaða manna til aðildarinnar að EFTA kann að hafa verið á sínum tíma. Ég fagna þessari yfirlýsingu og mun gera mitt til þess að stuðla að því, að sem víðtækast samkomulag geti orðið hér á hinu háa Alþ. um þær ráðstafanir, sem grípa þarf til eða talið er, að grípa þurfi til hverju sinni, til þess að Íslendingum hagnýtist þeir nýju möguleikar, sem aðild að EFTA á að skapa þjóðinni í heild til heilla.

Varðandi einstök atriði, sem hv. þm. nefndi, að ekki hafi komið upplýsingar fram um í minni framsöguræðu, t. d. hvernig frv. er til orðið, þá vildi ég láta þess getið, að við samningu þess hefur verið haft fullt samráð við gjaldeyrisbankana og lánastofnanir iðnaðarins, þannig að segja má, að frv. í þeim búningi, sem það er flutt, sé flutt í samráði við gjaldeyrisbankana og lánastofnanir iðnaðarins.

Auðvitað er það rétt, sem hann sagði, að spurning er, hvort fleiri aðilar hefðu ekki átt að eiga aðild að þessum útflutningslánasjóði frá upphafi, en það þótti rétt að miða stofnaðilana við þær bankastofnanir einar, sem vitað var, að vildu eða gátu lagt fram fé í stofnsjóð þessa fyrirtækis. En það hefur einmitt verið gert ráð fyrir því, að aðrir bankar eða lánastofnanir, sem eiga hagsmuna að gæta vegna sinna viðskiptavina, gætu síðar orðið aðilar að sjóðnum, og fari þá um framlagsfé, ábyrgð og aðra stjórn sjóðsins eftir því, sem um semst milli þeirra og sjóðsstjórnarinnar. Auðvitað kemur hér fyrst og fremst til greina, að Útvegsbankinn geti hér orðið aðili að, þar sem hann er gjaldeyrisbanki og hefur auðvitað verulegra hagsmuna að gæta í því sambandi, sem hér er um að ræða.

Þá spurði hv. þm. um, hvers vegna ákvæði frv. um stjórn sjóðsins væru eins og þau eru, en það er gert ráð fyrir því, að þeir þrír aðilar, sem sjóðinn stofna, semji með sér um það, hvernig framkvæmdum í sambandi við málið verði hagað og hvaða einni bankastofnun verði falið að annast framkvæmdirnar, en auðvitað er eðlilegt, að ekki sé komið á fót neinni nýrri stofnun til þess að annast þessa framkvæmd, heldur fela hana einhverri stofnun, sem nú er starfandi, og hefur þar helzt verið talað um Landsbanka Íslands, þótt endanlegar ákvarðanir séu ekki um það teknar.

En það var ekki talið rétt, að ríkið sjálft ætti neina aðild að stjórn þessa útflutningslánasjóðs, enda leggur ríkið ekki fram neitt framlagsfé í þessu sambandi. Féð kemur frá Seðlabankanum, Landsbanka Íslands og iðnlánasjóði með tilstyrk iðnþróunarsjóðs Norðurlanda, og þess vegna taldi ríkið ekki eðlilegt, að það væri að blanda sér frekar í þetta mál, heldur heimilaði að koma slíkum sjóði á stofn, eins og gert er ráð fyrir að gert verði með samþykkt þessa lagafrv. Afskipti ríkisins af þeim málum, sem hér er um að ræða, koma fyrst og fremst fram í veitingu ríkisábyrgða. Á eftir mun fjallað um það efni, og gerð verður nánari grein fyrir því í

sambandi við framsögu fyrir því. Allt nauðsynlegt eftirlit í sambandi við þessi mál verður af hálfu ríkisábyrgðasjóðs, og ríkisstj., gjaldeyrisbankarnir og okkar iðnaður urðu sammála um, að það ríkiseftirlit væri í sjálfu sér algjörlega fullnægjandi og nægilegt.

Af því að hv. þm. gerði aths. um orðalag 2. gr., er það að segja, að ég tel sjálfsagt, að n. taki það til athugunar, og mér er óhætt að lýsa því yfir, að af hálfu stjórnarflokkanna er ekkert því til fyrirstöðu að athuga orðalag þeirrar gr. í einstökum atriðum, ef nánari athugun leiðir í ljós, að þar gæti eitthvað farið betur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 493, n. 596, 597).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft mál þetta til meðferðar, og eins og nál. á þskj. 596 ber með sér, er n. sammála um að mæla með samþykkt frv. með tveimur brtt., sem n. flytur á þskj. 597. En einstakir nm. áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja frekari brtt.

Frv. þetta er liður í því að greiða fyrir aðlögun íslenzks atvinnulífs að EFTA-aðild. Sú ákvörðun Alþ. og ríkisstj., að Ísland skyldi gerast aðili að EFTA frá og með 1. marz s. l., hefur skapað ný viðhorf í efnahagsmálum Íslendinga. Þessi nýju viðhorf eru fólgin í möguleikum, sem ekki voru áður fyrir hendi, en allar gagngerar breytingar hljóta líka að hafa í för með sér ýmsan vanda.

Ég skal ekki eyða tíma hv. þdm. í það að fara mörgum orðum um, hvort EFTA-aðild hafi verið Íslendingum nauðsynleg, enda hefur slík ákvörðun verið tekin og er komin til framkvæmda. En til þess að fyrirbyggja, að rangar ályktanir verði dregnar af því, sem ég mæli fyrir þessu frv., m. a. með tilliti til þess, að ég átti ekki sæti á þingi, þegar málið var til meðferðar og afgr., þá tel ég, að annars hafi ekki verið kostur, nema Íslendingar vilji sætta sig við það, að lífskjör þjóðarinnar dragist í vaxandi mæli aftur úr lífskjörum nágrannaþjóðanna. Þetta stafar af þeirri einföldu ástæðu, að iðnþróun hér á landi getur ekki átt sér stað, nema framleitt sé fyrir stærri markað en heimamarkaðinn. En iðnaðurinn er eina atvinnugreinin hér á landi, sem raunhæft er að gera ráð fyrir, að geti tekið við fólksfjölgun þeirri, sem búast má við á næstu árum og áratugum. Íslenzki markaðurinn er, hvað flesta iðnaðarframleiðslu snertir, of lítill til þess að nútímatækni verði komið við í þeim iðngreinum, sem framleiða eingöngu fyrir hann. Að mínu áliti er það utan við kjarna málsins, þegar sagt er, að við eigum fremur að leggja áherzlu á nýtingu þeirra hráefna, sem fiskveiðarnar láta okkur í té, því að fiskiðnaður er líka iðnaður, sem byggist á útflutningi, og aðild að efnahagsbandalagi eins og EFTA er spor í þá átt að leysa markaðsvandamál fiskiðnaðarins. Því má bæta hér við, að þessi hugmynd, að við eigum að leggja meiri áherzlu á betri nýtingu þeirra hráefna, sem við fáum frá fiskiðnaðinum, er engan veginn ný. Vísir til niðursuðuiðnaðar hafði myndazt hér fyrir stríð, en ein af helztu hindrununum í veginum fyrir þróun slíks iðnaðar hafa einmitt verið örðugleikarnir á því að koma þeim afurðum á markað.

En EFTA-aðild þýðir vitanlega ekki, að steiktar gæsir fljúgi okkur í munn að fyrirhafnarlausu, og þetta frv., þó það e. t. v. geti, a. m. k. ekki að svo stöddu, talizt til stórmála, sýnir okkur þau breyttu viðhorf, sem skapazt hafa, og þann vanda, sem af slíku leiðir. En þau vandamál, sem hér er um að ræða, eru eingöngu fólgin í tvennu. Í fyrsta lagi kostar aðlögun að nýjum aðstæðum fjármagn, og það liggur ekki laust fyrir hér á landi. Í öðru lagi verður öll hagstjórn vandasamari en áður, þar sem efnahagskerfi okkar verður nú í rauninni hluti af stærri heild.

Frv. því, sem hér liggur fyrir, er ætlað að sjá hugsanlegri útflutningsframleiðslu véla og tækja fyrir nauðsynlegum lánum, svo og að veita svonefnd samkeppnislán, eins og þau eru nánar skilgreind í 2. gr. frv., til innlendra aðila, sem kaupa slíkar vélar og tæki, þar með talin skip framleidd innanlands. Ekki skal ég um það segja, hverjir möguleikar eru á slíkum útflutningi, enda fær reynslan ein skorið úr því. Það kunna að vísu einhverjir að segja sem svo, að hér sé um ofureinfaldan hlut að ræða og rétt væri að ganga allmiklu lengra í því að veita slíka fyrirgreiðslu en frv. gerir ráð fyrir. Í því sambandi ber þó að hafa þrennt í huga. Í fyrsta lagi, að óvissa er um það, hve mikilla fjármuna kann að vera þörf í þessu skyni, þannig að hér er nánast um tilraunastarfsemi að ræða. Í öðru lagi hafa þeir aðilar, sem gert er ráð fyrir að leggi fé fram, ekki yfir ótakmörkuðu fjármagni að ráða, þannig að það fé, sem lagt er fram í þessu skyni, sé ekki á kostnað neins annars. Í þriðja lagi verður að horfast í augu við það, að þær fyrirgreiðslur, sem við ákveðum í þessu skyni, verða að vera í samræmi við sams konar fyrirgreiðslu og önnur EFTA-lönd veita í sams konar skyni.

EFTA-samkomulagið felst í því, að aðildarríkin opna tollfrjálsa markaði fyrir öðrum aðildarríkjum. En veiti eitthvert land opinbera styrki og aðrar fyrirgreiðslur til útflutnings eða samkeppni á innlendum markaði umfram það, sem annars staðar er gert, er litið svo á, að rangt sé haft við í spilinu. Einmitt þetta atriði er skýring á því, sem ég sagði í upphafi, þegar ég talaði um, að EFTA-aðild gerði alla hagstjórn hér á landi vandameiri en áður. Samstarfið við aðra byggist á því, að samræmi sé í stærstu dráttum milli þróunar efnahagsmála í hinum einstöku aðildarríkjum, og á þetta sér í lagi við um verðlagsþróunina. Ef meiri verðbólga á sér stað í einu EFTA-landi en öðru, þá hlýtur það að leiða til stóraukins innflutningshalla í gjaldeyrisviðskiptum við útlönd og erfiðleika fyrir innlenda framleiðslu, sem keppir við hinn tollfrjálsa innflutning.

Hafta- og uppbótaleiðin, sem áður var notuð í svo ríkum mæli hér á landi, samrýmist ekki aðildinni að EFTA. Auðvitað voru slíkar ráðstafanir, eins og uppbætur og innflutningshöft, engin lausn á þeim vanda, sem við var að etja, heldur mátti líta á þessar ráðstafanir sem gálgafrest, þannig að raunhæfari lausn málanna var skotið á frest, sem gjarnan var þá keypt því verði, að gera þurfti miklu sársaukafyllri ráðstafanir síðar. En

það vill nú gjarnan vera svo, að stjórnarvöld hljóta að finna til mikillar freistni til þess að skjóta vandamálunum á frest. Þessar leiðir, sem þarna var um að ræða, voru e. t. v. þær sársaukaminnstu í bili, en yfirleitt hefur það nú verið þannig, að flestar hæstv. ríkisstj., sem setið hafa um áratugaskeið hér á landi, hafa ekki átt örugga langa lífdaga, og einmitt undir slíkum kringumstæðum hlýtur freistingin að verða mikil til þess að finna hinar þrautaminnstu leiðir í bili, þótt þær hafi það í för með sér, að eftir að það verður ekki lengur umflúið að gera raunhæfar ráðstafanir, þá verða þær að verða enn þá róttækari og sársaukafyllri en ella.

Af EFTA-aðildinni leiðir annars vegar, að eftirleiðis verður að horfast í augu við vandann, þegar hann er skapaður, og gera þegar í stað raunhæfar ráðstafanir til úrbóta, en á hinn bóginn leiðir EFTA-aðildin, þegar frá líður, auðvitað til jöfnunar launakjara og annarra lífskjara í hinum ýmsu aðildarríkjum. Í því efni hafa þeir verkalýðsleiðtogar, sem hafa haft nægilega víðsýni til þess að styðja EFTA-aðildina, haft fullkomlega rétt fyrir sér. Ég fjölyrði svo ekki meira um þetta, en ég tel fulla ástæðu til þess, að á þessi atriði sé bent einmitt í sambandi við umr. um frv. eins og þetta. Það má ekki fela þann vanda, sem fólginn er í EFTA-aðildinni, heldur verður frá upphafi að horfast í augu við hann.

Að lokum vil ég aðeins víkja að þeim brtt., sem n. flytur á þskj. 597. Ég lít í rauninni svo á, að hér sé frekar um leiðréttingar að ræða en efnislegar breytingar. Fyrri brtt. er við a-lið 2. gr., en hún er orðuð svo í frv., með leyfi hæstv. forseta: „Hlutverk útflutningslánasjóðs er að veita lán vegna útflutnings meiri háttar véla og tækja.“ N. leggur til, að þessu verði breytt þannig, að það sé orðað svo: „að veita lán til meiri háttar útflutnings véla og tækja.“ Þetta er gert út frá því sjónarmiði, að óeðlilegt sé, að ekki sé lagður á það verðmætamælikvarði, í hvaða tilvikum skuli veita þessi lán, en eins og þetta er orðað, verður þetta varla skilið öðruvísi en þannig, að það sé stærð umræddra tækja, sem þarna hafi úrslitaþýðingu, hvort sem stærðin sé mæld í þungaeiningum, rúmmáli eða öðru. Slíkt er mjög óeðlilegt, þótt bæði orðalag og sömuleiðis aths. í meginatriðum bendi til þess, að til slíks sé ætlazt. En þó má benda á það, að í grg. stendur þessi setning á miðri bls. 2, ef menn hafa frv. við höndina, með leyfi hæstv. forseta:

„Gert er ráð fyrir, að þessi lán verði einskorðuð við kaup á meiri háttar vélum og tækjum og stærri samninga og yrði þar reynt að fylgja svipuðum reglum og gilda í nágrannalöndunum.“

Að talað er hér um stærri samninga, virðist benda til þess, sem eðlilegt mætti hér teljast, að það sé stærð samninganna, sem þarna eigi fyrst og fremst að líta á, en ekki það, hvort þau tæki, sem framleidd eru, eru stór eða lítil, þegar litið er á hverja einingu.

Önnur brtt. n. er sú, að orðin „ekki skemmri tíma en þremur árum og“ í 3. gr. frv. falli niður. Við gátum ekki fundið skynsemi í því að hafa þetta ákvæði, og býst ég við því, að þetta hafi komið inn fyrir mistök. Það hefði getað verið hugsun í því að ákveða árleg framlög frá þessum aðilum, sem þarna er um að ræða, sem næmi ákveðinni upphæð, en að það skuli líða minnst þrjú ár, þangað til þeirri skyldu er fullnægt að öllu leyti, er að okkar áliti óeðlilegt, enda mætti algerlega fara í kringum það, ef sú hefði verið hugsunin.

Í viðbót við þetta má búast við brtt. frá n. fyrir 3. umr. málsins, en ég tel rétt að geyma það, þar til næsta frv., sem skoða má sem fylgifrv. við þetta, verður tekið fyrir, að geta þess nánar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 597,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 597,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
4.–8. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 618).

Sveinn Guðmundsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til 3. umr. um útflutningslánasjóð, hefur væntanlega stóra þýðingu fyrir íslenzka iðnaðarframleiðslu og framvindu iðnaðar hér á landi. Brtt., sem samþ. voru við 2. umr., eru eflaust einnig til bóta, þó að þær hafi líklega ekki hagnýta þýðingu, en gera hins vegar greinilegri ákvæðin, sérstaklega um véla- og tækjaútflutning, ef til hans kemur, sem væntanlega verður.

Hv. frsm. fjhn., 7. þm. Reykv., boðaði brtt. frá n., sem mundi koma við 3. umr. Rætt hafði verið í fjhn. um að setja inn í frv. ákvæði þess efnis, að þegar sérstaklega stæði á, yrði veitt samkeppnislán samkvæmt b-lið 2. gr., tryggð hjá tryggingardeild útflutningslána við ríkisábyrgðasjóð. Við nánari athugun og samtal við hæstv. fjmrh. hefur þetta ákvæði reynzt ástæðulaust, þar sem í 2. gr., b-lið, er heimild fyrir slíkum lánum gegn bankaábyrgð eða annarri fullgildri ábyrgð. En undir það fellur að sjálfsögðu ábyrgð tryggingardeildar ríkisábyrgðasjóðs. Að þessu athuguðu mælir n. því með frv. óbreyttu, eins og það var samþ. við 2. umr.

Hins vegar hefur n. flutt á þskj. 616 slíka brtt. við frv. um tryggingardeild útflutningslána. Verður gerð nánari grein fyrir þeirri till., þegar það frv. verður til umr. hér í d. á eftir.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 79. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 81. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. var lagt fyrir hv. Ed. og samþ. þar með shlj. atkv. með örlitlum orðalagsbreytingum. Ég get látið mér nægja örfá orð til þess að gera grein fyrir efni þess.

Hér er um að ræða ráðstöfun, sem er tengd aðild Íslands að EFTA. Mig langar að láta þess getið hér, eins og ég gat í hv. Ed., að ég vona, að þrátt fyrir þann

ágreining, sem varð um aðild Íslands að EFTA, þá geti hv. alþm. staðið saman um það að gera þær ráðstafanir, sem aðild að EFTA gerir nauðsynlegar og rétt er að grípa til, til þess að aðildin hagnýtist þjóðinni sem bezt. Mér þykir mjög vænt um, að það skyldi hafa komið í ljós í hv. Ed. í sambandi við þetta frv., að þetta varð einmitt niðurstaðan þar. Þm. sameinuðust almennt um samþykkt þessa frv. með hliðsjón af því, að það mun auðvelda íslenzkum aðilum að hagnýta sér þau bættu markaðsskilyrði, sem aðild að EFTA á að geta haft í för með sér.

Í þessu frv. er lagt til, að komið sé á fót útflutningslánasjóði, og skulu Seðlabanki Íslands, Landsbanki Íslands og iðnlánasjóður leggja honum 50 millj. kr. hver aðili, en iðnlánasjóður fái sitt fé úr iðnþróunarsjóði.

Hlutverk útflutningslánasjóðs er að veita lán vegna útflutnings véla og tækja og þar á meðal skipa og annarrar fjárfestingarvöru, sem framleidd er innanlands. En svo sem kunnugt er, eru slíkar vörur á heimsmarkaði yfirleitt seldar með útflutningslánum, þannig að útflutningslán fylgja sölutilboði. En Íslendingar geta ekki vænzt þess að verða samkeppnishæfir að þessu leyti nema því aðeins, að íslenzkir útflytjendur geti gefið væntanlegum kaupendum sínum svipuð kjör á útflutningslánum og erlendir aðilar vitanlega bjóða sínum kaupendum. Hins vegar er það hlutverk útflutningslánasjóðs að veita svonefnd samkeppnislán, en með því er átt við lán til innlendra aðila, sem kaupa vélar og tæki, þar með talin skip, sem framleidd eru innanlands. En svo sem kunnugt er, þá eru slík tæki boðin hér og annars staðar þannig, að lán eru látin fylgja. Ef innlendur aðili á að geta orðið samkeppnishæfur á innlenda markaðinum við erlenda aðila, sem selja hingað slíka vöru, þá þarf hann að geta boðið sínum innlenda kaupanda sams konar lán og innlendi kaupandinn á kost á frá erlendum seljendum. Þetta er hinn tvíþætti tilgangur þessa 150 millj. kr. sjóðs, sem ætlunin er að koma á fót með þessu frv. Með þessu er í raun og veru allt sagt um kjarna málsins, og læt ég þetta þar með nægja.

Leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Umr. fóru fram hér á Alþ. um aðild Íslands að EFTA. Voru gefin ýmis fyrirheit af hæstv. ríkisstj. um að bæta rekstraraðstöðu iðnaðarins frá því, sem verið hefur. Það var m. a. tekið fram mjög greinilega, að bæta þyrfti úr rekstrarfjárskorti iðnfyrirtækja. En það er kunnara en frá þurfi að segja, að fátt hefur háð íslenzkum iðnrekstri meira á undanförnum árum en skortur á rekstrarfé.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er hið fyrsta, sem frá hæstv. ríkisstj. kemur, varðandi þetta atriði að bæta úr rekstrarfjárvandræðum vissra iðnfyrirtækja. Það er að sjálfsögðu gott, það sem það nær, en ég held, að öllum hljóti að vera ljóst, að það gangi allt of skammt.

Ég vil, áður en ég vík sérstaklega að frv., rifja upp atriði úr ræðu, sem formaður Félags ísl. iðnrekenda hélt nýlega, þegar ársþing iðnrekenda var sett hér í bænum. Hann víkur að því, að ýmsar ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að bæta úr stofnlánaskorti þeim, sem iðnaðurinn hafi átt við að búa, eins og t. d. með iðnþróunarsjóðnum, en leggur jafnhliða áherzlu á, að það sé ekki fullnægjandi, heldur verði eigi að síður að vinna að því að bæta úr rekstrarfjárskortinum. Hann segir orðrétt á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta, eftir að hafa rætt um fjárfestingarlánin:

„Samhliða þessu þarf að tryggja, að fyrirtækin geti fengið það rekstrarfé, sem þau þurfa, til þess að halda uppi heilbrigðum rekstri, og er það sennilega hér, sem mestur vandi verður á höndum, ef marka má reynslu liðinna ára."

Þessi ummæli formanns Félags ísl. iðnrekenda sýna það, hve mikill vandi er hér á höndum og hve mikið þarf að gera til þess að bæta úr þeim mikla rekstrarfjárskorti, sem iðnfyrirtækin hafa átt við að búa á undanförnum árum, og enn bólar ekki á öðrum endurbótum í þeim efnum en því frv., sem hér liggur fyrir. Og þó að það sé rétt og gott, svo langt sem það nær, þá gengur það allt of skammt.

Eins og 2. gr. frv. ber með sér, þá á sá sjóður, sem frv. fjallar um, útflutningslánasjóður, eingöngu að veita lán vegna útflutnings meiri háttar véla og tækja eða samkeppnislán, ef um það er að ræða, að meiri háttar vélar og tæki, sem framleidd eru innanlands, séu seld á innlendum markaði. Hér er sem sagt eingöngu um það að ræða að bæta aðstöðu þess hluta iðnaðarins, sem framleiðir meiri háttar vélar og tæki, og það er að sjálfsögðu gott, að það sé gert. En ég held, og vitna þar til þeirrar skýrslu, sem fylgdi till. um EFTA-aðild á sínum tíma, að sá útflutningsiðnaður, sem fyrst og fremst kemur til greina, að Íslendingar geti lagt stund á á næstu árum, þegar sleppir þeim iðnaði, sem er í sambandi við sjávarútveginn, sé ekki þess eðlis, að framleiða skuli meiri háttar vélar og tæki. Þar sé frekar um að ræða ýmiss konar iðnað, sem á máli stórþjóðanna er kallaður smáiðnaður. Á því sviði sé mestu útflutningsmöguleika okkar að finna. En samkv. þessu frv. á ekki neinn styrk eða aðstoð að veita þessum iðngreinum, hvað aukið rekstrarfjármagn snertir. Og það á heldur ekki að veita neitt aukna rekstrarfjáraðstöðu þeim iðnfyrirtækjum, sem fyrst og fremst keppa á innlendum markaði með aðrar vörur en þær, sem um ræðir í 2. gr. En það er þó mikill meiri hluti þess iðnaðar, sem nú er í landinu.

Þó að það sé sjálfsagt og skylt að bæta aðstöðu útflutningsiðnaðarins, þá er vegna EFTA-aðildar kannske enn þá meiri ástæða til að vinna að bættum kjörum þess iðnaðar, sem keppir á innlendum markaði, því að það er sá iðnaður, sem á mesta og harðasta samkeppni fyrir höndum vegna EFTA-aðildarinnar. EFTA-aðildinni mun fylgja það, að hingað flyzt til landsins iðnvarningur í vaxandi mæli, og þeir, sem selja hann, geta veitt kaupendum lán til lengri tíma. Ef íslenzkur iðnaður á að standast þessa auknu samkeppni, þá verður hann að geta veitt greiðslufresti á sama hátt. En það er ekki á neinn hátt séð fyrir því með þessu frv., nema um sé að ræða fyrirtæki, sem framleiða meiri háttar vélar og tæki. Þau eiga að geta átt kost á svokölluðum samkeppnislánum, en aðrar iðngreinar ekki.

Ég verð að segja það, að þótt ég telji, að þetta frv. stefni í rétta átt, þá sé hér allt of skammt gengið, og hér sé um mjög takmarkaða efnd á því loforði að ræða, sem

ríkisstj. gaf, þegar gengið var í EFTA, um að bæta rekstrarlánaaðstöðu iðnaðarins almennt.

Ég sakna þess, að hæstv. iðnmrh. skuli ekki vera hér viðstaddur, því að í raun réttri heyra þessi mál miklu frekar undir hann en viðskmrh. Ég hefði gjarnan viljað spyrja hann að því, hvort það væri ekki ætlunin að gera einhverjar frekari ráðstafanir en þær, sem felast í þessu frv. til að bæta rekstrarlánaaðstöðu iðnaðarins frá því, sem nú er. En þó að hér sé stefnt í rétta átt, þá er að mínum dómi, eins og ég hef nú rakið, allt of skammt gengið.

Ég hef heyrt því fleygt í sambandi við þetta frv., sem mér finnst að sönnu ótrúlegt, að það sé ætlunin fyrst um sinn að haga lánveitingum úr þessum sjóði á þann veg, að aðallega verði veitt lán þeim fyrirtækjum, sem selja vörur til EFTA-landanna. Ég legg nú ekki trúnað á, að svo sé. En vil þó vegna þessa orðróms fá úr því skorið, hvort það sé ætlunin að gera nokkurn mismun í þessum efnum. En það held ég, að sé ekki síður mikilvægt fyrir okkur að leggja áherzlu á það að auka útflutning til annarra landa en EFTA-landanna, því að ég held, að þrátt fyrir það tollfrelsi, sem við fáum þar, sé markaðurinn þar tiltölulega þröngur og okkar útflutningsmöguleikar séu miklu meiri í mörgum öðrum löndum og á öðrum viðskiptasvæðum.

Ég vil svo segja það almennt um það kerfi, sem hér er verið að byggja upp nú á Alþ., að mér finnst það ganga í öfuga átt. Eins og nú háttar til, þurfa þeir, sem fást við atvinnurekstur, t. d. iðnrekendur, að snúa sér til margra aðila, ef þeir eiga að fá fullnægjandi fyrirgreiðslu. Þeir þurfa að fara til viðskiptabankanna, og þeir þurfa að fara til iðnlánasjóðs og ýmissa annarra sjóða. Þetta veldur að sjálfsögðu margvíslegum töfum og erfiðleikum, enda þekkjum við það ákaflega vel, hve stirð afgreiðsla vill oft og tíðum verða hjá þessum fyrirtækjum.

Ef t. d. er sögð saga af því, hvernig þetta gengi fyrir sig hjá fiskveiðasjóði, þegar um er að ræða nýbyggingar á skipum, þá þarf, til þess að fá lánsloforð, að fara fram eins konar mat, sem stjórn fiskveiðasjóðs vill fá í sínar hendur, áður en hún gengur frá láninu, lánsloforðinu. Hún að sjálfsögðu ákveður þetta mat ekki sjálf, heldur hefur hún sérstaka matsnefnd. Sú matsnefnd hefur sérstakan trúnaðarmann, og sá trúnaðarmaður hefur sérstakan aðstoðarmann. Svo gengur þetta þannig fyrir sig, að fyrst framkvæmir aðstoðarmaðurinn matið. Svo gengur það til trúnaðarmannsins, og hann endurskoðar þetta. Svo gengur það til matsnefndarinnar, og hún fer yfir þetta, og að lokum kemur það svo til stjórnar fiskveiðasjóðs, og þá eru oft og tíðum liðnir margir mánuðir, áður en viðkomandi skipasmíðastöð er búin að fá endanlegt svar eða viðkomandi skipabyggjandi.

Þannig gengur það til í mörgum greinum, að sá aðili, sem fæst við atvinnurekstur, verður að ganga frá Heródesi til Pílatusar, milli fjölmargra aðila, áður en hann fær endanlega vitneskju um það, hvaða fyrirgreiðslu hann muni í rauninni geta fengið.

Mér sýnist, að samkv. þeim frv., sem nú liggja fyrir Alþ., og reyndar l., sem hafa verið samþ., bætist nú við þrír nýir aðilar, sem t. d. iðnrekendur þurfa að sækja undir til viðbótar þeim, sem fyrir voru. Þá kemur í fyrsta lagi til sögunnar iðnþróunarsjóður, sem bætist hér við. Svo kemur í öðru lagi útflutningslánasjóður, sem hér er verið að ræða um, og svo kemur í þriðja lagi einhvers konar tryggingardeild útflutningslána, sem er tengd við ríkisábyrgðasjóð, og þá ábyrgð á sérstök nefnd að meta, þannig að hér bætast við þrír meginaðilar, opinberir aðilar, sem atvinnurekendur þurfa að sækja til, áður en þeir geta fengið fulla vitneskju um þá fyrirgreiðslu, sem þeir fá. Ég held, að þetta sé ákaflega óheppilegt og óhagkvæmt fyrirkomulag fyrir þá, sem atvinnurekstur stunda, og þess vegna hefði sú rétta þróun í þessum efnum verið sú að reyna að færa þessar stofnanir saman og láta þessa aðila, sem atvinnurekendur þurfa að hafa skipti við, vera sem allra fæsta í stað þess að vera alltaf að fjölga þeim, eins og stefnt er að með þessu fyrirkomulagi í þeim frv., sem ég hef nú minnzt á. Þetta hefur í för með sér mikil óþægindi fyrir atvinnurekendur og óvissu oft og tíðum um lengri tíma, því að þótt hann sé búinn að fá jákvætt svar frá einni stofnuninni, þá þarf hann að bíða eftir svari hjá annarri, svo að þessu fylgja alveg gífurlegar tafir fyrir atvinnurekstur inn. Auk þess fylgir þessu náttúrlega miklu meiri skriffinnska og kostnaður fyrir hið opinbera en nauðsynlegt er, ef unnið væri að því að gera kerfið einfaldara en þetta.

Mér sýnist það á flutningi þessara mála, sem vafalaust eru öll flutt í góðum tilgangi af hæstv. ríkisstj., þó að þau gangi of skammt, þá sé hún ekki enn þá farin að gera sér grein fyrir því, að það eigi að reyna að stefna að því að gera kerfið einfaldara og óbrotnara, heldur sé alltaf verið að auka skriffinnskuna og gera þetta enn þá margbrotnara og flóknara en það hefur áður verið.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að sinni að gera frekari aths. í sambandi við þetta mál. Ég tel, að það stefni í rétta átt, en gangi hins vegar allt of skammt, og það verði að gera miklu meira átak en felst í þessu frv., ef iðnaðurinn á að fá þá leiðréttingu mála sinna í sambandi við rekstrarlánin, sem honum ber og hann hefur aukna þörf á vegna EFTA-aðildarinnar.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð, sem ég ætlaði að segja hér nú við 1. umr. þessa máls.

Mér sýnist, að hér sé um að ræða mál, sem er býsna þýðingarmikið. Ég held, að það verði ekki hjá því komizt, eins og nú er orðið högum háttað í sambandi við okkar framleiðslu- og viðskiptamál, að komið verði á fót slíkum lánasjóði, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., en ég veiti því athygli, að það er aðeins gert ráð fyrir því í þessu frv., að hér verði um lánveitingar að ræða vegna framleiðslu á meiri háttar vélum og tækjum, þ. á m. í sambandi við byggingu skipa. En mér sýnist, að ef á að binda hlutverk sjóðsins aðeins við lánveitingar í þessu skyni, þá sé ekki vandinn leystur nema að sáralitlu leyti. Það er auðvitað enginn vafi á því, að ef þeir aðilar, sem framleiða hér vélar og tæki og geta í vissum tilfellum tekið þátt í útflutningi á slíkri framleiðslu, eiga að keppa á erlendum mörkuðum, þá þurfa þeir að geta fengið lán af þeirri tegund, sem um er rætt í þessu frv., svo að þeir standi eitthvað svipað að vígi og hliðstæðir framleiðendur í öðrum löndum gera. Og það er auðvitað heldur enginn vafi á því, að ef þessir framleiðendur hér á landi eiga að geta keppt við erlenda aðila,

sem flytja hingað til lands vélar og tæki og geta veitt ákveðinn greiðslufrest, þá þurfa framleiðendurnir hér á þess háttar lánum að halda, sem þarna er gert ráð fyrir. Ég viðurkenni þessa nauðsyn fullkomlega.

En mér sýnist, að hér geti verið um miklu fleiri tegundir framleiðslu að ræða, sem alveg sé óhjákvæmilegt að veita hliðstæð lán. Ég vil nefna hér dæmi. Það hefur þó nokkuð verið rætt um það að koma hér upp fullkominni veiðarfæragerð, sem framleiddi hér veiðarfæri í allstórum stíl, bæði fyrir heimamarkað og jafnvel í vissum tilfellum einnig fyrir útflutningsmarkað. Ég get ekki séð annað en það verði að veita slíkum framleiðanda, ef til kemur, lán úr sjóði eins og þessum út á þá framleiðslu, vegna þess að hinir erlendu framleiðendur, sem keppa hér á innanlandsmarkaði með sölu á veiðarfærum, veita nú ákveðinn gjaldfrest á verði þessara veiðarfæra, sem þeir verzla hér með. Það er mjög algengt, að hinir erlendu aðilar veiti hér 6 mánaða gjaldfrest á stórum hluta af andvirði veiðarfæranna og allt upp í 12 mánaða gjaldfrest. Það gefur auga leið, að innlendur framleiðandi í þessari grein getur ekki staðizt hina erlendu samkeppni, nema hann eigi kost á framleiðslulánum úr lánasjóði eins og þeim, sem hér er gert ráð fyrir að setja lög um. Það er því ekki fullnægjandi að koma upp lánasjóði eins og þessum, sem aðeins tekur til lána út á meiri háttar vélar og tæki og skip. Hér getur verið einnig um framleiðslu á ýmiss konar öðrum varningi að ræða, sem þarf að veita lán út á, ef innlenda framleiðslan á í rauninni að geta orðið samkeppnisfær.

Ég nefni einnig hér annað dæmi. Þegar hefur verið komið upp tveimur skógerðum a. m. k. hér í landinu og allmikið rætt um þá framleiðslu. Sú framleiðsla á að keppa á innanlandsmarkaði við erlenda aðila, en þessir erlendu aðilar veita hér að meira eða minna leyti gjaldfrest á þessari vöru. Gert er einnig ráð fyrir því, að þessar verksmiðjur kunni að keppa eitthvað á erlendum markaði með sína framleiðslu. Það geta þær ábyggilega ekki, nema þær geti veitt hliðstæð lán í sambandi við sína framleiðslu og skóverksmiðjur í öðrum löndum geta gert. Mér sýnist því alveg nauðsynlegt að gera ráð fyrir því, að þessi útflutningslánasjóður verði að geta lánað innlendum iðnaðarfyrirtækjum í miklu fleiri tilvikum en gert er ráð fyrir samkv. þessu frv.

Það er, eins og ég sagði í upphafi míns máls, út af fyrir sig ágætt, að þessi lánasjóður getur veitt lán í sambandi við framleiðslu á vélum og tækjum og smíði skipa, en þetta er engan veginn nægilegt. Nú vildi ég spyrjast fyrir um það og beini þá fsp. minni til þess hæstv. ráðh., sem hér er staddur í þingsalnum nú, hvort ekki hafi verið gert ráð fyrir því, að þessi útflutningslánasjóður gæti einnig haft með höndum lán út á framleiðslu, t. d. af þessum tegundum, sem ég hef hér minnzt á, til þess að gera innlendu fyrirtækjunum kleift að standast samkeppni við erlenda aðila, eða hvort hugsað er að leysa vandamál annarra framleiðslugreina en þeirra, sem þetta frv. í rauninni nær til, með einhverjum öðrum hætti. Þetta tel ég að þurfi að fá upplýst. En sé það ekki hægt við þessa umr., vegna þess að sá ráðh., sem hefur með þetta mál að gera, er ekki hér staddur, þá vænti ég, að sú n., sem fær málið til athugunar, fái þá upplýsingar um þetta atriði, sem ég hef hér aðallega gert að umtalsefni.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um málið við þessa umr., en tel, að í meginatriðum sé hér stefnt í rétta átt með því að koma upp slíku lánakerfi, sem hér er gert ráð fyrir.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það hefur verið rætt hér nokkuð almennt að vonum um hlutverk útflutningslánasjóðs, og sumir hv. þm. talið, að það væri nokkuð takmarkað, hvað ætlunin væri, að útflutningslánasjóður fyrst og fremst lánaði til, og talið, að vel gæti komið til annars útflutnings, sem ekki væri síður ástæða til að styðja.

Í sambandi við þetta er rétt að taka fram, að hér er náttúrlega um byrjun að ræða. Við höfum ekki þekkt þessi lán hér á landi. Það hefur verið kannað, hvernig þessum málum er fyrir komið í öðrum EFTA-löndum, fyrst og fremst Norðurlöndunum og reyndar fleiri löndum, og hefur verið reynt að leggja áherzlu á að taka inn í þessar heimildir sams konar lán og veitt eru aðilum í þeim löndum. Það, sem útflutningssjóðurinn fyrst og fremst á að fjármagna, eru lán, sem eru til nokkuð langs tíma, ekki almenn viðskiptalán, sem greiðast upp eins og venjuleg vörukaupalán gera, heldur lán til lengri tíma. Og þetta á sér stað fyrst og fremst um þær fjárfestingarvörur, sem hér er um að ræða. Menn þekkja þetta, sem keypt hafa hingað t. d. skip, skulum við segja. Það er kannske það, sem menn þekkja bezt. Það er lánað til nokkurra ára, og auðvitað væri gersamlega útilokað að keppa við erlendan markað, nema hér væru svipaðir lánamöguleikar. Í sambandi við vélaframleiðslu og stærri tæki, sem framleidd eru, er í flestum tilfellum þannig ástatt, að í okkar samkeppnislöndum er þetta lánað með töluvert löngum greiðslufresti, þannig að það hefði verið hægt t. d. á undanförnum árum að fá þetta með lengri greiðslufresti en hér hefur gilt. Það hefur aðeins ekki verið leyft að taka lánin til lengri tíma. Þetta eru fyrst og fremst þau lán, sem ætlunin er að fjármagna með þessum útflutningslánasjóði.

Hitt er allt annað mál, að það kann vel að vera, að þróunin verði sú, að fram komi einhver framleiðsla, sem fjármagna þarf til lengri tíma. Það vitum við ekki nákvæmlega í dag, en ég held, að eins og viðskiptahættir eru í dag, þá muni annar útflutningur, sem úr landi fer, yfirleitt vera þess eðlis, að þar sé um lán til mjög skamms tíma að ræða. Þetta er ástæðan til þess, að frv. er orðað með þessum hætti. Ég tel hins vegar óhætt að fullyrða það gagnvart þeim hv. þm., sem hér hafa talað, að vitanlega mun ríkisstj. hafa opin augun fyrir þessu, þannig að komi til einhver vandamál í þessu sambandi, þá verður vitanlega reynt að leysa þau.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 618, n. 720).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn.

þessarar hv. d. hefur haft frv. þetta til athugunar. Mælir n. með því, að frv. verði samþ., en leggur til, að gerð verði á því ein breyt., sem er prentuð á þskj. 720, þ. e. a. s. ásamt nál.

Breyt. sú, sem n. leggur til að gerð verði, er, að við 2. gr. frv., þar sem fjallað er um hlutverk útflutningslánasjóðs og talið upp í tveimur liðum, a- og b-lið, hverjir það eru, sem hægt sé að veita lán úr útflutningslánasjóði, bætist:

„Heimilt er stjórn sjóðsins að veita útflutningslán eða samkeppnislán fleiri iðngreinum en þeim, sem a- og b-liðir ná til, ef hún metur það nauðsynlegt til að tryggja þeim sambærilega aðstöðu við erlenda samkeppnisaðila."

Hér er átt við það tilfelli, sem gæti komið upp, að iðnfyrirtæki, sem ekki framleiddi fjárfestingarvöru, þyrfti á aðstoð að halda til þess að standast samkeppni erlendra aðila, en þá hafi sjóðurinn heimild til þess að veita slíku fyrirtæki lán.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til þess að fjölyrða meir um mál þetta. N. leggur til, að það verði samþ. með þeirri brtt., sem hún flytur á þskj. 720.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 87. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 720 samþ. með 33 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
3.–8. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 750).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 82. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 84. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. – Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég var kvaddur á fund hv. fjhn. þessarar hv. d. í gær, þar sem rætt var um breyt. á 2. gr. frv., ef ég man rétt, þar sem gert var ráð fyrir því að heimila stjórn sjóðsins að veita útflutningslán eða samkeppnislán fleiri iðngreinum en þeim, sem nefndar eru í a- og b-lið, ef hún metur það nauðsynlegt til þess að tryggja þeim sambærilega aðstöðu við erlenda samkeppnisaðila.

Það, sem hér er átt við, er fyrst og fremst það, að eðlilegt þykir að veita útflutningssjóði heimild til þess að lána t. d. til nótaframleiðslu hér innanlands, þótt hún verði auðvitað ekki talin fjárfestingarvara í venjulegum skilningi.

Ég var nm. sammála um það, að eðlilegt væri, að slík breyt. yrði gerð, enda er hér um heimild að ræða, sem stjórn sjóðsins mun þá á hverjum tíma meta, hvort hún telur ástæðu til þess að hagnýta sér.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 772).

---

36. Lax- og silungsveiði (stjfrv.).

Á 54. fundi í Nd., 3. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði [174. mál] (stjfrv., A. 369).

Á 56. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Á síðasta þingi lagði ríkisstj. fram frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði. Frv. varð ekki útrætt á þinginu, og er það nú lagt fyrir á ný með nokkrum breytingum.

Lax- og silungsveiði er mál, sem mikið hefur verið rætt um að undanförnu. Vitað er, að miklir möguleikar eru til þess að auka veiði í ám og vötnum hér á landi. Á síðustu árum hafa fjárveitingar til veiðimála verið margfaldaðar. Laxeldisstöðin í Kollafirði hefur verið starfrækt í nokkur ár með góðum árangri. Kollafjarðarstöðin er tilraunastöð, sem er kostuð að öllu leyti af fé ríkissjóðs. Með þeim tilraunum, sem fram fara í þessari einu ríkisreknu laxeldisstöð, er til þess ætlazt, að allir, sem fást við lax- og silungseldi, megi njóta góðs af þeirri reynslu, sem fæst við stöðina í Kollafirði. Nú munu vera um 10 eldisstöðvar í landinu, sem reknar eru af einkaaðilum. Hafa margir sýnt lofsverðan áhuga á fiskræktarmálum og lagt fram mikið fjármagn til þess að ná góðum árangri. Ríkið veitir nokkurn styrk til þessara mála, en auðvitað væri æskilegt, að styrkveitingar gætu verið í ríkari mæli en verið hefur og með hærri upphæðum, þar sem stofn- og rekstrarkostnaður stöðvanna er óhjákvæmilega mjög mikill.

Með aukinni fiskrækt og vaxandi þekkingu á fiskræktarmálum er grundvöllur lagður að því, sem koma skal. Markmiðið er að fylla árnar og stöðuvötnin af nytjafiski. Nauðsynlegt er að fá fullnaðaryfirlit yfir allar ár á landinu og stöðuvötn í byggðum og á afréttarlöndum. Með því má gera áætlun um það, hvað hver veiðistaður getur tekið til sín og gefið af sér, eftir að ræktunin er komin á það stig, að hvert veiðivatn hafi þá fiskigengd, sem það þolir og getur fóðrað. Á s. l. sumri var hafinn undirbúningur að rannsóknum og lýsingum á veiðiám og veiðivötnum landsins. Verður haldið áfram með þá rannsókn, sem hafin er, þar til yfirlit er fengið yfir landið allt. Fullnaðarskýrsla með lýsingum og rannsóknum á öllu vatnasvæði landsins ætti að liggja fyrir á næstu árum.

Skoðanir manna eru nokkuð skiptar í afstöðunni til veiðimála almennt. Ágreiningur er þó enginn um ýmis veigamikil atriði. Íslendingar eru sammála um, að

banna eigi laxveiði í sjó. Hefur ríkisstj. komið á framfæri á alþjóðaráðstefnu ákveðinni afstöðu Íslands í því máli. Þá má einnig gera ráð fyrir því, að menn séu sammála um nauðsyn þess að efla fiskræktina sem mest. Þegar menn tala um þessi mál með nokkurri óþolinmæði og gefa jafnvel í skyn, að lítið hafi áunnizt í þessum málum, þá verður ekki hjá því komizt að minna á, að stórvægileg breyting hefur orðið á til hins betra á 8–10 árum. Fjármagn til þessara mála hefur verið stóraukið, og ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að notfæra sér aukna þekkingu sérfræðinga í fiskræktarmálum. Nokkrir ungir Íslendingar eru við nám í fiskrækt og vonandi mun þjóðin láta þá fá verkefni og njóta þannig góðs af þekkingu þeirra. Veiðimálastofnunin fær á komandi vori vel menntaðan Íslending til starfa í fiskrækt. Er það vissulega fagnaðarefni, því að verkefnin eru mörg. Undirstaða, sem byggð er á rannsóknum og reynslu, verður að vera fyrir hendi, um leið og framkvæmdir eru gerðar. Segja má, að svo miklar rannsóknir liggi fyrir á flestum sviðum, að það þurfi ekki að hindra framkvæmdahraða í þessum málum að neinu marki.

Frv. það, sem hér liggur fyrir til umr., er að mestu með sama hætti og það frv., sem lagt var fram á síðasta þingi. Þó hafa verið gerðar nokkrar breyt. á frv., sem að athuguðu máli virðast fara betur en í fyrra frv. var. Eins og kunnugt er, var fyrra frv. samið af stjórnskipaðri nefnd manna n. Var hún í veigamiklum atriðum sammála, en klofnaði þó þannig, að minni hl. lagði fram sérstakt frv., og er það mjög líkt því frv., sem nú liggur fyrir hv. Ed. Við endurskoðun l. um lax- og silungsveiði verður að hafa það fyrst og fremst í huga, með hverjum hætti fiskræktin verði bezt efld. Verður þá efst í huga friðun og vernd fiskstofnanna.

Í 14. gr. l. um lax- og silungsveiði er kveðið svo á, að ekki megi veiða nær ósasvæði fram undan árósum en 500 metra. Þetta ákvæði er ekki nægilegt, og reynslan hefur sýnt, að veiðitæki, sem eru lögð til þorsk- og ýsuveiða svo nærri árósum, hafa oft fengið lax og laxinn þannig veiðzt. Til þess að koma í veg fyrir þetta er sett inn ákvæði í frv., þar sem bannað er að veiða nær árósum en 1000–2000 m eftir vatnsmagni árinnar. Með því að taka þetta ákvæði upp í lög er stigið stórt spor til verndar stofninum og því marki náð, sem ætlazt var til upphaflega, þegar þetta ákvæði var sett inn í lögin. Þegar lögin voru til endurskoðunar 1954–1955, lagði n. til, að 1000 m markið væri sett, en Alþ. féllst ekki á það, og hefur síðan verið miðað við 500 m.

Þá er ákvæði sett inn í lögin í 11. gr. frv. um að takmarka veiðitæki og það efni, sem nota má í net og veiðitæki. Það er kunnugt, að tækninni fleygir mjög mikið fram, og netin verða alltaf veiðnari og veiðnari með nýjum gerviefnum. Er sett inn heimild til þess að mega takmarka veiðni veiðitækjanna, ef ástæða þykir til.

Með breyt. á l. 1957 var friðunartími vegna netaveiði lengdur úr 60 stundum á viku í 84 stundir á viku. Með þessu ákvæði var friðunartíminn lengdur mjög mikið, og voru veiðiréttareigendur, sem stunda netaveiði, mjög óánægðir með þetta ákvæði, en það hefur staðið í lögum síðan 1957. Í frv., sem lagt var fram í fyrra, var gert ráð fyrir að lengja enn meira friðunartíma vegna neta, þ. e. úr 84 stundum í 96 stundir. Að athuguðu máli þykir ekki ástæða til þess, sérstaklega vegna þess að veiðiskýrslur sýna, að veiði í ám, þar sem netaveiði fer fram eftir þeim reglum, sem nú gilda, hefur sízt minnkað, heldur frekar aukizt. Hins vegar þótti rétt að setja inn í þetta frv. auknar heimildir til friðunar, ef þess skyldi gerast þörf. Þannig er gert ráð fyrir því, að veiðimálanefnd og veiðimálastjóri geti lagt til og ákvarðað eftir samkomulagi við ráðh., að friðunartíminn verði lengdur úr 84 stundum á viku í 108 stundir. Þetta ákvæði hefur aldrei áður verið í lögum og er vitanlega trygging gegn því, að gengið verði um of á fiskstofninn. Það verður að ætlast til þess, að sérfræðingar og ráðunautar í fiskræktarmálum gefi ríkisstj. eða þeim ráðh., sem fer með þessi mál, ábendingu um, ef þörf er á að auka friðun í einhverju tilteknu veiðivatni, en þá er heimildin fyrir hendi. Það er önnur heimild í 32. gr. þessa frv., sem gert er ráð fyrir, að verði lögfest, og hún er sú, að hverju veiðifélagi er heimilt að ákveða aukna friðun í fiskihverfinu, ef útlit er fyrir, að um of sé gengið á fiskstofninn. Í öðru tilfellinu er það veiðifélagið, sem á að hafa frumkvæðið um aukna friðun, ef þess gerist þörf, en í hinu tilfellinu er það veiðimálastjóri og veiðimálanefnd, sem geta haft frumkvæðið um að auka friðunina.

Með því að þær reglur, sem nú gilda um friðun, sýnast hafa staðizt og veiði í ám og vötnum, þar sem netaveiði hefur verið stunduð, hefur farið vaxandi, en ekki minnkandi, eftir að friðunin var aukin 1957, þykir ekki ástæða til að setja nú bein lagaákvæði um það, að friðunin skuli aukin, heldur látið við það sitja að auka heimildir til friðunar, ef þess skyldi gerast þörf. Þannig eru það, eins og ég áðan sagði, í tveimur gr. frv. annars vegar veiðifélögin og hins vegar veiðimálastjóri og veiðimálanefnd, sem eiga að hafa frumkvæðið um aukna friðun, ef þess gerist þörf. Það er áreiðanlega gott bæði með laxveiðilög og ýmis önnur lög að hafa rúmar heimildir, sem skapa ekki of þröngt svið til framkvæmda. Sérstaklega þegar verið er að byggja upp atvinnuveg, eins og ætlazt er til að gert verði í okkar fiskræktarmálum, er nauðsynlegt að sérþekking fái að ráða og reynsla þeirra manna, sem stundað hafa þessa iðju allan sinn aldur og þekkja betur en jafnvel sérfræðingarnir til um það, hvað hollast er og dugar bezt.

Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því að fjölga í veiðimálanefnd úr þremur í fimm. Er það út af fyrir sig eðlileg ráðstöfun, til þess að fleiri sjónarmið komist að í n., og breikkar þann grundvöll, sem hún starfar eftir. Ég hygg, að það megi fara betur á því, að fulltrúar í veiðimálanefnd verði fimm frekar en að þeir séu aðeins þrír. Þeir, sem eiga sæti í veiðimálanefnd, eru þannig skipaðir: Ráðh. skipar einn mann í n. án tilnefningar, einn er skipaður samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunarinnar, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands stangaveiðifélaga og einn samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga. Það verður að ætlast til, að þegar nm. eru orðnir fimm og n. þannig skipuð eins og þarna er lagt til, að hin eðlilegu sjónarmið komist að í n., og þar munu eiga sæti sérfróðir menn auk veiðimálastjóra, sem vitanlega starfar með n. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því, að fiskræktarfélög í

þeirri merkingu, sem þau hafa verið, verði lögð niður, en í þess stað verði mynduð veiðifélög og þessi veiðifélög hafi heimild til þess að auka friðun, eins og ég áðan minntist á.

Þá er mikilvægt ákvæði í frv. Það er um stofnun fiskræktarsjóðs. Það ákvæði var einnig í frv. í fyrra. Gert er ráð fyrir stofnun fiskræktarsjóðs, sem hafi það hlutverk að efla fiskrækt og fiskeldi í landinu með beinum styrkjum og lánum. Með fiskræktaraðgerðum eins og t. d. með fiskeldi og með því að sleppa seiðum má auka veiði í ám og vötnum til mikilla muna frá því, sem nú er. Nútímafiskrækt byggist að verulegu leyti á fiskeldi, þar sem aliseiðum af mismunandi stærðum er sleppt í veiðivötn, en fisk má enn fremur ala upp til neyzlu, og má gera fiskeldið þannig að sérstakri fæðuframleiðslugrein, eins og t. d. á sér stað um silungseldið í Danmörku. Alifiskur er alinn upp í sérstökum eldisstöðvum, sem kostnaðarsamt er að reisa og reka. Geta slíkar eldisstöðvar reist starfsemi sína á mismunandi eldisaðferðum, og fer gerð og kostnaður við byggingu þeirra eftir því.

Hér á landi starfa nú, eins og kunnugt er, 11 fiskeldisstöðvar, og eru flestar þeirra litlar og í eigu einstaklinga. Bendir árangur af starfi þeirra til þess, að fiskeldi eigi mikla framtíð fyrir sér hér á landi, en vitaskuld þarf að leysa ýmsa byrjunarerfiðleika, áður en fiskeldi kemst á öruggan grundvöll. Fiskeldisstöðin í Kollafirði hefur átt þar nokkurt frumkvæði og gert ýmsar tilraunir, sem allir landsmenn munu síðar njóta góðs af, eins og áður var að vikið.

Fiskræktarsjóður þarf vitanlega á tekjum að halda til þess að geta innt það hlutverk af hendi, sem honum er ætlað, og er gert ráð fyrir því, að tekjur sjóðsins verði í fyrsta lagi fjárveiting úr ríkissjóði. Í frv. er ekki ákveðið, hversu fjárveitingin skuli vera há. En það ber vitanlega brýna nauðsyn til þess að taka í fjárl. fjárveitingu, til þess að sjóðurinn verði megnugur að veita lán og styrki til þessarar mikilvægu starfsemi, sem honum er ætlað að styðja. Ég held, að það sé því ekki eðlilegt að taka upp í þetta frv. ákveðna upphæð, þar sem það verður alltaf að vera undir vilja ríkisstj. og meiri hl. Alþ. komið, hversu mikið fjármagn er hægt að láta í hvert skipti til starfseminnar. Þá er einnig gert ráð fyrir því, að gjald af bruttóveiðitekjum verði 2.5% og innheimtist af veiðifélögum. Þá er gert ráð fyrir því, að tekjuafgangur eldisstöðva ríkisins fari í fiskræktarsjóð eftir ákvörðun ráðh., en reikna má með, að það líði nokkur tími, þangað til fiskeldisstöðvar færu að gefa af sér hagnað. Þá er gert ráð fyrir, að 2‰ af bruttótekjum vatnsaflsstöðva í landinu, sem selja orku til almennings, gangi í fiskræktarsjóð. Er það þegar nokkur upphæð árlega, sem það nemur. Þá gætu aðrar tekjur komið til.

Með stjórn fiskræktarsjóðs fara veiðimálanefnd og veiðimálastjóri. Ákvarðanir um styrki og lán úr sjóðnum skulu háðar samþykki ráðh. Ráðh. er rétt að setja fiskræktarsjóði starfsreglur. Greini veiðimálanefnd og veiðimálastjóra á um framkvæmd, sker ráðh. úr. Það er enginn vafi á því, að stofnun fiskræktarsjóðs er mikilvægt og heillaríkt spor í þágu veiðimálanna og því betri verður árangurinn, eftir því sem tekjur sjóðsins verða meiri og framlög ríkisins hærri.

Þá er ákvæði tekið upp í þetta frv., sem varðar fisksjúkdóma. Fisksjúkdómar herja mjög á víða erlendis og eru vaxandi vandamál. Þykir því eðlilegt, að í lög um lax- og silungsveiði hér á landi verði tekið upp ákvæði, sem gæti orðið til þess að girða fyrir þessa sjúkdóma hér. Kveðið er á um það í 11. gr. frv.

Þá er nýmæli í þessu frv., og það er það, að skylt er að stofna veiðifélag um veiði alls staðar á landinu, og þykir það nauðsynlegt til þess að tryggja skipulega framkvæmd veiðimálanna. Atkvæðisréttur í veiðifélagi skal vera bundinn við lögbýli, sem metið er til verðs eftir gildandi fasteignamati. Þetta ákvæði tekur gildi við gildistöku laganna. Ákvæðið er sett til þess að koma í veg fyrir það, að atkv. í veiðifélögum verði fjölgað með því að skipta jörðunum á marga ábúendur, en á þessu þykir hafa borið, og þykir eðlilegt og sjálfsagt að koma í veg fyrir, að þetta geti orðið í framtíðinni, því að það liggur í hlutarins eðli, að veiðilandið eða möguleikarnir til veiði fyrir landi einnar jarðar vaxa ekki við það, þótt búendum verði fjölgað á jörðinni.

Þá er ákvæði um arðskrá, sem gera skal 5 árum, eftir að lög þessi taka gildi, og síðan á 8 ára fresti.

Þá er mjög hert á löggæzlu í þessu frv. og viðurlög við lögbrotum aukin. M. a. er gert ráð fyrir því að semja við Landhelgisgæzluna um að annast eftirlit úr lofti með því, hvort veiðivélar og veiði eru löglega viðhöfð.

Markmið laganna er að efla fiskeldi og ná skipulegri framkvæmd veiðimálanna almennt í landinu. Markmiðið er að tryggja réttláta framkvæmd, þar sem hlutur veiðiréttareigenda er réttilega metinn og að því stuðlað, að stangaveiðimenn, bæði innlendir og erlendir, geti notið góðs af aukinni veiði í ám og stöðuvötnum landsins.

Enginn vafi er á því, að það er nauðsynlegt, að skilningur aukist nokkuð á milli þeirra aðila, sem stundum tala eins og þeir séu andstæðingar, þ. e. veiðiréttareigenda og stangaveiðimanna. En það er svo langt frá því, að þessir aðilar geti verið andstæðingar, vegna þess að hagsmunir þeirra fara saman. Þeim ber að vinna sameiginlega að sama markinu, þ. e. að auka veiðina, fylla allar ár og stöðuvötn af fiski, og eftir því sem fiskmagnið er meira, því meiri verða möguleikar fyrir stangaveiðimenn að fá veiðipláss og góðan árangur af sínu starfi og betri skemmtan, og með aukinni fiskrækt nýtur þjóðarheildin og þjóðarbúið meiri tekna og vaxandi arðs af því, sem til fiskimálanna hefur verið varið.

Ég tel rétt að taka saman í fáum orðum það, sem telja má þessu frv. sérstaklega til gildis. Þar ber að nefna 7. gr. frv., þar sem heimild er aukin til friðunar, með því að veiðimálastjóri og veiðimálanefnd geta, ef útlit er fyrir ofveiði eða þverrandi fiskstofn, aukið vikulegan friðunartíma fyrir netaveiði úr 84 stundum á viku í 108 stundir. Þessi heimild hefur ekki verið áður í lögum, en getur haft mjög mikla þýðingu og er trygging fyrir því, að ekki verði gengið of nærri fiskstofninum. Einnig hefur veiðifélag heimild til, samkvæmt 32. gr. frv., að ákveða aukna friðun í fiskihverfinu, ef ástæða þykir til.

Í till. mþn., sem vann að endurskoðun laxveiðilaganna 1957, var lagt til að friðunarsvæði við árósa yrði 1000 m. Í meðförum Alþ. var svæðið fært niður í 500 m. Reynslan hefur sýnt, að 500 m friðunarsvæði er allt of lítið, einkum við ósa stórfljóta. Er því lagt til, að frið-

unarsvæði við stærri ár verði 2000 m, en 1000 m við minni ár. Mörkin milli stórra og lítilla straumvatna eru sett við 25 m^3 á sekúndu miðað við meðalrennsli. Til viðmiðunar má nefna, að Laxá í Aðaldal er talin rúmlega 40 m^3 á sekúndu. Mælingar á vatnsföllum hér á landi eru svo langt á veg komnar, að vandalítið má telja að skera úr um vatnsmagn í vatnsföllum landsins.

Þá er lagt til, að friðun megi gilda aðra daga ofar í straumvatni en neðar til jöfnunar á fiskigengd. Er þetta talið mikilvægt fyrir veiðistaði lengra inni í landi. Einnig er gert ráð fyrir, að króknet og lagnet skuli ekki aðeins tekin upp í vatni á vikulegum friðunartíma, heldur flutt á land.

Sú nýjung er í frv. að heimila veiðifélagi að veiða lax til flutnings á hrygningarsvæði á stað í sama fiskihverfi. Kostnað, sem af því leiðir, má greiða úr fiskræktarsjóði. Þá er gert ráð fyrir að banna flutning hrogna úr landi úr vatnafiskum, sem veiddir eru til vísindalegra rannsókna, nema að fengnu leyfi ráðh. og meðmæli veiðimálastjóra liggi fyrir.

Með frv. er gert ráð fyrir, að fiskræktarfélög verði lögð niður, en í þeirra stað verði stofnuð veiðifélög, og skal skylt að mynda veiðifélög um veiði. Atkvæðisréttur skal bundinn við lögbýli, sem metið er til verðs í fasteignamati við gildistöku laganna. Er þetta ákvæði sett til þess að koma í veg fyrir, að atkv. í félögum verði fjölgað með skiptingu jarða.

Þá er gert ráð fyrir að heimila, að ráðinn verði sérfræðingur í fisksjúkdómum að tilraunastöðinni að Keldum. Einnig er lagt til, að fjölgað verði í veiðimálanefnd og hún verði skipuð fimm mönnum í stað þriggja í gildandi lögum.

Mikilvægt ákvæði í frv. er um stofnun fiskræktarsjóðs. Nauðsyn ber til að afla fjár í sjóðinn, eftir því sem unnt er, m. a. með fjárveitingu á fjárl., en verksvið sjóðsins er að efla fiskrækt og fiskeldi, einnig að gera fiskvegi og margt fleira, sem ýtt gæti undir aukna fiskrækt.

Þá eru viðurlög aukin við hvers konar brotum á veiðilöggjöfinni, eftirlit verður aukið, m. a. með aðstoð Landhelgisgæzlunnar. Dómsmrh. er rétt, að till. landbrh., að skipa sakadómara í Reykjavík til að rannsaka brot gegn lögunum.

Ýmsar minni háttar breyt. eru í frv. til leiðréttingar og nánari skýringar á gildandi lögum. Þykir ekki ástæða til að ræða þær sérstaklega.

Þar sem ég hef nú tvítekið nokkuð af þessum breyt., sem hér er um að ræða og ég tel, að allar verði til stórbóta, er ljóst, að ekki fer á milli mála, hvað hér er um að ræða. Ég er sannfærður um það, að enda þótt ýmsir telji, að þetta frv. mætti vera á ýmsan hátt öðruvísi og ganga lengra, þá eru þeir sömu menn sammála um, að flest eða allt, sem er lagt til breytinga í þessu frv., sé til bóta frá gildandi lögum. Þá er enginn vafi á því, að þetta frv. ætti að fá fylgi hér í hv. Alþ. Ég er svo að sjálfsögðu til viðræðu, bæði við hv. landbn., sem fær þetta frv. til meðferðar, og aðra hv. þm., ef þeir koma með brtt., sem geta verið til bóta við frv. og heppilegt þykir að lögfesta. Laxveiðilögin eru svo margþætt og svo margir eiga hagsmuna að gæta, að það er eðlilegt, að menn líti nokkuð misjöfnum augum á ýmis atriði þessara mála, og það verður erfitt að setja lög að þessu sinni um þessi mál, eins og alltaf áður, þegar laxveiðilög hafa verið til umr. og breytinga hér í hv. Alþingi.

Vitað er, að lax- og silungsveiði getur orðið nýr og aukinn atvinnuvegur í landinu. Það hefur jafnan þótt mikils virði að hafa lax- og silungshlunnindi á jörð sinni. Árið 1942 voru 539 laxveiðijarðir á landinu, og 1700 jarðir nutu góðs af silungsveiði. U. þ. b. tíunda hver jörð hafði laxveiðihlunnindi, og u. þ. b. þriðja hver jörð naut hlunninda af silungsveiði. En það er enginn vafi á því, að nú eru þetta miklu fleiri jarðir, eftir að fiskræktin er komin á það stig, sem nú er. Önnur hver jörð, jafnvel 80% jarða eða fleiri gætu notið góðs af veiði, þegar ræktun veiðivatna og fljóta er komin á það stig, sem hún getur komizt á hér á landi. Það er þess vegna verðugt verkefni, sem nú er unnið að, og ég get tekið undir með þeim, sem segja, að þetta hafi ekki gengið nógu hratt. Það væri æskilegt, að betur miðaði áfram, en þeir sömu menn eiga þó um leið að viðurkenna, að það hefur miðað talsvert í rétta átt.

En friðunin og skynsamleg framkvæmd þessara mála eru vitanlega undirstaða þess, að góður árangur náist. Skilningur á þessum málum, bæði veiðiréttareigenda og stangaveiðimanna og allra, sem nálægt þessum málum koma, þarf að vera enn meiri en nú er, þótt sá skilningur hafi farið mjög vaxandi. Fyrr á árum, þegar þjóðin var vannærð, þá skildu menn, að það þurfti nokkra friðun og það þurfti nokkurt skipulag. Ákvæði í Grágás um samveiði og friðun eru ótvíræð, og hliðstæð ákvæði má finna í Járnsíðu og Jónsbók. En með aukinni veiðitækni er vitanlega þörf á aukinni friðun og auknu skipulagi, eins og gert er ráð fyrir í því frv., sem hér liggur fyrir. Skipulag og nýting fiskstofnanna og meðferðin eru mjög mikilvæg, og með því að gera það að skyldu að stofna veiðifélög og að einstaklingar geti ekki veitt eftir eigin geðþótta án þess að vera í félagi, er stefnt að því að ná því skipulagslega og þjóðhagslega mikilvæga atriði, sem ekki hefur náðst, á meðan ekki voru allir í veiðifélögum. Takmörkun veiði með l. 1957 var vitanlega mjög mikilvæg, þar sem friðunartíminn var lengdur úr 60 stundum á viku í 84 stundir, og þær margföldu heimildir, sem gert er ráð fyrir að lögfesta með því frv., sem hér liggur fyrir, verða örugg trygging fyrir því, að fiskstofninum verði ekki ofboðið með ofveiði.

Skoðanamunur á milli stangaveiðimanna og veiðiréttareigenda er eðlilegur að vissu marki, en áreiðanlega er það hollt og skynsamlegt að ræða þessi mál af raunsæi og stillingu, og hygg ég þá, að þessir aðilar geti komið sér saman, áður en langur tími líður. Það er nauðsynlegt að hvor aðili viðurkenni rétt hins, og veiðiréttareigendur njóta vitanlega góðs af því að selja veiðileyfin, sem verða mjög eftirsótt og eru þegar orðin mjög eftirsótt.

Íslenzkir stangaveiðimenn bera nokkurn kvíðboga í brjósti út af því, að útlendingar muni koma hingað og yfirbjóða veiðileyfin. Það er rétt, að það hefur nokkuð borið á því, að útlendingar sækist eftir veiðileyfum og borgi vel fyrir. En við því er vitanlega ekkert að gera. Við viljum hafa sem mest upp úr okkar veiðiám og veiðivötnum, en þó með þeim eðlilega hætti, að ekki verði um ofveiði að ræða, og það er enginn vafi á því, að í þessu sambandi, eins og í svo mörgu öðru, mun eftir-

spurn og framboð ráða nokkru um verð á veiðileyfum. En ég hygg, að íslenzkir stangaveiðimenn þurfi engu að kvíða, og þeir hafa raunar sýnt það, að þeir eru hugkvæmir og duglegir. Þeir hafa tekið sig saman og ýmis stangaveiðifélög tekið á leigu ár og vötn, sem voru fiskilaus, og ræktað þessi vötn upp, þannig að eftir stuttan tíma hefur orðið mikil og góð veiði þar, sem engin veiði var áður. Þetta hefur gerzt fyrir framtak og dugnað þessara manna. Ég hygg, að íslenzkir stangaveiðimenn haldi áfram á þeirri braut, sem þeir hafa markað með þessu, og með þeim hætti tryggi þeir sér rétt og pláss í ám og stöðuvötnum landsins til veiði, og það vona ég að verði. Ég teldi, að það væri mjög illt, ef það mætti ekki takast.

Ég hef tekið fram, hvaða friðunarráðstafanir og öryggisráðstafanir er lagt til að lögfesta með þessu frv., sem hér liggur fyrir. Ég vænti þess, að það þyki mikils um vert að fá þær breyt. inn í lögin. Þróun veiðimálanna hefur verið nokkuð ör hjá okkur þrátt fyrir seinaganginn, sem sumir tala um. Aðstaða okkar er á margan hátt mun betri en annarra þjóða. Þær eiga við það að búa, að mengun vatna og sjávarins við strendurnar er slík, að lífinu er hætta búin. Hér á landi er enn, sem betur fer, lítið um það að ræða. Aðrar þjóðir verða að horfa upp á minnkandi veiði í ám og vötnum hjá sér, en við höfum möguleikana til þess að auka þetta umfram það, sem nokkur önnur þjóð hefur möguleika á. Við skulum vona, að algert bann við laxveiði í úthafinu verði í framkvæmd, þótt þjóðirnar séu ekki sammála um það. Það er talið, að íslenzki laxinn hafi enn ekki verið veiddur á úthafinu, en um þetta vitum við vitanlega ekki gjörla. En jafnvel þótt hann hafi ekki verið enn veiddur, þá vitum við ekki, hvenær að því kemur, að stöðvar hans finnist og að útlendingar færu að ausa honum upp í sín stórvirku veiðitæki. Það er þess vegna mikið atriði fyrir framtíð íslenzkra veiðimála, að algert bann við laxveiði á úthafinu komist í framkvæmd.

Herra forseti. Ég tel, að að svo komnu máli sé ekki beinlínis öllu fleiri orðum um þetta frv. að fara, en legg til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Þegar þetta frv. um lax- og silungsveiði var lagt hér fyrir í þessari hv. d. á síðasta þingi, þá gagnrýndi ég nokkur atriði og taldi þurfa að gera á frv. talsverðar breytingar. Hæstv. landbrh. lýsti því yfir í fyrra, að frv. væri þá ekki ætlað að verða að lögum á því þingi, en lagt aðeins fram til þess að tími gæfist til athugunar á málinu og kynningar fyrir þm. og aðra, sem höfðu áhuga á veiðimálum og hagsmuna ættu þar að gæta. Þetta var að mínum dómi mjög hyggilegt og vel ráðið. Nú hafa ýmsir aðilar fengið tóm til þessarar athugunar og getað komið aths. sínum á framfæri við hæstv. ráðh. Eins og kemur nú fram í frv. og af ræðu hæstv. ráðh., þá hefur þetta borið verulegan árangur, því að nú kemur frv. talsvert breytt til bóta frá því, sem það var í sinni upphaflegu mynd. Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir þessu og þakka hæstv. landbrh. þau hyggilegu vinnubrögð, sem mér virðist, að hann hafi haft í þessu máli.

Breytingar á lax- og silungsveiðilögum hafa alltaf, eins og hæstv. ráðh. tók áðan fram í sinni ræðu, verið í flokki hinna viðkvæmustu mála, sem Alþ. hefur fengið til meðferðar. Þar fléttast venjulega saman tilfinninga- og hagsmunamál, bæði raunverulegir hagsmunir og einnig ímyndaðir hagsmunir. Veiðiréttur í ám og vötnum hefur frá landnámstíð verið hin beztu hlunnindi og sannkölluð kóróna á hverri jörð að eiga slík hlunnindi að einhverju marki. Sumar jarðir eru líka þannig frá náttúrunnar hendi, að ef ekki fylgdu veiðihlunnindi, þá væru þær varla byggilegar sem bújarðir. Því er engin furða þó þeim, sem þar búa, sé sárt um allt, sem skerðir veiðihlunnindi, þar sem þau veita skilyrði til lífsbjargar á jörðinni, sem annars væru þar með öðrum hætti og kannske ekki fyrir hendi. En þetta þarf ekki til. Það þykir öllum vænt um veiðiréttindi sín, jafnvel þótt þau gefi ekki nema lítinn ávinning.

Eignarréttarhugtakið, eins og við Íslendingar höfum skilgreint það í sambandi við jarðeignir, hefur jafnan verið mjög viðkvæmt og engar deilur hér á landi verið jafnheitar eins og í sambandi við ágreining um landamerki og hlunnindi, hvort sem þau eru fólgin í veiði, reka, skógarhöggi, beit eða slægju eða þá einhverju öðru, sem snertir jarðeignir. Þess vegna er, eins og ég sagði hér áðan, lagasetning um slík mál mjög vandasöm og þar er ekki flas til fagnaðar. Það er skynsamlegt að fara sér hóflega í slíkar breytingar, eins og nú á sér stað í sambandi við þetta mál. Þess ber einnig að geta, að á síðari tímum hefur vaxið skilningur allra ábyrgra manna á því, að það þarf að vernda fiskstofnana í ám og vötnum fyrir ofveiði og jafnvel eyðileggingu og reyna að auka og efla þessi hlunnindi. Það hefur sannazt með aðstoð vísindanna, að þetta er hægt að gera. En einnig um þessi mikilsverðu vísindi er vandasamt að fjalla við setningu löggjafar, sem snertir svo marga aðila og eigendur eins og hér eru að veiðiréttinum.

Hæstv. ráðh. gat þess í sinni ræðu, að hér á landi væru yfir 500 veiðijarðir. Auðvitað eru eigendur þessara mörgu jarða með mismunandi sjónarmið og breytilega afstöðu á hinum ýmsu jörðum hér á landi. Ég vil láta það koma hérna fram við þessa umr., að mitt höfuðsjónarmið í sambandi við löggjöfina um lax- og silungsveiðina er það í fyrsta lagi, að veiðin fylgi jörðunum áfram, eins og hún hefur gert frá fornu fari, og verði aldrei frá þeim tekin, og að eigendur og ábúendur jarðanna hafi þar allan umráðarétt, eins og verið hefur, vitanlega innan þeirra takmarka, sem þurfa að vera þessum hlunnindum til verndar frá náttúrufræðilegu og þjóðhagslegu sjónarmiði, – í öðru lagi, að beitt verði af hálfu ríkisins öllum tiltækilegum ráðum, vísindalegum og með fjárhagslegum stuðningi, til þess að gera ár og vötn landsins að góðum veiðiám og vötnum, svo að sem flestar jarðir geti orðið þessara hlunninda aðnjótandi og sem allra flestir menn geti fengið að njóta þess yndis að standa við þessi vötn og þessar ár sér til heilsubótar í sumardýrðinni og njóta náttúru landsins. Ég er viss um, að það er mikið verk ónunið, bæði með klaki og uppeldi fiskseiða til að sleppa í ár og vötn og með því að gera fossa fiskgenga. Mun þannig mega stórfjölga veiðijörðum og auka mjög þann arð, sem þjóðarbúið hefur og getur haft af vatnafiski.

Ég tel, að þetta frv. tryggi þessa meginstefnu allvel a. m. k., og ég held, að það komi ekki í veg fyrir, að þróunin geti orðið í rétta átt. Það er ákaflega mikils

virði, að löggjöf, sem sett er, komi ekki í veg fyrir, að þróun geti stefnt í rétta átt á því sviði, sem verið er að fást við með löggjöfinni. En það veltur vitanlega mjög mikið í þessu efni eins og öðrum á því, hvernig framkvæmdin er, hverjir með framkvæmdina hafa að gera og hvernig þeir beita valdi sínu. Ég ætla mér ekki að hafa langa ræðu um þetta mál við þessa umr. Það gefast til þess tækifæri síðar að ræða málið frekar, ef mér þá þætti til þess nokkur ástæða, en eins og ég sagði hér, þá get ég í meginatriðum stutt þetta frv. En mundi þó vilja hafa nokkur ákvæði með öðrum hætti, og með það í huga, að sú hv. n., sem málið fær hér til athugunar, kynni að vilja líta á þau atriði sérstaklega, þá ætla ég með örfáum orðum að víkja að því, sem ég teldi að ætti að vera með öðrum hætti en frv. gerir ráð fyrir.

Ég kem þá fyrst að 19. gr. frv., en með þeirri gr. hefst sérstakur kafli, sem fjallar um veiðifélög. Upphaf greinarinnar hljóðar svo: „Skylt er mönnum að gera með sér félagsskap um skipulag veiði í hverju fiskihverfi, svo fljótt sem kostur er.“ Mér finnst þetta ákvæði orðað á óeðlilegan hátt og geti orðið óheppilegt að hafa orðalagið þannig, að menn séu skyldaðir til þess að stofna þessi félög um fiskihverfið. Ég er síður en svo á móti þessum félagsstofnunum og tel, að það sé nauðsynlegt að hafa slík félög, en ég er hræddur um, að þetta kunni e. t. v. að geta valdið einhverjum vandræðum. Ég veit ekki til þess, að slík lagaskylda um félagsstofnanir sé áður til í neinum lögum. Og ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar, – það kann að vera mín sérvizka, – að það sé ekki heppilegt að skylda menn eða þvinga þá með lögum til þess að gera vissa hluti, heldur beri þá frekar að reyna að laða þá að því verkefni, sem löggjafinn vill láta vinna að. Og ég er hræddur um, að árangurinn kunni kannske að verða annar en sá, sem til er ætlazt, þegar þannig er farið að, að það gæti farið svo, að hún yrði í öfugu hlutfalli við tilgang lagabókstafsins. Þetta er það, sem ég óttast. Ég vil því hafa ákvæðið um þessar félagsstofnanir frjálslegra en þarna er og mundi leggja á það áherzlu, að þetta yrði sérstaklega tekið til athugunar.

Í 26. gr. er tekið fram, að það þurfi atkv. 2/3 félagsmanna til þess að setja veiðifélagi samþykkt, þegar það hefur verið stofnað, svo að það hafi sínar reglur til þess að fara eftir. Þetta finnst mér eðlilegt ákvæði um atkvæðafjöldann, en því undarlegra þykir mér hitt, að í 32. gr. er einnig tekið fram um atkvæðafjölda í sambandi við ýmsar ákvarðanir, sem veiðifélög þurfa að taka, sem eru mjög margar og margar slíkar ákvarðanir mjög þýðingarmiklar, eins og bezt kom fram í skýringum hæstv. ráðh. hér áðan í ræðu hans um þessa gr., þar sem veiðifélög hafa með höndum mikilsverð málefni, m. a. um það, hvort á að friða svæði o. s. frv. Sýnist mér, að það sé óeðlilegt, að það þurfi minna atkvæðamagn til þess að gera slíka hluti en í hinu tilfellinu. Ég álít, að í sambandi við þessa löggjöf sé það mjög mikilsvert atriði að búa svo um hnútana, að vel tryggður sé réttur minni hl., því að eins og ég hef áður tekið fram og eins og hæstv. ráðh. einnig tók fram, þá eru þessi mál svo viðkvæm og vandasöm, að við verðum að reyna að búa svo um hnútana að réttur minni hl. sé sæmilega tryggður með lögum.

Þá vil ég að síðustu víkja fáeinum orðum að 48. gr. Í henni eru ákvæði um veiðimálanefnd og skipun hennar. Þar er gert ráð fyrir fimm mönnum, einum skipuðum af ráðh. án tilnefningar, en fjórum samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila, einn frá hverjum þeirra. Það er Búnaðarfélag Íslands, það er Hafrannsóknastofnunin, það er Landssamband stangaveiðifélaga og það er Landssamband veiðifélaga. Í veiðimálanefnd hafa verið og eru samkvæmt núgildandi lögum þrír menn, og ég hef ekki trú á, að það sé til bóta að fjölga í n., og teldi eðlilegast, að þetta ákvæði væri óbreytt, og vildi beina máli mínu til hæstv. n., sem þetta mál fer nú til, og bið hana að athuga einnig þetta. Ég álít, að það væri heppilegt að hafa þetta eins og verið hefur. Ég veit, að það er samkvæmt óskum mjög víðs vegar að af landinu, að veiðiréttareigendur kysu helzt, að þetta gæti verið óbreytt, og þá sé ég nú ekki neina sérstaka ástæðu til þess að gera þessa breytingu á, sem í frv. er nú um þetta atriði.

Ég sé enga ástæðu til þess, herra forseti, að tefja hér tímann með lengri ræðu um þetta mál. Ég hef hér drepið á nokkur atriði í frv., sem ég álít að þyrfti að taka til frekari athugunar, og vona ég, að hv. landbn., sem málið fær til athugunar, líti á það, sem ég hef tekið fram eða bent á, með skilningi. Svo skal ég ekki hafa um þetta fleiri orð nú að sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til landbn. með 27 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 369, n. 482, 483, 496).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta um breyt. á l. um lax- og silungsveiði, sem eru frá 1957, hefur verið lengi í undirbúningi og fyrst að geta, að mþn. fjallaði um þetta mál árin 1968 og 1969 og gerði margháttaðar breyt. við lögin. Síðan var þetta frv., sem nú er til umr., lagt hér fyrir Alþ. í fyrra, seint á þingi, og var ekki útrætt. Það mun aðeins hafa verið höfð um það framsöguræða af hálfu hæstv. landbrh., en lengra komst það ekki, enda var þá þinghald komið mjög að lokum. Síðan var þessu frv. nokkuð breytt í rn. og haft um það samráð við framámenn bæði veiðifélaga og áhugamanna um þessi mál, ófélagsbundinna, og var svo lagt fyrir þingið nú í vetur. Allir, sem til sín hafa látið heyra um þetta mál við landbn., hafa talið mikinn vinning að því, að frv. næði fram að ganga, þó að það séu mjög skiptar skoðanir hins vegar um ýmis atriði í frv. Í frv. eru ýmis atriði, sem flestir eru sammála um, að mikill vinningur sé að verði lögfest. Ég vil sérstaklega nefna þrjú atriði, sem virðist vera alger samstaða um, að horfi til bóta. Gert er ráð fyrir mikilli friðun við árósa frá því, sem verið hefur, og vernda þannig göngufisk, sem er á leið í ósana, frá því að vera tekinn, áður en hann getur gengið inn í árnar. Um þetta er alger samstaða.

Þá er kafli í frv. um ráðstafanir vegna fisksjúkdóma, sem mun vera mjög nauðsynlegt að lögfesta sem allra fyrst, og eru, held ég, allir á einu máli um það.

Þá er í þriðja lagi gert ráð fyrir því að stofna fiskræktarsjóð, sem standi undir kostnaði við ýmiss konar framkvæmdir á sviði þessara mála, bæði að því er varðar fiskvegi og klak og uppeldi fisks til að sleppa í vötn, og rækta hreinlega upp fisk í veiðivötnum, sem eru fisklítil eða fisklaus. Hins vegar er ekki full samstaða um það hjá þeim, sem um þetta mál hafa fjallað, hvort þarna sé nógu langt gengið, en allir viðurkenna þó, að þarna sé vísir að miklum og nauðsynlegum framkvæmdum, sem sé nauðsynlegt að styðja. Þetta er í 51. gr. þessa frv. Stofna skal sjóð, sem nefnist fiskræktarsjóður, til stuðnings fiskrækt og fiskeldi í landinu.

Tekjur sjóðsins eru m. a. fjárveiting úr ríkissjóði, en um þá fjárveitingu hafa ekki verið sett nein föst ákvæði, en þess er að vænta, að þetta verði atriði, sem verulega munar um strax og næstu fjárlög verða samin. Það hefur ekki þótt ráðlegt að tiltaka, hvað þetta eigi að verða mikið, en ég held, að það sé skilningur á því, að þarna þurfi að koma til þó nokkur fjárveiting, ef fiskræktarsjóður á á annað borð að geta staðið undir nafni sínu og hlutverki. Þá er gert ráð fyrir gjaldi af skírum veiðitekjum, er innheimtist af veiðifélögum. Þetta er atriði, sem ekki er nákvæmlega búið að reikna út, hvað muni gilda, en að sjálfsögðu hækka slíkar tekjur, um leið og fiskiárnar eða laxárnar eru leigðar hærra og hærra verði og tekjur veiðiréttareigenda fara vaxandi af hlunnindum. Þá stendur í frv., að taka skuli 2‰ af óskírum tekjum, þ. e. a. s. brúttótekjum, vatnsaflsstöðva í landinu, er selja orku til almenningsþarfa. Landbn. hefur leyft sér að gera till. um að hækka þetta upp í 3‰. Það er ekki hægt að fullyrða það á þessu stigi, hvað þetta muni gilda mikið, en þó mun það allmikið fé og fer vaxandi, eftir því sem rafstöðvar eða orkuver stækka og þeim fjölgar. Þetta eru þau atriði, sem ég vil benda sérstaklega á, sem eiga að vera til tekjuöflunar fyrir fiskræktarsjóð.

Þá má einnig geta þess, að eitt veigamikið atriði er í frv., sem er nýtt. Áður hefur verið heimilt að stofna veiðifélög eða fiskræktarfélög, og hefur raunar nokkuð verið á það ýtt af Veiðimálastofnuninni, en nú er gert ráð fyrir, að það sé skylt að stofna slík veiðifélög, þegar ástæður leyfa það á annað borð heima fyrir. Það er rétt að geta þess, að þetta atriði er nokkuð umdeilt, en eigi að síður verður að ætla, að þetta sé nauðsynlegt til þess að hrinda þessum framkvæmdum áleiðis sem allra fyrst.

Um frv. er svo það að segja, að þegar landbn. fékk það til meðferðar, þá sendi hún það strax til umsagnar búnaðarþingi, í öðru lagi Landssambandi veiðifélaga, í þriðja lagi Landssambandi ísl. stangaveiðimanna og í fjórða lagi Félagi áhugamanna um fiskrækt og einnig Veiðimálastofnuninni. Umsagnir bárust frá öllum þessum aðilum, og voru þær að sjálfsögðu mjög ósamhljóða, en fram kom þó að flestallir eða ég held allir, sem svöruðu, töldu mikinn vinning að því, að frv. næði fram að ganga í svipaðri mynd og það nú er, þótt allir þessir aðilar eða flestallir óskuðu eftir meiri breytingum við hin eldri lög, og sum þessi samtök, sérstaklega Landssamband ísl. stangaveiðimanna, óskuðu eftir mjög róttækum breyt., sem n. sá sér ekki fært að verða við.

Þá má geta þess, að n. ræddi þetta mál á mörgum fundum og varði í það talsvert miklum tíma til að skoða frv., og enn sem fyrr var það álit n., að vinningur væri að því, að frv. næði fram að ganga í aðalatriðum í því formi, sem það nú er, en hins vegar voru nm. allir með meiri eða minni brtt. við það. Að lokum varð n. sammála um að leggja til nokkrar brtt., sem hún flytur öll sameiginlega, en ég vil geta þess þó, að einn nm. var ekki á fundi, þegar þetta var afgr., Benedikt Gröndal, en hann var hins vegar á flestum öðrum fundum og setti sig vel inn í þetta mál, og ég ætla, að hann sé samþykkur þessum brtt., sem n. telst flytja sameiginlega.

Ég vil svo gera örstutta grein fyrir brtt., en það er rétt að geta þess, að engin þeirra er neitt stórvægileg, en við álítum þó, að þær horfi allar til bóta og sumar talsvert mikið til bóta.

Við 5. gr. frv. leggjum við til, að inn í hana bætist ákvæði varðandi göngusilung.

Þá er brtt. við 7. gr. varðandi flutning fisks á hrygningarsvæði. Er lagt til að bæta inn einum málslið, sem hljóðar svo:

„Ráðh. er rétt, eftir till. veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, að leyfa veiðifélagi að veiða lax til flutnings á hrygningarstaði. Einnig getur hann leyft, eftir till. veiðimálastjóra og veiðimálanefndar, veiðifélagi að veiða göngulax og flytja hann upp fyrir ólaxgenga fossa eða mannvirki, er hindra fiskför um vötn. Kostnað, er af þessu leiðir, má greiða úr fiskræktarsjóði að ⅓ hluta."

Þetta er nýtt atriði, að veiða megi fisk til að flytja upp fyrir ólaxgenga fossa eða mannvirki, sem hindra fiskför, og er ætlazt til, að ákvæðið nái til orkuvera, t. d. þeirra sem hafa valdið því, að fiskför um vatn hindrast, eða að miklu leyti sé örðugra að gera fiskstiga á því svæði en áður var. Ég held, að þetta sé nauðsynlegt atriði.

Þá er við 11. gr. ein breyt., og hún gengur í þá átt, að ef fiskur hefur verið ræktaður upp í á eða vatni, þá megi taka upp lagnir í vatni, þar sem engar voru áður, þar sem svo breytt skilyrði hafa skapazt vegna aðgerða veiðifélaga. Ég hygg, að þetta sé óumflýjanlegt, og ég held, að það hafi verið af vangá í eldri lögum, að þetta virtist ekki vera heimilt, þegar nýjar aðgerðir koma til í vötnum og farið verður að rækta fisk, sem maður vonar, að geti orðið í vaxandi mæli, eftir því sem árin líða, því að það er áreiðanlegt, að það eru miklir möguleikar til fiskræktar hér í vötnum, sem enn eru ónotaðir.

Þá er við 19. gr. lagt til, að nokkur orð falli út úr gr., þar sem sú skylda er lögð á veiðifélög að eyða sel og öðrum veiðivargi úr vatni, eins og það er orðað. Það er ákaflega hæpið, að þetta standist, ef ætti að framfylgja því, að veiðifélag geti innt þá skyldu af höndum að veiða t. d. friðaða fugla, sem væru taldir eyða fiski, eða drepa sel. Það hefur komið fram, að þessi ákvæði stangast hreint og beint á við önnur lög. Þar að auki er mikill ágreiningur orðinn um þetta nú, og vaxandi fylgi er við þá skoðun, að hættan, sem stafi af sel í veiðivötnum, sé eigi eins mikil og áður var talin. Sumir halda því jafnvel fram, að selur geti orðið til bóta við árósa. Ekki vil ég fullyrða um það, en ég hef þá skoðun, að jafnvægi í náttúrunni sé yfirleitt þannig, að það sé mjög hættulegt að leggjast á einstakar tegundir dýra og eyða þeim til þess að vernda aðrar. Það geti komið illa í

bakseglin. Ég veit til þess, að þetta hefur valdið vandræðum sums staðar. Sumir hafa talið skylt að skjóta toppendur t. d. og lóma á friðunartíma, af því að þessir fuglar væru veiðivargar, og einnig sé sjálfsagt að drepa selinn og útrýma honum hreinlega.

Þá er í 20. gr. ein orðalagsbreyting. Það er bara málvöndunarsjónarmið.

Sama er að segja um 29. gr., þar sem talað er um fylgifé jarða. Ég vil orða þetta á annan veg, en það er engin efnisbreyting.

Og þá er 34. gr. Fyrir: „Hverjum manni er skylt" í upphafi gr. komi: Skylt er. – Við teljum, að „hverjum manni er skylt" nái ekki yfir það, sem ætlazt er til, að það nái. Það geta verið fleiri en einstakir menn, sem þarna eiga hlut að máli, t. d. stofnanir. Það er engin efnisbreyting.

Þá er í 37. gr. lagt til, að nokkur orð falli úr gr. Þau hljóða þannig: „þá er fé verður til þess veitt á fjárl."

Þá er 45. gr., það er varðandi ófriðun sels. Við teljum vafasamt að gera mönnum skylt að eyða sel, hvar sem hann fyrirfinnst og viljum gera þetta að heimildarákvæði. Getur þá ráðh. ófriðað selalagnir og látrin eftir till. veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, enda sýni mat, að arður af laxveiði eða göngusilungi í ánni sé meiri en arður af selaveiði. Við viljum taka af þetta skýlausa ákvæði um ófriðun sels á þessum svæðum, en hins vegar sé heimilt að ófriða hann. Ráðh. hafi heimild til þess, ef veiðimálastjóri og veiðimálanefnd leggja það til. Það er m. ö. o. verið að draga úr þeim ákvæðum, sem gilt hafa og hafa valdið víða miklum vandræðum og jafnvel málaferlum og skaðabótum. Hæpið er, að ákvæðin um ófriðun sela standist gagnvart öðrum lögum, enda mun það hafa farið svo í dómum um slík mál. Ég held, að það sé eðlilegra, að þetta sé heimild en bein lagaskylda, að ófriða selinn eftir þessum reglum. Sama gildir um 2. málsl. þessarar gr., það er bara til samræmis við hitt.

Svo kem ég að því, sem ég nefndi áðan, varðandi fiskræktarsjóðinn. Við leggjum til, að í staðinn fyrir 2‰ af brúttótekjum vatnsaflsstöðva komi 3‰. Það er rétt að geta þess, að það er prentvilla á þskj., og þar stendur 3%, en það er búið að prenta þskj. upp aftur, svo að það á ekki að valda neinum vandræðum.

Þá er aðeins ein brtt. enn, það er við 52. gr., að þar falli niður, þar sem talað er um klakhús og eldisstöðvar, sem geta notið styrks úr fiskeldissjóði, ef þær hafi starfað í þrjú ár. Við leggjum til, að niður falli þetta ákvæði um þriggja ára tímann og það sé á valdi veiðimálastjóra og veiðimálanefndar, hvenær talið sé eðlilegt og rétt að styrkja þessa starfsemi.

Þá hef ég ekki fleira um þetta að segja. Það er rétt að geta þess, að einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja fleiri brtt., sem n. hefur ekki orðið sammála um. Við höfum ekki flutt neitt annað en það, sem hún er alveg sammála um. Sumar brtt. munu ekki enn vera komnar fram, en þær mundu þá verða teknar til afgreiðslu við 3. umr.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég hafði reiknað með því út af viðtali okkar formanns og frsm. landbn., að þetta mál kæmi ekki hér fyrir fyrr en á fimmtudag. Þess vegna vorum við ekki búnir að koma hér fram með brtt., sem við vorum búnir að ákveða að flytja við þessa umr. Þessar brtt. eru fluttar vegna eindreginna óska allra þeirra landeigenda, sem höfðu viðtal við n. Það voru fyrst og fremst bændur úr Árnes- og Rangárvallasýslu og úr Borgarfirði, og enn fremur kom ósk frá Landssambandi veiðifélaga. Ósk þeirra er sú í fyrsta lagi, að 32. gr. breytist þannig, að í stað 3/5 atkv. komi 2/3 atkv., og í öðru lagi, að 48. gr. falli niður. 48. gr. er um það að breyta veiðimálanefnd, fjölga í henni úr þremur í fimm. Eins og hv. þdm. vita, hefur þetta verið þannig, að það er annars vegar veiðimálanefnd og hins vegar veiðimálastjóri. En veiðimálastjóri er í raun og veru ekki starfsmaður eða framkvstj. veiðimálanefndar. Ég hef alltaf litið þannig á, að þetta fyrirkomulag væri mjög gallað, og ég hugleiddi það, hvort það væri ekki tiltækt að breyta þessu nú í sambandi við endurskoðun á þessum lögum. En þar sem er mjög liðið á þingtímann og í ljós kom, að ef meiri háttar breyt. yrðu gerðar við frv., mundi það ekki ná fram að ganga, þá féll ég frá því, eða við, að þessu sinni að flytja þessar brtt. En með þetta í huga tel ég mjög óeðlilegt, að það sé þá verið að breyta þessari n. á nokkurn hátt, og þar sem það er enn fremur ósk landeigendanna, að það sé ekki gert, þá legg ég töluvert upp úr því, að það sé ekki verið að hreyfa við þessu ákvæði laganna nú.

Þetta var rætt töluvert mikið í landbn., og varð ekki samkomulag um, að n. í heild flytti þessa brtt. Hins vegar eru þeir flm. með mér að þessari brtt., hv. 5. þm. Vesturl., Benedikt Gröndal, hv. 5. þm. Austf., Vilhjálmur Hjálmarsson, og hv. 2. þm. Sunnl., Ágúst Þorvaldsson. En þar sem ekki hefur verið hægt að prenta þessar brtt. og ég veit ekki, hvort menn hafa áttað sig nægilega á því, hvað hér er um að ræða, þá mun ég taka þessa till. aftur til 3. umr., þannig að mönnum gefist kostur á því að kynna sér þetta betur, áður en til atkvgr. kemur.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða þetta frekar nú, en mun gera það e. t. v. síðar, ef ástæða þykir til.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 504) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. landbn. fyrir það, að hún hefur á tiltölulega stuttum tíma afgr. þetta mál frá sér, þetta mál, sem jafnan vekur deilur, þegar það er til umr. í Alþ. Það kemur ekkert á óvart, sem hv. frsm. sagði hér áðan, að margir af þeim, sem komu á fund n., höfðu ýmsar óskir fram að bera umfram það, sem felst í þessu frv. En það er athyglisvert, að þeir munu allir hafa óskað eftir því, að frv. yrði að lögum á þessu þingi, því að þótt þeir fengju ekki óskir sínar uppfylltar, þá bæri að viðurkenna það, að þetta frv. væri til bóta, það væri betra en gildandi lög. Og ég held, að það sé gott til þess að vita, að allir, sem n. ræddi við, höfðu óskir umfram það, sem í frv. er. Það hefur verið ágreiningur á milli veiðiréttareigenda annars vegar og stangaveiðimanna hins vegar, en það virðist vera nokkurt jafnvægi í þessu, þegar báðir aðilar eru að nokkru leyti óánægðir, en telja þó, að frv., eins og það er, sé til mikilla bóta frá gildandi lögum. Verður þá að ætla, að hér hafi verið farinn

meðalvegurinn og sú leiðin, sem farsælust er til þess að lagfæra þessa löggjöf, eftir því sem þörf er á.

Þær brtt., sem n. flytur sameiginlega, eru sumar að mínu áliti til bóta. Aðrar eru meinlausar, en ég held, að það megi fullyrða, að engin till. spilli málinu, og ef hv. Alþ. vill fallast á þessar brtt., telur til bóta að samþykkja þær, þá hef ég ekkert við það að athuga.

Hins vegar hefur hv. þm. Jónas Pétursson flutt till. í fjórum liðum á þskj. 496. Ég tel ekki ástæðu til þess að lýsa þeim. Þær skýra sig sjálfar á borðum hv. þm. Ég tel þær ekki til bóta, fjórða till. er um að taka gjald af seldum veiðileyfum. Þetta var í frv., þegar það var lagt fram á síðasta þingi, og það fór í nákvæma athugun í rn., og var um það rætt við ýmsa, sem við veiðimál fást, og að athuguðu máli var þetta fellt úr því frv., sem nú er til umr. Ég get þess vegna ekki lýst fylgi mínu við till. þessa hv. þm. á þskj. 496.

Þá lýsti hv. 5. þm. Norðurl. e. skriflegri till. áðan, sem nú er til umr., en kemur ekki til atkv. fyrr en við 3. umr. Það er í sambandi við 32. gr. um atkvæðamagnið, hvort það eigi að vera 2/3 eða 3/5. Ég fyrir mitt leyti legg ósköp lítið upp úr þessu, sé enga ástæðu til þess að mæla gegn þessu, ef hv. d. vill heldur hafa það þannig. Ég sé ekki, að þetta geti verið stórt atriði, hvort þarna er um 3/5 að ræða eða 2/3, og satt að segja kemur mér það algerlega á óvart, ef þetta er deilumál. Það verður hver hv. þm. að meta það sjálfur, hvort þarna fer betur á því að hafa 3/5 eða 2/3, og það er ekkert kappsmál frá minni hendi, hvort hlutfallið verður ráðandi.

En brtt. við 48. gr. horfir öðruvísi við frá mínu sjónarmiði. Það er óhyggilegt að breyta því. Það þarf að vera samstarf og samvinna á milli stangaveiðimanna og veiðiréttareigenda. Þetta frv. tryggir hlut og það tryggir rétt landeigenda og veiðiréttareigenda. Veiðiréttareigendur og landeigendur eiga að hafa gott samstarf við stangaveiðimenn, og þeir vilja hafa það. En það, sem felst í 48. gr. í sambandi við skipun veiðimálanefndar, er að fjölga úr þremur í fimm og að gefa stangaveiðimönnum rétt á því að tilnefna einn mann af fimm í n. Ég trúi því ekki, að landeigendur yfirleitt séu hræddir við þetta, og ég fullyrði, að það er engin ástæða til þess að vera á móti frv. Og það er óhyggilegt fyrir þá, sem ætla að halda því, sem skiptir mestu máli og er mest virði, að vilja ekki láta eftir það, sem litlu máli skiptir, eða það, sem getur orðið til þess að gera þá menn ánægðari, sem samstarf þarf að hafa við. Hv. þm. hafa tekið eftir því, hvernig lagt er til, að veiðimálanefnd verði skipuð, ef þetta frv. verður að lögum. Í veiðimálanefnd eiga sæti fimm menn. Ráðh. skipar n., einn án tilnefningar, – og varla er gert ráð fyrir því, að ráðh. skipi mann án tilnefningar, sem væri óvinveittur bændum eða vildi ganga á hlut þeirra, einn samkv. tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, það verður að ætla, að sá maður verði vinsamlegur veiðiréttareigendum, – einn samkv. tilnefningu Hafrannsóknastofnunarinnar, – það verður að ætla, að sá maður verði sanngjarn og vilji hlut beggja jafnt, – einn samkv. tilnefningu Landssambands stangaveiðifélaga og einn samkv. tilnefningu Landssambands veiðifélaga. Ég held, að hagsmunir veiðiréttareigenda ættu að vera tryggðir í n., sem þannig er skipuð, og veiðiréttareigendum eigi ekki að stafa hætta af því, þó að stangaveiðimenn tilnefni einn mann. Ráðh. skipar formann n.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þessa gr., og ég sé ekki heldur ástæðu til þess að fara að víkja að brtt., sem n. flytur sameiginlega. Hv. frsm. lýsti þeim hér áðan. Ég vil endurtaka þakklæti mitt til n. fyrir það að hafa afgr. málið tiltölulega fljótt, og ég vil leggja áherzlu á það, að þetta mál, sem jafnan er deilumál, verði að lögum á þessu þingi, því að það virðist vera svo, að þetta frv. þóknist öllum að nokkru og að það hafi þegar fengið viðurkenningu um það að vera til bóta frá gildandi lögum.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Vegna ummæla hæstv. landbrh. vil ég endurtaka það, sem ég sagði áðan, að þessar brtt. okkar eru fluttar eftir eindreginni ósk þeirra landeigenda allra, sem heimsóttu n. og hafa haft samband við okkur, eða a. m. k. mig persónulega, á því tímabili, sem við höfum verið að ræða og athuga þetta frv.

Eins og hæstv. landbrh. gat um, er þessi löggjöf tilfinningamál, og hún verður auðvitað aldrei sett þannig, það er okkur ljóst, að allir verði ánægðir. En þegar við förum að ræða um það við þá menn, sem tóku sér langar ferðir á hendur, bæði ofan úr Borgarfirði, úr Árnessýslu og Rangárvallasýslu, til að tala við okkur, og sögðum þeim frá því, að það væri kannske um tvennt að velja, – það væri að koma með mjög litlar brtt., og þá mundi e. t. v. þetta frv. nást fram á þessu þingi, eða það næðist ekki fram, – og spurðum þá, hvað það væri þá fyrst og fremst, sem þeir legðu áherzlu á, þá var það einmitt það, að óbreytt yrði þessi skipan veiðimálanefndar. Þó að það væri ekkert annað en það, þá lögðu þeir áherzlu á, að við reyndum að breyta þessu ákvæði. Og þegar ég spurði suma af þeim að því, hvort þeir vildu þá frekar, að þetta frv. næði ekki fram að ganga, ef við fengjum ekki þessa breytingu, þá óskuðu a. m. k. sumir þeirra frekar eftir því. Hvort sem þetta er stórt atriði eða ekki, þá líta landeigendur svona á, það er staðreynd.

Ég er alveg sammála hæstv. landbrh., að í sambandi við hina brtt. um atkvæðamagnið er það ekki mikið atriði, en það var samt það atriði, sem þeir lögðu mesta áherzlu á, og þess vegna var það tekið með.

Eins og ég gat um áðan, telja ýmsir bændur, að stjórn þessara mála ætti að vera á annan veg, eins og ég sagði. Það væri kannske eðlilegast, að þetta væri bara deild í Búnaðarfélaginu og veiðimálastjóri væri nokkurs konar ráðunautur þar. Ég veit, að það verður farið að berjast fyrir þessari breytingu á næstu árum. Ég vil þess vegna vekja athygli á því, hvernig 102. gr. l. er nú, en við leggjum til, að þessu verði ekki breytt. Ég vil, með leyfi forseta, lesa þessa gr. upp:

„Í veiðimálanefnd eiga sæti þrír menn. Ráðh. skipar n., einn nm. að fengnum till. Búnaðarfélags Íslands, en annan að fengnum till. Fiskifélags Íslands. Nú verður stofnað landssamband fiskræktarfélaga eða veiðifélaga, og skulu þá tveir nm. skipaðir að fengnum till. þessara sambanda í stað Búnaðarfélagsins og Fiskifélagsins. Í stað nm., sem tilnefndur er af Búnaðarfélaginu, komi maður tilnefndur af landssambandi

fiskræktarfélaga, og í stað þess, er Fiskifélagið tilnefnir, komi nm., er landssamband veiðifélaga tilnefnir."

Þetta er gr. eða sá hluti hennar, sem um er að ræða í þessu sambandi, og þetta er það, sem landeigendurnir leggja til að sé óbreytt. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða þetta frekar.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er langt frá því, að ég sé að rengja hv. 5. þm. Norðurl. e. um það, að þeir hv. og ágætu menn, sem hann ræddi við og eru veiðiréttareigendur, hafi borið þessa ósk fram. Ég rengi það ekki neitt. En hitt er annað mál, að ég tel, að það sé ástæðulaust fyrir þá að leggja svona mikla áherzlu á þetta, og ég tel það óhyggilegt, og þess vegna er ég á móti því að fella þetta niður. Það er að yfirlögðu ráði, sem lagt var til að skipa veiðimálanefnd á þennan veg. Það var reynt að taka tillit til sem flestra sjónarmiða. Þetta er þáttur í því að sætta hin stríðandi öfl, sem hafa verið sundurleit í veiðimálunum, en gera það þó þannig, að það verði bændum eða veiðiréttareigendum ekki til skaða, og veiðiréttareigendur hafa viðurkennt það, að þetta frv. tryggir þeirra rétt og þeirra hlut, en það hefur sumum fundizt, að hlutur stangaveiðimanna í þessu frv. væri fyrir borð borinn. En mér finnst eðlilegt, að hlutur þeirra, sem eiga veiðirétt og veiðilönd, sé tryggður með þessari löggjöf. Í því felst að viðurkenna eignarréttinn samkv. stjórnarskránni, en bændur þurfa að hafa samskipti og viðskipti við aðra til þess að geta notið þessara verðmæta og hafa vinsamleg viðskipti. Og þess vegna er eðlilegt að láta nokkuð eftir þessum viðskiptamönnum, stangaveiðimönnunum, sérstaklega ef það er veiðiréttareigendum að kostnaðarlausu. Og það er þetta sjónarmið, sem ræður afstöðu minni í þessu máli, og ég tel það varasamt og beinlínis óhyggilegt að fella þetta ákvæði burt, að stangaveiðimenn megi eiga einn mann í veiðimálanefnd af fimm.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af lokaorðum hv. 5. þm. Norðurl. e., þar sem hann var að segja d. frá þeim umr., sem landbn. átti við ýmsa menn og fulltrúa frá samtökum í sambandi við þetta mál. Það er alveg rétt, sem hann sagði, að það komu mjög eindregnar óskir frá veiðiréttareigendum, að það væri ekki fjölgað í veiðimálanefnd á þennan hátt, eins og frv. gerir ráð fyrir. Hins vegar kom það líka fram hjá samtökum stangaveiðimanna, að þeir lögðu mjög mikla áherzlu á það, að þessi skipun héldist. Ég tel eðlilegt, að þessi sjónarmið séu líka dregin fram, úr því að sjónarmið hinna voru þarna dregin sérstaklega fram. Það komu sendinefndir til okkar í n. frá samtökum í Borgarfirði og samtökum í Árnes- og Rangárvallasýslu, en aðeins bréf frá Landssambandi veiðifélaga. Það kom líka sendinefnd frá samtökum stangaveiðimanna, og eitt með öðru, sem hún lagði sérstaka áherzlu á, var einmitt það, að þetta atriði héldist, og ég sagði öllum þeim mönnum, sem ræddu þetta við mig af hálfu veiðiréttareigenda, að mér fyndist persónulega, að þetta væri sanngjörn skipun á nefndinni, að þarna hefðu báðir þessir aðilar fulltrúa, því að það væri eðlilegt, að þeir ynnu saman, án þess að til ágreinings kæmi. Sum stangaveiðisamtökin hafa lagt mikið fé í ræktun á fiski í einstökum ám. Og þar sem ég gekk inn á þetta sjónarmið í mþn., að eðlilegt væri, að þessi veiðimálanefnd væri skipuð á þennan hátt, þá hef ég lýst yfir því við marga laxveiðiréttareigendur, að ég mundi ekki flytja till. um að breyta þessu. Sama viðhorf var hjá öðrum í n., t. d. Þóri Steinþórssyni. Þetta vildi ég að kæmi fram, vegna þess að það var verið að draga hér inn í umr. viðhorf einstakra samtaka, sem hefðu komið á fund n. Er því rétt að segja söguna alla, en segja ekki hluta af henni.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það var aðeins vegna ummæla síðasta ræðumanns, hv. frsm. n., en hann gat þess ekki, að ég var bundinn á öðrum fundi, þegar einmitt sendinefnd frá stangaveiðimönnum kom til n., og þar sem nál. er líka þannig úr garði gert hjá hæstv. frsm., að ekki er getið í því umsagna þeirra, sem sendu bréflegar umsagnir, eða þess, sem kom fram frá þessum sendinefndum, þá var mér alveg ókunnugt um þetta viðhorf þessarar sendinefndar stangaveiðimanna og gat því ekki hér rætt um það, sem ég hafði ekki hugmynd um. Þar sem þetta kom ekki fram hjá hv. ræðumanni, þá vil ég leiðrétta þetta.

Hins vegar var ósk landeigendanna ekki á þá leið, að þetta væri alveg óbreytt, heldur að maður Fiskifélagsins félli út og þeirra maður kæmi þar í þess stað. En við sýndum þeim fram á, að það væri óhugsandi, að við gætum lagt slíkt fram hér á hv. Alþ., og þess vegna mundum við fara þessa leið, sem þeir féllust á.

ATKVGR.
Brtt. 496 og 504 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 483, 1 samþ. með 28 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 483,2 samþ. með 28 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
8.–10. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 483,3 samþ. með 28 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
12.–18. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 483,4 samþ. með 26:1 atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 483,5 samþ. með 27 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
21.–28. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 483,6 samþ. með 28 shlj. atkv.
29. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
30.–33. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 483,7 samþ. með 29 shlj. atkv.
34. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
35.–36. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 483,8 samþ. með 30 shlj. atkv.
37. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
38.–44. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 483,9 samþ. með 28 shlj. atkv.
45. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
46.–50. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 483,10 samþ. með 25:1 atkv.
51. gr., svo breytt, samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 483,11 samþ. með 27 shlj. atkv.

52. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
53.–65. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Á 70. og 71. fundi í Nd., 9. og 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 507, 496, 504, 534).

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 534 að flytja brtt. við það frv., sem hér er til umr. Brtt. er þess efnis, að ráðh. skipi veiðimálanefnd til 4 ára í senn, en í frv. er ekki gert ráð fyrir tímatakmörkun í skipun n. Ég tel rétt og eðlilegt, þegar slíkar n. eru skipaðar samkvæmt lögum, að þá séu þær skipaðar til ákveðins tíma, kjörtímabil þeirra ákveðið, og legg því til í brtt., að það séu 4 ár.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Við 2. umr. var samþ. brtt. við 51. gr., sem fjallaði um það að stofna fiskræktarsjóð til stuðnings fiskrækt og fiskeldi í landinu, og síðan segir, hverjar tekjur sjóðsins eru, og loksins eru ákvæði um stjórn sjóðsins. Það getur í sjálfu sér ekki verið neinn ágreiningur um nauðsyn þess, að efnt sé til fiskræktar og fé sé fyrir höndum í því skyni. Hins vegar má mjög deila um, hvort í þessum till. er fundin heppilegasta leiðin til að afla fjár, og það nýmæli er í stjórnarfrv., sem raunar kom frá n., er um málið hafði fjallað, en þar segir í d-lið upphaflega frv., að 2‰ af óskírum tekjum vatnsaflsstöðva í landinu, sem selja orku til almennings, eigi að renna í þennan fiskræktarsjóð. Þetta var svo við 2. umr. hækkað í 3 ‰. Það hafði í brtt. upphaflega misprentazt þannig, að það var 3%, en mönnum þótti það of hátt, svo að leiðrétting var auðvitað á því gerð, enda um misskilning að ræða.

Ég tel það þurfi nokkru nánari athugunar við, hversu langt eigi að ganga í því efni að leggja á rafmagnsverð í landinu, og það er það, sem er verið að gera hér, skatt til þess að auka fiskigengd í ám, og þar með gera verðmeiri þau mjög verðmætu veiðihlunnindi, sem víða eru. Það er ljóst, að á allra síðustu árum hafa þessi hlunnindi hækkað mjög í verði og arður af þeim stórlega vaxið. Ekki síst á allra síðustu árum. Þarna er því um að ræða mjög mikla tekjumyndun, og þó að menn geti fallizt á það, að e. t. v. sé til athugunar og megi koma til greina, að nokkuð sé lagt á rafmagnsvirkjun í landinu, sem auðvitað byggist á vatnsaflinu, til að efla nytjafisk í ánum, þá finnst mér það nokkuð fljótt að farið að hækka strax framlagið um 50% frá því, sem samkomulag hafði orðið um. Hitt er látið vera hið sama gjald og upphaflega var gerð till. um, af tekjum veiðifélaganna, en það er ljóst, að veiðifélögin hafa nú þegar fengið mjög auknar tekjur vegna hækkaðs verðlags á lax- og silungsveiði yfirleitt og munu hljóta tekjurnar af þeim ráðstöfunum, sem verið er að gera með stofnun þessa fiskræktarsjóðs. Það er einnig athyglisvert, að af tekjum veiðifélaganna á gjald af skírum veiðitekjum að vera 2%, er innheimtist af veiðifélögum. Þeir, sem ekki eru í veiðifélagi, eiga þá ekki að borga neitt, en veiðifélögin eiga einungis að borga af hreinum tekjum af veiðinni, hvernig sem þær eru metnar. Aftur á móti á gjaldið af vatnsaflsstöðvum ekki að borgast af hreinum tekjum þeirra, heldur, eins og segir hér, óskírum tekjum, þ. e. a. s. brúttótekjum, sem kallað er í daglegu máli. Nú er þetta að vísu miklu lægra gjald, en engu að síður er þarna álagningargrundvöllurinn allt annar, og það minnir mig á það, sem einn hv. þm. sagði hér í d. í gær á móti aðstöðugjaldi, að það væri ósanngjarnt, að það legðist á kostnað, en í raun og veru leggst þetta gjald til veiðiréttareigenda á alla rafmagnsnotendur í landinu og þeim mun meira, sem þeir þurfa á rafmagni að halda, þar með stærri fjölskyldur meir en minni fjölskyldur o. s. frv. Ég hygg, að þessi gjaldstofn sé mjög hæpinn til að koma fram því þarfa máli, sem hér um ræðir. Ég hafði þó getað sætt mig við það, meðan það átti að vera í nokkru hófi, en þegar menn alveg umtalslaust og af sjálfu sér fallast strax á að hækka það um 50% hér í d., þá fannst mér vera ástæða til að vekja athygli á því, að hér er farið inn á mjög hæpna braut, um leið og það sýnir mjög góðan skilning þeirra manna, sem þurfa að borga rafmagnsreikninga, á þörf þeirra, sem eiga veiðiár og njóta þar bæði veiði og peninga fyrir veiðina, þegar menn borga nokkuð þeim til hlunninda í hvert skipti, sem menn kveikja á rafmagnslampa, en sú gjafmildi getur samt farið úr hófi.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls hér í hv. d. hafði ég lagt fram nokkrar brtt. við þetta frv., en ég gat ekki verið viðstaddur þá umr. og óskaði því eftir því, að þessar till. yrðu teknar aftur til 3. umr., og þess vegna langar mig til þess að fara nokkrum orðum um þær nú.

Fyrsta brtt., sem ég hef leyft mér að flytja, er við 10. gr. og um það, að gr. falli niður. En þessi gr. hljóðar á þessa leið:

„Nú telst rétt að uppræta fisk úr veiðivatni til þess að rækta annan stofn kynbetri eða aðrar fisktegundir en þær, er fyrir voru í vatni, og skal ráðh. heimilt að fengnum meðmælum veiðimálastjóra að leyfa notkun sérstakra efna við eyðingu fiskstofns í vatni, með þeim skilyrðum, sem þurfa þykir."

Það var fyrst vakin athygli mín á þessari gr. í samþykktum, sem ég sá frá fiskiþingi, þar sem það var talið orka mjög tvímælis að veita í löggjöf þessa almennu heimild, og eftir því sem ég hugleiddi þetta mál meira, þá komst ég að þeirri niðurstöðu, að ég mundi freista þess að fá þessa gr. fellda niður úr frv. Það er ekki vegna þess, að ég vilji slá því föstu, að það geti aldrei komið til mála, að það geti verið rétt að reyna þessa aðferð, að eyða með kemískum efnum þeim fiskstofni, sem nauðsyn teldist að losna við. En mér finnst þetta mál dálítið viðtækt. Þetta snertir það, sem nú er orðið mikið talað um, svonefnd náttúruverndarmál. Við heyrum mikið um það nú, að mengun er orðin eitt af mestu vandamálum, sem mannkynið stendur frammi fyrir. Það er langt síðan farið var að nota ýmis efni til þess að firra menn ýmsum óþægindum eða vandræðum. Þetta var í upphafi álitið hættulaust, en síðari tíminn hefur hins vegar fært okkur heim sanninn um, að það hefur ekki verið metið rétt í upphafi.

Vel má vera, að þetta sé óþarfavarúð í þessu skyni, en

eins og ég sagði áðan, þá vil ég ekki neita því, að komið gæti til greina að taka það a. m. k. til athugunar. En hugsun mín er sú, að það yrði þá flutt í hverju einstöku tilfelli sérstakt frv. hér á Alþ., þannig að Alþ. skæri úr um það í hvert skipti, hvort slíka aðferð skyldi leyfa. Ég vildi sérstaklega beina því til hv. alþm. að hugleiða þetta, hvort það sé ekki óheppilegt og kannske of mikil óvarkárni almennt séð að setja slíka heimild í lög. Ég vildi benda á, að ýmis mál, sem eru lítilvæg, þurfa þó að koma fyrir Alþ. Ég get nefnt t. d., að enginn erlendur maður getur fengið ríkisborgararétt, nema um það sé fjallað hér, og engan landsskika má selja, nema Alþ. fallist á það með lagasetningu í hvert skipti. Þess vegna hef ég leyft mér að flytja þessa brtt. og vildi vænta þess, að hv. alþm. tækju það mjög vandlega til athugunar, hvort þeir gætu ekki verið mér sammála um, að þetta ætti að falla burt.

Þá er 2. brtt. við 36. gr. frv., en þessi gr. er líka nýmæli, og þar er gert ráð fyrir að heimila eldisstöðvum laxveiði í sjó innan 200 m frá frárennsli. Mér finnst þetta líka harla hæpið. Við vitum, að það er háð mikil barátta fyrir því einmitt nú að banna alla laxveiði í sjó. Hins vegar finnst mér, að þetta skjóti dálítið skökku við. Hins vegar hef ég verið sannfærður um, að það mundi vera nauðsynlegt fyrir Fiskræktarstöð ríkisins í Kollafirði að hafa þessa heimild, og þess vegna hef ég bætt þarna inn í, að þessi heimild væri eingöngu bundin við hana.

Þá er 3. brtt. Hún er aðeins um orðalag um fiskræktarsjóðinn, að það heiti „Um fiskræktarsjóð og lán og styrkveitingar til fiskræktar", en áður hét það aðeins: „Um fiskræktarsjóð og styrkveitingar til fiskræktar." Ég vil sérstaklega undirstrika það og jafnvel að gefnu tilefni af þeim orðum, sem hæstv. forsrh. mælti hér áðan, að ég hef a. m. k. hugsað mér þennan fiskræktarsjóð fyrst og fremst sem lánastofnun, en ekki til þess að veita styrki nema þá í mjög litlum mæli, og það var einmitt til að undirstrika þetta, sem ég flutti þessa brtt. um lán og styrkveitingar.

Þá hef ég enn fremur í fjórða lagi flutt brtt. við 51. gr., sem er um fiskræktarsjóðinn, til þess að bæta þar við fleiri tekjustofnum. Annars vegar er það 2% af seldum veiðileyfum. Ég hef kynnt mér, að það muni vera fullkominn vilji fyrir þessu hjá þeim aðilum, sem sérstaklega kaupa veiðileyfi. Þeir munu hafa þann vilja að efla þennan sjóð. Enn fremur, að það komi nýr liður: Sala veiðimiða til veiðimanna, og ráðh. setji reglur um fjárhæð og innheimtu þessa gjalds. Við ræddum þetta talsvert í n., og það varð ekki samstaða um þessa auknu tekjustofna til sjóðsins, en ég hef veitt því athygli, að í frv. því, sem lagt var hér fyrir Alþ. á síðasta ári, var einmitt gert ráð fyrir því, að þessi síðari liður, seld veiðikort, væri einn af tekjustofnunum, sem mynduðu sjóðinn, og þess vegna tel ég rétt að fá úr því skorið hér við atkvgr., hver afstaða hv. þm. er.

Út af þeim orðum, sem hæstv. forsrh. sagði hér, þá get ég vel skilið það, að það kunni að vera skiptar skoðanir um það, hversu langt eigi að ganga í því að taka eitthvert gjald af vatnsaflsstöðvunum. En mér er tjáð, að þetta sé á öðrum Norðurlöndum einmitt einn af þeim tekjustofnum, sem standa undir fiskræktinni, og hugsunin á bak við það er fyrst og fremst sú, að með virkjun vatnanna er fiskrækt oft mjög torvelduð. Ég hef líka skilið það þannig, að rökin fyrir þessu væru einmitt þau, en vatnsaflsvirkjanirnar gripu talsvert inn í einmitt þetta mál, því að a. m. k. í mörgum tilfellum verður það til þess að torvelda fiskigengd í vötnin.

En ég vil aðeins bæta því við, að það er sérstaklega þessi 1. brtt. mín, sem ég legg verulega upp úr, að menn vildu fallast hér á, og sem ég vildi nú vænta, að ekki þyrftu að vera mjög deildar meiningar um, þegar menn hugleiða þetta mál dálítið niður í kjölinn. Ég vil sem sagt ekki með þessu neita því, að það geti ekki komið til greina þessi leið, að uppræta fiskstofn, sem menn telja lélegan eða óheppilegan, í einstaka tilfelli. En ég vil aðeins leggja á það áherzlu, að ef slíkt lægi fyrir, þá væri það gert með samþykki Alþ. hvert skipti.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Út af aths. hæstv. forsrh. varðandi gjald af rafstöðvum til fiskræktarsjóðs vildi ég segja aðeins fáein orð til skýringar, hvernig þetta er til komið.

Í þeirri n., sem endurskoðaði l. um lax og silung, sem var níu manna n., voru að sjálfsögðu mörg sjónarmið varðandi tekjuöflun í fiskræktarsjóð, sem snemma á starfstíma n. var ákveðið að leggja til, að stofnaður yrði. En um það varð n. þó, held ég, sammála, að eðlilegt væri, að rafstöðvarnar eða orkuverin greiddu eitthvað í sjóð til þess að byggja upp laxastofninn í landinu, vegna þess að þau mannvirki hindruðu á mörgum stöðum einmitt fiskgöngur um vötn, og fyrirmynd að þessu var talin vera bæði í Svíþjóð og Noregi, þar sem slíkar stöðvar greiddu nokkurt fé til fiskræktar í þessum löndum. Hitt var náttúrlega álitamál, hve langt ætti að ganga í þessu. Á tímabili var gert ráð fyrir að taka 5‰, en niðurstaðan varð sú, að þetta var lækkað mjög og á endanum orðið 2‰, eins og hæstv. ráðh. réttilega benti á. Nú varð landbn., sem hafði þetta frv. til meðferðar, sammála um það, að þetta væri heldur lítið, og þegar hún loks lagði til að hækka þetta í 3‰, varð hún alveg sammála um það, en lét þó þann ráðh., sem þetta mál lagði upp í hendur landbn. hér á Alþ., vita af því, svo að ég tel, að það hafi ekki verið komið neitt aftan að ríkisstj. með þetta atriði.

Varðandi hitt atriðið, að ekki sé gert ráð fyrir að taka gjald af þeim, sem tekjur hafa af veiði, nema þeir séu í veiðifélögum, þá er það að vísu rétt, en frv. gerir hiklaust ráð fyrir því og leggur meira að segja þá skyldu á hendur veiðivatnaeigendum að mynda með sér félög, svo að það mun ekki langur tími líða, að því er ætla má, þangað til allir komi undir þetta ákvæði.

Ég vildi aðeins segja þessi orð til skýringar á því, hvað á bak við liggur, að þessar tölur hafa verið settar inn í frv.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það var út af brtt. hv. 3. þm. Austf. varðandi veiðimiða. Við hvað er átt með því? (Gripið fram í.) Maður á þá bæði að borga af veiðileyfi og þar að auki veiðimiða? (Gripið fram í.) Ég skildi ekki, við hvað var átt. Mér finnst þá einfaldara að innheimta þetta á einum stað en tveimur.

En svo er varðandi orðalagið á þessu. Í hinu upphaflega frv. og enn er talað um skírar tekjur og óskírar tekjur. Þetta er tiltölulega nýtt lagamál. Ég er nú ekki

svo vel að mér, að ég viti, hvort þetta er í fyrsta skipti, sem það er notað í lögum eða ekki. En áður fyrr var talað um hreinar tekjur og óhreinar tekjur eða stundum vergar og óvergar. Það er auðvitað óheppilegt að hafa um þetta mörg heiti í lögum og rugla menn, við hvað er átt. En eftir því, sem menn verða lærðari, þá koma menn auðvitað með meiri tilbreytni í orðalagi sínu.

En út af því, að það sé eðlilegt að greiða þetta gjald, af því að vatnsaflsstöðvar hindri víða laxgengd, þá spyr ég nú: Fær þetta staðizt hér á landi? Þetta getur staðizt úti í löndum, en fær þetta staðizt hér á landi? Að nokkru leyti fær þetta staðizt að vísu hér, t. d. í Elliðaánum. En þar hefur stöðin sjálf lagt fram stórfé til þess að efla laxveiðina með klaki og ýmsum öðrum ráðstöfunum. Nú er það að vísu þannig, að þar er sami eigandi, að ég hygg, að ánni, vatnsaflsstöðinni og veiðiréttinum, svo að allt kemur þetta í einn stað niður. En er þá sanngjarnt, að þessi aðili, sem hefur varið stórfé til þess að bæta ána, þurfi að borga einnig af sínum tekjum? Það er að vísu rétt, að í Sogi hefur virkjun Efra-Sogs dregið úr silungsveiði í Efra-Sogi milli Úlfljótsvatns og Þingvallavatns, en það er skaði, sem vatnsaflsstöðin þarf áreiðanlega að borga eiganda veiðiréttarins og verður gert upp með þeim hætti. Að öðru leyti hygg ég, að virkjun Sogsins hafi ekki dregið úr veiði þar, a. m. k. hef ég ekki heyrt þess getið um laxveiði. Varðandi Búrfellsvirkjun, þá hygg ég, að engum geti dottið í hug, að hún muni hafa nokkur áhrif á veiði í Þjórsá. Þannig mætti lengi telja. Ég hygg, að þetta fái nú ekki staðizt nema að sáralitlu leyti, en einhver dæmi munu þess þó vera. Ég skal ekki bera á móti því, en þá kemur þar á móti, að eigandi stöðvarinnar hefur, a. m. k. í dæmi, sem ég nefndi áðan, varið stórfé til þess að bæta veiðina. Og það er eðlilegt, að slíkt sé gert. Ég hygg þess vegna, að hér eigi að viðhafa fulla varúð. Ég er út af fyrir sig ekki á móti, að eitthvert gjald verði greitt, en þegar menn ætla að verða svona örir á hækkanirnar, þá finnst mér ástæða til þess, að vakin sé athygli á því, að þetta mál er engan veginn jafneinsýnt og sumir vilja vera láta.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er eðlilegt, að það verði nú eins og jafnan, þegar rætt er um breyt. á l. um lax- og silungsveiði, umr. og skiptar skoðanir um þetta mál. Hér hafa verið fluttar brtt.

Hv. 1. þm. Reykn. flytur till. um það, að veiðimálanefnd verði skipuð til 4 ára, en það verði ekki, eins og er nú í frv., að það sé ekkert tímatakmark, sem miðað er við. Út af fyrir sig hef ég ekkert á móti því, að þessi till. hv. þm. verði samþ., og að athuguðu máli má segja, að það sé eðlilegt að miða við ákveðinn tíma í nefndarskipun eins og þessari, eins og oftast er gert í öðrum tilfellum.

Hv. þm., Jónas Pétursson, talaði fyrir brtt. sínum hér áðan og lagði megináherzlu á fyrsta liðinn, þ. e. þá brtt. við 10. gr., að hún falli niður. En 10. gr. er aðeins heimildargr. um það, að það megi uppræta fisk úr veiðivatni til þess að rækta annan og kynbetri stofn. Ef það t. d. er alveg ónýtur og úrkynja urriði í einu vatni, sem getur þó étið seiði af kynbetri fiski, þá getum við talið nauðsynlegt að uppræta hann. En það verður áreiðanlega ekki gert nema veiðiréttareigandi óski eftir því og varlega verði með það farið. Ég tel, að það sé alveg nauðsynlegt að hafa þessa heimild og miklu eðlilegra en að flytja þurfi frv. í hvert skipti, sem til þessa kynni að koma, þar sem Alþ. hefur yfirleitt nóg um að fjalla. Og það má nú til lítils treysta okkar sérfræðingum, ef það ætti ekki að vera óhætt að hafa þessa heimild í l.

2. brtt. er um það að miða aðeins við Kollafjörð, þegar heimilað er að veiða innan 200 m frá eldisstöð. Það er áreiðanlegt, þó að það sé ekki tekið fram í frv., að það er meint einungis gagnvart Kollafirði. Ég sé þess vegna ekki, að það gerði neitt til, þótt þessi till. væri samþ., en tel algerlega ástæðulaust að gera það.

Breytingin við 50. gr. er aðeins orðabreyting og matsatriði, hvort fer betur. Skal ég ekkert um það dæma.

En um það að taka 2% af seldum veiðileyfum hefur verið athugað, eins og hv. þm. veit. Þetta var í upphaflega frv. í fyrra, sem lagt var hér fram, en það þykir að athuguðu máli alls ekki henta að hafa þetta með. Þetta eykur aðeins skriffinnsku og fyrirhöfn, og er eðlilegt, eins og hæstv. forsrh. sagði hér áðan, að innheimta þetta gjald frekar í einu lagi en tvennu.

Þetta er nú það, sem ég hef að segja um þessar brtt., sem fram hafa komið. En hæstv. forsrh. hefur gert hér að umtalsefni skattlagningu á virkjunarstöðvarnar. Það er alveg rétt, sem hann tekur fram, að það má vitanlega vara sig á því að ganga of langt í þessu efni. Ég kom einu sinni á fund hjá hv. landbn., og þá var á það minnzt að hækka gjaldið úr 2‰ í 3‰. Ég man, að ég sagði eitthvað á þá leið, að þetta gæti verið hæpið. Það gæti orðið til þess, að einhverjir snerust gegn frv., sem annars hefðu verið með því, og ekki var meira um þetta talað. En n. varð sammála um þetta. Það má segja, að það hafi verið gleymska hjá mér eða hugsunarleysi að kynna þetta ekki fyrir ríkisstj., þar sem hér var beinlínis gerð till. um að hækka þetta gjald um 50% frá því, sem var í frv. En það gerði ég nú ekki, vegna þess að mér var ekki alveg ljóst, að n. ætlaði að gera þetta, fyrr en ég sá till. prentaða. En það kom í ljós í hv. d., að alþm. eru yfirleitt með því að hækka þetta gjald til þess að efla fiskræktarsjóðinn, og fram hjá því verður vitanlega ekki komizt. Þetta gjald er ekki hátt, það er ekki hægt að segja það. Hækkunin er nú aðeins 1/10 úr %, en það má segja, að það geti munað um allt, þegar saman kemur. En því meira sem fiskræktarsjóður fær með þessu móti í tekjur, því minni áherzla verður þá lögð á það að fá hátt framlag úr ríkissjóði í fiskræktarsjóð. Það er vitanlega alveg tilgangslaust að stofna fiskræktarsjóð með lögum, nema hann fái vissar tekjur, og fiskræktarsjóður hefur mjög mikilvægu verkefni að gegna, verkefni, sem öll þjóðin á að njóta góðs af, ekki aðeins veiðiréttareigendur einir, heldur þjóðin, þjóðarbúið. Ég hygg, að það fari ekkert á milli mála, að þm. allir séu sammála um nauðsyn þess að fá fiskræktarsjóð og hann fái tekjur. En vitanlega getur verið álitamál, hvort það sé heppilegasta leiðin að taka gjald af rafmagninu. En þessa leið hafa nágrannar okkar farið, og einnig ýmsir, sem fjær búa, og byggt þá á þeim rökum, sem hér komu fram áðan, að virkjanir í ánum gætu torveldað fiskræktina. Nú má e. t. v. segja, að hér á landi hafi þetta ekki haft mikla þýðingu fram að þessu. Þó var minnzt hér áðan á

Sogið, að Efra-Fall hafi að einhverju leyti spillt silungsveiði í Soginu. En ég hygg, að virkjunin við Ljósafoss hafi verið talin að einhverju leyti hafa áhrif á jafnvel laxgengd í Sogið. Skal ég þó ekki fullyrða um það. En jafnvel þótt þetta hafi ekki enn haft þýðingu í sambandi við fiskræktina, virkjanir í ýmsum ám hér á landi, þá gæti það komið til síðar.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um þessa tekjuöflun, en skal játa það, að það hefði verið eðlilegt að minnast á það í ríkisstj. aftur, eftir að till. var komin upp í hv. landbn. um að hækka þetta, en þingmeirihluti er örugglega fyrir þessu, og ég hygg nú að athuguðu máli, að þeir, sem út af fyrir sig gátu samþykkt 2‰, sætti sig nú við þessa hækkun, úr því sem komið er.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Síðan ég kvaddi mér hljóðs, hafa verið rædd hér þau atriði, sem ég hafði hugsað mér að segja nokkur orð um, og þá einkum nú síðast af hæstv. landbrh. Ég hafði ætlað mér að tala þar nokkuð með svipuðum hætti og hann um þær brtt., sem hv. 3. þm. Austf. hefur hér lagt fram. Ég tel, að það sé nauðsynlegt, að það komi fram hér við þessa umr., eins og það gerði við 2. umr. frv., að landbn. flutti þær till. sameiginlega, sem hún varð sammála um. Einstakir hv. þm. hafa lagt fram nokkrar fleiri brtt., og það leiðir af því, sem ég hef þegar sagt, að n. er a. m. k. ekki einhuga um þær.

Ég skal ekki bæta miklu við það, sem hæstv. landbrh. hefur sagt um brtt. hv. 3. þm. Austf. En ég vil þó taka undir það, sem hann sagði um 4. brtt. hv. þm. um nýja liði til tekjuöflunar fyrir fiskræktarsjóð. Þau mál hafa verið mjög athuguð, bæði í n., sem undirbjó frv., og eins í landbrn. á milli þess, er frv. var lagt fram í fyrra, og þangað til það var lagt fram að nýju á yfirstandandi þingi, og þar hefur verið komizt að raun um, að þeir liðir, sem hv. þm. vill hér bæta inn í, væru einkar óheppilegir, og frá mínu sjónarmiði tel ég, að t. d. sala veiðimiða sé mjög erfið í framkvæmd og innheimta gjalds fyrir veiðimiða mundi hafa kostnað í för með sér, sem drægi mjög úr tekjum af sölu þeirra til fiskræktarsjóðs. Auk þess mundi það ákveði að gera mönnum skylt að kaupa veiðimiða, ef þeir ætluðu sér að stunda veiði hér á landi á því ári, hafa mjög neikvæð áhrif á það, að einstakir menn gætu fyrirvaralaust látið það eftir sér að stunda veiði einn til tvo daga á sumrinu. Þetta hefði ekki að þessu leyti áhrif fyrir þá menn, sem ætla sér beinlínis að stunda veiðiskap, en alltaf koma til einhverjir, sem gjarnan vildu grípa tækifærið, þegar það gefst, jafnvel þó ekki sé um að ræða nema dagstund, og bregða sér einhvers staðar í veiðiá og renna þar fyrir lax eða silung, en þá væri það óheimilt, nema þeir hefðu áður keypt þessa veiðimiða. Þeir snúningar og aukakostnaður, sem því fylgdi, mundi í mörgum tilfellum verða til þess, að þeir yrðu að sjá af því að njóta þessarar skemmtunar og íþróttar.

Ég skal ekki blanda mér inn í þær umr., sem hér hafa farið fram um gjald af vatnsaflsstöðvum til fiskræktarsjóðs. Ég tek undir það með hæstv. forsrh., að það er óheppilegt að hafa margs konar orðalag á því í lögum, sem í daglegu tali er kallað nettótekjur og brúttótekjur, en allir nm. í landbn. og eins í þeirri ríkisskipuðu n., sem undirbjó þetta frv., voru, eins og fram hefur komið, sammála um það, að vatnsaflsstöðvunum bæri að leggja þarna eitthvert gjald fram. Hins vegar er það svo um umr. um þetta atriði á þessu stigi að segja, að þetta hefur þegar verið samþ. við 2. umr. frv.

Það kann sumum að þykja, að veiðifélögin og veiðiréttareigendur leggi helzt til lítið fram til þessa fiskræktarsjóðs, sem ég lít svo á, að sé eitt af hinum þýðingarmeiri nýmælum í þessu frv. Þess er þó að geta, sem hér hefur ekki verið á minnzt, að veiðifélögin, a. m. k. mörg þeirra, leggja fram verulegar fjárhæðir til fiskræktar hvert á sínu svæði. Þannig er það t. d. með það veiðifélag, sem ég þekki bezt og er félagsmaður í, að á síðustu þremur árum hefur það lagt til fiskræktar um 260 þús. kr. á ári að meðaltali. Og ef veiðifélögum þessum væri gert að leggja mjög háar fjárhæðir til fiskræktar almennt í landinu, þá hlyti það að koma niður á því fé, sem þau hafa til ráðstöfunar til fiskræktar á sínu eigin félagssvæði. Þess vegna er rétt að taka þessi atriði einnig með í reikninginn, og af þessum sökum verður að vera þarna nokkurt hóf á.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ítreka neitt frekar þau orð, sem hæstv. landbrh. lét falla um till. hv. 3. þm. Austf. En ég lýsi andstöðu minni við þær flestar. Ég tel ekki ástæðu til þess að búast við því, að landbrh. og veiðimálastjóri, hvaða menn sem þessum störfum gegna á hverjum tíma, misnoti þá heimild, sem gert er ráð fyrir, að þeir fái í hendur eftir þessu frv. um eyðingu óheppilegra fiskstofna úr einstökum veiðivötnum eða tjörnum, þar sem ætlunin væri að rækta upp nytjameiri fisk, né þá heldur að leyfa laxveiði í sjó á takmörkuðu svæði utan fiskeldisstöðva. Ljóst er þó, að þar verður að fara að með mikilli gát, því að sums staðar kunna fiskeldisstöðvar að verða settar upp, þar sem árósar veiðivatna liggja nærri, og ætti ekki að koma til greina að leyfa slíka sjávarveiði, þar sem svo hagar til.

Um frv. almennt vil ég segja það, að allir, sem við mig hafa látið uppi álit sitt á því, hafa verið sammála um eitt, að það sé vinningur að því að fá það lögfest, en það er hins vegar ljóst, eins og margoft hefur hér komið fram í umr. um þetta mál, að um einstakar greinar þess eru uppi mjög sundurleitar skoðanir, sem a. m. k. erfitt eða sennilega ógerlegt væri að sætta allar saman. Og það er ekkert launungarmál, að við einstakir nm. í landbn. þessarar hv. d. hefðum kosið að fá því breytt í einstökum atriðum meir en þegar hefur verið gert og fram hafa verið bornar till. um, en ekki viljað hætta á, að það yrði til þess að stöðva framgang frv., og því látið í sumum atriðum kyrrt liggja.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég get tekið undir þau orð, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að einmitt það, að við vildum vinna að því, að þetta frv. næði fram að ganga á þessu þingi, var ástæðan fyrir því, hvað það eru í raun og veru fáar brtt., sem komu fram, bæði frá nm. og sennilega fleirum, við þetta frv. Það er einasta ástæðan fyrir því. Annars hefðu, ef þetta frv. hefði verið til meðferðar fyrr á þinginu, komið fleiri brtt. fram og það verið e. t. v. rætt enn þá meira af þessum aðilum, sem um þetta hafa fjallað.

En það er eitt eiginlega, sem ég er hissa á í þessum umr., að það hafa orðið nokkrar umr. um brtt., sem n. varð sammála um að flytja, þ. e. a. s. um það að hækka

gjald vatnsaflsstöðvanna um 1‰, það er búið að afgreiða þetta hér í hv. d. En n. hefur í sjálfu sér fengið hálfbágt fyrir það að hafa flutt þessa till. Er hæstv. landbrh. kom til n., var uppi till. í n. um, að þetta yrði hækkað um helming. Þá kom það fram hjá ráðh., – það er rétt, það kom fram hjá honum, – að honum fannst það of mikið, en hann minntist einmitt á það, að það væri kannske annað mál um 3‰, en um það er sú till., sem n. varð svo sammála að flytja. Ég geri ráð fyrir því, að ef n. hefði haldið það, að þessi till. yrði til þess að tefja frv. eða fella það, þá hefði ekki orðið af flutningi hennar. En það var einmitt af þeirri ástæðu, að við ræddum þetta við þann aðila, sem við töldum, að við ættum að tala við í þessu efni, að ég a. m. k. stóð í þeirri meiningu, að við hefðum fengið grænt ljós í þessu máli. Hafi það ekki verið, þá hef ég algerlega misskilið. En mér er bara nær að halda, að aðrir nm. hafi alveg staðið í sömu meiningu.

Ég verð að segja það, að ég hefði flutt ýmsar brtt. aðrar en ég gerði eða staðið að að flytja, ef ég vildi ekki fyrir alla muni, að þetta frv. kæmist fram á þinginu. En það, sem ég lagði áherzlu á, eins og kom fram við 2. umr., er, að 48. gr. falli niður. Það er sú breyt., sem við leggjum áherzlu á hér þrír nm., eins og sést á þskj. 504. En ég vona, að þessi breyt., sem nú er búið að samþykkja, verði ekki til þess að tefja fyrir þessu máli, og það verður þá að skrifast á reikning annarra en landbn.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég er nú enginn sérfræðingur í þeim málum, sem hér eru rædd, og ætlaði mér ekki að tala í þessu máli. En það hafa komið hér fram ýmsar brtt., og sumar þeirra athyglisverðar. Bent hefur verið á, að það sé ekki hagkvæmt að framkvæma hluti, sem ekki eru komnar fram brtt. um. Ég hef stundum minnzt á það hér, að þessir aukaskattar, sem alltaf er verið að fjölga, væru að verða illþolandi. T. d. er tekið af sjávarútvegi eitthvað 9% í ýmiss konar gjöld. Þau eru engan veginn öll óþörf, en það mætti gjarnan fækka slíkum sköttum. Fyrir bændurna þá er fært í reikning okkar, – ég veit a. m. k. í minni sýslu – 3% af brúttóinnleggi.

Nú er hér verið að tala um að fara inn á nýja leið, og það er að taka 3‰ af rafmagnstekjum, þ. e. óskírum rafmagnstekjum. Það er meira en að borga þetta, það er vinnan við að reikna þetta út, og svo verðum við líka að athuga það, að allt, sem er tekið af óskírum tekjum, myndar stórar fjárhæðir, ef veltan er mikil. Bóndinn, sem leggur inn fyrir eina millj. og á að borga 3%, hann þarf að borga 30 þús. Ég ætla, að í mörgum tilfellum sé það jafnhá upphæð og útsvarið hans og í sumum hærri. Ég tala nú ekki um sjávarútveginn. Það verða svo gífurleg útgjöld þar. Við megum vara okkur að fara inn á þessar brautir. Þetta kostar óhemjuvinnu, og það eru yfirleitt allir, sem reka einhver fyrirtæki, orðnir leiðir á þessum gjöldum, og þegar byrjað er að fara inn á þessar brautir, hvar endar það? Það geta fleiri kröfur komið.

Nú er það þannig með þessar rafmagnsveitur, að ef þær valda veiðitjóni, þá eru þær skyldar að greiða skaðabætur, og ég veit, að þær hafa gert það í sumum tilfellum, og það er ekki hlífzt við að hafa þær nógu háar.

Ég hygg einnig, að það séu engir í landinu, sem fá tekjur sínar með minni fyrirhöfn en einmitt þeir, sem leigja út ár sínar og hafa þessar laxveiðitekjur. Þeir fá þetta svo að segja fyrirhafnarlaust. Það er eðlilegt, að þessir menn vilji hafa sem mestan lax í ánum, svo að það sé hægt að leigja þær fyrir hærra verð eða hafa á annan hátt meiri tekjur af þeim. Er þá ekki eðlilegt, að þeir, sem hafa tekjurnar, leggi fram gjöldin, rækti laxinn að einhverju leyti eða jafnvel öllu leyti? Ég sé ekki annað en að það sé sanngjarnast, en ekki að láta bláfátækt fólk, sem ekki hefur neinar tekjur af lax- eða silungsveiði, greiða þetta með hækkuðu rafmagnsverði. Ég sé ekki neina ástæðu til þess, þegar rafmagnsveiturnar eru skaðabótaskyldar, ef þær valda laxveiðibændum tjóni, eins og þær eru. Langeðlilegast væri að gera þetta á einfaldan hátt. Það er laxeldisstöð uppi í Kollafirði. Það er búið að eyða þar um 40 millj. Ég dreg stórlega í efa, að það hafi verið rétt ráðstöfun. Ég hygg, að það hefði verið miklu eðlilegra, að laxveiðibændur eða laxveiðifélögin víðs vegar á landinu hefðu sjálf rekið þessa fiskræktunarstöð. Mér er sagt, að Snorri Hallgrímsson reki litla stöð hérna rétt innan við Reykjavík, og mér hefur verið sagt eftir útlendum fræðimönnum, sem hafa athugað það, að það sé langbezt rekna stöðin hér á landi og mest til fyrirmyndar, þó að hún sé ekki stór. Þetta væri hagkvæmt verkefni fyrir laxveiðimenn. En ég skal ekki fara frekar út í það.

Ef kæmi till. fram um það að fella niður þessi 3‰, þá mundi ég greiða atkv. með því. Við megum gæta þess að vera ekki alltaf að finna upp á einhverju, sem kostar vinnu og útgjöld fyrir þá menn, sem stunda atvinnurekstur. Þegar byrjað er á slíku, er erfitt að fá þeim gjöldum breytt. Við sjáum þessi prósent, sem verið var að læða inn á bændurna. Það voru nú 2%, sem var tekið til Stéttarsambands, Bændahallar og Búnaðarbankans, sem er nú þarfast af þessu öllu. Það er ómögulegt að fá þetta lækkað. Og þannig mun það oftast ganga, þannig að ég get ósköp vel fallizt á, að við séum ekki að unga út nýjum útgjaldaliðum til þess að auka vinnu og útgjöld þeirra, sem ekki ber að kosta þetta, því að við vitum það, að rafmagnsveiturnar eru skaðabótaskyldar, ef þær valda tjóni á laxveiði, þannig að þarna held ég, að sé verið að láta fólk borga útgjöld, sem alls ekki er réttlátt, að það borgi.

Hitt er svo annað mál, að það er ekki nema sjálfsagt að efla lax- og silungsveiði í ám og vötnum, og við getum sjálfsagt haft stórfé upp úr því. En það á að vera hægt að gera það á annan hátt, og eðlilegast, að það sé gert. Ég veit ekki betur en að bóndinn, sem ræktar jörðina sína og þarf að bera á túnið, verði að greiða áburðinn. Hann fær ekki grasið kostnaðarlaust, og það er ekki nema eðlilegt, að laxveiðibændurnir, ef þeir vilja fá meiri lax, hafi eitthvað fyrir því, leggi fram einhverjar fjárhæðir. En það er ekki hægt að samþykkja brtt., ef hún kemur engin fram, en eðlilega mætti breyta þessu í Ed., og þyrftu ekki að vera neinir árekstrar hér út af því.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 74. fundi í Nd., 15. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 496,1 felld með 15:10 atkv.
— 504,1 samþ. með 17:10 atkv.
— 496,2 felld með 19:3 atkv.
— 504,2 samþ. með 15:13 atkv.
— 534 kom ekki til atkv.
— 496,3 felld með 13:10 atkv.
— 496,4.c felld með 15:9 atkv.
— 496,4.d felld með 22:3 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 24:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 71. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 577).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. – Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. líkt því, sem hér er um að ræða, var lagt fram á síðasta Alþ., en varð ekki útrætt þá, enda ekki til þess ætlazt, þar sem það var lagt fram mjög seint á þinginu. Nú hefur þetta frv. verið samþ. í hv. Nd. með litlum breyt. Mun ég víkja nokkuð að þessum breyt. síðar.

Lax- og silungsveiði er mál, sem mikið hefur verið rætt um að undanförnu. Vitað er, að miklir möguleikar eru til þess að auka veiði í ám og vötnum hér á landi. Á síðustu árum hafa fjárveitingar til veiðimála verið margfaldaðar. Laxeldisstöðin í Kollafirði hefur verið starfrækt í nokkur ár með góðum árangri. Kollafjarðarstöðin er tilraunastöð, sem er kostuð að öllu leyti af fé ríkissjóðs. Með þeim tilraunum, sem fram fara í þessari einu ríkisreknu eldisstöð, er til þess ætlazt, að allir, sem fást við lax- og silungseldi, megi njóta góðs af þeirri reynslu, sem fæst við þessa stöð.

Nú munu vera um 10 eldisstöðvar í landinu, sem reknar eru af einkaaðilum. Hafa margir sýnt lofsverðan áhuga á fiskræktarmálum og lagt fram mikið fjármagn til þess að ná góðum árangri. Ríkið veitir nokkurn styrk til þessara mála, en auðvitað væri æskilegt, að styrkveitingar gætu verið í ríkari mæli en verið hefur og hærri, þar sem stofn- og reksturskostnaður stöðvanna er óhjákvæmilega mjög mikill. Með aukinni fiskrækt og vaxandi þekkingu á fiskræktarmálum er grundvöllur lagður að því, sem koma skal. Markmiðið er að fylla árnar og stöðuvötnin af nytjafiski.

Nauðsynlegt er að fá fullnaðaryfirlit yfir allar ár á landinu og stöðuvötn í byggðum og afréttum. Með því má gera áætlun um það, hvað hver veiðistaður geti gefið af sér, eftir að ræktunin er komin á það stig, að hvert veiðivatn hafi þá fiska, sem það þolir og getur fóðrað. Á s. l. sumri var hafinn undirbúningur á rannsóknum og lýsingum á veiðiám og veiðivötnum landsins. Verður haldið áfram með þá rannsókn, sem hafin er, þar til yfirlit er fengið yfir landið allt. Fullnaðarskýrsla með lýsingum og rannsóknum á öllu vatnasvæði landsins ætti að liggja fyrir á næstu árum.

Skoðanir manna eru nokkuð skiptar í afstöðunni til veiðimála almennt. Ágreiningur er þó enginn um ýmis veigamikil atriði. Íslendingar eru sammála um, að banna eigi laxveiði í sjó. Hefur ríkisstj. komið á framfæri á alþjóðaráðstefnum ákveðinni afstöðu Íslands í því máli. Þá má einnig gera ráð fyrir því, að menn séu sammála um nauðsyn þess að efla fiskræktina sem mest. Þegar menn tala um þessi mál með nokkurri óþolinmæði og gefa jafnvel í skyn, að lítið hafi áunnizt í þessum málum, þá verður ekki hjá því komizt að minna á, að stórvægileg breyting hefur orðið til batnaðar seinni árin. Fjármagn til þessara mála hefur verið stóraukið og ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að notfæra sér aukna þekkingu sérfræðinga í fiskræktarmálum. Nokkrir ungir Íslendingar eru við nám í fiskrækt, og vonandi mun þjóðin láta þá fá verkefni og njóta þannig góðs af þekkingu þeirra. Veiðimálastofnunin fær á komandi vori vel menntaðan Íslending til starfa í fiskrækt. Það er vissulega gott, því að verkefnin eru mörg. Undirstaða, sem byggð er á rannsóknum og reynslu, verður að vera fyrir hendi, um leið og framkvæmdir eru gerðar. Segja má, að svo miklar rannsóknir liggi fyrir á flestum sviðum, að það þurfi ekki að hnika framkvæmdahraða í þessum málum að neinu marki.

Frv. það, sem hér liggur fyrir til umr., er að mestu með sama hætti og það frv., sem lagt var fram á síðasta þingi. Þó hafa verið gerðar nokkrar veigamiklar breyt. á frv., sem að athuguðu máli virðast fara betur en í fyrra frv. var. Eins og kunnugt er, var fyrra frv. samið af stjórnskipaðri níu manna n. Var hún í veigamiklum atriðum sammála, en klofnaði þó þannig, að minni hl. lagði fram sérstakt frv., og er það mjög líkt því frv., sem nú liggur fyrir hv. Ed. Við endurskoðun l. um lax- og silungsveiði verður að hafa það fyrst og fremst í huga, með hverjum hætti fiskræktin verði sem mest efld. Verður þá fyrst og fremst í huga friðun og vernd fiskstofnanna.

Í 14. gr. l. um lax- og silungsveiði er kveðið svo á, að ekki megi veiða nær ósasvæði framundan árósum en 500 m. Þetta ákvæði er ekki nægilegt, og reynslan hefur sýnt, að veiðitæki, sem eru lögð til þorsk- og ýsuveiða svo nærri árósum, hafa oft fengið lax og þannig verið gengið á laxstofninn. Til þess að koma í veg fyrir þetta, er sett inn ákvæði í frv., þar sem bannað er að veiða nær árósum en 1000–2000 m eftir vatnsmagni árinnar. Með því að taka þetta ákvæði upp í lög er stigið stórt spor til verndar stofninum, og því marki náð, sem ætlazt var til upphaflega, þegar þetta ákvæði var sett inn í lög. Þegar lögin voru endurskoðuð 1954–1955, lagði n. til, að 1000 m markið væri sett, en Alþ. féllst ekki á það, og hefur síðan verið miðað við 500 m. Þá eru ákvæði í 11. gr. frv. um það að takmarka veiðitæki og það efni, sem nota má í net og veiðitæki. Það er kunnugt, að tækninni fleygir ört fram, og netin verða alltaf veiðnari og veiðnari með nýjum gerviefnum. Það er sett inn heimild um að takmarka megi veiðni veiðitækjanna, ef ástæða þykir til.

Með breyt. á l. frá 1957 var friðunartími vegna netaveiði lengdur úr 60 stundum á viku í 84 stundir á viku. Með þessu ákvæði var friðunartíminn lengdur mjög mikið, og voru veiðiréttareigendur, sem stunda netaveiði, mjög óánægðir með þetta ákvæði, en það hefur staðið í lögum síðan 1957. Í frv., sem lagt var fram í fyrra, var gert ráð fyrir að lengja enn meira friðunartíma fyrir net, þ. e. úr 84 stundum í 96 stundir. Að

athuguðu máli þykir hins vegar ekki ástæða til þessa, sérstaklega vegna þess að veiðiskýrslur sýna, að veiði í ám, þar sem netaveiði fer fram eftir þeim reglum, sem nú gilda, hefur sízt minnkað, heldur frekar aukizt. Hins vegar þótti rétt að setja inn í þetta frv. auknar heimildir til friðunar, ef þess skyldi gerast þörf. Þannig er gert ráð fyrir því, að veiðimálanefnd og veiðimálastjóri geti lagt til og ákvarðað eftir samkomulagi við ráðh., að friðunartíminn verði lengdur úr 84 stundum á viku í 108 stundir á viku. Þetta ákvæði hefur aldrei áður verið í lögum og er vitanlega trygging fyrir því, að ekki verði gengið um of á fiskstofninn. Það verður að ætlast til þess, að sérfræðingar og ráðunautar í fiskrækt gefi ríkisstj. eða þeim ráðh., sem fer með þessi mál, ábendingu um, ef þörf er á að auka friðun á einhverju tilteknu vatnasvæði, en þá er heimildin fyrir hendi. Og það er önnur heimild í 32. gr. þessa frv., sem gert er ráð fyrir, að verði lögfest, og hún er sú, að hverju veiðifélagi er heimilt að ákveða aukna friðun í fiskihverfinu, ef útlit er fyrir, að um of sé gengið á fiskstofninn. Í öðru tilfellinu er það veiðifélagið, sem á að hafa frumkvæði um aukna friðun, ef þess gerist þörf, en í hinu tilfellinu er það veiðimálastjóri og veiðimálanefnd, sem geta átt frumkvæðið um það að auka friðunina. Með því að þær reglur, sem nú gilda um friðun, sýnast hafa staðizt og veiði í ám og vötnum, þar sem netaveiði hefur verið stunduð, hefur farið vaxandi, en ekki minnkandi, eftir að friðunin var aukin árið 1957, þykir ekki ástæða til að setja nú bein lagaákvæði um það, að friðunin skuli aukin, heldur láta við það sitja að auka heimildir til friðunar, ef þess skyldi gerast þörf. Þannig eru það, eins og ég áðan sagði, í tveimur gr. frv. annars vegar veiðifélögin og hins vegar veiðimálastjóri og veiðimálanefnd, sem eiga að hafa frumkvæðið um aukna friðun, ef þess gerist þörf. Það er áreiðanlega gott bæði með laxveiðilög og ýmis önnur lög að hafa rúmar heimildir, sem skapa ekki of þröng svið til framkvæmda, sérstaklega þegar verið er að byggja upp atvinnuveg, eins og ætlazt er til, að gert verði í okkar fiskrækt. Þá er nauðsynlegt, að sérþekking fái að ráða og reynsla þeirra manna, sem stundað hafa þessa iðju allan sinn aldur og þekkja betur en jafnvel sérfræðingar, hvað hollast er og bezt dugar.

Samkv. frv. er gert ráð fyrir því að fjölga í veiðimálanefnd úr þremur í fimm. En í hv. Nd. var þetta ákvæði ekki samþ., og kom það til af því, að ýmsum fannst óþarfi að vera að fjölga í þessari n., þar sem þriggja manna n. hefur vel gefizt, en aðrir töldu, að það væri óþarft, að stangaveiðimenn fengju fulltrúa í n. Ég mæltist til þess, að gr. væri samþ. óbreytt og nm. yrðu fimm og taldi það hyggilegt og það mætti verða spor í áttina til þess að skapa friðarbrú á milli veiðiréttareigenda og stangaveiðimanna. Ég tel, að það sé eðlilegt, að hv. Ed. athugi það, hvort ekki sé rétt að breyta frv. aftur með það fyrir augum, að það verði fimm menn, sem eiga sæti í veiðimálanefnd. Í 48. gr. frv. er kveðið á um það, hvernig n. skuli skipuð. Þar er gert ráð fyrir, að ráðh. skipi í n., einn án tilnefningar, og að hann verði formaður n., einn samkv. tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn samkv. tilnefningu Hafrannsóknastofnunarinnar, einn samkv. tilnefningu Landssambands stangaveiðifélaga og einn samkv. tilnefningu Landssambands veiðifélaga. Ég vil mælast til þess, að hv. landbn., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, athugi, hvort ekki sé rétt að breyta þessu ákvæði á ný, þannig að veiðimálanefnd skipi fimm menn, eins og gert var ráð fyrir í frv.

Þá er mikilvægt ákvæði í frv. Það er stofnun fiskræktarsjóðs, og var það ákvæði einnig í frv. í fyrra. Þar er gert ráð fyrir stofnun fiskræktarsjóðs, sem hafi það hlutverk að efla fiskrækt og fiskeldi í landinu með beinum styrkjum og lánum. Með fiskræktaraðgerðum eins og t. d. með fiskeldi, fiskvegagerð og með því að sleppa seiðum má auka veiði í ám og vötnum til mikilla muna frá því, sem nú er. Nútímafiskrækt byggir að verulegu leyti á fiskeldi, þar sem aliseiðum af mismunandi stærðum er sleppt í veiðivötn og sleppt í sjó, en fisk má enn fremur ala upp til neyzlu og má gera fiskeldið þannig að sérstakri fæðuframleiðslugrein, eins og t. d. á sér stað víða erlendis. Alifiskur er alinn upp í sérstökum eldisstöðvum, sem er kostnaðarsamt að reisa og reka. Geta slíkar eldisstöðvar reist starfsemi sína á mismunandi eldisaðferðum, og verður kostnaður við byggingu þeirra eftir því. Hér á landi starfa nú, eins og kunnugt er, 11 fiskeldisstöðvar. Eru flestar þeirra litlar og í eigu einstaklinga. Bendir árangur af starfi þeirra til þess, að fiskeldi eigi mikla framtíð fyrir sér hér á landi, en vitaskuld þarf að leysa ýmsa byrjunarerfiðleika, áður en fiskeldi kemst á öruggan grundvöll. Fiskeldisstöðin í Kollafirði hefur átt þar nokkurt frumkvæði og gert ýmsar tilraunir, sem allir landsmenn munu síðar njóta góðs af, eins og áður var að vikið.

Fiskræktarsjóður þarf vitanlega á tekjum að halda til þess að geta innt það hlutverk af hendi, sem honum er ætlað, og er gert ráð fyrir því, að tekjur sjóðsins verði m. a. fjárveiting úr ríkissjóði. Í frv. er ekki ákveðið, hversu fjárveitingin skuli vera há, og tel ég eðlilegt, að það sé ekki gert í frv., þar sem það hlýtur ávallt að fara eftir því, hvað ríkisstj. og meiri hl. Alþ. vilja samþykkja í því efni. Þá er einnig gert ráð fyrir því, að gjald af bruttóveiðitekjum verði 2% og innheimtist af eigin félögum. Þá er gert ráð fyrir því, að tekjuafgangur eldisstöðvar ríkisins fari í fiskræktarsjóð eftir ákvörðun ráðh., en sennilega er nú langt að bíða þess, að tekjuafgangur verði á þeirri stöð til þess að láta fara í fiskræktarsjóð, jafnvel þótt allt gangi eftir því, sem bezt verður á kosið. Þá var gert ráð fyrir því í frv., að 2‰ af bruttótekjum vatnsaflsstöðva í landinu, sem selja orku til almennings, gangi í fiskræktarsjóð. En í hv. Nd. var þessu breytt þannig, að lagt var til, að 3‰ færu í fiskræktarsjóð af tekjum vatnsaflsstöðva, og verður það talsverð fjárhæð, sem fiskræktarsjóð munar verulega um, sérstaklega, þegar frá líður og Búrfellsvirkjun er komin í fulla stærð.

Með stjórn fiskræktarsjóðs fara veiðimálanefnd og veiðimálastjóri. Ákvarðanir um styrki og lán úr sjóðnum skulu háðar samþykki ráðh. Ráðh. er rétt að setja fiskræktarsjóði starfsreglur, og greini veiðimálanefnd og veiðimálastjóra á um framkvæmd sjóðsins, sker ráðh. úr. Það er enginn vafi á því, að stofnun fiskræktarsjóðs er mikilvægt og heillaríkt spor í þágu veiðimálanna, og því betri verður árangurinn, eftir því sem tekjur sjóðsins verða meiri og framlögin hærri.

Þá er ákvæði tekið í þetta frv. varðandi fisksjúkdóma.

Fisksjúkdómar herja mjög á víða erlendis og eru vaxandi vandamál. Þykir því eðlilegt, að í lög um lax- og silungsveiði hér á landi verði tekið upp ákvæði, sem geti orðið til þess að girða fyrir þessa sjúkdóma hér. Þess vegna er gert ráð fyrir því að ráða sérfræðing til þess að hafa þessi mál með höndum og vinna gegn því, að fisksjúkdómar festi rætur hér.

Þá er það mjög mikilvægt í þessu frv., að mjög er hert á löggæzlu og viðurlög aukin við lögbrotum. M. a. er gert ráð fyrir því að semja við Landhelgisgæzluna til þess að annast eftirlit úr lofti með því, hvort veiðivélar og veiðitæki séu lögleg.

Markmið laganna er að efla fiskeldi og ná skipulegri framkvæmd á veiðimálum almennt í landinu. Markmiðið er að tryggja réttláta framkvæmd, þar sem hlutur veiðiréttareigenda er réttilega metinn og að því stuðlað, að stangaveiðimenn, bæði innlendir og erlendir, geti notið góðs af aukinni veiði í ám og stöðuvötnum landsins. Enginn vafi er á því, að það er nauðsynlegt, að skilningur aukist nokkuð á milli þeirra aðila, sem stundum tala eins og þeir séu andstæðingar. Það eru veiðiréttareigendur og stangaveiðimenn. En það er svo langt frá því, að þessir aðilar geti verið andstæðingar, vegna þess að hagsmunir þeirra fara saman. Þeim ber að vinna sameiginlega að sama markinu, þ. e. að auka veiðina, fylla allar ár og stöðuvötn af fiski, og eftir því sem fiskimagnið er meira, því meiri verða möguleikar fyrir stangaveiðimenn að fá veiðipláss og góðan árangur af starfi sínu og betri skemmtan. Með aukinni fiskrækt nýtur þjóðarheildin og þjóðarbúið meiri tekna og vaxandi arðs af því, sem til fiskimálanna er varið.

Ég tel rétt að taka saman í fáum orðum það, sem telja má þessu frv. sérstaklega til gildis. Það má nefna 7. gr. frv., þar sem heimild er aukin til friðunar, með því að veiðimálastjóri og veiðimálanefnd geta, ef líkur eru fyrir ofveiði eða þverrandi fiskstofni, aukið vikulegan friðunartíma fyrir netaveiði úr 84 stundum á viku í 108 stundir. Þessi heimild hefur ekki verið fyrir hendi, en er mjög þýðingarmikil. Þá vil ég einnig nefna aukna friðun fyrir árósum, eins og áður hefur verið á minnzt, og er það áreiðanlega mjög mikið atriði. Þá vil ég nefna, að heimild er til þess að takmarka efni, sem notuð eru í net og aðrar veiðivélar, og hindra með því ofveiði. Þá er og eitt mikilvægt ákvæði í þessu frv., og það er heimild til þess að veiða lax í ánum og flytja langan veg á hrygningarstöðvar og auka þannig möguleika fyrir fiskeldi í ám, þar sem lax eða silungur gengur treglega upp, t. d. úr jökulvatni í bergvatnsár.

Þá er vitanlega margt fleira, sem mætti telja þessu frv. til gildis og rakið var nánar í hv. Nd., en vegna þess að mikið hefur verið rætt og ritað um fiskræktarmálin, þá tel ég tæplega ástæðu til þess að endurtaka margt af því, sem ég sagði í hv. Nd., þar sem það er alllangt mál, og gera má ráð fyrir því, að hv. þdm. hafi kynnt sér þetta mál og séu kunnugri því nú en þegar málið var upphaflega lagt fyrir hv. Nd.

En brtt. þær, sem fluttar voru við frv. í Nd., eru þessar: Á þskj. 534 var till. frá Matthíasi Á. Mathiesen um það, að skipun veiðimálanefndar verði til fjögurra ára í senn, en ekki ótiltekinn tíma, eins og er í frv. Þá voru brtt. á þskj. 504 frá Stefáni Valgeirssyni o. fl. Það var um atkvæðamagnið skv. 32. gr. í veiðifélögum. Sú till. var samþ., að í stað 3/5 atkv. skuli koma 2/3 atkv. Þetta ákvæði tel ég naumast mjög mikilvægt og matsatriði, hvort gilda skuli. Þá var og samþ. að fella niður 48. gr. frv., þar sem var lagt til, að í veiðimálanefnd skyldu eiga sæti fimm menn, en ekki þrír. Brtt. á þskj. 496 frá Jónasi Péturssyni voru allar felldar. Þá voru brtt. frá landbn. Nd. á þskj. 483 allar samþ. Tel ég ekki ástæðu til þess að lýsa þeim, þar sem þær liggja skjallega fyrir.

Hv. landbn. Nd. afgreiddi þetta frv. fljótt og vel með tiltölulega litlum breytingum. Hún kallaði til sín marga aðila, veiðiréttareigendur, fulltrúa stangaveiðimanna og ýmsa, sem áhuga hafa á þessum málum. N. hafði einnig fengið bréf frá ýmsum aðilum um frv. Þar kom fram bæði frá veiðiréttareigendum og öðrum, að þeir teldu æskilegt að fá ýmsar breytingar á frv., en allir lögðu þó áherzlu á að fá frv. samþ. Frv. væri til mikilla bóta. Það væri miklu betra að fá þetta frv. lögfest nú en að búa við gildandi lög. Og ég tel það ákaflega mikils virði, að þannig skuli vera litið á málið af flestum eða öllum, sem laganna eiga að njóta, að frv. sé til stórbóta frá þeim lögum, sem nú er búið við. En í máli eins og þessu, um lax- og silungsveiði, þarf tæplega að búast við því, að allir geti orðið ánægðir eða menn geti lýst yfir því, að í frv. felist það, sem menn helzt kjósa og vilja fá. Þar sem sjónarmið eru mörg í þessu máli, verður að fara meðalveginn og reyna að ná því næstbezta, ef það bezta er ekki að fá.

Í þessu frv. er megináherzla lögð á heimildir til aukinnar friðunar. Það er stofnun fiskræktarsjóðs, það eru ráðstafanir til þess að auðvelda fiskigengd og fiskrækt. Þetta frv. er spor í áttina til þess að auðvelda það að auka fiskmagn bæði í stöðuvötnum og ám landsins og að fara þann gullna meðalveg, sem virðist vera fær nú í bili, til þess að ná þessu marki.

Ég vona, að þetta frv. fái ekki verri viðtökur í þessari hv. d. en í hv. Nd., og ég vil leggja áherzlu á það í samræmi við þær undirtektir, sem málið hefur fengið, bæði í hv. Nd. og utan þings, að þetta mál nái fram að ganga á þessu þingi, og ég vil, herra forseti, leggja til nú, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég hef ekki haft tök á því að bera saman það, sem verið hefur í þessu frv., sem hæstv. landbrh. var að lýsa, og afgreiðslu Nd. vegna þess að málið var þar afgreitt í gær og í fyrradag, við höfum haft mörg mál til meðferðar hér í hv. Ed. og verið við þau önnum kafin. Engu að síður ætla ég að fara um þetta mál nokkrum orðum.

Ég veitti því athygli, og fyrir það ber að þakka, að eins og hæstv. ráðh. bendir réttilega á, gengur þetta frv. lengra í áttina að óskum okkar, sem erum kannske fullbjartsýnir í þessum málum, en það frv., sem var lagt fram í fyrra. Ég er ánægður með frv., það, sem það nær, þó að ég hefði gjarnan viljað, að sumir þættir þess væru svo styrkir, að ég hefði örugga vissu fyrir því, að þeir næðu þeim árangri, sem við höfum margir áhuga á, sérstaklega varðandi fiskeldi í landinu og að tryggja tekjustofna til þess.

Það var í desember, að við fluttum hér þrír frv. um sama efni, vegna þess að það dróst allmjög, að hæstv.

ríkisstj. legði fram þetta frv., eða hæstv. landbrh. Hvort sem það hafa verið áhrif frá því eða ekki eða frá öðrum aðilum, þá sé ég, að það er ekki ýkjamikill munur í heild á þessum tveimur frv., og ég tek það fram, að það er ánægjulegt. Hins vegar eru í því viss atriði, sem ég hefði persónulega talið og við fleiri, að ættu að vera trygg.

Það er varðandi örugga friðun, en ekki heimildarákvæði, vegna þess að það er mikið álag á þá menn, sem eru ábyrgir í þessum málum, veiðimálastjóra og veiðimálanefnd, að taka ákvörðun, þó að í samráði við ráðh. sé, um aukna friðun. Betra væri að hafa stoð í l. til þess. Ég vitnaði hér á sínum tíma í grein eftir Einar bónda Gestsson á Hæli um nauðsyn á aukinni friðun og gildi hennar, og það fer ekki á milli mála, að það gildir alveg hið sama um laxinn og aðra fiska, að þegar ný tækni kemur til, þá vofir sú hætta yfir, að við göngum of skyndilega á stofninn, og það er of seint að vakna við, þegar fiskurinn er til þurrðar genginn. Hér er of mikið í húfi til þess. Hins vegar er málið mjög viðkvæmt. Það skal ég undirstrika og ekki þægilegt að vera hinn vísi maður í eitt skipti fyrir öll, og ekki ætla ég mér þá dul né ætla ég öðrum þá hæfileika að geta sagt nákvæmlega til, hvað er hið rétta og ranga í þessu efni. Hins vegar sýnir það sig óumdeilanlega, að laxveiði hér á landi hefur hnignað og hún hafizt síðar en verið hefur, sérstaklega varðandi stangaveiðifisk. Og það er vegna þessa, að við viljum margir leggja til, að friðunartími á vorin verði lengdur og það sé gert með lagaákvæði, en ekki lagt á herðar þeim mönnum, sem bera ábyrgð á framkvæmd l., því að um það gætu orðið nokkuð harðar deilur. Þetta vildi ég, að kæmi hér fram. Ég veit ekki, hvort hv. landbn. hefur virt okkur þrjá flm. þess að fjalla nokkuð um frv. okkar. Hún kannske gerir þá núna einhvern samanburð, þegar hún fjallar um þetta, og væri það æskilegt, en það mun þá koma í ljós síðar meir, og mun ég þá e. t. v. þurfa að fjalla nánar um málið.

Hæstv. landbrh. talaði um það, sem er mikilvægt og sanngjarnt atriði og samstaða varð um í endurskoðunarnefndinni, þar sem ég átti sæti, að í veiðimálanefnd, – það má deila um, hvort á að kalla það veiðimálastjórn eða veiðimálanefnd, en haldið er veiðimálanefndarnafninu, sem virðist þó fara í taugar margra manna nú, sbr. þetta svokallaða nefndafargan, séu fimm menn. Ég er samþykkur þessu sjónarmiði, sem fram kom í frv., að hún sé skipuð fimm mönnum, enda í samræmi við það, sem ég hef haldið hér fram fyrr, og það er ánægjulegt að heyra ákveðinn stuðning í því efni.

Um fiskræktarsjóðinn gegnir hins vegar öðru máli. Ég álít, að hann nái mjög skammt eða allt of skammt miðað við það gagn, sem ég tel, að hann geti gert fyrir íslenzkan landbúnað og íslenzkt atvinnulíf. Það er ekki ný hugmynd, að nauðsyn sé að koma á fiskræktarsjóði. Hún er gömul, og ég man eftir því, að í grg. veiðimálastjóra, Þórs Guðjónssonar, held ég frá 1960 eða 1961, þá leggur hann mjög mikla áherzlu á það, að stofnað sé til fiskræktarsjóðs, en 10 ár eru liðin, án þess að þessi sjóður hafi séð dagsins ljós, og mér finnst fæðing hans hér í frv. ekki slík, að hann verði þess megnugur að veita það gagn í fiskeldi, sem ég gjarnan vildi.

Auðvitað má deila um það, hversu mikið fjármagn við eigum að láta af hendi árlega til þessarar starfsemi, en fram hjá því verður ekki gengið, að þessi starfsemi sem önnur, ef hún á að vera til einhvers, verður að fá nægilegt fjármagn. En það hefur ekki verið undanfarin ár, þó að ég vilji þakka hæstv. landbrh. fyrir það, að fjárveitingin hefur aukizt verulega. En hér þarf verulegt fjármagn að koma til, því að það er mín trú, að mikil auðlegð búi í ánum og ekki síður vötnunum, og til þess þarf stórátak að gera veiðivötnin vel veiðihæf, því að menn munu sækja út í náttúruna og una vel við sinn hag, sé fiskivon í vötnunum. En til þess þarf að efla alla slíka starfsemi, þannig að klak- og eldisstöðvar geti lagt þessu máli virkilega lið. En það er staðreynd, að fjármagnsskortur hefur hamlað þessari starfsemi verulega undanfarin ár þrátt fyrir stóraukið fjármagn. Og við viljum einmitt leggja áherzlu á, að Alþ. viðurkenni þessa búgrein ekkert síður en aðrar búgreinar og láti ríflegt fjármagn í hana. Hjá Dönum er þetta stórmál, og þeir hafa hundruð millj. kr. í hreinar útflutningstekjur af fiskeldi. Það er undarlegt hér á Íslandi, að ekki skuli miða neitt áfram í þessu efni. Það er vegna þess fyrst og fremst, að áhugamenn um allt land hafa átt við mjög mikla erfiðleika að etja varðandi fjármagnsútvegun, og það má ekki lengur við svo búið una.

Hér í frv. eru taldir upp tekjumöguleikar fiskræktarsjóðs, og það er gott út af fyrir sig. En ég sé nú ekki tilganginn í því, enda tók hæstv. ráðh. það skýrt fram, að langt yrði að bíða eftir tekjuafgangi frá fiskeldisstöðvum ríkisins. Þetta er alveg óraunhæft. Stöðin í Kollafirði á að verða rannsóknarstöð og miðla þekkingu og reynslu, en það á ekki að ætlast til þess, að hún sé rekin þannig, að hún skili arði. Það finnst mér ósanngjarnt. Ég held, að það sé óeðlilegt að ætla, að tilraunastöð geti skilað arði, því að þá er ekki unnið þannig að tilraunum sem nauðsynlegt er. Hún á að miðla þekkingu og fræðandi efni út um allt land og vera mönnum til hjálpar að koma á fót fiskeldi og fiskrækt og geta selt seiði víða um landið og haft af því auðvitað tekjur. En það getur ekki verið meginsjónarmið. Það er alveg útilokað.

Við lögðum til nokkur fleiri atriði. M. a. vil ég minna á, að samþ. var á búnaðarþingi 1969, að tekjur skyldu verða af sölu veiðimiða og ráðh. skyldi setja nánari reglur um innheimtu þess gjalds og allt fyrirkomulag. Þetta er sama kerfi og víða viðgengst erlendis, og ég sé ekkert því til fyrirstöðu, að bæði Íslendingar og útlendingar borgi nokkra þóknun fyrir að fá að veiða hér á landi til fiskræktarmála og í fiskræktarsjóð. Ég býst við því, að það þurfi að hugleiða nokkuð vel fyrirkomulagið, en þó held ég, að stangaveiðifélög um land allt og ferðaskrifstofur og fleiri aðilar gætu haft þessi kort. Þó að veiðiréttareigendum finnist að sumu leyti, að það sé skertur þeirra réttur, þá sé ég ekkert því til fyrirstöðu, að ráðh. geti útvegað þeim tvö eða þrjú kort, þannig að þeir gætu boðið bæði sjálfum sér og kunningjum sínum til veiði á sínu ákveðna svæði. En ég sé enga ástæðu til þess, þó að þarna sé viss annmarki á, að hafna þeim tekjumöguleika, sem sala þessara korta býður, því að hún er stór liður í tekjuöflun fiskræktarmálanna í Noregi og Svíþjóð og Bandaríkjunum og víðar. Þess vegna sé ég ekki ástæðu til þess að hafna

þessum möguleika, þó að það séu viss sárindi hjá sumum veiðiréttareigendum að fá eins konar ávísun á veiði í sinni eigin á eða sínu eigin vatni. Hann yrði auðvitað frjáls fyrir þá, en innan vissra takmarka þó, eða viss regla mundi gilda um slík veiðikort, þannig að ég vil hvetja hv. landbn. til að taka undir það, sem kom fram í endurskoðunarnefndinni. Við vorum inni á þessu, þó að vissir annmarkar væru á framkvæmd, og einnig hv. búnaðarþing á s. l. ári, og ég held, að það sé of mikil þröngsýni að kasta þessum möguleika frá sér fyrir sjóðinn.

Um aðrar tekjur verður auðvitað að fara eftir getu ríkissjóðs, – ég skal taka undir það, – hverju sinni. En ég sé ekki, að þessi sjóður mætti ekki fá sinn skerf eins og aðrir sjóðir, og það er kannske erfitt að ákveða það fast í eitt skipti fyrir öll, en ég veit það, að hæstv. landbrh. mun leggja þessu máli lið. Hann hefur lýst því margsinnis nú á yfirstandandi þingi, að hann mun beita sér fyrir auknum tekjumöguleika úr ríkissjóði. Vatnsaflsstöðvar landsins hafa nú fengið möguleika á því að greiða í sjóðinn, og það er gott út af fyrir sig. Ekki eru þó allir ánægðir með það, og einhverjir munu gagnrýna slíka ráðstöfun. En þó er það gert víða annars staðar og hefur þótt eðlilegt, þar sem vel geti komið til greina, að vatnsaflsstöð trufli fiskgengd í viðkomandi á.

Frv. gengur út á m. a., sem hæstv. ráðh. drap á, möguleika á aukinni heimild til friðunar, frá 84 tímum upp í 108 tíma. Hér er vandamál á ferðinni. Ég tel, að það sé, eins og ég sagði áður, útilokað annað en að auka þessa friðunarheimild beint í lögum til öryggis eða setja ákveðið í lög, að skylda sé að friða vissan tíma í júní og seinast í maí. Þetta má auðvitað ákveða til skamms tíma til reynslu, en það eru margir uggandi um það, að nútímatækni og girnisnetin séu svo fiskin, að gengið verði um of á stofninn. Enda kemur það fram í frv., að það er heimild, og er það ánægjulegt út af fyrir sig, til þess að hamla á móti notkun slíkra tækja.

Frv. er mjög í þá átt, sem við, kannske þessir fullbjartsýnu menn, höfum viljað, og það er rétt, sem hæstv. ráðh. drap á, að við munum auðvitað seint saddir verða á þeim óskum, sem við viljum setja fram. En reynslan mun skera úr um það, hvað er rétt og hvað er rangt í því efni að óska eftir auknu fjármagni til þessarar starfsemi. Á hitt vil ég minna, að það er búið að standa í lögum frá 1937 eða 1932, held ég, lögum, sem eru í gildi í dag, að rannsaka hefur átt ár og vötn og kortleggja. En ég tók eftir því, að það var aðeins í fyrra, sem slíkt var gert, a. m. k. að einhverju ráði. Hæstv. ráðh. drap á það, en þetta sýnir, hversu vissir þættir þessara mála hafa verið vanræktir vegna fjármagnsskorts. En það er vissulega nauðsynlegt, ef fiskeldi á að verða verulegt hér í landinu, að við höfum rannsakað ár og vötn rækilega og komizt að niðurstöðu um það, hvar séu beztu skilyrðin og hvar beri að leggja áherzlu á aukna starfsemi í þessu efni. Undir það vil ég taka mjög rækilega, þar sem við eigum nú unga og duglega menn í námi fyrir þessa starfsgrein, að þeim verði sköpuð góð starfsskilyrði hér heima. Til þess þarf auðvitað nokkurt fjármagn. Þess vegna finnst mér, að við ættum að efla meir tekjumöguleika fiskræktarsjóðs en gert er í frv. Þó að það sé auðvitað mögulegt í fjárl. hverju sinni að veita honum ríflegar tekjur, þá er það nú gott, að hann hafi nokkuð fastan stofn til að byggja á, ég held, að það sé bráðnauðsynlegt.

Að öðru leyti vil ég ekki tefja tíma hv. d. meira en þetta í dag, en ég vildi beina því til hv. landbn., að hún bæri saman frv. og sæi, hvað hefði nálgazt frá því, að við lögðum fram frv. okkar, en frv. gengur nú mun lengra, og er það ánægjulegt, en hið fyrra.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 577, n. 688, 689).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. – Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Frv. þetta til l. um breyt. á l. um lax- og silungsveiði, sem hér liggur fyrir til 2. umr., hefur landbn. haft til athugunar og rætt á nokkrum fundum. N. hefur athugað umsagnir, sem um það hafa borizt frá nokkrum aðilum, og kynnt sér þær, og hefur n. orðið sammála um að mæla með, að frv. verði samþ. Hins vegar, eins og nál. á þskj. 688 ber með sér, áskilja nm. sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Ég þarf ekki, að ég hygg, að hafa ýkjamörg orð um þetta frv. að þessu sinni. Það hefur verið til athugunar um alllangan tíma í landbn. Nd., og eins og landbn. Nd. gekk frá því, hygg ég, að fengizt hafi nokkuð öflug samstaða um frv. Ég hygg, að það sé öllum ljóst, að ýmsir telja, að enn hefði mátt bæta um það á margan veg, en hins vegar er það líka ljóst, að það hefur verið erfitt að samræma sjónarmið þeirra manna, sem óskuðu breyt. í verulegum efnum. Þess vegna varð það niðurstaða landbn. Ed., eins og ég gat um áðan, að hún teldi frv. komið í það horf, að hún vildi mæla með því, að það yrði samþ.

Ég vil þá gera lítils háttar að umræðuefni brtt., sem ég hef leyft mér að bera fram við þetta frv., ásamt hv. 2. þm. Norðurl. e. og hv. 3. landsk. þm. Eins og ég gat um áðan, þá kom það fram í ræðum ýmissa manna í landbn., að þeir teldu, að frv., eins og frá því var gengið frá hendi landbn. Nd., hefði verið komið í það horf, sem menn gátu vel sætt sig við, og það er álit okkar, þeirra þriggja alþm., sem flytjum þá brtt., sem ég hér gat um, sem er að finna á þskj. 689, en í meðferð Nd. var sú gr. frv. felld niður, sem landbn. Nd. hafði mælt með, að samþ. yrði. Við teljum, flm. þessarar till., að ákvæði þessarar gr. séu svo mikilvæg, að við viljum ekki láta hjá líða að gera tilraun til þess að koma henni fram. Ég er þeirrar skoðunar, að þau rök, sem mælt hefur verið fyrir og talið, að mæltu gegn því að fjölga í veiðimálanefnd úr þremur í fimm og skipa hana á þann hátt, sem til er tekið í nefndri gr. frv., eigi sér ekki stoð. Við teljum, að rétti vettvangurinn fyrir þá aðila, sem oft hafa deilt um málefni friðunar og fiskræktar, til umræðna sé einmitt í veiðimálanefnd, og við erum ekki í vafa um það, að þær umr. mundu leiða til sameiginlegrar niðurstöðu og verða þess vegna til að skapa meiri samheldni og frið um þessi mál en verið hefur til þessa.

Ég held, að ég hafi ekki öllu fleiri orð um till. Ég vil þó geta þess, að hún er í einu falli breyt. frá því, sem landbn. Nd. lagði til. Við gerum hér till. um, að n., sem ráðh. skipar, skuli skipuð til 4 ára í senn, svo að farið sé eftir þeirri almennu og algengu venju, að n. séu skipaðar til ákveðins tíma, en ekki til ótiltekins tíma. Ég mæli með því fyrir hönd n. allrar, að frv. verði samþ., og ég vil mæla með því fyrir hönd okkar flm. brtt., að hún nái fram að ganga.

Jón Árnason: Herra forseti. Það er, eins og fram kom hjá síðasta ræðumanni, að sjálfsögðu um nokkurn ágreining um einstök atriði að ræða um þetta mál, enda þótt n. í heild hafi mælt með því, að frv. yrði samþ., en einstakir nm. áskildu sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma við frv. Minni hl. n. eða þrír af nm. hafa síðan flutt á sérstöku þskj. þá brtt. í sambandi við nefndarskipun veiðimálanefndar, að fjölgað verði upp í fimm, eins og upphaflega var gert ráð fyrir í frv. Þessu ákvæði var breytt í Nd. í það, að nm. yrðu þrír. Samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef aflað mér, munu öll veiðimálafélög í landinu mæla gegn því, að n. verði skipuð svo sem hér er lagt til. Ég tel með tilliti til þess, sem fram kom hér við 1. umr. þessa máls af hendi hæstv. landbrh. og áhuga hans fyrir því, að sem flestir aðilar, sem hlut eiga að máli, kæmust í þessa n., að með skipuninni, enda þótt það séu aðeins þrír menn, sé hægt að koma því við, að þessir aðilar eigi fulltrúa í n. Með tilliti til þessa og þess, sem ég hef áður sagt varðandi afstöðu veiðifélaganna í landinu, þá legg ég til, að n. verði skipuð þrem mönnum, eins og kveðið er á um í frv. nú.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég ræddi nokkuð um þetta frv. við 1. umr., og ég viðurkenndi, að margt hefði áunnizt miðað við það, sem var í frv., sem hæstv. landbrh. flutti á síðasta þingi. Hins vegar lét ég í ljós þá von, að tekjur fiskræktarsjóðs yrðu tryggðar nokkru betur. Það hefur ekki náðst samstaða um það, og ég hef heldur ekki séð ástæðu til þess að flytja sérstaka brtt. í því sambandi. Um það má alltaf deila. En ég varð þó svo bjartsýnn, að ég taldi, að grundvöllur væri fyrir því að fá samstöðu í landbn. um að gera stærra átak í þessu efni en frv. gerði ráð fyrir, en svo virðist ekki hafa verið.

Ég nefndi hér einn möguleika, og það var í frv., er ég flutti ásamt tveimur öðrum hv. þdm., en það hefur ekki verið hlustað á það – sú till. var líka felld í Nd. – að stofna til sérstakra veiðikorta. Fyrirmynd að þessu er frá öðrum löndum. Í Noregi voru sett lög um þetta árið 1964. Þar eru gefin út sérstök kort, en tekjur af þeim eru 10 kr. norskar á Norðmann, en fyrir útlending, sem kemur til veiða í landinu, eru það 25 kr. Tekjur af þessari sölu fara til að styrkja laxeldi í landinu og aðra starfsemi við lax og silung, og ég hefði gert mér vonir um, að slík hugmynd fengi hér jákvæðar undirtektir, en það virðist ekki vera. Í Noregi og Svíþjóð hafa þessi kort gefið góðar tekjur í fiskræktarsjóðina þar. En það getur vel verið, að þetta sé of nýtt hér á landi, til þess að menn átti sig á því, að þetta er til bóta. En ég vildi þó láta það koma skýrt fram, að við vorum hér nokkrir í d. á því, að rétt væri að taka þetta skref strax til eflingar almennu laxeldi í landinu og fiskrækt. Hvað um það þá virðist ekki vera hljómgrunnur fyrir þessu í landbn., og við það verður að sitja í bili.

Hins vegar vil ég taka undir þær brtt., sem n. gerir á þskj. 689, og tel hér um réttlætis- og sanngirnismál að ræða, enda lagði hæstv. landbrh. þessu máli lið í framsögu, og sýnast góð rök fyrir því, að hér sé tekin upp skipun fimm manna n. í stað þriggja manna áður.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Það er misskilningur hjá hv. síðasta ræðumanni, að landbn. sem slík beri fram nokkra brtt. við það frv., sem hér er til umr. Það eru þrír nm., sem flytja þessa brtt. og ég vil lýsa yfir því, að ég er andvígur þeirri brtt., sem hér liggur fyrir, því að ég tel það langheppilegasta skipan á þessum málum, að stjórn veiðimálanna verði hin sama og skipuð sömu aðilum og verið hefur til þessa.

Ég hygg, að það muni vera einróma álit allra þeirra, sem hafa látið til sín heyra um þessi mál, að svo verði. Og ég vil benda á það, að ef það eru einhverjir hér í hv. þd., sem vilja, að þetta mál fari í gegnum hv. Alþ. nú, þá væri langeðlilegast og réttast að fella þessa brtt., því að ég hygg, að framgangur málsins verði ekki að þessu sinni á hv. Alþ., ef þessi brtt., sem er á þskj. 689, um breytta skipan á veiðimálum nær fram að ganga. Ég vil taka það fram, að ég er ekki sérstaklega hrifinn af þessu frv., en ég tel þó eftir atvikum, að það sé rétt að samþykkja þær breyt. á veiðimálalöggjöfinni, sem nú liggja fyrir, en í frv. er ég andvígur málinu, ef brtt. á þskj. 689 nær fram að ganga, þá er ég á móti málinu. En ég mun fylgja því óbreyttu, eins og það kom frá Nd.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
5.–7. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
8.–10. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
12.–18. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
19.–20. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
21.–28. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
29. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
30.–31. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
32. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
33. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
34. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
35.–36. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
37. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
38.–44. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
45. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
46.–47. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 689 samþ. með 10:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AuA, BJ, SGG, GilsG, JÁH, JÞ, MJ, StG, SvG, JR.

nei: OA, ÁB, BGuðbj, BFB, KTh, JónÁ, ÓlJ, PÞ.

ÓB greiddi ekki atkv.
Einn þm. (KGuðj) fjarstaddur.
48.–64. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:1 atkv.

Á 81. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 733).

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:1 atkv. og endursent Nd.

Á 88. fundi í Nd., 28. apríl, skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Landbn. ræddi þá breyt., sem Ed. gerði við þetta frv., frá því að það var sent héðan úr þessari hv. d. í morgun. Þessi breyt. er, eins og hv. þm. vita, sú, að skipun veiðimálanefndar er færð í það horf, sem var í frv., en þessu var breytt hér í d. Fundur landbn. var heldur illa sóttur, það komu aðeins fimm af sjö nm., og þeir urðu ekki sammála um þá afstöðu, sem n. tæki til þessarar breyt. í Ed. Ég má segja, að þrír af fimm, sem þar voru, eru fylgjandi því að fallast á þessa breyt. Um afstöðu þeirra, sem fjarverandi voru, veit ég ekki. Það hlýtur að koma fram við atkvgr. hér á eftir, en sem sagt, ég fyrir mitt leyti fellst á, að þessi breyt. haldist, sem Ed. gerði á frv., enda í samræmi við skoðun mína á því atriði, og legg ég til í umboði tveggja annarra nm., að á þessa brtt. verði fallizt.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Eins og kom fram í umr. hér í hv. d., þegar þetta mál var til meðferðar, þá voru mjög litlar brtt. gerðar við þetta frv. Ekki vegna þess, að bæði nm. og ýmsir aðrir hv. þdm. hefðu ekki áhuga á að breyta frv., en þeir vildu þó, að það yrði afgr. hér á þessu þingi. En það var sérstaklega ein breyt., sem menn lögðu áherzlu á, að yrði gerð á frv., eins og það var. Það komu ýmsir landeigendur, bæði úr Borgarfirði, Árnessýslu og Rangárvallasýslu, og lögðu þetta ferðalag á sig til þess að undirstrika það – og óska þess, að þessi breyt. yrði gerð á frv., og mundu þeir sætta sig við, að það færi fram, þó að þeir væru að ýmsu leyti ekki ánægðir, ef þessi eina breyt. væri gjörð á. Til þess að setja ekki frv. í hættu og í þeirri von, að hv. þd. og Alþ. tækju einróma óskir þessara manna til greina, þá tókum við þann kost að koma með aðeins tvær brtt., þessa og aðra, sem var mjög lítil breyt., og urðu ekki um hana nein átök í hv. d.

Nú hefur það hins vegar gerzt, að þessi breyt., sem við gerðum á frv., þ. e. a. s. að fjölga ekki í stjórn veiðimálanefndar, var aftur felld og breytt í upphaflegt form í hv. Ed. Við teljum þetta svo mikla breyt., að við viljum ekki fallast á hana. Við leyfum okkur hér, ásamt mér hv. þm. Benedikt Gröndal, hv. þm. Ágúst Þorvaldsson, hv. þm. Hannibal Valdimarsson og hv. þm. Halldór E. Sigurðsson, að leggja til, að 48. gr. í frv. falli niður.

Það kom fram í umr. hér, ég lét það a. m. k. í ljós, að sú skipan, sem væri á þessum málum, ætti ekki að verða til frambúðar. Ég held, að það sé a. m. k. skoðun ýmissa bænda, að það væri eðlilegra, að veiðimálastjóri væri bara ráðunautur hjá Búnaðarfélaginu og þessi deild eins og aðrar félli undir Búnaðarfélagið. Með því að breyta þessu í það horf, sem Ed. lagði til og hæstv. landbrh. mun hafa lagt áherzlu á að gert væri, verður það einmitt til þess að hindra þessa skynsamlegu og eðlilegu þróun þessara mála.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að vera að tala hér langt mál út af þessu eða ræða frv. á annan hátt, en ég vil sérstaklega undirstrika það, að allir þeir landeigendur, sem við okkur hafa talað, hafa lagt mikla áherzlu á, að þessi breyt. á gildandi lögum nái ekki fram að ganga. Ekki sízt vegna þess, að að öðru leyti eru bændurnir ekki ánægðir með það frv., sem hér er, vonast ég til þess, að hv. þd. taki til greina óskir þeirra að þessu leyti.

Þar sem þessi till., herra forseti, er skriflega flutt og of seint fram borin, þá óska ég eftir því að það verði leitað afbrigða við henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 756) leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Eina breyt., sem hv. Ed. gerði á frv. þessu, var um 48. gr., það var að breyta henni í það horf, sem hún var upphaflega, þegar frv. var flutt, að í veiðimálanefnd eigi sæti fimm menn í stað þriggja. Það er sagt, að bændur væru mikið á móti því, að hafa fimm menn í veiðimálanefnd. Þeir eru á móti því, að sagt er, vegna þess, að stangaveiðimenn eiga að fá rétt til þess að skipa einn mann í n. Stangaveiðimenn eiga samkvæmt þessari till. að hafa einn mann af fimm í n. Það er sagt, að það stafi jafnvel hætta af því fyrir bændur, ef þannig skipast. Það er sagt, að bændur hafi gert sér langa ferð á fund landbn. til þess að koma þessum óskum sínum á framfæri, að hún vildi nú gera svo vel og hindra þann voða, sem felst í 48. gr. frv.

Ég hef nú talað við bændur líka, og ég veit vel, hvernig hugur þeirra er til þessa frv. Þeir leggja mikið upp úr því, að það nái fram að ganga, og þeir leggja mikið upp úr því, að það nái fram að ganga jafnvel þótt nm. yrðu fimm, en ekki þrír. Enginn vafi er á því, að bændur gera sér fulla grein fyrir því, að þeim stafar engin hætta af því, að fulltrúarnir séu fimm. Það eru margir bændur svo raunsæir að skilja, að það getur haft jákvæða þýðingu að hafa fulltrúa frá stangaveiðimönnunum í n. Það er nauðsynlegt, að veiðiréttareigendur og stangaveiðimenn reyni að vinna saman, tala saman og það verði byggð brú á milli þessara stríðandi aðila, sem stundum halda, að þeir eigi ekki sameiginleg hagsmunamál, heldur að þeir séu andstæðingar. En það eru þeir ekki. Stangaveiðimenn hjálpa til þess að nýta veiðina, og þeir eiga að borga leigu fyrir það, og það verður veiðimálunum hollt, að till. frá þeim komist á framfæri. Það verður meiri hluti veiðimálanefndar, sem ræður till., sem fram koma, og veiðimálanefnd verður vissulega skipuð fulltrúum frá veiðiréttareigendum eða þeim aðilum, sem mundu vilja tryggja hagsmuni bændastéttarinnar.

Það er rétt að rifja það aðeins upp enn einu sinni,

hvernig lagt er til, að n. verði skipuð, ef fimm eiga sæti í henni. Það verður einn skipaður án tilnefningar af ráðh. Ég reikna ekki með, að bændur trúi því, að sá maður, sem ráðh. skipar, verði hagsmunum þeirra óvinveittur. Ég hef aldrei heyrt því haldið fram. Þá er einn fulltrúi frá Búnaðarfélagi Íslands, einn frá Hafrannsóknastofnuninni, vísindamaður, einn samkv. tilnefningu Landssambands stangaveiðifélaga og samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga. Þannig er lagt til, að n. verði skipuð, og það að hætta stafi af því að skipa hana á þennan hátt er vitanlega hrein fjarstæða. Það er miklu eðlilegra, að svo sé, en gamli mátinn verði á hafður.

Ég vænti þess, að frv. verði samþ., eins og það kom frá Ed. Það má vel vera, að bændur hefðu viljað fá fleira inn í frv. Stangaveiðimenn eiga einnig sitt frv. og sínar óskir og allt aðrar og fleiri en eru í þessu frv. En í þessu frv. hefur verið þræddur meðalvegurinn, þannig að báðir aðilar fá nokkuð. Báðir aðilar óska eftir því, að frv. verði lögfest, vegna þess að það er betra en gildandi lög. Þetta hafa bændur sagt, og þetta hafa stangaveiðimenn sagt. Bændur vilja fá frv. fram, þótt nm. verði fimm. (Barið í borð.) Það er vissara að taka aftur til máls um það. Kannske hv. 5. þm. Norðurl. e. ætli nú að halda því fram, að ef nm. verði fimm, þá vilji bændur heldur, að frv. liggi kyrrt. Ég trúi því ekki fyrr en á reynir, en það mætti vitanlega alveg eins fullyrða það og það að það sé bændum til tjóns, ef fulltrúarnir verða fimm.

Ég vænti nú þess, að frv. verði samþ. eins og það kom frá Ed., en segja má og ég skal viðurkenna það, að jafnvel þó að nefndarmennirnir hefðu bara verið þrír og Ed. hefði ekki breytt frv. neitt, þá væri það vitanlega stór vinningur, ekki bara fyrir bændur, heldur fyrir veiðimálin í heild, að fá frv. lögfest með fiskræktarsjóði og öðrum þeim ákvæðum, sem í því eru.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Ég skal ekki hafa hér langt mál um þetta. Ég furða mig dálítið á þeirri miklu áherzlu, sem hæstv. landbrh. leggur á þetta mál, að koma því svo fyrir, með veiðimálanefndina, að bændur verði þar örugglega í minni hl. En samkvæmt þeirri till., sem samþ. var í gær í Ed. og var áður í frv. frá hans hendi, þá er þannig búið um hnútana, að bændur verða í minni hl. í veiðimálanefnd. Það er einn frá Búnaðarfélaginu, sem á að koma þarna, og aðeins einn frá Landssambandi veiðifélaga. Aðrir, sem gert er ráð fyrir, að verði í n., eru ekki fulltrúar bænda. Ýmsir bændur og yfirleitt veiðiréttareigendur hafa látið í ljós andúð sína á þessum ákvæðum og sent til landbúnaðarnefndanna mótmæli gegn þessu ákvæði í frv. Og þegar bændur heyrðu í útvarpinu í gærkvöld, hvernig farið hafði með frv. í Ed. í gær, þá hringdu þeir margir í mig í morgun, og ég veit, að þeir hafa talað við fleiri menn hér í sambandi við þetta mál. Sumir sögðu, að úr því að svona væri komið, þá teldu þeir bezt, að frv. væri stöðvað. Þeir kærðu sig ekki um framgöngu þess úr því að búið væri að fara á þennan hátt með það. Ég verð að álíta, að ég hafi skyldu til þess sem þm. að reyna að varðveita eignarrétt og umráðarétt bændanna yfir eignum þeirra, sem í þessu tilfelli eru veiðiréttirnir. Ég hef engar fyrirframhugmyndir um það, að stangaveiðimenn séu neitt verri en aðrir menn í þessu efni, en mér finnst það ákaflega hart að ganga gjörsamlega á móti óskum veiðiréttareigenda og búa þannig um hnútana, að þeir verði örugglega í minni hl. í veiðimálanefnd. Ég hefði talið það í alla staði rétt í sambandi við þessa löggjöf að ganga þannig frá, að veiðiréttareigendurnir hefðu meiri hl. í veiðimálanefnd. Þess vegna hef ég enn á ný gerzt meðflm. að þeirri till., sem hér var áðan leitað afbrigða fyrir. Ég geri ráð fyrir, að ég greiði frv. ekki atkv., ef sú tillaga verður felld.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Hæstv. landbrh. var nú að gera mér upp það, sem ég mundi segja hér á eftir. Þetta var nú að mínu viti óþarfi.

En í sambandi við þetta mál, þá finnst mér það eiginlega dálítið furðulegt, hvernig ráðh. talaði, því það kom fram, að hann vissi um bændur, sem mundu vilja þetta frv. feigt með þessari breyt., sem var gerð í hv. Ed. Hann hefði ekki talað, eins og hann talaði, ef það hefði ekki verið búið að hafa samband við hann af bændum, sem hugsuðu þannig, enda er það engin launung, að þannig hafa margir hugsað nú. En ég kemst nú ekki hjá því, fyrst hæstv. landbrh. talaði þannig, að segja, hvernig hann lagði þetta frv. fyrir Ed. Hæstv. ráðh. sagði í Ed., þegar hann lagði málið fyrir þar til 1. umr., – með leyfi forseta, þá sagði hann þetta:

„Ég vildi mælast til þess, að hæstv. landbn., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, athugi, hvort ekki sé rétt að breyta þessu ákvæði á ný þannig, að veiðimálanefnd skipi fimm menn, eins og gert var ráð fyrir í frv."

Það er náttúrlega auðséð, hvaða maður það er, sem leggur ofurkapp á þetta mál, alveg þvert á vilja allra bændanna í landinu. A. m. k. hefur enginn bóndi haft samband við mig, sem hefur ekki lagt mjög mikið kapp á það, að frv. væri ekki breytt á þennan hátt. Ég óska ráðh. til hamingju með það, að hann skuli leggja slíka áherzlu á þetta mál beint á móti vilja bændanna. Og ef þetta frv. fer í sjálfheldu og verður fellt, þá er það verk hæstv. ráðh., og hann ber ábyrgð á því.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Ég bjóst ekki við, að hér yrðu miklar umræður um þetta atriði, og sagði þess vegna áðan aðeins frá því, hver afstaða landbn. væri til þessarar breyt. En ég tel rétt, að það komi fram hér, að þegar þetta atriði var til umræðu í milliþn., sem undirbjó þetta lagafrv. um lax- og silungsveiði, þá varð samstaða um það að hafa þessa skipun á veiðimálanefnd.

Þess var getið hér áðan, að það hefðu komið sendinefndir til landbn. Nd., sem vildu fá hitt og annað inn í þetta frv., sem ekki var þar, og ýmsar breyt. á því. Það er rétt, að sendinefndir komu frá veiðiréttareigendum, sem lögðu mikla áherzlu á, að þessu yrði breytt, en það kom einnig sendinefnd frá stangaveiðisamtökum, sem lagði mikla áherzlu á, að þetta héldist. Og ég fyrir mitt leyti álít, að það geti ekki talizt óréttlátt, þó að stangaveiðisamtökin eigi einn mann í þessari n., vegna þess að ég álít, að það þurfi að vera og eigi að vera sem bezt samvinna milli veiðiréttareigenda og þeirra, sem leigja vötnin. Eins og sakir standa, þá er einn aðili sérstaklega sem hægt er að nefna, þ. e. Landssamband stanga-

veiðifélaga, og tel ég þetta vera sanngirnisatriði, að einmitt það hafi einn mann í þessari n., og ég finn ekki, að hlutur bænda sé á neinn hátt fyrir borð borinn, þó að þetta haldist. Hins vegar er mér þetta ekki kappsmál, hvernig þessi n. er skipuð, en ég álít óskynsamlegt að fella breyt. Ed., því að þar með tel ég, að frv. sé stefnt í nokkra hættu, það muni stöðvast í þinginu.

Ég vil geta þess, að ég spurði nokkra fulltrúa bænda eða veiðiréttareigenda, sem komu á fund landbn. til að ræða þetta, hvort þeir teldu þetta svo mikið atriði, að þeir vildu stefna frv. í hættu með því að standa fast á því að hafa nm. þrjá. Allir þeir, sem ég ræddi við um þetta og til okkar komu, sögðu, að þeir vildu heldur fá frv. fram, þó að þetta væri óbreytt, heldur en að það stöðvaðist. Og ég álít, að þetta sé nokkuð almenn skoðun meðal veiðiréttareigenda. Þar af leiðandi held ég, að sé gert of mikið úr því, að þeir séu almennt svo mjög á móti þessu, að þeir vilji heldur, að frv. stöðvist, en að þetta fái að standa.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Hv. framsóknarmenn, sem hér hafa talað, gera aukaatriðin að aðalatriðum, og málflutningur hv. 2. þm. Sunnl. bar það með sér, að hann var ekki mjög sannfærandi. Hann fullyrti, að með því að hafa fimm menn í n. og skipa hana eins og lagt er til, þá muni bændur örugglega vera í minni hl. í veiðimálanefnd. Það hefur ekkert verið sagt frá því enn þá, hver verður skipaður form. n. Sá, sem landbrh. skipar án tilnefningar, verður að vera á móti bændum, til þess að bændur verði í minni hl. í þessari fimm manna n., því að tæplega skipa Búnaðarfélagið og veiðiréttareigendur slíka menn. En fullyrðingar eins og þessar, sem eru alveg staðlausar, koma náttúrlega ekki að neinu gagni og eru ekki málstaðnum til styrktar. Ég vil taka undir það, sem frsm. landbn. sagði hér áðan, að það er alveg óhætt að fullyrða það, að bændur vilja fá frv. fram, þó að veiðimálanefnd verði skipuð fimm mönnum, og þetta er algjört aukaatriði í augum margra þeirra, og sérstaklega verður þetta aukaatriði, þegar reynsla fæst. Það er hægt að veifa þessu framan í menn eins og dulu og segja: „Grýla, grýla" – eða eitthvað þess háttar. En það dugar skammt, og það er algjörlega ástæðulaust að taka þessar óskir bænda til greina. Það eru aðrar óskir mikilvægari, sem eru bundnar við hagsmuni þeirra, og þeir hafa fengið margt af því inn í þetta frv.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meir um þetta. Mér þykir vænt um, að hv. 2. þm. Sunnl. sagði hér áðan, að hann byggist við, að hann greiddi atkv. gegn frv., ef n. yrði eins og hér er lagt til, en hann fullyrti það ekki. Ef ég þekki hann rétt, þá endurskoðar hann hug sinn um það og fylgir vitanlega frv., þó að n. verði skipuð öðruvísi en hann helzt kýs. Ég trúi ekki öðru.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Það er ástæðulaust að lengja þessar umr., en það er í raun og veru hæstv. landbrh., sem heldur þeim uppi. Það var nú í eina tíð, að við töluðum hér svolítið saman, en hún er af sú tíð. Við erum hættir því á seinni árum.

En ég verð að segja það, að ég get ekki búizt við góðu af honum í sambandi við skipun form. n., því að mér heyrist hann vera algjörlega á móti bændum í þessu máli, þannig að ég verð að láta það í ljós, að ég get ekki búizt við góðu af honum í þessu. Ég vildi mega heyra það af hálfu ráðh., áður en ég greiði atkv. með eða móti frv., hvað hann hefur í huga að þessu leyti, þó að hann nefni ekkert nafn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er rétt, að það er orðið nokkuð sjaldan, sem ég og hv. 2. þm. Sunnl. tölum saman hér í þinginu, og úr því að það er svona sjaldan, þá er kannske eðlilegt, að það lengist nokkuð í þetta sinn.

Ég minnist þess, að í blaðinu Þjóðólfi, sem er málgagn sunnlenzkra framsóknarmanna, var um það skrifað, að landbrh. og Ágúst Þorvaldsson hefðu unnið gott verk með því að vinna að þessu frv. og koma því inn í Alþ. Framsóknarmenn á Suðurlandi virðast a. m. k. halda, að hv. 2. þm. Sunnl. eigi stóran þátt í frv. Þegar frv. var lagt fram, þá var gert ráð fyrir fimm manna veiðimálanefnd, eins og hér er gert, og Þjóðólfur taldi þetta frv. ágætt og sá ástæðu til þess að þakka mér, sem hann gerir nú sjaldan, og náttúrlega hv. 2. þm. Sunnl. fyrir það, hvað hann hefði lagt mikið fram til þessa máls. Ég hef alls ekki borið á móti því, að hv. 2. þm. Sunnl. eigi hlut í þessu frv., og ætla ekkert að ræða um það – látum það vera. En frv. var ágætt, þegar það var lagt fram með fimm mönnum í veiðimálanefnd, alveg prýðilegt. Hv. 2. þm. Sunnl. treystir mér ekki til þess að skipa góðan og réttlátan mann formann og vill nú helzt fá yfirlýsingu frá mér um, hver hann muni verða. Ég held, að ég verði ekki við ósk hv. þm. um það og hann verði með þolinmæði að bíða eftir því, hver hann verður. Það verður þá að hafa það, ef hann trúir því, að ég setji einhvern mann í það, sem er fjandsamlegur bændum. Það getur hann sagt hér í hv. Alþ., hann getur sagt það annars staðar, en ég hygg, að bændur trúi því ekki.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 89. fundi í Nd., 29. apríl, var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 756 felld með 24:10 atkv.

Frv. samþ. með 28:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 784).

37. Tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð.

Á 66. fundi í Ed., 7. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð [203. mál] (stjfrv., A. 494).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Eins og hæstv. viðskmrh. gat um í sambandi við frv. það, sem hv. d. var að ljúka meðferð á hér áðan, þá er það frv., sem nú er til meðferðar, fylgifrv. þess. Frv. er að vísu síður en svo minna mikilvægt en hitt frv., vegna þess að það er að verulegu leyti frumskilyrði þess, að útflutningslánasjóðurinn geti þjónað hlutverki sínu, vegna þess að það er talið óumflýjanlegt, að veittar séu sérstakar ábyrgðir á þeim lánum, sem bæði útflutningslánasjóður kann að veita og enn fremur e. t. v. fleiri aðilar.

Nú er það svo í hinum ýmsu löndum, að skipan þessara mála er með mismunandi hætti. Það er ekki alls staðar einn sjóður, sem veitir útflutningslán, heldur bankar almennt eða jafnvel önnur fyrirtæki, og það er þó meiri nauðsyn að sjálfsögðu, þar sem svo háttar, að sérstakur tryggingaraðili sé til, því að annars yrði mjög erfitt um vik að afla slíkra lána. Það má e. t. v. segja, að hér sé þörfin ekki eins mikil, meðan gert er ráð fyrir því, að það sé aðeins einn opinber aðili, sem veiti þessi lán. Þá geti sá aðili tekið á sig vissa áhættu. En með hliðsjón af því, að um er að ræða að leita til bankakerfisins með alla lánsfjáröflun, og einnig því, að það geta orðið jafnframt sérstakar lánaveitingar umfram það, sem þessi tiltekni sjóður veitir, þá þykir óumflýjanlegt að hafa einhvern aðila, sem geti tryggt það, að bæði útflutningslánasjóður og aðrir, sem kynnu að lána, yrðu ekki fyrir áföllum af þessum lánveitingum sínum. Þessi skipun mála er því í öllum þeim nálægu löndum, sem athugað hefur verið um í þessu sambandi, og skipulag útflutningslána og útflutningsábyrgða kannað. Það eru að vísu ýmsir aðilar, sem þar koma við sögu. Í einstaka tilfellum eru það einkafyrirtæki, sem að vísu starfa þá raunverulega sem fulltrúi ríkisvalds, eins og t. d. í Hollandi og V.-Þýzkalandi. Í Bandaríkjunum eru það samtök tryggingafélaga, í Belgíu eru það opinber fyrirtæki, á Norðurlöndum eru það yfirleitt ríkisnefndir eða ráð, og í Bretlandi er það sérstakt rn., sem annast þessar ábyrgðir.

Hér er lagt til, að það verði ríkisábyrgðasjóður, sem veiti þessar ábyrgðir eða tryggingar, og það verður að sjálfsögðu fyrst og fremst háð mati þess sjóðs, hvaða útflutningslán verða veitt, því að litlar líkur verði að telja, að bankakerfið eða útflutningslánasjóðurinn muni telja sér fært að veita lán, sem tryggingardeild ríkisábyrgðasjóðs telur ekki rétt lán. Með hliðsjón af því, að þetta er ríkisstofnun, þ. e. a. s. ríkissjóður í rauninni, sem tekur hér á sig áhættuna, þá er gert ráð fyrir því, að þessi sjóður eða þessi tryggingarlánadeild sé raunverulega undir stjórn ríkisvaldsins, algjörlega á sama hátt og gert er ráð fyrir, að útflutningslánasjóðurinn sjálfur sé undir stjórn bankakerfisins, af því að bankakerfið leggur fram fé til hans. En áhættan er hér á ríkinu eða ríkisábyrgðasjóði, og því er gert ráð fyrir, að það verði 4 manna n., sem úrskurði um tryggingarnar, hvort þær skuli veittar eða ekki, og það eru eingöngu fulltrúar ríkisvaldsins sjálfs, þ.e. þriggja ráðuneyta og Seðlabanka Íslands f. h. ríkisábyrgðasjóðs, sem fella þessa úrskurði.

Það er hægt að veita, eins og frv. hér gerir ráð fyrir, og það er í samræmi við, það sem er í öðrum löndum, þar sem þessi skipan gildir, lagatryggingu fyrir ýmiss konar tegundum lána. En í grundvallaratriðum er fyrst og fremst verið að tryggja lán, sem bankar og aðrar lánastofnanir veita útflytjendum til fjármögnunar á útflutningslánum. Enn fremur er svo hægt að tryggja gegn öðrum kröfum eða áhættu sem íslenskir útflytjendur taka á sig. Hér er um að ræða ýmiss konar áhættu. Það getur verið stjórnmálaleg áhætta, vegna þess að það verði einhverjar umbyltingar í þeim löndum, sem skipt er við. Að vísu er kannske ekki hætta á því að minnsta kosti að sinni, að við seljum til slíkra landa með útflutningstryggingum, en það gætu einnig verið margvísleg viðskiptaleg áhættuatriði, sem hér koma til greina og hægt sé að tryggja gegn. Það er hvergi venja að tryggja útflutningslánin að fullu, heldur er það aðeins viss hundraðshluti, sem tryggður er, 70–80% oftast nær, og mundi það vafalaust einnig vera gert hér. Annars er gert ráð fyrir, að það verði ákveðið með reglugerð, hvernig þeim málum verður háttað, en það verður að sjálfsögðu höfð hliðsjón af því, sem gildir í sambærilegum löndum, enda er gert ráð fyrir því að sjálfsögðu, að einhver útborgun eigi sér stað, þegar vara er keypt og bankarnir, sem láni þessi útflutningslán, taki einnig á sig nokkurn hluta áhættunnar. En meginhluti áhættunnar er þó tekinn af tryggingardeild ríkisábyrgðasjóðs.

Eitt er það, sem ekki er gert ráð fyrir, að tryggt sé gegn, og það er gengisbreyting. Það er hvergi í þessum löndum sem við höfum kynnt okkur þessa skipan hjá, að sé tryggt gegn breytingu á gengisskráningu. Segja má, að sjaldan sé að vísu, að þær breytingar beri svo brátt að, að ekki sé hægt að átta sig nokkuð á því, og a. m. k. hefur hvergi verið talið fært að fara inn á þessa braut eða talið rétt að gera það. Það verður að leggja þá áhættu á söluaðila.

Tryggingatíminn er mjög mismunandi eftir því, hvers konar vörur er um að ræða, og má segja, að það sé nokkuð svipað í hinum ýmsu löndum, vegna þess að þessar tryggingastofnanir í 20 löndum hafa myndað með sér samband. Það er að vísu ekki bindandi fyrir þá aðila, sem eru í því, en það er þó leiðbeinandi og hefur mikilvæga þýðingu. T. d. hafa verið viss samtök mynduð til þess að reyna að tryggja það, að ekki verði um undirboð að ræða í sambandi við vissar vörur, og má þar sérstaklega nefna skipakaup, þar sem nýlega hafa helstu skipasmíðaþjóðir komið sér saman um það að stöðva niðurgreiðslukapphlaup, sem hefur átt sér stað í sambandi við skipasmíðar, og það hafa verið settar vissar reglur varðandi lánveitingar í því sambandi til þess að reyna að stuðla að því, að slík niðurgreiðsla eigi sér ekki stað, og má segja, að það atriði hafi einmitt verulega þýðingu fyrir Ísland.

Tryggingaiðgjöldin í sambandi við tryggingar útflutningslána eru mjög mismunandi. Þau eru bæði mismunandi frá einu landinu til annars og enn fremur eru þau mjög mismunandi eftir því, hvaða tryggingar um er að ræða. Það getur leikið á prósentutölu, sem er allt frá 0.1% upp í 7%, eftir því, hvernig ástatt er og til hve langs tíma lánin eru. Prósentan er mun hærri, ef lánstíminn er lengri, og einnig skiptir það máli, hvort tekin er ábyrgð bæði varðandi stjórnmálalega og viðskiptalega áhættu og sömuleiðis hvort kaupandinn er opinber aðili eða ekki. Um þetta mundu verða settar

sérstakar reglur og ekki tekið fram í frv. sjálfu, en hliðsjón yrði höfð af því, sem gildir í samkeppnislöndum okkar í þessu efni, því að grundvallaratriðið hlýtur að sjálfsögðu að vera það, að útflutningslánin og tryggingarnar séu veittar með svipuðum skilmálum og gilda í þeim löndum, sem við hyggjum á viðskipti við.

Nú kemur sú spurning auðvitað upp í sambandi við þessar ábyrgðir, hvort hér sé um mikla áhættu að ræða. Í fljótu bragði kynni að virðast, að hér væri um verulega áhættu að ræða. En reynslan hefur hins vegar verið sú, að þessar tryggingastofnanir, opinberar stofnanir eða hálfopinberar, sem starfandi eru í hinum ýmsu löndum, hafa ekki orðið fyrir áföllum af veitingu ábyrgða. Að vísu hafa einstakar ábyrgðir e. t. v. fallið á þessa tryggingaaðila, en tekjurnar, sem hafa komið á móti fyrir veittar ábyrgðir, hafa í þessum löndum nægt til þess að standa undir áföllum. Sést á því, að raunverulega er hér ekki oft um að ræða áföll í þessu sambandi, og það byggist að sjálfsögðu á því, að reynt er að kanna það fyrirfram, áður en tryggingar eru veittar, að þeir aðilar, sem sent er til, séu líklegir til að geta staðið í skilum, og að ástandið í þeim löndum sé þannig, að ekki sé stefnt í voða þeim kröfum, sem myndast.

Gert er ráð fyrir því, að það verði ákveðið með lögum hverju sinni, hvað tryggingardeild ríkisábyrgðasjóðs megi taka á sig miklar skuldbindingar, og lagt til í frv. í þetta sinn, að það nemi 250 millj. kr. Eins og hér var upplýst áðan, þá er stofnfé útflutningslánasjóðsins 150 millj. kr., en gert ráð fyrir því, að það sé hægt að bjóða út lán og afla fjár með öðrum hætti með aðild fleiri aðila, þannig að það þykir nauðsynlegt, að þegar sé fyrir hendi heimild til þess að ábyrgjast meiri fjárhæð en þessu nemur.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, nema sérstakt tilefni gefist til, að ræða þetta mál nánar, en það er mjög nauðsynlegt, að það fái afgreiðslu með útflutningslánasjóðsmálinu, þar sem þau eru svo náskyld, að þau verða raunar ekki aðskilin, og að þau geti bæði fengið endanlega afgreiðslu á þessu þingi. Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 74. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 494, n. 598).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og ég drap á, þegar ég mælti fyrir frv. um útflutningslánasjóð, má líta á þetta frv. sem fylgifrv. þess, og sé ég ekki ástæðu til þess að fara um það mörgum orðum.

Frv. gerir ráð fyrir því, að við ríkisábyrgðasjóð verði stofnuð sérstök tryggingardeild útflutningslána, sem gegni því hlutverki, eins og það er orðað í 2. gr. frv., með leyfi hæstv. forseta, „að taka að sér að tryggja lán, sem bankar eða aðrar lánastofnanir veita innlendum útflytjendum til fjármögnunar á útflutningslánum, sem þeir veita eða útvega erlendum kaupendum. Enn fremur er tryggingardeild heimilt að tryggja aðrar kröfur íslenskra útflytjenda á hendur erlendum kaupendum, enda hafi þær orðið til vegna útflutnings á íslenzkum vörum."

Þannig hefur verið litið á og n. á það fallizt, að frv. um útflutningslánasjóð nái ekki fullkomlega tilgangi sínum, nema stofnað væri til slíkrar ábyrgðatryggingar. Það er ekki gert ráð fyrir því í þessu frv., að hin svokölluðu samkeppnislán, sem um er rætt í frv. um útflutningslánasjóð, verði slíkrar ábyrgðar aðnjótandi. En ég vil geta þess, að við 3. umr. málsins er von á brtt. frá n., þar sem heimilað verður í vissum tilvikum að stofna til slíkrar ábyrgðar. En annar hv. nm. mun mæla fyrir þeirri till. og hliðstæðri brtt. við frv. um útflutningssjóðinn, þegar þar að kemur.

Herra forseti. Að öðru leyti leggur n. til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 494, 616).

Sveinn Guðmundsson: Herra forseti. Frv. til l. um tryggingardeild útflutningslána við ríkisábyrgðasjóð, 203. mál Ed., sem raunverulega er fylgifrv. útflutningslánasjóðsfrv., er hér til 3. umr. Hv. frsm. fjhn., 7. þm. Reykv., boðaði brtt. frá n. við þessa umr., og það kom einnig fram, þegar ég ræddi um útflutningslánasjóðinn áðan. Till. þessari hefur verið útbýtt á þskj. 616, og er þar lagt til, að aftan við 2. gr. frv. komi ný málsgr., svo hljóðandi: „Þegar sérstaklega stendur á, er tryggingardeild einnig heimilt að tryggja samkeppnislán til innlendra aðila, er kaupa vélar og tæki, sem framleidd eru innanlands." Fjhn. varð sammála um, að slíkra breytinga væri þörf við 2. gr., en eins og frv. er, þá hefur tryggingardeild ekki heimild til að tryggja kröfur íslenzkra framleiðenda til innlendra aðila. Með þessari brtt. skapast hins vegar sami réttur, þótt kaupandi sé innlendur. Gott dæmi um, hversu þetta ákvæði er nauðsynlegt, er t. d. álbræðslan í Straumsvík. Innlendir aðilar misstu af mikilli vinnu við uppbyggingu hennar, vegna þess að þeim var ekki búinn sami möguleiki í íslenzku lánakerfi og útlendum verktökum, er buðu meiri lánamöguleika. Þetta hefur hugsanlega einnig haft neikvæð áhrif varðandi smíði tækja hérlendis fyrir kísilgúrverksmiðjuna, og án efa getur þetta haft jákvæð áhrif á næstunni vegna fyrirhugaðrar stækkunar áburðarverksmiðjunnar og ekki síður stækkunar álbræðslunnar. Það má því ekki seinna vera, að slíkur möguleiki skapist íslenzkum iðnaði einmitt nú, þegar EFTA-aðild er á byrjunarstigi og íslenzkum iðnaði er lífsnauðsyn að nota sér öll tækifæri, sem gefast, ekki aðeins til að standa í stað, heldur einnig til skjótari framþróunar.

Ég vænti þess, að hv. alþm. sjái, hversu mikilsvert er, að þessi brtt. verði samþ. Einnig vænti ég, að framkvæmd laganna verði með þeim hætti, að þetta ákvæði komi að fullu gagni, þegar á framkvæmdastig kemur.

ATKVGR.
Brtt. 616 samþ. með 13 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 80. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 633).
Á 81. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um tryggingardeild útflutningslána við ríkisábyrgðasjóð, er nánast fylgifrv. með frv. um útflutningslánasjóð, eða e. t. v. réttara sagt, þá er þessi löggjöf um stofnun þessarar deildar forsenda þess, að útflutningslánasjóður geti starfað með eðlilegum hætti og auðið verði að tryggja fjármagn til útflutningslána á þann veg, að líklegt sé, að bankakerfið telji sig vera sæmilega tryggt með þær lánveitingar.

Ég sé hvorki ástæðu til þess að rekja málið ítarlega né gera grein fyrir ástæðum þess, að þessi nauðsyn er fyrir hendi. Slík ábyrgðakerfi eru til með einhverjum hætti í öllum nálægum löndum, og yfirleitt er það á vegum ríkisins sjálfs eða þá ríkisstofnana, sem settar eru á laggirnar til að annast þessar ábyrgðaveitingar. Það var gerð í grg. frv. nánari skilagrein, ef svo má segja, fyrir hlutverki útflutningsábyrgðanna, og með frv. um útflutningslánasjóð eru birtar í fylgiskjali sérstakar upplýsingar um, hvernig útflutningstryggingum er hagað í hinum ýmsu löndum og gegn hvaða áhættu er sérstaklega tryggt. Sé ég því ekki ástæðu til þess að rekja þá sögu hér, en vísa aðeins til þessara fskj.

Ég vil taka það fram, að í Ed. var gerð smávægileg breyt. á frv., sem útvíkkar nokkuð svið trygginganna, en þar var heimilað, ef alveg sérstaklega stæði á, að ábyrgjast einnig samkeppnislán innanlands. Hér er um algera undantekningu að ræða, sem ekki þekkist í öðrum löndum og verður að sjálfsögðu að nota með mikilli varfærni, vegna þess að annars er hætt við því, að það skapi fordæmi um, að það verði farið að ætlast til þess, að ríkisábyrgðir verði veittar fyrir almennum viðskiptalánum innanlands, sem að sjálfsögðu er á engan hátt ætlunin, heldur ef alveg sérstaklega stendur á. Má segja, að það eigi fyrst og fremst við framleiðslu véla og stórvirkra tækja, sem kynni undir vissum kringumstæðum að vera þörf á að fjármagna, þótt það væri selt innanlands, þar sem það væri í alvarlegri samkeppni við innflutt tæki af sömu tegund, sem veitt væru lengri tíma lán til kaupa á.

Það er gert ráð fyrir því, að sérstök takmörk séu sett á upphæð þeirra ábyrgða, sem samtals er heimilt að veita, og er lagt til í þessu frv. nú, að hún nemi 250 millj. kr. Þá er gert ráð fyrir því að sjálfsögðu, að tiltekin iðgjöld séu tekin af þessum tryggingum og þá miðað við þá mismunandi áhættu, sem tryggingarsjóðurinn tekur hverju sinni, og reyndin mun yfirleitt vera sú í þeim löndum, sem við þekkjum þetta kerfi frá, að það hefur ekki orðið halli á þessari tryggingastarfsemi. Þótt einstaka áföll hafi orðið, þá hafa þau ekki orðið svo mikil, að það hafi ekki jafnazt upp með töku ábyrgðaiðgjaldanna.

Það er eðli málsins samkvæmt gert ráð fyrir því, að hér komi fjmrn. og ríkisábyrgðasjóður fyrst og fremst til sögu ásamt viðskrn. og iðnrn., sem sameiginlega tilnefni n. til þess að ákveða um það, hvort veittar skuli ríkisábyrgðir í sambandi við þau lán, sem útflutningslánasjóður telur að öðru leyti, að gæti komið til mála að veita, og verður að sjálfsögðu að vera náin samvinna milli útflutningslánasjóðsins og tryggingardeildar ríkisábyrgðasjóðs, eða þessara n., í sambandi við veitingu þessara ábyrgða.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að orðlengja frekar um þetta frv., nema tilefni gefist til, þar sem það skýrir sig að öðru leyti, að ég hygg, sjálft með grg. sinni, og legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 633, n. 721).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft frv. þetta til athugunar, og eins og fram kemur í nál. á þskj. 721, þá mælir n. með því, að frv. verði samþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 87. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 89. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 785).

---

38. Tollvörugeymslur.

Á 78. fundi í Nd., 20. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 11. júní 1960, um tollvörugeymslur o. fl. [224. mál] (stjfrv., A. 610).

Á 79. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 610, n. 651).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Fjhn. hv. d. hefur haft þetta mál til athugunar, frv. til l. um breyt. á l. um tollvörugeymslur.

Frv. fjallar aðeins um einn þátt þeirra laga, þ. e. um tollvörusöluna í fríhafnarverzluninni á Keflavíkurflugvelli. Eins og kunnugt er, var í þeim l. aðeins heimild til að selja tollvörur til farþega og áhafna, sem voru á förum úr landi. En með þeirri breyt., sem hér liggur fyrir frv. um, er lagt til, að einnig verði heimilt að selja vörur til farþega, sem koma inn í landið, en þó er gert ráð fyrir því, að sá varningur verði takmarkaður við þær vörur, sem venjulega eru hafðar til sölu í flugvélum, þ. e. a. s. áfengi, tóbak, sælgæti og ilmvötn.

Ástæðan fyrir þessum áformuðu breyt. mun vera sú tæknilega breyting, sem er að ryðja sér til rúms í flugtækninni hér í millilandaflugi okkar, nefnilega tilkoma þotanna. Þegar er í landinu þota, og gert er ráð fyrir, að tvær þotur komi til landsins um miðjan maímánuð, sem taka um 250 farþega. Flugfélögin telja, að með þeim stytta flugtíma, sem þetta hefur í för með sér, minnki mjög möguleikar til fullkominnar eða æskilegrar þjónustu við farþega í svo stórum vélum. Þau hafa óskað eftir því, að þessi aðstaða verði fyrir hendi, þegar í land er komið. Það verður ekki séð, að þetta rýri á neinn hátt tollgæzlu eða eftirlit með sölu á þessum varningi, þar sem þetta verður framkvæmt í sérstakri verzlun, sem er á leið farþeganna í tolleftirlitið, og má beinlínis segja, að þetta sé undir eftirliti tollgæzlunnar. Nokkuð mundi þetta að sjálfsögðu auka umsetningu og væntanlega hagnað fríverzlunar í Keflavík, þar sem vænta má, að ýmsir, sem nú kaupa þennan varning í erlendum fríhöfnum, áður en þeir koma hingað, mundu að öðru jöfnu flytja þessi viðskipti hingað.

N. varð sammála um, að mæla með samþykkt frv., þó tveir nm. með fyrirvara. Það er lagt til, að frv. verði samþ. og því vísað til 3. umr.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 610, 679).

Frsm. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Eftir 2. umr. um þetta mál hér í hv. þd. í gær, kom í ljós við nánari athugun, að í frv. vantar ákvæði um gildistöku frv. Þessi brtt. á þskj. 679 er því fram borin til þess að koma inn ákvæðum um gildistöku, að l. öðlist þegar gildi.

ATKVGR.
Brtt. 679 samþ. með 29 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 80. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 695).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. – Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 695, n. 759).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Tilgangur þess frv., er hér liggur fyrir, ef samþ. verður, er sá að opna möguleika á því, að farþegar frá útlöndum geti keypt tollfrjálsan varning á Keflavíkurflugvelli, en í ráði mun vera hjá flugfélögunum að afnema það fyrirkomulag, sem nú er, að farþegar geti keypt slíkan varning í flugvélunum.

Fjhn. hefur haft þetta mál til meðferðar, og eins og nál. á þskj. 759 ber með sér, mælir hún einróma með því, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 786).

39. Alþýðubankinn.

Á 46. fundi í Sþ., 22. apríl, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um Alþýðubankann h. f. [231. mál] (stjfrv., A. 634).

Á 81. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í sambandi við 50 ára afmæli Alþýðusambandsins 1966 ræddi forseti Alþýðusambandsins um það við okkur forsrh., hvort til mála gæti komið, að heimilað yrði að breyta Sparisjóði alþýðu í banka. Var í því sambandi vitnað til þess, þegar Verzlunarsparisjóðnum hafði á sínum tíma verið breytt í Verzlunarbanka með löggjöf hér á hinu háa Alþ. og sparisjóði samvinnuhreyfingarinnar, Samvinnusparisjóðnum, breytt í banka nokkru síðar. Því var af hálfu okkar forsrh. tekið vinsamlega og því heitið, að málið skyldi athugað vinsamlega, þegar þar að kæmi, ef eindregin ósk kæmi fram um þetta og væntanlegur Alþýðubanki fullnægði þeim kröfum, sem gerðar hefðu verið til Verzlunarbanka og Samvinnubanka, og þeim almennu kröfum, sem nauðsynlegt þætti að gera á hverjum tíma til viðskiptabanka.

Seinni hluta árs 1968 beindi síðan stjórn Sparisjóðs alþýðu þeirri formlegu fsp. til ríkisstj., hvort hún væri reiðubúin til að flytja stjórnarfrv., er heimili breytingu sparisjóðsins í banka, og var þá vitnað til þess, að fjhn. hv. Nd. hafði verið á einu máli um það, þegar Verzlunarsparisjóðnum var breytt í Verzlunarbanka, að ef sparisjóðir samvinnuhreyfingar og alþýðuhreyfingar óskuðu eftir sams konar breytingu á sínum lánastofnunum úr sparisjóði í banka, væri það ekki óeðlilegt. Ríkisstj. svaraði þessari fsp. frá því 1968 með bréfi frá viðskmrn. 28. nóv. 1968, að ríkisstj. væri reiðubúin til að flytja slíkt frv., þegar ósk kæmi fram um það, enda væri þá gert ráð fyrir því, að væntanlegur banki fullnægði þeim reglum, sem allir bankar verða að hlíta í l., sem sett verða, þar sem m. a. væri áskilið um visst hlutfall milli eigin fjár og skuldbindinga, og rekstur bankans með öðrum hætti yrði þannig, að hann uppfyllti ætíð eðlilegar kröfur um greiðslugetu og öryggi í rekstri.

Nú fyrir skömmu beindi stjórn Sparisjóðs alþýðu þeim tilmælum til ríkisstj., að stjfrv. væri flutt um þetta efni. Var málið vandlega undirbúið í viðskmrn. í samráði við stjórn sparisjóðsins, og hefur niðurstaðan orðið það frv., sem hér er flutt um Alþýðubankann h. f.

Heildarinnlánsfé sparisjóðsins hefur meira en tvöfaldazt frá því í nóvember 1968, og var það í marzlok 1970 orðið 110 millj. kr. Gert er ráð fyrir því, að hlutafé þessa banka verði ekki minna en 40 millj. kr. og að Alþýðusamband Íslands og verkalýðsfélög innan þess safni innan sinna vébanda þessu hlutafé, en bankinn getur að sjálfsögðu ekki hafið starfsemi, fyrr en fjórðungur hlutafjárins, þ. e. a. s. 10 millj. kr., hefur verið greiddur. Og auðvitað tekur bankinn ekki til starfa, fyrr en samþykktir hlutafélagsins og væntanleg reglugerð hafa verið staðfestar af ráðh. Með hliðsjón af því, að hlutaféð hefur verið ákveðið 40 millj. kr., má telja, að hér sé um að ræða algerlega eðlilegt hlutfall milli eigin fjár og skuldbindinga. Hliðstætt hlutfall á sér nú stað í hinum öðrum einkabönkum, þ. e. a. s. Iðnaðarbanka, Verzlunarbanka og Samvinnubanka.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fjölyrða meira um þetta mál, enda áliðið þingtíma og nauðsynlegt að nota hverja stund vel, og leyfi ég mér því, um leið og ég mæli með því, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi að óska þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ekki er ég því andvígur, að hér á landi verði á komandi tímum starfandi bankastofnun, sem beri nafnið Alþýðubanki, hvernig sem því verður nú fyrir komið, og vel skil ég það, að hv. þm. og hæstv. ráðh. vilji efna vilyrði, sem þeir hafa gefið eða telja sig hafa gefið. En ég vil leyfa mér að beina þeim tilmælum til þeirrar hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, að hún athugi gaumgæfilega, hvort ekki muni þegar vera starfandi nógu margir bankar hér á landi og hvort útþensla bankakerfisins muni í seinni tíð ekki hafa orðið helzt til mikil miðað við fjármagnið í landinu. Ég vil vekja athygli á því, sem ég hef reyndar gert í sambandi við aðra bankastofnun, sem hefur verið hér til meðferðar, að á einum áratug hefur starfsliði bankakerfisins hér á landi verið fjölgað um 100% eða því sem næst, og eru þá ekki teknir með sparisjóðir landsins, sem eru á milli 50 og 60 talsins, né fjárfestingarsjóðir þeir, sem starfandi eru og ekki njóta starfskrafta hjá bönkum, sem eru með í þessari tölu. Samkeppnin milli bankanna er orðin mjög mikil, og af því hefur m. a. leitt það, að fjárfesting í bankakerfinu hefur orðið mikil og áberandi, og var það mál rætt hér á þingi í sambandi við fsp. að ég ætla fyrir einu eða tveimur árum. Ég held, að margir hafi áhyggjur af þessari miklu útþenslu bankakerfisins og þá ekki sízt hinir eldri bankar í landinu, sem hafa orðið fyrir því, að starfsemi þeirra er miklu örðugri og tilkostnaður tiltölulega meiri en áður var, þegar bankarnir voru færri.

Ég hef yfirleitt nú í seinni tíð ekki greitt atkv. með stofnun og setningu laga um nýja banka hér. Ég greiddi ekki atkv. með stofnun Verzlunarbankans og hefði ekki greitt atkv. með stofnun þeirra banka, sem verið hefur á döfinni að stofna hér síðar. Mér virðist, að það þurfi að taka það til mjög alvarlegrar athugunar, ef óhjákvæmilegt þykir að bæta við nýjum bönkum, hvort ekki þurfi að endurskoða bankakerfið í heild frá rótum með tilliti til þess, að það verði við hæfi okkar litla þjóðfélags.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 634, n. 677).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft frv. þetta til athugunar. Eins og fram kom í ræðu hæstv. viðskmrh. við 1. umr. þessa

máls, er hér um að ræða frv., sem fyrir nokkuð mörgum árum var gert ráð fyrir, að komið gæti fyrir Alþ., þegar þannig væri ástatt, í sambandi við stofnun peningastofnunar Alþýðusambands Íslands. Frv. er flutt að beiðni þess og hefur fengið athugun í viðskmrn., eins og ráðh. gat um í ræðu sinni í gær. Fjhn. leggur til, eins og fram kemur á þskj. 677, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 30:1 atkv.
2.–12. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 32:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 78. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 79. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. – Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 82. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 634, n. 725, 726).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál til athugunar, og eins og nál. á þskj. 725 ber með sér, mælir n. einróma með samþykkt frv. með einni brtt., sem hún flytur á þskj. 726, en hún er þess efnis, að niður falli í 3. mgr. 2. gr. frv. orðin: „En hafi ofangreindir aðilar þá eigi safnað tilskildu hlutafé, skal stjórn Sparisjóðs alþýðu bjóða út innanlands það, sem á vantar". Skal þess getið til skýringar, að í frv. því, sem samið var á vegum stjórnar Sparisjóðs alþýðu, var ekki gert ráð fyrir þessu, og n. hefur fengið upplýsingar um það, að stjórnin sé því hlynnt, að þessi ákvæði verði felld niður í frv. N. hefur á þetta fallizt og flytur því umrædda brtt. Að öðru leyti, herra forseti, leggur n. til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 726 samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
3.–12. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 768).
Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 89. fundi í Nd., 29. apríl, skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi og 90. og 91. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 92. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. enn tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 824).

---

40. Alþjóðasamningur um fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi.

Á 45. fundi í Sþ., 15. apríl, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um framkvæmd alþjóðasamnings um fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi [217. mál] (stjfrv., A. 561).

Á 71. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég mæli fyrir þessu frv. fyrir hönd hæstv. utanrrh., sem er fjarverandi.

Ríkisstj., sem hafa verulegra hagsmuna að gæta varðandi viðhald fiskstofna í Norðvestur-Atlantshafi gerðu í febrúar 1949 með sér samning í Washington um rannsóknir á fiskstofnum, vernd þeirra og viðhald í því skyni, að unnt verði að fá stöðugan hámarksafla úr þessum fiskstofnum. Var samningur þessi staðfestur ágreiningslaust af hinu háa Alþ. Bókanir samkv. samningnum voru síðan gerðar í júní 1956, í apríl 1961 og í júlí 1963. Tilgangur þessara bókana var að kveða nánar á um nokkur atriði samningsins. Allar þessar bókanir hafa verið staðfestar ágreiningslaust hér á hinu háa Alþ.

Hinn 1. okt. s. l. var enn gerð bókun við þennan samning. Með þessu frv. er lagt til, að þessi bókun verði staðfest. Samningurinn sjálfur og allar bókanir, sem gerðar hafa verið, og þessi sem nú er til staðfestingar, eru prentaðar sem fskj. með þessu frv. Þess vegna sé ég ekki ástæðu til þess að fara frekari orðum um samninginn sjálfan og fyrri bókanir, sem staðfestar hafa verið af Alþ.

Meginefni síðustu bókunarinnar frá því í okt. s. l. er fyrst og fremst þetta: Samningssvæði því, sem samn-

ingurinn tekur til, er skipt í deilisvæði, og yfirstjórn rannsókna á hverju svæði er í höndum svonefndrar svæðisnefndar. Í þessari nýju bókun er kveðið svo á, að aðild að svæðisnefnd skuli endurskoðuð árlega af aðalnefndinni, sem skapar vald til þess í samráði við þá svæðisnefnd, sem hér á hlut að máli, að ákveða aðild að hverri svæðisnefnd á grundvelli verulegra fiskveiða á því deilisvæði, sem um er að ræða, eða á grundvelli verulegra veiða á blöðrusel á samningssvæðinu.

Í öðru lagi felst það í bókuninni, að sérhver svæðisnefnd getur á grundvelli vísindarannsókna og haffræðilegra og tæknilegra sjónarmiða samið álit um það til n. um sameiginlegar aðgerðir samningsríkjanna varðandi viss atriði.

Í þriðja og síðasta lagi felst það í bókuninni, að aðalnefndin, sem fer með yfirstjórn allra mála samkv. samningnum, geti samkv. ályktunum einnar eða fleiri svæðisnefndar og á grundvelli vísindalegra rannsókna og haffræðilegra, tæknilegra sjónarmiða sent því ríki, sem við á og geymir samninginn, viðeigandi till. um sameiginlegar aðgerðir samningsríkjanna, sem miða að því að stofnar fisktegunda, sem alþjóðlegar fiskveiðar á samningssvæðinu byggjast á, séu til staðar í því magni, sem gerir stöðugan hámarksafla mögulegan.

Ég vona, að ekki þurfi að koma nú frekar en áður til ágreinings hér á hinu háa Alþ. um það, að þessi bókun eins og hinar fyrri svo og samningurinn sjálfur stefni í rétta átt og stuðli að verndun fiskstofna í Norðvestur-Atlantshafi.

Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, herra forseti, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 561, n. 693).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Alþjóðasamningur um fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, sem Ísland er aðili að, var fyrst undirritaður af Íslands hálfu hinn 8. febr. 1949. Síðan hafa á árunum 1956, 1961, 1963, 1965 og núna síðast hinn 1. okt. 1969 verið gerðar við samninginn sérstakar bókanir með samþykki allra aðildarríkjanna. Með frv. þessu veitist ríkisstj. heimild til þess að setja reglur um framkvæmd samningsins í samræmi við efni þeirra bókana, sem við samninginn hafa verið gerðar. Aðilar að þessum samningi eru allar þær þjóðir, sem hafa verulegra hagsmuna að gæta varðandi viðhald og nýtingu þeirra fiskstofna, sem í hafsvæðinu eru og fiskveiðar viðkomandi þjóða byggjast á.

Bókun sú, sem við samninginn var gerð 1. okt. 1969, er fyrst og fremst um sérstaka skipan svæðisnefnda og verndarreglur. Með bókuninni er kveðið svo á, að sérhver svæðisn. geti á grundvelli vísindarannsókna og haffræðilegra og tæknilegra sjónarmiða samþ. ályktanir til n. um sameiginlegar aðgerðir til þess að fyrirbyggja rányrkju, en í því sambandi er að dómi n. um ýmsar leiðir að velja. Getur aðalnefndin þannig samkvæmt ályktunum einnar eða fleiri svæðisnefnda, sent aðildarríkjunum tillögur um sameiginlegar aðgerðir, sem miða að því, að stofnar þeirra fisktegunda, sem alþjóðlegar fiskveiðar á samningssvæðinu byggjast á, séu til staðar í því magni, sem gerir stöðugan hámarksafla mögulegan. Fáar þjóðir eiga meira undir því komið en vér Íslendingar, að skynsamleg hagnýting fiskstofnanna eigi sér stað. Slík alþjóðleg samvinna sem hér um ræðir getur vissulega orðið að góðu liði í þessum efnum.

Ég vil því leyfa mér fyrir hönd hv. sjútvn., sem einróma mælir með samþykkt þessa frv., að vænta þess, að frv. verði samþ. og því að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 85. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 88. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til sjútvn. með 35 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 561, n. 775).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Sjútvn. hv. d. hefur fjallað um þetta frv. og mælir einróma með því, að það verði samþ.

Ég vil aðeins benda á, að frv. fjallar um framkvæmd alþjóðasamninga um fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi. Tilsvarandi samningar um framkvæmd alþjóðasamninga um fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi hafa áður verið samþ. Er þetta frv. eða þeir samningar, sem hér um ræðir, alveg hliðstæðir við samningana, sem gilda um Norðaustur-Atlantshaf.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að ræða málið efnislega. Ég reikna með, að allir hv. þdm. hafi kynnt sér frv. og skilji, hvað þar er um að ræða.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 827).

41. Tekjuskattur og eignarskattur (stjfrv.).

Á 75. fundi í Nd., 16. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt [220. mál] (stjfrv., A. 584).

Á 76. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. – Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þegar ég gerði grein fyrir frv. um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt hér fyrir nokkrum dögum í hv. d., þá skýrði ég frá því, að enda þótt gera mætti ráð fyrir að d. teldi sér ekki fært að afgreiða málið á svo naumum tíma, þannig að það gæti orðið að l. á þessu þingi, þá væri visst atriði, sem nauðsynlegt væri að lögfesta, og það frv., sem hér liggur fyrir, felur í sér þetta ákvæði.

Það fjallar einfaldlega um það, að sérstakar aukafyrningar skuli veittar á yfirstandandi skattaári, 20%, eða það skuli vera hækkanir á fyrningum fasteigna um 20% og 40% af fyrningum lausafjár. Þetta er gert með hliðsjón af því, sem ég gat um þá og nánar er vikið að í grg. þessa frv., að verðbreytingar urðu að sjálfsögðu verulegar í sambandi við gengisbreytinguna seint á árinu 1968. Ástæðan til þess, að hér er gerður munur á lausafé og fasteignum, stafar að sjálfsögðu af því, að gengisbreytingin hefur að fullu verkað á verðgildi innfluttra véla, en hins vegar ekki nema að hluta til á verðgildi húseigna, þar sem verulegur hluti af kostnaði þeirra er innlendur kostnaður, og þess vegna eru hér notaðar prósenturnar 20 og 40.

Ég vildi mjög óska þess, að hv. þdm. sæju sér fært að afgreiða þetta mál með þeim hraða, að það gæti orðið lögfest, áður en þingi lýkur nú um næstu mánaðamót væntanlega, og af þeirri ástæðu takmörkuðu menn, svo sem framast má verða, að gera brtt. við skattalögin í sambandi við þetta mál. Hér liggja fyrir ýmsar till. í frv.-formi, sem ég vék að í framsöguræðu minni um skattalagafrv., og ég þykist vita, að menn hafi áhuga á að koma þeim áleiðis, en ég tel ekki mögulegt að lögfesta frekari breyt. á skattal. að sinni en hér er gert ráð fyrir.

Hins vegar tók ég það fram varðandi ýmsar þær brtt., sem liggja fyrir hinu háa Alþ. nú, að þær væru þess eðlis, að ástæða væri til þess að athuga þær margar hverjar með mjög jákvæðu viðhorfi, en eðlilegast væri við meðferð þeirra mála, að þeim yrði almennt vísað til ríkisstj. með hliðsjón af því, að framhaldsathugun á skattal. fer fram í sumar. Þær yrðu þá teknar aftur til meðferðar í haust, og fengju þær ekki þá viðunandi meðferð að dómi hv. flm., þá væri það einfaldur hlutur að taka það mál upp aftur, þegar skattalagafrv. kemur að nýju fyrir Alþ. í haust, vegna þess að allar slíkar breytingar eftir þetta, sem varða skattgreiðslur einstaklinga t. d., geta ekki komið til framkvæmda varðandi skattlagningu í ár, nema því aðeins að það valdi stórfelldri seinkun á allri álagningu skatta.

Þetta mál er hins vegar, eins og ég gat um, allt annars eðlis, vegna þess að skattálagning á fyrirtæki fer fram síðar, og hér er um mjög einfalda breytingu að ræða, sem ekki á að þurfa að seinka neitt framkvæmd skattálagningarinnar.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fara að ræða þetta mál nánar. Það var rætt, þegar frv., sem ég gat um, var hér til umr. um daginn. Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 584, n. 645, 664, 666).

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft til meðferðar frv. það, sem hér er til afgreiðslu, en eins og hv. þdm. er kunnugt er hér um að ræða hluta af öðru frv., sem n. flutti að beiðni hæstv. fjmrh. og fjallar um mun efnismeiri breyt. á skattalögunum en þá, sem hér um ræðir.

Í ræðu hæstv. fjmrh. við 1. umr. frv., sem fjhn. flutti á þskj. 530, gerði hann grein fyrir þeim sjónarmiðum, sem liggja að baki þeim till. til breyt. á skattal., sem þar er lagt til, að gerðar verði. Hér er um að ræða umfangsmiklar breyt., m. a. í sambandi við inngöngu Íslands í Fríverzlunarbandalagið. Í öðru lagi í sambandi við það sjónarmið, sem fram hefur komið, að fjármagna þurfi íslenzk fyrirtæki betur en gert hefur verið, og þá hugsað, að breyt. á skattal. geti hjálpað til. Í þriðja lagi að gera það eftirsóknarverðara fyrir einstaklinga en hingað til hefur verið að eiga fjármagn í hlutafélögum. Hér er, eins og ég sagði áðan, um svo umfangsmiklar breyt. á skattal. að ræða, að það var í sjálfu sér ekki óeðlilegt, að frv. yrði aðeins sýnt á yfirstandandi þingi, en síðan að því unnið milli þinga, að frv. yrði síðar lagt fram á næsta Alþ. og fengi þá afgreiðslu á því þingi.

Það var hins vegar eitt ákvæði í þessu frv., sem talið var, að lögfesta yrði nú, og gert ráð fyrir, að gilti í sambandi við álagningu nú á þessu ári, en það er fyrsta bráðabirgðaákvæðið í frv. því, sem fjhn. flutti á þskj. 530. Það er varðandi fyrningar hjá fyrirtækjum fyrir skattaárið 1969. Fjhn. þessarar d. hefur athugað þetta frv. og leggur til, að frv. verði samþ. Hins vegar, eins og fram kemur í nál., hafa einstakir nm. áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Í sambandi við athugun á þessum frv., sem ég hef hér

getið, komu til viðræðna við fjhn. ráðuneytisstjórinn í fjmrn., sem er formaður þeirrar n., sem vinnur að endurskoðun skattal. með tilliti til inngöngu Íslands í EFTA, ríkisskattstjórinn og skatteftirlitsstjórinn og gerðu nm. í höfuðdráttum grein fyrir meginatriðum frv., sem n. hafði flutt, og voru til viðræðna um þau önnur frv., sem flutt höfðu verið á yfirstandandi þingi og n. hafði fengið til athugunar eftir l. umr. hér í þessari hv. d.

Ég vil í örfáum orðum gera grein fyrir sjónarmiðum meiri hl. í fjhn. varðandi frv., og eins og fram kemur á þskj. 664 flytur meiri hl. fjhn. brtt. varðandi frv., sem er efnislega samhljóða frv. því, sem hv. 10. þm. Reykv. ásamt fjórum öðrum hv. þdm. flutti á yfirstandandi þingi. Brtt. er svo hljóðandi:

„Skylt er að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í 4. gr., 1. mgr. 13. gr. og 16. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í 25. gr., ásamt frádráttarákvæðum 14. gr., í samræmi við skattvísitölu, sem ákveðin skal af fjmrh., að fengnum till. kauplagsn., hagstofustjóra og ríkisskattstjóra."

Þetta er efnislega hið sama og 1. gr. frv., sem flutt er sem 131. mál þingsins á þskj. 186, að öðru leyti en því, að í till. meiri hl. fjhn. er gert ráð fyrir því, að þetta ákvæði komi ekki til framkvæmda fyrr en við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1970. Eins og málum er nú komið, munu skattstofur hafa unnið svo mikið starf í sambandi við álagningu á þessu ári, að það mundi raska mjög þeirra vinnubrögðum, ef þetta ákvæði yrði látið taka gildi nú. Hins vegar er talið rétt að flytja þessa brtt. sem stefnumótandi og til ákvörðunar við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir árið 1970.

Á þskj. 48 hefur hv. 4. þm. Reykv. ásamt fjórum öðrum hv. þdm. flutt frv. um breyt. á skattal., þar sem hann gerir ráð fyrir breytingum í sambandi við skattstiga vegna framfærsluvísitölu. Við afgreiðslu þessa máls flytur hann, hv. 4. þm. Reykv. ásamt hv. 5. þm. Austf. brtt. *við þetta frv. þessa efnis. Meiri hl. n.* telur sig ekki geta fallizt á þessa brtt., þar sem hér sé um að ræða ákvæði, sem hér þurfi athugunar við, miklu betur en hér sýnist hugsað af þeirra hálfu, og leggur því meiri hl. n. til, að síðari hl. brtt. á þskj. 666 verði felldur.

Á þskj. 63 flytur hv. 3. þm. Vesturl. frv. til l. um breyt. á skattal., þar sem gert er ráð fyrir því, að fram skuli fara ítarleg rannsókn á framtölum 10% allra framtalsskyldra aðila, og einnig er sagt, með hvaða hætti það úrtak skuli unnið. Í viðræðum nm. við þá þrjá embættismenn, sem ég gat hér um áðan, kom í ljós, að þeir, sem gerst þekkja til þessara mála, telja, að ekki sé með nokkru móti mögulegt, að slík rannsókn fari fram, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Skattframteljendur munu vera á milli 90 og 100 þús., og ef gert væri ráð fyrir því, að 10% af þeim yrðu teknir, eins og hér er gert ráð fyrir, þá mundi það hafa mjög mikil áhrif á alla starfsemi skatteftirlitsins, sem gæti m. a. leitt til þess, að þetta bæri ekki þann árangur, sem því er ætlað að gera. Hins vegar var það sjónarmið mjög ríkjandi í n., að ef hægt væri að finna einhverja slíka reglu varðandi þau framtöl, sem talið er nauðsynlegt að taka til sérstakrar athugunar, væri að sjálfsögðu ekkert í vegi fyrir því að samþykkja slíka till., en sú aðferð var ekki ljós embættismönnunum, sem við ræddum við. Þess vegna telur meiri hl. n. ekki ástæðu til að samþykkja þá till., sem hv. 4. þm. Reykv. og 5. þm. Austf. flytja á þskj. 666, heldur leggur meiri hl. til, að till. verði vísað til ríkisstj. til athugunar í sambandi við þá meðferð, sem skattalögin fá nú hjá þeirri n., sem að því starfar.

Á þskj. 73 flytur hv. 5. þm. Austf. ásamt hv. 5. þm. Norðurl. e. till. um breyt. á skattal. varðandi hækkun á frádrætti í sambandi við skattskyldar tekjur eiginkvenna, sem aflað er hjá fyrirtæki, sem annað hvort hjónanna eða bæði reka. Hér er um að ræða mun stærra mál en í fljótu bragði virðist, og meiri hl. mun því leggja til, að till. verði vísað til ríkisstj., og sérstaklega gert ráð fyrir því, að þeirri n., sem nú fæst við endurskoðun skattalaga, verði falið að skoða málið.

Það er líkt á komið með frv., sem hv. 4. þm. Norðurl. v. flytur ásamt 10. þm. Reykv. á þskj. 120, varðandi sérstakan frádrátt einstæðra mæðra. Meiri hl. n. og þá væntanlega minni hl., sem ekki tekur þá till. upp, mun mæla með því við hv. þd., að eins fari um þetta frv., því verði vísað til ríkisstj. og þá sérstaklega til athugunar hjá þeirri skattanefnd, sem endurskoðar nú skattalögin.

Ég tel, herra forseti, að ég hafi gert hv. þd. grein fyrir þeim frv., sem flutt hafa verið á þessu þingi, varðandi breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, og þeirri málsmeðferð þessara frv., sem meiri hl. fjhn. svo og fjhn. í heild vilja að höfð verði á, svo og varðandi það frv., sem hér er til umr.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Eins og kom fram hjá hv. frsm. n., mælir hún einróma með því frv., sem hér liggur fyrir. Hins vegar hefur n. orðið ósammála um ýmis önnur frv. um breyt. á skattal., sem hafa verið lögð fram á þessu þingi hér í hv. d., og rakti hv. frsm. ágreining þann, sem varð í n. um þessi mál. Ég sé ekki ástæðu til þess að gera öll þau frv. að umtalsefni, sem n. hefur fjallað um, en við tveir nm., ég og hv. 5. þm. Austf., *höfum talið rétt að taka upp tvö af þessum* frv. og flytja þau sem brtt. við það frv., sem hér liggur fyrir. Mun ég gera í stuttu máli grein fyrir þessum till., en ég get stytt mál mitt með tilliti til þess, að ítarlega var um þessar till. rætt, þegar viðkomandi frv. voru hér til 1. umr.

Fyrri till. okkar fjallar um það, að tekið verði upp frv., sem er á þskj. 63 og flutt var af þeim Halldóri E. Sigurðssyni, Ingvari Gíslasyni og Helga Bergs. En þar er um þá brtt. að ræða, að á eftir 3. mgr. 42. gr. skattal. komi ný mgr., svo hljóðandi:

„Fram skal fara ítarleg rannsókn á framtölum 10% allra framtalsskyldra aðila. Skulu þau framtöl valin með útdrætti úr öllum framtölum landsins af Hagstofu Íslands samkv. reglum, sem hún setur. Framtöl þau, sem tekin eru til rannsóknar, skal athuga vandlega, rannsaka bókhald aðila og leita upplýsinga um hvað eina, sem máli skiptir."

Það er nú svo ljóst, hvað vakir fyrir flm., að ég tel óþarft að ræða um það nema í stuttu máli. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að talið er og reyndar vitað, að ýmsir framteljendur koma verulegum tekjum og eignum undan skatti, og þrátt fyrir það að unnið hafi verið frá upphafi að því að bæta skattaeftirlitið, þá

hefur þetta eigi að síður við haldizt. Það er álit flm. og okkar, sem að þessari till. stöndum, að með slíkum útdrætti og hér um ræðir og athugun á viðkomandi skattframtölum mundi skapast aðhald, sem yrði þess valdandi, að framtölin yrðu réttari, a. m. k. réttari en þau eru nú, og þannig mundi nást verulegt fé, sem ríkið á raunar rétt á, en næst ekki í nú. Vel má vera, að fleiri aðferðir komi hér til greina, sem mundu skapa aukið aðhald í þessum efnum, en þetta er áreiðanlega ein af aðferðunum, og ég held, að allir, sem til þessara mála þekkja, séu sammála um það, að hér sé um svo mikil undanbrögð að ræða, að ekki veiti af því að herða aðhaldið, og þess vegna á þessi till. tvímælalaust fullan rétt á sér og mundi koma að verulegum notum, ef hún næði fram að ganga. Ég tel svo ekki ástæðu til þess að ræða meira um þetta mál að sinni, enda var það mjög ítarlega rætt áður, er frv. var til 1. umr. hér í deildinni.

2. brtt. okkar hv. 5. þm. Austf. fjallar um 53. gr. l. og er í samræmi við frv., sem ég og nokkrir aðrir þm. fluttum snemma á þessu þingi á þskj. 48. Aðalefni þessarar brtt. er það, að í stað þess að skattvísitalan er nú ákveðin af fjmrh., án þess að hann sé bundinn af nokkrum sérstökum reglum, þá skuli hún vera látin fylgja framfærsluvísitölu til hækkunar eða lækkunar. Án þess að eyða of miklum tíma þingsins finnst mér rétt að rifja upp forsögu þessa máls í megindráttum.

Sú mikla verðbólga, sem var hér á fyrstu árunum eftir stríðið, hafði það í för með sér, að laun hækkuðu, án þess að þar væri um raunverulega aukningu á raungildi þeirra að ræða. Þetta leiddi til sívaxandi skattahækkana, án þess að raunverulegar launahækkanir hefðu átt sér stað. Þess vegna var það, að tveir ungir og vaskir þm. Sjálfstfl., sem höfðu nýlega tekið sæti á þingi, hv. núv. fjmrh. og hv. núv. iðnrh., tóku sér fyrir hendur á árinu 1952 ásamt núv. ríkisskattstjóra að semja frv. um breyt. á skattal., sem þá voru í gildi. Segja má, að aðalefni þess frv. og það, sem var langsamlega veigamest, fæli það í sér, að tekin væri upp skattvísitala, sem fylgdi framfærsluvísitölu. Það hafði gerzt á sama tíma, að sú ríkisstj., sem þá var, hafði skipað sérstaka n. til þess að endurskoða skattal., og hún komst að sömu niðurstöðu, að þessi breyting ætti rétt á sér, og fyrir forgöngu þáv. fjmrh., Eysteins Jónssonar, var þessi skattvísitala lögfest á þinginu 1953. Það er mjög athyglisvert að lesa umr. frá Alþ. 1952, þegar t. d. Jóhann Hafstein, hæstv. núv. iðnrh., er að lýsa því, hvernig skattarnir hafa alltaf verið að hækka og hækka, án þess að raungildi launanna hafi nokkuð aukizt, sökum verðbólgunnar og þeirra óraunhæfu launahækkana, sem af henni hlutust. Þessi skattvísitala, sem var miðuð við framfærsluvísitölu, hélzt svo allan þann tíma, sem Eysteinn Jónsson var fjmrh., eða frá 1953–1958, og urðu breytingar á skattstigum og frádrætti samkv. því.

Það gerðist svo árið 1960, þegar viðreisnarstjórnin kom til valda, að fram var látin fara endurskoðun á skattal., enda var því lofað, og það var eitt aðalatriðið í hinni svokölluðu viðreisn að undanþiggja venjulegar launatekjur tekjuskatti. Samkv. því var skattstigum breytt mjög verulega, þannig að segja mátti, þegar þau lög tóku gildi, að meðallaun væru nokkurn veginn undanþegin tekjuskatti. En sú stjórn taldi sig hafa ráðið niðurlögum verðbólgunnar og þess vegna ekki lengur þörf á neinni skattvísitölu, og því felldi hún það ákvæði niður úr lögum.

En þetta fór ekki á þá leið, að þessi hæstv. ríkisstj. væri búin að ráða niðurlögum verðbólgunnar, vegna þess að hún ók aldrei meir en á næstu árum á eftir. Þetta hafði þær afleiðingar, að þótt skattarnir hefðu verið nokkurn veginn eðlilegir, þegar skattal. voru sett 1960, þá var svo komið 1964, að hér var komin alveg gífurleg skattabyrði, án þess að þar hefði orðið nokkur breyting á skattal., því að verðbólgan hafði aukizt stórlega og launin samkv. því, án þess að rauntekjur þeirra hefðu vaxið, svo að verulegu máli skipti a. m. k. Svo gífurlegir voru skattarnir orðnir sumarið 1964, hygg ég, að það hafi verið, að ríkisstj. setti sérstaka n. til að athuga, hvernig skattgreiðendur ættu að fara að því að borga skattana, og hún komst að þeirri niðurstöðu, að í sumum tilfellum væri það nauðsynlegt að láta skattgreiðendur eiga kost á 2–3 ára láni til þess að greiða skattana. Ég veit nú ekki, hvort að þessu ráði hefur verið horfið, en þetta sýnir, í hvert gífurlegt öngþveiti var hér komið, sökum þess að ekki hafði verið fylgt skattvísitölu, sem byggðist á framfærsluvísitölunni.

Þetta varð svo til þess, að á þingi 1964 voru skattal. tekin til nýrrar endurskoðunar, og stigunum verulega breytt til samræmis við það ástand, sem þá var orðið og skattarnir þannig lækkaðir, og jafnframt var tekin upp skattvísitala að nýju, en þá með þeim hætti, að í staðinn fyrir það, að miðað væri við framfærsluvísitölu, þá var ákveðið, að fjmrh. skyldi ákveða skattvísitöluna, að fengnum till. hagstofustjóra, kauplagsnefndar og ríkisskattstjóra. Fyrstu árin á eftir var þetta mjög heiðarlega framkvæmt af fjmrh., þannig að árin 1965, 1966 og 1967 var skattvísitalan ákveðin í samræmi við það, sem framfærslukostnaður hafði aukizt, og jafnvel ríflega það.

Þetta breyttist hins vegar á árinu 1968. Þá var skattvísitalan látin standa óbreytt, þótt orðið hefði nokkur hækkun á launum, en þó ekki raunveruleg hækkun á launum, heldur höfðu rauntekjurnar raunverulega lækkað. Þetta ákvað ráðh., að því er ég bezt veit, að ákveða skattvísitöluna óbreytta, án þess að leita nokkuð eftir till. frá hagstofustjóra, kauplagsnefnd eða ríkisskattstjóra, eins og lög gera ráð fyrir. A. m. k. var ekki leitað eftir neinum till. frá hagstofustjóra og kauplagsnefnd.

Hið sama gerðist svo aftur, þegar skattvísitalan var ákveðin 1969. Þá var hún ákveðin án alls samráðs við þessa aðila, eins og lögin gerðu þó ráð fyrir, og látin standa nokkurn veginn óbreytt þrátt fyrir hina gífurlegu kjaraskerðingu, sem hafði hlotizt af gengisfellingunum, og þær óraunverulegu launahækkanir, sem höfðu átt sér stað á þessum tíma. Þetta varð þess valdandi, að skattar hækkuðu verulega á seinasta ári, bæði tekjuskatturinn og útsvörin, án þess að nokkur launahækkun hefði átt sér stað, heldur höfðu launin raunverulega lækkað á þessum tíma, og þess vegna hefðu skattarnir, ef allt væri með eðlilegum hætti, átt að lækka. Hæstv. menntmrh. sagði hér fyrir nokkrum dögum, að það hefði orðið 15–20% kjaraskerðing á þessum tíma. En þrátt fyrir það, vegna þess hvernig hæstv. fjmrh. beitti skattvísitölunni, hefur átt sér stað samtímis stórfelld skattahækkun.

Nú er fyrir nokkru búið að ákveða skattvísitöluna fyrir þetta ár. Hún mun vera 140 stig, en ef fylgt hefði verið framfærsluvísitölu í samræmi við till. þeirra Magnúsar Jónssonar og Jóhanns Hafstein frá 1952, þá ætti skattvísitalan núna að vera a. m. k. 173 stig. Hljóta allir að sjá, hve gífurleg áhrif þetta hefur á skattana og hve þeir verða miklu þyngri en þeir mundu verða og ættu að verða, ef framfærsluvísitölu yrði fylgt. Afleiðingin af þessu hlýtur að sjálfsögðu að verða sú, að á þessu ári munu skattar enn hækka verulega frá því, sem var á síðasta ári, án þess þó að rauntekjurnar hafi nokkuð aukizt, vegna þess að menn hafa fengið verulega auknar dýrtíðarbætur á þessu ári, en þar er að sjálfsögðu ekki um neina aukningu á rauntekjum að ræða.

Frv. á þskj. 48, sem við hv. 5. þm. Austf. höfum tekið upp sem brtt. við þetta frv., felur í sér leiðréttingu á þessum efnum. Ég held, að það væri hyggilegt og skynsamlegt af hæstv. ríkisstj. að fallast á þessa till., þótt það væri ekki vegna annars en þess, að nú eru framundan nýir kaupsamningar, og ef þannig horfir, þegar til þeirra samninga verður gengið, að launþegar sjá fram á, að þeir þurfa að borga verulega aukna skatta á þessu ári, þá hljóta þeir eðlilega að taka tillit til þess í sambandi við kaupsamningana og krefjast meiri kauphækkana en ella vegna þess. Áreiðanlega væri í alla staði farsælla að veita launþegum kjarabætur með lækkun skattanna í samræmi við þá till., sem hér liggur fyrir, en veita þeim kjarabætur í formi tilsvarandi kauphækkunar, því að kauphækkanirnar munu koma aftur út í verðlagið og síðan aftur inn í kaupgjaldið og svo koll af kolli. En hjá því yrði komizt, ef þessar kjarabætur yrðu veittar í formi skattalækkunar, eins og þessi till. gerir ráð fyrir.

Ég skal ekki tefja tímann meira, þó að ástæða væri til þess að gera grein fyrir þessari till. Ég vil aðeins til viðbótar þó segja það, að ég álít það enga ástæðu til þess að fresta þessari till. eða fella hana, að nú er nokkuð langt komið með framtölin, og þess vegna þyrftu ýmsar skattanefndir að leiðrétta þau með tilliti til þessarar breytingar. En sú breyting er ekki svo fyrirhafnarmikil, að það sé ekki vel hægt að framkvæma hana, þó að þetta sé orðið áliðið, og ég álít hins vegar, að sú breyting væri svo mikilvæg, m. a. með tilliti til væntanlegra kaupsamninga, að sú skriffinnska, sem yrði í sambandi við það, mundi margborga sig.

Ég sé, að hv. meiri hl. fjhn. hefur gert brtt. við 53. gr., sem fjallar um skattvísitöluna, en mér sýnist, að þar sé gert ráð fyrir því, að skattvísitalan verði ákveðin með nokkuð sama hætti og nú er, þannig að þar er ekki um neina breytingu að ræða. En mér finnst rétt að vekja athygli hv. meiri hl. á því, að eins og þessi brtt. er fram sett, er hún nánast óskiljanleg, vegna þess að hún vísar til alveg rangrar lagagreinar. Það er t.d. talað hér um í brtt. að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í 1. gr. skattalaganna og 1. mgr. 2. gr. En það er engar fjárhæðir að finna, hvorki í 1. gr. eða 1. mgr. 2. gr., eins og ég get sýnt bara með því að lesa þessar greinar upp, en þær eru örstuttar. 1. gr. hljóðar svo:

„Hver maður heimilisfastur hér á landi er skyldur til með þeim takmörkunum, sem settar eru í l. þessum, að greiða skatt í ríkissjóð af tekjum sínum og eignum. Nú dvelst maður erlendis um stundar sakir, en bregður eigi heimilisfangi sínu hér á landi, og skal hann þá gjalda skatt eins og hann dveldist að staðaldri í landinu."

Hér er ekki nein fjárhæð nefnd og þess vegna ekki hægt að vitna til hennar.

1. mgr. 2. gr. hljóðar á þessa leið:

„Nú er maður eigi heimilisfastur hér á landi, en á hér fasteignir og hefur tekjur af þeim eða atvinnu eða af sýslan, sem hér eða héðan er rekin, svo sem sjómenn á íslenzkum skipum, sem eigi greiða skatta í öðru ríki, og skal hann þá gjalda skatt af tekjum þessum og tilnefna fyrir hlutaðeigandi skattheimtumanni, hver greiðir skattgjald hans, enda sé sá maður búsettur á skattsvæði skattheimtumanns."

Hér er ekki nein fjárhæð nefnd. Þá er í brtt. talað um að breyta þrepunum í skattstiga þeim, sem ræðir í 4. gr. l., en 4. gr. l. fjallar ekki um nein skattþrep, heldur það, hvernig eigi að skattleggja tekjur barna innan 16 ára.

Mér skilst, að þessi galli á brtt. stafi af því, að breyt. á skattal., sem voru samþ. á þingi 1965, voru felldar inn í eldri lög, lög frá 1964, og sú innfærsla hefur gerzt með þeim hætti, að 53. gr., eins og hún er nú, sem meiri hl. n. mun hafa farið eftir, er nánast sagt alveg óskiljanleg, vegna þess að þar er vitnað í allt aðrar gr. en eru í l. sjálfum, eftir að búið er að fella þetta saman. Þar er nefnilega vitnað í gr. í l. frá 1965, sem að sjálfsögðu áttu að breytast, eftir að búið var að fella þá breyt. inn í eldri lög. Ég segi þetta með tilliti til þess, að ég held, að það væri æskilegra, fyrst hv. meiri hl. flytur þessa till., að henni yrði breytt til samræmis við l., þannig að það væri vitnað í réttar lagagr. En það er ekki gert nú.

Ég skal svo ekki ræða þetta frekar, þó að ástæða væri til, vegna þess að menn eru almennt orðnir sammála um það að reyna að stytta mál sitt.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal mjög reyna að stytta það, sem ég segi hér, til að lengja ekki umr.

Ég vil fyrst nota tækifærið og þakka hv. fjhn. fyrir afgreiðslu hennar á því frv., sem hér er til meðferðar, þar sem hún mælir einróma með því, að það verði samþ.

Hins vegar kom mér ekki á óvart, þó að fram kæmu ýmsar fleiri aths., eins og við var að búast, en hins vegar hygg ég jafnframt, að hv. þm. sé það jafnljóst, að eins og nú er ástatt með tíma þingsins, er ekki neinn möguleiki að samþykkja nú neinar flóknar breyt. á skattal., enda í rauninni ástæðulaust, vegna þess að það er ekki hægt að koma þeim við með frambærilegum hætti, nema valda þá stórfelldum töfum. Breyt. á skattal., sem hafa áhrif á þær álagningarreglur, sem gilt hafa, mundu seinka stórlega álagningu skatta á þessu ári, enda er ráð fyrir því gert, eins og ég hef áður skýrt hv. þd. frá, að þegar í haust verði skattal. aftur lögð fyrir þingið. Þá kann að vera búið að athuga fleiri hliðar málsins, og að sjálfsögðu er einnig eðlilegt að taka til athugunar á þessu tímabili þær till., sem komið hafa fram hér á Alþ. nú í vetur, sem eftir atvikum þætti rétt að líta jákvætt á.

Það er ein brtt., sem komið hefur hér fram, sem ég tel vera mögulegt að samþykkja, án þess að það hafi nein veruleg áhrif á álagningu skatta í ár, en það er heim-

ildin til þess að miða sjómannafrádrátt við skattvísitölu.

Það getur vel verið, að ástæða væri til þess að miða fleiri frádráttarliði við skattvísitölu. Það þarf að athugast nánar, en miðað við það, að till. er með þeim fyrirvara, að þetta skuli gilda við álagningu skatta á næsta ári, þá sé ég enga ástæðu til þess að hafa á móti því, að sú till. verði samþ.

Hv. frsm. meiri hl. n. vék einnig að nokkrum öðrum frv., sem hér eru til meðferðar í hv. d., sem varða skattamál, m. a. frv. um það að auka frádrátt eiginkonu við atvinnurekstur eiginmanns síns. Ég er sammála því, að nauðsynlegt sé að endurskoða það ákvæði. Hins vegar er það alls ekki auðvelt mál að átta sig nákvæmlega á því, hversu sá frádráttur á að vera mikill, og þetta þarf að skoðast með hliðsjón af öðrum frádráttarliðum. Af þeim sökum er ég mjög sammála því, að þessu verði vísað til ríkisstj., og verður málið að sjálfsögðu eftir ósk n. athugað þá til hausts.

Sama er að segja um frv. um sérstakan frádrátt tekna einstæðra mæðra. Það er einnig vandamál. Þetta er mikilvægt mál í sjálfu sér og eðlilegt, að það komi fram, til að rétta aðstöðu þessara kvenna. En hins vegar er það sama að segja, að hér er um grundvallarbreytingu að ræða, sem þarf að skoða með hliðsjón af öðrum frádráttarliðum skattalaga, þannig að eðlilegt samræmi verði þar á, og er ég einnig mjög ásáttur með það, að því verði vísað til ríkisstj., og er sjálfsagt, að það verði tekið til rækilegrar athugunar við framhaldsendurskoðun málsins.

Varðandi þær brtt., sem hv. 4. þm. Reykv. hefur gert hér grein fyrir, þarf ég ekki að vera langorður. Við höfum áður rætt það mál, eins og hann réttilega sagði. Varðandi fyrra atriðið um það að taka með útdrætti ákveðna prósenttölu allra skattaframtala í landinu og taka það til rækilegrar endurskoðunar á hverju ári, þá tel ég þá till. ekki jákvæða, eins og sakir standa, og mundi slíkt ekki leiða til þeirrar niðurstöðu, sem ég veit, að vakir fyrir hv. þm. Ég er með þessu ekki að segja, að ekki geti verið réttmætt og nauðsynlegt að finna einhverjar útdráttarreglur, og ég hef áður gert grein fyrir því hér á Alþ., að að því hafi verið unnið af ríkisskattstjóra og skattrannsóknardeildinni að finna einhverjar slíkar viðmiðunarreglur. En það er auðvitað alveg fjarri lagi að fara að taka öll framtöl og draga úr þeim einhverja ákveðna tölu. Það er mikill fjöldi framtala, sem er algerlega ástæðulaust að vera að framkvæma nokkra athugun á, og þess vegna er þetta miklu flóknara mál, ef það á að skila jákvæðum árangri, en gengið er út frá í þeirri brtt., sem hér er flutt. Ég held, að við hv. þm. þurfum ekki að deila um nauðsyn þess að haga skatteftirliti sem bezt. En ég er þeirrar skoðunar, og það veldur neikvæðri afstöðu minni til þessarar till., eins og sakir standa, að hún muni verða til þess að auka vinnu skatteftirlitsins, án þess að skila erindi sem erfiði, ef svo má segja, og því verði starfskraftar þar betur nýttir á annan veg til þess að halda uppi raunhæfu skatteftirliti. Það merkir ekki, eins og ég sagði áðan, að einhverjar slíkar útdráttarreglur geti ekki komið til mála, en það þarf allt að athugast nánar.

Ég hirði ekki að fara út í sagnfræði hv. þm. um, hvernig skattvísitalan sé til orðin og þær frádráttarreglur, sem gilt hafa síðustu áratugi. Ég er honum að vísu þakklátur, eins og skylt er, fyrir það að vitna í frv. okkar Jóhanns Hafstein, sem við fluttum á sínum tíma, til þess að vekja athygli á nauðsyn þess að hafa hliðsjón af vaxandi verðbólgu í sambandi við skattálagningu og skattstiga. En skoðun okkar í þessu efni hefur ekkert breytzt, og skoðun mín er nákvæmlega sú sama og hún var þá, vegna þess að þegar þetta frv. var flutt, féllu saman framfærsluvísitala og kaupgjaldsvísitala, en nú er þetta með allt öðrum hætti. Ég hef margoft áður tekið það fram og skal gera það einu sinni enn, að það er ekkert eðlilegt við það, að tengdar séu saman framfærsluvísitala og skattvísitala, heldur kaupgjaldsvísitala og skattvísitala, vegna þess að skattvísitalan er hugsuð þannig, að ekki aukist skattþunginn, þótt menn fái auknar krónur til uppbóta við hækkun verðlags. En með því að binda það við framfærsluvísitölu, eins og nú standa sakir, þá mundi hér vera um það að ræða að bæta með þessum hætti upp kjaraskerðingu, sem er með allt öðrum hætti. Ég hef áður sýnt fram á það, að sú breyting, sem hér er farið fram á, mundi lækka skatttekjur ríkis og sveitarfélaga um hundruð millj., og það er þess vegna fjarri lagi, að það sé eins einfalt mál, og hv. þm. segir, að breyta þessu nú, jafnvel þó að það væri hægt að umreikna skattana, vegna þess, að ég hygg, að það mundi leiða til fjárþrota hjá mörgum sveitarfélögum, hvað sem ríkissjóði líður. Ég sé því ekki ástæðu til að rekja það mál lengur, en till. er í eðli sínu skakkt upp byggð, eins og hún nú er fram sett, og af þeirri ástæðu tel ég ekki mögulegt að fallast á samþykkt hennar.

Ég held svo, herra forseti, að það sé ekki ástæða til þess að orðlengja þetta mál frekar. Hv. 4. þm. Reykv. sagði réttilega, að fyrir þessum málum hefði áður verið gerð grein, og þau hafa öll verið hér til meðferðar á Alþ. og þá rædd. Því er ástæðulaust að fara út í langar efnislegar umræður um það umfram það, sem ég hef gert, að taka aðeins afstöðu í einstökum atriðum til málanna, eins og þau liggja fyrir.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það er gott að eiga von á því, að heildarendurskoðun skattal. haldi áfram og að frv. byggt á þeirri endurskoðun verði lagt fyrir næsta Alþ. svo tímanlega, að það geti þá fengið afgreiðslu. Ekki er þetta nú kannske alveg víst. En hitt er víst, að þm. hafa séð ástæðu til að flytja hér brtt. um að ákveða lagfæringu á sjómannafrádrættinum nú þegar. Þeir hv. þm., sem það gera, telja það vissara, þrátt fyrir þessar yfirlýsingar um endurskoðun l., að fá þetta ákvæði tekið inn nú.

Við erum alveg á sömu skoðun, hv. 5. þm. Norðurl. e. og ég, að það sé vissara að fá inn nú, ef auðið er, leiðréttingu, sem segja má, að sé alveg sjálfsögð, en þó hefur dregizt árum saman, já meira en áratug. Við hv. 5. þm. Norðurl. e. fluttum hér snemma á þessu þingi frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt, um það að hækka þá hámarksfjárhæð, sem hjónum er heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum vegna tekna, sem eiginkonan aflar við atvinnurekstur hjónanna. Í l. um tekju- og eignarskatt eru ákvæði, sem heimila hjónum að draga frá skattskyldum tekjum sínum 50% þeirra tekna, er konan vinnur fyrir, enda sé teknanna

ekki aflað hjá fyrirtæki, sem hjónin, annað hvort eða bæði, eiga eða reka að verulegu leyti. En vinni kona við eigin atvinnurekstur hjóna, þá eiga þau rétt á því, að metinn sé hlutur konunnar af sameiginlegum hreinum tekjum hjónanna, miðað við hreint vinnuframlag hennar við öflun teknanna og 50% dregin frá hlut hennar, áður en skattgjaldið er lagt á, alveg eins og í hinu tilfellinu. En þarna fylgir sá böggull skammrifi, að þessi upphæð má aldrei vera meiri en 15000.00 kr. Sú mismunun, sem hér á sér stað, er að okkar dómi í eðli sínu ákaflega hæpin og a. m. k. engin ástæða til þess að gera svo stórkostlegan mismun á, eftir því hvort konan aflar teknanna við atvinnurekstur alveg utan fjölskyldunnar, ellegar atvinnurekstur, sem að einhverju leyti er á vegum fjölskyldunnar.

Það er eftirtektarvert, hvað þetta ákvæði er búið að standa lengi. Þessi krónutala hefur staðið óbreytt í 11 ár, svo að það sjá nú allir, hversu fráleit hún er þá orðin nú. Það er líka athyglisvert, hvernig þetta ákvæði kom inn á sínum tíma, því að þá sagði í l., árið 1958, að frádráttarupphæð mætti aldrei vera hærri en tvöfaldur persónufrádráttur konunnar. Á þessu sést, að það hefur verið ætlun löggjafans að þetta væri hreyfanlegt, þegar þetta var tekið upp, þó að seinna æxlaðist svo til, að upphæðin hefur orðið óhreyfanleg og staðið óbreytt svo lengi.

Við hv. 5. þm. Norðurl. e. viljum leyfa okkur að flytja brtt. við það frv., sem hér liggur fyrir, og hún er á þá leið fyrst, að á undan 1. gr. frv. komi ný gr. svo hljóðandi: „Síðasti málsliður 3. málsgr. 3. gr. l. orðist svo: Aldrei kemur þó hærri upphæð til frádráttar en 50000 kr.“ Og annað: 2. gr. (verður 3. gr.) orðist svo: „L. þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1970, en ákvæði 2. gr. við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1969.“

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en af því að brtt. er skrifleg, þá leyfi ég mér að afhenda hæstv. forseta hana með ósk um, að leitað verði afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 678) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv. vakti athygli á því, að brtt. sú, sem meiri hl. fjhn. flytur á þskj. 664, væri ekki í samræmi við ákvæði skattalaganna. Hann rakti nokkuð augljóslega, hvernig á þessu stendur, en brtt. er sjálfsagt tekin orðrétt upp eftir því frv., sem hér var flutt. Það frv. er hins vegar orðrétt tekið upp eftir skattal., sem út voru gefin 7. okt. 1965, þá skv. ákvæðum í l. nr. 70 1965, um að steypa skuli skattal. í ein ný lög og þau útgefin eftir samþykkt þeirra laga. Þetta ákvæði er tekið orðrétt upp úr þeim l., sem þá voru samþ. hér á Alþ., án þess að tilfærslu yrði breytt í þessari grein. Ég tel eðlilegast, að þessi tillaga verði tekin aftur við þessa umr. og að hún verði lagfærð til samræmis við skattal. og flutt aftur við 3. umr. Ég leyfi mér að taka till. aftur.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. nema um örfáar setningar. Hv. frsm. fjhn. hefur lýst sjónarmiðum meiri hl. n., í sumum tilvikum n. allrar, til þess frv., sem hér er til umr., svo og til annarra skattalagafrv., sem lögð hafa verið fyrir þessa hv. þd. á yfirstandandi þingi.

Snemma á þinginu flutti ég ásamt hv. 10. þm. Reykv. frv. á þskj. 120 um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt, er fjallaði um skattfrádrátt á tekjum einstæðra mæðra. Eins og hér hefur komið fram í þessum umr., þá er nú undirbúningsvinnu við skattaálagningu á skattstofum svo langt komið, að þó svo að skattalagafrv. sem þetta væri afgr. á þessu þingi, þá væri mjög erfitt að minnsta kosti að láta þá lagabreyt. taka gildi fyrir skattaálagningu á árinu 1970. Ég hef fallizt á þessi rök, og með tilvísun til þess, að fyrir liggja yfirlýsingar um það, að endurskoðun skattal. í heild standi yfir, þá hef ég einnig fallizt á þá málsmeðferð, að þessu frv. verði vísað til ríkisstj. í trausti þess, að þau efnisatriði sem þar koma fram, verði tekin til jákvæðrar afgreiðslu hjá þeirri n. sem þá endurskoðun annast. Mun fjhn. eða að minnsta kosti meiri hl. hennar skila nál. í samræmi við þetta. Það er hins vegar ljóst, að ef ekki verður í því frv. til l. um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt, sem væntanlega verður lagt fyrir hv. Alþ. í byrjun næsta þings, fullnægt þeim sjónarmiðum, sem ég tel, að rétt sé, að þar komi fram, í þessu atriði og öðrum þeim greinum, sem ástæða þykir til að breyta í þessum l., og ýmis atriði þeirra samræmd, þá er opin leið að flytja brtt. við það frv. Þá er þess að vænta og ég treysti því, að í samræmi við þær breytingar, sem þá verða afgreiddar, verði hægt að leggja á skatta árið 1971.

ATKVGR.

Brtt. 664 tekin aftur til 3. umr.

– 666,1.a felld með 21:12 atkv.
– 666,1.b felld með 21:13 atkv.
– 678,1 felld með 20:10 atkv.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 678,2 kom ekki til atkv.

2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 584, 664).

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Við 2. umr. málsins hér í hv. d. var bent á villu í brtt., sem meiri hl. fjhn. hafði flutt við þetta frv. Till. var tekin aftur við þá umr. og er nú prentuð upp aftur á þskj. 664 og nauðsynleg leiðrétting gerð.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meir um þá till. Ég gerði grein fyrir henni við 2. umr. málsins, en till. er flutt af meiri hl. fjhn.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Við 2. umr. málsins kom hér fram brtt., sem m. a. miðaði að því að hækka nokkuð persónufrádrátt. Sú till. var felld. Ég hygg þó, að það sé enginn vafi á því, að allir hv. þdm. viðurkenni, að persónufrádráttur sá, sem nú er miðað við í skattal. sé orðinn allt of lágur og algerlega óeðlilegur. Slíkt veldur því m. a., að þeir, sem hafa lágar tekjur eða

miðlungstekjur, borga óeðlilega háa skatta til ríkisins af tekjum sínum miðað við það, sem áður var og grundvöllur var í rauninni lagður að með setningu skattal. á sínum tíma.

Ég leyfi mér því að flytja brtt. nú við 3. umr. málsins, sem fjallar um þetta sama atriði, en þó nokkuð á annan hátt en fyrri till. Ég miða till. mína eingöngu við það, að persónufrádráttur samkvæmt 16. gr. skattal. verði hækkaður. Sú till., sem ég flyt, er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Á undan 1. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Við álagningu tekjuskatts árið 1970 (tekjur árið 1969) skal hækka persónufrádrátt frá því, sem ákveðið er í 16. gr. l., um 60% og verða:

a. fyrir einstaklinga 128 þús. kr.

b. fyrir hjón 179 200 kr., telji þau fram sitt í hvoru lagi 89 600 kr. fyrir hvort.

c. fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki er fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skatturinn er lagður á, 25 600 kr. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem meðlag er ekki greitt með."

Breytingin, sem raunverulega yrði með þessari till., er sú, að persónufrádrátturinn er hækkaður. Nú er persónufrádrátturinn eftir þeirri skattvísitölu, sem nú hefur verið ákveðin, fyrir einstakling 112 þús. kr., en ég geri tillögu um, að hann verði 128 þús. kr. Fyrir hjón er hann nú, eftir núverandi skattvísitölu, 156 800 kr., en ég geri tillögu um, að frádrátturinn verði 179 200 kr. Fyrir barn er persónufrádrátturinn nú 22 þús. kr., en ég geri tillögu um, að hann verði 25 600 kr.

Mér er fyllilega ljóst, að það hefði verið ástæða til að hafa þennan persónufrádrátt nokkru hærri en ég geri ráð fyrir í minni till. En þar sem búið er við 2. umr. málsins að fella till., sem gerði þar ráð fyrir nokkru hærri persónufrádrætti, þá þótti mér rétt að miða þessa till. við nokkru lægri upphæð. Ég tel mjög þýðingarmikið, að þetta verði ákveðið. Þetta mundi verða til þess, að lágtekjufólk og þeir, sem eru með miðlungstekjur, kæmu ekki til með að borga tekjuskatt til ríkisins, nema þá tiltölulega lágan, og ég álít, að þetta eigi að koma til framkvæmda einmitt nú við útreikning skatts á þessu ári, sem miðast við tekjurnar á s. l. ári.

Ég veit, að því er borið við, að það sé ekki orðið hægt um vik að samþykkja breytingu eins og þessa, vegna þess að hún kalli á aukavinnu hjá skattyfirvöldum, þar sem þau séu í ýmsum tilfellum búin að reikna með lægri persónufrádrætti, og því þurfi að fara í gegn um vel flest framtöl einstaklinga í landinu og breyta þar tölum. En hvort tveggja er, að ég dreg mjög í efa, að skattstofurnar séu allar búnar að vinna þetta verk, og þó að hér komi til nokkur aukavinna, þá álít ég, að hér sé um slíkt réttlætismál að ræða, að það sé ekki hægt að hafna því, eins og nú standa sakir.

Það hefur þegar komið fram hjá launafólki í landinu, sem nú býr við mjög ófullnægjandi launakjör og er óánægt með sinn hlut og gerir nú kröfu um verulegar launahækkanir, að það gerir einnig kröfu um það, að gildandi skattlagningarreglum verði breytt, því að það er augljóst mál, að eins og reglurnar eru nú, þá mundi kauphækkun verða tekin aftur til opinberra aðila að talsverðu leyti, ef persónufrádrátturinn verður ekki hærri en hann er nú í lögum með þeirri skattvísitölu, sem ákveðin hefur verið.

Þessi till. gerir því ráð fyrir bráðabirgðaráðstöfun í þessum efnum, aðeins við skattútreikning á þessu ári. Hins vegar hefur komið fram hjá hæstv. fjmrh., að hann gerir ráð fyrir nokkuð almennri endurskoðun á skattalöggjöfinni og að frv. um breyt. á skattal. verði lagt fyrir næsta þing, og þá er auðvitað opið að koma þar fram með till., sem varða persónufrádrátt, sem þá væri ætlað að standa til lengri tíma, en þessa bráðabirgðaráðstöfun tel ég rétt að gera, eins og nú standa sakir.

Ég verð að leggja fram þessa tillögu skriflega og óska því eftir því, að hæstv. forseti leiti eftir afbrigðum fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 696) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég er þeirrar skoðunar, að skattabyrðin hvíli nú þegar að allt of miklu leyti á herðum einstaklinganna sem skattþegna og að það sé miklu ríkari þörf á því að gera breyt. á tekju- og eignarskattsl. til þess að létta byrðar einstaklinganna en að hækka afskriftarreglur og auka þannig fríðindi þeirra félaga og fyrirtækja, sem eiga að greiða skatt. Ég tel alveg fráleitt að taka það eitt út úr tekju- og eignarskattsl. að létta enn á félögum og fyrirtækjum í landinu, vafalaust með það fyrir augum, að skattabyrðin verði þá enn þyngd og færð að meira leyti en áður yfir á herðar einstaklinganna. Ég held, að hér stefni alveg í öfuga átt, og ekki sé ástæða til þess að létta nú á félögum og fyrirtækjum með breyt. á l. um tekju- og eignarskatt í slíku góðæri sem við nú búum við. Þau hefðu vel mátt bera sinn hlut óskertan án þess, að það væri flutt sérstakt frv. um að taka þau ein út úr og létta á þeim, sem hlýtur að leiða til þess, að það verði enn þyngt á einstaklingunum.

Ég er því samþykkur þeirri till., sem hér var lýst, um að hækka persónufrádrátt hjá einstaklingum, því að það er sannfæring mín, að lágtekjumennirnir beri nú þegar allt of mikinn hluta af skattabyrðinni. Ég mæli með samþykkt þessarar till., en mun greiða atkvæði á móti þessu frv. að till. felldri.

Unnar Stefánsson: Herra forseti. Áður en til atkvgr. kemur um þetta frv., vildi ég aðeins taka fram eftirfarandi: Þó að hér sé um að ræða frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt, snertir efni frv. þó öllu meir tekju- og útsvarsstofn sveitarfélaga en ríkisins. Álagning tekjuútsvara mun nú í nokkrum sveitarfélögum vera komin svo vel á veg, að samþykkt frv. svona seint á þingi mundi valda verulegum óþægindum og töfum á störfum skattyfirvalda. Samkv. gildandi skattal. eiga framtalsnefndir að hafa lagt fram skrá yfir tekjur og eignir, sem miða skal útsvör við, fyrir lok aprílmánaðar. Með því að nú eru aðeins fáeinir dagar eftir af mánuðinum, er ljóst, að samþykkt frv. svo seint á þingi, sem taka á gildi á þessu ári, er mjög til baga.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu atriði. Þetta gæti leitt til þess, að sveitarstjórnir yrðu að hækka útsvarsstiga sinn eða hugsanlega að draga úr framkvæmdum,

þótt hér sé ekki um verulega upphæð að ræða. Ég vil, áður en ég greiði atkvæði með þessu frv., sem ég efnislega er ekki ósammála að öðru leyti, vekja athygli á, hversu bagalegt það er fyrir sveitarfélög, að Alþ. samþykki breyt. á l., sem hafa áhrif á framkvæmd útsvarsálagningar, svo seint á þingi. Þar að auki vil ég að lokum geta þess, að það mun hafa verið venja, að slík frv. væru send til umsagnar samtökum sveitarfélaga, þar sem um hagsmunamál þeirra er að ræða. En svo mun ekki hafa verið gert að þessu sinni. Takk fyrir.

ATKVGR.

Brtt. 696 felld með 21:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BP, EystJ, GeirG, GíslG, HV, IG, JK, JSk, JónasÁ, LJós, MK, SE, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ.

nei: BGuðm, US, RG, FÞ, JSH, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, MB, PJ, PS, SI, SvJ, ÁS, BGr, BF, BK, BBen, MÁM.

2 þm. (EðS, HS) fjarstaddir.

Brtt. 665,1–2 samþ. með 25 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 26:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 80. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 699).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. – Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem hv. þdm. er kunnugt, þá var fyrir nokkru lagt fram í hv. Nd. frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt, þar sem sérstaklega var fjallað um skattamál atvinnurekstrarins. Það er um viðamikinn bálk að ræða, sem ég sé ekki ástæðu til þess að rekja hér í einstökum atriðum. En í sambandi við það frv. var tekið fram, að þó að ég gerði ráð fyrir, að málið mundi reynast svo umfangsmikið, að það yrði ekki auðið að afgreiða það á þessu þingi, þá væru viss atriði í frv., sem þyrftu að koma til framkvæmda við skattlagningu nú á yfirstandandi ári.

Í samræmi við það var lagt fram stjfrv. í hv. Nd., þar sem tekið var út úr hinu stærra frv. þetta atriði, sem ég gat um. Hér er um mjög einfalt atriði að ræða, sem þetta frv. fjallar um, og hefur það þegar fengið shlj. afgreiðslu í hv. Nd. (Gripið fram í.) Jú, þetta atriði var afgr. shlj. í Nd., að heimilað yrði að hækka fyrningar við framtal nú 1970 miðað við tekjur ársins og eignir 1969, þ. e. a. s. að það mætti hækka um 20% og 40%, annars vegar fasteignir og hins vegar vélar, þ. e. fyrningarupphæð þeirra miðað við skattárið næst á undan, og er þetta gert með hliðsjón af þeim verðbreytingum, sem urðu við gengisbreytinguna 1968.

Um þetta urðu menn sammála í hv. Nd., og vonast ég til, að hv. Ed. geti einnig fallizt á þetta atriði, sem er mjög einfalt í sniðum. Þó að það sé nú lögfest, þá á það ekki að þurfa að seinka álagningu skatta fyrir yfirstandandi ár, vegna þess að skattar á fyrirtæki eru lagðir á seinna en á einstaklinga, og breytingin er svo einföld í sniðum, að það mun ekki þurfa að hafa nein áhrif í þá átt.

Hitt er annað mál, sem sá hv. þm. mun hafa átt við, sem skaut hér fram í ræðu mína, að það voru ýmis önnur atriði, sem komu til meðferðar í hv. Nd. Eitt þeirra atriða hefur verið tekið inn í þetta frv., en það er ákvæði um það, að sjómannafrádráttur, sem um eru sérstök ákvæði í skattal., skuli hér eftir breytast samkv. skattvísitölu, en með hliðsjón af því, sem ég gat um áðan, að allar breyt. í þessa átt, að undantekinni þeirri einföldu breyt., sem ég gat um að fælist í 2. gr., mundu leiða til verulegs dráttar á álagningu útsvara og skatta á þessu ári, þá varð samkomulag um það að miða þessa breyt. við það, að þetta ákvæði kæmi ekki til framkvæmda fyrr en á næsta skattári.

Í hv. Nd. hafa einnig verið til meðferðar ýmis skattafrv. önnur, og niðurstaðan í þeim málum varð sú, að ég hygg, að um það hafi náðst sæmilegt samkomulag, að þeim yrði vísað til ríkisstj. sumum hverjum til nánari meðferðar fyrir framhaldsathugun þess skattafrv., sem ég gat um, sem mun koma aftur fyrir hið háa Alþ. í haust, og mundu þá þau atriði verða athuguð á milli þinga.

Hins vegar komu fram í Nd., sem ég skal ekki hér orðlengja um, ýmsar aðrar brtt. við þetta frv., sem hv. Nd. féllst ekki á, og skal ég ekki ræða þau atriði hér sérstaklega, nema tilefni gefist til við meðferð málsins í þessari hv. d.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að orðlengja frekar um þetta mál eða ræða skattamálin almennt. Það er mikið mál út af fyrir sig, en til slíks gefst ekki tilefni í sambandi við þetta frv., en legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn., og vildi leyfa mér að beina því til hv. n. og vona, að hv. þd. geti á það fallizt, að frv. nái endanlegri afgreiðslu, áður en þingi lýkur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 699, n. 780 og 781).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft það frv., sem hér liggur fyrir, til athugunar, og eins og nál. þau, sem útbýtt hefur verið, bera með sér, hefur n. ekki náð samstöðu um frv., þannig að við fimm nm., sem að nál. á þskj. 780 stöndum, leggjum til, að það verði samþ. Einn skrifar þó undir það með fyrirvara, en tveir hv. nm. leggja til, að því verði vísað til ríkisstj.

Einn liður í ráðstöfunum til þess að bæta samkeppnisaðstöðu íslenzkra fyrirtækja vegna EFTA-aðildar er endurskoðun skattalöggjafarinnar, þannig að hlutur þeirra í því efni verði ekki verri en þeirra fyrirtækja, sem við þau keppa, bæði hér innanlands og á útflutningsmörkuðum EFTA-landanna. Þeirri athugun er, eins og upplýst hefur verið og hv. dm. mun kunnugt, ekki lokið, og að því leyti, sem árangur þeirrar athugunar hefur verið lagður fyrir hv. Alþ. í frv.-formi nú, þá verður ekki unnt að afgreiða þau, eins og þegar hefur verið upplýst, nema það frv., sem hér liggur fyrir og geymir í þeirri mynd, sem það nú er, aðeins ákvæðið

um skattvísitölu, sem ekki er þó gert ráð fyrir, að komi sérstaklega til framkvæmda fyrr en á næsta skattaári, og um frádrátt vegna fyrningar. En það er æskilegt, og raunar nauðsynlegt, að það verði afgreitt, ef á efni þess er að öðru leyti fallizt, vegna þess að gert er ráð fyrir, að það komi til framkvæmda við skattaálagningu þessa árs.

Þó að ekki hefði til EFTA-aðildar komið, væri, eins og raunar kemur fram í grg. fyrir þessu frv., full ástæða til þess að endurskoða þær fyrningarreglur, sem nú eru í gildi, vegna gengisbreytingarinnar. Þar sem meginregla skattal. er, eins og kunnugt er, sú, að afskriftir miðast við kostnaðar- og innkaupsverð vöru, þá gefur það augaleið, að vegna þess að mest af þeim framleiðslutækjum, sem hér eru í notkun, eru keypt fyrir gengislækkun, þá hlýtur fyrning, sem miðast við kaupverð viðkomandi tækja, að vera ófullnægjandi, því að tilgangurinn með því að leyfa fyrningar sem kostnað fyrirtækja, sem enginn ber á móti, að sé réttmætt og nauðsynlegt, er sá, að gera fyrirtækjunum kleift að safna á þann hátt í sjóði, sem nægi til endurkaupa á þessum tækjum. En það gefur augaleið, að ef tækin hækka mjög verulega í verði, eins og orðið hefur vegna gengisbreytingarinnar, þá nær það ekki hinum tilætlaða tilgangi fyrningarinnar, að afskriftirnar séu miðaðar við innkaupsverð. Á þessari grundvallarreglu verður þó ekki gerð breyting með frv. því, sem fyrir liggur, þó að samþ. yrði, en hins vegar er þar beitt heimild til þess að bæta þeim prósentum, sem í frv. greinir, við þær afskriftir, sem heimilaðar eru nú.

Nú er ekki unnt að gera sér grein fyrir því, hvaða áhrif samþykkt þessa frv. um nokkra aukningu á fyrningum, mundi hafa. Ég spurðist einmitt fyrir um það hjá ríkisskattstjóra í morgun, hvort þess væri nokkur leið, og svarið við því, sem raunar kom mér ekki á óvart, var það, að slíkt yrði ekki gert nema að undangenginni athugun, sem hlyti að taka töluverðan tíma. En hvað sem því líður, þá held ég, að sú skoðun, sem kemur fram í áliti hv. minni hl., að þetta geti haft veruleg áhrif fyrir útsvars- og tekjuskattsálagninguna, sé óraunsæ m. a. með tilliti til þess, að þar sem fyrningin, eins og hún er nú, miðast við miklu lægra verð en gangverð er nú, þá getur ekki verulega um þetta munað. Telja verður öldungis ólíklegt, að þær fjárhæðir, sem hér um ræðir, geti verið svo háar, að það geti nokkur áhrif haft á skattlagninguna í heild. Eins og kunnugt er, var árið 1969 ekki neitt veltiár fyrir atvinnuvegi landsins, þó að það hafi kannske verið eitthvað betra en kreppuárið 1968, þannig að mér þykir með miklum ólíkindum, – það er að vísu á þessu stigi málsins ekki hægt að fá úr því skorið með tölum, eins og ég sagði, – að hér geti verið um teljandi fjárhæðir að ræða, sem geti nokkru verulegu munað fyrir hið opinbera, en hins vegar getur það þó munað nokkru fyrir þau fyrirtæki, sem hér eiga hlut að máli.

Rétt er í því sambandi að upplýsa það, að ríkisskattstjóri eða skrifstofa hans gaf þær upplýsingar, að þessi hækkun fyrninganna mundi hvorki hafa áhrif á aðstöðugjald né iðnlánasjóðsgjald. Hvað því fyrra viðvíkur, þar sem aðstöðugjaldið er miðað við kostnað fyrirtækjanna, en fyrningarnar eru viðurkenndar sem kostnaðarliður, þá kann þetta e. t. v. að koma einkennilega fyrir sjónir, en þannig er litið á, að hér sé aðeins um að ræða tekjufrádrátt, sem miðaður sé við fyrningu, ekki eiginlega hækkun á tilkostnaði. Þessi er túlkun ríkisskattstjóra í þessu efni, þannig að aðstöðugjöld mundu ekki koma til að hækka, þó að þetta yrði samþykkt. Það er rétt, að þetta sé upplýst, þannig að ég held, að því þurfi undir öllum kringumstæðum ekki að gera skóna, að samþykkt þessa frv. skapi hættu á því, að skattahækkun verði hjá almenningi.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta frv. Það er einfalt í sniðum. Ég get þó ekki stillt mig um að bæta því við, að launþegarnir og þeir, sem hjá fyrirtækjunum starfa, geta ekki, þó að þeir líti aðeins á málin út frá eiginhagsmunasjónarmiði, látið sér í léttu rúmi liggja, að fyrirtækjunum sé gert kleift að laga sig að breyttum aðstæðum.

Ég vil leyfa mér í þessu sambandi að vitna í ummæli, sem ég heyrði í gær danskan sérfræðing í milliríkjaverzlun, sem hér er staddur og flutti fyrirlestur einmitt um vandamál aðildarríkja EFTA fyrir nemendur í viðskiptafræðum, viðhafa, en hann benti varðandi vandamál okkar Íslendinga á tvö atriði, sem of lítill gaumur hefur verið gefinn að mínu áliti. Í fyrsta lagi undirstrikaði hann nauðsyn þess fyrir íslenzka atvinnuvegi að nota sér sem bezt það millibilsástand, sem nú er, þegar fyrirtækin, jafnframt því að hafa þegar öðlazt aðgang að tollfrjálsum markaði í EFTA-löndunum, hafa enn að bakhjarli tollverndaðan heimamarkað. Hann taldi, að einmitt þetta millibilsástand væri sérstaklega nauðsynlegt að nota til þess að komast yfir byrjunarerfiðleika þeirra atvinnugreina, sem í framtíðinni verða að leggja ríkari áherzlu á útflutning en áður hefur verið. Í öðru lagi benti hann á þá miklu áherzlu, sem nú er á það lögð að auka fiskveiðar í þróunarlöndunum. Við höfum fengið af þessu nokkurn smjörþef, þar sem er hin stóraukna framleiðsla Perúmanna. En þetta getur leitt til þess í framtíðinni, að vegna hins lága kaupgjalds í þróunarlöndunum verði mjög erfitt fyrir þau lönd, sem hafa miklu betri lífskjör og þar af leiðandi miklu hærra kaupgjald, þegar frá líður, að keppa við þróunarlöndin, því að flestir munu vera sammála um það, að erfitt mundi að sætta verkalýðinn hér á landi við það að þurfa að þrýsta laununum niður á það stig, sem er í þróunarlöndunum. Nú er það vissulega svo, að samþykkt þessa frv. getur ekki haft úrslitaáhrif í þessu sambandi, en svo langt, sem það nær, er það þó spor í áttina til að auðvelda aðlögun að þeim breyttu viðhorfum, sem nú liggja fyrir.

Herra forseti. Meiri hl. fjhn. mælir með því, að frv. verði samþ.

Frsm. minni hl. (Kristján Thorlacius): Herra forseti. Fjhn. varð ekki sammála um afgreiðslu þessa frv. Meiri hl. n. vill samþykkja frv., en minni hl. n. telur rétt að vísa því til hæstv. ríkisstj.

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, sem hér er til umr., er hluti af efni umfangsmeira frv., sem fyrir nokkrum dögum var flutt af hv. fjhn. Nd. að beiðni hæstv. fjmrh. Aðalefni hins síðarnefnda frv. er breyt. á gildandi l. að því er varðar skattlagningu fyrirtækja. En með því frv., sem hér er til

umr., er ætlunin að hækka við álagningu skatts vegna ársins 1969 fyrningu af fasteignum skattþegns öðrum en íbúðarhúsnæði.

Minni hl. fjhn. telur höfuðnauðsyn, eins og nú er komið, að skattar og útsvör verði lækkuð verulega á almennum tekjum. Við teljum því nauðsynlegt, að skatta- og útsvarsl. verði tekin til heildarendurskoðunar, en ekki látið við það eitt sitja að endurskoða ákvæði l. um skattlagningu fyrirtækja. Þar sem persónufrádráttur hefur ekki hækkað að undanförnu í hlutfalli við aukinn framfærslukostnað, eru skattar og útsvör orðin óbærileg á lágum tekjum og miðlungstekjum.

Ef þetta frv. yrði samþ. óbreytt og án þess, að teknar yrðu með í það breytingar á álagningarreglunum til samræmis við aukinn framfærslukostnað, mundi það væntanlega beinlínis valda hækkun útsvara, og slíkt teljum við ekki koma til mála að samþykkja á sama tíma og óumdeilanlegt er, að óhjákvæmilegt er að lækka verulega skatta og útsvör á almennum tekjum, sérstaklega lágum tekjum.

Hv. frsm. meiri hl. n. fullyrti, að það mundi ekki koma til hækkunar á útsvörum vegna samþykktar þessa frv. Hann sagði þó jafnframt, að það væri samkv. upplýsingum ríkisskattstjóra ekki unnt án nánari athugunar að fullyrða neitt um áhrif þessa frv. Það er því fullyrðingin ein af hálfu hv. frsm. meiri hl., að hér verði ekki um hækkun að ræða á útsvörum. Ég er auðvitað ekki reiðubúinn að ræða um það mál tölulega, og ég hygg, að samkv. þeim ummælum, sem hann hafði eftir ríkisskattstjóra, sé ekki fært fyrir hvorugan okkar að ræða þetta tölulega. Þarna er um ágizkanir að ræða af okkar beggja hálfu, en mér sýnist, að það hljóti að fara svo, að þetta hafi útsvarshækkanir í för með sér. Ef svo ekki væri, ef þetta er svo óveruleg lækkun á sköttum hjá fyrirtækjunum, að það hafi engin áhrif, þá skilst mér, að þessu frv. liggi ekki eins mikið á í gegnum Alþ. og hér er látið í veðri vaka. Þá mætti þetta frv. einnig bíða vegna fyrirtækjanna, sem það á að einhverju leyti að bjarga.

Í tíð hæstv. núv. ríkisstj. hefur átt sér stað grundvallarstefnubreyting í skattamálum. Á undanförnum árum hafa skatta- og tollaálögurnar í heild hækkað stórkostlega, en jafnframt hefur verið farið inn á þær brautir í skattheimtu, að nú leggjast skattar og tollar mun þyngra en áður á allan almenning í landinu. Þetta hefur verið gert með því að færa gjöldin til ríkissjóðs meira og meira yfir í tolla og söluskatt og einnig með því að framkvæma tekjuskattsálagningu á þann hátt, að skattstigarnir og persónufrádrátturinn fylgja ekki þróuninni í efnahagsmálum í landinu. Þannig eru nú lögð á tekjuskattur og útsvör eftir skattstiga, sem miðaður var við miklu lægri tekjur í krónutölu en nú eru. Afleiðingin er svo sú, að skattgreiðendur með miðlungstekjur greiða skatta eins og hátekjumönnum var ætlað að greiða áður fyrr, og lágtekjumenn greiða skatta og útsvör eins og miðlungstekjumönnum var ætlað að greiða áður. Þetta er slíkt hróplegt óréttlæti, að það fær ekki lengur með nokkru móti staðizt.

Á fjárl. fyrir yfirstandandi ár eru heildartekjur ríkissjóðs áætlaðar 8 milljarðar og 397 millj. Af þessari fjárhæð eru beinir skattar áætlaðir 1 milljarður og 540 millj. Persónuskattar, þ. e. iðgjöld til tryggginga o.fl., eru 629 millj. og 211 þús. Eignarskattar eru 148 millj. og 87 þús. og tekjuskattar 762 millj. og 550 þús. Óbeinu skattarnir eru þannig 6 milljarðar og 857 millj., en þeir eru að miklu leyti tollar og söluskattur. Af tekjusköttunum greiða fyrirtækin ekki nema lítinn hluta, sem sést á því m. a., að tekjuskattur félaga er áætlaður einungis 85.9 millj. Samt er það nú talið brýnast að taka fyrirtækin út úr og veita þeim skattfríðindi, án þess að um leið sé hugað að því að leiðrétta hróplegt ranglæti gagnvart þeim, sem greiða skatta af almennum tekjum.

Skattamálin hljóta að koma mjög inn í þá mynd, sem nú blasir við í kjaramálum. Launþegum er orðið ljóst, að það er ekkert náttúrulögmál, að kauphækkanir, sem samið er um, renni allar út í sandinn jafnóðum. Mönnum er orðið það ljóst, að hér veldur stefna ríkisstj., sem miðað hefur að því að taka hverja kjarabót aftur eftir örskamman tíma, m. a. með því að breyta skattkerfinu þannig, að byrðunum er velt yfir á almenning, en þeim, sem aðstöðu hafa til að safna gróða, er sleppt. Þetta sýna þær tölur ljóslega, sem ég las hér áðan úr fjárl. fyrir 1970.

Sannleikurinn er sá, að erfiðleikarnir af þeim efnahagsvanda, sem þjóðin átti við að stríða af völdum aflabrests og lækkunar á verði afurða, hefur algerlega hvílt á launastéttum landsins, og kjararýrnun hefur, eins og allir þekkja, orðið mjög stórfelld. Ég hygg, að ástandið í þessum efnum hjá opinberum starfsmönnum gefi nokkuð góða heildarmynd, þar sem kjarasamningar opinberra starfsmanna ná yfir svið, sem svarar til hins almenna launakerfis í landinu. En mönnum telst svo til, að laun opinberra starfsmanna þyrftu að hækka um 17–37% til þess eins að ná sama kaupmætti og var í september 1967, enda viðurkenna það nú allir, að mikilla kjarabóta sé þörf, og það er einnig viðurkennt, að sá bati, sem orðið hefur í efnahagsmálum upp á síðkastið vegna hækkandi verðlags erlendis á útflutningsafurðum landsmanna og góðs afla að undanförnu, veiti möguleika til að stórhækka kaup í landinu.

En við í minni hl. fjhn. teljum það mjög óheppilegt og raunar mjög alvarlegan hlut að taka nú út úr skattamál fyrirtækja og veita bráðabirgðalausn á þeim án þess að leysa um leið vanda launamanna í skattalegu tilliti og annarra þeirra stétta, sem líkt stendur á um í þessum efnum. Ríkisstj. hlýtur að gera sér ljóst, að launþegar sætta sig ekki við annað en að kaup stórhækki í þeim kjarasamningum, sem fyrir dyrum standa. Jafnframt verða launþegasamtökin að taka upp skipulega og markvissa baráttu fyrir breyttri stefnu í skattamálum. Við það verður ekki lengur unað, að skattabyrðin liggi nær öll á almenningi. Þessu verður að breyta, og fyrsta skrefið í þá átt er heildarendurskoðun skattalöggjafarinnar, þar sem bæði verði fjallað um stefnubreytingu í álagningu, eftirlit með framtölum og innheimtu skatta.

Í frv. vantar ýmis ákvæði að dómi minni hl. n., eins og t. d., hvernig skuli með fara, ef fasteign er að nokkru notuð til atvinnurekstrar, en að öðru leyti til íbúðar. Þá er það óskýrt í frv., hvort ákvæði þess eigi að ná til alls atvinnuhúsnæðis, hvort sem það er í eigu atvinnufyrirtækis sjálfs, sem rekur atvinnu í húsnæðinu, eða húsnæðið er leigt út til atvinnurekstrar. Svo virðist sem ýmis önnur atriði í sambandi við þetta mál þurfi nánari

athugunar við, en afstaða minni hl. n. byggist á því, að við teljum ekki koma til mála, að þetta eina atriði, sem frv. fjallar um, verði tekið út úr án þess að lagfæra um leið skattamál almennings.

Ef þetta frv. verður samþ., felst í því viss ögrun til launastéttanna, sem nú munu senn hefja samningaviðræður, og við í minni hl. n. viljum alvarlega vara við því að viðhafa þessa málsmeðferð.

Með tilliti til þeirra raka, sem við berum fram í nál. og ég hef nú einnig fram borið hér, viljum við leggja til, að þessu frv. verði vísað til hæstv. ríkisstj.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég hef enga tilhneigingu til þess að halda hér uppi málþófi um þetta mál og enn síður vegna þess, að höfuðröksemdir okkar í minni hl. n. hafa komið mjög greinilega fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, þar sem ég get undirstrikað flest eða allt, sem hann sagði um þetta.

Ég álít, að það sé rétt, að þetta frv. sé ekki á nokkurn hátt frambærilegt, og raunar var það viðurkennt af frsm. hv. meiri hl. fjhn., að svo væri, þar sem hann sagði, að það hefði engin athugun fengið að fara fram á því, hvaða fjárhagslegar afleiðingar þetta hefði fyrir hið opinbera, ríki eða bæjarfélög, og engar slíkar upplýsingar væru tiltækar í rn. Hins vegar sló hann því föstu út í loftið, að hér væri um mjög óverulega hluti að ræða, sem nánast þýddu ekkert fyrir ríkið, en hefðu samt verulega þýðingu fyrir fyrirtækin. Ég verð nú að segja það, að þetta hefði nú þótt, bæði áður fyrr og á síðari tímum, heldur léleg rök hjá okkur stjórnarandstæðingum, því að þess eru ófá dæmin, að til þess sé vitnað, að við álitum ríkissjóðinn einhverja hít, sem aldrei verði þurrausin og ekkert þurfi að koma í staðinn. Auðvitað gefur það alveg auga leið, að hvort sem um minni eða stærri upphæðir er að ræða, verður eitthvað að koma í staðinn. Og samkv. þeirri reynslu, sem við höfum af skattastefnu ríkisstj., þá getur ekki verið um annað að ræða en auknar álögur á almenning í útsvörum eða öðrum beinum gjöldum, eða þá að áfram er haldið á söluskattsbrautinni, svo varhugaverð sem hún er að mörgu leyti.

Það er sagt, að þetta frv. sé einn liður í því að bæta samkeppnisaðstöðu fyrirtækja í sambandi við EFTA-aðild, og auðvitað er það nauðsynlegur og fallegur tilgangur út af fyrir sig, því að við vitum, að þann aðstöðumun, sem þar kann að vera á milli, verður að jafna. Við getum ekki búizt við því, að íslenzk fyrirtæki búi við verri almenn kjör í heild en þau fyrirtæki, sem við okkur keppa á samkeppnismörkuðum.

En þá álít ég líka, að nauðsyn beri til að athuga ýmsa aðra þætti þessa máls. Í fyrsta lagi yrðu þá að liggja fyrir alveg óyggjandi upplýsingar um það, hvernig skattakjör fyrirtækjanna eru í samkeppnislöndunum. Það liggur ekki fyrir, og ég man ekki betur en ég hafi heyrt upplýst núna alveg einhvern síðustu dagana, að engin slík athugun lægi fyrir, þannig að út frá þessu sjónarmiði einnig er um það að ræða, að till. til stórbreytinga á skattaálagningu fyrirtækja er algerlega út í bláinn. Það kann að vera misminni í mér, en einhvern veginn situr það fast í mér, að í bók prófessors Guðmundar Magnússonar sé það mjög dregið í efa, að skattar á fyrirtækjum á Íslandi séu hærri en í nágrannalöndum. Þetta kann að vera rangt, og þetta kann líka að vera misjafnt eftir löndum. Ég geri ráð fyrir því, en samt er talað um það, að um þetta atriði þurfi auðvitað, ef á að byggja á því sem aðaltilgangi frv. sem þessa eða annarra slíkra frv., að liggja fyrir alveg óyggjandi tölur, töflur og upplýsingar. Annars er ekki hægt að bera fram slík mál á þeim grundvelli.

Í þessu sambandi er auðvitað um margt fleira að ræða. Það er t. d. launakostnaðurinn, sem er hærri í öllum samkeppnislöndum okkar í EFTA en á Íslandi, nema ef vera skyldi Portúgal og Austurríki. Í öðrum löndum er launakostnaðurinn miklu hærri. Á þessu hefur ekki farið fram ítarleg athugun, svo að ég viti, en ég teldi alveg nauðsynlegt, að í sambandi við skattamálin og yfirleitt alla þessa samkeppni á milli EFTA-landanna og okkar í þessum efnum lægi fyrir fleiri en eitt athugunarsvið, áður en farið er að grípa inn í og breyta einu þeirra. Raunverulega má telja margt fleira en launakostnaðinn, þó að ég nefni ekki fleira.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að það yrði nauðsynlegt að endurskoða fyrningarreglurnar, þó að engin EFTA-aðild hefði komið til, þó að það væri að vísu aðalástæðan. Það væri vegna gengisbreytingarinnar. Nú væri endurkaupsverð tækja og húsbúnaðar og annars slíks miklu hærra, og þess vegna þyrfti að leyfa meiri afskriftir. Þetta kann að vera rétt, svo langt sem það nær, en við skulum þá um leið muna eftir því, að hér hafa verið gengisfellingar eftir gengisfellingar, án þess að nokkru væri þar um breytt. Í annan stað verður maður svo að gera sér grein fyrir því, hvað gengisfelling er. Höfuðtilgangur gengisfellinga er að færa til fjármuni og eignir í þjóðfélaginu, og þær miklu sviptingar, sem verða í sambandi við þær, koma auðvitað ákaflega misjafnt niður, og ef allir eiga að heimta sinn fulla rétt, fullar bætur fyrir þá tilfærslu, sem gengisfellingin leiðir af sér, þá sjá náttúrlega allir, að hún væri með öllu tilgangslaus. Það er eins og hver annar hlutur, að þeir fjárhagsaðilar, sem þar koma til og talið er nauðsynlegt að sé látið blæða, beri sitt tjón, en komi ekki til annarra og segi: „Ég vil fá allt mitt aftur.“ Hvaða áhrif hefði þetta t. d. á kaupgjaldið, ef verkalýðshreyfingin væri alltaf reiðubúin til þess og hefði til þess afl að heimta til sín alltaf jafnhátt kaupgjald, þrátt fyrir það, að genginu væri breytt. Og gildir þá ekki hið sama líka um aðra?

Ég held þess vegna, að þessi breyting verði ekki afsökuð sérstaklega með gengisfellingunum, þó að ég viðurkenni það hins vegar, að auðvitað er endurnýjunarkostnaður meiri núna en hann var fyrir þær.

Þá sagði frsm. meiri hl., að einn tilgangurinn væri sá að safna fé í sjóði, og verð ég nú þá að segja, þegar til þeirrar fullyrðingar hans er litið, að þetta munaði engu fyrir hið opinbera, en þetta eigi samt að stórbæta samkeppnisaðstöðu okkar við EFTA, bæta fyrir gengisfellinguna og gera fyrirtækjunum kleift að safna í sjóði, að við þær gagnstæðu röksemdir hljóti að vera eitthvað meira en lítið bogið.

Hv. ræðumaður sagði, að árið 1969 hefði ekki verið neitt veltiár, og hann sagði einnig, að hér væri um sáralitla fjármuni að ræða. Ég held þvert á móti, að árið 1969 hafi verið fyrir fyrirtækin almennt í landinu eitthvert mesta veltiár, sem upp hefur runnið. Ég hef um það fulla vissu, að t. d. einstök fyrirtæki í fiskiðnaði og

þau ekki svo fá hafa skilað tugmilljóna gróða á þessu síðasta ári, sem varð þó þyngra fyrir launamenn en flest önnur. Það eru einmitt þau fyrirtæki, sem njóta núna alveg sérstaklega rúmra fyrningarreglna, sem ég tel alveg óraunhæfar. Hér þyrfti að breyta í öfuga átt við það, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, a. m. k. að einhverju leyti, og á ég sérstaklega við þau fyrirtæki í fiskiðnaði, flutningum á sjó og í lofti, þar sem fyrna má um 20%. Ég tel engan vafa á því, að einmitt þessar fyrningarreglur hafa átt sinn þátt, og hann ekki svo lítinn, í því að örva hér óraunhæfa og óhagkvæma fjárfestingu. Fyrirtækin hafa bókstaflega verið á spani við að kaupa nýjar eignir, þenja út eignir sínar, jafnvel algerlega að ástæðulausu, til þess að flýja undan sköttunum. Ég held, að miklu raunsærra væri að miða við raunverulegan endingartíma tækjanna, jafna þessu og dreifa fyrningunni á lengra og raunhæfara tímabil, en taka þá jafnframt, eins og oft hefur verið hér talað um sem stefnu hæstv. ríkisstj., *meira tillit til raunverulegs endurkaupsverðs*, þó að einnig í því efni telji ég, að fara verði með fullri gát, sérstaklega þegar um stórfyrirtæki er að ræða, sem hafa mjög mikinn endingartíma, eins og t. d. rafvirkjanir. Ég held, að ef farið væri eftir einhverjum venjulegum fyrningarreglum í þeim efnum og ætlazt til þess, að þau fyrirtæki söfnuðu sífellt í sjóði til þess að geta byggt upp ný orkuver t. d., þá værum við komnir út á hála braut, a. m. k. miðað við það fjármagn, sem þjóðin hefur yfir að ráða nú.

En þetta frv. er einfalt út af fyrir sig og ekki ástæða til þess að fara um það mörgum orðum. Það á að skera þvert yfir og leyfa 20—40% lækkun á öllum fyrningum, hvernig sem þær eru, hvort sem um er að ræða þau fyrirtæki, sem nú njóta algerra sérréttinda eins og sá atvinnurekstur, sem ég nefndi, eða önnur, sem áreiðanlega hefur verið mismunað og þyrfti sérstaklega að bæta, og á ég þar einkanlega við iðnaðinn. Ég hefði litið allt öðrum augum á þetta frv., ef það hefði eingöngu verið miðað við fyrningarreglur iðnaðarins, því að það er enginn vafi á því, að einmitt EFTA-aðildin krefst miklu meiri endurnýjunar, miklu meiri breytinga í vélakosti og búnaði í iðnaði en áður, og þar hefði verið sérstök ástæða til þess að gera ráðstafanir, jafnvel þótt ekki hefði verið unnt að framkvæma heildarendurskoðun. En það er ekki gert, heldur er forréttindaatvinnureksturinn látinn fá alveg nákvæmlega sömu lækkun.

Hv. frsm. minni hl. gerði svo hins vegar glögga grein fyrir því, hvernig þetta horfir við út frá sjónarmiði almennings, og ég vil bara segja, þó að maður fari nú ekki lengra út í þá sálma en hvaða sálræn áhrif það hefur á almenning, sem nú stendur í harðri launabaráttu, þegar það sýnir sig, að hæstv. ríkisstj. og Alþ. telja sérstakar ástæður til þess að hlynna að þeim fyrirtækjum í landinu, sem hafa haft mjög gott ár, eitt bezta veltiár síðari ára, en skattar og gjöld eru þyngd með næstum því hverri vikunni sem líður, á öllum almenningi. Slíkt hlýtur að hefna sín, og alveg tel ég óvíst, að þegar til þess er litið, verði nokkur hagnaður af þessu fyrir atvinnureksturinn í landinu.

Ég varð sannast að segja undrandi, þegar ég sá það og heyrði, að í hv. Nd. höfðu aðeins tveir þm., annar úr flokki Frjálslyndra og vinstri manna og hinn úr Alþb., greitt atkv. gegn þessu frv., sem sagt allir flokkarnir með tölu, svo að segja, greitt atkv. með því. Ég fagna því vissulega, að mér virðist, að hér sé annar bragur á í þessari d., og það teldi ég þó a. m. k. vera mannlegra, að einhverjir sýndu sig í stjórnarandstöðunni aðrir en þessir tveir Nd.-menn, sem vildu ekki una því óréttlæti, sem hér á að framkvæma.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki hefja hér almennar umr. um skattamál. Til þess vinnst enginn tími, þó að vissulega væri fróðlegt að ræða þau.

Ég vil aðeins segja það út af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði um einingu í Nd. um afstöðu til þessa máls, að þetta mál hefur ekki verið skoðað sem neitt flokksmál. Því hefur verið lýst yfir af öllum flokkum og meira að segja deilt á ríkisstj. fyrir það að hafa ekki nú þegar gert ráðstafanir um skattalagabreytingar til þess að jafna aðstöðu íslenzkra fyrirtækja miðað við fyrirtæki í öðrum EFTA-löndum. Og það voru ein af þeim rökum, sem færð voru fram af ýmsum stjórnarandstæðingum einmitt sérstaklega gegn EFTA-aðild, að það lægi ekki fyrir, hvernig ætti að hlúa að atvinnurekstrinum hér til þess að hann gæti staðið sig í samkeppninni. Og ég hygg, að þetta sé meginskýringin á því, að í hv. Nd. skiptust menn alls ekki eftir flokkum í afstöðu til þessa máls, sem er að sjálfsögðu mjög einfalt og langt frá því að vera það stórmál, sem hv. talsmenn minni hl. n. hér vilja halda fram miðað við skattamál fyrirtækja yfirleitt, sem er miklu umfangsmeira mál.

Þetta atriði er eingöngu tekið út úr því frv., sem liggur nú fyrir hv. Nd., vegna þess að þetta er eina atriðið, sem á að koma til framkvæmda við skattaálagningu í ár, en um fyrningar að öðru leyti hefur engin deila orðið, enda talið, að þær væru eitt af grundvallaratriðum, sem við *þyrftum að koma á*, þ. e. *að fyrnt væri sem næst endurkaupsvirði*, og meira að segja liggur í hv. Nd. frammi frv. um það frá hv. stjórnarandstæðingum, ég held hv. framsóknarmönnum eða einhverjum þeirra, að það skuli fyrna af endurkaupsverði, þannig að þetta frv. nær ekki einu sinni svo langt, og því er ekkert að undra, þó að ekki hafi orðið um þetta deila í Nd.

Ástæðan til þess, að þessar umr. fara fram hér í þessari hv. d., er vafalaust sú, sem skiljanlegt er, að fyrir skattamálunum í heild og hinu stærra frv., sem liggur fyrir í Nd., hefur ekki verið gerð grein í þessari hv. d. Ég gerði mjög ítarlega grein fyrir meginbreytingunum, sem í því frv. felast, og þeim meginviðfangsefnum, sem væri við að fást í skattamálum fyrirtækja, þegar 1. umr. var um það frv. Ég heyri það, að ýmislegt af því, sem hefur verið vikið að hér af hv. talsmönnum minni hl. fjhn., stafar beinlínis af því, að þeir hafa af eðlilegum ástæðum ekki heyrt þær skýringar, sem fram komu frá mér í sambandi við framsögu fyrir því máli.

Ég skal ekki eyða löngum tíma í að ræða þetta. Ég vil aðeins taka það fram út af því, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði, að engin athugun hefði farið fram á skattamálum á Norðurlöndum. Það er alls ekki rétt. Það hefur farið fram mjög ítarleg athugun á skattamálum fyrirtækja á Norðurlöndum. Hitt er annað mál, að niðurstaðan hefur orðið sú, að það sé mjög erfitt að gera nákvæman samanburð, og það byggist á því, að það eru

ýmsar aðrar aðstæður þar, sem þarf að taka til greina. Skattaálagningu er hagað þar með allt öðrum hætti. T. d. er einn skattur hér á Íslandi, sem þekkist ekki í þessum löndum, og það er svokallað aðstöðugjald, sem er mjög þungbær skattur, og í rauninni er efnislega fráleit skattlagning á fyrirtækjum að taka ekki tillit til efnahags þeirra. En það hefur vissulega verið gerð mikil athugun á skattamálum bæði á Norðurlöndum og í Bretlandi, og þær till., sem n. var falið að gera, sem nú liggja fyrir hv. Nd., eru árangurinn af þeim samanburði.

Hv. þm. vék einnig að því, að það ætti að taka til greina, að launakostnaður væri hærri þar en hér. Ég veit nú satt að segja ekki, hvort rétt sé að gera það vegna þess, að mér skilst nú, að stefnan hljóti að vera sú hjá launasamtökunum, að það verði einmitt stefna þeirra, að launagreiðslur geti færzt í svipað horf eins og þar, og því væri kannske hæpið að miða þá ekki skattlagningu félaga við það, að þeim yrði a. m. k. auðveldara að standa undir slíkum launagreiðslum, ef til kæmi. (**BJ:** Hliðsjón af hvoru tveggja.) Ég veit ekki, hvort á að slá því föstu og hvort hv. þm. telur það æskilegt, að þau séu skattlögð á þann hátt, að það sé ljóst, að það sé ekki hægt að fá þau til þess að greiða þau laun. Ég held, að það sé ákaflega hæpin stefna.

Varðandi það, sem báðir hv. þm. töluðu um, að væri einkennilegt, að við vissum ekki um upphæðir í þessu sambandi, þá veit ég, að þeir eru nú báðir svo glöggir menn, að þeir gera sér fulla grein fyrir því, að það er gersamlega ómögulegt að vita um þessar upphæðir, vegna þess að það veltur allt á því, hver hafi verið afkoma fyrirtækjanna á árinu 1969, að hve miklu leyti þau geta notað fyrningarreglurnar. Það verður ekki hægt að sjá, fyrr en búið verður að fara í gegnum framtöl fyrirtækjanna núna fyrir yfirstandandi ár. Þá auðvitað liggur það fyrir. Fyrr verða það algerar getgátur. Vonandi hefur afkoma fyrirtækjanna verið svo góð, að þetta geti komið þeim til góða, og hafi þau skilað svo miklum hagnaði, sem ég líka vona, að sé rétt, þá ætti þetta ekki að vera stór hætta fyrir ríkissjóð, því að þá ættu fyrirtækin að borga hærri tekjuskatta en gert hefur verið ráð fyrir í áætlun fjárl.

Varðandi það atriði, sem eru einu rökin fyrir því að vísa þessu frv. til ríkisstj. aftur, að óljóst sé með öllu, að hve miklu leyti sé hér átt við íbúðarhúsnæði, þá byggist sú kenning á töluvert veigamiklum misskilningi að því leyti, að ekki er ætlunin að raska í neinu þeim reglum, sem gilda nú um þau atriði, hvernig litið er á íbúðarhúsnæði og annað húsnæði, þannig að það er fyrnt með mismunandi hætti nú, og af því leiðir, að það verður ekkert vandamál. Það verður fylgt nákvæmlega sömu reglum um viðhorf í þeim efnum og gert hefur verið til þessa, þannig að sé það óljóst í þessu frv., þá hefur það einnig verið óljóst í þeim reglum, sem fylgt hefur verið undanfarin ár, en þeim reglum er ekki ætlunin að breyta.

Að þetta mál út af fyrir sig hafi einhver áhrif á launastéttirnar, get ég nú ekki með nokkru móti séð, né að það geti haft áhrif á kröfur þeirra. Ég held, að það sé mjög ljós skilningur á því, að nauðsynlegt sé að búa sem bezt í haginn fyrir atvinnureksturinn og ekki sízt með hliðsjón af aðild fyrirtækjanna að EFTA, eins og komið hefur fram frá öllum aðilum og ég gat um í upphafi máls míns. Vitanlega er góð afkoma fyrirtækjanna grundvöllur þess, að þau geti staðið undir þeim launakröfum, sem til þeirra eru gerðar, án þess að þurfa að tefla afkomu sinni í hættu, þannig að þegar upp er staðið, hvort sem er hlynnt að fyrirtækjum eða ekki, þá efast ég um, að það sé hægt að telja það til nokkurra árása á almenning, því að slíkt getur þá auðveldað fyrirtækjunum að starfa með þeim hætti, að þau geti tekið á sig meiri kvaðir.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að orðlengja frekar um þetta mál. Þetta er einfalt í sniðum í sjálfu sér, en ég tel það mikilvægt, eins og hv. Nd. féllst á nær einróma, eins og hér var upplýst, að þetta einstaka atriði úr skattalagafrv. verði lögfest. Ég gerði mér aldrei von um það, að skattalagafrv. í heild, eins og það liggur nú fyrir hv. Nd., mundi verða afgreitt, enda er þar um mikinn bálk að ræða, sem er eðlilegt, að menn skoði til haustsins, en það mun þá verða lagt fyrir þingið á ný.

Bjarni Guðbjörnsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. þetta með fyrirvara og vildi með örfáum orðum gera grein fyrir þeirri afstöðu minni.

Framsfl. hefur á þessu þingi borið fram till. um lagfæringar á sköttum fyrirtækja. Með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er nokkuð gengið í þá átt, og því er ég fylgjandi.

Í hv. Nd. báru framsóknarmenn fram brtt. í þá átt að hækka persónufrádrátt frá því, sem nú er í lögum. Þær till. voru felldar, og er því sýnt, að breyt. á þeim l. um hækkun persónufrádráttar nái ekki fram að ganga á þessu þingi. Persónufrádráttur hefur ekki hækkað á undanförnum árum í hlutfalli við aukinn framfærslukostnað, og er því orðin brýn nauðsyn á, að hér verði breyting á. En með því að þetta frv. gerir ráð fyrir nokkurri lagfæringu, hvað snertir fyrirtækin og skattlagningu þeirra, og þeirrar lagfæringar er þörf og ég er henni fylgjandi, hef ég skrifað undir þetta nál., þar sem lagt er til, að frv. verði samþ., enda þótt ég hefði talið, að samhliða þyrfti að ganga til móts við hinn almenna skattgreiðanda og hækka persónufrádráttinn.

ATKVGR.

Brtt. 781 felld með 16:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BJ, KTh, GilsG, KGuðj.

nei: BGuðbj, BFB, SEG, JónÁ, JÁH, JÞ, MJ, ÓB, ÓlJ, PÞ, StG, SvG, AuA, OA, ÁB, JR.

1. gr. samþ. með 16:4 atkv.

2.–3. gr. samþ. með 16:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:2 atkv.

Á 88. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 828).

42. Veiting ríkisborgararéttar.

Á 25. fundi í Ed., 12. des., var útbýtt:
Frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar [127. mál] (stjfrv., A. 175).

Á 26. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta til l. um veitingu ríkisborgararéttar er venju fremur seint fram borið nú á þinginu, sem hægt er að rekja til þess, að í upphafi þings voru sárafáar umsóknir um ríkisborgararétt í rn. og eru það reyndar enn miðað við það, sem oft hefur áður verið.

Hér liggur fyrir beiðni 13 aðila um veitingu ríkisborgararéttar, og að málinu hefur verið unnið samkv. venju, teknir aðeins inn á frv. þeir, sem uppfylla þau skilyrði, sem allshn. þingsins hafa unnið eftir, samkv. venju margra undangenginna ára um ákveðna búsetu í landinu og ýmis fleiri skilyrði, sem ég skal ekki fara út í og hv. þm. eru kunn.

Ég vildi leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 175, n. 562, 563).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Samkv. þessu frv. skulu 13 þar til greindir einstaklingar öðlast ríkisborgararétt. Frv. þessu var að lokinni 1. umr. hér í hv. d. vísað til allshn., og þar var þetta frv. athugað með hefðbundnum hætti, þannig að starfað var með fulltrúum úr allshn. Nd. að því að athuga frv. Það var farið yfir allar umsóknir þessara 13 einstaklinga og þau gögn, sem þeim fylgdu, og þar var ekki út á neitt að setja. Þessir menn, sem greindir eru í frv., fullnægja öllum þeim reglum, sem farið hefur verið eftir um langa hríð um veitingu ríkisborgararéttar og sem öllum hv. dm. eru sjálfsagt vel kunnar frá fyrri árum.

En meðan þetta frv. hvíldi í n., komu fram margar nýjar umsóknir, og þær voru einnig athugaðar og af þeim nýju umsóknum voru af n. hálfu 12 teknar góðar og gildar, og flytur n. því í samræmi við það brtt. við þetta frv. um, að það komi þar 12 til viðbótar þeim 13, sem frv. greinir. Nokkrar umsóknanna voru ófullnægjandi, ýmist þannig að viðkomandi einstaklingar fullnægðu ekki þeim reglum, sem farið er eftir, ekki a. m. k. enn þá, eða þá að þeim fylgdu ekki nægjanleg gögn. En umsóknir þessara 12 voru metnar fullgildar, og eru þær teknar hér upp í þessa brtt. En eftir að þetta frv. var afgr. úr n., hafa nú borizt enn nokkrar umsóknir til viðbótar, og það getur verið einnig, að það þurfi að athuga betur fáeinar af þeim umsóknum, sem ekki voru teknar til greina, en ég hygg, að bezt verði staðið að því héðan af, þannig að það verði gert þegar frv. fer til Nd. En það var sem sagt shlj. álit allshn., eins og fram kemur í nál. á þskj. 562, að mæla með því, að þetta frv. verði samþ. með þeirri brtt., sem n. flytur á þskj. 563.

ATKVGR.
Brtt. 563 samþ. með 14 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 599).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 77. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 78. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 89. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 599, n. 741, 751).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Sami háttur hefur verið hafður á um afgreiðslu frv. og verið hefur á undanförnum árum. Til þess að flýta fyrir afgreiðslu málsins hafa undirnefndir starfað úr allshn. beggja deilda til þess að athuga frv. og þær umsóknir, sem hafa komið síðan frv. var lagt fram. Reglur þær, sem allshn. beggja deilda settu í nál. frá 17. maí 1955 og síðan hafa verið gerðar nokkru fyllri, hefur n. einnig haft til hliðsjónar við athuganir sínar, og eru þessar reglur birtar á þskj. 741.

Eins og frv. kom frá Ed., eru 25, sem öðlast ríkisborgararétt samkv. 1. gr. frv., en eftir að Ed. afgreiddi málið, hafa komið nokkrar umsóknir, sem hafa verið teknar til afgreiðslu í allshn. Nd., og n. varð sammála um að leggja til, að 11 nýjar umsóknir yrðu teknar inn í frv., og eru þá samkv. frv., eins og það var afgr. frá Ed., og þeim brtt., sem hér liggja fyrir frá allshn., 36 manns, sem lagt er til, að fái ríkisborgararétt.

Það er rétt að geta þess, að meðal þessara umsækjenda er fólk, sem er frá 12 þjóðum. Þar eru flestir fæddir í Þýzkalandi eða 10, Færeyjum 6, fæddir á Íslandi 5, en hafa misst sinn rétt, í Bandaríkjunum 4 og Danmörku 4 og svo er einn frá eftirtöldum löndum: Spánn, Finnland, Grikkland, Svíþjóð, Noregur, Pólland og Austurríki.

Í sambandi við 2. gr. frv. flytur allshn. ekki brtt. við hana, en fram hefur komið hér áður við afgreiðslu frv. um ríkisborgararétt áhugi einstakra þm. fyrir að breyta 2. gr. frv., sem er þess efnis, að þeir, sem heita erlendum

nöfnum, skulu þó ekki öðlast ríkisborgararétt með l. þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkv. l. um mannanöfn.

Nú var skipuð n. af hæstv. menntmrh., sem ég held, að heiti mannanafnanefnd, og þar sem ég er nú einn af þeim þm., sem hef haft áhuga fyrir því að flytja brtt. við frv. um veitingu ríkisborgararéttar, en geri það nú ekki að þessu sinni og þá sérstaklega og eingöngu vegna þess, hvað afgreiðsla málsins er seint á ferðinni, þá langar mig að gera þá fsp. til hæstv. menntmrh., hvort þessi n. hafi lokið störfum sínum, og ef svo er ekki, hvenær þá megi búast við, að hún muni ljúka störfum.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri, en tek það fram, að allshn. mælir einróma með frv. með þeim breyt., sem hún flytur á sérstöku þskj.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér þykir mjög leiðinlegt að þurfa að skýra hinu háa Alþ. frá því, að n. sú, sem á sínum tíma var skipuð til þess að endurskoða gildandi lög um mannanöfn, hefur ekki enn lokið störfum. Ég hef á undangengnum vetri enn gengið eftir því, að hún lyki störfum, en það hefur ekki tekizt enn. Ég hygg, að skýringin sé sú, að einn þeirra nm., sem einna sérfróðastur er um þau mál, sem hér er um að ræða, prófessor Ármann Snævarr, hefur verið erlendis í orlofi frá störfum í vetur, og hygg ég þetta vera meginskýringuna á því, að n. hefur í vetur ekki lokið störfum, eins og hún hafði þó gefið mér ákveðin fyrirheit um á s. l. sumri. Ég mun enn gera mitt til þess, að niðurstaða n. liggi sem fyrst fyrir.

Ég er eins og hv. frsm. í hópi þeirra þm., sem hef mikinn áhuga á því, að ný ákvæði verði sett um íslenzk mannanöfn. Ég veit að vísu ekki, hverjar verða till. n. Þær munu að sjálfsögðu verða kynntar Alþ. Hitt get ég hins vegar ekki fullyrt, að það sé endilega víst, að þær till. verði till. ríkisstj. á sínum tíma. En ég mun sjá svo um, að Alþ. eigi kost á því að kynnast niðurstöðum n., hvernig sem svo það frv. kann að verða, sem lagt verður fyrir á grundvelli till. hennar.

ATKVGR.
Brtt. 751 samþ. með 26 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 90. og 91. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 92. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 789).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 87. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 88. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. – Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar var samþ. hér í þessari hv. d. fyrir ekki mjög löngu, en frv. var flutt hér í þessari d. Síðan fór það til Nd. og er nú komið aftur, þar sem allmörgum nöfnum hefur verið bætt við.

Ég vil aðeins til skýringa, sem formaður allshn., sem fjallaði um þetta frv. benda á það, að eftir að málið var afgreitt hér í Ed., komu fram ærið margar umsóknir um ríkisborgararétt, sem Nd. hefur tekið til greina, og í öðru lagi voru nokkrar umsóknir um ríkisborgararétt, sem ekki voru teknar til greina hér í Nd., þegar málið var fyrst til meðferðar, vegna þess að það vantaði fullnægjandi skilríki, sem í sumum tilfellum hefur verið bætt úr, þannig að þessi viðbót við frv., þessi fjölgun nafna, er alls kostar eðlileg, að því er ég hygg.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 829).

---

43. Sameining sveitarfélaga.

Á 1. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um sameiningu sveitarfélaga [7. mál] (stjfrv., A. 7).

Á 4. fundi í Ed., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem liggur nú fyrir, er samið af n., svo sem kunnugt er, sem skipuð var með bréfi rn. 27. maí 1966. N. þessi var á sínum tíma skipuð samkv. ósk Sambands ísl. sveitarfélaga, sem á undanförnum árum hefur fjallað um nýja skipun sveitarfélaga í landinu. Í n. áttu sæti níu menn, þrír tilnefndir af sambandinu sjálfu, fjórir af þingflokkunum, einn frá hverjum, einn tilnefndur af Dómarafélagi Íslands og einn án tilnefningar, og var sá skipaður formaður n.

Hlutverk n. var að endurskoða skiptingu landsins í sveitarfélög með það fyrir augum að sameina sveitarfélögin, einhver hin smærri þeirra, og stækka þau þannig. Jafnframt skyldi n. athuga, hvort ekki væri rétt að breyta sýsluskipuninni með það fyrir augum að taka upp stærri lögbundin sambönd sveitarfélaga en sýslufélögin eru nú. N. skyldi skila till. sínum í frv.-formi eigi síðar en á árinu 1968. Verkefni n. var því tvíþætt. Um þetta atriði segir svo í grg. hennar:

„Annars vegar er um að ræða sameiningu sveitarfélaga, en hins vegar breytta sýsluskipan. Störf n. hafa einkum lotið að hinu fyrrnefnda. N. er þeirrar skoðunar, að breytingar á sýsluskiptingunni velti að miklu leyti á því, hver árangur geti náðst við stækkun sveitarfélaganna. Til þess að unnt verði að koma á stærri yfirumdæmum en sýslurnar eru, virðist augljóst, að þau verði að taka til hreppa og kaupstaða. Þó að hreppar og kaupstaðir hafi sameiginlega heitið „sveitarfélög“, er verulegur munur á valdsviði hreppa og kaupstaða. Stór sjálfstjórnarumdæmi, t. d. eins og núverandi kjördæmi,

í stað sýslna, ná bæði yfir hreppa og kaupstaði. Stjórn slíkra stórra umdæma yrði kosin af sveitarfélögum í umdæminu, t. d. með svipuðum hætti og sýslun. eru nú kosnar. Að vísu mætti hugsa sér misjafna fulltrúatölu eftir fólksfjölda sveitarfélaganna. Því aðeins getur skapazt alveg sameiginlegur vettvangur til úrlausnar málefna í stjórnum stórra umdæma (fylkja), að valdsvið sveitarfélaganna, sem að fylkinu standa, sé eins hjá öllum, m. ö. o. valdsvið hreppa og kaupstaða verður að vera hið sama. Þetta virðist hins vegar ekki geta orðið, nema gjörð hafi verið róttæk breyting á skiptingu landsins í sveitarfélög, þannig að hreppunum verði fækkað mjög og þeir stækkaðir með sameiningu fleiri hreppa í einn hrepp. Þá ætti að vera fært að auka valdsvið hreppanna til jafns við valdsvið kaupstaða. Meðan tilraun til þess að koma á sameiningu sveitarfélaga með frjálsu samkomulagi á milli fulltrúa sveitarfélaga bera ekki árangur, þykir n. ekki tímabært að gera till. um breytta sýsluskipun."

Samkv. þessu gerir frv. ekki ráð fyrir breyttri sýsluskipan eða myndun fylkja með sameiningu sýslna. Þær röksemdir, sem mæla með sameiningu sveitarfélaganna í því skyni að efla þau, svo að þau geti betur þjónað þörfum þegna sinna, eiga að miklu leyti einnig við um sýslufélögin. Þau eru lögbundin samþönd sveitarfélaganna hvert í sinni sýslu, og af eðlilegum ástæðum eru þau fjárhagslega veik, þar eð tekjur þeirra eru aðeins framlög sveitarfélaganna, sem mörg eru vanmegnug vegna fátæktar og fólksfæðar. Framlög sveitarfélaganna, sýslusjóðsgjöldin, gefa því sýslunum mjög takmarkaða getu til þess að láta að sér kveða í velferðarmálum sýslubúa.

Sumir telja, að hagkvæmasta lausn þessara mála sé fólgin í því að sameina öll sveitarfélög í hverri sýslu í eitt sveitarfélag og gera sýslufélagið þannig að sveitarfélagi. Hlutverk þessarar nýju stofnunar yrði þá summan af hlutverki sveitarfélaganna og sýslufélaga. Að sumu leyti yrði sameining sveitarfélaga e. t. v. auðveldari á þennan veg en sameining með öðrum hætti. Þó virðist vera sá galli á þessari skipun, að hvert sveitarfélag heyrði þá milliliðalaust undir yfirstjórn rn., í stað þess að sýslunefndir fara nú með yfirstjórn hreppsmálanna samkv. því, sem nánar er lýst í IV. kafla sveitarstjórnarlaga.

Athugandi er, hvort ekki sé ráðlegt að styrkja þessa yfirstjórn með því að sameina fleiri sýslu- og bæjarfélög og miða þá markið t. d. við núverandi kjördæmi í landinu. Lögbundið samband sveitarfélaga á þessum grundvelli ætti að geta eflt þessa stofnun mjög, svo að hún gæti gegnt áhrifameira hlutverki en sýslufélögin gera nú.

Hvað sem annars má segja um slíkar aths., virðist augljóst, að úrlausn þessa máls veltur að mestu eða öllu leyti á því, hvernig úr kann að rætast þeim tilraunum, sem nú eru á döfinni við að stækka sjálf sveitarfélögin. Augljósar ástæður mæla með breyttri skipan sveitarfélaga í samræmi við breytta þjóðlífshætti. Skal hér lauslega vikið að nokkrum þessara ástæðna.

Stór sveitarfélög eru tvímælalaust sterkari til sóknar og varnar í velferðarmálum þegna sinna en smá sveitarfélög. Þetta gildir bæði gagnvart ríkisvaldinu og öðrum aðilum. Sumir álíta, að ríkisvaldið hafi færzt um of á hendur fárra aðila og nauðsynlegt sé að stefna að nokkurri dreifingu þess á hendur aðila úti um landsbyggðina. Sterkari og stærri sveitarfélög eru grundvallarskilyrði fyrir því, að sú þróun geti orðið.

Sannleikurinn er sá, að hinn mikli samdráttur ríkisvaldsins til höfuðborgarinnar, sem orðið hefur á undanförnum áratugum, á ekki hvað sízt rætur sínar að rekja til fámennra stjórnarfarseininga úti um landsbyggðina, sem hreinlega hafa ekki verið þess megnugar að rækja þau verkefni, sem annars verða bezt af hendi leyst eðli málsins samkvæmt heima í héraði. Þá hefur ríkisvaldið tekið málin í sínar hendur. Þannig hafa æ fleiri verkefni verið unnin í Reykjavík, sem betur væru af hendi leyst af fólkinu sjálfu í héruðunum, ef samtök þess hefðu verið nægilega öflug til þess að sinna störfunum.

Nú hugleiða menn gleggri skiptingu á verkefnum ríkis og sveitarfélaga. Að baki liggur sú hugsun, að óheppilegt sé að skilja að framkvæmdir og greiðsluskyldu. Eins og kunnugt er, skiptist kostnaður vegna ýmissa opinberra framkvæmda á milli ríkisins og sveitarfélaga. Er þá dregið í efa, að framkvæmdaaðili leggi einatt næga áherzlu á hagkvæmni, þar eð annar aðili greiðir brúsann að meira eða minna leyti. Hvað sem annars má segja um þetta, stendur það óhaggað, að sjálfs er höndin hollust í þessum efnum sem öðrum. Hin mörgu sveitarfélög hér á landi eru mjög sundurleitur hópur. Íbúatalan er frá 10–20 og um og yfir 80 000 íbúa eins og í Reykjavík. Geta og hæfni þessara stjórnarfarslegu eininga til meðferðar hinna ýmsu verkefna er því vissulega mjög misjöfn. Flokkun sveitarfélaga eftir getu og hæfni þeirra og úthlutun verkefna í samræmi við slíka flokkun skapa glundroða í stjórnarfarslöggjöfinni, sem sízt væri til bóta. Nær liggur þá það að efla sveitarfélögin, sem veikust eru, með sameiningu og freista þess þannig að koma á fót sveitarfélögum, sem ekki yrðu eins sundurleit og þau, sem eru nú. Möguleikarnir á því að skipta verkefnum milli ríkisins og sveitarfélaga væru þá meiri, ef unnt væri að skapa öflug sveitarfélög í landinu yfirleitt. Fjölmenn sveitarfélög geta hagnýtt sér margvíslegar vélar á skrifstofum sínum og m. a. komið á vélabókhaldi. Allt miðar þetta að betri vinnu og meira öryggi á þeim sviðum. Þá ætti og fremur að mega vænta, að reikningsskil gætu orðið innan þess frests, sem lög setja, en þar skortir nú mikið á í mörgum sveitarfélögum.

Hreppaskipting sú, sem nú er í landinu, á rót sína að rekja til fyrri tíma samgönguhátta. Nú er öldin önnur í þeim efnum. Segja má, að vegur liggi næstum heim að hverju byggðu bóli, og flest heimili hafa yfir að ráða samgöngutækjum nútímans. Þá er það ekki síður mikilvægt, að sími er kominn á hvert heimili. Allt greiðir þetta fyrir öllum samskiptum manna á meðal. Allar fjarlægðir hafa stytzt, ef svo mætti segja. Þessi nýju viðhorf auðvelda mjög stækkun sveitarfélaganna. Ýmislegt fleira mætti nefna, sem mælir með sameiningu sveitarfélaganna, en ég mun láta hér staðar numið nú.

Samkv. því, sem ég hef nú sagt, getur það naumast orkað tvímælis, að brýna nauðsyn ber til þess að gera gagngerða breytingu á skipun sveitarfélaganna hið allra fyrsta. Mörg rök virðast hníga í þá átt, að þörf sé mjög róttækra breytinga.

Umrædd n., sem frv. þetta samdi, skipti landinu í 66 athugunarsvæði. Skipting þessi var gerð í samráði við sýslumenn og sveitarstjórnarmenn. Af þessum 66 athugunarsvæðum eru 17, sem eru óbreytt sveitarfélög frá því, sem nú er, og ekki er líklegt, að verði aðilar að sameiningu. Af þeim 49 athugunarsvæðum, sem þá eru eftir til athugunar, hefur verið samþ. á formlegum fundum með sveitarstjórnum að athuga um sameiningu á 34 athugunarsvæðum, sem taka til samtals 157 sveitarfélaga. Þótt ekki hafi enn verið haldnir formlegir fundir með sveitarstjórnum á þeim 15 svæðum, sem þá eru eftir, með samtals 51 sveitarfélagi, hafa till. um myndun þeirra verið gerðar í nánu samráði við hlutaðeigandi oddvita. Í aths. sameiningarnefndarinnar um þessi 66 athugunarsvæði segir svo orðrétt:

„Ef skipan þessi hlyti samþykki, myndi sveitarfélögum á landinu fækka úr 227, sem þau eru nú, í 66. N. telur, að þróun í þessa átt væri til mikilla bóta. Lögfesting slíkrar skiptingar er viðkvæmt stjórnmál, sem ríkisstj. og Alþ. verða að meta, hvort rétt sé að framkvæma. N. telur því ekki rétt að leggja til, að slík lögfesting fari fram."

Þó að lítill árangur sé enn sýnilegur af tilraunum n. til þess að koma á sameiningu með frjálsu samkomulagi, telur n. þó enn ekki fullreynt um, að árangur kunni að nást með þeim hætti. Litlar líkur eru þó til þess, nema málinu sé fylgt eftir með festu af hálfu ríkisstj. og Sambands ísl. sveitarfélaga. Nánar um störf sameiningarnefndar sveitarfélaga vísast til skýrslu n., sem hér var lögð fram á hv. Alþ. á öndverðu ári 1967, og framhaldsskýrslu, sem útbýtt var fyrir lok síðasta Alþingis.

Að lokum skal hér vikið að efni frv. þess, sem hér liggur fyrir. Í 1. gr. frv. segir, að félmrn. skuli í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga stuðla að eflingu sveitarfélaganna með því að koma á sameiningu tveggja eða fleiri sveitarfélaga í eitt sveitarfélag samkv. því, sem fyrir er mælt í lögum þessum. Í frv. er gert ráð fyrir erindreka, sem á að annast framkvæmd laganna undir umsjón rn., og í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga og hlutaðeigandi sveitarstjórnir. Hlutverk erindreka skal m. a. vera að eiga frumkvæði að því, að athuguð verði skilyrði fyrir sameiningu einstakra sveitarfélaga um allt land, og afla upplýsinga eftir föngum um margt það, sem máli skiptir í sambandi við sameiningu sveitarfélaga.

Það er höfuðreglan samkv. þessu frv., að sameining sveitarfélaga getur ekki náð fram að ganga, nema hlutaðeigandi sveitarstjórnir séu samþykkar sameiningunni. Undantekning frá þessari aðalreglu er í 13. gr. frv., en þar er gert ráð fyrir heimild handa ráðh. til að sameina hrepp nágrannasveitarfélagi samkv. till. erindreka, án þess að fyrir liggi samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórna og sýslunefndar, ef íbúatala hreppsins hefur s. l. þrjú ár verið lægri en 50.

Í frv. eru ýmis ákvæði, sem greiða fyrir því, að sameining geti náð fram að ganga, ef vilji er á annað borð fyrir hendi hjá sveitarstjórnum. Þannig er t. d. gert ráð fyrir því, að jöfnunarsjóður veiti fjárhagslega aðstoð til þess að greiða fyrir sameiningu hreppa umfram þá aðstoð vegna skuldabyrði, sem heimiluð er í 2. mgr. 5. gr. l. nr. 51 frá 1964, þegar sveitarfélög, sem hlut eiga að máli, eiga við óvenjulega erfiðleika að stríða vegna framfærsluþunga eða annarra hliðstæðra verkefna.

Í 12. gr. frv. eru ákvæði, sem eiga að greiða fyrir sameiningu dreifbýlishrepps við þéttbýlissveitarfélag. Ákvæðin hljóða svo:

„Þegar hreppar, sem eru í dreifbýli, verða sameinaðir kaupstað eða kauptúni, er sveitarstjórn hinna sameinuðu sveitarfélaga heimilt að ákveða um tiltekinn tíma, þó ekki lengur en 10 ár frá sameiningu: 1. að innheimta skuli fasteignaskatt, sbr. 5. gr. l. nr. 51 1964 með allt að 400% álagi. Ákvæði þetta gildir þó ekki um bújarðir með tilheyrandi jarðarhúsum. 2. að útsvör, sem lögð eru á gjaldendur, sem eiga lögheimili á bújörðum og hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaðarstörfum þar, verði lægri en annarra gjaldenda, þannig að frávik frá útsvarsstiga verði hagstæðara fyrir þá."

Með frv. þessu er stefnt að því, að athugun á sameiningu fari fram um land allt. Athugun þessi verði framkvæmd af fulltrúum sveitarstjórna þeirra, sem hlut eiga að máli, í samráði við erindreka. Þess má vænta, að athugun þessi fari fram á athugunarsvæðum áþekkum þeim 66, sem n. gerir ráð fyrir og áður er lýst.

Samkv. ákvæði til bráðabirgða í frv. skulu samstarfsnefndir þær, sem starfandi eru, starfa áfram eftir gildistöku laga þessara, þar til þær hafa lokið störfum eða hlutaðeigandi sveitarstjórnir hafa kosið nýjar samstarfsnefndir. Eins og áður segir, hefur verið formlega samþ. að athuga um sameiningu á 34 athugunarsvæðum, sem taka til 157 sveitarfélaga og kjósa samstarfsnefndir til þess að framkvæma þá athugun.

Ég tel mig nú hafa vikið að aðdraganda að samningu þessa frv. og gert aths. við einstakar greinar þess og tel ekki þörf á að hafa um frv. lengra mál. Öllum er ljóst, að þarna er lagt inn á samkomulagsbraut, reynt að ryðja braut til samkomulags um sameiningu og stækkun sveitarfélaga, en ekki verið að lögbjóða eða þvinga, a. m. k. ekki á þessu stigi málsins. Allir þeir, sem gerst til þekkja, telja eðlilegt, að þessi frjálsa samningsleið sé fullreynd, áður en til slíkra ráða verður gripið.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Hæstv. félmrh. hefur gert grein fyrir frv. um sameiningu sveitarfélaga. Í sambandi við þetta frv. hljóta margar spurningar frá sveitarfélögunum að koma fram, þegar þessi mál eru rædd. Hæstv. ráðh. kom inn á nokkur þeirra, en þó engan veginn þannig, að þar kæmu öll aðalatriði fram. Í mörgum tilfellum, hygg ég, að umtalið um sameiningu sveitarfélaga sé fremur sprottið af fjárhagsgetu sveitarfélaganna, hvernig aðstaða þeirra er og hvernig íbúatalan er og fjárhagurinn til félagslegra framkvæmda, heldur en hitt, að það sé nauðsyn af einhverjum öðrum ástæðum, þótt ég viðurkenni, að það er nauðsynlegt fyrir sveitarfélögin að vera vel á verði og vera öflug, ekki síst gagnvart ríkisvaldinu.

Á síðasta Alþ. var útbýtt skýrslu, sem er samin af þeirri n., sem hæstv. ráðh. gat um, og í þeirri skýrslu eru ákaflega margar upplýsingar um, hvernig ástandið er hjá sveitarfélögum, bæði hvað snertir framkvæmdir og getu þeirra til fjáröflunar. Ég segi ekki, að það sé algild regla, en það er ákaflega víða í þessari skýrslu, að það

kemur fram, að fámennustu sveitarfélögin veita mestan afslátt frá gildandi útsvarsstiga. Það er algengt, að þessi fámennu sveitarfélög hafi tiltölulega lægstu útsvörin. Að sameina sveitarfélög eftir fjárhagslegum ástæðum er erfitt, því að ég held, að í þessu sambandi, þegar um sameiningu er að ræða, þá verði það svo til eingöngu þau landfræðilegu viðhorf, sem ráði meiru og miklu meiru en sameining með batnandi fjárhag fyrir augum.

Ég tel t. d., að þótt Skógarstrandarhreppur á Snæfellsnesi sé illa stæður og þurfi að nota alla tekjumöguleika til sveitarinnar til hins ýtrasta og bæta 20% ofan á tekjuútsvarsstigann, þá sé útilokað að sameina þann hrepp þeim hrepp á landinu, sem veitir mestan afslátt frá útsvörum, eða um 70%, af landfræðilegum ástæðum, og þannig er þetta víða.

Þess vegna þarf, um leið og þessi málefni eru athuguð, fyrst og fremst að gera sér grein fyrir fjáröflun sveitarfélaga, tekjumöguleikum þeirra í framtíðinni. Það voru einmitt þau mál, sem ég vildi lítils háttar koma inn á, því að ég veit, að það verður mikið um þau spurt, þegar farið verður að ræða þessi mál heima í hreppunum. Þeim hefur farið fjölgandi hin síðari ár þeim sveitarfélögum, sem eru mjög illa sett til að afla fjár til lögbundinna útgjalda, hvað þá að maður geti rætt um miklar framkvæmdir á þeirra vegum. Því er það höfuðatriði þessa máls, að fyrir liggi, um leið og þau eru rædd, einhverjir nýir tekjumöguleikar fyrir sveitarfélögin eða þá hitt, að sveitarfélögin geti losnað við einhver af þeim útgjöldum, sem þau eru skyldug til að inna af hendi nú. Það er þetta tvennt, sem þarf að liggja fyrir og ræðast samhliða því, sem verið er að ræða um sameiningu sveitarfélaga og ríkisvaldið.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að sveitarfélögin þurfa að vera svo öflug, að þau hafi eitthvað að segja gagnvart ríkisvaldinu, því að þróunin hefur verið sú, ekki hvað sízt hin síðari ár, að ríkisvaldið hefur komið verkefnum frá sér yfir á sveitarfélögin, og er skemmst að minnast þess, að á s. l. vori voru teknir 430 km, sem voru í þjóðvegatölu, og settir yfir á sýslufélögin og þar með sveitarfélögin. Það var ekki heldur látið þar við sitja, heldur voru vegir heim að öllum skólum, félagsheimilum og kirkjum líka settir yfir á sýslu- og sveitarfélögin, án þess þó að tekjuaðstaða sveitarfélaganna væri að nokkrum hlut bætt í leiðinni. Þá vil ég líka minna á það, að mikið af þeim framkvæmdum, sem hafa verið gerðar í sveitum landsins á undanförnum árum, hafa komizt á einmitt fyrir það, að sýslu- og sveitarfélögin hafa útvegað lán og tekið á sig vaxtabyrðarnar til þess að fá framkvæmdirnar, vegna þess að ríkið hefur ekki getað staðið við sitt, og á það bæði við í vegagerð, rafveitum, skólabyggingum og hafnarbyggingum, og margt fleira mætti þar nefna. Þetta hefur allt orðið til að íþyngja sveitarfélögunum umfram það, sem annars hefði þurft, ef ríkisvaldið hefði staðið við sitt. Þess vegna er það alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að sveitarfélögin þurfa að vera svo öflug, að þau geti staðið sig gagnvart ríkisvaldinu. Þau þurfa líka að vera svo fjárhagslega sterk, að þau geti innt af hendi þau framkvæmdamál, sem tilheyra þeim, og borið uppi lögboðin gjöld, sem á þau eru lögð.

Ég vil taka það fram, að ég er ekki mótfallinn því, að sveitarfélög séu sameinuð, en þar þarf margs að gæta, því að yfirleitt eru þetta mjög viðkvæm mál heima fyrir. Þá á ekki heldur að láta í það skína, að fjáröflunarmöguleikum sveitarfélaga sé borgið með sameiningunni einni saman að óbreyttum lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Í flestum tilfellum þurfa sveitarfélögin meira fjármagn eftir sameiningu en áður, því að þá hverfur þegnskylduvinnan heima í hreppunum, og í staðinn koma sveitarstjórar og skrifstofur, sem þurfa miklu meiri fjárráð en þau laun, sem oddvitar hafa nú. Það er því undirstöðuatriði varðandi sameiningu sveitarfélaga, hvernig þeim verður séð fyrir auknum tekjum, og það bið ég hæstv. félmrh. að upplýsa nú, á hvern hátt rn. hans hefur hugsað sér að mæta þeim auknu þörfum, sem sýnilegt er, að sveitarfélögin þurfa á að halda, sum nú þegar, og miklu fleiri, eftir að sameining hefur átt sér stað.

Hæstv. ráðh. minntist á það, að í till. n. kæmi það fram, að 227 sveitarfélögum yrði breytt í 66 sveitarfélög. Það má vel vera, að þetta verði til bóta, ég skal engu um það spá. En ég minnist þess í þessu sambandi, að það var mikið veður út af því gert fyrir nokkrum árum, þegar 227 skattanefndir voru lagðar niður, eða eitthvað ámóta, og það átti að spara mikla fjármuni með því að hafa skattstofurnar 8. Ég held ég þurfi nú ekki að lýsa sparnaðinum á því sviði fyrir hv. þm., vegna þess að hann er augljós. Það varð ekki um neinn sparnað að ræða, heldur stórkostleg útgjöld fyrir ríkið. Og ég er hræddur um, að þótt 227 sveitarfélög verði lögð niður og þau sameinuð í færri og stærri sveitarfélög, fari það á sama veg og að við þurfum miklu meira fjármagn en við höfum nú fyrir þessi 227, og það liggur ekki sízt í því að stjórna þessum stóru sveitarfélögum, vegna þess að þar tekur hver fyrir sitt. Þar koma stórar skrifstofur, og þetta hleður utan á sig, og því er það enn þá brýnna en annars að ræða í leiðinni fjáröflunarmöguleika sveitarfélaganna, einmitt eftir að sameining á sér stað, og ég held, að það komist aldrei neinn áleiðis í þessum sameiningarmálum sveitarfélaganna, nema því aðeins að það liggi ljóslega fyrir, að tekjumöguleikar þeirra og fjárráð verði betri eftir þá sameiningu en áður.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Eftir að hafa kynnt mér það frv., sem hér liggur fyrir, vil ég lýsa ánægju minni yfir því, að það skuli vera lagt fram í því formi, sem það er, og í því skuli vera sá andi, sem hér má finna.

Þær umr., sem orðið hafa um stækkun og eflingu sveitarfélaganna í landinu, hafa löngum verið á þá lund, að ýmsir hafa viljað ganga til verks í því með valdboði og talið, að þessi breyting á sveitarfélögunum væri svo mikilsverð og sjálfsögð, að ekki væri í það horfandi, þó að hin ýmsu sveitarfélög í landinu kynnu að vera því andvíg.

Ég vil lýsa því strax sem minni skoðun, og er hún byggð á reynslu minni á sveitarstjórnarmálum úti í dreifbýlinu um langan tíma, að ég hef ekki þá trú á stækkun sveitarfélaganna, sem ýmsir virðast hafa. Og það, sem mér þykir eftirtektarverðast í öllum þeim umr., sem um stækkun sveitarfélaganna hafa orðið, þá virðist allt frumkvæði og tillögugerð til þess að stækka sveitarfélögin vera komin frá þeim sveitarstjórnarmönnum, sem starfa við stóru sveitarfélögin, en ekki

þau litlu, sem á þó að bjarga með stækkuninni. Ég geri ráð fyrir því, að það, sem þarna hafi sitt að segja og valdi þarna miklu um skoðanir manna, sé spurningin um, hvað sé stórt sveitarfélag, því að það er fleira en eitt, sem verkar á það, hvort sveitarfélag er stórt eða smátt. Það er fleira en íbúatalan og útsvarsupphæðin. Það er líka hin landfræðilega stærð, og hún hefur geysimikið að segja. Það, sem ég hef óttazt í sambandi við það, ef einhliða ákvörðun væri tekin um sameiningu sveitarfélaga er það, að til yrðu ýmsir staðir í landinu, sem smám saman vantaði þá brjóstvörn, sem minni hrepparnir og sveitarstjórnir þeirra hafa verið þeim og munu verða, á meðan ekki verður breyting á.

Á sama hátt og ég lýsi ánægju minni yfir því, að frv. er úr garði gert eins og ég hef nú lýst, þá vil ég einnig geta þess, að mér sýnist, að það sé eðlilegt, að í frv. sé einmitt heimildarákvæði um það, að það megi sameina þá hreppa öðrum sveitarfélögum, sem maður getur ætlað eftir íbúatölunni, að naumast séu færir um að sinna venjulegum sveitarstjórnarmálum.

Þá er eitt, sem ég þykist hafa orðið var við og ég hef haft kunnugleika af í sambandi við starf mitt sem endurskoðandi sveitarsjóðsreikninga í mínu sýslufélagi, að það má heita alveg viðtekin regla, að í minni sveitarfélögunum er innheimtan miklu betri á sveitargjöldum en í þeim stærri. Ég segi ekki, að það standi nákvæmlega í sambandi við eða sé í hlutfalli við útsvarsupphæðirnar, en það liggur mjög nærri því, að svo sé. Ýmsir hafa talið, að það væri auðveldara með föstum skrifstofum og betri vélum á sveitarstjórnarskrifstofum að standa þannig að hlutunum, að innheimtan væri betri og fjárreiður í betra formi, en ég dreg mjög í efa, að þetta séu rök, sem mæli með þessu. Það er, að ég hygg, aðeins ein innheimta, sem hefur gengið betur hjá stærsta sveitarfélagi landsins en hjá hinum minni, og það er innheimta á barnsmeðlögum. Ég hygg, að það hafi verið í betra lagi hjá stærsta sveitarfélaginu en í hinum minni.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða svo mjög um þetta frv. á þessu stigi, en ég vildi láta þessa skoðun mína koma hér fram við 1. umr. málsins. Ég er sannfærður um það, að ef horfið er að því ráði að stækka sveitarfélögin skilyrðislaust, gera t. d. hverja sýslu að einu sveitarfélagi, eins og alveg eins mætti láta sér detta í hug eins og aðra skiptingu, þá er ég sannfærður um það, að við þurfum á augabragði að deildarskipta því sveitarfélagi vegna ýmissa sérmálaflokka, og þess vegna hefur það alltaf verið nokkur spurning í mínum huga, hvort heldur á að hafa samvinnu á milli smærri sveitarfélaga um tiltekin stórmálefni eða deildarskipta stórum sveitarfélögum um þau málefni, sem hljóta að verða sérmál á takmörkuðum svæðum.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði, sem gaf mér tilefni til að koma hér í stólinn aftur, en það var fsp. hv. 1. þm. Vesturl. um, hvað rn. hefði hugsað sér í sambandi við hugsanlega aukna tekjuþörf sveitarfélaganna við þá sameiningu, sem frv. heimilar eða gerir ráð fyrir.

Hlutverk rn. í þessu efni er afar augljóst. Það var skipað í þá n., sem frv. þetta samdi, að ósk Sambands ísl. sveitarfélaga, og það ákvað nú, eftir að n. hafði lokið þessum áfanga starfa sinna, að flytja þetta frv. og lofa Alþ. að skera úr um, hvort það teldi rétt, að það næði fram að ganga. Önnur afskipti hefur rn. ekki haft af þessu máli.

Hv. þm. benti á aukna tekjuþörf sveitarfélaganna, og ég skal sízt af öllu draga slíkt í efa, en sú ágæta n., sem í eru fulltrúar allra flokka og allra þeirra aðila, sem þarna eiga hlut að máli, hefur ekki gert till. um þessi efni, og ég hygg, að menn vilji þrautreyna fyrst hinn raunverulega vilja manna til sameiningar. Hvort þetta íþyngir eða léttir á sveitarfélögunum, skal ég ekki dæma um, en n. hefur viljað láta reyna á þetta atriði fyrst, áður en hún færi að gera till. um einstaka nýja tekjustofna. Við vitum það ósköp vel, að alls staðar þykja tekjustofnar of rýrir, bæði hjá ríki og bæ, og endalaus togstreita er um það, hvað skuli hvers í þeim efnum, þ. e. hvað skuli renna til sveitarfélaganna og hvað til ríkisins. Alls staðar er fjár vant, og ég hygg, að svo muni kannske lengst af verða, því að hinar félagslegu þarfir stóraukast frá ári til árs og kröfur manna í þeim efnum vaxa sífellt. Ég hlýt því að svara þessari fsp. hv. þm. með hliðsjón af því, sem ég nú hef sagt, að till. hafa ekki verið bornar fram, hvorki af rn. né n., um aukna tekjustofna, þar sem nauðsynlegt er talið að reyna á aðra þætti málsins, áður en til slíkrar tillögugerðar verði stofnað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 35. og 36. fundi í Ed., 19. og 20. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Ed., 22. jan., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 7, n. 141 og 233, 142, 234).

Frsm. meiri hl. (Axel Jónsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. þessarar hv. þd. hefur rætt frv. það, sem hér um getur, á nokkrum fundum, og eins og fram er tekið í áliti meiri hl. n. á þskj. 233, fékk n. á sinn fund þá Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóra og Pál Líndal, formann Sambands ísl. sveitarfélaga. Veittu þeir nm. fjölþættar upplýsingar varðandi þau málefni, sem frv. fjallar um.

N. náði ekki samstöðu um endanlega afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. með smávægilegum breyt., sem getur að finna á þskj. 234. Minni hl. n. mun gera grein fyrir afstöðu sinni til málsins.

Hæstv. félmrh. gerði ítarlega grein fyrir frv. hér í hv. þd. við 1. umr. málsins hinn 25. okt. s. l., og tel ég því, herra forseti, ekki ástæðu til þess hér á þessu stigi að fara að rekja tildrög að samningu frv. né efni þess í einstökum atriðum. Samkvæmt beiðni stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga skipaði rn. með bréfi 27. maí 1966 níu manna nefnd til að semja frv., sem miðaði að ítarlegri athugun á breyttri skipan sveitarfélaga með samruna þeirra í huga. N. var þannig skipuð, að sveitarstjórnasambandið tilnefndi þrjá nm., þingflokkarnir

fjórir hver um sig einn mann, Dómarafélagið einn fulltrúa og ráðh. skipaði einn mann, og var hann formaður n. Verkefni n. var í höfuðatriðum tvíþætt: Athugun á sameiningu sveitarfélaga og hins vegar að huga að hugsanlegri breytingu á sýsluskipan í landinu. Eins og fram kemur í frv., leggur n. ekki fyrir breytingar þar á þessu stigi. N. hefur þegar unnið mikið starf, eins og sjá má af þeim gögnum, sem til eru um hennar starfsemi.

Menn getur greint á um gildi þess að sameina sveitarfélög og mynda þar með færri en stærri heildir, og í því efni er vissulega hægt að tefla fram rökum með og móti, eins og eflaust verður oftast, þegar mál er athugað frá mörgum hliðum.

Ég hef vikið hér að tildrögum að skipan þeirrar n., sem samdi þetta frv., sér í lagi vegna þess, að óskir þar um komu fram frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, en það er sá aðili í landinu, sem vissulega er eðlilegast að taka tillit til í slíkum málum. Það haggar hins vegar ekki því, að í þessu eru skiptar skoðanir um málið í heild eða einstaka þætti þess meðal sveitarstjórnarmanna almennt. Það er augljóst öllum, sem til þekkja, að samvinna fleiri aðila um framkvæmd hinna ýmsu verkefna, sem sveitarfélögunum eru nú í vaxandi mæli lögð á herðar, hlýtur í fleiri tilfellum að stuðla að því, að um fullkomnari þjónustu við íbúana verði að ræða. En þó vil ég minna á, að í þessu sambandi getur orðið um það að ræða, að sveitarfélög, sem mundu taka yfir stærri landssvæði með erfiðum samgönguháttum, geta eftir frekari sameiningu staðið andspænis meiri vandamálum í ýmsum atriðum, þegar þar að kæmi. Þetta þekkja allir, sem við sveitarstjórnarmál fást.

Aukin samvinna um tiltekna málaflokka meðal sveitarfélaga er til mikilla bóta og getur breytt verulega um þjónustugetu sveitarfélaganna við íbúa sína. Og ég vil benda á, að í Reykjaneskjördæmi hafa um nokkur ár verið starfandi samtök sveitarfélaganna þar, og ég fullyrði, að þar hefur fengizt mjög jákvæð reynsla. Ég bendi einnig á vaxandi samvinnu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu svokallaða, þ. e. milli Reykjavíkur og nágrannasveitarfélaganna, og á því sviði hefur orðið verulega mikill árangur, og vænta allir aðilar, að þeirri starfsemi verði haldið áfram og frekar aukið við en hitt. Og ég vil staðhæfa, að við fulltrúar sveitarfélaga utan Reykjavíkur teljum, að byggðarlög okkar njóti mikilla hagsbóta af samstarfi við stóra aðilann, þ. e. Reykjavík. Ég minni á þetta hér, þar sem svo vill til, að ég er einn af sveitarstjórnarmönnum í fjölmennasta sveitarfélaginu utan Reykjavíkur og þekki þetta af eigin raun. Ég minni einnig á, að einmitt á þessu svæði eru yfirleitt á okkar vísu fjölmenn sveitarfélög, en þrátt fyrir það telja stjórnendur þeirra sér hag í því að hafa aukna samvinnu um fleiri og fleiri málaflokka. Ég bendi einnig á þetta hér sem rökstuðning fyrir þeirri skoðun minni, að samstarfsáhuginn milli sveitarfélaganna þarf að koma innan frá. Valdboð ofan frá, held ég, að þurfi að forðast algerlega í þessu efni, nema þá í sérstökum frávikum, sem ég vil ekki gera að umræðuefni hér.

Ég þekki það einnig af persónulegri viðkynningu við sveitarstjórnarmenn, bæði í Noregi og Danmörku, að þar eru æðiskiptar skoðanir einmitt um þessi atriði, hvernig að þessu skuli unnið, jafnvel þótt menn séu sammála um árangur, jákvæðan eða neikvæðan, af þeim breytingum, sem átt hafa sér stað.

Vissulega tekur þessi þróun sinn tíma, og einhverjir kunna að segja sem svo, að samvinna um tiltekna málaflokka milli sveitarfélaga annars vegar og samruni þeirra í stærri heildir hins vegar séu óskyld mál, en svo er ekki algerlega. Ég bendi á sveitarfélög hér í næsta nágrenni, sem ég hef vitnað til, og þau eru flestöll svo fjölmenn, að þau hafa sérstaka starfsmenn í sinni þjónustu, mismunandi marga að vísu, en það hefur tvímælalaust stuðlað að því, að þeir hafa við nánari athugun sannfærzt um, að það væri verðugur hluti af þeirra starfi að hittast og ræða sameiginleg vandamál þessara sveitarfélaga. Hvort svo í einhverjum tilfellum, sem hér er vikið að, leiðir síðar meir til samvinnu einstakra sveitarfélaga, læt ég ósagt.

Hafa ber í huga það, að að verulegu leyti er hin íslenzka hreppaskipun forn og því fastmótuð. En nú eru aðstæður að vísu mjög breyttar, bæði um samgönguhætti og einnig um kröfugerð á hendur sveitarfélögum. Allt þarf þetta nána athugun, og máske þarf að fikra sig áfram stig af stigi hér sem víða annars staðar, sér í lagi ef breyta á fornri og merkri skipan, sem hefur upphaflega verið grundvölluð á fullkomnum rökum. En jafnvel þótt uppi séu háværar óskir og skeleggar raddir um, að breytingar séu nauðsynlegar, og mönnum, sem vissulega þekkja til þessara mála, finnist breytingar sjálfsagðar, þá á Samband ísl. sveitarfélaga óhægt um vik að vinna sjálfstætt að málinu og hefur því óskað eftir aðstoð rn.

Mikið starf hefur þegar verið unnið, og það er tvímælalaust nauðsyn á því að halda því starfi áfram. Meiri hl. þeirrar hv. n., sem um málið hefur fjallað, telur eðlilegt að verða við óskum n. þeirrar, sem frv. samdi, um að sérstakur erindreki starfi að þessum málum um sinn. Ég hef bent á aukna samvinnu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Árangurinn þar er öllum augljós. Sérstakur starfsmaður, sem sinnir þessum verkefnum sérstaklega úti um landið, getur áreiðanlega átt þátt í því, að aukin samvinna verði tekin upp víðar. Hvort slíkt eða frekari viðræður leiða til sameiningar sveitarfélaga, leiðir reynslan í ljós, en málið er svo þýðingarmikið, að sjálfsagt er að sýna því fulla viðurkenningu og verja til þess nokkrum fjármunum. Hafa ber í huga, að sveitarstjórnarkosningar standa fyrir dyrum á vori komanda, og má vera, að á einhverju verði þar breytingar, þannig að eðlilegt er, að viðræður og athuganir varðandi þessi mál haldi áfram eitthvað fram eftir næsta kjörtímabili.

Með tilliti til þessa leggur meiri hl. n. til, að fyrst um sinn verði sérstökum erindreka falið það starf, sem um er að ræða í umgetnu frv. Í öðru lagi leggjum við til, að þegar starfi hans lýkur, taki félmrn. við störfum hans. Og varðandi þessar till., sem getur að finna í lið 1 í brtt. á þskj. 234, vitna ég til þess, sem ég hef áður um þetta sagt. Í þriðja lagi leggjum við til, að samþykki Alþingis þurfi til, ef sameina á sveitarfélög eða hluta úr sveitarfélögum milli kjördæma, og sé ég ekki ástæðu til að rökstyðja þá till. frekar. Ég tel, að allir geti fallizt á við nánari athugun, að þetta sé sjálfsögð brtt.

Ég legg svo til, herra forseti, að brtt. á þskj. 234 verði samþ. og málinu, svo breyttu, vísað til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn. þessarar d. hefur nokkuð rakið aðdraganda þessa frv. um sameiningu sveitarfélaga, starf fjölmennrar mþn., sem fjallað hefur um a. m. k. tveggja ára skeið um þetta efni. Við hv. 1. þm. Vesturl. höfum ekki getað orðið sammála meiri hl. og höfum leyft okkur að bera fram brtt. við frv. Þær er að finna á þskj. 142, og mun ég rekja þær frekar síðar.

Í gildandi sveitarstjórnarlögum frá 1961 eru ákvæði, sem kveða á um það, hvernig fara skuli, ef um sameiningu hreppa, tveggja eða fleiri, er að ræða. Í 4. gr. þessara laga segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Rn. (þ. e. a. s. félmrn.) skal sameina hreppa, þegar þess er óskað af hlutaðeigandi hreppsnefndum, ef sýslunefndin mælir með því. Með sömu skilyrðum er rn. heimilt að breyta hreppamörkum."

Þessi 9 ára gömlu lagaákvæði eru skýr og þurfa að sjálfsögðu ekki frekar vitnanna við eða frekari túlkunar. Stefnan þar er ótvírætt sú, að komi fram óskir hlutaðeigandi sveitarfélaga um sameiningu og viðkomandi sýslunefnd mælir með því, sé félmrn. skylt að ganga frá þessari sameiningu. Þannig hefur það verið skýlaus stefna löggjafans, að vilji sveitarstjórna á hverjum stað hefur verið látinn ráða upphafi og frumkvæði að sameiningu og gangi þeirra mála í þessu efni.

Með frv., sem hér liggur fyrir, er sú breyt. m. a. gerð að stefnu til, að félmrn. skuli í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga stuðla, eins og það er orðað í 1. gr. frv., að eflingu sveitarfélaga með því að koma sameiningu þeirra á, tveggja eða fleiri.

Í öðru lagi á svo sérstakur erindreki, og um hann ræðir í 2. gr. frv., að annast allar framkvæmdir í sameiningarmálum og hafa töluvert vald til eftirrekstrar, umsjónar með aðgerðum samstarfsnefnda og allt til úrslita mála. T. d. á þessi erindreki að geta ákveðið upp á eindæmi, að fram skuli fara atkvæðagreiðsla um sameiningu í sveitarfélagi, ef sveitarstjórn hefur fellt ályktun um sameiningu. Enn fremur ræður hinn sami erindreki því, hvenær atkvæðagreiðsla á að fara fram í sveitarfélaginu. Þó að þetta sé ekki valdboð beint, þá er það í raun og veru næsta stigið við valdboð í þessum efnum, og ég heyrði ekki betur á hv. frsm. meiri hl. en hann varaði við því að beita valdboði í sambandi við skipti sveitarfélaga og ekki sízt þegar rætt er um sameiningu. Þar er hann á sama máli og við í minni hl. En hins vegar heyrðist mér á máli hans, að hann teldi þetta mikla vald, sem erindrekinn hefur og getið er um í 5. gr. frv., ekki nærri því að vera valdboð, og um þetta greinir hv. frsm. á við okkur í minni hl. n.

Í þriðja lagi er ráðgert að breyta ákvæði 5. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga, en í 5. gr. segir svo, með leyfi forseta:

„Nú hefur íbúatala hrepps verið lægri en hundrað samfellt í fimm ár, og er þá rn. heimilt eftir till. sýslunefndar að sameina hreppinn þeim nágrannahreppi í sömu sýslu, sem sýslunefndin telur eftir atvikum bezt henta."

En 13. gr. í frv. fer þessum orðum um sama efni:

„Ráðh. er heimilt að sameina hrepp nágrannasveitarfélagi samkvæmt till. erindreka, án þess að fyrir liggi samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar og sýslunefndar, ef íbúatala hrepps hefur s. l. ár verið lægri en 50."

Á þessari 13. gr. frv. viljum við enn fremur gera nokkra breytingu.

Þau þrjú atriði, sem ég hef drepið á, eru í raun og veru þau þrjú efnisatriði, sem um er að ræða í sambandi við þetta frv., sem hin fjölmenna n., sem fjalla átti um sameiningu sveitarfélaga, hefur samið og afgr. til Alþ.

Við í minni hl. heilbr.- og félmn. föllumst vissulega á það, að sameining hreppa geti í ýmsum tilvikum verið sjálfsögð og jafnvel nauðsynleg og um það er ekki deilt. En við álítum jafneðlilegt, að forustumenn viðkomandi sveitarfélaga eigi sjálfir að koma sér saman um það, þegar um sameiningu er að ræða, það spor, að það sé skýr og ótvíræður vilji heima fyrir, og hann eigi að ráða úrslitum í þessum málum. Heimamenn vita ævinlega bezt, hvar skórinn kreppir. Þessum málum, sem eru mjög viðkvæm og vandasöm við alla úrlausn, á ekki að vera stjórnað að ofan að neinu leyti, eða þá tilfinningu höfum við a. m. k., sem búum úti í hinum dreifðu byggðum. Þeim á engan veginn að vera stjórnað einvörðungu að ofan af skrifstofufólki úr þéttbýli eins og í Reykjavík, og sízt á það fólk að hafa nokkurt úrskurðarvald. Ef nauðsyn er sameiningar, er það alveg víst, að engir eru líklegri til að finna til þeirra þarfa en ábyrgðaraðilar heima í héraði. Þetta er skýlaust álit okkar í minni hl. n.

Margs konar félagsleg vandamál, sérstaklega fjárhagslegs eðlis, verða að áliti okkar í minni hl. að koma enn fremur til meðferðar, þegar rætt er um sameiningu sveitarfélaga. Án þess að líta til slíks er ekkert líklegra en að engu betur sé af stað farið með sameiningarmál en látið kyrrt liggja. En hitt er víst, að ef hlúð er að einstökum sveitarfélögum með auknum fjárráðum þeim til handa og auknu sjálfsforræði um úrlausnir mála heima í héraði, þá verður styrkleiki og þróun í byggðum landsins hvort tveggja meiri og vænlegri til jafnvægis í byggðum lands, sem er stórt um sig, en jafnframt fámennt.

Víða hefur komið til þess, að sveitarfélög, tvö eða fleiri, hafa komið sér saman um að leysa stærri vandamál í félagslegum efnum heima fyrir, komið sér t. d. saman um sameiginlegan rekstur skóla, bæði barnaskóla og gagnfræðaskóla. Sýslufélögin hafa einnig sameinazt um stærri verkefni, svo sem hafnamál og skólamál. Slík þróun er eðlileg. Hún á rætur sínar að rekja til þarfa, sem ábyrgðaraðilar í héruðunum vita bezt um og vilja í samvinnu sinna og leysa úr.

Í stuttu máli, ef viðkomandi sveitarfélög óska sérstaklega eftir sameiningu og vilja vinna að henni, er sjálfsagt, að það sé á þeirra færi og þeirra færi einna með aðstoð stjórnarvalda og þá félmrn. fyrst og fremst að koma slíku máli fram. En að opinberir aðilar eða einn sérstakur, tilkvaddur starfsmaður á ríkisins kostnað sé alls staðar á höttunum um land allt að þreifa fyrir sér um stækkun sveitarfélaga eftir einhverjum meira og minna fálmkenndum formúlum og kannske að beita þrýstingi á forráðamenn sveitarfélaga í þessu skyni, því erum við í minni hl. algerlega mótfallnir.

Frv. þessu, sem hér liggur fyrir, vil ég breyta í þá átt, sem ég hef í fáum dráttum lýst. Við teljum það vel geta gengið, að sú stefna sé tekin upp, sem gert er ráð fyrir í 1. gr. frv., að félmrn. aðstoði á alla lund með öðrum rn. sveitarfélög, þegar svo er komið, að þau óska, tvö eða

fleiri, eftir því að fá að sameinast. Eina breytingin frá því, sem nú er, verði sú, að rn. er kvatt til aðstoðar og öryggis við úrlausn þessara mála. Höfuðbrtt. okkar í minni hl. er sú, að eigi verði stofnað til embættis sérstaks erindreka á vegum rn. til að annast sameiningu málanna. Það er höfuðbreyting okkar á þessu frv. Engin ástæða sýnist til þess að ætla, að þetta starf í sambandi við sameininguna á vegum hins opinbera verði svo umfangsmikið, að starfsmönnum félmrn. sé það ofraun að vinna að slíkum málum, þegar þau ber á góma.

Eins og nú standa sakir, hef ég ekki heyrt mikið um áhuga á sameiningu sveitarfélaga, a. m. k. ekki í mínu kjördæmi. Það má vera, að hann sé eitthvað meiri á Vestfjörðum, þar sem hreppar eru orðnir mjög litlir almennt, eða kannske á Austfjörðum. Ég skal ekki segja um það. En í mínum huga og mínu kjördæmi er ekki um það að ræða, að það sé mikill áhugi á sameiningu, enn sem komið er. Þess vegna teljum við, að það sé engin ástæða til þess að vera að ráða sérstakan mann á vegum félmrn. til að vinna að þessum málum.

Þá er á hitt að líta, og það þekkjum við þm. ákaflega vel, að víða í starfsmannakerfi hins opinbera vantar aukið vinnuafl, svo að til erfiðleika horfir, en hins vegar er lagt kapp á það að fjölga ekki starfsfólki vegna fjárskorts. Vegna þessa m. a. finnst mér sízt ástæða til að efna til stofnunar nýs embættis um verkefni, sem alls ekki er vitað, hvert verður eða hvort verður nokkuð í náinni framtíð.

Aðrar brtt. okkar en þær, sem fjalla um þessi þrjú höfuðatriði, eru aðeins til samræmis og þá sérstaklega til samræmis við þá till. okkar að fella niður erindrekaembættið.

Herra forseti. Ég sá það nú á síðustu stundu, að við í minni hl. höfðum gleymt að breyta einu ákvæði, þ. e. a. s. í 3. málsl. 1. mgr. 3. gr. í samræmi við brottfallstillögu okkar um þráttnefndan erindreka. Og því vil ég nú leyfa mér að bera hér fram skrifl. brtt. af hálfu mín og hv. 1. þm. Vesturl., sem er að efni til um það, að erindrekinn komi þar ekki nærri, og að í staðinn fyrir, að þar stendur: „N. kýs sér formann úr sínum hópi, en heimilt er að fela erindreka formennsku n.," þá verði málsl. þannig: „N. kýs sér formann úr sínum hópi." Ég vil leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa till., sem þarf afbrigða við, vegna þess að hún er bæði of seint fram komin og skrifleg að auki.

Þá vil ég að lokum fara örfáum orðum um brtt. þær, sem bornar eru fram á þskj. 234 af meiri hl. heilbr.- og félmn. Breyt. undir tölul. 1.a-b fjallar um þráttnefndan erindreka, þannig að nú skal fela sérstökum erindreka fyrst um sinn þessi mál. Og svo, þegar þetta „fyrst um sinn" er ekki lengur til, á erindrekinn að láta af störfum og félmrn. að taka við. Ég vil segja það alveg eins og er, að þetta er svo óljóst efni máls, að ég þarf að fá ýmsar upplýsingar. Hvað merkir: fyrst um sinn? Og í öðru lagi: Eftir hverju á þá að fara, þegar erindrekinn lætur af störfum, o. s. frv.? Þetta er ákaflega óljóst, og ég er viss um það, að a. m. k. fulltrúar sjálfstæðismanna í n. eru í hjarta sínu sammála okkur í minni hl. um, að það sé ástæðulaust að stofna til þessa embættis og það sé óþarft, en hér eru á ferðinni atriði, sem hljóma ekki vel og skiljast þaðan af síður nægilega vel.

Það er, eins og ég hef þegar drepið á, ekkert það fram komið í þessu máli, að réttlætt geti þessa embættisstofnun. Ef hæstv. fjmrh. sækir fast að koma þessu embætti á, verður sannarlega eftir því tekið. Víða mun vera bráð þörf fyrir aukna starfskrafta við úrvinnslu nýtra verkefna á vegum ríkisins, en, eins og ég hef áður minnzt á, vegna fjárskorts eru ekki nokkur tök á að bæta úr. Ef þessi till. verður samþ., brtt. eða frumtill. í viðkomandi gr. frv., þá verður að telja, að fjárráð á stjórnarheimilinu séu rýmri en í veðri er látið vaka og aðhaldið býsna laust í böndum, að því er snertir útþenslu í starfsmannahaldi ríkisins.

Við í minni hl. teljum brtt. 1. a-b á þskj. 234 í raun og veru yfirklór eitt og enga efnisbreytingu frá frvgr. sjálfri, nema fram komi viðhlítandi skýringar við þessar brtt., og þess vegna eigi hvora tveggja þessa till. að fella.

Við brtt. meiri hl. á þessu sama þskj., 234, undir 2. tölul., að samþykki Alþingis þurfi til þess að sameina sveitarfélög eða hluta sveitarfélaga, sem eru sitt í hvoru kjördæmi, hef ég ekkert að athuga. Mér finnst hún út af fyrir sig eðlileg.

Þá hef ég leyft mér að lýsa nokkuð afstöðu okkar í minni hl., minni og hv. 1. þm. Vesturl., til þessara sameiningarmála. Við teljum, að í raun og veru sé ekki komið á það stig, að um sameiningu sveitarfélaga yfirleitt geti verið eða sé að ræða.

Á sínum tíma sendi þessi sameiningarnefnd sveitarfélaga til umsagnar ýmsum sýslumönnum, hvernig þeir litu á þessi sameiningarmál, og kemur margt fram í umsögnum þeirra, sem verður að veita athygli. En ég sé það, að hinir eldri og reyndari sýslumenn eru ákveðnari og hispurslausari í þeirri skoðun sinni og áliti, að farið verði mjög vægilega í það að beita valdboði af minnsta tagi í þessum efnum, þá geti verr farið. En hinir yngri aftur á móti kveða ekki eins fast að orði, en ég vildi taka þó upp hér það, sem einn þeirra segir, það er Einar Oddsson, sýslumaður í Skaftafellssýslu. Hann segir, með leyfi forseta:

„Athuganir, sem ég hef gert hér í Skaftafellssýslu um möguleika á sameiningu hreppa, benda til þess, að íbúar hreppanna séu yfirleitt andvígir allri sameiningu, og meðan svo er, að íbúar sveitarfélaganna eru á móti sameiningu, tel ég alveg fráleitt að þröngva sameiningu í gegn með lagaboði."

Enn fremur segir hann:

„Sýslufélögin, sem eru þegar fyrir hendi, stjórnarfarslegar heildir, eiga að annast yfirstjórn og hafa eftirlit með flestum hinum meiri háttar sveitarstjórnarmálum yfirleitt."

Þar kemur að þeirri till., sem víðar hefur stungið upp höfðinu, að hreppsfélög, ef til sameiningar komi, sameinist í eitt sýslufélag, og vissulega er víða um land þannig háttað, að þetta getur gerzt, ef vilji og ósk heimamanna standa til þess.

Þá vil ég, til þess að þreyta ekki um of hv. dm., aðeins taka hér hluta úr umsögn eins elzta og reyndasta sýslumanns í landinu, sýslumannsins í Árnessýslu. Hann segir m. a. í svari sínu, og þó að það sé ekki alveg inni á þessu sjónarmiði í þessu efnisatriði, þ. e. sameiningunni, þá kemur þetta mjög til athugunar, þegar lengra er gengið í sameiningarmálum, með leyfi forseta:

„Ég tel, að hrörnun sveitarfélaga á undanförnum

áratugum hafi hvorki verið æskileg né eðlileg og hún sé ekki fyrst og fremst vegna fólksfækkunar. Þess vegna tel ég einnig, að fækkun hreppa út af fyrir sig í því skyni að fjölga íbúum innan hvers einstaks hrepps, en án annarrar stefnubreytingar um skipan sýslu- og sveitarstjórnarmála, sé enginn stór áfangi á leiðinni til eflingar sveitarfélaga. Sýndarsjálfstjórn sýslna og hreppa er áberandi orðin og vaxandi. Þessar félagsheildir njóta ríkisstyrks eða eru öllu heldur háðar ríkisstyrk til nálega hvers sem vera skal. Jafnframt eru sveitarstjórnirnar háðar leyfisveitingum og fyrirsögnum æðri og fjarlægari stjórnarvalda. Ég vil varðveita hina fornu hreppaskipan í stórum dráttum í þeirri trú, að menn komi aftur auga á það, að sjálfstjórn sé betri en forsjón annarra óviðkomandi. Eins og málefnum þessa lands hefur verið betur stjórnað af landsmönnum sjálfum en útlendingum, þannig ætla ég, að málefnum landshlutanna verði, a. m. k. þegar til lengdar lætur, betur stjórnað af íbúunum sjálfum heldur en af stjórnarskrifstofum og opinberum stofnunum í höfuðstaðnum."

Herra forseti. Þá mun ég láta máli mínu lokið, en vil undirstrika það, að höfuðbrtt. okkar í minni hl. er sú, að eigi verði samþ. sú gr., sem fjallar um stofnun hins nýja embættiserindreka á vegum félmrn., sem á að fá að okkar áliti í minni hl. allt of mikið vald, ef að lögum verður, og við teljum að öðru leyti, að sú embættisstofnun sé alþörf, eins og málum er háttað nú.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 263) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég tala nú raunar hér sem 2. minni hl. í hv. þd., sem um þessi mál fjallaði, enda þótt ég hafi vanrækt að bera fram sérstakt nál. Ég tel þess vegna nauðsynlegt, að ég skýri afstöðu mína til málsins með örfáum orðum. Ég get að vísu sparað mér langa ræðu, vegna þess að ég get út af fyrir sig samþykkt flest af því, sem hv. frsm. fyrri minni hl. sagði hér um þetta mál.

En það, sem skilur á milli okkar, er það, að ég dreg þær ályktanir af því, sem við erum þá sammála um, að fella beri þetta frv., en hv. 1. minni hl. hefur hins vegar farið þá leið að flytja svo víðtækar brtt. um málið, að raunverulega stendur þar ekkert eftir, ef þær ná samþykki. Þetta er meginmunurinn á okkar afstöðu.

Það, sem ég tel, að sé meginefni þessa frv., og er reyndar auðsætt, er það, að hér á að fara þá óvenjulegu leið að lögfesta skyldu tiltekins rn. til þess að ráða mann í tiltekið starf, sem undir öllum eðlilegum kringumstæðum tilheyrir rn. og því ber að sinna samkv. gildandi lögum, eins og hv. frsm. 1. minni hl. n. benti hér á. Meginefnið er sem sagt það að stofna nýtt embætti sérstaks erindreka á vegum félmrn., sem eigi að hafa það verksvið að eiga frumkvæði um athugun á skilyrðum fyrir sameiningu sveitarfélaga um land allt. Þessi erindreki á síðan bæði að vera eins konar ráðunautur sveitarfélaganna um margt, sem að þessum málum snýr, og jafnframt á hann að vera fulltrúi rn. gagnvart sveitarfélögunum. Hann á sýnilega að þjóna þarna algerlega tveimur herrum, sem kannske kemur ekki svo mjög að sök, en játa verður þó, að hér er um mjög óvenjulega skilgreiningu á fulltrúastarfi að ræða, því að auðvitað getur það komið fyrir, að sveitarfélög þurfi að sækja mál á hendur rn. og öfugt, og virðist þá vera ákaflega einkennilegur háttur, að ekki sé dýpra tekið í árinni, að sami maðurinn eigi að vera fulltrúi beggja aðilanna.

Enn fremur er það svo í frv., að gert er ráð fyrir því, að komið sé upp heilmiklu nefndabákni, sem sveitarstjórnum er skylt að setja á fót, hvort sem þær hafa áhuga á því eða ekki, þ. e. a. s. ef þessum tiltekna sérstaka erindreka þóknast að eiga að því frumkvæðið.

En það er ýmislegt fleira, sem manni þykir alleinkennilegt í þessu frv., eins og það, sem hér hefur verið komið inn á áður, að þessi sérstaki erindreki geti ákveðið á eigin spýtur að láta fara fram atkvgr. í sveitarfélagi um sameiningu, þó að till. um sameiningu hafi engan stuðning hlotið frá neinum hlutaðeigandi sveitarstjórnarmanna. Og þá er honum gefið vald til þess að ákveða einn stað og stund til slíkrar atkvgr.

En þrátt fyrir það, að honum sé nú í þessu efni gefið mikið vald, ef hægt er að sjá fyrir, hvað af leiddi, þá verður þó ekki sagt, að valdsvið hans að öðru leyti sé ýkjamikið og raunar ekki líklegt, að þessi skipan mála valdi sérstaklega miklum breytingum. Mér sýnist, að hér sé raunverulega um það að ræða að lögfesta eins konar trúboðsstarfsemi til framdráttar þeirri skoðun höfunda frv., að sem víðtækust sameining sveitarfélaga horfi til hagsbóta og umbóta, væntanlega fyrir íbúa sveitarfélaganna alfarið. Í grg., sem frv. fylgir, er hins vegar engan rökstuðning að finna fyrir þessari skoðun, þó að ég telji nú að vafalaust megi finna fullyrðingu í þá átt einhvern stað í einstökum tilvikum. En það hefur a. m. k. ekki verið séð nein ástæða til þess af hálfu n. að kynna a. m. k. í grg. þau rök, sem hún þarf þó að hafa í fórum sínum varðandi þetta atriði.

Það er líka athyglisvert, að grundvallarhugsunin í þessu frv. á að vera sú að efla sveitarfélög. En hins vegar hafa þeir, sem um það hafa fjallað, ekki komið auga á neina aðra leið en stækka umdæmin landfræðilega og íbúafjöldann. Það er sem sagt mjög trúarkennt, sýnist mér, allt, sem að þessu lýtur, og lítið reynt að finna því stað í raunveruleikanum. En stefnan, sem kemur í ljós af grg., er þó sú, að það eigi að gerbreyta sveitarstjórnarkerfinu í landinu og í svo ríkum mæli, að sveitarfélögunum verði fækkað úr nokkuð á þriðja hundrað, sem þau nú eru, og aðeins í rúmlega 60. Þetta telja frv.-höfundarnir, n., sem að þessu vann, – ég vil segja án rökstuðnings, – að muni reynast til mikilla bóta, en n. telur á hinn bóginn ekki rétt að lögfesta þessa nýju og góðu skipan, sem hún stefnir að, heldur á að láta þessa trúboðsstarfsemi, sem ég svo nefni, þessa sérstöku erindreka nægja a. m. k. í bili.

N. kemst að þeirri niðurstöðu, að kostnaður af þessu verði ekki umtalsverður, og því ætti engum að vaxa hann í augum. En ég tel þó, að hér sé alveg vafalaust um að ræða milljóna- eða jafnvel milljónatugakostnað, a. m. k. ef litið er til lengri tíma, enda kemur sú skoðun greinilega fram í nál., að árangur muni verða mjög torsóttur með starfi þessa erindreka. Þar segir, að það

muni vera e. t. v. hægt að sjá það á tveimur til þremur árum, hvort eitthvað miði í þá átt, sem stefna skal í.

Ég vil nú endurtaka spurningu hv. frsm. 1. minni hl.: Hvað er „fyrst um sinn" í þessu efni? Hlýtur það ekki að vera nokkuð langur tími, jafnvel áratugir? Og er þá ekki alveg óþarfi að vera að hafa þetta „fyrst um sinn", gefst þá ekki löggjafarsamkomunni nægur tími til þess, ef henni sýnist, að breyta þessu ákvæði og fella þetta niður? Er þetta „fyrst um sinn" tvö til þrjú ár eða kannske bara nokkrir mánuðir, eða er það t. d. hálfur áratugur eða einn áratugur? Þessi brtt. er auðvitað ákaflega hjákátleg í alla staði og tæpast frambærileg af þeirri einföldu ástæðu, að þessu er auðvitað hægt að breyta. Það er aðalatriði málsins. Hvort á að breyta eða hvaða háttur verður hafður á eftir mörg ár, ráðum við kannske minnst um, sem hér erum staddir nú.

Hvað kostnaðinn áhrærir, sem ég tel, að sé nokkurt atriði, þar sem ekki eru meiri vonir í sambandi við frv.-ákvæðið en hér er sagt af höfundum frv., þá sýnist mér, að hann skipti nokkru máli. En í því sambandi vil ég álíta, að samstarfsnefndirnar muni líka kosta eitthvað, og loks gerir frv. ráð fyrir því, að heimilaðar verði greiðslur úr jöfnunarsjóði sveitarfélaganna sameiningarmálunum til framdráttar. Það kann að vísu að vera, að sá kostnaður mundi ekki standa í sambandi við sameininguna. En vafalaust gætu sameiningarmálin, ef þau væru fast sótt af félmrn. og erindreka þess, beinlínis valdið því, að þarna þyrftu að koma til mjög verulegar greiðslur. Mér þykir þess vegna sýnt, að hér geti verið um að tefla stórar fjárupphæðir, sem e. t. v. væru betur komnar annars staðar í nytsöm málefni en í alls óvísan árangur tilrauna af því tagi, sem hér ræðir um og enginn gæti fullyrt um, að yrðu til bóta á nokkurn hátt.

Það er skoðun mín, eins og reyndar þeirra, sem hér hafa talað á undan mér, að það sé rétt, að fámenni sveitarfélaga geti að sjálfsögðu verið ýmsum vandkvæðum bundið, a. m. k. í vissum tilvikum, og það geti orðið til örðugleika í starfi sveitarstjórna. En þá verður jafnframt að benda á það, að gildandi lög um sveitarstjórnarmál opna alla möguleika á sameiningu sveitarfélaga, þegar til slíkra vandræða dregur, og þar þarf auðvitað ekkert um að efast, að slíkt rekur til frumkvæðisréttar aðila til sameiningar í stærri heildum, þegar slíkt ástand skapast. Sá möguleiki, að löggjafarvaldið grípi hér inn í, er svo að sjálfsögðu alltaf fyrir hendi, eins og við höfum dæmi um og þau ekki gömul. En ég tel alveg jafnaugljóst, að mikil eða jafnvel stórfelld landfræðileg stækkun sveitarfélaga geti engu síður valdið miklum erfiðleikum og sérstaklega, að því er varðar samskipti íbúa sveitarfélaga við sveitarstjórnir og stofnanir þeirra. Er það að mínu viti bæði gömul og ný saga, að dreifbýlisfólki reynist oft löng leið til keisarans, og alveg er ástæðulaust að bæta þar á. Það eru tálmanir á þeirri leið, sem margir verða að brjóta, og ég álít líka, að það sé mála sannast, að stærð og íbúafjöldi sveitarfélaganna hafi í raun og veru ekki reynzt neinn mælikvarði á það, hvernig störf sveitarstjórnarmanna fara þeim úr hendi. Það er að vísu vafalaust, að í fámennum sveitarfélögum getur orðið tilfinnanlegur skortur á hæfri félagslegri forustu, en það þarf ekki alltaf að vera. Þess í stað geta slík störf verið og eru leyst prýðilega af hendi í mjög fámennum sveitarfélögum, þar sem nægileg og góð félagsleg forusta er fyrir hendi. En ef hún brestur, þá skapast auðvitað vandkvæði, sem taka ber tillit til.

Niðurstaða mín er því sú í stuttu máli, að allt of veikar stoðir haldi uppi því frv.-efni, sem hér er á ferðum, til þess að veruleg útgjöld því til framdráttar verði réttlætt, allra sízt nú, þegar fjármálaástandið er örðugt og fjöldi knýjandi framfara- og framkvæmdamála liggur í láginni vegna fjárskorts. Ég tel enn fremur, að óbreytt skipan þeirra mála, sem hér ræðir um, megi að ósekju haldast um sinn, a. m. k. þar sem einhver áhugi og vilji þeirra sveitarstjórna, sem í örðugleikum kunna að vera vegna fólksfæðar, leiði til sameiningarframkvæðis af hálfu þeirra sjálfra. Ég held, að það sé alveg hárrétt, sem hv. frsm. 1. minni hl. n. sagði hér, að íbúar hreppsfélaganna vita bezt sjálfir, hvar skórinn kreppir.

Það er viðurkennt af þeim, sem flytja þetta frv., að þessi áhugi sé óvíða eða jafnvel hvergi fyrir hendi, eins og nú standa sakir, og sýnist mér það vera glögg sönnun þess, að engin ástæða sé til þess að samþykkja þetta frv.

Ég vil svo að lokum segja það, að út af fyrir sig gæti ég fallizt á að samþykkja allar brtt. hv. 1. minni hl., en tel, að þar sé í raun og veru um sjálft frv.-efnið að ræða, og mér finnst þess vegna hreinlegra að taka þá afstöðu að vera hreinlega á móti frv., en tel það hins vegar skipta höfuðmáli, hvort frv. er fellt eða till. hv. 1. minni hl. samþ.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Hv. frsm. fyrir nál. 1. minni hl., 4. þm. Sunnl., gat þess í sinni ræðu, að þessi brtt. frá meiri hl. heilbr.- og félmn., sem ég stend hér að, mundi vera sprottin af einhverjum sérstökum bræðingi eða samkomulagi innan meiri hl., en raunverulega hafi einhverjir menn í meiri hl. verið þessu andvígir. Þessu vil ég algerlega mótmæla. Við vorum allir í meiri hl. sammála um það, að erindreki ætti ekki að vera einráður og skeið hans skyldi vera tímabundið á einhvern hátt, þannig að það markmið kæmi fram í frv. Ég vil því sérstaklega mótmæla, að þessi till. sé einhvers konar bræðingur. Það voru allir sammála um þetta. Við gátum rætt um það orðalag, sem bezt var að hafa á þessu, og komumst að þeirri niðurstöðu, að þetta væri eðlilegt, en þarna var ekki um nein hrossakaup að ræða.

Hins vegar leikur mér nú grunur á því, að afstaða þeirra framsóknarmanna, sem skipa nú minni hl., sé aftur á móti til komin fyrir einhvern bræðing innan þingflokks Framsfl., því að ég hygg það, án þess að ég hafi þó öruggar heimildir fyrir því, að sumir menn hafi verið nokkuð jákvæðir þar og viljað taka undir frv., en aðrir hafi viljað fella það. Niðurstaðan varð svo þessi bræðingur, sem till. 1. minni hl. bera með sér, sem eru hvorki fugl né fiskur, þannig að það á að skerða mjög frv., en láta það þó lifa. Þeir um það.

En ég vildi aðeins skýra þetta orðalag: „fyrst um sinn". Með þessu er í sjálfu sér verið að undirstrika það, að við teljum enga þörf á því, að þetta erindrekastarf verði gert að ævistarfi. Ég lít þannig á, að nú þegar hafi verið hafinn undirbúningur og maður getur sagt herferð að því að gera tilraunir til þess að sameina sveitarfélög, þ. e. kanna alls staðar á landinu, hvar mögulegur grundvöllur væri fyrir sameiningu sveitarfélaga,

og það væri eðlilegt, að Samband ísl. sveitarfélaga og félmrn. hefðu forgöngu um þetta og lykju þessari könnun og þessum athugunum til hlítar. Slík athugun getur eðlilega tekið nokkur ár, og það hefur verið komið á samstarfsnefndum, og þeirra starfi þarf að ljúka. Það veit auðvitað enginn núna og getur enginn sagt um það fyrir fram, hvort sveitarfélög verða sameinuð einhvers staðar á landinu, þegar á á að herða og þegar þar að kemur, að þessi mál hafi verið könnuð til hlítar og sveitarstjórnarmenn og aðrir í hreppunum, sem um þessi mál fjalla, eru tilbúnir til þess að taka endanlega afstöðu. Mér finnst hins vegar eðlilegt, að þessari sérstöku athugun, sem við höfum hrundið í framkvæmd, verði lokið, og ég lít svo á, að það sé eðlilegt, að það taki fáein ár. Ég get ekki gizkað á neinn ákveðinn öruggan árafjölda fyrir fram. Þegar þessi sérstaka athugun á þessum sameiningarsvæðum er til lykta leidd, hvernig sem þær lyktir verða, þá tel ég, að það sé ekki lengur þörf fyrir þennan erindreka og það sé þess vegna á valdi rn. að meta það, hvenær verkefni þessa erindreka eru orðin svo lítil og takmörkuð, að það sé ekki þörf á því að hafa sérstakan mann í þessu starfi.

Hins vegar tel ég það skynsamlegt, að meðan þessi sérstaka athugun og herferð stendur yfir, sé sérstakur maður hafður í þessu og sá maður hafi talsvert mikið ákvörðunarvald á bak við sig, eins og þetta frv. heimilar, ef það verður samþ., því að með því móti er miklu líklegra, að störf hans geti borið árangur.

Þetta orðalag: „fyrst um sinn", sem hér hefur verið gagnrýnt, táknar ekki annað en það, að meðan nægileg verkefni eru fyrir hendi, sem útlit er fyrir næstu árin, á meðan þessari sérstöku könnun, sem hafin er, er ekki lokið, þá sé hafður sérstakur maður í þessu. Þarna er sem sagt fyrst og fremst verið að undirstrika það, að við teljum enga þörf á æviráðnum manni.

Hitt er svo annað mál, og um það eru auðvitað skiptar skoðanir hjá mönnum, hvort það sé yfirleitt heppileg stefna og skynsamleg að gera mikið að því að sameina sveitarfélög. Þetta frv. byggir í grundvallarreglunni á því, að sameining sé ekki gerð, nema sveitarfélögin og sveitarstjórnarmenn eða íbúar sveitarfélaganna vilji það og óski eftir því. Ég hygg, að flestir séu sammála um það, en mér finnst að menn megi ekki, þó að þeir séu andvígir því, að sveitarfélög séu sameinuð, og telji skynsamlegt að fara hægt í sakirnar, láta það bitna á þessum erindreka, því að hann á ekkert að gera annað en kanna málin og koma á samstarfsnefndum og athugunum. Enginn veit fyrir fram, til hvers það leiðir. Ef það sýnir sig, að starf þessa erindreka, ef þetta frv. verður lögfest, beri ekki árangur og þegar á á að herða, þá vilji hreppar úti um landið, þar sem menn telja grundvöll vera fyrir hendi til sameiningar, alls ekki gera það, þá geri ég ráð fyrir, að það líði langur tími, þangað til við þessum málum verður hróflað á nýjan leik. En mér finnst, að þeirri sérstöku athugun, sem nú er í gangi, eigi að ljúka og það eigi að reyna að gera þetta myndarlega.

Frsm. meiri hl. (Axel Jónsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð í sambandi við þær aths., sem fram hafa komið frá talsmönnum minni hl. í sambandi við þetta mál.

4. þm. Norðurl. e. taldi eðlilegast að fella frv. Ég tók það fram í framsöguræðu minni, að meira að segja sveitarstjórnarmenn, hvað þá aðra, greini stórlega á um það, hvort gera eigi tilraunir til breytinga á þeirri sveitarstjórnarumdæmaskipun, sem í landinu er, og þar af leiðandi hlusta ég á raddir allra sveitarstjórnarmanna sem annarra í því efni og veit, að hver og einn getur fært fram fyrir því nokkur rök.

Hvort það verður lesið út úr frv., að það sé trúboðsstefna þeirrar n., sem það samdi, að fækka og stækka sveitarfélögum, það vil ég nú ekki taka undir, þó að þar séu settar fram vissar hugmyndir af þeirra hálfu. Ég tók fram í framsöguræðu minni, að ég er algerlega andvígur allri lögþvingun í því efni. Áhugi á sameiningu sveitarfélaga þarf að koma innan frá. Ég nefndi dæmi máli mínu til sönnunar um það, að með auknu samstarfi sveitarfélaga, sem enn hefur ekki leitt til samruna þeirra, hefur náðst meiri árangur en áður var, og eins og ég tók fram, hvort það mundi síðan leiða til enn frekari samvinnu og að lokum sameiningar, því á reynslan eftir að skera úr.

Þeim varð og báðum, 4. þm. Norðurl. e. og 4. þm. Sunnl., tíðrætt um, að ákvæði varðandi erindrekann væri ekki skýrt markað, þ. e. að félmrn. eftir till. okkar, meiri hl. heilbr.- og félmn., ræður fyrst um sinn sérstakan erindreka. Hv. 3. landsk. hefur skýrt það mál frekar, að það væri mjög óeðlilegt að setja inn í lagafrv. ákvæði um það, að þetta skyldi vera eitthvert framtíðarstarf. Það væri einnig óeðlilegt að binda það við tiltekinn árafjölda. Við, sem höfum trú á því, að það sé nauðsynlegt að fórna í það nokkrum fjármunum og tíma að gera ítarlega athugun á aukinni samvinnu sveitarfélaga og jafnvel hugsanlegri sameiningu sveitarfélaga, viljum láta rn. vinna að því um nokkur ár, og það er a. m. k. mín persónulega skoðun og ég hygg, að ég tali þar fyrir munn allrar n. að það sé miklu vænlegra til árangurs í málinu, að það sé einn og sami maður, sem að því vinni, en ekki einn eða annar starfsmaður rn. Allt mundi það taka tíma jafnvel þótt einhverjir aðrir tilteknir starfsmenn rn. gerðu það í áhuga- og sjálfboðavinnu, þannig að ef menn á annað borð vilja láta þessa athugun fara fram til þess að kanna, hvort frekari samskipti, samvinna og hugsanlegur samruni sveitarfélaga geti átt sér stað, þá er eðlilegt að ráða til þess í tiltekinn tíma ákveðinn og sérstakan starfsmann.

Ég vék einmitt að þessu atriði í framsöguræðu minni, og það er grundvöllur þess, að inn í er sett brtt. um, að rn. verði heimilað fyrst um sinn að ráða í þetta sérstakan mann, vegna þess að við leggjum ríka áherzlu á það, að þannig náist meiri árangur í starfinu vegna þess, að það er okkar skoðun, og ég endurtek það enn á ný, herra forseti, að þetta mál sé svo stórt og þýðingarmikið, en hins vegar mjög vandasamt, að það sé nauðsynlegt að láta fara fram á þessu nokkra athugun enn um sinn.

Hv. 4. þm. Suðurl. ræddi um réttindi erindreka samkvæmt 5. gr. og komst efnislega þannig að orði, að heimamenn hafi áreiðanlega bezta þekkingu á málefnum héraða sinna og þar eigi meiri hl. að ráða. Ég tek undir allt í þessu, og þetta styður einungis það, sem ég hef haft sem rauðan þráð í gegnum ummæli mín í þessu, að áhuginn þarf að koma innan frá. En ég benti

einnig á af biturri reynslu úr mínu nágrannasveitarfélagi, sem ég er vel kunnugur, að eitt lítið, – það er hægt að segja núna, – lítið deilumál, bygging eins félagsheimilis, var næstum því búið að kljúfa þann hrepp, en það tókst að afstýra því fyrir tilstuðlan friðsemdarmanna, að kæmi til hörkuatkvgr. innan þessa tiltölulega litla hrepps. Og ég vil segja, að það hefði verið hörmulegt, á hvorn veginn sem sú atkvgr. hefði farið, og endalokin síðan orðið þau, að meiri hl., hver sem hann hefði orðið, hefði ráðið í því máli. Nokkrum árum síðar, þegar nokkur kynslóðaskipti hafa átt sér stað í stjórn þessa hreppsfélags eins og annarra, þá er þetta mál sem betur fer að mestu gleymt og heyrir sögunni til, og allir geta verið sáttir núna. En ég nefni aðeins þetta sem eitt lítið dæmi um, að tiltölulega smá mál heima í héraði geta valdið, því miður, slíkum ágreiningi og deilum. Þó að það verði hins vegar aldrei á móti því mælt, að það sé eðlilegt, að meiri hl. ráði, getur vissulega komið til vissra vandræða í þessum efnum, þegar til þess þarf að taka.

Ég tók fram fyrr á fundi í þessari hv. d., að ég var fjarstaddur, þegar það mál var rætt, sem þá var til atkvgr., en ég vil, herra forseti, leyfa mér þó aðeins að víkja að því, því að málið er skylt. Það er sveitarstjórnarmál einnig. Það er varðandi sýslunefndir. Ég tel, að skipan sýslunefnda nú þjóni ekki þeim tilgangi, sem upphaflega var til ætlazt, og þjóni ekki þeim kröfum, sem til þeirra stofnana eru gerðar. Þetta er ekkert óeðlilegt. Með þeim breytingum, sem átt hafa sér stað í þjóðfélagi okkar, er ekki óeðlilegt að taka einmitt þessa skipan mála til endurskoðunar eins og margt annað. En ég endurtek einnig, að þessi mál eru byggð á margra alda skipan og ég vil segja á vissan hátt helg hefð komin hér á, þannig að málið er vandmeðfarið, og því þarf að leggja í þetta nokkra vinnu og einmitt sérstaklega fá að þessu mann, sem helgar því starfskrafta sína um stundar sakir, til þess að laða fram þær niðurstöður, sem líklegastar virðast vera, og síðan er þá að taka ákvörðun um það, hvort þar verði látið staðar numið og beðið um ár og áratugi ellegar ekki, eða hvort af því starfi leiðir samvinnu tiltekinna sveitarfélaga um einn eða annan málaflokk, eða hvort af þessu leiði samruna tveggja eða fleiri sveitarfélaga. Þessu á reynslan eftir að skera úr, en ég endurtek: Málið er svo þýðingarmikið, að það er sjálfsagt að sinna því, eyða til þess nokkrum fjármunum og tíma og gera á því ítarlegar athuganir.

Varðandi þau réttindi, sem erindreka eru af sumum talin færð upp í hendur varðandi það frv., sem hér er til umr., þá geta menn um það að vissu leyti deilt og haldið fram mismunandi skoðunum og skilningi í því. Hvað sem öllu því líður, treysti ég fyrst og fremst á það, að til þessa starfs veljist hæfur maður, og því aðeins nær hann nokkrum árangri í því starfi, sem hér er um að ræða, að hann hafi skilning á því málefni, sem við er að eiga.

Herra forseti. Að lokum vil ég aðeins vitna til 31. gr. sveitarstjórnarlaga, en þar segir svo í upphafi gr., ég hef hana því miður ekki alla:

„Rétt er hreppsnefnd að boða til almenns sveitarfundar um málefni sveitarfélagsins, og skylt," – ég endurtek: „og skylt, ef 1/4 hluti atkvæðisbærra manna í hreppnum óskar þess."

Þannig að sem betur fer eru þó í sveitarstjórnarlögum minni hl. tryggð nokkur réttindi til þess að geta knúið hreppsnefnd, þó að hún vilji það ekki, til þess að halda fund og koma þá sínum málum á framfæri, og ég vildi sjá framan í þá sveitarstjórnarmenn, sem eftir sem áður gengju gegn vilja hreppsbúa, sem þannig væri augljóslega fram færður.

Frsm. minni hl. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Ég þarf litlu að svara þeim, sem áður hafa hér rætt um þetta mál. Ég vildi aðeins segja í sambandi við það, sem hv. þm. Jón Þorsteinsson sagði, og þá skýringu hans á orðunum „fyrst um sinn", að það gæti orðið fyrr en seinna, að slíkur erindreki hefði engin störf á hendi og á honum þyrfti ekki að halda: Trúi því hver sem vill, að staðan yrði niður lögð. Ég vil taka það fram, að sameiningarnefndin var skipuð 27. maí 1966. N. hefur haldið fjóra fundi, en hún skipaði nokkuð snemma undirnefnd þriggja manna, og þessi undirnefnd hefur haldið 37 fundi. Það, sem er komið fram af starfi n., er í fyrsta lagi frv. það, sem við erum að ræða. Í öðru lagi er skýrsla um umdæmissvæðin. Hún er að vísu nokkuð fróðleg um það, sem er að gerast í hinum ýmsu sveitarfélögum, en hefur náttúrlega ekkert afgerandi gildi um frekari framkvæmd og gang sameiningarmála út af fyrir sig. Í þriðja lagi má vera, að frv., sem lá fyrir þessari hv. d. fyrir nokkru og var afgr. héðan til Nd., sé þaðan komið. Það var frv. um sameiningu Loðmundarfjarðarhrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar. Ég hef rætt það áður, en ég lít svo á, að það frv. og framkvæmd þess máls hafi engan veginn verið til neinnar fyrirmyndar, og það mun alls ekki auka á hraða í sambandi við úrlausnir, þegar um sameiningu sveitarfélaga er að ræða, síður en svo.

Þegar litið er til gangs þessara mála innan sameiningarnefndarinnar og þriggja manna n., má gera ráð fyrir því, að þetta „fyrst um sinn" geti orðið æðilangt tímabil, og reynslu höfum við af því bæði hér og þar, að þegar ráðnir eru menn í störf eða embætti eða á opinberum vegum yfirleitt, halda þeir því embætti. Það er ekki verið að hrekja þá burt nema þá með því að stofna til annars embættis. Ég á eftir að sjá, að til þess komi, ef í þetta embætti verður skipað, að sá yrði sviptur starfi, ef svo sýnist, að verkefni yrðu lítil sem engin.

Mér þóttu báðar ræður hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn. einkennast af hógværð og skilningi á þessum málum, en mér fannst hann ekki draga nógu nákvæmar ályktanir af skoðunum sínum og rökum. En hann um það, en allur var málflutningur hans góður, og ég veit það, að hann vill vel í þessu efni, og mér þótti vænt um að heyra, að hann tvítók það, að honum væri fjærst í þessum efnum, að einstök sveitarfélög væru valdboði beitt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 38. fundi í Ed., 26. jan., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Ed., 27. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 142,1 felld með 10:8 atkv.

1. gr. samþ. með 10:1 atkv.

Brtt. 142,2 felld með 10:7 atkv.
– 234,1 samþ. með 11:3 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 10:7 atkv.
Brtt. 142,3 felld með 10:7 atkv.
– 263 felld með 10:7 atkv.
3. gr. samþ. með 10:3 atkv.
Brtt. 142,4–6 kom ekki til atkv.
4.–6. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 234,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 9:2 atkv.
8.–12. gr. samþ. með 9:2 atkv.
Brtt. 142,7 felld með 9:7 atkv.
13. gr. samþ. með 10:2 atkv.
Brtt. 142,8 felld með 10:7 atkv.
14. gr. samþ. með 10:7 atkv.
15. gr. samþ. með 10:2 atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 10:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:2 atkv.

Á 42. fundi í Ed., 29. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 285).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:6 atkv. og afgr. til Nd.

Á 46. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 48. og 51. fundi í Nd., 30. jan. og 2. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., 3. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta mál er komið hingað til þessarar hv. d. frá Ed., þar sem það var samþ. með litlum breyt., sem koma fram á þskj. 285, þar sem prentaðar eru 2 gr. með áorðnum breyt., en öðrum greinum var þar ekki breytt.

Þetta frv. er samið af n., sem skipuð var með bréfi rn. 27. maí 1966. Þessi n. var skipuð samkvæmt ósk Sambands ísl. sveitarfélaga, sem á undanförnum árum hefur fjallað um nýja skipun sveitarfélaga á landinu. Í n. áttu sæti níu menn, þrír tilnefndir af sambandinu, fjórir af þingflokkunum, einn af hverjum, einn tilnefndur af Dómarafélagi Íslands og einn án tilnefningar, og var sá formaður n.

Augljósar ástæður mæla með því, að tekin verði upp breytt skipan sveitarfélaga hér á landi í samræmi við breytta þjóðlífshætti. Skal lauslega vikið að nokkrum þessara ástæðna. Stór sveitarfélög eru sterkari til sóknar og varnar í velferðarmálum þegna sinna en smá sveitarfélög. Þetta gildir bæði gagnvart ríkisvaldinu og öðrum aðilum. Sumir álíta, að ríkisvaldið hafi færzt um of á hendur fárra aðila og að nauðsyn sé að stefna að nokkurri dreifingu þess í hendur aðila úti á landsbyggðinni. Sterkari og stærri sveitarfélög eru grundvallarskilyrði þess, að sú þróun geti átt sér stað.

Sannleikurinn er sá, að hinn mikli samdráttur ríkisvaldsins til höfuðborgarinnar, sem orðið hefur á undanförnum áratugum, á ekki hvað sízt rætur sínar að rekja til fámennra stjórnarfarseininga úti um landsbyggðina, sem hreinlega hafa ekki verið þess megnugar að rækja þau verkefni, sem annars verða bezt af hendi leyst eðli málsins samkvæmt heima í héraði. Þá hefur ríkisvaldið tekið málin í sínar hendur, og þannig hafa æ fleiri verkefni verið unnin í Reykjavík, sem kannske betur væru af hendi leyst af fólkinu sjálfu úti í héruðunum, ef samtök þess hefðu verið nægilega öflug til þess að sinna störfunum.

Hin mörgu sveitarfélög hér á landi eru mjög sundurleitur hópur. Íbúatalan er frá 10–20 og upp í 80 þúsund. Geta og hæfni þessara stjórnarfarseininga til meðferðar hinna ýmsu verkefna er vissulega mjög misjöfn. Flokkun sveitarfélaga eftir getu og hæfni þeirra og úthlutun verkefna í samræmi við slíka notkun skapar glundroða í stjórnarfarslöggjöfinni, sem sízt væri til bóta. Nær liggur þá að efla sveitarfélögin, sem veikust eru, með sameiningu og freista þess þannig að koma á fót sveitarfélögum, sem ekki yrðu eins sundurleit og þau eru nú. Möguleikarnir á því að skipta verkefnum á milli ríkisins og sveitarfélaganna væru því meiri, ef unnt væri að skapa öflug sveitarfélög í landinu yfirleitt. Fjölmörg sveitarfélög geta hagnýtt sér margvíslegar vélar í starfi sínu. Allt miðar það að betri vinnu og meira öryggi á þeim sviðum. Þá ætti enn fremur að mega vænta þess, að reikningsskil gætu orðið innan þess frests, sem lög setja, en á það skortir nú mikið í mörgum sveitarfélögum.

Hreppaskipting sú, sem nú er í landinu, á rót sína að rekja til fyrri tíma samgönguhátta. Nú er öldin önnur í þeim efnum. Má segja, að vegur liggi næstum heim að hverju byggðu bóli, og flest heimili hafa yfir að ráða samgöngutækjum nútímans. Þá er það ekki síður mikilvægt, að sími er kominn á hvert heimili, og allt greiðir þetta fyrir öllum samskiptum manna á meðal. Allar fjarlægðir hafa stytzt, ef svo má segja, og þessi nýju viðhorf auðvelda mjög stækkun sveitarfélaganna. Ýmislegt fleira mætti nefna, sem mælir með sameiningu, en hér verður þetta látið nægja að sinni.

Samkvæmt framansögðu getur það naumast orkað tvímælis, að brýna nauðsyn ber til þess að gera gagngerða breytingu á skipun sveitarfélaganna hið allra fyrsta. Mörg rök virðast hníga í þá átt, að þörf sé mjög róttækra breytinga.

N., sem hafði þetta mál til meðferðar, skipti landinu í 66 athugunarsvæði. Skipting þessi var gerð í samráði við sýslumenn og sveitarstjórnarmenn, en af þessum 66 athugunarsvæðum eru 17 sveitarfélög óbreytt frá því, sem nú er, og ekki líklegt að verði aðilar að sameiningu. Af þeim 49 athugunarsvæðum, sem þá eru eftir til athugunar, hefur verið samþ. á formlegum fundum með sveitarstjórnunum að athuga sameiningu á 34 athugunarsvæðum, sem taka til samtals 157 sveitarfélaga. Þó að ekki hafi enn verið haldnir formlegir fundir með sveitarstjórnum á þeim 15 svæðum, sem þá eru eftir, með samtals 51 sveitarfélagi, hafa till. um myndun þeirra verið gerðar í nánu samráði við hlutaðeigandi oddvita. Í aths. sameiningarnefndar um þessi 66 athugunarsvæði segir m. a. svo:

„Ef skipan þessi hlyti samþykki, þá mundi sveitarfélögum á landinu fækka úr 227, sem þau nú eru, í 66. Ef

skipan þessi hlyti samþykki, þá mundi sem sagt fækkunin verða um 160 sveitarfélög. N. telur, að þróunin í þessa átt væri til mikilla bóta. Lögfesting slíkrar skiptingar er viðkvæmt stjórnmál, sem ríkisstj. og Alþ. verða að meta, hvort rétt sé að framkvæma. N. telur því ekki rétt að leggja til, að slík lögfesting fari fram. Þó að lítill árangur sé enn sýnilegur af tilraunum n. til þess að koma á sameiningu með frjálsu samkomulagi, telur n. þó enn ekki fullreynt um, að árangur náist með þeim hætti. Litlar líkur eru þó til þess, nema málinu sé fylgt eftir með festu af hálfu ríkisstj. og Sambands ísl. sveitarfélaga."

Niðurstaða n., sem um þetta mál fjallar, er þess vegna sú, að sameining, ef hún á að framkvæmast, verði að gerast með frjálsu samkomulagi hreppsfélaga.

Ég skal að lokum aðeins minnast á efni þessa frv., sem hér liggur fyrir.

Í 1. gr. frv. segir, að félmrn. skuli í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga stuðla að eflingu sveitarfélaganna með því að koma á sameiningu tveggja eða fleiri sveitarfélaga í eitt sveitarfélag samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Í frv. er gert ráð fyrir erindreka, sem á að annast framkvæmd laganna undir umsjón rn. og í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga og hlutaðeigandi sveitarstjórnir. Í þeim breyt., sem gerðar voru á frv. í hv. Ed., segir þó, að þessi ráðstöfun sé einungis tímabundin, og síðar skuli félmrn. taka við starfi þessa erindreka. Hlutverk erindrekans skal m. a. vera að eiga frumkvæði að því, að athuguð verði skilyrði fyrir sameiningu einstakra sveitarfélaga um allt land og að afla upplýsinga eftir föngum um allt það, sem máli skiptir í sambandi við sameiningu þeirra.

Það er höfuðreglan samkvæmt þessu frv., að sameining sveitarfélaga getur ekki náð fram að ganga, nema hlutaðeigandi sveitarstjórnir séu samþykkar sameiningu. Ein undantekning er þó frá þessari reglu. Í 13. gr. frv. er gert ráð fyrir heimild handa ráðh. til að sameina hrepp nágrannasveitarfélagi samkvæmt till. erindreka, án þess að fyrir liggi samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórna og sýslunefndar, ef íbúatala hreppsins hefur s. l. þrjú ár verið lægri en 50.

Í frv. eru ýmis ákvæði, sem greiða fyrir því, að sameining geti náð fram að ganga, ef vilji er á annað borð fyrir hendi hjá sveitarstjórnunum. Þannig er t. d. gert ráð fyrir því, að jöfnunarsjóður veiti fjárhagslega aðstoð til þess að greiða fyrir sameiningu hreppa umfram þá aðstoð vegna skuldabyrði, sem heimiluð er í 2. mgr. 5. gr. l. nr. 51 1964, þegar sveitarfélög, sem hlut eiga að máli, eiga við óvenjulega erfiðleika að stríða vegna framfærsluþunga eða annarra hliðstæðra verkefna.

Í 12. gr. frv. eru ákvæði, sem eiga að greiða fyrir sameiningu dreifbýlishrepps við þéttbýlissveitarfélag, en ákvæðið hljóðar á þá leið, að þegar hreppar, sem eru í dreifbýli, verða sameinaðir kaupstað eða kauptúni, er sveitarstjórn hinna sameinuðu sveitarfélaga heimilt að ákveða í tiltekinn tíma, þó ekki lengur en 10 ár frá sameiningu, í fyrsta lagi, að innheimta skuli fasteignaskatt, sbr. 5. gr. l. nr. 51 1964, með allt að 400% álagi. Ákvæði þetta gildir þó ekki um bújarðir með tilheyrandi jarðarhúsum. Í öðru lagi, að útsvör, sem lögð eru á gjaldendur, sem eiga lögheimili á bújörðum og hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaðarstörfum þar, verði lægri en annarra gjaldenda, þannig að frávik útsvarsstiga verði hagstæðara fyrir þá.

Með frv. þessu er stefnt að því, að athugun á sameiningu fari fram um allt land. Athugun þessi verði framkvæmd af fulltrúum sveitarstjórna þeirra, sem hlut eiga að máli, í samráði við erindreka.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða skulu samstarfsnefndir þær, sem eru starfandi, starfa áfram eftir gildistöku þessara laga, þar til þær hafa lokið störfum eða hlutaðeigandi sveitarstjórnir hafa kosið nýjar samstarfsnefndir. Eins og áður segir, hefur verið formlega samþ. að athuga um sameiningu í 34 athugunarsvæðum, er taka til samtals 157 sveitarfélaga, og kjósa samstarfsnefndir til þess að framkvæma þá athugun.

Þetta mál er orðið að mínu viti aðkallandi, þar sem of mörg sveitarfélög eru svo fámenn, að þau eiga erfitt með framkvæmd þeirra verkefna, sem þessum sveitarfélögum eru falin. Eina leiðin út úr þeim erfiðleikum er að mínu viti og þeirra, sem um þetta mál hafa fjallað, sú, að þessi smáu sveitarfélög sameinist annaðhvort tvö eða fleiri eða sameinist stærra sveitarfélagi, ef um fámennt sveitarfélag er að ræða, o. s. frv. Hins vegar geta náttúrlega verið skiptar skoðanir um þetta, og menn eiga kannske erfitt með að hugsa sér að sameinast öðrum sveitarfélögum, en ég held, að nauðsynin sé svo brýn, að menn ættu að skoða það mjög grannt, áður en þessari leið verður hafnað.

Þessi athugun mála og meðferð hefur verið framkvæmd í nágrannalöndum okkar, og ég heyrði það t. d. í útvarpi í gær, að af 1200 sveitarfélögum, sem áður voru í Danmörku og ganga til kosninga þar í dag, eru nú aðeins 200 sveitarfélög eftir, þegar sameining hefur þar farið fram, þeim hefur fækkað um 4/5 eða 5/6 eða eitthvað þess háttar.

Ég vil að lokum undirstrika það, sem ég sagði hér áðan, að það er ekki meiningin að þvinga þessari sameiningu upp á neinn, heldur að það sé gert með fullu samþykki þeirra sveitarfélaga, sem í hlut eiga.

Ég vildi svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að þessu máli yrði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Hæstv. félmrh. hefur nú fylgt frv. þessu úr hlaði, skýrt efni þess og þann aðdraganda, sem að baki liggur, og rætt nokkuð þann tilgang, sem frv. þessu, ef að lögum verður, er ætlað að ná. Ég vil hér þegar við 1. umr. þessa máls í þessari hv. d. segja örfá orð um nokkur efnisatriði frv., ef það mætti verða til þess, að sú hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, tæki að einhverju leyti þær aths. mínar til athugunar.

Í frv. þessu eru að mínu mati einkum þrjú atriði, sem skipta máli sem veigamiklar breytingar frá því, sem er í gildandi sveitarstjórnarlögum. Það eru í fyrsta lagi ákvæðin um erindreka, í annan stað ákvæði 12. gr. um breytilegar álagningarreglur, þar sem svo háttar, að sameinaðir kunna að verða sveitarhreppar og þéttbýlishreppar, og í þriðja lagi ákvæði 13. gr. um heimild ráðh. að sameina hin fámennustu sveitarfélög án umsagnar eða vilja heimaaðila.

Hæstv. ráðh. greindi hér nokkuð áðan frá hlutverki erindreka, en hlutverk hans skal vera að eiga frumkvæði að því, að athuguð verði skilyrði fyrir sameiningu einstakra sveitarfélaga, að safna gögnum og upplýsingum um allt það, sem máli skiptir í því sambandi, að vera samstarfsnefndum sveitarfélaga, sem komið getur til greina að sameina, til ráðuneytis og aðstoðar, m. a. varðandi viðskipti þeirra um þessi mál við rn., enn fremur að vera sveitarstjórnum til aðstoðar við ákvörðun þeirra atvika, sem upp kunna að koma í þessum málum, og erindrekinn fær í hendur í einstökum tilvikum vald til þess að taka ráðin af sveitarstjórnum. En það er samkvæmt því, sem segir í 5. gr. þessa frv., að ef sveitarstjórn hefur hafnað sameiningu, getur erindrekinn eigi að síður knúið fram atkvgr. í viðkomandi sveitarfélögum og enda þótt öll sveitarstjórnin sé því andvíg.

Um þessi ákvæði vil ég segja það í sem skemmstu máli, að ég tel þau óþörf og að sumu leyti til óþurftar. Ég treysti sveitarstjórnarmönnum sjálfum og íbúum strjálbýlissvæðanna fyrst og fremst sjálfum bezt til þess að ákveða, hvaða skipan bezt er að hafa á þessum málum, og ég tel ekki miklar líkur til þess, þar sem þetta mál hefur nú verið kynnt mjög á undanförnum árum, að starf erindreka í þessu skyni fái miklu þokað um vilja heimaaðilanna. Ég sagði, að þessi ákvæði væru e. t. v. að einhverju leyti til óþurftar, og á ég þá við það, sem greinir frá í frv., að erindrekinn getur gripið fram fyrir hendur viðkomandi sveitarstjórna, og hygg ég, að það verði ekki til þess að auðvelda það samstarf, sem þarna er fyrirhugað að koma á.

Í öðru lagi vil ég minnast á ákvæði 12. gr. um breytilegar álagningarreglur, þegar svo stendur á, að fyrirhugað er að sameina strjálbýlissveitarfélag þéttbýlissveitarfélagi. Í þessari gr. frv. er viðurkennd sú staðreynd, sem við blasir, að ekki er unnt að veita sömu þjónustu í strjálbýli og þéttbýli. Þetta er öllum hv. þdm. kunnugt og þarf naumast að rökstyðja, aðeins minna á fáa þætti þjónustu, svo sem gatnagerð, vatnsveitur, holræsagerð og rafveitur, sem framkvæmdir eru í þéttbýlinu, svo og ýmsa aðra félagslega aðstöðu og þjónustu, sem miklu auðveldara er að veita í þéttbýli en strjálbýli. Þessi staðreynd er viðurkennd í þessari grein og til hennar tillit tekið, en þau tímamörk eru við þetta sett, að aðeins skuli vera heimilt, að þessar breytilegu álagningarreglur gildi í 10 ár.

Ég álít, að hérna sé ekki nægilega langt gengið. Ástæða væri til þess að mínu mati, að inn í lögin væru tekin ákvæði þess efnis, að heimilt væri að hafa slíkar breytilegar álagningarreglur, þar sem sveitarfélög samanstanda af þéttbýli og strjálbýli, og með svipuðum hætti og vikið er að í frvgr., en án þess að vera bundið við ákveðinn árafjölda.

Í 13. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að ráðh. sé heimilað að sameina hrepp nágrannasveitarfélagi samkvæmt till. erindreka, án þess að fyrir liggi samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórna og sýslunefndar, ef íbúatala hreppsins hefur s. l. þrjú ár verið lægri en 50. Í gildandi sveitarstjórnarlögum segir um þetta atriði í 5. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Nú hefur íbúatala hrepps verið lægri en 100 samfellt í 5 ár, og er þá rn. heimilt eftir till. sýslunefndar að sameina hreppinn þeim nágrannahreppi, sem sýslunefnd telur bezt henta.“

Í gildandi lögum er því gengið lengra, að því er varðar íbúatölu hreppsins, en þar er fylgt þeirri lágmarksskyldu, sem ég tel að verði að vera í þessum efnum, að leitað sé umsagnar heimaaðila um, hvaða nágrannasveitarfélagi hið fámenna sveitarfélag skuli sameinað.

Ég vil halda mig við þá grundvallarreglu, að fólkið sjálft eigi að ráða í þessum sökum, en viðurkenni hins vegar, að svo fámenn geta sveitarfélög orðið, að þeim verði ekki haldið uppi. Til þess að skilgreina það mætti e. t. v. koma inn ákvæði í frv., að ef sveitarfélög og stjórnendur þeirra, sveitarstjórnir, gætu ekki rækt þær skyldur, sem þeim ber, gæti komið til greina að taka af þeim þessi ráð, en fyrr ekki, og þó jafnframt, að leitað sé umsagnar sýslunefndar viðkomandi sýslu.

Til þess að taka dæmi um þetta efni, þá varð nú fyrir mér í skýrslu sameiningarnefndar Klofningshreppur, sem 1. des. 1967 hafði einungis 35 íbúa. Ef frv. þetta væri samþ. óbreytt, væri á valdi félmrh. að sameina Klofningshrepp öðrum hvorum nágrannahrepp þess eftir ábendingum erindreka, en án umsagnar heimaaðila. Eru þarna sinn á hvora hönd Fellsstrandarhreppur og Skarðshreppur, og ég treysti miklu betur sýslunefnd Dalasýslu til þess að segja til um það, hvorum þessara hreppa á að sameina Klofningshrepp, en erindreka þeim, sem skipaður yrði eftir þessu frv., ef það nær fram að ganga, og félmrh., hver sem hann er á hverjum tíma.

Um störf erindreka til þess að greiða fyrir sameiningu hreppa að öðru leyti má taka það fram, að ekki virðist vera sérstaklega brýn þörf til þess, að hann sé ráðinn, og væri miklu eðlilegra, að þau störf, sem honum ber að inna af höndum, væru á vegum félmrn.

Ef maður lítur á það, sem segir í gildandi sveitarstjórnarlögum um þau tilvik, sem upp koma, ef óskir koma fram um að sameina sveitarfélög, þá segir þar, með leyfi forseta, í 4. gr.: „Rn. skal sameina hreppa, þegar þess er óskað af hlutaðeigandi hreppsnefndum og sýslunefnd mælir með“ o. s. frv. Svo virðist sem sagt, að gildandi lög leggi ekki stein í götu þess, að sameining sveitarfélaga nái fram að ganga, ef þess er óskað af viðkomandi aðilum, og á ekki heldur að vera, því að í mörgum tilfellum getur verið æskilegt, að sameining nái fram að ganga.

Ég ætla ekki að fara öllu fleiri orðum um þessar gr. frv., en það leiðir af því, sem ég þegar hef sagt, að ég er því að sumu leyti andvígur, einkum þó þeim ákvæðum, er fjalla um erindrekann, og tel, að það sé óþarft starf og verja mætti fé ríkissjóðs til annarra þarflegri hluta. Í öðru lagi virðist mér frv. ekki ganga nógu langt varðandi heimild um breytilegar álagningarreglur, þegar um þéttbýlis- og strjálbýlissveitarfélög er að ræða. Og í þriðja lagi, varðandi hin fámennustu sveitarfélög tel ég, að það sé síður en svo til bóta, heldur til hins verra frá því, sem segir í gildandi sveitarstjórnarlögum.

Hæstv. félmrh. ræddi nokkuð um þá stefnu, sem felst í þessu frv., og þá miklu þörf, sem þar væri til úrbóta, sem sé að sameina hin mörgu og fámennu sveitarfélög í landinu. Um þetta efni mætti segja mörg orð, og skal ég ekki ræða það lengi, aðeins víkja að örfáum atriðum, en

láta annað bíða og ræða það þá síðar, ef sérstakt tilefni gefst til. Ég tek það skýrt fram, að sameining sveitarfélaga getur í ýmsum tilvikum verið hagkvæm og til bóta, enda sé þá vilji íbúanna sjálfra fyrir hendi, sem ég tel vera, eins og þegar hefur verið lýst, grundvallaratriði.

Róttækum breytingum, sem hæstv. ráðh. minntist á, að hér væri mikil þörf á að koma fram, fylgja þó að mínu mati ekki einungis kostir, heldur einnig verulegir ókostir fyrir íbúa strjálbýlisins. Þessa ókosti mun ég þó ekki að sinni rekja hér.

En hjá þeim mönnum, sem mest hafa talað fyrir þessari stefnu, sem sé sameiningu sveitarfélaganna, hefur það þó verið meginatriðið, að það skyldi gert strjálbýlinu til styrktar. Hvergi er þó að mínu áliti eins augljós hagur að því að sameina sveitarfélög og þar, sem þéttbýl sveitarfélög liggja saman. Á þetta hefur verið lítt minnzt af þeim aðilum, sem um þetta mál hafa fjallað, og þessu efni eru ekki sérlega góð skil gerð í þeirri skýrslu, sem sameiningarnefnd sveitarfélaga lét frá sér fara. Það blasir auðvitað við okkur hér svæðið frá Reykjavík til Hafnarfjarðar um þetta atriði. Nú skal ég ekkert um það segja, hvort það væri hagkvæmt frá stjórnsýslulegu sjónarmiði, að þessi sveitarfélög væru öll sameinuð í eitt, en augljóst er, að það væri til mikilla hagsbóta, að þeim væri fækkað. Með því mundi nást meiri hagkvæmni, m. a. í skipulagningu umferðarmannvirkja, skipulagningu þjónustumiðstöðva, uppbyggingu atvinnufyrirtækja og uppbyggingu íbúðarhverfa, svo að nokkuð sé nefnt. Hér er þó sleppt, sem augljóst má þó einnig telja, að ná mætti meiri hagkvæmni í stjórnun þessara sveitarfélaga, ef þau væru a. m. k. að nokkrum hluta sameinuð. Í skýrslu sameiningarnefndar er að vísu gert ráð fyrir því, að þessum sveitarfélögum sé skipt í athugunarsvæði eins og öðrum sveitarfélögum í landinu, og eru þar í þriðja athugunarsvæði Hafnarfjörður, Garðahreppur og Bessastaðahreppur, í fjórða athugunarsvæði Kópavogskaupstaður og í fimmta athugunarsvæði Reykjavík og Seltjarnarneshreppur. Það leiðir af því, sem ég sagði um þetta efni áðan, að það ætti allt eins vel að koma til greina að sameina þessi sveitarfélög í tvö sveitarfélög eins og í þrjú.

Því hefur nokkuð verið á lofti haldið, og það kom m. a. fram í ræðu hæstv. ráðh. áðan, að grundvallaratriði þess, að sveitarfélögin fengju valdið hinum stærri verkefnum, væri, að þau yrðu sameinuð og stækkuð og gerð þar með fjölmennari. Þetta hefur m. a. borið á góma í þeim tilvikum, þegar rætt hefur verið um skiptingu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga, þar sem til álita hefur komið, að sveitarfélögin tækju í sínar hendur meiri hluta úr stjórnsýslukerfinu, og að öðru leyti, að þau færu ein með suma þætti mála, en ríkisvaldið aftur eitt sér með aðra þætti. Nú skal ég ekki segja um þetta efni, hvað hagkvæmast er. Að mínu áliti getur verið visst aðhald í því, að sveitarfélögin starfi að ákveðnum málaflokkum með ríkisvaldinu. Því fylgir nokkurt aðhald í meðferð fjármála, ef heimaaðilar eiga þar einnig að bera nokkra ábyrgð. En raddir um skiptingu á þessum sviðum eru uppi, og er rétt að víkja örlítið að því.

Það hefur verið um það rætt sem stefnuatriði, að sveitarfélögin gætu e. t. v. í framtíðinni tekið að sér á sviði skóla- og fræðslumála barna- og unglingastigið. Um það atriði má segja, að ekki er nein vissa fyrir því, þó að horfið yrði að verulegri sameiningu sveitarfélaganna, að þá fari það nákvæmlega saman við myndun skólahverfanna, sem þegar hafa verið mynduð, mörg hver um myndarlega heimavistarskóla fyrir mörg sveitarfélög með frjálsu samstarfi. Vissulega er eftir á nokkrum svæðum landsins að gera átak í því skyni að mynda ákveðin skólahverfi, og þar þarf til að koma samstarf þeirra sveitarfélaga, sem til eru, en víða hefur það þegar tekizt með ágætum með góðu samstarfi sveitarfélaganna, og ég tel ekki líkur til þess, að þótt horfið yrði að verulegum breytingum um skipan og mörk sveitarfélaganna í landinu, þá færi það endilega saman við mörk skólahverfanna.

Í heilbrigðismálum hefur nokkuð verið á það minnzt, að sveitarfélögin tækju ein í sínar hendur ákveðna þætti heilbrigðismála. Það er rætt um heilbrigðiseftirlit, heilsugæzlu og hjúkrunarheimili, sem mér út af fyrir sig virðist vera nokkrum vandkvæðum bundið að skera frá rekstri sjúkrahúsa og læknisþjónustu, vegna þess að heilbrigðisþjónustan er víða öll bundin við sömu stofnun og erfitt að greina sundur rekstur hennar milli ríkis og sveitarfélaga. En færi svo, að þetta yrði fært á hendur sveitarfélaganna, er eðlilegt, að samstarf myndaðist milli sveitarfélaganna innan hvers læknishéraðs og e. t. v. innan hverrar sýslu um lausn og framkvæmd þessara mála.

Um brunamál, sem rætt hefur verið um, að gæti komið til álita, að sveitarfélögin tækju algerlega í sínar hendur, þá virðist mér einsýnt, að hver sýsla ætti að hafa þau mál með höndum og sveitarfélög hverrar sýslu að vinna saman að þeim málum.

Á sviði félagsmála hefur oft verið gagnrýnd sú skipan, sem á hefur orðið um byggingu félagsheimila, og get ég vissulega tekið undir það, en það er ekki eingöngu skipan sveitarfélaganna að kenna, heldur einnig því, að ekki hefur verið nægilega traust skipulag félagsheimilasjóðs og stjórn hans hefur ekki haft nógu mikil áhrif á staðsetningu félagsheimila.

Ýmsa fleiri þætti félagsmála mætti nefna, t. d. tryggingamál, sem nú eru í höndum þriggja aðila, í fyrsta lagi Tryggingastofnunar ríkisins, síðan héraðssamlaga og síðast sjúkrasamlaga. Það blasir við af því, sem ég hef sagt um þessi efni, að enda þótt horfið yrði að sameiningu sveitarfélaganna, mundu þau tæpast spanna nákvæmlega yfir það svið, sem væri hæfilegt fyrir hvert þessara verkefna um sig. Í þeim efnum þarf því að ríkja áfram, eins og verið hefur hingað til, samstarf milli sveitarfélaganna um ýmsa þætti sveitarstjórnarmála og opinberra mála, sem sveitarstjórnir hafa afskipti af. Ég tel, að það sé mikil þörf á því nú að efla samstarf sveitarfélaganna og efla e. t. v. héraðsstjórnirnar og þau áhrif og völd, sem þær hafa, svo og hin frjálsu samtök landshluta og kjördæma, sem mynduð hafa verið á síðustu árum.

Hæstv. ráðh. minntist hér í lok ræðu sinnar á þá breytingu, sem hann hafði heyrt af í fréttum frá Danmörku í sambandi við sveitarstjórnarkosningarnar, sem þar fara nú fram. Ég vil ekki líkja saman þeim skilyrðum, sem eru til myndunar sveitarfélaga í Danmörku og hér í okkar strjálbyggða landi, og enda þótt sameining sveitarfélaga geti verið ágæt í Danmörku, þá er ekki

nein vissa fyrir því, að hún sé jafngóð hér, og nægir að vitna til þess, sem ég sagði hér áðan um það, að hvergi væri eins augljós hagur að sameiningu sveitarfélaga eins og þar, sem þéttbýl sveitarfélög liggja saman, en svo sem kunnugt er, er mikill munur á þéttbýli í Danmörku og hér á Íslandi.

Ég mun ekki á þessu stigi hafa öllu fleiri orð um þetta mál. Ég geri ráð fyrir því, að um það verði allmiklar umræður. Ég hef ekki rætt ýmsa þá ókosti, sem ég tel vera á því fyrir strjálbýlissveitarfélögin, að þau séu stækkuð mjög mikið, og vænti þess, að það komi hér síðar fram í umr., eða ég mun þá, ef tilefni gefst til, ræða það frekar síðar. En ég legg áherzlu á það grundvallaratriði, að um verði að ræða frjálsa sameiningu sveitarfélaga, en það ekki með valdboði gert, því að það mundi ekki farsællega fara, ef horfið yrði að því ráði.

Ég legg svo einnig áherzlu á það, að þótt ég sjái ýmsa vankanta á þessu máli og vankanta á þeirri stefnu, sem því er ætlað að styðja, þá er það vissulega svo, að sameining sveitarfélaga getur í ýmsum tilvikum átt rétt á sér og haft fullt gildi.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Mér finnst þetta frv. að mörgu leyti mjög sérstætt, og ég man ekki eftir neinu frv. í svipinn af þessari gerð, síðan ég kom á þing.

Mér sýnist eitt aðalatriðið í þessu frv. vera það að stofna embætti til þess að líta eftir lögum um embættið. Þetta frv., sem heitir að vísu um sameiningu sveitarfélaga, en ætti að heita um áróður fyrir sameiningu sveitarfélaga, snýst fyrst og fremst um svokallaðan erindreka, störf hans, verkefni hans á einn eða annan hátt. Samkvæmt 2. gr. segir: „Félmrn. felur sérstökum erindreka að annast framkvæmd laga þessara“ o. s. frv. Já, hvað mætti stofna mörg embætti í landinu, ef það ætti að fara að stofna sérstakt embætti til að líta eftir hverjum einustu lögum sem sett væru? Þeir eru orðnir fámennir í félmrn., ef þeir geta ekki sjálfir litið eftir sveitarstjórnarlögum eða lögum um sameiningu sveitarfélaga rétt eins og öðrum lögum. Nei, nú á að stofna sérstakt embætti. Að vísu hefur hv. Ed. eitthvað hikað við þetta, því að hún bætir inn í 2. gr., „Félmrn. felur sérstökum erindreka“ – „fyrst um sinn“.

Það, sem hlýtur að vekja athygli manns, þegar litið er yfir þetta frv., er það, hvaðan það er komið. Hvar er upphaf þessa frv. í raun og veru? Er það hjá fólkinu í sveitarfélögunum, sem þjáist af því, hvað sveitarfélögin eru lítil? Hefur stjórnarvöldunum borizt einhver beiðni eða kvartanir um það úr byggðarlögunum, að það sé eiginlega ekki hægt að halda uppi sveitarfélagi vegna þess, hvað þau eru orðin fámenn? Nei, það er nú öðru nær. Það er ekki komið þaðan, þetta fyrirtæki eða þetta frv. Eftir því sem ég bezt fæ séð af þeim skýrslum, sem komið hafa fram frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, sem gefnar eru út, virðist ekki hafa komið nokkurs staðar fram á landinu ósk um löggjöf um sameiningu sveitarfélaga, mér vitanlega, hvergi nokkurs staðar.

Nú hefur verið, eins og hér hefur verið réttilega bent á, löggjöf um sameiningu sveitarfélaga, og slík sameining getur farið fram og hefur ekkert verið því til fyrirstöðu að undanförnu, hvað löggjafarhliðina snertir, en í skýrslu sveitarstjórnasambandsins er sagt frá þeim skilyrðum, sem þurfi til þess samkv. núgildandi lögum að sameina sveitarfélög, og segir svo, að að þessum skilyrðum fullnægðum skuli félmrn. framkvæma sameininguna. Raunar var þessi heimild í eldri sveitarstjórnarlögum. Þessi heimild hefur víst aldrei verið notuð. Áhuginn eða óskirnar eru ekki meiri en þetta utan af landinu um sameininguna. Málið er komið frá stjórnarvöldunum sjálfum, og það er reynt að knýja fram þessa sameiningu með sérstökum embættismanni, sem á að hafa alveg óvenjulegu hlutverki að gegna að mínum dómi samkvæmt þessu frv.

Í þessu frv. er sagt m. a., að hlutverk erindrekans skuli vera að eiga frumkvæði að því, að athuguð verði skilyrði fyrir sameiningu einstakra sveitarfélaga. Af hverju þarf erindreki að eiga frumkvæðið að því? Mundu ekki sveitarstjórnarmenn heima fyrir eiga slíkt frumkvæði, ef þeir sæju nokkra þörf á sameiningu, ef þeir kærðu sig bókstaflega um hana? Þarf einhvern erindreka sunnan úr Reykjavík til þess að hafa frumkvæði að því, að sveitarfélög séu sameinuð?

Í 3. gr. segir, að stofna skuli sameiningarnefndir, sem rannsaki möguleika á sameiningu sveitarfélaga. Slík n., sem kosin er, kýs sér formann úr sínum hópi, en heimilt er að fela erindreka formennsku n. Þarna er hreinlega gefið í skyn, að þeir séu ekki færir um það heima fyrir að láta n. starfa á félagslegan hátt og það þurfi erindreka frá ríkisstj. til þess að hún vinni eins og vera ber. Þetta er nú eitt sýnishornið af virðingunni, sem borin er fyrir forustumönnum sveitarfélaganna í þessu frv.

Enn fremur segir í 3. gr.: „Samstarfsnefndir skulu haga störfum sínum í samráði við erindreka.“ Þær verða að gera svo vel að bera undir hann, hvernig þær eigi að haga sér við að rannsaka, hvort vilji er til heima fyrir um sameiningu. Það þarf að bera það undir hann. Þeir eru ekki færir um það, forustumenn sveitarfélaga, að kanna hjá sínu fólki, hvort það vill sameiningu. Þetta er annað sýnishorn úr þessu frv.

Í 4. gr. segir:

„Erindreki getur af sjálfsdáðum gert till. um sameiningu tilgreindra sveitarfélaga, og er þá sveitarstjórnum þeim, sem hlut eiga að máli, skylt að kjósa samstarfsnefnd.“

Ef þeir hafa ekki haft frumkvæðið sjálfir, ef þeir óska ekkert eftir því eða kæra sig ekki um neina sameiningu, getur bara erindrekinn komið og sagt þeim: „Gerið þið svo vel og kjósið þessa n., og látið hana starfa eftir mínum fyrirmælum.“

Einna mest að mínum dómi er áberandi í 5. gr. það virðingarleysi, sem borið er fyrir forustumönnum sveitarfélaga í þessu frv. Þar er fyrst talað um, að sveitarstjórnirnar eigi að ákveða, hvort sameining eigi að fara fram. Þetta er að vísu ekki í ósamræmi við gildandi lög, en ákaflega finnst mér það nú hæpið og eiginlega alveg óviðunandi, eins og hv. síðasti ræðumaður benti réttilega á, að sveitarstjórnirnar einar eigi að taka ákvörðun um sameiningu. Nú eru það sums staðar ekki nema þrír menn og víðast kannske annaðhvort þrír eða fimm menn, og meiri hl. á að taka þessa ákvörðun. Tveir menn í sveitarfélagi geta tekið ákvörðun um að leggja hreppinn niður og sameina hann öðrum hreppi, þó að mikill meiri hluti íbúa sveitarfélagsins sé algerlega á móti því. En þetta er ágalli líka í núgildandi

lögum, það skal ég taka fram, og það þarf að lagfæra. En svo segir hér í þessari 5. gr.:

„Nú verður ágreiningur innan sveitarstjórnar um afgreiðslu málsins, og er þá sveitarstjórn heimilt að láta fara fram atkvgr. innan sveitarfélagsins um sameininguna."

Það er heimilt, en ekki skylt, en ég álít hins vegar, að ætti að vera tvímælalaus skylda í hverju einasta sveitarfélagi að bera það undir almennan kjósendafund í hreppnum, hvort sameining eigi að fara fram. Og svo kemur þessi merkilega setning:

„Erindreka er og heimilt að ákveða, að fram skuli fara atkvgr. um sameiningu í sveitarfélagi, ef sveitarstjórn þess hefur fellt ályktun um sameiningu."

Hafi sveitarstjórnin fellt slíka ákvörðun, getur erindrekinn komið og sagt: „Gerið svo vel og látið fara fram almenna atkvgr. um þetta." En hafi sveitarstjórn samþ. það, þarf ekkert að spyrja fólkið að þessu. Maður sér svo sem svipinn á þessu.

Það vekur líka athygli mína, hvernig frv. er kynnt, eða réttara sagt, hvernig leitað er eftir skoðunum manna víðs vegar um landið um sameiningarmálin í heild. Frá þessu er rækilega skýrt í Sveitarstjórnartíðindunum, sem menn hafa sjálfsagt lesið. Þar er lögð spurning fyrir alla sýslumennina í landinu. Og aðalspurningin er þessi: „Álítið þið rétt að sameina sveitarfélög?" Sýslumennirnir eru spuðir, sveitarstjórnir eru hvergi spurðar, sýslunefndir eru ekki spurðar, bara sýslumennirnir. Og það liggur fyrir opinberlega álit allra 16 sýslumannanna í landinu í Sveitarstjórnartíðindum. Og svörin hjá sýslumönnunum eru langsamlega flest á þá leið, að þeir eru stuðningsmenn þess, að sveitarfélög verði sameinuð. Af þeirri skýrslu um þetta, sem fram kemur í Sveitarstjórnartíðindum, sýnist mér, að undirtektir sýslumanna hafi verið á þessa leið: Einn sýslumaður segir ekkert um sitt persónulega álit á því. Tveir eru andvígir sameiningu sveitarfélaga. Einn er jákvæður, ef fullnægt er ákveðnum skilyrðum, þ. á m., að sveitarfélögin samþykki sjálf sameininguna, en 12 af 16 eru skilyrðislaust fylgjandi sameiningu. Þetta er út af fyrir sig ekkert undarlegt, því að sýslumönnum er það áreiðanlega ákaflega mikið hagræði að fækka sveitarfélögum, og ég býst við, að félmrn. sé það líka mikið hagræði.

En hvernig er álit forustumanna sveitarfélaganna sjálfra, hreppsnefndarmanna og sýslunefndarmanna? Hvað segja þeir um þetta frv., sem svona rækilega var lagt fyrir alla sýslumenn? Í þeirri skýrslu úr Sveitarstjórnartíðindum, sem ég hér nefndi, kemur það fram, að í þessum 16 sýslufélögum eru sýslunefndarmenn og sveitarstjórnarmenn, sem sýslumenn hafa rætt málin við og kynnt sér skoðanir þeirra, þessarar skoðunar: Í einu sýslufélagi eru menn hvort tveggja jákvæðir og neikvæðir. Þeir voru það sitt á hvað, sem spurðir voru þar. Í öðru sýslufélagi voru menn óákveðnir, og var ekki hægt að ráða af svörum þeirra, eftir því sem þarna er skýrt frá, hvort þeir aðhylltust heldur sameiningu eða ekki. Í þremur sýslufélögum eru forustumenn, sem spurðir voru af viðkomandi sýslumanni, andvígir sameiningu. Og í 11 sýslufélögum er ekki einn einasti maður um þetta spurður, að því er séð verður í Sveitarstjórnartíðindum. Þeir eru ekkert um það spurðir. En í engu sýslufélagi kemur það fram, að sýslunefndarmenn eða sveitarstjórnarmenn séu jákvæðir, að undanteknu þessu eina, þar sem hvort tveggja kom fram, andstaða og samþykki við sameiningu. Þannig er þá álitið á þessari sameiningu úti um landið, eftir því sem bezt verður séð af Sveitarstjórnartíðindunum, eins og komið var, þegar þau voru gefin út s. l. sumar. Nú kann að vera, að þetta hafi verið eitthvað betur kannað síðan.

Samkvæmt ákvæðum 13. gr. frv. á ríkisstj. eða ráðh. að vera heimilt að sameina hrepp nágrannasveitarfélagi samkv. till. erindreka, án þess að fyrir liggi samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórna og sýslunefndar, ef íbúatala hreppsins hefur í þrjú ár verið lægri en 50.

Þetta snertir ekki sízt mitt kjördæmi, því að af þeim tíu hreppsfélögum í landinu, þar sem þessi mannfjöldi var svona lágur, eru fjögur, að því er ég ætla, á Vestfjörðum. Nú skal ég játa, að ég er ekki kunnugur skoðunum manna í þeim öllum, og kannske allt of lítið kunnugur í hinum líka, en þó vil ég geta þess, að í sumar sem leið kom ég á Bíldudal, og þá var nýafstaðinn fundur, sem þar hafði verið haldinn að tilhlutun erindrekans um sameiningarmálið, en eins og mönnum er kunnugt, þá er till. erindrekans eða sameiningarnefndar að sameina í eitt sveitarfélag Ketildalahrepp og Suðurfjarðahrepp, en Suðurfjarðahreppur er fyrst og fremst Bíldudalur. Þarna hafði verið haldinn vel sóttur fundur um þetta mál, og ég spurðist fyrir um, hvert álit manna hefði verið þar. Mér var sagt, að í stuttu máli hefði niðurstaðan orðið sú, að hreppsbúar beggja hreppanna hefðu verið hjartanlega sammála um, að það kæmi ekki til mála að sameina þá. Þetta er sameining, sem samkv. þessu frv. á að geta átt sér stað, án þess að þeir séu neitt spurðir um það. Ráðh. á að fá vald til að sameina Ketildalahrepp og Suðurfjarðahrepp. Eftir því, sem enn er vitað, eru hreppsbúar í báðum hreppunum algerlega andvígir sameiningunni. Það má því búast við, að eitt fyrsta verkið, sem þarna verður framkvæmt, verði að sameina þessa hreppa.

En nú vil ég ekki neita því, að það geti verið hagkvæmt og skynsamlegt að sameina hreppa, ef það er gert á lýðræðislegan hátt og fólkið sjálft fær að ráða því. En hvað er það, sem hefur komið fram hjá þessum fámennu hreppum, sem gerir það svo óskaplega aðkallandi, að það þurfi að setja í gang sérstaka löggjöf með sérstökum embættismanni til þess að knýja þá til þess að sameina sveitarfélögin? Er einhver stórkostleg vanræksla á ferðinni í opinberum störfum í þessum fámennu sveitarfélögum, sem um er að ræða? Er þannig ástatt um þessi tíu sveitarfélög, sem talin eru upp í frv., að þarna verði að grípa til valds og sameina með valdi e. t. v. gegn vilja hreppanna, af því að það hafi átt sér stað einhver alvarleg vanræksla í opinberum störfum oddamanna viðkomandi sveitarfélaga? Það er a. m. k. full ástæða til, að forvígismenn þessa frv. skýri frá því, ef slíkt hefur átt sér stað.

Ég skal nú ekki orðlengja þetta miklu meir, en ég vil beina þessum aths., sem ég hef hér komið með, fyrst og fremst til þeirrar n., sem fær frv. til meðferðar. Þennan embættismann, sem nú á að setja á laggirnar „fyrst um sinn", eftir breyt. í Ed., tel ég með öllu óþarfan og nánast hreinasta hneyksli að fara að stofna embætti í þessu skyni og alger móðgun við forustumenn sveitar-

félaga heima fyrir, að það þurfi að setja þeim slíkan eftirlitsmann. Þeir eru sannarlega færir um það, sveitarstjórnarmenn og sýslunefndarmenn úti um allt land, að gegna slíkum störfum sem þeim að kanna, hvort menn vilja sameina sveitarfélög eða ekki.

Í öðru lagi legg ég mikla áherzlu á það, að þar sem sameining fer fram, verði ekki sveitarstjórnunum einum veitt vald til að ákveða slíkt, heldur skuli þær láta fara fram almenna atkvgr. heima fyrir, áður en það á sér stað. Og ég sé ekki, að mikil vandkvæði séu á því meira að segja samkv. núgildandi lögum. Við sjáum sameiningarmál Ísafjarðar og Eyrarhrepps, þar sem nýafstaðin er atkvgr. um málið. Þar er lýðræðislega farið að hlutunum. En það varð að gera vegna gildandi laga. Slíkt á ekki að gera samkv. þessu frv. eða á ekki að vera nein skylda.

Ef þetta frv. nær fram að ganga í því formi, sem það er, þá held ég, að það fari að verða þörf á því að endurskoða ýmis önnur lög með tilliti til þess, hvort ekki eigi að setja sérstaka embættismenn til þess að líta eftir framkvæmd þeirra. Það er áreiðanlega ekki minni þörf á því, ef þörf er á slíku embætti sem hér er verið að bollaleggja.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég verð nú að segja það, að ég er nokkuð undrandi yfir þeim umr., sem hér hafa farið fram, og tel mig þurfa að gera aths. við a. m. k. ræðu hv. síðasta ræðumanns þegar á þessu stigi málsins. Hv. 4. þm. Norðurl. v. var sýnu hógværari og æsti sig ekki upp, eins og hv. 1. þm. Vestf. gerði hér nú rétt áðan. Kjarninn í ræðu hans var sá, hv. 1. þm. Vestf., að það væri hér verið með stórkostlega móðgun við sveitarstjórnarmenn víðs vegar úti um land og eiginlega hneyksli, hvernig farið væri að og hvaða ákvæði væru sett hér fram í frv.-formi.

Við skulum athuga, hverjir það eru, sem óska eftir þessu frv. Hverjir eru það, sem hafa unnið að því og samið það? Frv. er fyrst og fremst komið fram vegna þess, að það er Samband ísl. sveitarstjórna, sem óskaði eftir því, að það væri samið. En þetta er ekki komið frá ríkisstj. sem valdboð eða neitt þess háttar. Það er sveitarstjórnasambandið, sem fyrst og fremst fer af stað með það. Kosnir eru menn til þess að semja frv., og það eru fengnir þrír menn frá Sambandi ísl. sveitarfélaga til þess að semja það, fjórir hér frá Alþ., einn frá Dómarafélagi Íslands og einn án tilnefningar. Það er alveg öruggt, að þessir menn, sem þarna eiga hlut að máli, hafa ekki ætlað sér að stofna til neins hneykslis eða að móðga sveitarfélögin úti um land, því að hverjir eru í Sambandi ísl. sveitarfélaga? Það eru öll sveitarfélögin á Íslandi eða a. m. k. flest, sem eiga hlut að þessari stofnun og því samstarfi, sem þar er framkvæmt. Ég held þess vegna, að það sé alveg furðuleg ásökun frá þessum hv. þm., 1. þm. Vestf., að sveitarstjórnarmennirnir, sem starfa í sveitarstjórnasambandinu, séu með þessu að móðga sjálfa sig og stofna til hneykslis meðal meðlima sinna. Mér finnst það hlálegt, að nokkur maður skuli geta látið sér detta þetta í hug. Sennilega gæti það enginn hér í þessari hv. d. nema hv. 1. þm. Vestf.

Að öðru leyti vil ég aðeins segja það, að hjá hv. 4. þm. Norðurl. v. kom í sjálfu sér ekki fram aths. við höfuðstefnu eða meginatriði frv. Hann hafði að vísu aths. að gera við einstaka liði, eins og t. d. um þennan margrædda erindreka og um 12. gr. og 13. gr., en það eru allt saman atriði, sem að sjálfsögðu má ræða í n., sem hefur málið til umsagnar. Hér er ekki um neitt valdboð eða neina úrslitakosti, neitt „últimatum“ að ræða um það, sem á að gerast, hér eru eingöngu gerðar tilraunir til þess að verða við óskum Sambands ísl. sveitarfélaga. Og ef Samband ísl. sveitarfélaga eða sveitarfélögin yfirleitt vilja hafa þetta óbreytt, þá er a. m. k. hjá félmrn. engin sérstök ósk um það að fara þvert ofan í vilja þeirra, síður en svo. Ef þau hins vegar vilja hafa þetta eins og frv. gerir ráð fyrir, þá sé ég enga ástæðu til annars en reyna að hjálpa þeim til þess að koma því í framkvæmd.

Þessi margnefndi erindreki, sem hér er um að ræða og á að vera einhver stórskaðlegur maður og settur til höfuðs sveitarfélögunum, á að hjálpa til. Þessi maður er eingöngu settur af því, að hér er um að ræða á þriðja hundrað sveitarfélög í landinu, sem þarf meira og minna að tala við. Það er fullt verkefni fyrir einn mann að fara í það, ef á að gera þetta af nokkurri alvöru. Ég er handviss um það, að hver sem til þess verður fenginn hefur nóg að gera næstu missirin, ef einhver árangur á að nást í þessu og einhver skynsamleg meðferð málsins. Ég held, að það sé mjög fjarri sanni að ætla það, að þessi maður geti orðið til tjóns fyrir sveitarfélögin í landinu, og ég hef enga trú á því, að hann muni eiga hlut að því að beita, ég vil segja, ofbeldi eða valdboði við sveitarfélögin, eins og kom fram hjá hv. þm. Það er alveg áreiðanlegt, að það er ekki meiningin að gera þetta með neinu valdboði.

Ég sagði það hér í fyrstu ræðu minni, að hér væri ætlazt til þess, að það væri leitað til sveitarstjórnanna sjálfra og til meðlima sveitarfélaganna líka um það, hvernig með skuli fara, og höfð um það atkvgr., hvernig með skuli fara, og ef sveitarfélögin sjálf vilja hafa þetta á einn veg eða annan, þá verði því fylgt. Það á ekki að vera neitt valdboð frá einum né neinum, eða frá hverjum ætti valdboðið að vera komið? Frá hverjum ætti það að vera komið? Frá sveitarstjórnasambandinu kannske? Ekki er það frá félmrn., því að við höfum ekkert gert annað en taka við frv., eins og það kom til rn., og bera það fram. Það er ekkert valdboð frá okkur, það er eitt sem víst er.

En ég er hins vegar sannfærður um það, að ef þessu frv. verður framfylgt, eins og andi þess er, þá muni vel fara. Það getur vel verið, að það þurfi að laga eina, tvær, þrjár eða kannske fjórar gr. Það er ekki aðalatriðið í málinu. Hitt er aðalatriðið, hvort menn aðhyllast hugmyndina um það að sameina þessi fámennu sveitarfélög í stærri heildir eða ekki. Það er meginmálið. Vilja menn það, eða vilja þeir ekki það? Útúrdúrar um einstök atriði, eins og hv. þm. var hér að rekja áðan, meira og minna kannske ekki alveg rétt – (SE: Hvað er rangt í því?) Það er tónninn í ræðu hv. þm. (Gripið fram í.) Við skulum tala um það seinna. Hv. þm. getur talað hér á eftir mér, ef hann vill.

En ég fullyrði, að það er ekki ætlazt til þess, að það verði hér farið með neinu valdi eða valdboði að sveitarfélögunum, heldur fái þau að ráða þessu máli. Ef þau vilja ekki sameinast öðru sveitarfélagi, þá þau um það.

Þessi erindreki er ekki settur þeim til höfuðs. Hann er settur til þess að leiðbeina þeim og hjálpa þeim, ef þau vilja vinna að sameiningu, og einskis annars. Og hverjir ættu að hafa áhuga á slíku? Ætli það ætti að vera Samband ísl. sveitarfélaga kannske, að þessi maður verði settur þeim til höfuðs, eða hver? Eða hver? Hvaðan er frv. komið? Hver hefur samið það? Og hver er meiningin með því? Þetta finnst mér, að hv. 1. þm. Vestf. ætti að athuga.

Umr. frestað.

Á 55. fundi í Nd., 5. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það mun mega kalla upphaf þessa frv., að hæstv. þáv. félmrh. skipaði hinn 27. maí 1966 níu manna n. Hlutverk n. skyldi vera samkv. erindisbréfinu að endurskoða skiptingu landsins í sveitarfélög með það fyrir augum að sameina sveitarfélögin, einkum hin smærri þeirra, og stækka þau þannig. Og jafnframt var n. samkv. sama erindisbréfi ætlað að athuga, hvort ekki væri rétt að breyta sýsluskipuninni með það fyrir augum að taka upp stærri lögbundin sambönd sveitarfélaga en sýslufélögin eru nú.

Eftir því, sem fram kemur í skýrslu n., sem kölluð hefur verið sameiningarnefnd sveitarfélaga, að ég ætla, þá hefur n. lítinn gaum gefið öðrum meginhluta verkefnisins, þ. e. a. s. að gera athuganir á sýsluskipuninni með það fyrir augum að taka upp stærri lögbundin sambönd sveitarfélaga en sýslufélögin eru nú, og ekki skilað um það efni neinum till., svo að ég hafi orðið var við. Hins vegar hefur hún samið frv. það um sameiningu sveitarfélaga, sem hér liggur nú fyrir til 1. umr. í þessari hv. d., en hefur áður hlotið meðferð í hv. Ed.

Það hefur mjög verið haft á orði í sambandi við skipun n., sem ég gat um áðan, og nú síðast í framsöguræðu hæstv. félmrh., að sameining sveitarfélaga hér á landi sé talin æskileg, sérstaklega vegna hinna minnstu sveitarfélaga. Þeim sé í raun og veru ofraun að vera sjálfstæð, einkum fjárhagslega, á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í sveitarstjórnarl., og þess vegna þurfi vegna þessara sveitarfélaga alveg sérstaklega að gera hér breytingu á.

Nú veit ég ekki, hvort stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga eða félmrn. hafa borizt einhverjar raddir í þessa átt frá hinum minni sveitarfélögum eða frá sýslunefndum, sem þau eru þátttakendur í, en hitt kom mörgum einkennilega fyrir sjónir, þegar þessi níu manna n. var skipuð árið 1966, að í henni skyldi enginn fulltrúi vera frá þessum sveitarfélögum, minnstu sveitarfélögunum í landinu, þar sem þó var látið í veðri vaka, að unnið væri að þessu máli sérstaklega þeirra vegna. Það hefði þó sýnzt eðlilegt, að t. d. einhverjir sveitarstjórnarmenn úr þessum sveitarfélögum, sem talið var, að væru svona illa stödd, yrðu til kvaddir til þess að segja frá sínum erfiðleikum og vera með í ráðum um breytingarnar.

Þessi níu manna n. var skipuð á þann hátt, að í henni voru, og eru víst enn, í fyrsta lagi fjórir embættismenn úr Reykjavík. Í öðru lagi voru þarna tveir bæjarfulltrúar úr einum kaupstað á Vesturlandi, og mér er ekki kunnugt um það þó, að í þessum kaupstað sé sérstakur áhugi á þessu sameiningarmáli, og mér er nær að halda, að í þeim till., sem hér liggja fyrir, nál., sé ekki gert ráð fyrir sameiningu hreppa við þennan kaupstað. Ég bið afsökunar, ef mig misminnir um þetta. En úr þessum kaupstað voru tveir bæjarfulltrúar skipaðir til þess að athuga þetta sameiningarmál, þetta nauðsynjamál hinna fámennu sveitarfélaga, sem talið var. Í þriðja lagi var í n. skipaður einn sýslumaður, sem búsettur er í fjölmennu kauptúni hér nærlendis, og bæjarstjóri í kaupstað á Austurlandi og loks einn oddviti úr sveitarhreppi, en sá hreppur er engan veginn einn af minnstu sveitarhreppunum, ekki einu sinni einn af hinum minni, heldur a. m. k. meðalhreppur, og ég hygg ekki, að í þeim hreppi, sem er á Suðurlandi, hafi menn verið í neinum vandræðum fjárhagslega eða átt erfitt með að vera sjálfstætt sveitarfélag. Ég hef ekki heyrt þess getið.

Nú vil ég ekki kasta neinni rýrð á þá ágætu menn, sem skipaðir voru í þessa n. og hafa unnið þar störf. En mér og mörgum öðrum kom þetta ákaflega einkennilega fyrir sjónir. Í fyrsta lagi, að því skyldi vera haldið fram, að aðalrökin fyrir því starfi, sem þarna átti að vinna, væru erfiðleikar hinna fámennari sveitarfélaga í landinu, og að svo skyldi n. vera skipuð þannig, að enginn maður, sem er sérstaklega viðriðinn stjórn þessara sveitarfélaga, skyldi vera látinn taka sæti í n. Mér hefði ekki þótt það óeðlilegt, að þarna hefði verið a. m. k. einn fulltrúi úr einhverju því sveitarfélagi, sem nú er sérstaklega gert ráð fyrir með frv. að leggja niður með valdi. Ég veit ekki, hvernig á því stendur, að n. er svona skipuð. Og ég vil ekki varpa sök af því á hæstv. félmrh., sízt á núv. félmrh., sem ekki var félmrh., þegar þetta gerðist, og ekki sérstaklega á félmrn., sem skipaði n. samkv. tilnefningum að mestu leyti. En þarna hefur e. t. v. ekki tekizt vel til hjá félmrn., að það skyldi haga tilnefningum þannig, eins og það gerði, þar sem aðilar vissu yfirleitt ekki hver af annars tilnefningu, og ekki hefur heldur tekizt vel til hjá þeim, sem tilnefningarnar önnuðust.

Mér virðist, að þetta sýni það, að þeim, sem að þessari nefndarskipan hafa staðið, hafi ekki verið eins rík í huga vandræði hinna minnstu sveitarfélaga og látið hefur verið í veðri vaka, heldur komi hér eitthvað annað til, og í umr. í fyrradag var vakin athygli á því af einhverjum ræðumanni, að náttúrlega gæti þetta verið hagræði fyrir embættismenn að sameina sveitarfélögin, sýslumenn e. t. v. og fyrir félmrn. e. t. v., kannske fyrir Samband ísl. sveitarfélaga og embættismenn þess, og það má auðvitað á það líta, hvað sé hagræði fyrir þá. En ef er um að ræða að koma hér á ákveðinni hagræðingu fyrir embættismenn, þá á að segja það og láta það uppi sem meginástæðu þessa máls, en ekki segja, að hér sé verið að vinna að þessu fyrir fámennustu sveitarfélögin, ef þau hafa ekki óskað þess, og úr því að ekki þótti ástæða til þess að láta þau eiga neina sérstaka fulltrúa í þessari n., sem þó átti að fjalla um vandamál þeirra. En ég get fullvissað hæstv. félmrh. og hv. þm. um það, að þessi nefndarskipun árið 1966 kom mörgum mjög undarlega fyrir sjónir, sérstaklega í þessum sveitarfélögum, ekki af því, að menn hefðu eitthvað út á menninga að setja persónulega, sem skipaðir voru, heldur aðferðina, hvernig þeir voru valdir.

Núgildandi sveitarstjórnarlög, sem kveða á um

skiptingu landsins í sveitarfélög, eru frá árinu 1961, e. t. v. með einhverjum viðbótum, sem ekki skipta máli hér. Og í þessum lögum eru ákvæði um sameiningu sveitarfélaga. Í 4. gr. l. segir:

„Rn. skal sameina hreppa, þegar þess er óskað af hlutaðeigandi hreppsnefndum, ef sýslunefndin mælir með því. Með sömu skilyrðum er rn. heimilt að breyta hreppamörkum, sbr. þó 7. gr.“

En 7. gr. fjallar um skiptingu hreppa og hljóðar svo:

„Rn. getur skipt hreppi samkv. beiðni hreppsnefndar, að fengnum meðmælum sýslunefndar, enda verði íbúatala hvors hrepps, eftir að skipt hefur verið, eigi lægri en 200. Rn. ákveður hreppamörk, þegar skipt er samkv. 1. mgr. þessarar gr.“

Ég ætla, að þessi ákvæði, sem nú standa í lögum frá 1961, hafi fyrr verið í lögum, séu eldri en það, og sömuleiðis ákvæðin í 7. gr. um skiptingu hreppa. Enn fremur eru í lögum ákvæði, sem hér var minnzt á í fyrradag, þess efnis, að rn. geti lagt niður eða sameinað öðrum fámennustu hreppana, en að tilskildu samþykki sýslunefnda.

Hver hefur svo orðið framkvæmd þessara lagaákvæða um sameiningu hreppa og um skiptingu hreppa eða yfirleitt framkvæmdin í þeim málum, hvort sem það var fyrir eða eftir setningu þessara ákvæða? Í stuttu máli sú, að mörg hreppsfélög hafa á síðustu áratugum notað skiptingarheimildina, þ. e. a. s. hreppum hefur verið skipt í tvo hreppa og jafnvel í þrjá hreppa. Ég held ég muni það rétt, að einum hreppi í Rangárvallasýslu hafi fyrir nokkuð löngu verið skipt í þrjá hreppa. Þessi skipting hefur einkum átt sér stað, þegar svo stóð á, að í sama hreppi var annars vegar kauptún, hins vegar sveit. Þá hefur kauptúnið verið gert að sérstökum hreppi.

Þessi þróun er ekki út í bláinn. Þessi skipting er til komin vegna þess, að það sýndi sig á ýmsum stöðum, að það gat valdið ágreiningi milli kauptúnsins og sveitarinnar í sama hreppi, að sveitarstjórnin, hin sameiginlega sveitarstjórn, þurfti að fjalla um mál, sem annaðhvort voru eingöngu mál kauptúnsins eða eingöngu mál sveitarinnar. Og þegar þorpin fóru að vaxa, eins og þau hafa verið að gera á þessari öld, komust menn að raun um, að það væri heppilegra, að kauptúnin væru hreppar út af fyrir sig. Ég held, að yfirleitt, a. m. k. þar sem ég þekki til, þá hafi reynslan orðið sú, að sambúðin milli kauptúns og sveitar hafi batnað við það, að hreppunum var skipt. Hreppsnefnd sveitarhreppsins fjallar um þau sérstöku mál, sem fyrir koma í sveitum. Hreppsnefnd kauptúnsins fjallar um þau mál, sem hér aðallega varða kauptúnið eða þorpið. Þarna þurfa þá engir árekstrar að verða, hver sér um sitt. Þetta er meginástæðan til þess, að svo mörgum hreppum hefur verið skipt, þótt það hafi ekki alls staðar verið svo, því að það hefur líka komið fyrir, að sveitarhreppum hafi verið skipt, a. m. k. í því tilfelli, sem ég nefndi áðan.

En hafa menn þá ekki líka notað þá heimild, sem er búin að vera í lögum síðan 1961 og raunar lengur, til þess að sameina hreppa? Nei, það hafa menn ekki gert. Ég man í svipinn ekki eftir neinu dæmi um það, að hreppar og sýslunefnd hafi notað sameiningarheimildina, nema einu nýju dæmi af Vestfjörðum, þar sem nú mun standa til eða a. m. k. vera í ráði að sameina Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp og atkvgr. hefur farið fram um það á báðum stöðunum, en ég veit ekki, hvort af sameiningu verður. Það hefur verið það mikið á dagskrá, að þarna hefur verið látin fara fram atkvgr.

Nú segja margir, að sveitarfélögin séu óeðlilega mörg, og ýmis rök færð fram fyrir því, að það geti verið hagkvæmt að sameina sveitarfélög, sérstaklega hin fámennari, og við fyrstu yfirsýn kann mönnum að virðast, ekki sízt þeim, sem eru ókunnugir rekstri sveitarfélaganna, að þetta sé mjög eðlilegt. Og ég vil ekki neita því, að það kunni að verða eðlilegt í framtíðinni, að einhver sveitarfélög sameinist. Ég skal engan dóm á það leggja. En hvers vegna hafa sveitarfélögin ekki viljað sameinast? Hvers vegna hafa hreppsfélögin ekki notað sér þær sameiningarheimildir, sem verið hafa í lögum um áratugi? Og hvers vegna hafa sýslunefndir ekki notað lagarétt sinn til að mæla með því við félmrn., að sveitarfélög, sem hafa um eða yfir 100 íbúa, verði sameinuð öðrum sveitarfélögum? Hvers vegna? Það er langt síðan farið var að ræða um þetta sameiningarmál, eins og lagaákvæðin gefa til kynna, gildandi lagaákvæði, og síðan n. var skipuð á árinu 1966, hefur þetta verið stöðugt á dagskrá. Á þessum fjórum eða fimm árum, sem sameiningarnefndin hefur starfað, hefur hún staðið í bréfaskiptum við sýslunefndir og haldið fundi með sveitarstjórnum hér og þar, eins og skýrslan ber með sér, en samt hefur ekki heldur á þessu tímabili eitt einasta sveitarfélag, nema þá þessi tvö sveitarfélög fyrir vestan, ef úr verður, óskað eftir sameiningu á grundvelli gildandi laga.

Og þá er ástæða til þess, að við spyrjum okkur sjálf: Hver er ástæðan til þess, að óskir um sameiningu koma ekki fram, þá sameiningu, sem gert er ráð fyrir í gildandi lögum? Ég get auðvitað ekki svarað þessu fyrir hönd sveitarfélaganna. Það getur enginn nema þau sjálf. En ég geri mér í hugarlund, að ástæðurnar kunni að vera fleiri en ein. Ég þykist hafa orðið þess var, að mörg sveitarfélög telji það a. m. k. ekki liggja í augum uppi, að sameining verði þeim til framdráttar, jafnvel þó að þau séu fámenn.

Ríkisvaldið sjálft hefur fyrir löngu gefið sveitarfélögunum fyrirmæli um að fara aðra leið, þ. e. a. s. leið samstarfs, en ekki sameiningar. Það hefur verið gert t. d. í sambandi við byggingu læknisbústaða og sjúkraskýla í læknishéruðum. Það hefur verið gert í sambandi við héraðssjúkrasamlög, sem nú er búið að lögbjóða, og í gildandi lögum stendur, að tvö eða fleiri sveitarfélög, sem hafa sameiginlega tilskilinn mannfjölda, geti sameinazt um sveitarstjóra. Sjálf hafa sveitarfélögin, þ. e. a. s. mörg þeirra, valið samstarfsleiðina til að koma upp skólahúsum og félagsheimilum, án þess að það hafi út af fyrir sig verið lögboðið. En hitt er lögboðið, sem ég nefndi áðan. Bændur í sveitum hafa komið upp samstarfsheildum hreppabúnaðarfélaga, þ. e. a. s. búnaðarsamböndum og ræktunarsamböndum, sem oft taka yfir marga hreppa. Slíkt samstarf virðist ganga nokkuð greiðlega, og ég hef ekki heyrt menn kvarta yfir því, að hið takmarkaða sjálfstæði sveitarfélaganna innan þessara samstarfsheilda sé til trafala. Þetta er félagsleg þróun byggð á nauðsyn, sem mönnum er ljós eða hefur orðið ljós, þegar tímar liðu.

Þau verkefni, sem eftir eru, sýnist mér, að hinir fámennu hreppar í sveitunum telji sig geta innt af hendi,

og gæti þó þurft meira samstarf um fjallskilin, þar sem þau eru örðugust vegna fámennis. Þess er þá að gæta, að síðan almannatryggingar og ríkisframfærsla fólks með langvinna sjúkdóma var lögleidd, er hin eiginlega fátækraframfærsla miklu léttari fyrir sveitarfélögin en áður var, og sú fyrirhöfn hreppsnefndanna og oddvitanna, sem af henni leiddi, hefur mjög minnkað. Ég held, að fullyrða megi, að mikill fjöldi núverandi sveitarfélaga og þá ekki sízt hin fámennustu meti sjálfstæði sitt mjög mikils og að það hvetji menn til dáða og samhjálpar. Ég veit, að margir sveitarstjórnarmenn og þá ekki sízt oddvitar hreppsnefndanna leggja oft á sig mikla fyrirhöfn fyrir litla þóknun í þágu sveitarfélaga sinna eða sveitunga, og hin mörgu sveitarfélög hér á landi eru félagsmálaskóli á þann hátt, félagsmálaskóli, sem ekki ber að vanmeta, þar sem ábyrgð og reynsla lífsins eru skólameistari, sem ekki lætur að sér hæða. Þjóðfélagið hefur eignazt marga nýta menn úr þeim skóla fyrr og síðar, og geri þeir félagsmálaskólar, sem síðar kunna að verða stofnaðir, betur.

Tengsl fólksins við sveitirnar sínar eru sterk, jafnvel þeirra, sem eru farnir þaðan. Og ég held, að sumar fámennar sveitir haldist í byggð enn þá af því, ekki þrátt fyrir, heldur af því, að þær eru sérstakir hreppar, og ég hef heyrt á mönnum, sem eiga heima í fámennum hreppum, ótta um það, að sveitin þeirra yrði að líkindum hornreka í nýjum og stærri hreppi. Það er skiljanlegt, að menn hugsi svo. Gömlu sveitarfélögin eiga sína sögu og sínar minjar, sínar sameiginlegu minningar, sem tengdar eru við sveitarfélögin. Þau hafa þraukað af hallæri og þau hafa blómgazt í góðærum. Þau hafa unnið stórvirki á tækniöld, og þó að nú syrti í álinn, ala þau líka sínar vonir um, að þróunin geti breytzt þeim í hag og fólkinu fjölgað á ný. Ég er þeirrar trúar, að margar slíkar vonir muni rætast fyrr eða síðar, ef Ísland heldur áfram að vera sjálfstætt ríki. Ég held, að í margra augum tákni niðurlagning fámennra sveitarfélaga ótímabæra uppgjöf. Hagfræðilegar lausnir eru hér ekki einhlítar, þó að þær séu víða góðar. Tölvan, sem reiknar á við þúsund menn, er undursamleg. En hana skortir mannvit. Hún er tilfinningalaus hlutur. Það getur verið ábyrgðarhluti að brjóta niður hina mannlegu aflvaka í þjóðfélaginu, hvort sem það eru vonir eða vilji, ef það miðar til réttrar áttar.

Ég er, eins og ég sagði áðan, ekki að halda því fram, að ekki megi undir neinum kringumstæðum sameina sveitarfélög, en ákvörðun um það á að mínu viti að koma frá þeim sjálfum. Þegar þau biðja um hjálp til þess að losna við sjálfstæði sitt, mundi vera rétt að veita hana. En ég hef ekki komið auga á nauðsyn þess að knýja þessa sameiningu fram með valdboði ríkisins eða áróðri stjórnarvalda. Það var það, sem einhver ræðumaður sagði hér í gær, að þetta frv. væri í raun og veru ríkisáróður fyrir sameiningu sveitarfélaga, og það er það, sem það er, en í vissum tilfellum um heimild handa ráðh. til að sameina sveitarfélög móti vilja þeirra og móti vilja sýslunefnda. En við vitum það, að einhliða ríkisáróður er sterkur. Við vitum það af reynslu, innlendri og erlendri, og það er kannske hægt að buga andstöðu fámennra sveitarfélaga með slíkum áróðri, sem kostaður er af ríkisfé og haganlega undirbúinn af kunnáttumönnum. En ef menn fara út í það að beita slíkum áróðri með lagasetningu, verða menn að vera alveg vissir um, að nauðsyn beri til þess.

Ég skal nú ekki hafa um þetta miklu fleiri orð. En nú þegar við 1. umr. vildi ég mæla þessi almennu varnaðarorð í sambandi við þetta mál í heild. Ég ætla ekki að ræða mikið um frv. sjálft, eins og það liggur fyrir, enda hafa aðrir gert það, og get ég tekið undir sumt af því, sem þeir hafa sagt, hv. ræðumenn, sem tóku til máls í gær.

Sveitarfélögin hér á Íslandi eru nú 227 talsins, ef ég fer rétt með, kaupstaðirnir eru 14 og hrepparnir 213. Það er nú sitthvað, sem manni kemur í hug, þegar maður fer yfir manntalið og lítur yfir þessi 227 sveitarfélög, fólkstölurnar og fleira. Það kemur t. d. fram, að sumir staðir, sem teljast enn þá kauptún, eru fjölmennari en aðrir, sem hafa kaupstaðarréttindi og skal ég ekki ræða nánar um það. En í riti því, sem sameiningarn. sveitarfélaga hefur látið frá sér fara, er alllöng skýrsla um það, sem kallað er athugunarsvæði, en þessi skýrsla um athugunarsvæði er hugmyndir, sem settar eru fram um væntanlega skiptingu landsins í sveitarfélög, þ. e. að sveitarfélögunum verði fækkað úr 227 í 66. Mér er ekki alveg ljóst af skýrslunni, hvort n. gerir þessar till. eða hvort þær hafa verið gerðar af starfsmanni á hennar vegum sem tilraun eða hugmynd eingöngu, án þess að hana beri að skoða sem till. En ef úr því ætti að verða að sameina sveitarfélög, þá held ég, að það þyrfti að gera það á töluvert annan hátt og eftir öðrum reglum en þarna er gerð tilraun til. Ég held, að menn ættu t. d. ekki í löggjöf eða við skiptingu sveitarfélaga að brjóta alveg í bága við þá þróun, sem menn hafa séð fyrir sér á undanförnum áratugum. Við eigum ekki að gera till. um það, að sveitir og þorp verði sameinuð í hreppa, heldur miklu frekar, ef það telst nauðsynlegt, að sveitarhrepparnir sameinist innbyrðis, en að þorpin séu út af fyrir sig, því að reynslan sýndi þetta, að það var heppilegra fyrirkomulag, að þorpin væru sveitarfélög út af fyrir sig, þar sem þau voru talin vera nægilega fjölmenn til þess, og það er von mín að þorpin víðs vegar um land eigi fyrir sér að eflast að mannfjölda og á annan hátt.

Þetta sem fram kemur í grg., held ég að verði að teljast mjög athugaverð leið, og segi ég það til athugunar fyrir þá, sem að þessum málum kunna að vinna áfram, að áróðursvinnu á vegum ríkisins. Menn tala um það á ýmsum vettvangi, og m. a. minntist hæstv. félmrh. á það í framsöguræðu sinni, ef ég man rétt, að sveitarfélög í útlöndum væru fjölmenn og að í Danmörku eða annars staðar á Norðurlöndum væri nýlega búið að gera mikla skipulagsbreytingu í þessum efnum, þar sem sveitarfélögum hefði verið mjög fækkað. Það mun vera rétt. En það er ekkert gagn að því að vera að bera Ísland að þessu leyti og ýmsu öðru saman við önnur lönd, sem eru mörgum sinnum, jafnvel mörgum tugum sinnum fjölmennari en Ísland og þar sem staðhættir eru allt aðrir, lönd, þar sem ekki er til eitt einasta fjall, ekki einn einasti fjallvegur, sem skilur að byggðarlög, lönd, þar sem ekki er til nein stóra, sem aðskilur byggðir, og lönd, sem hafa samgöngur, sem eru allt annað en okkar samgöngur, þó að við teljum þær nú góðar, miðað við það sem áður var, steinsteypta eða malbikaða þjóðvegi og jafnvel hreppavegi. Við megum vara okkur á því að

vera að fara út í slíkan samanburð. Hvaða stofnanir megum við hafa hér á Íslandi, ef við ættum að fara að miða við aðrar þjóðir og ef hér á að vera svipaður mannfjöldi á bak við hverja þjónustustofnun og þar er? Ég ætla ekki að nefna neitt dæmi, en ég held, að við verðum að líta á þessi mál út frá okkar eigin aðstöðu, út frá staðháttunum í okkar landi.

Eins og hv. þm. geta ráðið af þessu, sem ég hef nú sagt hér, hef ég ekki áhuga á því, að þetta frv. nái fram að ganga. Það er að vísu rétt, að það er ekki nema í fáum tilfellum, sem gert er ráð fyrir því, að sveitarfélögin verði sameinuð með valdboði, en það er þó til, og ef byrjað er á því, þá getur fleira komið í framhaldi af byrjuninni. Ef sveitarfélögin verða illa úti, vegna þess að þau eru sjálfstæð, svo illa úti, að þeim þyki það ekki viðunandi miðað við alla aðstöðu, þá geri ég ráð fyrir, að þau hafi frumkvæði um það sjálf að sameinast í stærri hreppa, alveg eins og þau hafa haft frumkvæði um að sameinast um stærri skólahverfi en þau, sem áður voru, og hér liggur ekki mjög mikið á.

Ég vil endurtaka það, sem ég sagði áðan, að áróðurinn er sterkur. Áróður, sem ríkið sjálft stendur á bak við, er sterkur. Í ýmsum tilfellum getur hann nálgazt það að vera valdboð, enda ýmsar aðferðir, sem þá geta komið til greina til þess að sýna fátækum og fámennum sveitarfélögum fram á, að það sé hagstætt fyrir þau að hlusta á þennan áróður, sem ég efast ekki um að sé af góðum hug fram kominn, en mér fellur samt ekki í geð.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég lít svo á, að hér sé á ferðinni mál, sem Alþ. verður að láta sig varða, og miklu máli skiptir, að um það sé fjallað með því að leggja í það vinnu og gera sér grein fyrir því. Ég álít, að hér sé líka á ferðinni mál, sem er hafið yfir flokkapólitík, og ég geri ekki ráð fyrir því, að hv. þm. muni skiptast í þessu máli eftir því hvar í flokki þeir eru, enda hefur það komið fram í umr., sem hér hafa farið fram um málið, að svo er ekki.

Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að hér er verið að fjalla um eitt af grundvallaratriðum í stjórnskipan landsins, skipulag, sem hefur reynzt þjóðinni vel og hefur verið henni ómetanlegt í sjálfstæðisbaráttu hennar. Ég tek undir það með síðasta ræðumanni, hv. 1. þm. Norðurl. e., að sá félagsmálaskóli, sem sveitarstjórnirnar hafa verið, hefur reynzt íslenzku þjóðinni farsæll og skilað mörgum mikilhæfum manni inn á önnur svið þjóðmála. Ég vil líka, að hv. þm. geri sér grein fyrir því í fullri alvöru, að hjá sveitarfélögum landsins hefur farið fram mikið og merkilegt samstarf um þau verkefni, sem þau hafa ekki treyst sér til að fást við ein sér og ekki hefur verið talið hyggilegt, að þau byggðu upp ein sér, eins og t. d. skólamálin. Þau hafa með frjálsu samkomulagi leyst þetta á stórum svæðum, kannske í heilum sýslum, eins og t. d. í Mýrasýslu, þar sem allir hreppar utan Borgarness sameinuðust um einn skóla fyrir meira en hálfum öðrum áratug. Þessi þróun hefur svo færzt áfram út um landsbyggðina, og t. d. í þeim byggðum, sem ég er kunnugastur, eins og á Vesturlandi, hafa skólamálin verið leyst með félagslegu samstarfi sveitarfélaganna á farsælan hátt. Hið sama er að segja um fleiri verkefni, eins og t. d. félagsheimilin. Í því sambandi vil ég nefna samstarf hreppanna á Fljótsdalshéraði. Það er að minni hyggju mjög til fyrirmyndar það samstarf, sem þeir höfðu þar með sér á frjálsan hátt um félagsheimilið á Egilsstöðum. Ég álít, að slíku eigi að halda á lofti, því að það er hagkvæmt og það hefur styrkt þau og það hefur leyst mál á farsælan hátt með þessum hætti. Hið sama hefur átt sér stað í sambandi við læknamálin, þó að það hafi ekki orðið með eins félagslegum hætti og þeir tveir málaflokkar, sem ég hef hér nefnt. Ég tel hins vegar brýna nauðsyn bera til, að í sambandi við þau mál, heilbrigðismálin, taki sveitarfélögin upp meira samstarf en orðið er og komi þessum málum fyrir á betri hátt en tekizt hefur, einmitt með félagslegri samstöðu. Einnig á þetta að nokkru við um löggæzlumálin, sem hafa verið tekin þannig upp með félagslegum hætti, þó að ég hins vegar hafi þá skoðun sjálfur, að löggæzlumálin ættu ekki að vera málefni sveitarfélaganna. Þar sem framkvæmd löggæzlumála tilheyrir embættismönnum ríkisins og sveitarstjórnir hafa sem sagt þar ekkert um að segja, þá ættu þau mál að tilheyra ríkisvaldinu að öllu leyti og kostnaðurinn eingöngu að vera ríkisins. Í framhaldi af þessu tel ég, að brýna nauðsyn beri til að halda áfram á þessu félagslega sviði, og það hefur verið gert á hinum síðari árum með samtökum sveitarfélaganna, t. d. eins og á Reykjanesi, á Vesturlandi, Norðurlandi og Austurlandi. Þar hafa sveitarfélögin tekið upp félagslegt samstarf og myndað með sér samtök til þess að vinna að þeim verkefnum, sem þau hafa talið að væru stærri en svo, að hvert og eitt réði við það, en slíkt gæti orðið til þess, að byggðarlagið í heild, landsfjórðungurinn eða kjördæmið, næði betri stöðu en ella. Þessi samtök hafa verið að ryðja sér til rúms og hafa nýhafið starfsemi sína. Ég álít, að það væri ekki heppilegt að fara nú að hafa áhrif á það að breyta þessu skipulagi, sem er að verða, með áhrifum frá ríkisvaldinu. Ég vil því undirstrika það, að þessi félagslegu samtök, sem hafa þarna átt sér stað, eru mikils virði, og þau hafa leyst mörg stór verkefni á farsælan hátt, og ég er sannfærður um, að svo muni verða, ef þau halda áfram.

Um þetta frv., sem hér liggur fyrir til 1. umr. á þskj. 7, vil ég segja það, að frá mínum bæjardyrum séð er það tvíþætt. Í fyrsta lagi er um að ræða sameiningu sveitarfélaga, hinna minnstu sveitarfélaga, sem talið er, að geti ekki valdið þeim verkefnum, sem þau eiga að annast. Um þessi litlu sveitarfélög vil ég segja það, að frá mínum bæjardyrum séð er ljóst, að það verða að vera takmörk fyrir fólksfæð í sveitarfélagi. Ég þykist hafa fyrir þann kunnugleika, að það, að mörgum smæstu sveitarfélögunum hefur vegnað vel, byggist fyrst og fremst á því, að þau hafa átt farsæla og sterka forustumenn, sem hafa getað borið þau uppi. Þó að sveitarfélagið væri lítið, hefur þeim samt tekizt að hafa þar farsæla forustu og halda byggð sinni með eðlilegum hætti. Ég þekki nokkur dæmi um lítil sveitarfélög, sem hafa þó átt örðuga afkomu. Hins vegar lít ég það allt öðrum augum, þó að þessi sveitarfélög væru sameinuð nágrönnum sínum með frjálsu samkomulagi, sem ég vil leggja áherzlu á og kem að síðar, en ef brýna nauðsyn ber til að gera breytingu, á hún að vera gerð með vilja fólksins og með ákvörðun þess. Þetta er að minni hyggju allt annar þáttur í málinu, og þetta er sá þáttur, sem við verðum að gera okkur grein fyrir, og svo að taka skyn-

samlegustu afstöðuna til, hvað á að ganga langt í þessu, og ég veit, að þessi sveitarfélög geta ekki valdið ýmsum verkefnum. Þeim hefur þó tekizt það, eins og ég segi, með farsælum forustumönnum, m. a. með skynsamlegu samstarfi um stærri verkefni við nágranna sína. En í þessu er að minni hyggju ekki fólgin nein bylting, þó að nágrannahreppar sameinist, sem hafa svipuð sjónarmið og svipaða aðstöðu til mála yfirleitt, en ég tel brýna nauðsyn, að það sé gert með frjálsu samkomulagi.

Hitt atriðið, sem hér er um að ræða, er það, sem ég kalla byltingu í sveitarstjórnarmálum eða skipan sveitarfélaga, því að þetta fyrra atriði er það ekki, en ef á að fara að fækka sveitarfélögunum niður í 66, er verið að gera algera byltingu í skipan þeirra. Í því sambandi vil ég í fyrsta lagi leggja áherzlu á það, að í litlu þjóðfélagi eins og okkar verða að vera takmörk fyrir því, hvað einingarnar mega vera stórar, sem byggja upp þetta litla þjóðfélag. Okkur mundi finnast það fátæklegt, ef við værum komin með 3–4 sveitarfélög hér á Íslandi, þó að þau væru á stærð við Reykjavík. Okkur mundi finnast það fátæklegt, eins og verkefnaskipting er í okkar þjóðfélagi, og þess vegna finnst mér, eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. lagði ríka áherzlu á hér áðan, að fámenn þjóð verði að gæta sín í því að fara ekki allt of langt inn á þær brautir, sem stærri þjóðirnar fara, því að þá kemur að því, að henni finnst hún sjálf vera of lítil til þess að vera sjálfstæð þjóð. Þessi tilfinning slær mig, og ég vil á engan hátt ræða þetta mál af neinu kappi, heldur á þann veg, sem ég finn til í því og það liggur fyrir mér, og hef ég þar nokkurn kunnugleika á, og ég vil vara við því að ganga fram hjá þessu atriði. Ég vil líka í framhaldi af þessu segja það, að ef við förum út í þá byltingu, sem hér er átt við eða var um rædd á ábendingarsvæðunum, verðum við að gera okkur grein fyrir því, hvað það er, sem við ætlum að ná til handa sveitarfélögunum umfram það, sem við náum í frjálsu samstarfi, hvað það er, sem við erum að sækjast eftir með þessari byltingu, og hvort það er svo mikið, að við getum farið út í byltinguna, þ. e. að ávinningurinn sé það mikill.

Ef ég lít hér á þau atriði, sem talin eru hér upp í sambandi við álit n., sem er í Sveitarstjórnarmálum, 6. hefti, þau atriði, sem þar er bent á og eru atriði til hagsbóta fyrir málið, þá finnst mér þau ekki vera nógu sterk til þess að réttlæta þá breytingu, sem ég kalla byltingu, því að ég tel, að það væri um byltingu að ræða, ef við færum inn á ábendingarsvæðin, eins og þau eru skilgreind. Talað er um í fyrsta lagi, að stærri sveitarfélög yrðu sterkari heildir gagnvart ríkisvaldinu. Nú má færa rök að þessu, en þá kemur aftur þetta, sem ég drap á hér áðan og fram hefur verið tekið í þessum umr., að með frjálsu samstarfi hafa sveitarfélögin náð þessu. Og ef hinar nýju félagssamstæður, eins og sambönd sveitarfélaganna á Reykjanesi, Vesturlandi, Norðurlandi og Austurlandi, – ég man ekki, hvort þau eru orðin fleiri, – fengju aukin verkefni og staða þeirra væri styrkt, væri hægt að ná þessu atriði, sem hér er um að ræða.

Ég tel líka, að kostnaður við stærri sveitarfélögin í heild yrði meiri. Á því getur enginn vafi leikið. Ég legg ekki mikið upp úr því, að hin stærri sveitarfélög skili reikningum sínum fyrr en hin minni. Ég skal til gamans geta þess, að að minni hyggju hefur verið einn oddviti í Mýrasýslu, sem hefur skilað hreppsreikningi innan þess tíma, sem lög ákveða, og það hefur verið Andrés í Síðumúla, oddviti Hvítársíðuhrepps. Hann hefur haft þessa reglu. Hann er í einum minnsta hreppnum, og það hefur verið reynsla okkar hinna, sem höfum verið í stærri hreppunum, að það væri raunverulega afar erfitt að vera búinn að skila reikningum fyrir þann tíma, sem lögin ákveða, vegna ýmissa viðskipta, sem sveitarfélög eiga við aðra aðila. Og þess vegna held ég, að það mundi ekki breytast.

Ég held líka, eins og ég tók fram áðan, að margir sveitarstjórnarmenn hafi verið mjög hæfir menn til starfa sinna, og mættum við vel við una, ef við hefðum framvegis jafnsnjalla menn og þá, sem hafa verið hingað til. Þess vegna finnst mér, þegar ég skoða þetta mál niður í kjölinn, að við þurfum að gæta okkar, af því að við náum ekki lengra en við gætum náð með félagslegu samstarfi sveitarfélaganna, þó að við sameinuðum þau. Og ég skal koma að því síðar, að að sumu leyti drögum við þá úr því samstarfi, sem orðið er.

Ég vil líka í þessu sambandi minna á það, að það er ekki langt, síðan við gerðum hér breytingu á kjördæmaskipun landsins. Um það urðu nokkuð skiptar skoðanir, en það eru ekkert síður skiptar skoðanir um það mál nú. Og ég held, að margir af þeim, sem fylgdu því þá, mundu ekki fylgja því nú. Þessi breyting orkar enn tvímælis.

Sama er að segja um breytingarnar á skattumdæmum. Það hefur ekki enn þá náðst sá árangur, sem menn eygðu í sambandi við þá breytingu. Því var m. a. haldið fram þá, að það mundi draga úr kostnaði. Nú dettur engum manni í hug að bera það á borð. En því miður hefur ekki heldur árangurinn af því starfi orðið sá, sem skyldi.

Þess vegna vil ég segja það, að það ber brýna nauðsyn til að skoða þetta mál hleypidómalaust, gera sér grein fyrir því, og rasa ekki um ráð fram, því að hér er um svo mikið stórmál að ræða, sem er grundvallaratriði í lífi þessarar þjóðar, að við skulum gæta okkar vel.

Ef hins vegar á að fara að gera þá byltingu, sem bent er á í sambandi við þetta frv., mundi ég segja, að það fyrsta, sem þyrfti að gera í því efni, væri að marka ákveðna stefnu um framkvæmdina. Það væri ekki hægt að hugsa sér, að það gæti verið gert með handahófi eða annarleg sjónarmið látin ráða í sambandi við það. Það verður að vera stefna, sem yrði að fylgja í því, svo að við vissum, í hvað við værum að sækja. Í öðru lagi tel ég, að fólkið sjálft verði að fá að taka ákvörðun í málinu með atkvgr. Mér finnst það afar óeðlilegt, að það ætti að gera svona róttæka breytingu, án þess að vilji fólksins kæmi þar fram. Ég verð að segja það í sambandi við þetta mál, að ég er mjög hissa á því, að n., sem var kjörin bæði hér á Alþ. og annars staðar, níu manna n., hefur ekki haldið nema fjóra fundi um þetta mál. Undirnefndin, sem í voru þrír menn, hefur haldið milli 30–40 fundi, en ég er undrandi, að aðalnefndin, sem í sátu m. a. fulltrúar Alþ., hefur aðeins haldið fjóra fundi um þetta stóra mál. Mér finnst það of mikið að ætlast til þess, að sveitarstjórnarmenn ákveði þetta hjá sér, að út í þessa sameiningu sé farið, án þess að fólkið fái nokkurn

hlut um það að segja. Nú má auðvitað því til svara, að sveitarstjórnarmenn, sem verða að ganga undir atkv. fólksins á fjögurra ára fresti, muni gæta sín í því. En þegar Alþ. breytir grundvallaratriðum í stjórnskipunarlögum eða stjórnarskránni, er það þó tryggt, að það er ekki hægt að gera nema fram fari raunveruleg atkvgr. um það í nýjum kosningum. Og það er óeðlilegt, að svona veigamikil atriði eins og þetta séu ekki borin undir íbúa sveitarfélaganna. Nú t. d. gengur það yfir í þeim væntanlegu sveitarstjórnarkosningum, sem fram eiga að fara í vor, að það er skotið til fólksins að velja frambjóðendur til að fara með mál sín í sambandi við undirbúning á framboðslistum, og það er því enn þá óeðlilegra, ef svona stórmáli yrði ekki skotið þangað. Ég legg því áherzlu á það, að í sambandi við þetta mál verði það að koma inn í löggjöf, sem um þetta fjallaði, að það yrði að vera almenn atkvgr. um málið, því að allt annað væri óeðlilegt.

Í þessu sambandi vil ég taka undir það, sem hér hefur komið fram áður, að ég vara mjög við valdboði í sambandi við þetta mál. Það mundi reynast illa. Ég hef t. d. þær sagnir í sambandi við breytingu, sem gerð hefur verið í Noregi, – ég hef að vísu ekki sannanir, – að kostnaður og annað fleira, sem fram hefur komið, síðan breytingin var gerð, hafi reynzt á annan veg og verði meiri en reiknað var með.

Ég kann ekki heldur við, að það sé í löggjöf verið að setja upp áróðursmeistara til þess að ferðast um landið og hann látinn hafa svo mikið vald, að hann getur tekið valdið af sveitarstjórnunum og átt frumkvæðið að því, að málið sé tekið upp. Ég fæ ekki séð, hvaða nauðsyn ber til þess að setja upp slíkt embætti. Við höfum nóg með okkar fjármuni að gera í önnur verkefni en þetta, og ég kann ekki við það, að það sé verið að setja í lög, að það skuli vera lögverndaður maður, sem á að ganga á milli sveitarstjórnanna og knýja á þær til að hefjast handa í þessu máli og meira að segja geta tekið það upp sjálfur. Og þessi áróðursmeistari, eins og ég kalla hann, hefur svo mikið vald, að hann getur, eins og segir hér í 3. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Hann getur kvatt samstarfsnefndirnar saman til funda og leitað umsagnar þeirra og álits um atriði, sem hann telur máli skipta um framgang sameiningar. Samstarfsnefndir geta falið erindreka stjórn funda og framkvæmd ályktana, sem þær hafa samþ.“

Og svo segir hér í 4. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Erindreki getur af sjálfsdáðum gert till. um sameiningu tilgreindra sveitarfélaga“, og ef sveitarstjórnin er ekki sammála í málinu, þá er heimild til atkvgr. um málið.

Mér finnst í fyrsta lagi fráleitt að halda því fram, að málið sé svo brennandi spursmál, að það þurfi þess vegna að fara að setja upp embætti til þess að koma því áfram, og í öðru lagi, að það sé óviðfelldið, að það sé gert. Ég tel, að við munum hverfa að sameiningu í hinum smærri hreppum og einstaka tilfellum, en ef við ætlum að fara í þessa byltingu, þá endurtek ég það, að þá verðum við að marka okkur stefnu í því máli til þess að það verði leyst á sem hagkvæmastan hátt. Og þá verðum við í fyrsta lagi að gera okkur grein fyrir því, sem við ætlum að sameina, þ. e. hvaða atriði eru þess valdandi, að við leggjum til að sameina þetta frekar en annað. Í því sambandi hefur landfræðileg lega, viðskiptamál, menningarmál, atvinnumál, félagsmál og atvinnuréttindi sín áhrif.

Ég tel, að það málið, sem við þurfum hvað mest að hugsa um í framtíðinni, sé það, sem n. gengur alveg fram hjá, þ. e. samstarfið á milli kaupstaðanna, kauptúnanna og sveitanna. Ég er ekki á því, að stefna framtíðarinnar verði sú að aðskilja þessar tvær einingar. Ég held, að hún muni frekar fara inn á það að sameina þær. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, hvað það er í samstarfi sveitanna annars vegar og kauptúnanna og kaupstaðanna hins vegar, sem við þurfum að velta fyrir okkur. Það eru tvö meginatriði að minni hyggju, sem þar þarf að athuga. Það er annars vegar mál viðskiptalegs eðlis. Við skulum taka dæmi, þar sem ég þekki bezt til, eins og Borgarfjörð. Viðskiptin við Kaupfélag Borgfirðinga geta orðið til þess, að eðlilegra sé að tengja meir saman byggðirnar þarna en nú er. Og í öðru lagi er það atvinnuréttur. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að í sveitunum eru farnir að eiga heima menn, sem stunda aðra atvinnu en landbúnað. Þar vil ég nefna t. d. bifreiðastjóra og iðnaðarmenn, sem geta átt heima í sveitunum, en vilja njóta atvinnunnar í kaupstaðnum eða kauptúnunum. Þessi tvö atriði eru að minni hyggju stærstu málin í sambandi við sameiningu sveitarfélaga og einmitt þau málin, sem gætu knúið á sameininguna. Öll önnur mál er hægt að leysa félagslega. Þetta er mitt mat á því. Ég tel, að þetta sé atriði, sem við þurfum bara að gera okkur grein fyrir alveg hleypidómalaust. Við getum kannske með enn auknu samstarfi, ekki sízt með hinum stærri samböndum, náð þessu, en eins og nú horfir, er það ekki.

Ég verð því að segja það, að mér þykir sú hugmynd, sem fram kemur í 12. gr. frv., að útsvarsstigi í sveit ætti að vera annar en í kaupstað eða kauptúni, þótt sameinuð væru, alveg fráleit. Það er algerlega vonlaust að byggja upp sveitarfélag, sem ætti að búa við fleiri útsvarsstiga handa sínum þegnum. Það mundi valda slíkum erfiðleikum í sambúð, að það er óhugsandi.

Ég vil líka segja það, að það er önnur leið til, sem við verðum að beita, ef af slíkri sameiningu verður. Við vitum það vel, að í þéttbýlinu eru lagðar götur, þar eru lagðar vatnsveitur, þar eru lagðar skolpveitur og annað því um líkt. Þetta yrði hins vegar ekki gert í dreifbýlinu. Þessu á ekki að mæta með mismunandi útsvarsstiga. Þessu verður að mæta með mismunandi fasteignaskatti, enda er ég sannfærður um það, að inn á það verðum við að fara að nota fasteignaskattana meira sem tekjustofn í sveitarfélögunum en við nú gerum. Og ég er t. d. sannfærður um það, að ef við hverfum að því, sem ég hef talið, að við þyrftum að gera, að innheimta tekjur, útsvör og skatta jafnharðan og tekna er aflað, getum við ekki haft svona kerfi. Við verðum að gera það einfaldara í framkvæmd en það að fara að búa til nýtt kerfi í því. Og ég er mjög undrandi yfir því, að n. skuli hafa látið sér detta það í hug, að það væri hægt að hugsa sér fleiri en einn útsvarsstiga í sama sveitarfélagi eða ákveða í lögum, að þessir aðilar skyldu hafa lægri útsvör en aðrir. Ég held því, að það, sem er í raun og veru grundvallaratriði í þessu, séu þau atriði, sem ég hef ekki fundið, að bent væri á í áliti n. í sambandi við atvinnumál og viðskiptamál, eða atvinnu- og viðskiptasvæði.

Nú skulum við gera ráð fyrir því, að það gerist, að þessi lagabreyting nái fram að ganga og áróðursmeistaranum, eins og ég kalla hann, takist að koma þessu í framkvæmd á ábendingarsvæðunum, eins og þau eru í þessu áliti. Þá vildi ég nú fyrst benda á það, að þau eru óframkvæmanleg nema með því að leggja sýslufélögin niður líka eða breyta þeim. Hvernig haldið þið, að sýslufundur í Dalasýslu yrði með sýslumanninum og einum sýslunefndarmanni? Á sýslufundi í Austur-Húnavatnssýslu yrði líka einn nefndarmaður, því að það er bara eitt sveitarfélag. Í Mýrasýslu yrðu sýslunefndarmennirnir tveir og sýslumaður. Í Borgarfjarðarsýslu yrðu þeir tveir auk sýslumanns. Það er ekki hægt að gera svona hluti. Það er ekki hægt að slíta sundur stjórnkerfið með þessum hætti. Þess vegna, ef við ætlum að gera þessa breytingu, verðum við að gera okkur grein fyrir því, að við erum búnir að bylta þjóðfélaginu og verðum því að stilla því upp öllu á nýjan leik. Það er óframkvæmanlegt að gera svona till. og ætla henni að ná fram að ganga án þess að taka málið í heild.

Það er alveg greinilegt, ef við förum í gegnum það lesmál, sem hefur komið frá n., af hverju ekki er átt við sýslurnar. Það hefur verið leitað álits hjá sýslumönnunum yfirleitt. Það hefur enginn þeirra lagt til að leggja niður sína sýslunefnd eða sinn sýslufund. Það kemur hvergi fram. Við skulum svo líka líta á þessa uppstillingu. Ef við byrjum hér á Vesturlandi, ef við förum upp í Borgarfjörð, þá eru teknar saman sveitirnar sunnan Skarðsheiðar. Þær eru gerðar að einum hreppi. Það er ekki rætt um það að tengja þær við Akranes eða breyta í neinu afstöðu Akraness gagnvart sveitunum, heldur aðeins að gera þessar sveitir að einu sveitarfélagi. Nú má segja það, að þessar sveitir eigi margt sameiginlegt, og þær eru búnar að byggja sameiginlega skóla. Þær eru búnar að reisa félagsheimili, og það mundi ekki breytast neitt í þessu annað en það, að hægt væri að hagnýta betur þær tekjur, sem Hvalfjarðarstrandarhreppur hefur, sem eru nú mjög takmarkað hagnýttar, af því að hreppurinn þarf ekki á þeim að halda. En þarna er ekki verið að fjalla um það. Er það réttmætt að gefa þessum sveitum kost á atvinnuréttindum á Akranesi? Það er alveg gengið fram hjá því.

Þegar komið er svo innan Skarðsheiðar, þá eru teknir hrepparnir í Upp-Borgarfirði og settir í eitt sveitarfélag. Þetta eru ekki ólíkir hreppar, og við það er svo sem ekkert að athuga, en það er alveg gengið fram hjá því að tengja þá nýjum svæðum. Þeir sækja ekkert hvor til annars. Nú orðið er útsvarsálagning þeirra orðin mjög svipuð. Þeir fá ekki neina nýja tekjumöguleika með þessu.

Sama er að segja um hreppana í Mýrasýslu. Upphéraðið er þar haft í einum hreppi og vesturhrepparnir aftur í öðrum, og Borgarnes heldur svo alveg sínu og hvorki bætt við né af því tekið. En það verður engin breyting í sambandi við þetta, nema oddvitum hefur fækkað. Vesturhreppar Mýrasýslu hafa t. d. mjög svipaðar tekjur og afkomu, en enginn þeirra bætir hinn, svo að ég sé ekki ávinning af þessu.

Mér finnst, ef það ætti að fara að gera þetta mál upp í heild og menn vilja hér hugsa það raunhæft og fara að gera byltingu, þá verða menn að gera sér grein fyrir því. Á svo að veita þessum hreppum aðgang og sameina þá Borgarnesi, svo að þeir fái aðgang að atvinnu, sem þar kynni að vera, nytu viðskiptanna um kaupfélagið, sem við njótum þar? Þetta er mál út af fyrir sig, og mér finnst ekki hægt að fara út í svona stórbreytingu án þess að taka þetta atriði með. Nú er það t. d. svo, að þessir hreppar, sem eru tveir í Mýrasýslu, eru saman um einn skóla, þannig að skólahéraðið samanstæði þá af tveimur hreppum eftir sem áður, ef það væri ekki eitt um það.

Sama er að segja, þegar við höldum áfram vestur á Snæfellsnes, þar er tiltölulega lítil breyting. Það eru settir saman suðurhrepparnir og Skógarströndin þar með. Nú finnst mér af þeim kunnugleika, sem ég hef þar um, að eðlilegra hefði verið, að hún hefði fylgt Dalasýslu, a. m. k. fyrir innan Álftafjörð, og mér hefði fundizt það miklu eðlilegra en hún væri við Suðurfjörð. Hins vegar halda öll þorpin á Snæfellsnesi sínu sveitarfélagi og engu þar breytt. Fróðárhreppi er bætt við Ólafsvík, og það er ekkert nema eðlilegt um það að segja, og Helgafellssveit við Stykkishólm. Að öðru leyti er þetta óbreytt.

Svo kemur aftur í Dalasýslu, og þar er Dalasýsla gerð að einu sveitarfélagi. Af þeim kunnugleika, sem ég hafði þar, þá hefði ég nú ekki hugsað mér það. Þó að ég hefði hugsað um breytingu, þá hefði ég talið, að vesturSýslan yrði eitt sveitarfélagið og suðurSýslan annað. Þarna suður frá er sem sagt ekki talið hyggilegt að leggja saman sveit og kauptún.

Þegar við komum vestur á Vestfirði, er ætlazt til, að eitt sveitarfélag verði Barðastrandarhreppur, Rauðasandshreppur, Patreksfjörður og Tálknafjörður. Þá er algerlega gengið gegn þessari meginreglu, sem gilti suður frá, um að sameina ekki sveitirnar og kauptúnin, og þá er ekkert verið að velta þessu fyrir sér. Mér finnst, að Barðastrandarhreppur og Rauðasandshreppur eigi ekki nema takmarkaða samleið með Patreksfirði og Tálknafirði. Þeir eiga náttúrlega nokkra samleið með Patreksfirði, en ekki með Tálknafirði, a. m. k. ekki frekar en almennt gerist.

Svo þegar við komum norður í Húnavatnssýslu, er Vestur-Húnavatnssýsla tekin í eitt sveitarfélag, og þegar við komum norður í Austur-Húnavatnssýslu, þá er Austur-Húnavatnssýsla með öllum sveitunum, Blönduósi og Skagaströnd gerð að einu sveitarfélagi. Þetta, segi ég, er handahóf, og það er ekki nokkur stefna mörkuð í sambandi við þetta. Ég sé ýmsar ástæður fyrir því, að þetta er svona. En það er ekki hægt að fara út í byltingu á slíkum grundvallaratriðum eins og sveitarfélögin eru og uppbygging þeirra og skipan með þessum hætti.

Ef við komum svo t. d. austur á Austfirði, þá er tekið svæðið frá Breiðdalsvík, Stöðvarfjörður, Breiðdalur, Djúpivogur og allar sveitirnar þar í kring. Þetta er allt gert að einu sveitarfélagi. Halda nú hv. þm., að það séu rök fyrir því að gera þetta svona, ef ekki er hægt að gera Hellissand og Ólafsvík að einu sveitarfélagi?

Þess vegna segi ég það, að ef það gerðist, að okkur tækist að koma í framkvæmd þessu frv. með áróðrinum og sameinuðum svona, eins og þessi ábendingarsvæði eru, þá værum við búnir að koma í framkvæmd miklum vandræðum. Ég vara við því að vinna þannig að þessu máli. Ég vil enga hleypidóma hafa gagnvart því að

sameina sveitarfélög og athuga það mál, en ég vil ekki gera það með svona handahófi, því að það er ekki farsælt. Og ég er hissa á því, að þeir ágætu menn, sem þarna hafa komið að verki og ég þekki alla vel og veit, að eru afbragðsmenn margir þeirra, skuli hafa látið sér detta þetta í hug. Það hlýtur að byggjast að einhverju leyti á ókunnugleika, og ég veit líka, að þeir eru fúsir til að athuga þetta betur.

Ég skal nú ekki þreyta hv. þm. með því að hafa þessi orð öllu fleiri. En ég vildi við þessa umr. benda á þær stóru veilur, sem ég tel vera í þeim ábendingum, sem hér eru gerðar. Ég vil því að lokum leggja áherzlu á það, að ég tel, að það eigi að sameina smærri sveitarfélögin með félagslegu samstarfi þeirra og ákvörðun fólksins, og það geti orðið að gera það, til þess að þau njóti þess, sem þau eiga að njóta, og geti staðið að sínum störfum. Ég tel í öðru lagi, að það eigi að efla félagslegt samstarf sveitarfélaganna yfirleitt um einstök verkefni og efla hin félagslegu samtök, sem sveitarfélögin hafa verið að mynda á stærri svæðum. Það á að láta þau hafa verkefni frá ríkisvaldinu og fjárráð frá ríkisvaldinu og þá muni það koma í ljós, hversu farsælt það getur verið að hafa þessar einingar stærri. Í framhaldi af því samstarfi er hægt að vinna að lausn þessa máls á heppilegan hátt.

Umr. frestað.

Á 56. fundi í Nd., 9. marz, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Frv. um sameiningu sveitarfélaga hefur verið óvenjulega mikið rætt við 1. umr. máls, og er það ekki að ófyrirsynju. Yfirleitt hafa menn, sem tekið hafa til máls, lýst andúð á frv., verið andvígir því, og er ég einn í þeirra hópi. Ég er algerlega andvígur þessu frv. og sé enga nauðsyn á flutningi þess og enn síður lögfestingu.

Sveitarfélögin eru með allra elztu stofnunum þjóðfélagsins. Sveitarfélögin eru e. t. v. eldri en Alþingi sjálft, og það er gömul og ný reynsla, að menn eru ekki mjög fúsir til að breyta skiptingu landsins í sveitarfélög. Miklu meira hefur verið um það, að sveitarfélögunum hafi verið skipt. Hins eru aðeins örfá dæmi, að sveitarfélög hafi verið sameinuð.

Nú gætu þau rök legið fyrir, að aðstæður hefðu svo breytzt, að þetta væri eðlilegt, og sízt neita ég því, að viðfangsefni sveitarfélaganna stækka og verða þýðingarmeiri, og í einstökum tilfellum eru verkefnin svo stór, að ástæða væri til, að heildirnar, sem eiga að leysa þau málefni, standa undir þeim, mættu vera stærri en sveitarfélögin mörg eru í landi okkar nú. En þá hafa þau gripið til annarra ráða, eins og ég mun koma að síðar.

Ég tel meginefni þessa frv. vera í 2. gr. frv. og í 13. gr. þess. 2. gr. er um það að stofna nýtt embætti. Ég er alveg andvígur stofnun þessa nýja embættis. Ég veit ekki betur en félmrn. hafi til þess fullar heimildir samkv. gildandi lögum að sameina sveitarfélög, þegar þess er óskað af viðkomandi sveitarfélögum. Það stendur meira að segja í gildandi löggjöf, að félmrn. skuli sameina hreppa, þegar þess er óskað af viðkomandi sveitarfélögum. Er þetta ekki algerlega fullnægjandi lagaákvæði um þetta efni? Félmrn. skal gera þetta, ef óskir koma fram um það frá réttum aðilum, sveitarfélögunum. Það hlýtur að vera ætlunin með nýrri löggjöf að fara út fyrir þetta, enda er það svo, því miður. Það á að vinna að sameiningu sveitarfélaga, án þess að þess sé óskað af sveitarfélögum, a. m. k. í vissum tilfellum. Og það álít ég ranga stefnu, alranga stefnu. Ég álít stefnuna algerlega rétt markaða með gildandi lagaákvæðum, að félmrn. standi að sameiningu, ef þess er óskað af viðkomandi sveitarfélögum, og út yfir það þurfi ekki á nokkurn hátt að fara.

Ég sé það, að nýja embættismanninum er ætlað að eiga frumkvæði að sameiningu einstakra sveitarfélaga, að afla upplýsinga, sem máli skipta í sambandi við sameiningu sveitarfélaga, að vera samstarfsnefndum til ráðgjafar og aðstoðar við störf þeirra og að annast fyrirgreiðslu við stjórnvöld um þau mál, sem varða sameininguna. En allt þetta eru vitanlega eðlilegir starfsþættir félmrn. og núna rétt nýverið er búið að létta á félmrn. með því að stofna nýtt tryggingamálaráðuneyti. Það eitt út af fyrir sig gerir það enn þá hneykslanlegra að fara að stofna til nýs embættis af þessu tilefni. Ég hef líka haldið það, að ekki væri svo blómlegt í búi hjá okkur, að það væri ástæða til þess að vera að stofna til nýrra og ekki nauðsynlegra embætta.

Frv. að öðru leyti er svo á margan hátt um það efni, hvaða valdsvið þessi nýi embættismaður eigi að hafa, og hann á svo sannarlega ekki eingöngu að vera til aðstoðar sveitarfélögunum. Hann á samkv. lögum á mörgum sviðum að geta tekið fram fyrir hendur á stjórnum sveitarfélaganna, og það er ekki gott. Með það verður áreiðanlega lítil eða engin ánægja víða um landið.

Það er skýrt frá því hér í aths. með frv., að sameiningarnefnd félmrn. sé búin að starfa frá því á miðju ári 1966, eða hátt í fjögur ár. Og árangurinn er sá, að það hefur engin sameining sveitarfélaga átt sér stað eftir þetta fjögurra ára starf. Það hefur það lengst komizt, að sameiningarnefnd tveggja sveitarfélaga á einum stað á landinu hefur komið sér saman um að spyrja íbúana, hvort þeir vildu sameiningu, þ. e. Ísafjarðarkaupstaður og Eyrarhreppur.

Ég var staddur vestur á Ísafirði og kom í Hnífsdal einnig um það leyti, sem þessi sameiningarmál voru þar á dagskrá, mikið rædd. Áróðursriti hafði verið dreift út og sameiningarmaður framkvæmdanefndar félmrn. var á staðnum. Báðir frsm. mæltu með sameiningu í þessu tilfelli. Samt varð niðurstaðan sú, að mjög treglega gekk að fá kjósendur til þess að tjá sig. Ég hygg, að það hafi orðið eftir allt saman minni hl. kjósendanna í báðum sveitarfélögunum, sem greiddi atkv., en af þeim, sem greiddu atkv., voru þeir að vísu fleiri, sem greiddu atkv. með sameiningunni, enda hygg ég, að það sé þá hvergi til á landinu sérstaða til þess að sameina sveitarfélög, ef ekki í þessu tilfelli. Þetta var upphaflega eitt sveitarfélag, Ísafjörður og Eyrarhreppur. Það var eitt hreppsfélag, þangað til Ísafjarðarkaupstaður fékk kaupstaðarréttindi og klauf þá þetta fyrrverandi sveitarfélag í sundur í tvennt. Annar partur sveitarfélagsins er við innfjörðinn, fyrir innan Ísafjarðarkaupstað, og svo Hnífsdalskauptún 3–4 km fyrir utan Ísafjörð. Þarna er flest, sem mælir með sameiningu, ef sameining sveitarfélaga á yfirleitt að geta átt sér stað. Það er sam-

eiginlegur vinnumarkaður, það er sameiginlegt viðskiptasvæði, það eru sameiginlegar skólastofnanir, það eru sameiginlegar heilbrigðisstofnanir o. s. frv., o. s. frv. En samt er þarna svo fast haldið við hina gömlu skipan, að bæjarbúar sérstaklega voru mjög tregir til, – það heyrðist mér á fólki, – að ákveða sameininguna.

Það finnst mér líka undarlegt, að þessi fjölmenna n., níu manna n., sem starfað hefur í nálega fjögur ár, er mest skipuð mönnum úr fjölmennum kaupstöðum á landinu, en engar till. þeirra hníga að því að sameina sveitarfélög á fjölbýlissvæðunum, engar. Þessir menn leggja eingöngu til sameiningu fámennra sveitarfélaga. Það er þá vissulega aðstaða hér á fjölbýlissvæðinu, sem gæti bent til, að eðlilegt væri að sameina. Hvað er t. d. eðlilegra en sameina Seltjarnarnes og Reykjavíkurkaupstað? Eða Reykjavíkurkaupstað og Kópavog? Eða Kópavog og Garðahrepp? Eða Hafnarfjörð og Garðahrepp? En það virðist ekki hafa verið litið neitt í þessa áttina af nm., sem einmitt voru úr þessum sveitarfélögum. En þeir leggja til um litlu sveitarfélögin, að þau skuli sameinuð, hvort sem þau vilja það eða ekki. Þetta finnst mér nú vera hálfgerð handarbakavinnubrögð og nokkuð einræðiskennt.

Það þykir mér leitt að þurfa að segja það, að þegar verið er að lýsa hér störfum sameiningarnefndarinnar, framkvæmdanefndar hennar, þá er ekki farið rétt með í þessu þskj. Það er skrökvað til. Þess hefði auðvitað ekki þurft, þetta hefði ekki þurft að koma fram. Það er svo, að án lagasetningar hefur verið starfandi maður s. l. ár að þessum sameiningarmálum, og ég get ekki komið auga á það, að nokkur ný nauðsyn hafi risið á því að lögfesta hans starf, hans embætti. Hann hefur starfað án lagasetningar á undanförnum árum að þessum málum og ferðazt um landið. Hann hefur haldið fundi með hreppsnefndum og sýslunefndum, og hann hefur staðið að því, að stofnað hefur verið til sameiningarnefnda, og hér segir: „Á öllum þessum fundum hafa till. um slíka athugun á sameiningu hlotið samþykki." En þetta er ekki rétt. Bara af tilviljun er mér kunnugt um það, að það hefur verið synjað um að stofna til slíkrar sameiningarnefndar og þar með neitað að taka slíkt til athugunar. Báðar sveitarstjórnir í því tilfelli voru andvígar og vissu raunar um afstöðu íbúanna í þessu tilfelli einnig. Annað sveitarfélagið sagði, að þrátt fyrir sameiningu samkv. þessari till. væri sveitarfélagið ákaflega litlu sterkara, og hitt sveitarfélagið sagði, að það væri vitað þar um vilja allra íbúanna, og þeir væru andvígir sameiningu. Hvorugt sveitarfélagið vildi þess vegna setja niður n. til þess að athuga mál, sem hvorir tveggja aðilarnir voru andvígir. Ég skil því ekki, hvernig á því stendur, að hér skuli vera sagt svona afdráttarlaust: „Á öllum þessum fundum hafa till. um slíka athugun á sameiningu hlotið samþykki." Þetta er ekki rétt, og það kann að vera í fleiri tilfellum en þessu eina, sem mér er kunnugt um af tilviljun, að þetta hafi ekki verið gert. En svo mikið er víst, að þetta er ekki með öllu rétt. Þarna er gert meira úr árangrinum en hann er, því að það hefur ekki alls staðar verið samþ. að stofna til sameiningarnefnda. Víða kemur fram í þessu þskj., að tregðan gegn sameiningu sé mikil. Það stendur hér á 5. bls.:

„Þó að lítill árangur sé enn sýnilegur af tilraunum n. til þess að koma á sameiningu með frjálsu samkomulagi, telur n. þó enn ekki fullreynt um, að árangur náist með þeim hætti. Litlar líkur eru þó til þess, nema málinu sé fylgt eftir með festu af hálfu ríkisstj. og Sambands ísl. sveitarfélaga."

Stappar nú ekki nærri, að þarna sé sagt, að andúðin gegn þessu sé svo mikil, að árangurs sé ekki að vænta með frjálsum hætti, og það þurfi allt að því þvingun til? Og þá er spurningin: Halda menn, að það sé farsæl lausn á þessu máli að beita þvingun? Ég held, að það sé ekki. Þarna er búið að þrýsta á af ríkisvaldinu, og árangurinn er enginn, og þeir segja, að lítill árangur sé, en þó ekki alveg fullreynt enn þá. Það er enn hert á þessu í þskj. á sömu bls., því að þar er sagt:

„Reynslan hefur þegar sýnt, að lítið verður um störf hjá samstarfsnefndunum, sem kosnar eru, ef ekki kemur til hvatning og ráð frá aðila, sem hæfur er til að veita slíka þjónustu."

Sveitarfélögin geta þetta ekki og til þess kjörnar samstarfsnefndir. Það verður að njóta hvatningar og ráða frá aðila, sem hæfur er til að veita slíka þjónustu, og þetta er búið að reyna í fjögur ár, einnig án árangurs. Þessi hæfi aðili hefur verið að starfi. Ég sé ekki, að aðstaða hans til þess að þrýsta sveitarfélögunum til sameiningar, verði mjög miklu sterkari, þó að hann fái lög fyrir embætti sínu. Hann hefur verið að starfi í umboði rn.

Ég tók eftir því mér til ánægju, að hæstv. núv. félmrh., sem áreiðanlega hefur ekki átt hlut að samningu þessa frv., sagði það, að það hvarflaði ekki að ráðh. að beita þvingun í þessu máli. En frv. gerir ráð fyrir þvingun. Og það er játað berum orðum. Í aths. við 4. gr. segir: „Frv. gerir ekki ráð fyrir, að sveitarfélög verði sameinuð gegn vilja hlutaðeigandi sveitarstjórna, sbr. þó 13. gr." Þar kveður við annan tón. Þar er ekkert um að villast. Í 13. gr. er sagt, að þótt sveitarstjórnir beggja sveitarfélaganna leggist gegn sameiningu og þó að sýslunefnd í viðkomandi sýslufélagi leggist gegn henni, þá skuli erindrekinn samt sem áður geta beitt sér fyrir sameiningu. Ráðh. er heimilt að sameina hrepp nágrannasveitarfélagi samkv. till. erindreka, án þess að fyrir liggi samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórna, – það er átt við þær báðar, því að þetta er í fleirtölu, – og sýslunefndar.

Ég held, að það væri ekki gæfulegt spor, ef knúin væri fram sameining sveitarfélaga móti vilja fólksins, móti vilja beggja hreppsnefndanna og móti vilja sýslunefndar. En samt er opnuð leið fyrir erindrekann að knýja þetta samt sem áður fram. Í samræmi við þetta þvingunarákvæði 13. gr. er svo hér á 8. síðu þskj. skrá yfir 10 sveitarfélög, sem bíða á aftökupalli þessa ofbeldis: Klofningshreppur, Múlahreppur í Austur-Barðastrandarsýslu, Ketildalahreppur í Vestur-Barðastrandarsýslu, Auðkúluhreppur í Vestur-Ísafjarðarsýslu, Snæfjallahreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu, Flateyjarhreppur í Suður-Þingeyjarsýslu, Fjallahreppur í Norður-Þingeyjarsýslu, Loðmundarfjarðarhreppur í Norður-Múlasýslu, Seyðisfjarðarhreppur í Norður-Múlasýslu og Selvogshreppur í Árnessýslu. Þessi sveitarfélög skulu tekin af, hvað sem sveitarstjórnirnar segja, hvað sem fólkið segir, hvað sem sýslunefndir segja. Ég verð að segja það, að mér finnst

þetta ekki lýðræðislegar aðferðir, og mér sýnast þær ekki vænlegar til góðs árangurs. Það á að taka þessi sveitarfélög og leggja þau niður, hvað sem hver segir, ef þar hafa búið færri en 50 manns s. l. 3 ár. Það er eina skilyrðið. Mér skilst, að það eigi að gera þetta, þótt þau hafi staðið í skilum við sýslufélag og ríkissjóð, borgað keisaranum hvað keisarans er og guði hvað guðs er. Og hvað eiga þau að gera meira? Það á að taka þau af samt. Þau eru sett upp á aftökupallinn nú þegar, auglýst til aftöku.

Nú kynnu menn að segja: Þau eru svo smá, að þau rísa ekki undir að leysa hin stærri verkefni, sem sveitarfélögum ber að leysa. En hafa þau ekki fundið úrræði til þess? Mér er ekki kunnugt um annað en þessi fámennu sveitarfélög hafi leitað samstarfs sín á milli um að leysa skólamál sín t. d., án þess að nokkur þörf væri á að breyta hreppamörkum, og þau hafa ekki staðið í veginum. Og það hefur gerzt mjög víða á landinu, að smærri og miðlungsstór sveitarfélög hafa beitt því úrræði að leysa þau með samstarfi. Í heilbrigðismálunum er það algengt, að mynduð hafi verið héraðssamlög margra sveitarfélaga og þannig starfað að því að leysa heilbrigðismálin saman, án þess að það ylli nokkrum vandkvæðum, að að því samstarfi stæðu fleiri sveitarfélög. Ég held því fram, að ef fámennu sveitarfélögin borga sýslunni sitt og ríkinu sitt og leysa sín stóru mál, sem þau ekki ráða við vegna fámennis, með samstarfi sín á milli, þurfi þar alls engra opinberra aðgerða við, og slíkt sé miður, ef það er á móti vilja viðkomandi fólks og stjórnenda sveitarfélaganna.

Þetta er 1. umr. um málið, en þetta vildi ég láta koma fram um afstöðu mína og tel ekki þörf á að fjölyrða meira um það. En ég harma það mjög, ef þetta frv. verður knúið í gegn, eins og það er, og í raun og veru tel ég algerlega þarflaust að bæta nokkru við þá löggjöf, sem um þetta gildir, að félmrn. skuli sameina sveitarfélög, þegar viðkomandi sveitarfélög óska þess.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Frv. þetta er komið frá n., sem hæstv. félmrh. skipaði einhvern tíma á árinu 1966 til þess að rannsaka þau mál, sem hér um ræðir, þ. e. a. s. hvort ekki sé ástæða til þess að sameina sveitarfélög, tvö eða fleiri, einkum þau fámennari, stækka þau og jafnframt gera athugun á því, hvort ekki sé ástæða til þess að steypa fleiri en einni sýslu saman í eina heild, stækka þau umdæmi einnig.

Eins og tekið er fram í aths. við lagafrv. þetta, hefur þessi svonefnda níu manna n. einkum einbeitt sér að fyrra atriðinu, þ. e. a. s. að sameina hreppa, en látið hitt eiginlega lönd og leið að sinni, þar sem að sjálfsögðu er mikið undir því komið, hvernig fyrra atriðið leysist. Það hefur áhrif á hið síðara, en er eiginlega alveg ókannað enn.

Það er svo sem ekki verið hér að leitast við að breyta skipan, sem lítil reynsla er á eða þar sem tjaldað hefur verið til einnar nætur. Þetta er mjög forn og gamalgróin skipan, bæði hvað snertir mörk hreppsfélaga og einnig sýslufélaga, svo að það er ekki að undra, þó að þau mál þurfi nokkuð vandlega athugun og nákvæma. Það er sennilega aðallega hagræðingarsjónarmið, sem þetta frv. byggist á, og hagræðing á víða rétt á sér, þó að ég álíti, að henni sé gert að sumu leyti allt of hátt undir höfði nú á tímum. Við vitum, að það er fullkomlega útilokað að reita land okkar með stiku og kvarða niður í einhverja reiti eins og skákborð og ætlast til að hafa helzt nokkurn veginn jafnmörg peð í hverjum reit. Þetta er náttúrlega fullkomlega útilokað. Hins vegar tel ég, að þetta mál eða það sjónarmið, sem þetta mál byggist á, eigi rétt á sér. Það er sjálfsagt að kanna þetta. Þó er ekki hægt að verjast þeirri hugsun, hvaða ástæða sé til þess í sjálfu sér að hrófla við fámennu sveitarfélagi, sem hefur rækt allar skyldur sínar við guð og menn, eins og síðasti hv. ræðumaður tók fram. Og það er ekki hægt að neita því, að þokki hinna fámennu hreppsfélaga er víða mikill og áberandi. Þeir eiga góða fulltrúa og framámenn, sem hvarvetna standa fyrir sínu með heiðri og sóma.

Hitt ber svo einnig á að líta, að samvinna sveitarfélaga getur farið fram í mörgu öðru formi, eins og hér hefur verið tekið fram af mörgum ræðumönnum, bæði hvað snertir skólahald, heilbrigðismál og annað.

Mér skildist á hv. 1. þm. Vestf., – minnir, að hann léti þess getið í ræðu sinni, – að hér um bil allir sýslumenn á landinu væru fylgjandi þessu frv., og það væri svo sem auðvitað vegna þess, að það mundi létta þeirra störf. Ég hef ekki lesið umsagnir sýslumanna svo nákvæmlega, en sannarlega fer það ekki fram hjá augum þeirra manna, sem í starfi kynnast jafnnáið sínu umdæmi, að sameining getur víða átt rétt á sér. En hitt ætla ég, að flestir sýslumenn séu á þeirri skoðun, að slík sameining geti verið rétt og eðlileg, þar sem hún er reist á fullkomnum rökum, en áhugi þeirra á þessu máli sé ekki mjög mikill þar fram yfir.

Eitt atriði, sem má kalla nýmæli í þessu frv. og hv. 1. þm. Norðurl. e. gerði nokkuð að umræðuefni, er það, þegar þéttbýli myndast innan sveitarfélags. Ég gat ekki skilið hann öðruvísi en svo, að hann teldi þá eiginlega sjálfsagt, að þéttbýlið yrði sjálfstætt sveitarfélag eða klyfi sig út úr heildinni, vegna þess að það væru svo frábrugðin meginsjónarmið og markmið, sem vinna þyrfti að í þéttbýli og dreifbýli. Og sannleikurinn er sá, að við þekkjum mörg dæmi um það frá þessari öld, að þéttbýliskjarnar hafa klofið sig út úr sveitarfélögum og myndað sjálfstæð sveitarfélög. Ég verð að segja, að ég er mjög andvígur þessari þróun. Ég álít, að það sé síður en svo þörf á því að láta sér detta í hug að skipta sveitarfélagi, þó að nokkurt þéttbýli myndist innan þess. Þó er vitað, að það geta skapazt miklir hagsmunaárekstrar í slíku sveitarfélagi, en það er ekki meira en aðrir hagsmunaárekstrar hvarvetna, sem verður að greiða úr. Þess vegna tel ég alveg tvímælalaust, að sveitarfélög eigi að leggja kapp á að halda sinni einingu og varðveita sína heild, þó að innan takmarka þeirra séu bæði þéttbýli og strjálbýli. Hér segir í grg., en þar er einmitt vikið að þessu sjónarmiði:

„Sumir telja, að dreifbýli og þéttbýli eigi ekki saman í einu sveitarfélagi. En þetta er vafasamt. Það virðist þvert á móti vera eðlilegt, að þéttbýliskjarni, sem innir af hendi margvíslega þjónustu fyrir dreifbýlið, verði innan þess sveitarfélags, sem hann byggir afkomu sína á.“

Ég er fyllilega sammála þessu atriði, að það beri að leggja kapp á að varðveita einingu og heild sveitarfé-

lags, þó að innan vébanda þess séu hvort tveggja í senn þéttbýli og dreifbýli.

Eins og fram hefur verið tekið, þá eru í núgildandi lögum um sveitarstjórnarmál, nr. 58 1961, ákvæði, sem lúta bæði að sameiningu og skiptingu sveitarfélaga. Það verður ekki í raun og veru annað sagt en að fyrir slíkum ákvæðum sé vel séð. Um sameininguna ræðir m. a. í 4. gr., en þar er tekið fram, að rn. skuli sameina hreppa, ef þess er óskað af hreppsnefndum og samþ. af sýslunefnd. Og í 5. gr. segir, að ef íbúatala hrepps hefur verið innan við 100 íbúa samfellt í 5 ár, sé rn. heimilt, eftir till. sýslunefndar, að sameina hreppinn öðru sveitarfélagi. Það verður ekki annað sagt en að þarna séu allrúm ákvæði, sem hægt sé að beita, a. m. k. ef almannaheill eða almannaþörf krefðist.

Þrátt fyrir þetta, sem ég hef nú sagt, hef ég síður en svo á móti því, að þetta frv. sé athugað, eins og gert hefur verið af félmrn. og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Það eru þeir aðilar, sem eðlilegt er, að fjalli um mál sem þetta, og tel ég einnig rétt, að frv. verði athugað í viðkomandi n., en ég álít tvímælalaust, að ekki megi hrapa að neinum ákvörðunum í þessu efni.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Margir hafa nú tekið til máls út af þessu frv., sem hér er til umr., og ég verð að segja það, að hið ánægjulega hefur gerzt, að flestir þeir, sem hafa talað, eru því andvígir. Ég er einn af þeim, sem sjá ekki ástæðu til þess að stuðla að samþykkt þessa frv. Ég get ekki betur séð en að löggjöfin í sambandi við sameiningu sveitarfélaga sé þannig, að það þurfi ekki að breyta henni á nokkurn hátt, a. m. k. í þá átt að ýta undir þessa þróun. Þar með segi ég ekki, að það geti ekki verið æskilegt, að sum sveitarfélög sameinist. En það verður að koma frá þeim sjálfum, og fólkið, sem býr í þessum sveitarfélögum, á að finna með sér þörf á því að gera það, en ekki á að ýta á það frá hinu opinbera.

Í raun og veru segir 1. gr. frv. mjög mikið, hvaða hugarfar er þarna á bak við. 1. gr. frv. er þannig, með leyfi forseta:

„Félmrn. skal í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga stuðla að eflingu sveitarfélaganna með því að koma á sameiningu tveggja eða fleiri sveitarfélaga í eitt sveitarfélag, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum."

Niðurstaða þeirrar n., sem falið var að athuga þetta mál, hefur orðið sú, að það sé þörf á því að sameina þessi sveitarfélög, og nm. finnst vera þörf á því að setja hér upp nýtt embætti til að stuðla að slíkri þróun mála. Ég verð að segja það, að mér finnst vera alveg nóg af nýjum embættum. Ég held, að við ættum frekar að stuðla að því, ef við sjáum, að hægt sé með sæmilegu móti, að fækka þeim heldur en að fjölga, ekki sízt í málum sem þessu.

Ég veit ekki betur en að það sé búið að ferðast um landið og kynna þetta mál. Þar, sem ég er kunnugastur, hefur komið fulltrúi frá Sambandi ísl. sveitarfélaga til þess að kynna málin, og þar hafa verið settar a. m. k. samstarfsnefndir á laggirnar til þess að ræða þessi mál. En hvað hefur gerzt? Einmitt fámennustu sveitarfélögin eru andvígust sameiningu. Ég get ekki stuðlað að því, að það sé verið að knýja þessar breytingar fram, knýja sameininguna fram, en í sjálfu sér er þetta frv. spor í þá átt, og ég sé ekki, hvaða tilgangi það á eiginlega að þjóna, nema þá þeim að knýja fram málið, því að eins og ég sagði áðan, er löggjöfin þannig, að það er engin fyrirstaða fyrir því að sameina sveitarfélög, ef menn vilja slíkt heima fyrir á annað borð.

Í sambandi við það, að ráðh. sé heimilt, eins og segir í 13. gr., að sameina nágrannasveitarfélög, ef íbúatalan er lægri en 50, þ. e. að þurrka þau út, þá held ég, að fólkið í þessum hreppum eigi líka, þó að þeir séu smáir, að ákveða framtíð sína, en ekki eigi að setja það í löggjöf, að þau eigi engan tilverurétt.

Ég vonast til þess, að það verði ekki hrapað að því að afgreiða þetta frv. Ég held, að það sé ýmislegt annað, sem væri frekar ástæða fyrir hv. Alþ. að athuga en að knýja fram breytingar á þessu sviði.

Umr. frestað.

Á 57. fundi í Nd., 10. marz, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Það eru nú búnar að vera hér langar umr. um þetta mál, og margt hefur komið fram, sem ég tel, að hafi verið nauðsynlegt að fram kæmi í sambandi við málið. Ég hef nú ekki getað hlustað á umr. alveg að öllu leyti, og það getur vel verið, að þessi fáu orð, sem ég segi, hafi einhver annar sagt áður hér í þessum umr. En ég vildi nú ekki láta málið svo algerlega fram hjá mér fara, að ég ekki aðeins kæmi hér í ræðustólinn til þess að lýsa skoðun minni á þessu.

Þar er þá fyrst til að taka, að ég verð að segja fyrir mitt leyti, að ég hef ekkert sérstakt út á það að setja, að sveitarfélög séu sameinuð, þar sem íbúarnir eru samtaka um það, vilja sameiningu og telja sig hafa gagn af henni. En mér finnst undarlegt, að það skuli þurfa að setja upp mikinn lagabálk, til þess að slíkt geti átt sér stað. Ég veit ekki betur en að það sé nú þegar í 1. ákvæði um heimild til þess, að sveitarfélög geti þetta, ef hlutaðeigandi sýslunefnd getur á það fallizt, svo að mér þykir mjög einkennilegt, að það skuli vera talið nauðsynlegt að setja l. um þetta og stofna sérstakt embætti til þess. Ég verð nú að segja, að ég er algerlega á móti því, að þetta embætti verði stofnað. Mér finnst, að það sé svo mikið af vel starfhæfum mönnum í félmrn. og lögfræðingum þar, sem gætu hjálpað til við þetta, þar sem íbúarnir kynnu að vilja fallast á það að sameina sveitarfélög.

En það er spurning, sem vakir fyrir mér í sambandi við þetta mál í sambandi við 1. gr. Þar segir svo: „Félmrn. skal í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga stuðla að eflingu sveitarfélaganna með því að koma á sameiningu tveggja eða fleiri sveitarfélaga," þ. e. stuðla að eflingu, með því að koma á sameiningu. Ég get ekki skilið, að það geti orðið til neinnar sérstakrar eflingar dreifbýlishreppum að sameinast. Ef efling á að eiga sér stað, verður hún að gerast með þeim hætti, að eitthvað komi til sögu nýtt í sveitarfélagi, sem geti eflt aðstöðuna þar. En t. d. eins og í sveitunum, þá er ekki um slíkt að ræða að minni hyggju. Atvinnuvegurinn er yfirleitt landbúnaður í sveitunum, og ég get ekki séð, að hann geti eflzt á nokkurn hátt við það, þó að einhverjum tveimur til þremur hreppum sé steypt saman. Við

skulum hugsa okkur t. d. hreppana í Flóanum eða Árnessýslu, sem gert er ráð fyrir í till., sem um þetta hafa verið gerðar, að sameina. Ég sé ekki, að þar geti gerzt nokkur hlutur til þess að efla líf manna í þessu byggðarlagi, þó að búinn sé til úr þessu einn hreppur.

Það var einu sinni gert. Steindór Finnsson, sýslumaður í Árnessýslu, fékk konungsleyfi til þess að slengja saman hreppum í Árnessýslu á þeirri tíð, þegar hann var þar sýslumaður. Hann var orðinn feitur karlinn og fótfúinn og átti erfitt með að ferðast, og þá fékk hann leyfi til þess að steypa saman nokkrum hreppum. Það varð mikil óánægja út af þessu á þeim tíma. Bændunum þótti erfitt að sækja fundi langar leiðir. Þá hafði Steindór Finnsson eitt manntalsþing í Hróarsholti. Þar hafði aldrei þingstaður verið, hver hreppur átti sinn þingstað, og bændur kurruðu illa yfir því að þurfa að sækja manntalsþing langt í burtu frá heimilum sínum. Enn fremur setti hann, sem ég veit um, manntalsþing á Sandlæk í Gnúpverjahreppi fyrir Skeið og Gnúpverjahreppinn, sem hann sameinaði, og það var sama sagan. Þó að það sé nú nokkuð miðsvæðis, kurruðu menn yfir slíku. Undireins og karlinn var fallinn frá, voru fluttar bænarskrár um það að koma þessu í hið fyrra horf, sem svo var gert.

Nú má segja það að vísu, að það þurfi ekki að fráfælast þetta, vegna þess að nú eru samgöngur greiðari og menn eru fljótari að komast leiðar sinnar á bifreiðum, og það sé lítilfjörleg átylla, en þó er það nú svo, að víðast hvar er nægilegt að starfa, og marga þekki ég enn þá úti í sveitunum, sem setja fyrir sig að þurfa að fara lengri leið en nauðsyn ber til. Þeir meta tímann til peninga þar enn þá eða verðmætis og vilja frekar eiga stutta sókn til mannfunda. Ég sé þess vegna ekki nokkra ástæðu, sem geti valdið því, að aðstæður batni hjá þessu fólki.

En ég sé ástæður, sem benda til þess, að hlutirnir verði erfiðari, og það er nú aðallega erindi mitt, það kann að vera, að einhver hafi talað um það hér áður í umr. Ég er sannfærður um það, að gjöldin á þessu fólki hækka, þau hljóta að hækka. Með þessari sameiningu verður ekki hjá því komizt að koma upp hreppsskrifstofum með sérstökum sveitarstjórum og starfsliði til þess að sinna þeim störfum, sem oddvitar hafa nú með höndum og ýmsar félagsstjórnir, eins og sjúkrasamlagsstjórnir hafa nú með höndum í sveitarfélögunum. Þarna verða mynduð ný embætti með sérstökum kostnaði fyrir sveitarfélögin. Núna sinna bændurnir þessu starfi. Oddvitarnir gera þetta fyrir lítinn pening að stunda þetta. Ég hef tekið eftir því, að opinber gjöld hjá íbúum dreifbýlisins eru miklu lægri en opinber gjöld í þéttbýli. Og það kemur vitanlega til af því, að þar er allt önnur aðstaða. Þar eru ekki sameiginlegar vatnsveitur, skolpveitur, götur, gangstéttar eða annað því um líkt, sem þetta fólk hefur til þess að fást við, og það er eftirtakanlegt, að því fjær sem menn búa bæjum og kaupstöðum, því lægri sjúkrasamlagsgjöld greiða þeir. Það kemur til af því, að þeir nota læknisþjónustuna minna. Þeir virðast ekkert vera heilsulakari, þó að þeir séu ekki alltaf kveinandi utan í læknum.

Ég held, að það eigi að leyfa þessu fólki að njóta þeirrar aðstöðu, sem það hefur. Það á að fá að njóta hennar áfram. En það getur það ekki, þegar búið er að steypa saman mörgum sveitarfélögum. Það er óhjákvæmilegt, að þá verða sett upp ný embætti eins og skattstjóraembættin. Ég minnist þess, þegar hér á Alþ. voru umr. um þá löggjöf, þegar lagðar voru niður skattanefndir og skattstjóraembættin voru sett í staðinn. Það var talið verða mikið sparnaðaratriði. Ég hafði aldrei trú á því, ég hafði sjálfur verið í skattanefnd um áratugi og vissi það, hversu lítið var greitt fyrir þetta starf. En raunin hefur orðið sú, og við þekkjum það, sem hér sitjum, að þetta hefur orðið til þess að auka kostnað við álagningu skatta og innheimtu þeirra alveg gífurlega. Að vísu hafa nokkrir menn fengið atvinnu við þetta, og það kemur að vísu á móti, skattstjórarnir, þeirra fulltrúar og þeirra starfslið. Og svo mundi það náttúrlega einnig verða í sambandi við sveitarstjóraembættin, sem mundu verða stofnuð, þegar sameiningin hefði farið fram, að það fengju nokkrir menn atvinnu, en ég vil fyrir mitt leyti ekki gera það að miklu atriði í þessu.

Það má með ýmsum hætti auðvelda störf núverandi sveitarstjórna, ef menn vilja létta einhverju fargi af þeim, sem starfa að sveitarstjórnarmálum. Það eru möguleikar til þess að gera það með ýmsum hætti. Ég hygg t. d., að erfiðasta starfið við sveitarstjórnarmál sé innheimta opinberra gjalda. Ég þykist þekkja það af eigin raun. Ég var oddviti í 16 ár og sá um þessa innheimtu, og ég tel, að það sé mikið verkefni að sjá um þetta. En þetta má auðveldlega laga með því að láta bankana taka við þessu. Í Svíþjóð t. d. hafa bankarnir um langt skeið haft þessi mál með höndum. Þeir innheimta öll opinber gjöld af sveitarfélögunum og greiða svo með vissu millibili í hendur sveitarstjórnanna þessi gjöld. Þetta mætti einnig gera hér. Við erum komnir með bankaútibú hingað og þangað úti um land. Það eru líklega ekki margar sýslur á landinu, sem hafa ekki bankaútibú innan sinna vébanda eða þá einhvern sparisjóð, sem getur tekið þetta að sér. Þarna gætum við með góðu móti létt störfum af oddvitunum.

Það var nú þetta, sem ég vildi koma hér að í sambandi við þetta. Ég óttast einnig eitt atriði í þessu sambandi og vil ekki láta ógert að minnast á það. Frá fyrstu tíð hafa sveitarstjórnarkosningar yfirleitt verið bundnar við persónur manna, en ekki verið beint pólitískar, nema nú á allra síðustu árum í einu og einu sveitarfélagi. Ég tel þetta í raun og veru ágætt, og ég kvíði því að horfa upp á það, að allt þetta fólk fari í pólitískan slag fjórða hvert ár, þetta fólk, sem þarf að vinna og starfa saman í fámenninu. Ég vil, að við reynum að varðveita það sem allra lengst, að fólk geti kosið sér fulltrúa í hreppsnefnd eftir öðrum leiðum en í gegnum flokkapólitík. Ég held, að það sé hollara og heppilegra. Það er ekki af því, að ég sé ekki pólitískur, eins og allir vita, en ég álít, að við eigum ekki að vera með pólitíkina hreint í öllu. Við eigum að reyna að forðast hana í dreifbýlinu í sambandi við sveitarstjórnarkosningar.

Annað er það líka, sem ég óttast í sambandi við það, þegar búið er að steypa saman mörgum sveitarfélögum, að þá kunni svo að fara, að áhugi manna á sveitarstjórnarmálum fari kannske að dofna. Ég er ekki alveg frá því, að svo geti farið. Það verður lengi, sem loðir í löggunum, að menn hugsa fyrst og fremst um næsta

nágrenni sitt og það svæði, þar sem verið hafði þeirra gamli hreppur, og kæra sig lítið um það, sem á að gerast annars staðar á svæðinu. Ég er ákaflega hræddur um, að þetta geti orðið til baga, ef eitthvað væri nú hægt að gera, sem væri til umbóta á einhverjum stað á þessu viðkomandi svæði. Það hefur t. d. komið í ljós núna í þessum nýafstöðnu sveitarstjórnarkosningum í Danmörku, eftir þá breytingu, sem þar hefur verið gerð, að það virðist hafa verið svo, að áhugi minnkaði mjög mikið í kosningunum. Það var miklu minni kosningaþátttaka en þar hefur áður verið í svipuðum kosningum, eftir þeim fréttum að dæma, sem maður hefur fengið af því. Mig grunar, að það kunni að fara svo einnig hér, að þetta breyttist í svipaða átt.

Það er nú þannig með okkur sveitafólkið, þó að það kunni kannske að hljóma undarlega í eyrum þeirra, sem eru fæddir og uppaldir í bæjunum, að okkur þykir dálítið vænt um sveitina okkar, og þetta er það, sem kallað er átthagatryggð. Við erum dálítið átthagabundnir enn þá, sem í sveitunum búum, og höfum töluvert öðruvísi hugsunarhátt en þeir, sem búa í bæjum og eru þar uppaldir. Þetta er mjög eðlilegt í sjálfu sér, og það verður erfitt að breyta þessu og við eigum ekki heldur að gera það. Við eigum að mínu viti að lofa þeim, sem það vilja, að halda þessu, eins og það hefur verið, og hið opinbera á ekki að vera að skipta sér af því. Ef hins vegar einhverjir koma, sem endilega vilja slá sér saman, finnst mér vera góðar ástæður til þess hjá rn. að hjálpa til við það mál, án þess að stofnað sé sérstakt embætti til þess.

Þetta var nú í raun og veru það, sem ég vildi koma að. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. og skal nú láta máli mínu lokið.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Óvenjumiklar umr. hafa orðið við 1. umr. máls um þetta frv. Ég var ekki ráðinn í, þegar þetta mál lá hér fyrir fyrst, að taka til máls við þessa umr., en ég hef orðið dálítið undrandi á mörgum ræðum, sem hér hafa verið fluttar, einkum ræðum strjálbýlisþm. Þar hafa komið fram andmæli gegn þessu frv., fyrst og fremst þeirri stefnu, þeim hugmyndum, sem á bak við liggja.

Ég veit, að ég þarf ekki að kynna það fyrir hv. þdm., að ég er eindreginn strjálbýlismaður, og ég er meira að segja, inni á mér, þeirrar skoðunar, að e. t. v. sé enginn meiri hér inni í þessari hv. þd., en ég er einmitt þess vegna mjög eindregið fylgjandi þeirri meginstefnu, sem liggur á bak við þetta frv., einmitt þess vegna.

Það er að vísu ekki því að leyna, að þeirri hreppaskipan, sem hér hefur verið, svo langt aftur sem við vitum, þessum litlu hreppsfélögum hafa fylgt kostir, og ég vildi sérstaklega nefna það, að það má segja, að í þessu hafi verið fólginn eins konar félagsmálaskóli í landinu og kannske sá eini, sem virkilega hefur náð til þess, að æðimargir hafi tekið þátt í honum. En aðstæðurnar eru að breytast, og til þess að lengja þetta mál ekki mjög mikið, þá vil ég sérstaklega vekja athygli á því, sem hefur verið að gerast hin síðustu ár í sveitarstjórnarmálefnum. Það er myndun sambanda sveitarfélaganna. Ég fæ ekki betur séð en að þetta sé ljósasta sönnunin fyrir því, að það, sem sveitarstjórnarmenn sjálfir hafa fundið í sínu starfi, er einmitt þetta, að það þarf að mynda miklu sterkari heildir en hingað til hefur verið um að ræða með þeirri hreppaskipan, sem verið hefur.

Ég er alveg sammála þeim, sem hér hafa lagt mikið upp úr þeirri hlið málsins, að þetta þurfi að gerast sem mest á sem frjálslegastan hátt, þannig að það liggi fyrir vilji íbúa hreppanna fyrir þessari sameiningu. Mér er alveg ljóst, ég er það lýðræðislega sinnaður, að ég tel, að þetta sé eitt höfuðatriðið. En ég hef nú þá trú á okkur alþm., þó að margir hafi kannske litla trú á okkur, að það geti haft eitthvað að segja, hvaða skoðanir við höfum á slíkum málum eins og þessu. Ekki bara þessu frv., heldur fyrst og fremst á sameiningu sveitarfélaganna. Þess vegna hafa mér orðið það nokkur vonbrigði að hlusta á ræður margra, sem hér hafa verið fluttar, vegna þess anda, sem í þeim hefur komið fram. Mér hefur fundizt hann vera yfirleitt á þá lund að reyna að vekja tortryggni hjá fólkinu og fyrst og fremst í strjálbýlinu gagnvart þeirri hugmynd að sameina og stækka sveitarfélögin. Þetta álít ég slæmt, og ég vildi a. m. k. beita orku minni til þess að reyna að hafa áhrif á skoðanir manna einmitt til hins gagnstæða, þ. e. að vekja skilning á mikilvægi þess, að sveitarfélögin séu efld, eins og sagt er í 1. gr. þessa frv., með því að stækka þau og með því að sameina þau. Þetta er að vísu mál, sem er sjálfsagt ósköp auðvelt að koma með rök með og á móti.

Út af ræðu hv. síðasta ræðumanns, hv. 2. þm. Sunnl., þá verð ég nú að segja, að margt af þeim rökum, sem hann flutti og hann taldi gegn sameiningunni, vil ég þvert á móti taka sem rök, sem mæltu með sameiningunni. Það liggur strax ljóst fyrir, og margir hafa komið inn á það, að t. d. aðstaðan til samgangna er orðin svo gerbreytt frá því sem áður var, og það er enginn vafi á því, að samgönguaðstaðan hefur á sínum tíma haft mikið að segja til þeirrar skipunar, sem verið hefur á þessum málum. Það var gert ráð fyrir því, að íbúar eins hrepps gætu sótt fundi við og við, þó að það væri ekki oft, en það var þó reiknað með því, að meðan menn urðu að fara annaðhvort gangandi eða þá á hestum, voru vitanlega takmörk fyrir því, hversu víðáttumikil þessi sveitarfélög máttu vera.

Það er bezt, að ég geri grein fyrir því, að ég hef verið í hreppsnefndum á Norðurlandi og Austurlandi. Ég var í hreppsnefnd í Hrafnagilshreppi, meðan ég var þar, og ég var í hreppsnefnd í Fljótsdalshreppi, einnig fyrir austan, og ég man það, að um það bil sem ég tók sæti hér á Alþ., var ég engan veginn sannfærður um gildi þess að sameina og stækka hreppa. En kynni mín af þessum málum gegnum þingmennskuna hafa breytt þessari afstöðu minni, og þess vegna er ég nú eindregið þeirrar skoðunar, sem ég hef verið hér að lýsa. Ég get nefnt sem dæmi, að við könnumst talsvert við það, þm., að það er leitað til okkar um ýmisleg málefni og ekki sízt af hálfu sveitarfélaga, og einmitt þau kynni hafa orðið til þess að skapa þessa skoðun hjá mér m. a., sem ég hef hér verið að lýsa.

Ég er almennt þeirrar skoðunar, að við þurfum að auka vald sveitarfélaganna. Ég hef látið það í ljós, að ég ber talsverðan ugg í brjósti einmitt vegna strjálbýlisins, einmitt vegna þess mikla valds, sem er að dragast saman hér í höfuðborginni, og það er að vísu framvinda

mála, sem ekki verður komizt hjá af ríkisins hálfu yfirleitt, en ég held, að mótvægið í þessu, sem þarf að skapast, sé einmitt aukið valdssvið sveitarfélaga, og þá verða að haldast þar í hendur réttindi og skyldur.

Það mætti flytja um þetta langt mál, en ég hef ekki fylgzt svo ítarlega með þeim umr., sem hér hafa farið fram, og ég ætla þess vegna ekki að fara að svara eða taka sérstaklega til umr. einstakar skoðanir, sem fram hafa komið, en ég vildi ekki, sérstaklega eftir þær umr., sem hér hafa farið fram, að þetta frv. færi svo til 2. umr., að ég léti ekki þessa rödd koma hér fram.

Ég skal játa það, að t. d. það atriði frv., sem gerir ráð fyrir sérstökum fulltrúa til að vinna að þessum málum, er mér svolítill fleinn í holdi. Annars hef ég ekki kynnt mér þetta frv. ítarlega. Það er málið, stefnan, sem á bak við liggur, sem ég hef fyrst og fremst verið að gera grein fyrir og fyrst og fremst verið að kynna hér afstöðu mína til, en ég vona, að hv. þm. yfirleitt láti það verða meginsjónarmið, sem ræður afstöðunni til þessa máls.

Ásberg Sigurðsson: Herra forseti. Í sambandi við þetta mál langar mig aðeins til þess að taka til máls, vegna þess að þessar umr. hafa verið svo miklar og margþættar og fram hefur komið ýmislegt, sem maður átti varla von á, að hér kæmi fram.

Þetta frv. er undirbúið af níu manna n., sem ráðh. skipaði samkvæmt tilmælum fulltrúafundar Sambands ísl. sveitarfélaga árið 1966, og það hefur sem sagt verið í undirbúningi síðan. Þrír nm. voru fulltrúar tilnefndir af Sambandi ísl. sveitarfélaga, og þessi n. varð sammála um efni þessa frv., sem hér liggur fyrir. En í 1. gr. frv. segir:

„Félmrn. skal í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga stuðla að eflingu sveitarfélaganna með því að koma á sameiningu tveggja eða fleiri sveitarfélaga í eitt sveitarfélag samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum."

Þessi tilgangur er að sjálfsögðu ágætur og orkar ekki tvímælis. En menn hafa mikið rætt 2. og 13. gr. um erindreka í þessu sambandi til að vinna þessi verkefni og sérstaklega 13. gr., þar sem ráðh. er heimilt að sameina hrepp nágrannasveitarfélagi samkv. till. erindreka, án þess að fyrir liggi samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórna og sýslunefndar, ef íbúatala hreppsins hefur s. l. þrjú ár verið lægri en 50. Það eru þessi tvö atriði, sem aðallega hafa farið í taugarnar á hv. ræðumönnum, og gætir nokkurs misskilnings um sumt í þeim umr.

Í sambandi við 13. gr. kann það að vera dálítið harðneskjulegt að geta lagt niður hrepp, án þess að sveitarstjórnin samþykki. En ef betur er að gáð, getur þessi heimild verið algerlega nauðsynleg vegna íbúa í þessum örsmáu sveitarfélögum. Með öðrum kosti eiga þau e. t. v. ekki möguleika á neinni sameiningu, þó að þau fegin vildu. Í þessum sveitarfélögum eru íbúarnir víða að verða aldrað fólk, sem áður en varir kann að þurfa á langvarandi dvöl á sjúkrahúsum og elliheimilum að halda, án þess að tryggingalöggjöfin beri kostnaðinn af dvöl þess þar. Það er ekkert fýsilegt fyrir meðalstóran nágrannahrepp að sameinast slíku sveitarfélagi. Miklar líkur eru á, að slíkri sameiningu yrði hafnað af stærra sveitarfélagi. Við sjáum þetta m. a. í kosningunum fyrir vestan. Hnífsdælingar í Eyrarhreppi, sem á að leggja niður, greiða atkv. með sameiningu nálega allir, en það er ákaflega mjótt á mununum á Ísafirði. Ísfirðingar óttuðust, að það kæmi einhver fjárhagsleg byrði í sambandi við þessa sameiningu. Hvað snertir þessi litlu sveitarfélög verður að telja, að það fylgi þeim sá fjárhagsbaggi, að enginn vilji við þeim taka, nema ráðh. vinni það góðverk að ráðstafa þeim, jafnvel gegn vilja sveitarstjórnarinnar í stærra umdæminu og án samþykkis sýslunefndar. Ég er hins vegar á því, að sýslunefnd eigi að fjalla um þetta, enda lýsti hæstv. félmrh. yfir því, þegar hann fylgdi frv. úr hlaði, að hér væri ekki um neina þvingun að ræða og þetta yrði ekki framkvæmt þannig nema í ýtrustu neyð. Og ég treysti því algerlega.

Ég held, að flestir hafi verið sammála um, að það eru of margir hreppar, sem eru allt of fámennir, og viðurkenna, að þeir valda ekki þeim verkefnum, sem þeir þurfa að fást við. Þannig eru 41 hreppur með færri íbúa en 100, 70 hreppar hafa íbúatölu á milli 100–200 íbúa, eða 111 hreppar með færri en 200 íbúa. Það er ábyggilega æskilegt, að enginn hreppur væri minni eining en sem svaraði 200 íbúum. Nú eru hreppar alls í landinu 213, og því er meira en helmingur þeirra með undir 200 íbúum.

Hrepparnir voru stofnaðir í fornöld, og hrepparnir eru merkileg atriði í íslenzkum rétti. Frá upphafi var þeim fengið það meginverkefni að vera framfærsluaðili íbúa hreppsins, að annast ómaga, að koma í veg fyrir það, að heimili færi í rúst, með tryggingastarfsemi, t. d. á búpeningi og með brunatryggingu. Verkefni hreppanna frá upphafi hafa verið tryggingastarfsemi og framfærsla. En þessir hreppar voru nokkuð stórir. Það er talið, að það hafi verið lágmark, að 15 býli væru í hverjum hreppi að fornu. Íbúatalan hafi þess vegna verið á milli 200 og 300 manns, eða svona 15–20 menn á hverju heimili. Þannig er orðið ástatt nú, að 111 hreppar í landinu eru minni einingar en þær voru fyrir 1000 árum, en þó eru náttúrlega atvik mjög breytt, og allt önnur verkefni eiga að hvíla á herðum þessara sveitarfélaga.

Það er viðurkennt, að stórbættar samgöngur og samgöngutæki gera það eðlilegt, að sveitarfélögin verði stærri. Það er almennt krafa tímans, að félagslegar og fjárhagslegar einingar verði stærri af hagkvæmnisástæðum. Þetta á að sjálfsögðu einnig við um sveitarfélögin. Verzlunarumdæmi, t. d. kaupfélaga og verzlana, hafa mjög stækkað á síðari árum. Hins vegar hafa atvinnuréttindi manna víða verið takmörkuð við sveitarfélög, og hefur lítil breyting orðið á því. Það er þó augljóst hagræði fyrir íbúa hreppa og sveitarfélaga að hafa atvinnuréttindi, t. d. í nærliggjandi kauptúni eða kaupstað. Slík réttindi mundu þeir vafalaust fá, ef um sameiningu slíkra sveitarfélaga væri að ræða og þau stækkuðu.

Því hefur verið haldið fram, að hin mörgu sveitarfélög veittu mörgum mönnum félagslega þjálfun, og að margir sveitarstjórnarmenn lítilla hreppa hafi verið sveit sinni og sjálfum sér til hins mesta sóma á sviði sveitarstjórnar og félagsmála. Undir þetta skal ég taka heils hugar, en ég tel þó, að hæfileikar þessara manna hefðu nýtzt mun betur, ef þeir hefðu haft stærri og meiri verkefni við að fást í stærri sveitarfélögum.

Eins og ég sagði áðan, er það sérstaklega 13. gr. um heimild ráðh. til að sameina hreppa án samþykkis, sem hefur verið mönnum þyrnir í augum og valdið þeim miklu umr., sem hér hafa orðið. En það hljóta að vera einhver takmörk fyrir því, hvað sveitarfélag getur verið fámennt. Í hlutafélagi verða að vera a. m. k. 5 hluthafar. Verði þeir af einhverjum ástæðum færri, er hlutafélagið ógilt og hluthafarnir bera persónulega ábyrgð á öllum skuldbindingum hlutafélagsins. Í hverju sveitarfélagi skal vera stjórn, hreppsnefndin, minnst skipuð þremur mönnum og þremur til vara og helzt endurskoðandi. Það þarf að vera þriggja manna kjörstjórn við hverjar sveitarstjórnarkosningar, ef lýðræði á að halda uppi. Í Loðmundarfirði eru taldir tveir íbúar. Ljóst er, að þar verður ekki skipuð kjörstjórn eða hreppsnefnd, og slíkur hreppur hlýtur að vera orðinn algerlega ólöglegur að íslenzkum sveitarstjórnarlögum. Því þurfa að vera a. m. k. 6–7 menn með kosningarrétt og kjörgengi, til þess að sveitarfélag fái staðizt. En þessi litlu sveitarfélög valda litlum verkefnum. Þau vantar alla félagslega og menningarlega aðstöðu og geta sjálf ekki veitt sér hana, t. d. skóla, félagsheimili o. s. frv. o. s. frv. Þau geta ekkert aðhafzt í atvinnumálum. Þau geta ekki varið sig gegn því, að jarðir sveitarfélagsins hverfi smátt og smátt í eigu utansveitarmanna, t. d. vegna veiðiaðstöðu eða sumarbústaðalanda. Vegna fjárskorts geta þau ekki beitt forkaupsrétti sínum til að koma í veg fyrir, að hreppurinn sé smátt og smátt keyptur upp af óviðkomandi mönnum. Að vera í hreppsnefnd í slíku sveitarfélagi, oddviti eða hreppstjóri, getur vart verið mikið kappsmál eða eftirsóknarvert. Flest mál, sem um er fjallað, snerta hreppsnefndarmennina sjálfa. Þeir leggja á útsvör í hreppnum og þá m. a. á sjálfa sig aðallega. Þeir mæla með lánum eða styrkjum úr bjargráðasjóði og skipta þeim meðal bænda hreppsins, sem eru aðallega þeir sjálfir. Ég er ekki að gefa í skyn, að þetta hafi verið misnotað, en þetta er óviðkunnanlegt, og ég veit, að mörgum sveitarstjórnarmönnum í þessum litlu hreppum fellur þetta illa og veigra sér jafnvel við að óska eftir fyrirgreiðslu og aðstoð, sem þeir eiga lagalegan rétt á, vegna þess að þeir eru sjálfir í hreppsnefndinni.

Þessir litlu hreppar hafa hingað til yfirleitt staðið sig vel og stjórn þeirra oft verið til fyrirmyndar, en það er að mínu áliti ábyrgðarhluti fyrir íbúana sjálfa að ríghalda í þetta sjálfstæði, þegar grundvöllur hreppsfélagsins er búinn að vera vegna mannfæðar. Ég er sannfærður um, að það er vaxandi skilningur á nauðsyn þess og hagkvæmni, að sveitarfélögin verði sameinuð og þau stækkuð. Ég er viss um, að áður en varir, verða það sveitarstjórnarmennirnir sjálfir, sem nú eru nokkuð á báðum áttum, sem munu beita sér hvað mest fyrir sameiningu og stækkun sveitarfélaga. Þetta er mikið hagsmunamál sveitarfélaganna, sem ástæða er til, að ríkisvaldið og Alþ. láti sig varða, svo sem gert er með frv. þessu.

Ég tel eðlilegt, að erindreki, kostaður af ríkissjóði, vinni að því að auka skilning sveitarstjórnarmanna á nauðsyn þessa máls. Að því hefur verið unnið á vegum Sambands ísl. sveitarfélaga á undanförnum árum, og það verður að teljast ósk sambandsins, að því starfi verði haldið áfram.

Ég veit, að þetta er viðkvæmt mál, og ég tel ástæðu til að fara með fullri gát að öllu og hafa sem bezt og mest samstarf við sveitarfélögin og sýslunefndirnar um allt í þessu sambandi, svo sem gert er ráð fyrir í 1. gr. frv., einnig um sameiningu sveitarfélaga án samþykkis þeirra samkv. 13. gr. og sú heimild ekki notuð, nema a. m. k. samþykki sýslunefndar viðkomandi sýslu liggi fyrir.

Herra forseti. Hreppsfélögin eru ein elzta félagsstofnun á Íslandi, sem hafði strax í upphafi því meginhlutverki að gegna að annast framfærslu hreppsbúa. Það er eðlilegt, að menn séu tregir til að breyta hreppaskipuninni. En þegar byggðin hefur raskazt svo í landinu, að margir hreppar eru orðnir svo fámennir, að efast má um, að þeir séu færir öllu lengur um að rækja þetta frumhlutverk sitt, er eðlilegt, að unnið sé að því að stækka og efla þessi sveitarfélög til að rækja þessa frumskyldu sína auk annarra aðkallandi verkefna, sem hverju sveitarfélagi er nauðsynlegt að sinna.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. síðasta ræðumanns. Hann lagði á það áherzlu, að þetta væri mikið hagsmunamál litlu sveitarfélaganna, og benti hann sérstaklega á framfærslukostnað og annað þess háttar, sem sýndi það, að þeim væri nauðsynlegt að fá sameiningu við aðra hreppa.

En hvernig stendur á því, að þessir litlu hreppar sjá ekki sitt eigið hagsmunamál, hafa ekki enn þá komið auga á, að þetta sé neitt hagsmunamál fyrir þá, og hafa ekki óskað eftir því neins staðar, að slík sameining fari fram? Eru þeir orðnir svona sljóir í sveitunum, í þessum litlu hreppum, að þeir koma ekki auga á þessi hagsmunamál, sem hér er talað um? Ég skil það ekki, og ég held, að það sýni það, að þeir telji þessa sameiningu ekkert hagsmunamál fyrir sig. Ég vil minna á einn hrepp af þessum tíu, sem hafa svo fáa íbúa, að það á að vera unnt fyrir ríkisvaldið að sameina þau sveitarfélög með valdi, hvort sem þau vilja það eða ekki. Ég vil nefna Snæfjallahrepp í N.-Ísafjarðarsýslu. Bæirnir eru þar sex og íbúatalan þó nokkuð fyrir neðan 50. Ætli það sé ekki ákaflega bágborið ástand í þessum hreppi, fyrst fámennið er nú svona mikið? Á síðustu árum hefur það nú samt átt sér stað í þessum fámenna hreppi, að bændur hafa þar byggt upp hjá sér íbúðarhúsin á fjórum bæjum af sex á síðustu árum. Þeir hafa ræktað þar meira á hverri jörð en ég hef séð ræktað nokkurs staðar annars staðar í Ísafjarðardjúpi. Og það, sem kannske segir mest til um dugnað þeirra og möguleika, er það, að þeir hafa komið upp rafmagnsstöð hjá sér fyrir allan hreppinn. Þetta er þessi fámenni hreppur. Ég veit ekki til, að aðrir hreppar við Ísafjarðardjúp, sem nú er ætlunin að sameina, hafi gert þetta. Ég hef í fáum orðum sagt hvergi séð meiri framfarir í þessum landshluta en í Snæfjallahreppi, fámennasta hreppnum, sem eru svo fámennur, að nú er talið, að það verði að sameina hann öðrum hreppum með valdi, ef þeir ekki vilja gera það sjálfir. Svona er nú þörfin mikil fyrir þetta, svo að ég nefni eitt dæmi.

Þegar þessi níu manna sameiningarn., eða þó öllu heldur þriggja manna n., sem hefur nú haft framkvæmdina í þessum málum, lagði spurningar fyrir

sýslumenn landsins, svaraði sýslumaður Barðastrandarsýslu eins og aðrir þessari spurningu: „Er rétt að sameina sveitarfélög?“ Og sýslumaðurinn var hv. þm., sem var að enda við að tala. Og í svörum sínum, eftir að hann hefur lýst nauðsyn á því að sameina sveitarfélög, segir hann orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Með viðtækum áróðri þarf að sannfæra sveitarstjórnarmenn um nauðsyn málsins og fá þá til að beita sér fyrir skynsamlegum og eðlilegum breytingum.“

Þetta sagði hann í svari sínu. Það þarf víðtækan áróður til þess að fá þá til þess að gera þetta. Ekki er nú viljinn mikill heima fyrir, fyrst þessu þarf að beita, enda er frv. um þetta. Ég held, að þáverandi sýslumaður Barðstrendinga hafi sagt það alveg rétt, að ef ætti að fá þau sveitarfélög þar vestra til þess að fallast á þetta, þyrfti áreiðanlega að beita víðtækum áróðri, og það er embættið nýja, sem á að annast þennan áróður. Viljinn er ekki fyrir hendi heima fyrir. En í þessu sýslufélagi, ætla ég, að séu þrjú sveitarfélög af þessum tíu, sem eru svo fámenn, að það er talið þurfa að sameina þau með valdi, ef ekki er vilji fyrir því heima fyrir.

Þá kem ég að því í svari þessa hv. sýslumanns, hversu kunnugur hann er skoðunum sveitarstjórnarmanna í sýslufélagi sínu um þetta mál. Hann segir í þessu svari sínu, með leyfi hæstv. forseta: „Þessar hugleiðingar eru mínar eigin. Ég hef ekki rætt þær í einstökum atriðum við viðkomandi sveitarstjórnarmenn.“ Hann hefur nefnilega ekkert kynnt sér þær, svo að ég held, að þessar skoðanir, sem hann er hér að lýsa, séu áreiðanlega hans eigin, en ekki Barðstrendinga.

Nú voru haldnir fundir þar s. l. sumar að tilhlutun erindrekans, og þar á nú að gera stóra hluti. Það á að sameina í einn hrepp eftir þeim till. eða hugmyndum, sem þar hafa komið fram, fjóra hreppa, Barðastrandarhrepp, Rauðasandshrepp, Patrekshrepp og Tálknafjarðarhrepp. Og þegar búið væri að sameina allt í eitt, þá er einn hreppurinn, sem nú er, Patrekshreppur, mun fjölmennari en allir hinir þrír til samans. Þar eru um 1000 íbúar, og það er engum blöðum um það að fletta, að völdin yrðu hjá hinum nýja hreppi, þau yrðu þarna. En ekki hefur þeim litizt betur á þetta en svo, þarna fyrir vestan, að eftir því, sem ég veit bezt, taka þær ekki í mál, sveitarstjórnir hreppanna, neina sameiningu. Þetta er álit þeirra heima fyrir, fólksins, sem á að búa við hina væntanlegu löggjöf. Þetta held ég, að þáv. sýslumaður og núv. hv. 4. þm. Vestf. hefði átt að kanna, og hefði verið æskilegast yfirleitt, að sýslumenn í landinu hefðu gert það, áður en þeir fóru að svara, því að það er ekki aðalatriði, hvert er persónulegt álit sýslumannanna í landinu, heldur fólksins í sveitarfélögunum, sem á að sameina, annaðhvort með samkomulagi eða þá með valdi.

Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um þetta mál að þessu sinni, því að ég hef áður látið í ljós skoðanir mínar á þessu máli.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það hefur nú ýmislegt verið sagt í þessari umr., og þess vegna væri sjálfsagt ástæða til, að ég svaraði því ítarlega. Ég mun þó ekki gera það mjög, því að það hafa hér tveir hv. þm., sem töluðu næst síðast, skýrt nokkur þau atriði, sem um hefur verið deilt, og skal ég ekki endurtaka það, en nokkuð skal ég þó ræða þær aths., sem fram hafa komið.

Ég held, og það er mín sannfæring, að það orki ekki tvímælis, að stór sveitarfélög eru betur fær um en smá að gegna þeim störfum, sem sveitarfélögunum er ætlað að inna af hendi, og ef sveitarfélög eru mjög smá, getur svo farið, að þau séu alls ekki fær um að inna þessi störf af hendi. Í þeim umr., sem hér hafa farið fram, hefur þessu ekki verið andmælt. Stærri sveitarfélög eru sterkari en smærri sveitarfélög.

Ég minnist þess, frá því að ég var starfandi í einum stærsta bæ Danmerkur, sem líka var talinn einn af hinum ríkustu, að þar, í þeim bæ, var allt fínt og fágað, steinlagðar götur, vatnsveitur, holræsi, götulýsing og allt þess háttar upp á það bezta, en nágrannasveitarfélagið, sem var fátækt sveitarfélag, þar sem mikið bjó af verkamönnum, vantaði flest. Maður þurfti ekki annað en að fara út í það sveitarfélag til þess að sjá mismuninn. Það sótti um að verða sameinað hinu stærra og ríkara sveitarfélagi, en var alltaf neitað. Og það var ekki fyrr en það voru sett lög um það á þingi Dana, að þessi sveitarfélög skyldu sameinuð, að það var gert. Það þurfti lög til þess, það þurfti þvingun til þess.

En í þessu tilfelli, sem hér er til umr., er það samband sveitarfélaganna, sem hefur beitt sér fyrir málinu og að þetta frv., sem hér liggur fyrir, yrði samið. Það er Samband ísl. sveitarfélaga, sem átti frumkvæðið að því, að n. var skipuð til þess að inna það verk af hendi. Maður skyldi því ætla, að Samband ísl. sveitarfélaga mundi ekki vera að vinna á móti hagsmunum aðildarfélaga sinna, og ég held, að það sé alveg fjarri lagi að hugsa sér, að svo sé. Mér koma í hug í þessu sambandi, þó að það sé kannske ekki alveg hliðstætt, verkalýðsfélögin í landinu og Alþýðusamband Íslands. Ég hafði nú ætlazt til þess, að hv. 9. þm. Reykv. heyrði þetta. Það er ekki alveg óskylt og ekki alveg ósvipað. Það eru mörg aðildarfélög að Alþýðusambandinu, og ég á afskaplega erfitt með að trúa því, að Alþýðusambandið, sem er fulltrúi aðildarfélaganna, mundi gera till. um nokkurn skapaðan hlut, sem gengi á móti hagsmunum félaganna. En ég held, að það sé, þó að það sé ekki alveg sambærilegt, þá sé þetta ekki óskylt eða ólíkt. Ég hef enga trú á því, að Samband ísl. sveitarfélaga geri till. um sameiningu sveitarfélaga, ef það kæmi á daginn, að þetta væri gegn hagsmunum aðildarfélaga sambandsins. Þetta finnst mér vera alveg augljóst, og mér finnst það líka vera augljóst, sem ég sagði í upphafi, að stærri sveitarfélögin eru betur fær um að inna störf sín af hendi en hin smáu.

Það hefur verið rakið hér, að það hafa verið til lítil sveitarfélög, sem hafa gert mjög góða hluti. Það er alveg rétt, að það er til, að lítið sveitarfélag geti staðið af sér kannske nokkurt andstreymi. En það getur ekki staðið af sér erfiðleika í stórum stíl. Við skulum bara taka það, sem hér var líka nefnt áðan. Ef nokkur fjöldi af þessum fáu meðlimum sveitarfélagsins þyrfti að dveljast á elliheimili eða væri undir ríkisframfærslunni sem sjúklingar á sjúkrahúsum, á sveitarfélagið að borga nokkuð stóran hluta af þeim kostnaði, sem þar þarf að greiða. Hvort mundi nú vera hægara fyrir stærra sveitarfélag eða minna að standa straum af þessum kostnaði og greiða hann? Ég held, að það sé ekki nokkur vafi á því,

að það sé stærra sveitarfélagið, sem kæmi þar betur út.

Það eru líka til ýmis önnur gjöld, sem smærri sveitarfélög eiga erfitt með að greiða. Það er orðinn stór liður hjá ýmsum sveitarfélögum að greiða meðlög með óskilgetnum börnum, og það eru sveitarfélögin, sem eiga að greiða hann og innheimta hann síðan hjá barnsföður. Ég held, að það sé nokkuð stór hluti af þessum gjöldum, sem aldrei kemur til greiðslu, m. a. vegna þess, að hreppsfélögin geta ekki lagt þessar greiðslur út. Þetta eru hlutir, sem verður að taka til greina, og þeir eru áreiðanlega erfiðari og vefjast meir fyrir smáu hreppsfélögunum en hinum stóru.

Við skulum taka enn eitt dæmi. Við skulum segja, að í smáu hreppsfélagi þyrfti að gera lendingarbætur til þess að auðvelda mönnum þar að stunda sjóróðra. Slík hreppsfélög eru til. Og það hafa verið gerðar till. af Vitamálaskrifstofunni um lendingarbætur, sem kosta eins og allflestar lendingarbætur og hafnarframkvæmdir stórfé á þeirra mælikvarða. Hvernig á eitt lítið sveitarfélag að standa skil á sínum hluta í þessari hafnargerð eða þessum lendingarbótum? Ég held, að það sé bara alveg ómögulegt fyrir það að gera það. Þegar framkvæmdin kostar mörg hundruð þús. kr. og hreppsfélagið á að borga í sumum tilfellum allt upp í 60% af kostnaði, hvernig á það að geta gert þetta? Það er ómögulegt að framkvæma þetta verk í smáum sveitarfélögum, ómögulegt. Þau geta ekki staðið undir þeim kostnaði, sem af þessu leiðir. Það þarf miklu stærri einingu, stærra hreppsfélag, til þess að sjá um þetta, nema því aðeins að ekkert verði úr framkvæmdum eins og þessum. En þó að ekkert gerist og þau geti bjargazt vel, þegar ekkert gefur á bátinn, þ. e. enginn meðlimur sveitarfélagsins er á elliheimili eða sjúkrahúsi eða hefur eignazt óskilgetinn krakka, þá getur þetta sjálfsagt gengið. En undireins og þetta dynur yfir, er hreppsfélagið ómegnugt að standa í skilum, ef ekki væru í því nema fáir meðlimir. Og þegar til framkvæmdanna kemur, verða þeir enn ómegnugri að inna þær greiðslur af hendi.

Það hefur ýmislegt komið fram í þessum umr., og ég get nú ekki rakið það allt. En nokkur atriði vildi ég þó nefna. Hv. 1. þm. Norðurl. e. hóf hér umr. og gagnrýndi frv. verulega og þar með – ég held, að hann hafi byrjað á því, – að enginn úr minnstu hreppunum skyldi hafa verið tekinn í n., sem vann að þessu máli. „Henni mundi sjálfsagt ekki hafa verið rík í huga þörf sveitarfélaganna," eins og hv. þm. orðaði það. Ég held, að það hafi verið tekið fullkomið tillit til sveitarstjórna allra hreppa, bæði smárra og stórra, með því að það hafa verið haldnir fundir með sveitarfélögunum. Þeim hefur verið gefinn kostur á að ræða málið, þeim hefur einnig verið gefinn kostur á að gefa allar þær upplýsingar, sem þau vildu koma á framfæri, svo að ég tel, að það hafi ekki verið sniðgengin nein sveitarfélög, hvorki stór né smá, með því að taka þau ekki inn í n., enda hefði ekki verið hægt að taka nema takmarkaðan hluta af þessum hreppsfélögum með í nefndarstarfið, nema á þann hátt, sem gert var með því að ræða við þau og sveitarstjórnirnar um, hvað þeir vildu leggja til málanna og hvernig þeir vildu, að þessum málum yrði skipað.

Ég held, að það sé annað atriði, sem ég vildi líka minnast á strax, og það er, að hv. 9. þm. Reykv. dró í efa, að rétt væri hermt í grg. frv., að till. um athugun um sameiningu sveitarfélaga hefðu hvarvetna verið samþ., eins og segir í grg. frv. Það er rétt, ég hef fengið að vita það síðan, að á einum fundi hafi slík till. ekki verið samþ. á sama hátt og annars staðar, en sú er skýring á því, að frv. og grg., sem því fylgir, voru samin fyrir árslok 1968, og er frv. prentað og frágengið eins og málin stóðu þá. En umræddur fundur mun hafa verið haldinn seint í ágúst 1969, eftir að frv. var afgr. frá n. Mér þykir leitt, að þetta hefur komið fyrir, og ég harma, að þetta er ekki rétt, að það hafi hvergi komið fram andmæli, en þau komu bara, eftir að búið var að ganga frá frv., og hefði náttúrlega átt að leiðréttast. Ég vil taka fram, að það er ekki með vilja gert, að hér sé verið að flytja hv. Alþ. ranga skýrslu. Hvað sem að öðru leyti er um frv. að segja, vil ég alveg fullyrða það. En þetta er eina tilvikið, er mér sagt, að till. hafi ekki hlotið samþykki. Af einhverjum ástæðum hefur grg. ekki verið breytt eða eftir þessu tekið, en hvernig sem það nú er, þá er það rétt, að till. var í þessu eina tilviki ekki samþ.

Verkefni n. er, eins og í grg. segir, aðgreint í tvennt, sem að áliti n. eru þó mjög nátengd atriði. Annars vegar er um að ræða sameiningu sveitarfélaga, en hins vegar breytta sýsluskipun. Störf n. hafa einkum lotið að hinu fyrra, en n. er þeirrar skoðunar, að breyting á sýsluskiptingunni velti að miklu leyti á því, hver árangur geti náðst af stækkun sveitarfélaga og það sé ekki rétt að ráðast að hinu síðara verkefninu, breyttri skipun sýslufélaganna, áður en séð er fyrir um það, hvort og hvernig hinu málinu vindur fram um sameiningu sveitarfélaga.

Á þeim fundum, sem haldnir voru, var, að ég ætla, eingöngu eða a. m. k. að mestu leyti rætt um stofnun samstarfsnefnda. Það er gengið út frá því, að vilji sveitarfélagið hugsa um sameiningu, þá sé n. kosin til að kanna málið og ræða það við nágrannasveitarfélögin og að sjálfsögðu í sveitarfélaginu sjálfu fyrst og fremst.

Ég er þeirrar skoðunar, eins og ég hef lýst áður, að sameining eigi því aðeins að fara fram, að það sé vilji í héraði fyrir því, að þetta verði gert, og í frv. er ekki gert ráð fyrir öðru en að það verði um þetta samkomulag, nema í einu tilviki, þá er heimilað, að erindreki geti lagt til, og væntanlega fengið framgengt því, að hreppsfélag, sem hefur færri íbúa en 50, skuli verða sameinað öðru sveitarfélagi. Þetta er eina undantekningin frá hinni almennu reglu um það, að samkomulag skuli vera um sameiningu. Þetta er eingöngu heimild. Það stendur ekki í frv., að litlu sveitarfélögin með færri en 50 íbúa skuli sameinast, alls ekki. Það stendur, að ráðh. hafi heimild til þess að gera þetta, þegar vissum skilyrðum er fullnægt. Ég skal nú segja hv. þm. það, að ef þetta kemur til minna kasta, sem ekki er víst, því að það getur verið, að vera mín í félmrn. verði búin að vera, þegar þetta kemur til framkvæmda, þá mundi þessari heimild áreiðanlega vera beitt mjög vægilega og ekki út í hana farið nema því aðeins, ef um væri að ræða eitthvað svipað og hv. 4. þm. Vestf. nefndi hér áðan, að lítill og fámennur hreppur vildi sameinast stærra sveitarfélagi, en fengi því ekki ráðið fyrir því, að stærra sveitarfélagið vildi ekki taka við því.

Í landinu eru nú 10 sveitarfélög með færri en 50 íbúa. Það er eitt sveitarfélag með færri en 10. Það sveitarfélag hefur verið til umr. hér á hv. Alþ. og verður væntanlega

sameinað nábúasveitarfélagi, og er kannske ekki rétt að taka það inn í þessa umr. En þar að auki eru tvö sveitarfélög með færri en 30 íbúa, fjögur sveitarfélög, sem eru með milli 30–40 íbúa, og þrjú sveitarfélög, sem eru með 40–50 íbúa. Meðalíbúafjöldinn í þessum 10 sveitarfélögum er 33 íbúar. Ég held nú, að fáir, sem um þessi mál hugsa, teldu það ekki ávinning fyrir þessi litlu sveitarfélög að verða sameinuð stærri heild. Möguleikar þeirra í stærri heildinni mundu vaxa og aðstaða þeirra til betra lífs gæti orðið betri. Það getur verið náttúrlega, að um einhvern stuttan tíma geti þetta gengið, en til frambúðar er þetta engin lausn.

Hins vegar er þetta frv. ekki við það bundið, að það sé eingöngu miðað við smærri sveitarfélögin, heldur fjallar það um öll sveitarfélög landsins, að þau geti tekið upp þessa sameiningarstefnu, ef þau óska þess. Í minni fyrstu ræðu, sem ég hélt um þetta mál, skýrði ég frá því, eins og raunar er gert í grg., að ég ætla, að það hafi verið haldnir fundir í allmörgum sveitarfélögum um þetta, og það hafi eiginlega orðið sú niðurstaða í mjög stórum meiri hl. af þeim sveitarfélögum, sem talað hefur verið við, að þetta skyldi athugað. Ég vil vekja á því athygli enn, að frv. er ekki beint um sameiningu sveitarfélaga. Það er um, að athugaðir verði möguleikar á því, hvort sveitarfélögin skuli sameinuð og hvernig það skuli gert. Ég held, að það ætti ekki að vera a. m. k. neinn skaði skeður með því, þó að þetta yrði athugað. Sjálfsagt er að gera ráð fyrir því, að ef þessi athugun verður jákvæð og vilji er fyrir hendi til þessarar sameiningar, verði farið út í hana, þ. e. ef viljinn er fyrir hendi í sveitarfélögunum sjálfum.

En það er þó annað, sem er verið að lögfesta en beint l. um sameiningu. Það er aðeins verið að setja í l., hvernig farið skuli með athugun á því, að þessi sameining verði framkvæmd.

Það er ýmislegt fleira, sem á mætti minnast, sem fram hefur komið í umr. hér, því að þær hafa farið talsvert á dreif og ýmislegt verið nefnt, sem rétt er að athuga.

Einn hv. þm. og raunar fleiri töldu, að það væru til nægilega góð lagafyrirmæli í gildandi l., til þess að sameining gæti farið fram, ef þess væri óskað af viðkomandi sveitarfélögum. Þetta er sjálfsagt rétt. En ég vil segja það, að það, sem fyrir þeim mönnum vakti, sem óskuðu eftir því, að þetta frv. yrði samið, var, að það yrði ekki eftir þessu beðið, heldur yrði gerð almenn athugun á því um allt land, hverjir óskuðu eftir því, að þessi háttur yrði tekinn upp. Og þetta er náttúrlega talsvert stórt mál og skylt að taka það upp víðar heldur en á einum stað og bíða eftir því, að menn þar óski eftir því. Það geta verið ýmsar ástæður til þess, að það geti dregizt, en ég held, að það væri mjög skynsamlegt að taka þetta upp í einu lagi fyrir landið allt og kanna, hvernig ástandið er og hverjir vilja, að sameining fari fram, og hverjir ekki.

Ég vil líka undirstrika það hér, að það var ekki meiningin, að það væri nein þvingun höfð um hönd. Sveitarstjórnirnar réðu því sjálfar, hvort þetta svo yrði eða ekki, nema í þessu eina tilviki, sem ég nefndi um hreppana, sem eru með undir 50 íbúa. Og þá vildi ég endurtaka það og leggja á það áherzlu, að það er aðeins heimild og a. m. k. meðan ég hefði einhver afskipti af málinu, þá yrði sú heimild ekki notuð nema því aðeins að það stæði þannig á, eins og hv. 4. þm. Vestf. nefndi hér áðan, að lítið sveitarfélag ætti í deilum við stærra um það, hvort sameiningin næði fram að ganga, ef minna sveitarfélagið óskaði eftir því, en hið stærra reyndi að hindra það, vegna þess að það teldi, að það mundi hafa útgjöld í för með sér, alveg eins og var í hinu danska sveitarfélagi, sem ég nefndi hér áðan.

Þá hefur það verið gagnrýnt, að hér skuli stofnað til nýs embættis. Það hefur verið ráðinn erindreki til þess að ferðast um landið til þess að gera mönnum grein fyrir málinu og gefa þær upplýsingar, sem eftir kynni að vera leitað, og hjálpa til, að athugun, sem óskað kynni að verða eftir, gæti farið fram. En um þetta vildi ég segja, að ef stefnuyfirlýsing sú, sem felst í 1. gr. frv., á að vera annað en orðin tóm, verður að tryggja, að unnið sé að athugun málsins með fullri festu og lögð í það talsverð vinna. Verkefni erindrekans er allumfangsmikið, þar eð hann verður að skipuleggja og leiða að meira eða minna leyti starf yfir 60 athugunarnefnda, afla upplýsinga og annast margvíslega fyrirgreiðslu fyrir n. Starf hans er fullt starf og verður ekki unnið, svo að við megi una, í tómstundum. Hins vegar er hér ekki um eilífðarstarf að ræða. Könnun sú, sem frv. gerir ráð fyrir, verður að vísu tæpast gerð á einu ári, en ætti ekki að taka lengri tíma en 3–4 ár, ef aðeins er tryggt, að athugunarnefndir vinni störf sín sæmilega. Skilyrði þess, að svo megi verða, er það, að þeim sé tryggður aðgangur að aðstoð og leiðbeiningum, sem ætlunin er, að erindrekinn annist. Ég held, að það hafi oft verið stofnað til embættis, að maður ekki segi til bráðabirgðastarfs, sem hér er um að ræða, af minna tilefni, þannig að það ætti ekki að vera nein fjarstæða, þó að maður yrði fenginn til þess að inna þetta starf af hendi. Að félmrn. geti annazt þetta, tel ég tæpast mögulegt. Það hefur til skamms tíma ekki haft nema tvo menn fyrir utan ráðuneytisstjóra, og báðir eru í fullu starfi hér heima og mega ekki frá því fara, a. m. k. ekki langan tíma.

Það er sjálfsagt eitthvað, sem ég hefði þurft að taka fram fleira, en það verður þá sennilega að bíða. Ég vil aðeins nefna eitt atriði, sem hv. 3. þm. Vesturl. minntist á í ræðu sinni. Hann taldi, að það hefði átt að byrja á því að marka stefnu í málinu, en ég held, að það sé ekki hægt að marka stefnu, fyrr en talað hefur verið við sveitarstjórnirnar, og stefnan verði ekki ákveðin í málinu, fyrr en þær hafa sagt hvað þær vilja, svo að þetta er nokkur þversögn, að það verði byrjað á því að marka stefnu, og síðan talað við sveitarstjórnirnar.

Ég held, að það sé ekki miklu meira, sem ég þarf að taka fram. Það er náttúrlega ýmislegt, sem frekar mætti um þetta segja og styðja með ýmiss konar tölum og upplýsingum, en mér finnst, að kjarni málsins sé sá, að hér eigi að leita eftir áliti hreppsnefndanna, sveitarstjórnanna, á því, hvort þær vilja sameinast í stærri einingu. Í öðru lagi tel ég, að í frv. sé gengið út frá því, að álit þeirra eigi að ráða um þetta, nema í þessu eina tilviki, sem ég hef margnefnt. Hins vegar er ég enn þá og hef verið sannfærður um það, að þessi sameining er nauðsyn, ekki einasta í þeim tilfellum, þar sem um mjög smáa hreppa er að ræða, heldur einnig þó að hreppsfélögin séu stærri.

Ég skal líka taka fram, að þótt það hafi verið sagt, að

það sé aðstöðumunur hér á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum, þá er það svo, að á öllum Norðurlöndunum fjórum hefur verið unnið að því á síðustu árum að sameina sveitarfélögin í stærri einingar, og það hefur verið gert í svo stórum stíl, að það hefur fækkað sveitarfélögunum, sums staðar a. m. k., niður í 1/4 og niður í 1/5 af því, sem áður var. Ég held, að sums staðar á Norðurlöndum, þar sem til þess arna hefur komið, hafi það verið höfð *sem meginregla*, að það yrðu ekki færri íbúar í hreppsfélagi en 6000, og sums staðar eru þeir náttúrlega miklu fleiri. En þó að við færum ekki svo langt, þó að við færum ekki lengra en það, að í minnstu hreppsfélögunum yrðu 200–300 íbúar, teldi ég það kannske við hæfi hjá okkur.

Það hefur verið bent á, að þetta form, sem nú er í gildi og fyrirkomulag á hreppaskiptingunni, hafi verið svona frá fornu fari og það hafi gefizt vel. Þetta er sjálfsagt rétt, en í því sambandi má benda á, eins og hér hefur líka verið gert áður, að það er orðinn mikill munur á samgöngum í landinu nú frá því, sem áður var. Fjarlægðirnar helguðu smáu hreppsfélögin hér fyrri, en nú eru komnir vegir svo að segja um allt land, sími á hvern bæ og aðstaðan til þess að ná saman mönnum til sveitarstjórnarfunda og til starfa fyrir hreppsfélagið er náttúrlega allt önnur en hún var, bara fyrir 3–4 áratugum. Þetta hefur að sjálfsögðu verið meginástæðan til þess, að hreppsfélögin hafa orðið sum eins lítil og þau eru nú, en þessi ástæða er að mínu viti ekki lengur til, a. m. k. ekki í sama mæli og hún hefur verið áður, og mætti þess vegna gjarnan breyta þessu.

Ég vildi nú vona, að þótt ýmsir hv. alþm. hafi nú haft sitthvað að athuga við frv., þá verði samþ. sú till., sem ég gerði hér um, að frv. færi til heilbr.- og félmn. og hún tæki það síðan til athugunar, svo að málið gæti hlotið afgreiðslu á þessu þingi. Ég sé ekki, að það verði neitt unnið til skaða, þó að þessari athugun, sem byrjað hefur verið á, verði haldið áfram samkv. þessu frv. og síðar lögum, ef samþ. verður.

Ásberg Sigurðsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf. var að gera svar mitt til sameiningarnefndar sveitarfélaga 1966 tortryggilegt með því að lesa upp úr því og benda þar á, að ég lýsi þar yfir, að ég hafi ekki haft aðstöðu til þess að bera þetta mál undir viðkomandi sveitarstjórnir.

Bréfið barst á miðju sumri, eftir að sýslufundum var lokið, en ég vildi ekki bíða næsta vors með svar á þessu bréfi, af því að mér þótti málið forvitnilegt og merkilegt. Ég hafði átt þess kost að kynnast þróun sveitarstjórnarmála í Danmörku nokkru áður, og þar hafði raunin orðið sú, að í upphafi voru sveitarstjórnarmenn almennt mjög andvígir því að breyta sveitarstjórnarskipuninni, en innan 5–6 ára frá því þessum málum var hreyft, var það þannig, að það voru sveitarstjórnarmennirnir sjálfir, sem sóttu hvað mest á um það að mynda sífellt stærri og stærri einingar sveitarfélaganna. Ég svaraði þess vegna bréfinu, eftir að ég hafði talað við nokkra oddvita og heyrt í þeim hljóðið, og það var svona upp og ofan að vísu. T. d. í tveimur næstu hreppum við Patreksfjörð sögðu sveitarstjórnarmennirnir: „Við höfum ekkert á móti því að sameinast Patrekshreppi, en að sameina Rauðasandshrepp og Barðastrandarhrepp kemur ekki til mála.“ Þannig er sveitarígurinn. Hreppapólitíkin var svo mögnuð, að þeir vildu miklu frekar vera í samfélagi með kaupstaðnum en saman innbyrðis. En ég sé, að það hefur orðið þróun í þessum málum, því að ég hef hér fyrir framan mig skýrslu sameiningarnefndar af fundarhöldum fyrir vestan, og ætla mér – með leyfi forseta – að lesa örstuttan kafla hér, það er fundur með hreppsnefndum Barðastrandarhrepps, Rauðasandshrepps, Patrekshrepps og Tálknafjarðarhrepps: Ritari lagði fram vélritaða frásögn af fundum með sveitarstjórnum á Vestfjörðum í ágúst. Í fyrsta lagi frá fundi á Patreksfirði fimmtudaginn 14. ágúst, kl. 16. Eftirtaldir hreppar áttu aðild að fundinum, og sátu hann allir hreppsnefndarmenn í viðkomandi hreppum. Tilgreind er íbúatala hreppanna 1. des. 1967: Barðastrandarhreppur 195 íbúar, Rauðasandshreppur 131 íbúi, Patrekshreppur 1027 og Tálknafjarðarhreppur 247, samtals 1600 íbúar. Fundinum stjórnaði sýslumaður Barðastrandarsýslu, Jóhannes Árnason. Till. um athugun á sameiningu hreppanna var samþ. með 16 shlj. atkv., einn sat hjá.

Hv. 1. þm. Vestf. var að gefa það í skyn, að ég vissi ekkert um hug manna fyrir vestan í þessum málum, og eins og ég hefði skrifað 1966, hefði ég ekki kynnt mér það. En ég sé a. m. k. af þessari samþykkt, að allir hreppsnefndarmenn þarna í fjórum hreppum í vesturSýslunni tjá sig samþykka því að athuga þessi mál. Mér hefði sjálfum aldrei dottið í hug, að um svo viðtæka sameiningu gæti verið að ræða, og tel hana meira að segja hæpna. En ég hefði haldið, að það væri ekki óeðlilegt, og ég held, að ég hafi getið þess í skýrslu minni frá 1966, að Rauðasandshreppur og Patrekshreppur yrðu sameinaðir, Múlahreppur og Barðastrandarhreppur, eða hrepparnir sunnan og vestan við Klettsháls, og e. t. v. Flatey og þrír austustu hrepparnir, Geiradalshreppur, Reykhólahreppur og Gufudalshreppur. Ég var raunar á fundi með þessum hreppum í austursýslunni. Þar var einnig tekið undir það, að vísu *ekki með neinum fögnuði eða stemmningu*, að ræða þessi mál, en það eru þrjú ár síðan, en ég veit ekki, hvað hefur síðan gerzt. Hins vegar sé ég á þessari fundargerð, sem ég hef hérna lesið upp, að það er miklu meiri vaxandi skilningur á þessu en mig hefði nokkurn tíma grunað. Ég fagna því, og ég skammast mín ekkert fyrir að hafa sagt í þessu bréfi mínu 1966, að það þyrfti viðtækan áróður til þess að sannfæra menn um gildi stærri sveitarfélaga. Það er það, sem koma mun, og ég *veit, að innan 5–6 ára munu sveitarstjórnarmennirnir* vera þeir, sem telja, að mest hafi áunnizt, og mest munu fagna þeirri þróun.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil að gefnu tilefni taka það fram, að ég mun að sjálfsögðu greiða atkv. með því, að þessu frv. verði vísað til athugunar í n. Ég vil svo fara nokkrum orðum um ýmis atriði, sem fram hafa komið í ræðum hv. þm. í dag, og vil ég þá fyrst víkja að ræðu hæstv. félmrh.

Það er hugboð mitt, að hæstv. núv. félmrh. sé ekki mjög áhugasamur um framgang þessa máls og hafi nú e. t. v. ekki kynnt sér til hlítar aðdraganda þessa frv., enda er það eðlilegt, því að hann var ekki félmrh., þegar

sameiningarnefndin var skipuð, og þetta frv. var ekki heldur lagt fram á hans vegum, að ég ætla, þó að hann hafi síðan tekið við félmrn.

Hæstv. ráðh. fór nokkrum orðum um þá framkvæmd, sem hann hugsaði sér með þessu frv., ef að lögum yrði, ef hann hefði þá framkvæmd með höndum, og þau ummæli, sem hann hafði um það efni, voru hófsamleg.. Hann sagði, að í rauninni væri þetta frv. ekki um sameiningu sveitarfélaga, ef ég hef tekið rétt eftir, a. m. k. meginefni þess væri ekki um sameiningu sveitarfélaga, heldur um athugun á þessum málum. Það er nú svo, og það má vera, að það sé skilningur hans á málinu, og hann vildi gjarnan, að það væri þannig. En frv. heitir nú „Frumvarp til laga um sameiningu sveitarfélaga", og í einni gr. frv., þ. e. a. s. í 13. gr., er beinlínis gert ráð fyrir heimild ráðh. til slíks. En að öðru leyti væri það réttara að segja, að frv., eins og ég nefndi hér í minni fyrri ræðu, sé um ríkisáróður fyrir sameiningu sveitarfélaga. Og ég sagði í ræðu minni hér við fyrri meðferð málsins, að jafnvel þótt það kynni að koma til greina að sameina sveitarfélög, ef þau sjálf vildu, teldi ég ekki ástæðu til að koma af stað slíkum ríkisáróðri fyrir sameiningunni, og skal ég ekki endurtaka það, sem ég sagði fleira um þennan áróður.

Hæstv. ráðh. andmælti ekki því, sem ég sagði um skipun n. Það er staðreynd, að n. var þannig skipuð, að í henni á ekki sæti neinn fulltrúi frá hinum fámennustu sveitarfélögum, og þó er því haldið fram sem rökum fyrir þessu máli, að þetta sé fyrst og fremst fyrir þau gert, til að leysa þeirra mál. Hvað var þá eðlilegra en þau ættu fulltrúa í þessari n. fyrst og fremst, til þess að lýsa þessum vandkvæðum sínum og gera grein fyrir óskum sínum? Ég geri ráð fyrir, að hæstv. ráðh. sé mér í rauninni sammála um þetta, en hann sagði, að þetta þýddi nú ekki það, að verið væri að ganga fram hjá þessum fámennari sveitarfélögum, þau ættu einnig fullan hlut að máli, því að það hafi verið rætt við sveitarfélögin um þetta mál, áður en till. voru gerðar. Auðvitað er það nú nokkuð annað, eins og við vitum hér alþm., að einhver aðili eigi fulltrúa í n. eða það sé rætt við hann og n. taki síðan ákvörðun á eftir.

En ég er hræddur um þar að auki, að hæstv. ráðh. hafi ekki athugað nógu vel gögn málsins, þegar hann sagði, að rætt hefði verið við sveitarfélögin um þessi mál. Það var a. m. k. ekki alls staðar vitað. Ég hef hér fyrir framan mig handbók sveitarstjórna, hefti, sem heitir Sameining sveitarfélaga og er um þetta mál, gefið út 1969. Og ég var áðan að fletta þessari bók, og þá kom ég fyrst niður á 40. athugunarsvæðið, sem svo er kallað, á bls. 46. En í fylgiriti með þessu máli hefur landinu verið skipt í athugunarsvæði svokölluð, sem eru hugmyndin um hreppaskiptinguna. Á 40. athugunarsvæði eru Hálshreppur, Ljósavatnshreppur og Bárðdælahreppur. Það eru samtals 733 íbúar, sem þarna er talið, að geti orðið einn hreppur. Og svo segir: „Fundur með hreppsnefndunum hefur ekki verið haldinn."

41. athugunarsvæðið er Skútustaðahreppur. Það er aðeins einn hreppur með 447 íbúa. Þar segir ekkert um þetta, enda er ekki um neina sameiningu að ræða.

Næst kemur 42. athugunarsvæðið. Það er Reykdælahreppur og Aðaldælahreppur með samtals 827 íbúa. Gert er ráð fyrir, að það verði einn hreppur. Þar segir: „Fundur hefur ekki verið haldinn með hreppsnefndum."

Næsta athugunarsvæðið, 43., er Húsavíkurkaupstaður, Flateyjarhreppur, Reykjahreppur og Tjörneshreppur, sem samtals hafa 2144 íbúa. Um þetta segir: Fundur var haldinn með bæjarstjórn Húsavíkur og hreppsnefnd Flateyjarhrepps, en ekki er það nefnt, að fundur hafi verið haldinn með fulltrúum Reykjahrepps og Tjörneshrepps.

Hér kemur næst 44. athugunarsvæðið. Á því eru Kelduneshreppur og Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur, samtals 699 íbúar. Þar segir: „Fundur hefur ekki verið haldinn í hreppsnefndinni."

Og hér vil ég enn nefna eitt athugunarsvæðið, 46. athugunarsvæði. Á því eru taldir Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur og Sauðaneshreppur, með samtals 704 íbúa, og þar segir: „Fundurinn með hreppsnefndunum hefur ekki verið haldinn."

Ég held, að af þessu, sem ég hef nú lesið, komi það fram, að það vantar eitthvað á það, að fundir hafi verið haldnir með hreppsnefndum og leitað álits þeirra, áður en þetta mál var lagt fram af n. og frv. samið. Þetta, sem ég nú hef lesið, á aðeins við nokkurn hluta landsins, þar sem ég er kunnugastur. Ég hef ekki kynnt mér það enn þá til hlítar, hvernig fundarhöldum n. með hreppsnefndum hefur verið háttað á öðrum stöðum.

Hæstv. ráðh. sagði í upphafi ræðu sinnar, að það væri skoðun hans, að stór sveitarfélög séu betur fær um það en smá að gegna hlutverki sínu, og mjög fámenn sveitarfélög væru ekki fær til þess. Ég virði fullkomlega þessa skoðun ráðh. sem skoðun hans. En um þetta tel ég, að sveitarfélögin sjálf séu bezt fær að dæma. Hann reyndi, eins og hans var von og vísa, að leita að rökum fyrir þessu, þar sem hann sagði sem skoðun sína, að mjög fámenn sveitarfélög væru ófær til þess að annast hlutverk sitt sem sveitarfélög, og hann nefndi t. d., að hluti sveitarfélaganna af ríkisframfærslunni hlyti að hvíla þungt á fámennum sveitarfélögum, sömuleiðis meðlög með óskilgetnum börnum og lendingarbætur, sem gerðar væru í hinum fámennari sveitarfélögum. Ég held, að það sé fremur lítið um þessar lendingarbætur í fámennum sveitarfélögum. En um hafnargerðirnar, sem aðallega eru nú lagðir fjármunir í, er það að segja, að þær eru yfirleitt í kaupstöðum eða kauptúnum, og sveitarsjóðir eða bæjarsjóðir eða hafnarsjóðir standa straum af þeim, en taka í hafnarsjóði gjöld af þeim vörum, sem fluttar eru inn vegna þess svæðis, sem kauptún eða kaupstaðirnir eru verzlunarmiðstöð fyrir.

Í fljótu bragði fæ ég ekki séð, að ríkisframfærsla sjúkra manna eða meðlög með óskilgetnum börnum hljóti að koma þyngra niður á fámennum sveitarfélögum en fjölmennum, því að það er nú hlutfall í þessu öllu saman væntanlega, þ. e. í fjölmenni sveðanna og svo fjölda þeirra, sem verða sjúkir eða þurfa að greiða meðlög. Þó getur það verið, að þarna hallist einhvers staðar á, en um þetta á ekki að þurfa að vera með neinar tilgátur. Það liggur sjálfsagt fyrir, en í þessu máli hafa ekki verið lagðar fram neinar skýrslur um það, að vangoldið fé af þessum sökum væri hlutfallslega meira í fámennu sveitarfélögunum en hinum fjölmennu. Ef ég

sé tölur um það staðfestar, mun ég að sjálfsögðu taka þær trúanlegar. En þær tölur liggja ekki fyrir, og yfirleitt hef ég ekki orðið var við það, að það lægi fyrir sem almenn regla, að fámennu sveitarfélögin væru meiri baggi á þjóðfélaginu en hin fjölmennari. Ef svo er, þá væri æskilegt, að vitneskja lægi fyrir um það, því að það má segja, að slíkt séu rök í málinu, ef þar væri um almenna reglu að ræða.

Skal ég þá ekki hafa fleiri orð um ræðu hæstv. ráðh.

Hv. 4. þm. Vestf. hefur talað hér tvisvar sinnum, en ég ætla ekki að blanda mér inn í þau málefni, sem hann hefur rætt um við hv. 1. þm. Vestf. um staðhætti þar á Vestfjörðum. En hann virðist hafa staðfest það, þessi hv. þm., þegar hann var sýslumaður í Barðastrandarsýslu, sem ég hef leyft mér að halda fram, að hér sé fyrst og fremst um að ræða af hálfu áhugamanna um þetta mál að koma upp sterkum áróðri til þess að fá fámenn sveitarfélög til þess að fallast á það, sem þau í raun og veru vilja ekki fallast á. Með umsögn hans, sem hv. 1. þm. Vestf. las upp áðan, var þessari áróðurshugmynd mjög glögglega lýst.

Hv. 3. þm. Austf. ræddi hér nokkuð um þetta mál, og fannst mér gæta misskilnings hjá honum. Hann talaði um það, að við, sem höfum gagnrýnt þetta frv., værum að vekja tortryggni hjá sveitarfélögunum. Við höfum ekki hafið umr. um þetta mál. Þetta mál er lagt fram hér sem þingmál, og þm. eru að segja hér á því skoðun sína. Það má kannske lengi halda því fram, ef þm. segir skoðun sína í einhverju máli, að hann sé að vekja tortryggni hjá einhverjum, sem kynni að hafa verið með málinu. En það verður þá að hafa það.

Hann sagði, þessi hv. þm., að sambönd sveitarfélaganna, sem nú er verið að stofna, sýndu það, að sveitarfélögin teldu þörf á sterkari samstarfsheildum en nú eru til staðar. Og það er rétt. Sveitarfélögin telja þörf á sterkari samstarfsheildum. Þess vegna hafa sveitarfélög á Austurlandi stofnað Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, og sveitarfélög á Norðurlandi og sýslur hafa stofnað Fjórðungssamband Norðlendinga, og hliðstæð samtök hafa verið stofnuð víðar. Sveitarfélögin telja þörf á sterkari samstarfsheildum, en í því hefur ekki komið fram á neinn hátt, að þau teldu þörf á að breyta einingunum í þessum samstarfsheildum. Sveitarfélag er engin samstarfsheild, en sveitarfélag getur verið eining og er eining í samstarfsheild. Hér er um þessar einingar að ræða, hvort ríkið eigi að hefja áróður fyrir því að leggja þær niður eða sameina, þannig að stofnun fjórðungssambandanna er ekki neinn sérstakur rökstuðningur í þessu máli, menn skulu ekki halda það.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég skal leitast við að hafa þetta ekki langt, sem ég hef að segja núna. Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 4. þm. Vestf., fyrrum sýslumanns Barðstrendinga.

Hann sagðist ekkert skammast sín fyrir það, sem hann hefði sagt og látið eftir sér hafa í Sveitarstjórnarmálum, og það er alveg rétt hjá honum, hann þarf ekki að gera það. Það er öðru nær. Það, sem hann segir þar um nauðsynina á að beita víðtækum áróðri fyrir sameiningu sveitarfélaga, talar hann af hreinskilni, og væri óskandi, að það hefði komið líka fram hjá fylgismönnum þessa frv., að það er þessi víðtæki áróður, sem frv. fjallar um. Hann segir það hreinskilnislega, hvað hann meinar, og það er innihald frv. Ég er honum þakklátur fyrir að segja þetta, því að frv. er um áróður.

Hann sagði frá fundi, sem hefði verið haldinn á Patreksfirði í sumar um þetta mál. Menn höfðu hreinlega samþ. að kjósa n. til að athuga málið. Það var nú allt og sumt. Þeir voru ekki að samþykkja neitt um sameiningu. Nei, öðru nær. Þeir samþykktu að kjósa þessa n. Það er ekkert við það að athuga, þó að menn ræði um sameiningu. Við höfum engir haft á móti því, fjarri því. En hann nefndi ekki, enda var það nú ekki hægt, eitt einasta atriði um það, að þeir þarna fyrir vestan í hans fyrra umdæmi hefðu gefið í skyn, að þeir kærðu sig um sameiningu, þó að þeir verði við beiðni erindreka, embættismanns félmrn., um að kjósa n. til að athuga málið. Það er allt annað, finnst mér.

Hæstv. félmrh. segir þetta mál komið frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, svona rétt eins og ríkisstj. komi það ekkert við, þetta komi frá þeim þarna inn frá. Það er rétt, það bar á góma þar, og þar var samþ. ályktun um, að athugað skyldi um sameiningu sveitarfélaga í landinu. Það er ekkert við því að segja. En mér var nokkur forvitni á að vita, hvort fulltrúafundur Sambands ísl. sveitarfélaga hefði fjallað um þetta mál, þ. e. a. s. um frv. Ég hringdi þess vegna inn á skrifstofu sambandsins nýlega, og varð fyrir svörum fulltrúi þar, Unnar Stefánsson erindreki. Ég spurði að því, hvort frv. hefði verið lagt fyrir fulltrúafund Sambands ísl. sveitarfélaga. Hann sagði: „Nei, það hefur ekki verið gert.“ Og mér skildist, að það væri af þeim ástæðum, að frv. hefði ekki verið fullsamið, þegar síðasti fulltrúafundur var haldinn. Það hefði að vísu verið haldinn aukafundur norður í Mývatnssveit, ég held það hafi verið í sumar, um allt annað mál. En frv. hafði ekki legið þar fyrir. Þeir eiga þá eftir að segja álit sitt á því, fulltrúarnir víðs vegar af landinu í sambandinu, hvað þeir segja um þetta, svo að þetta er ekki frekar frá sjálfu sambandinu komið en að frv. var samið af þriggja manna undirnefnd og samþ. af níu manna n. Lengra, skilst mér, að málið sé ekki komið í athugun hjá sjálfu sambandinu.

Þá nefndi hæstv. ráðh. nokkur atriði um nauðsyn á sameiningu, sérstaklega hvað snerti litlu sveitarfélögin. Hingað til hefur verið flaggað mest með nauðsynina að því leyti, að það væru skólamálin, félagsheimilamálin, heilbrigðismálin og þess háttar. En hann nefndi nú ekkert af þessu, af því að það er búið að sýna rækilega fram á það, að þau er hægt að leysa með samstarfi sveitarfélaga.

En hann kom nú inn á önnur atriði, ég tók eftir þremur atriðum, sem hann nefndi. Það var þetta gamla fólk, sem þyrfti að fara á elliheimili, og það er nokkuð dýrt, það er rétt. En mér reiknast svo til, að fólk verði ekkert eldra í litlum sveitarfélögum en stórum, og ef það er um 50 manna sveitarfélag að ræða, og við skulum segja, að þar sé eitt gamalmenni, sem verði að fara á elliheimili, þá skilst mér, að í 500 manna sveitarfélagi verði 10 gamlir og að hlutfallið sé nákvæmlega hið sama, hvort sem sveitarfélagið er stórt eða lítið, og möguleikarnir til að þola það séu nokkurn veginn hinir sömu. Svona finnst mér nú þetta.

Hann nefndi hafnargerðir og lendingarbætur. Það

eru nú meiri hafnargerðirnar, sem þarf að gera í þessum 40 til 50 manna sveitarfélögum. (Gripið fram í.) Ég þekki það ekki.

En svo nefndi hann eitt, og það voru barnsmeðlögin, þetta þyrfti að athuga. Ég legg nú til, að hæstv. ríkisstj. láti athuga þetta nákvæmlega fyrir okkur, áður en málið kemur til síðustu umr., hvort það séu virkilega mikil brögð að því, að það sé mikið um óskilgetin börn í þessum litlu sveitarfélögum. Nú get ég sagt hæstv. ráðh. það, að það er mér eiður sær, að ég hef t. d. ekki heyrt nefnt eitt einasta óskilgetið barn í Ketildalahreppi. Þeir geta vitnað um það, sem eru kunnugri, t. d. fyrrv. sýslumaður á Patreksfirði, hvort það eru nokkur dæmi um slíkt. Ég veit það ekki. Og ég held, að þetta hljóti líka að vera eitthvað hlutfallslegt, hvort sem sveitarfélög eru smærri eða stærri.

Mér þótti það merkilegt, að hæstv. ráðh. sagði, að það væri hægt að gera þetta samkv. núgildandi lögum, að sameina sveitarfélög, og það er alveg rétt. Hann tók alveg undir það. En til hvers er þá frv., má ég spyrja, fyrst þetta er hægt? Hann hefur sjálfur staðfest það. Hann segir, að meðan hann fjalli um þessi mál sem félmrh., muni hann framkvæma 13. gr. frv. mjög varlega og fara eftir því, hvað fólkið heima fyrir vill. Ég efast ekki um, að hann segi þetta rétt. Ég treysti honum fyllilega til þess að fara eftir vilja hreppsbúa í þessum efnum. En hvaða meining er þá með þessu frv.? Frv. er ekki miðað við það, hver er núv. félmrh. Þetta á að verða lög, sem eiga að gilda framvegis, og við vitum harla lítið um það, hvað komandi félmrh. kunni að gera, þó að núv. hæstv. ráðh. sé allur af vilja gerður að fara hér eftir vilja viðkomandi sveitarfélags.

Ég skal svo ekki brjóta þá heimild, sem hæstv. forseti gaf mér til að taka til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 285, n. 697, 698).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. – Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur fjallað um þetta frv. og rætt það á nokkrum fundum. Frv. hefur verið rætt allítarlega, en að því athuguðu hafa allir nm. orðið sammála um að leggja til, að það verði samþ. með þeim brtt., sem eru á þskj. 698.

Eins og menn muna og fram kom hér við 1. umr. málsins í hv. d., eru skoðanir manna nokkuð skiptar í þessu máli. Niðurstaða n. er því, eins og að líkum lætur, þannig, að hún ber keim málamiðlunar. Eigi að síður eru þó flestir á einu máli um það, að rétt sé að huga að þessum málum framvegis á líkan hátt og gert hefur verið hingað til, þ. e. a. s. að félmrn. hafi það á sinni könnu í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga.

Ég get farið fljótt yfir sögu, að því er lýtur að þessum brtt., sem n. gerir á frv., eins og það kom frá hv. Ed. Þær eru í stuttu máli, að öll ákvæði í frv., sem lúta að sérstökum erindreka, er hafi þessi mál með höndum og annist ogýti á framkvæmd þeirra, eru numin brott, en þess í stað ætlazt til þess, að félmrn. hafi þau með höndum, hér eftir sem hingað til, eins og kemur skýrt fram í 1. gr.

Ég ætla ekki að lesa þessar brtt. allar upp. Það er þarflaust, en aðeins geta þess, að þær till., sem horfa til breyt. á 3.–7. gr., eru allar þess efnis, að ákvæði um sérstakan erindreka eru numin á brott. Auk þess eru gerðar örfáar lagfæringar á orðalagi, en efnisbreytingar eru held ég ekki neinar gerðar á þessum gr. Að því er varðar 8.–12. gr., eru þær óbreyttar, eins og Ed. samþykkti þær, en síðan kemur breyt. á 13. gr. frv. Um hana voru skoðanir nokkuð skiptar, en samkomulag náðist um að orða hana á þá leið, sem gert er á þskj. 698, en í stað hins upphaflega orðalags hljóðar gr. svo, þ. e. a. s. 1. mgr. gr. hljóðar þá þannig nú:

„Ráðherra er heimilt að sameina hrepp nágrannasveitarfélagi að fenginni jákvæðri umsögn viðkomandi sýslunefndar og/eða bæjarstjórnar, ef íbúatala hreppsins er lægri en 30.“

Ég skýri þetta ekki nánar, en að sjálfsögðu er þetta málamiðlun frá því, sem upphaflega var orðað. 14. gr. breytist svo aðeins að því leyti, að erindrekinn og ákvæðin, sem um hann fjalla, eru numin brott.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta frv., en að þessu athuguðu leggur n. til, að það verði samþ.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég var einn þeirra, sem andmæltu ýmsum ákvæðum í þessu frv., þegar það var til 1. umr., og þó alveg sérstaklega öllum þeim tilburðum um nýja embættismanninn, erindrekann, sem í því fólust.

Nú hefur málið tekið heldur en ekki stakkaskiptum, og ég man ekki eftir, að nokkurt frv. hafi farið svo í gegnum hendur einnar n., að það hafi tekið þeirri myndbreytingu, sem hér hefur orðið. Í fáum orðum sagt er nánast ekkert eftir af frv., sem getur kallazt efni. Svo rækilega hefur hv. heilbr.- og félmn. endurbætt þetta frv., að ég greiði því atkv. með glöðu geði. Það er ekki vegna þess, að ég telji frv., eins og það er nú orðið eftir till. n., svo mikils virði, að það þurfi að vera að samþykkja það. Ég þvert á móti lít svo á, að það skipti ekki nokkru máli, hvort það er samþ. eða ekki. En það er sá kostur við að samþykkja það að mínum dómi, að það verður kannske ekki fundið upp á að flytja slíkt frv. aftur á næstu þingum, ef þetta yrði samþ. til málamynda, og ég er algerlega samþykkur því.

Það, sem mér finnst einna ánægjulegast fyrir utan embættismanninn, sem nú er ekki lengur í frv., er, að breytt hefur verið 13. gr. Eins og hv. þm. muna, átti að veita ríkisstj. vald til þess að sameina sveitarfélög þrátt fyrir andmæli viðkomandi hreppa, ef þeir voru fámennari en svo, að þeir hefðu 50 íbúa. Nú er þessu breytt þannig, að ráðh. er ekki heimilt að sameina hreppa, nema sýslunefnd eða bæjarstjórn hafi samþ. það, og þó því aðeins, að þar séu færri en 30 manns, og er mér tjáð, að það muni þá vera tveir hreppar á landinu, sem geta fallið undir þetta, eins og sakir standa. Þetta er vel unnið, kalla ég.

Ég vil flytja hv. heilbr.- og félmn. þakkir fyrir það, hversu vel hún hefur unnið þarna að málinu.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég var eins og hv. 1. þm. Vestf. einn þeirra, sem gerðu nokkrar aths. við þetta frv. við 1. umr. Nú liggur fyrir álit hv. heilbr.- og félmn. um frv., og er það á þá leið, að n. mælir með frv. að því áskildu, virðist mér, að samþ. verði brtt., sem hún flytur á þskj. 698. Þessum till. var útbýtt nú í upphafi þessa fundar, og þær eru átta talsins. Sumar þeirra skiptast í nokkra stafl. og mér hefur ekki unnizt tími til þess að bera þessar brtt. saman við frv. og átta mig á því til fulls, í hverju breytingarnar eru fólgnar.

Hins vegar virðist það auðsætt, að breyt. séu allmiklar, sem gerðar eru á frv., og hv. 1. þm. Vestf. segir, að þær séu mjög miklar. Það er dálítið erfitt í umdeildu máli að gera sér á örstuttri stund, á meðan verið er að flytja ræðu, grein fyrir brtt. af þessu tagi. Og því miður verð ég að segja það, að ég treysti mér ekki til að gera það. Ég sé það samt, að sumt, sem n. leggur til og kannske allt, ég vil ekki fullyrða um það, muni vera til bóta. T. d. er nú lagt til, að ekki megi leggja niður sveitarfélag með ráðuneytisákvörðun, þótt fámennt sé, nema áður komi til jákvæð umsögn viðkomandi sýslunefndar eða bæjarstjórnar. Ég átta mig ekki alveg á því svona í svip, hvernig stendur á því, að þetta þarf að bera undir bæjarstjórn, en líklega er það samt vegna þess, að gert er ráð fyrir, að í sumum tilfellum kunni að vera um að ræða sameiningu lítils sveitarfélags við bæjarfélag, og er þá spurning um það, hvort bæjarfélag vilji taka við sveitarfélaginu. Ég geri ráð fyrir, að jákvæð umsögn sýslunefndar þýði sama og samþykki. Ég geri ráð fyrir því, og þá verður minn skilningur á þessu ákvæði, ef ekki kemur fram annað frá n., að það, sem þarna er kallað jákvæð umsögn sýslunefndar, þýði samþykki. Þetta verði ekki gert nema með samþykki sýslunefndar.

Það er lagt til, að felld verði niður ákvæði um sérstakan erindreka, sem vinni að þessum sameiningarmálum, og get ég verið því samþykkur. En eftir stendur sá áróðursblær, sem frá öndverðu hefur verið á þessu frv. Hann stendur eftir sums staðar í frv., og má vera, að það sé víðar en ég hef veitt athygli. T. d. er ekki gert ráð fyrir að breyta fyrirsögn frv. Það heitir áfram „Frumvarp til laga um sameiningu sveitarfélaga", og í þessu heiti laganna út af fyrir sig felst nú nokkur áróður, en meiri áróður felst þó í a-lið 1. brtt., þar sem tekið er fram, að sérstök áherzla sé á það lögð, að félmrn., ekki erindrekinn, heldur félmrn., eigi frumkvæði að því, að athuguð verði skilyrði fyrir sameiningu einstakra sveitarfélaga um allt land. Það stendur enn í frv., að hið opinbera, ríkisvaldið, skuli eiga frumkvæði að þessu. Það á ekki að bíða eftir því, að frumkvæði komi frá sveitarfélögunum. Ég tel þetta galla á brtt. n.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, hef ekki átt þess kost að kynna mér brtt. svo rækilega, að ég geti rætt þær lið fyrir lið, en ég mun ekki telja mér fært að greiða atkv. með a-lið 1. brtt. og ekki heldur með heiti frv., eins og það er í frv. og brtt.

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Það gleður mig, að frv. skuli hafa eignazt einn góðan stuðningsmann í viðbót, þar sem er hv. 1. þm. Vestf., en ég vil aðeins vekja athygli hans á því, að þó að þessar brtt., eins og þær koma fram á þskj. 698, séu allfyrirferðarmiklar, eru þær minni að efni til. Þær eru litlar að því er snertir efni. Hitt er annað mál, að þegar sama orðið, einmitt það orð, sem á að nema brott úr frv., kemur fram í svo mörgum gr., verða till. dálítið fyrirferðarmiklar á pappírnum.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. vék að því, að ekki væri svo auðvelt að átta sig á þessum breyt. í fljótu bragði. Af ræðu hans kom þó fram, að hann hafði þegar numið og skilið það, sem hann, mér liggur við að segja, vildi skilja í brtt., og áttað sig á þeim til fulls, að því er ráðið varð af hans máli.

Báðir þessir hv. þm. hafa talað um það, að lítið stæði eftir af frv. eins og það var í upphaflegri mynd, en hv. síðari ræðumaður lét þess þó getið, að áróðurinn væri eftir. Það er þó að sjálfsögðu stefnuyfirlýsing, sem eftir stendur af frv. Það er stefnuyfirlýsing um, að vinna beri áfram að þessum málum, eins og gert hefur verið hingað til, og ég held, að mér sé óhætt að segja, að allir nm. hafi verið sammála um þá stefnuyfirlýsingu. Með það í huga tel ég ekki ástæðu til þess að athuga smávægileg atriði eins og fyrirsögn frv. og annað slíkt, en vísa að öðru leyti til þess, sem ég hef þegar sagt um þetta mál.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég var nú einn þeirra þdm., sem hér við 1. umr. andmæltu ákveðnum atriðum í þessu frv. með svipuðum hætti og hv. 1. þm. Vestf. og hv. 1. þm. Norðurl. e. Þær brtt., sem hér hafa verið lagðar fram af hv. heilbr.- og félmn. og eru fluttar af n. í heild, fela það í sér, að mér sýnist, að þær aths., sem ég lét hér falla við 1. umr., hafi flestar eða a. m. k. í meginatriðum verið þar teknar til greina. Ég sé því ekki, herra forseti, neina ástæðu til þess að leggjast gegn þessu frv. að því áskildu, að þessar brtt. nái fram að ganga, og ég vil taka undir það þakklæti, sem hér hefur komið fram til hv. n. um það að hafa tekið þessar ábendingar okkar dm. til greina.

Um það, sem frsm. n. sagði hér síðast, að eftir væri stefnuyfirlýsing um það, að áfram skyldi unnið að þessum málum, þá er það að vissu leyti rétt. Í þessu frv. eru áfram ákvæði, er fremur miða að því að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, en þó með þeim hætti, að það verður ekki gert án þess, að frumkvæði að þeirri sameiningu komi heiman að. Um hin smæstu sveitarfélög voru í frv., eins og það var upphaflega, ákvæði, sem heimiluðu félmrh. að sameina þau eftir ábendingu erindreka án viljayfirlýsingar heimaaðila. Nú er þeirri grein breytt, og þar álít ég, að sé algerlega um grundvallaratriði að ræða, að það skuli ekki gert, nema fyrir liggi jákvæð yfirlýsing viðkomandi sýslunefndar eða, eins og það er orðað í tillgr., „sýslunefndar og/eða bæjarstjórnar."

Ég endurtek það svo aðeins, að að því áskildu, að þessar brtt. verði samþ., mun ég ekki bregða fæti fyrir þetta frv.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég er sammála hv. 4. þm. Norðurl. v., sem hér talaði áðan um, að það er mikilsvert, að fram er komin brtt. frá n. við 13. gr., og fleira er þar, sem miðar í rétta átt.

Hins vegar leyfi ég mér að vekja athygli á þeirri yfirlýsingu, sem hv. frsm. n. gat um áðan, þegar hann sagði, að meginatriði frv., eins og það yrði, ef brtt. yrðu samþ., sé stefnuyfirlýsing um, að haldið verði áfram að vinna að málinu eins og hingað til. Að málinu hefur verið unnið hingað til alla tíð, síðan sameiningarnefndin var skipuð, þannig, að send hafa verið út áróðursrit af ýmsu tagi fyrir því, að sveitarfélög verði sameinuð, og það hafa verið menn á ferð til að kalla saman sveitarstjórnir og íbúa hinna minni hreppa til þess að reyna að sannfæra þá um, að sameining sé sjálfsögð. Þetta er það, sem gert hefur verið. Og mér sýnist þessi yfirlýsing benda til þess, að þetta eigi að halda áfram. Ég er ekki andvígur því, að sveitarfélög séu sameinuð, ef það er vilji þeirra sjálfra að sameinast og hann kemur glögglega fram, almannavilji í sveitarfélögunum. En ég hef verið því mótfallinn, að ríkisvaldið haldi uppi áróðri fyrir þessu og reyni með slíkum áróðri að beygja lítilsmegandi sveitarfélög til hlýðni, ef svo mætti segja, við þá kenningu, sem hér er um að ræða, að sveitarfélög eigi að vera stór. Ef sveitarfélögin sannfærast um þetta, án þess að rekinn sé áróður af slíku tagi, þá er ég því fylgjandi, að þau ráði því að sameinast, þeim sé það heimilt, og að þau fái fyrirgreiðslu. Ef setja hefði átt ný lög um þessi efni, virðist mér, að þau hefðu fyrst og fremst átt að fjalla um form þeirrar fyrirgreiðslu, sem veitt væri af hálfu rn., þegar sveitarfélög hafa ákveðið að sameinast, en ekki um þessa áróðursstarfsemi, sem þrátt fyrir allt felst enn þá í þeim till., sem n. lætur frá sér fara. Hins vegar skil ég það vel, sem hv. frsm. sagði hér í byrjun, að hér hefur verið um einhvers konar samkomulag að ræða í n., og till. bera vott um það.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég átti þátt í því í heilbr.- og félmn. að vinna að þessum brtt., sem hér liggja fyrir og eru til umr. í sambandi við frv. um sameiningu sveitarfélaga, og það gerir ekkert til, þó að það komi hér fram, að n. lagði þó nokkuð mikla vinnu í það að ná samstöðu.

Þegar þetta frv. var lagt fram, komu fram raddir eins og þeirra hv. þm., sem hér hafa talað, og þeir gagnrýndu nokkur atriði í frv. og þá fyrst og fremst ákvæðið um erindrekann, ákvæðið um það, að það átti að kosta sérstakan mann til þess að ferðast um landið til að vinna að skipulagi um sameiningu sveitarfélaga. Í öðru lagi var óánægja með það, að félmrh. hefði heimild til að sameina sveitarfélag öðru sveitarfélagi, ef þar voru færri en 50 manns í hreppnum. Ég hlustaði á umr., sem fram fóru, þegar þetta var rætt hér við 1. umr., og ég gat ekki fundið annað út úr þeim umr. en þetta væru höfuðgallarnir á frv.

Nú hefur fengizt samstaða í heilbr.- og félmn. og fulltrúar stjórnarflokkanna hafa komið til móts við okkur fulltrúa stjórnarandstöðunnar í n. og fallizt á að taka þessi tvö veigamiklu atriði, sem gagnrýnd voru, út úr frv., og ég verð að segja það, að að fenginni þessari breyt. vil ég mæla með því, að frv. verði samþ.

Ég held, að það sé enginn sérstakur áróður í fyrirsögn frv. Það vita allir, sem hafa komið nærri sveitarstjórnarmálum, að það getur verið nauðsynlegt að sameina lítil sveitarfélög og frv. þetta greiðir fyrir því. Ekkert sveitarfélag verður að sameinast öðru, nema þá það sveitarfélag, ef hægt er að kalla, að það sé neytt til þess, sem hefur færri en 30 íbúa og sýslunefndin hefur mælt með því. Þetta er nú öll hættan í frv. Ef sýslunefnd er á móti því að sameina, verður það ekki gert. Ég held, að þetta sé mjög meinlaust frv. og mæli með því, að brtt. þær, sem fram eru komnar, verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 698,1 (ný 2. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
– 698,2 (ný 3. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv.
– 698,3 samþ. með 31 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 698,4 samþ. án atkvgr.
5. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 698,5 samþ. með 32 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 698,6 samþ. með 32 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
8.–12. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 698,7 samþ. með 31 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 698,8 samþ. með 32 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
15. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 740, 746).

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Við hv. 5. þm. Norðurl. e. höfum leyft okkur að flytja brtt. við frv., eins og það nú liggur fyrir, og eru þessar brtt. á þskj. 746 við 1. og 2. gr. frv. og við fyrirsögn þess. Eins og frv. er nú, þá hljóðar 1. gr. þess svo:

„Félmrn. skal í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga stuðla að eflingu sveitarfélaganna með því að koma á sameiningu tveggja eða fleiri sveitarfélaga í eitt sveitarfélag, samkv. því, sem fyrir er mælt í lögum þessum."

Þessi 1. gr. er óbreytt frá því, sem hún var, þegar það var lagt fram í öndverðu, þó að frv. hafi verið verulega breytt á eftir.

Og í 2. gr., eins og hún er nú, segir um þetta hlutverk, sem félmrn. er falið í 1. gr., að við framkvæmd þess skuli vera lögð sérstök áherzla á eftirfarandi, sem síðan er talið upp í 4 liðum, og í fyrsta lið eða a-lið er áherzla lögð á, að rn. eigi frumkvæði að því, að athuguð verði skilyrði fyrir sameiningu einstakra sveitarfélaga um allt land.

Það er þessi yfirlýsta stefna, sem fram kemur í frv. og lagt er til að gerð verði að lögum, að stuðla að því að koma á sameiningu tveggja eða fleiri sveitarfélaga í eitt sveitarfélag og að félmrn. eigi frumkvæði að því, að athuguð verði skilyrði sameiningar. Þetta fellum við hv. 5. þm. Norðurl. e. okkur ekki við. Ég tel, að í sjálfu sér hafi ekki verið þörf á nýjum lögum um það, hversu með skuli fara, þegar sveitarfélög sameinast, því að skýr

ákvæði um þetta eru í sveitarstjórnarlögum. En einnig eru í þeim lögum ákvæði um samstarf sveitarfélaga án sameiningar. Og það hefur verið stefna ríkisvaldsins til þessa að greiða fyrir samstarfi sveitarfélaganna, en ekki að sameina þau. Það hefur verið á valdi sveitarfélaganna sjálfra og ríkið ekkert frumkvæði haft, og þannig kysi ég að hafa það og við flytjum brtt. um, að þetta verði svo eftirleiðis.

En ef talin er þörf á að setja ný lög, virðist mér, að þau ættu eingöngu að vera um, hvers konar fyrirgreiðsla það skuli vera og með hvaða hætti, sem rn. veitir, þegar sveitarfélög kjósa að sameinast, en að rn. eigi ekki að hafa frumkvæðið, og það á alls ekki að lýsa yfir því í lögum sem stefnu ríkisvaldsins að hafa í frammi áróður við sveitarfélögin í þeim tilgangi að fá þau til að sameinast. Ef þau vilja sameinast, á ekki að standa gegn því, en það á ekki að hafa frammi af hálfu ríkisins áróður fyrir slíku.

Ekki verður annað sagt þrátt fyrir breyt., sem gerðar hafa verið á frv., og sumar þeirra eru til bóta, en að áfram haldist þessi áróðursblær á 1. og 2. gr. og á fyrirsögn frv., enda ætla ég, að það hafi komið fram hjá frsm. n. á síðasta fundi, að meginefni frv. sé þessi nýja yfirlýsta stefna, sem fram kæmi í því gagnvart sveitarfélögunum. Ef þm. vilja ekki breyta um stefnu gagnvart sveitarfélögunum að þessu leyti og láta þau algerlega sjálfráð um þetta, um það að hafa frumkvæði að sameiningunni, þá hygg ég, að menn ættu að greiða atkv. með þessum brtt., sem við hv. 5. þm. Norðurl. e. flytjum á þskj. 746.

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Eins og ég lýsti hér við 2. umr. málsins, náðist um það víðtækt samkomulag eða allsherjarsamkomulag í n., sem um það fjallaði, byggt á allvíðtækri málamiðlun. Eins og frv. er nú úr garði gert, miðar það að því að vinna áfram að athugun þessara mála á svipaðan hátt og gert hefur verið, en þó er það algerlega undir vilja sveitarfélaganna sjálfra komið, hver framvinda málsins verður, og forráðamanna þeirra.

Ég tel því, að þessar brtt., sem hv. 1. þm. Norðurl. e. lýsti nú, séu frv. til óþurftar. Ég held, að þær séu algerlega óþarfar. Þegar gengið er svo langt t. d. að geta ekki einu sinni fellt sig við fyrirsögn frv., finnst mér það lýsa nokkuð mikilli þröngsýni í slíku máli, sem allir viðurkenna þó, að verður að sinna nú á tímum. Þess vegna vil ég leggja eindregið til, að þessar till. verði felldar.

Umr. frestað.

Á 89. og 90. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 91. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 3. umr. um frv.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. til muna. En þegar umr. var frestað í gær, hafði hv. 4. þm. Vesturl., sem við 2. umr. var frsm. n., tekið til máls og andmælt till. okkar hv. 5. þm. Norðurl. e. á þskj. 746. Ég veit, að hv. þm. er í rauninni samþykkur brtt. eða efni þeirra, og að andmælin stafa af því samkomulagi, sem virðist hafa verið gert í n. um að fylgja frv. óbreyttu, eins og það er nú. Ég held, að hv. þm. hafi orðið mismæli, þegar hann sagði, að breyt., sem við viljum gera, sé til óþurftar, enda dró hann úr þeim ummælum síðar með því að segja, að hún væri óþörf.

Brtt. okkar hv. 5. þm. Norðurl. e. ganga í sömu átt og brtt. n., sem samþ. voru við 2. umr., en dálítið lengra í þessa átt. Við erum að reyna að koma því til leiðar, að því verki, sem n. vann að með talsverðum árangri við 2. umr., verði lokið við þessa umr. og að félmrn. verði ekki lögð á herðar nein lagaskylda til að hafa frumkvæði um sameiningu sveitarfélaga, þótt því sé hins vegar ætlað að veita aðstoð sína, ef sveitarfélög vilja sjálf sameinast. Þessu viljum við koma til leiðar með lagfæringum á 1. og 2. gr. frv., og vona ég, að þetta mál liggi nú ljóst fyrir, hvernig sem atkv. falla.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 92. fundi í Nd., 30. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 746,1 felld með 22:3 atkv.
– 746,2 felld með 19:3 atkv.
– 746,3 felld með 20:3 atkv.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 87. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 88. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. – Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 830).

---

44. Skipan opinberra framkvæmda.

Á 12. fundi í Ed., 10. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um skipan opinberra framkvæmda [78. mál] (stjfrv., A. 87).

Á 13. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur legið tvisvar áður fyrir hinu háa Alþ. og nú síðast á síðasta þingi. Þá var það til meðferðar í þessari hv. deild og fékk hér þá allrækilega athugun í n. Leitað var umsagnar margra aðila, og fram komu margar ábendingar frá ýmsum stofnunum og umsagnaraðilum, sem voru athyglisverðar. Allt þetta leiðir til þess, að ég mun ekki ræða þetta mál í einstökum atriðum, af því að það er hv. þdm. svo kunnugt, þannig að ég mun aðeins

drepa á meginatriði málsins í þessari framsögu, ef tilefni gefst ekki til frekari umr.

Eins og í grg. frv. segir, var sett á laggirnar n. 1965 til þess að undirbúa þessi mál, og var henni fyrst og fremst ætlað að kynna sér rækilega, með hverjum hætti væri hægt að tryggja sem hagkvæmasta nýtingu þess fjármagns, sem á hverjum tíma er varið til opinberra framkvæmda. Mér var það vel ljóst, þegar þessi n. var sett á laggirnar, bæði af yngri og eldri kynnum af þessum málum, að það vantaði mjög mikið á það, að hið takmarkaða fjármagn, sem við höfum til umráða hér hverju sinni á Íslandi í sambandi við opinberar framkvæmdir, væri notað eins vel og skyldi. Bar þar margt til, sem ég skal ekki rekja hér, bæði slæmur undirbúningur verka, áður en í þau var ráðizt, skortur á könnun á því, hvaða úrræði væru heppilegust til að leysa tiltekin vandamál, vinna við verkið sjálft, hvernig það væri af hendi leyst, og loks eftirlit með því og úttekt, hvernig árangur hefði orðið af hinu tiltekna verki, og heildarskoðun kostnaðarliða, sem gæti þá leitt til meira aðhalds, þegar skylt væri að leggja slíkar grg. fram.

Þetta varð niðurstaðan, enda var þetta staðfest af þessari umræddu n., og frv. var lagt þá fram á Alþ. 1966, þá aðeins til að sýna málið, þar sem hér var um svo miklar nýjungar að ræða, að ég gerði aldrei ráð fyrir því, að það fengi endanlega afgreiðslu. Það var síðan endurskoðað af mþn., þar sem í ljós kom, að á því voru ýmsir vankantar, og var m. a. höfð náin samvinna við Samband ísl. sveitarfélaga, Efnahagsstofnunina og fleiri aðila til þess að kanna ýmsar hliðar málsins. Einnig var málið kynnt aðalráðgjafa Alþjóðabankans um framkvæmdaáætlanir, og hann taldi að hér væri um mjög mikilvægt mál að ræða og frv. tvímælalaust spor í rétta átt til að fá æskilega skipan þessara mála. Eftir að síðasta þingi lauk, hefur frv. síðan enn verið tekið til athugunar á grundvelli þeirra umsagna, sem ég gat um áðan, að fram hefðu komið, og ýmsar voru mjög athyglisverðar, og hefur frv. í nokkrum atriðum verið breytt í samræmi við þær ábendingar, sem fram komu í þessum umsögnum.

Um frv. er alger samstaða milli allra þeirra aðila, sem það varðar og hafa haft með það að gera, og sérstaklega snertir það að sjálfsögðu sveitarfélögin, vegna þess að þau eru víðast hvar samaðili með ríkinu að margvíslegum framkvæmdum, en að öðru leyti er að sjálfsögðu hér einnig um beinar ríkisframkvæmdir að ræða.

Ég skal taka það fram, til þess að það valdi ekki misskilningi, að það er ekki ætlunin með þessu frv. að raska því, að hinar stóru framkvæmdastofnanir ríkisins hafi áfram með höndum framkvæmd verka, svo sem verið hefur, þ. e. a. s. vitamálastjórn og vegamálastjórn. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að vinnubrögð varðandi undirbúning framkvæmda hjá þessum aðilum séu með svipuðum hætti. Það er, eins og frv. ber með sér, gert ráð fyrir alveg sérstökum reglum varðandi það, hvernig undirbúa skuli opinbera framkvæmd.

Það er í fyrsta lagi gengið út frá því, að það fari fram könnun á hinum ýmsu valkostum, þ. e. a. s. svokölluð frumathugun í sambandi við það, hvernig æskilegast verði leyst sú tiltekna þörf, sem talið er nauðsynlegt að leysa. En þetta, eins og ég áðan sagði, hefur ákaflega oft verið vanrækt og alls ekki skoðað ofan í kjölinn, hvort ekki væru til önnur og heppilegri úrræði til þess að leysa tiltekna framkvæmdaþörf en valin hafa verið.

Þá er í öðru lagi gert ráð fyrir því, eftir að menn hafa komizt að niðurstöðu um, hvaða valkostur sé heppilegastur, að þá verði gerð rækileg áætlun um hina tilteknu framkvæmd, ekki aðeins um stofnkostnað, heldur jafnframt, – sem því miður hefur hingað til að mestu leyti verið vanrækt og jafnvel öllu leyti, – áætlun til nokkurra ára um reksturskostnað hins umræddu mannvirkis.

Í þriðja lagi er svo gert ráð fyrir tiltekinni skipan mála, þegar komið er að framkvæmdastigi. Í fyrsta lagi er ákveðið, að í framkvæmd verði ekki ráðizt, nema séð sé fyrir fjármagni til framkvæmdarinnar, en það er í samræmi við þá reglu, sem t. d. hefur verið sett í skólakostnaðarlögum, og þau lög eru í rauninni að verulegu leyti byggð á því sjónarmiði, sem hér er rætt um, og gert ráð fyrir, að ekki þurfi að breyta þeim að neinu ráði, þó að þessi nýja skipan verði tekin upp, enda voru þau samin, eftir að frumtill. um gerð þessa frv. lágu fyrir, en í skólakostnaðarlögum er gert ráð fyrir, að ekki verði ráðizt í skólabyggingu nema því aðeins að séð verði, hvernig henni verði lokið á skömmum tíma, þannig að hún þurfi ekki að stöðvast sökum fjárskorts. En margar byggingar hafa einmitt af þeim sökum orðið miklum mun dýrari en ella hefði orðið. Hið sama er gert ráð fyrir að gildi í sambandi við verklegar framkvæmdir almennt.

Þá er gert ráð fyrir því, að meginreglan verði sú, að opinber framkvæmd verði unnin eftir útboði og Innkaupastofnun ríkisins annist útboð og eftirlit með því, hvernig framkvæmdum sé hagað. Loks er gert ráð fyrir því, að eftir að framkvæmd sé lokið fari fram svokallað skilamat, þ. e. a. s. að mannvirki verði tekið út og borið saman við upphaflegar áætlanir og kannað til hlítar, að hve miklu leyti þær áætlanir hafi brugðizt og hvaða ástæður hafi legið því til grundvallar, ef svo hefur verið.

Ég vil taka það skýrt fram, að með þessu frv. er ekki gert ráð fyrir því að taka neitt vald úr höndum neins þess aðila, sem það hefur nú, hvorki úr höndum Alþ., sem tekur lokaákvörðun um það, hvort það veitir fjárveitingu eða ekki, né heldur úr höndum viðkomandi rn. hvað snertir till. um það, hvort út í framkvæmd skuli farið eða ekki. Hins vegar er hið fjármálalega eftirlit með framkvæmdinni fengið í hendur fjmrn. eða fjárlaga- og hagsýslustofnuninni, þ. e. hið endanlega mat á áætlunargerðinni og frumathuguninni, en Innkaupastofnun ríkisins hefur með höndum útboðin og eftirlit með framkvæmdinni sjálfri.

Það er meginregla, sem er gegnumgangandi í þessu frv. og var talin grundvallaratriði af hálfu þeirra, sem það undirbjuggu, að reynt var að tryggja, að ábyrgðin á verkunum, þ. e. a. s. undirbúningi, framkvæmd og loks úttekt þeirra, væri ekki í höndum sama aðila, til þess að tryggja það, að fram kæmi fullkomin gagnrýni og hlutlægt mat á öllum aðstæðum, og tel ég, að eftir atvikum hafi tekizt að finna úrræði til þess að tryggja, að svo verði.

Það er gert ráð fyrir því, að sett verði á laggirnar við Innkaupastofnun ríkisins sérstök framkvæmdadeild, sem hafi með höndum það verkefni, sem frv. felur Innkaupastofnuninni, en jafnhliða gengið út frá því, að

byggingaeftirlitsdeild húsameistara ríkisins, sem á auðvitað á engan hátt þar að vinna, skuli lögð niður. Jafnframt verði lögð niður byggingadeild menntmrn., og starfsmenn hennar færist þá yfir í þessa nýju allsherjareftirlitsstofnun. Með þessu móti ætti ekki að þurfa að gera ráð fyrir því, að um stóraukin útgjöld yrði að ræða með þessu frv., og ég er ekki í neinum vafa um það, a. m. k. ef vel tekst til um framkvæmdina, að þau útgjöld munu margfaldlega geta skilað sér í betri undirbúningi framkvæmda og betri hagnýtingu þess fjár, sem ríkið hverju sinni hefur yfir að ráða til þess að vinna að hinum margþættu opinberu framkvæmdum, en eins og hv. þdm. er kunnugt, og þeir hafa oft lagt áherzlu á það við ýmis tækifæri, er allt of lítið fé fyrir hendi til þess að fullnægja þeim mörgu þörfum, sem þjóðfélagið þarf að leysa hverju sinni í sambandi við margháttaðar byggingarframkvæmdir í þágu þjóðfélagsins.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að orðlengja frekar um málið, nema tilefni gefist til, en legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn., og ég vil mjög mega mælast til þess, þar sem málið hefur fengið svo rækilegan undirbúning og athugun hvað eftir annað og allar umsagnir hafa þegar legið fyrir, að hv. n. reyndi nú að afgreiða málið sem fyrst frá sér, því að ég sé ekki ástæðu til þess, að hún þurfi að undirbúa eða leita margra umsagna, eins og gert var á síðasta þingi, því að þá komu fram svo rækileg gögn í málinu, að það ætti ekki að þurfa að endurtaka þá hringferð aftur, ef svo má segja, því hringferð er það vissulega orðin, þar sem það er komið aftur til okkar í rn., og öll þau gögn verið skoðuð rækilega og athugað, að hve miklu leyti væri talið eðlilegt að taka til greina þær ábendingar og aths., sem þar eru fram settar, og vissulega virðast þær allar fram settar af fullum skilningi á eðli vandamálsins og með mjög jákvæðu hugarfari til þeirra hugmynda, sem liggja að baki frv.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég get að mörgu leyti tekið undir orð hæstv. fjmrh. Það er eflaust rétt, að í ýmsu hefur á undanförnum árum verið áfátt undirbúningi og skipulagi framkvæmda hins opinbera. Er að mínum dómi full ástæða til þess að gefa þessu málefni gaum og reyna að bæta þar úr á ýmsan hátt, og ég er alveg sammála því, að nauðsynlegt sé að líta á þessi efni nokkuð hliðstætt og gera áætlanir fyrir fram, þannig að það hendi ekki, sem margoft hefur komið fyrir, að samtímis hafa verið í gangi of mörg verk, þannig að það hefur ekki verið hægt að ráða við þau fyllilega í neinu, og afleiðingin hefur orðið óeðlileg töf, kannske á þeim öllum, og stundum aukakostnaður. Því get ég út af fyrir sig alveg tekið undir það, að æskilegt sé að reyna að setja almennar reglur um þessi efni. Eins og hæstv. fjmrh. gat um, hefur þetta frv. verið nokkuð lengi á leiðinni og farið í gegnum æðimarga hreinsunarelda, þannig að maður skyldi nú ætla, að það hafi verið orðið nokkuð vandlega athugað og ekki þyrfti þar neitt um að bæta. Samt er það svo, að ég er ekki fjarri því, að það hefði enn þá gott af nokkru nánari athugun, og ég vil aðeins benda á örfá atriði, sem eru ekki alveg ljós fyrir mér eða mér sýnist að mætti breyta til bóta.

Í fyrsta lagi er þess að geta, að samkvæmt 1. gr. er hér einungis um að ræða, skilst mér, framkvæmdir, sem gert er ráð fyrir að ríkið taki beinlínis þátt í með fjárveitingum. Það er ekki skylda að fella framkvæmdir annarra aðila undir þetta. Hins vegar er ríkisstj. veitt heimild til þess að ákveða það, að lögin taki til framkvæmda á vegum ríkisstofnana, sem hafa sjálfstæðan fjárhag. Ég vil strax láta þá skoðun mína í ljós, að ég tel alveg sjálfsagt, að þær ríkisstofnanir, sem að vísu hafa að nafninu til e. t. v. sérskilinn fjárhag frá ríkissjóði og fara kannske ekki í gegnum fjárl., lúti þessum lögum á sama hátt og framkvæmdir, sem beint eru unnar á vegum ríkisins.

Hér koma ýmsar ríkisstofnanir til greina, en sjálfsagt koma mörgum fyrst í hug stofnanir eins og ríkisbankarnir. Framkvæmdir þeirra hefur m. a. borið á góma á þessu hv. þingi, og hefur verið lögð fram skýrsla um fjárfestingar þeirra. Án þess að ég vilji sérstaklega fara að gagnrýna það hér, þá virtist mörgum, að þar væri nokkuð vel að verið um ýmsar framkvæmdir af hálfu bankanna sjálfra á sama tíma, sem vitað var, að ráðstöfunarfé þeirra til annarra hluta virtist vera æði takmarkað. Ég tel þess vegna út af fyrir sig sjálfsagt, að þessar þýðingarmiklu ríkisstofnanir, þótt sjálfstæðan fjárhag hafi, verði felldar undir þær kvaðir, sem þessi lög gera ráð fyrir, þ. e. að gera fyrir fram heildaráætlanir, að vera háðar vissu eftirliti í framkvæmd og gera svo grein fyrir því, hvernig framkvæmdin hefur tekizt til, að lokum. Ég get ekki annað séð en þetta sé fyllilega réttmætt og eðlilegt, eða kannske með öðrum orðum sagt, þá get ég ekki séð nein rök fyrir því að skilja þessar stofnanir undan þessu kerfi.

Þá vil ég í öðru lagi eiginlega nánast spyrja eða fá nánari upplýsingar. Ég hef kannske ekki skilið hæstv. ráðh. rétt, en mér virtist hann láta orð liggja að því, að það væri ekki meiningin með þessum lögum að hagga á neinn hátt við t. d. framkvæmd vegamála og vitamála, og kannske einhverra annarra, sem hann nefndi. Auðvitað eru margir aðilar þar hliðstæðir, póstur og sími, virkjanir o.fl., o.fl. Ég fæ ekki séð við lauslega athugun á frv., að þetta sé á neinn hátt undanskilið í því. En það má vera, að ég hafi ekki kynnt mér þetta nægilega vel. Ég fæ heldur ekki í fljótu bragði séð ástæðuna til þess að skilja þessar framkvæmdir undan, og ég held satt að segja, að það geti verið vafamál, að lögin nái tilgangi sínum, nema þau taki til jafnþýðingarmikilla opinberra framkvæmda og hér er um að tefla. En sé það meiningin, að þau taki ekki til þeirra, þá sýnist mér, að það þurfi að koma skýrt fram í lögunum, en ég hef ekki getað séð það. Þá held ég, að það þyrfti líka að koma nokkuð greinilega fram, hvernig skilin á milli þessara opinberu framkvæmda og annarra framkvæmda á vegum ríkisins eru dregin, en ég hef ekki getað komið auga á, að það sé gert.

Þá vil ég út af fyrir sig lýsa ánægju minni með 13. gr. frv., en þar er gert ráð fyrir því, að verk skuli að jafnaði unnið samkvæmt tilboði á grundvelli útboðs. Þetta finnst mér alveg laukrétt stefna, og ég fyrir mitt leyti gæti verið hlynntur því, að þarna sé kveðið sterkar að orði. Ég skil það samt, að það er ekki hægt að gera þetta algerlega fortakslaust og skilyrðislaust. En ég álít, að það eigi að vera meginregla, sem sæti ekki undantekningum, nema þegar mjög sérstaklega stendur á, að verk

séu boðin út og þau unnin samkvæmt tilboðum. Þetta álít ég að eigi a. m. k. að eiga við, þegar um allar meiri háttar framkvæmdir er að tefla. En þetta er samt ekki svo einfalt mál sem ætla mætti, og hefur verið rætt um það hér áður á hv. Alþ., ef ég man rétt, að það væri nauðsyn á því að setja reglur og setja lög beinlínis um útboð og tilboð, vegna þess að það er engan veginn vandalaust, hvernig á þessu er haldið. Mig minnir nú satt að segja, að það hafi verið samþ. einhvern tíma þáltill. um athugun á því efni. Ég held, að það sé nauðsynlegt að athuga það atriði, hvort ekki þurfi að koma inn í þetta frv. einhver ákvæði um þessi útboð, ef það er ekki gert ráð fyrir þeim í einhverjum öðrum lögum.

Þá verð ég nú aftur á móti að lýsa vonbrigðum mínum yfir 14. gr., þar sem gert er ráð fyrir að setja á stofn nýja stofnun, framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins, og þessari deild á nú ekki að nægja minna en einn forstjóri. Forstjóri skal hann heita, sem fyrir henni er, samkv. 23. gr. Ég held, að stofnanirnar séu orðnar svo margar, að það þurfi að fara að stinga við fótum, áður en farið er að setja nýjar á stofn. Ég get að vísu alveg fallizt á það, að nauðsynlegt sé að hafa slíkt eftirlit og aðhald með þessum framkvæmdum, en spurningin, sem í mínum huga vaknar, er sú, hvort ekki sé þegar fyrir hendi einhver stofnun, sem mætti nota til þessara hluta, hvort það muni vera nauðsynlegt að setja upp nýja stofnun með forstjóra og kannske álitlegu starfsliði til þess að fjalla um þessi mál.

Ég skal að vísu játa, að eins og þetta er orðað, þá er þessari stofnun ætlað mikið hlutverk, ef það á að skiljast bókstaflega, þar sem framkvæmdadeildin á að fara með yfirstjórn verklegra framkvæmda. Ef það er svo, að þetta taki til framkvæmda á vegum ríkisins almennt, þá er náttúrlega ekki um neitt smávegis hlutverk að ræða, en náttúrlega mundi þetta breytast nokkuð, ef það er meiningin, eins og mér virtist koma fram hjá hæstv. fjmrh., að skilja undan þarna einhverjar framkvæmdir, þar sem hann sagði, að það væri ekki meiningin með þessum lögum að taka vald af neinum aðila. Þetta er ekki alveg fullskýrt fyrir mér, en skýrist væntanlega af því, sem ráðh. segir kannske um það á eftir.

En ég vil sem sagt beina því til þeirrar hv. n., sem fær mál þetta til meðferðar, að hún kanni, hvort ekki sé þegar fyrir í ríkiskerfinu einhver stofnun, sem notast mætti við til að hafa með höndum þetta starf.

Það er að vísu gert ráð fyrir því, að þessi deild taki við starfsemi, sem er kölluð starfsemi byggingadeildar menntmrn. og byggingaeftirlits húsameistara ríkisins. Það er ekki langt síðan þessi byggingadeild við menntmrn. var sett á stofn, og satt að segja er dálítið handahóf á þessu, þegar verið er að stofna slíka stofnun eitt árið, sem á að gera mikið gagn, að því er sagt er, en henni er skákað til hliðar næsta ár.

Ég held, að það séu fleiri atriði í þessu frv., sem þurfi nánari athugunar við enn þrátt fyrir þá athugun, sem þetta frv. hefur fengið. En ég skal ekki fara nánar út í það, en ég vil að lokum endurtaka það, að ég er samþykkur þeirri meginstefnu, sem kemur fram í þessu frv., að það þurfi að hafa fastari stjórn en verið hefur á opinberum framkvæmdum, og þær þurfi að framkvæma meir eftir áætlun og undir eftirliti en verið hefur. En ég tel þetta ekki nóg, og ég tel alls ekki, að fullt gagn verði af þessu, ef allar aðrar framkvæmdir eru með öllu látnar skipulagslausar. Það, sem ég held að þurfi að gera, er að setja heildarskipulag á meiri háttar framkvæmdir, til þess að það sé hægt að hafa stjórn á þessum málum. Þess efnis var frv., sem við framsóknarmenn fluttum hér á síðasta þingi um Atvinnumálastofnun ríkisins. Henni var m. a. ætlað það hlutverk að semja heildaráætlanir og hafa stjórn á fjárfestingu, þegar um meiri háttar framkvæmdir væri að tefla, og ég held, að það þurfi að taka málið þeim tökum, að þetta skipulag sé látið ná ekki aðeins til opinberra framkvæmda, heldur einnig til framkvæmda á vegum einkaaðila. Þessu frv. okkar var vísað til hæstv. ríkisstj., og ég vildi nú nota þetta tækifæri, þegar þetta frv. er hér til umr., sem að vissu leyti gengur í sömu átt, þó að það sé aðeins á takmörkuðu sviði, og spyrja hæstv. fjmrh., hvað athugun ríkisstj. á þessu frv. líði.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að þakka hv. 1. þm. Norðurl. v. fyrir mjög vinsamlegar undirtektir undir þetta mál, þó að hann hefði ýmislegt við það að athuga, eins og auðvitað var alltaf hægt við að búast. Þó að frv. hafi fengið rækilega meðferð í Alþ. tvisvar sinnum áður, þá efast ég raunar um, að nokkurn tíma verði þannig frá jafnviðamiklu máli gengið, að það megi ekki benda á ýmis atriði, sem e. t. v. mættu vera með öðrum hætti.

Áður en ég vík að aths. hans, þá vildi ég aðeins segja það um niðurlag ræðu hans, þar sem hann vék að frv. um Atvinnumálastofnun ríkisins, sem hefði verið vísað til ríkisstj. á síðasta þingi, að það hefur engin ákveðin afstaða verið tekin til þess máls. Ég skal ekki ræða það nánar, en ég býst við, að við getum verið sammála um það, að hvað sem líði því, hvort æskilegt væri að setja upp slíka stofnun eða ekki, þá ætti það ekki heima í þessu frv., vegna þess að hér er um að ræða ákveðna skipan mála í rauninni inn á við, þ. e. a. s. hvernig ríkið skuli haga framkvæmdum sínum, til að það skili sem beztum árangri með sem hagkvæmustum hætti.

Ég held, að það gæti aldrei orðið mögulegt að fara að fella inn í þetta frv. ákvæði um almennt skipulag framkvæmda í þjóðfélaginu í heild, sem er að sjálfsögðu allt annars eðlis og mundi verða með allt öðrum hætti, og ekki er unnt að setja hliðstæðar starfsreglur um það fyrir einkaaðila eins og ríkið setur hér varðandi framkvæmdir sínar. Það yrðu að sjálfsögðu allt of mikil afskipti af framkvæmdum þeirra. Í rauninni, ef ég man rétt frv. þeirra hv. framsóknarmanna, kom ekki fram í frv. þeirra nokkur hugmynd í þá átt, að ríkisvaldið ætti að fara að segja einstaklingum nákvæmlega fyrir um það, hvernig þeir ættu að haga vinnubrögðum sínum varðandi hinar tilteknu framkvæmdir, heldur var aðeins gert ráð fyrir því í frv., að heildareftirlit yrði með því, í hvaða framkvæmdir yrði ráðizt hverju sinni, og það yrði þá háð leyfum, hvort út í þær yrði farið eða ekki, en ekki sett upp eitthvert voldugt eftirlit til þess að fylgjast svo með því, hvernig einstaklingarnir eða félögin framkvæmdu áætlanir sínar. Það held ég að hljóti að vera annað mál, og skal ég ekki fara út í þá sálma hér.

En ég tel mér skylt að ræða nokkuð það, sem hv. þm.

vék að í máli sínu, og mér fannst allrar athygli vert. Í fyrsta lagi var það, sem hann ræddi um ríkisstofnanir, að hann teldi, að það væri í rauninni eðlilegt eða a. m. k. nauðsynlegt að athuga það, hvort frv. ætti ekki beinlínis að ná til allra ríkisstofnana. Ég hef út af fyrir sig ekkert á móti því, að það verði sett inn í þetta frv., ef hv. n., sem fær það til meðferðar, og deild sýnist svo, og sú hugsun var einmitt á bak við hjá okkur, að það væri a. m. k. eðlilegt, að það kæmi til athugunar, svo sem heimildarákvæðið um þetta leiðir glöggt í ljós. Hins vegar stefndum við í okkar vinnubrögðum að því að íhuga um hagnýtingu þess fjár, sem hverju sinni er úr ríkissjóði sjálfum varið til opinberra framkvæmda, og það er sú meginhugsun, sem liggur að baki frv. Það er alveg rétt, að það getur verið fullkomin ástæða til þess, að aðrar stofnanir, bankar, síldarverksmiðjur ríkisins og eftir atvikum önnur fyrirtæki, sem ríkið á, lúti einnig sömu lögmálum um þetta efni og fjárlagastofnanirnar. Ég er sem sagt ekkert á móti því, að það sé tekið til athugunar, hvort það eigi beinlínis að hafa fyrirmæli um það atriði, ef hv. n. sýnist svo við nánari athugun málsins.

Þá vék hv. þm. að því, að sér fyndist frv. nokkuð óljóst varðandi hinar stóru framkvæmdastofnanir ríkisins, og það væri næsta hæpið, ef það ætti að undanskilja þær allar. Ég hef kannske ekki tekið það nægilega skýrt fram, en það er gengið út frá því, að hinar stóru framkvæmdastofnanir ríkisins, vegamálaskrifstofa, vitamálaskrifstofa og póst- og símamálastjórn, hagi undirbúningi verka sinna með nákvæmlega sömu vinnubrögðum og hér er gert ráð fyrir. Hins vegar þótti það nokkuð viðamikið og mundi leiða til þess, að það þyrfti að setja upp volduga eftirlitsstofnun í þjóðfélaginu, ef ætti að fara að taka yfirstjórn þessara framkvæmda allra af þessum stóru framkvæmdastofnunum, enda eru mörg verka þeirra þannig, að þau geta auðvitað ekki eðli málsins samkvæmt fallið undir t. d. útboðsregluna og ýmis önnur atriði, sem hér um greinir, þar sem um lítil verk er að ræða. En varðandi heimildina í þessu efni, þá er hana að finna í 21. gr. frv. Það er í rauninni gengið út frá því, að lögin gildi um þessar stofnanir einnig, en þar er heimildarákvæði í öfuga átt við það, sem ég gat um áðan varðandi ríkisstofnanirnar, þ. e. hér er heimilað að fela einstökum ríkisstofnunum umsjón nánar skilgreindra flokka opinberra framkvæmda, enda hafi þessar stofnanir aðstöðu til að annast þetta verkefni. Sem sagt, varðandi framkvæmdastofnanir ríkisins, þá ná lögin í raun og veru til þeirra. Það er aðeins opinn sá möguleiki að fela þeim að leysa þetta verkefni af hendi og þá eftir þeim reglum, sem ríkisstj. eða rn. setur. Það er gert ráð fyrir, að fjmrh. setji reglugerð um framkvæmd laganna, en í fyrra tilfellinu, sem hv. þm. gerði aths. við, þá er heimildin í þá átt varðandi ríkisstofnanirnar, banka og aðrar slíkar, að heimilt sé að láta lögin ná til þeirra. En í báðum þessum tilfellum, þótt þetta sé ólíkt orðað, er gert ráð fyrir því, að það sé möguleiki að haga þessu með þeim hætti, sem við nánari athugun verður talið heppilegast til þess að ná þeim tilgangi, sem ég gat um, að væri meginsjónarmiðið, þ. e. að hagnýta sem bezt opinbert fjármagn, og a. m. k. frá mínum bæjardyrum séð, ef ég hef eitthvað með framkvæmd þessara mála að gera, þá tel ég sjálfsagt, að hinum opinberu framkvæmdastofnunum verði gefin fyrirmæli um, að þær vinni að meginsjónarmiði til í anda þeirra reglna, sem hér eru settar, bæði um frumáætlun, áætlunargerð, verklegar framkvæmdir og útboð verka, því að sjálfsögðu er hægt að láta það verða skilyrðisbundið, með hvaða hætti þeim verður falið að annast þau verkefni, sem um ræðir í þessum lögum, en sem sagt heimildina til þessa er að finna í 21. gr.

Þá vék hv. þm. að því, að hann teldi, og hann tók mjög undir það, að rétt væri stefnt í 13. gr., að almennt væru verk boðin út. Það er, eins og ég gat um í framræðu minni, grundvallarhugsunin að baki þessu frv., að það verði gert. Hins vegar hefur reynslan sýnt það, að þau tilfelli getur að borið og atvik verið þannig, bæði ástand í þjóðfélaginu og tiltekin framkvæmd með þeim hætti, að það geti verið vafasamt að skylda beinlínis ríkisvaldið til þess að beita útboðsreglum. Sú eftirlitsnefnd, sem gert er ráð fyrir að hafi yfirumsjón með verklegum framkvæmdum, yrði að meta það, hvort rétt væri að hafa ekki útboð varðandi einstakar framkvæmdir. Ég held þess vegna, að eins og gr. er orðuð væri ekki heppilegt að breyta henni. Hugsunin er sem sagt þessi, að grundvallarreglan sé útboð, en að það sé þó ekki alveg skilyrðislaust.

Hv. þm. vék einnig að því, að hann teldi það einnig mjög hæpið að fara að setja upp nýja stofnun til þess að annast framkvæmd þessarar löggjafar, og ég er honum mjög sammála um það. Þess vegna var einmitt sú leið valin að setja ekki upp nýja stofnun. Innkaupastofnun ríkisins hefur nú um alllangt skeið farið með verkefni á vegum ríkisins, ekki síst ýmiss konar eftirlitsstörf á vegum fjmrn. Bíla- og vélanefnd t. d. hefur hjá henni bækistöð. Hún hefur annazt útboð verklegra framkvæmda í vaxandi mæli og innkaup fyrir ríkið. Þarna er stofnun, sem er til, en auðvitað var útilokað með öllu annað en að setja ákveðna deild við stofnunina, vegna þess að þetta er svo viðamikið verk, sem hér er verið að vinna, að það verður auðvitað ekki gert af hinu almenna starfsliði stofnunarinnar, sem hefur allt öðru hlutverki að gegna. Ég skal játa það varðandi orðið forstjóra, að það mætti vel hugsa sér að sleppa því og hafa það deildarstjóra eða eitthvað slíkt. Því hef ég ekki á móti, tel það allt vera til athugunar og álita, því að ætlunin er sem sagt alls ekki sú að setja hér upp nýja stofnun, heldur að tengja það við stofnun, sem hefur með höndum einmitt verkefni, sem eru á svipuðu sviði og hér er gert ráð fyrir. Innkaupastofnun ríkisins hefur með höndum innkaup og annast einnig tilboð. Hún hefur því víðtæk kynni af því, hvað eðlilegt er, að kostnaður sé. Hún hefur jafnframt annazt útboð í stórum stíl fyrir ríkið og ríkisstofnanir. Hún er því sennilega líklegust til þess að geta innt þetta verk af hendi þeirra stofnana, sem nú eru til.

Jafnframt er, eins og ég gat um áðan, gert ráð fyrir því, að byggingaeftirlit húsameistaraembættisins færist yfir til þessarar deildar Innkaupastofnunarinnar, því að sannleikurinn er sá, að það byggingaeftirlit hefur aldrei átt heima hjá húsameistaraembættinu. Það er eitt dæmi um það, hvernig í rauninni á ekki að haga skipan mála, að byggingaeftirlit sé í höndum þess aðila, sem hefur unnið að framkvæmdum. Það er ekki eðlilegt. Húsa-

meistari ríkisins hefur haft með höndum ýmiss konar framkvæmdir. Hann hefur teiknað byggingar ríkisins og á svo að sjá um það sjálfur að framkvæma verkið. Það er ekki eðlilegt, og það er einmitt þessi skipting verkefna og eftirlits, sem er grunntónninn í þessu frv. Því er eðlilegt, að þeir starfsmenn, sem að þeim málum hafa unnið þar og hafa haft eftirlit með ýmsum opinberum byggingum, bæði prestssetrum, læknisbústöðum og einu og öðru, færist yfir í þessa deild. Byggingadeild menntmrn. er ný stofnun, eins og hv. þm. sagði. Það er ekki ætlunin að hlutverk hennar breytist í raun og veru, þó að hún færist yfir til Innkaupastofnunarinnar, vegna þess að löggjöfin um byggingamál skóla er mjög sniðin eftir þeim hugsunum, sem liggja að baki þessu frv. Þess vegna á ekki að þurfa að breyta þeim starfsháttum, sem þar er um að ræða. Sú deild hefur unnið að stöðlun skólamannvirkja og hefur haft með höndum eftirlit með þessum vissa þætti byggingaframkvæmda ríkisins, þ. e. a. s. skólabyggingum, sem er að sjálfsögðu einn allra veigamesti þáttur ríkisframkvæmda. Deildin mundi að sjálfsögðu halda áfram nákvæmlega á sama hátt eftirliti og undirbúningi skólamannvirkja, eins og byggingadeild menntmrn. hefur nú, og það er gert ráð fyrir, að starfsmenn þeirrar deildar flytjist yfir til deildar Innkaupastofnunarinnar, þannig að hér er aðeins um millifærslu að ræða. Starfsmenn í báðum þessum stofnunum, byggingaeftirliti húsameistara og byggingadeild menntmrn., mundu að sjálfsögðu nýtast miklu betur, ef þeir væru settir á einn stað og gætu þá eftir atvikum unnið að eftirliti með hinum ýmsu framkvæmdum ríkisins samkv. þessum lögum.

Það er þess vegna a. m. k. á þessu stigi skoðun mín og þeirra manna, sem þetta hafa undirbúið, að það ætti með þessari tilhögun einmitt að fela Innkaupastofnuninni þetta hlutverk. Ekki á að vera þörf á því að koma hér upp nýrri stofnun, ef framkvæmdastofnanir ríkisins, t. d. vegagerð og hafnarmálastjórn, störfuðu áfram að verkefnum sínum að verulegu leyti, þá mundi vera hægt að spara það. Ella yrði að koma til mjög mannfrek stofnun til þess að hafa eftirlit með öllum þeim aragrúa framkvæmda, sem þessar stóru framkvæmdastofnanir hafa með höndum. En ég legg aðeins áherzlu á það, að varðandi einnig þessar framkvæmdastofnanir er ætlunin sú, að þær lúti sömu lögmálum í vinnubrögðum og verði að haga þeim með þeim hætti, sem hér er gert ráð fyrir.

Ég vonast þá til, að ég hafi vikið að því, sem hv. þm. minntist á í sínu máli. Það er auðvitað skylt og rétt að reyna að útskýra, hvaða hugsun liggur hér á bak við, og upplýsa hv. þdm. um það, sem þeim finnst óljóst vera. Ég endurtek svo aðeins að lokum það, að ég er mjög þakklátur fyrir jákvæðar undirtektir hv. þm., og ég er alls ekki haldinn þeirri þvermóðsku á nokkurn hátt í sambandi við þetta mál, svo lengi sem meginkjarni þess er varðveittur, að vera ekki til viðtals um breytingar, sem kynnu að horfa til bóta á einstökum ákvæðum frv.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Mér sýnist við skjótan yfirlestur, að þá hafi þetta frv. tekið breyt. til bóta frá því, að það var hér lagt síðast fyrir þessa hv. d., og það er auðséð, að ýmsar skynsamlegar ábendingar hafa verið teknar til greina, og er ekkert nema gott um það að segja. Það eru aðeins örfá atriði hér, sem ég vildi leyfa mér að gera að umtalsefni við þessa 1. umr.

Það er í fyrsta lagi 22. gr. frv., þar sem rætt er um samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir og sagt, að í n. skuli eiga sæti þrír menn, formaður fjvn. Alþ. eða sérstaklega tilnefndur fulltrúi n., í öðru lagi forstjóri framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins og í þriðja lagi hagsýslustjóri ríkisins, sem skal vera formaður n. Ég tel þessari skipan áfátt að því leyti til, að þarna er ekki tryggt, að neinn verkfræðilega menntaður maður eigi sæti í n. Ég tel út af fyrir sig eðlilegt, að allir þessir aðilar eigi þarna fulltrúa. Ég er ekki út á það að setja sérstaklega, en ég teldi að það þyrfti að athuga það, hvort ekki væri nauðsynlegt, að í svo voldugri n., sem á að fjalla um verklegar framkvæmdir, væri tryggt, að verkfræðilega menntaður maður ætti þar sæti.

Þá er í öðru lagi 13. gr. frv. Ég tek það fram, að ég hef ekkert sérstakt við hana að athuga. Það var aðeins út af orðum hv. 1. þm. Norðurl. v., að þá vil ég upplýsa það, að Iðnaðarmálastofnun ríkisins hefur, held ég, í 10 ár eða lengur unnið að því að semja það, sem er kallað frv. að staðli um útboð og verksamninga, og að þessu hefur unnið stór og mikil n., sem margir hafa átt aðild að. Þessi n. lauk endanlega störfum núna á þessu ári og gaf út þetta, sem hún kallar staðal, þ. e. a. s. grundvallarreglur um útboð og gerð verksamninga, og ég held, að þetta verk hafi verið mjög nauðsynlegt og tekizt mjög vel. Ég vildi mælast til þess, að hv. alþm. væri sent þetta plagg, því þeir eiga vissulega rétt á að fylgjast með þessu. Það hefur eiginlega tiltölulega lítið verið minnzt á þetta opinberlega, og þess vegna eðlilegt, að þetta fari fram hjá mönnum, en þetta plagg þyrftu alþm. að eiga og ætti Iðnaðarmálastofnun að sjá um, að þeir fengju það í hendur.

Þá er í þriðja lagi ákvæði hér um framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins. Það má segja, að reglur um hana séu bæði í 14. gr. og 23. gr. frv. Ég lít nú svo á, að í raun og veru hafi þessi framkvæmdadeild verið til, þ. e. a. s. hún hefur kannske ekki verið formlega stofnuð, en Innkaupastofnunin hefur haft þessi verkefni með höndum, þó að þau séu nokkuð aukin hér í lagafrv., en Innkaupastofnunin hefur annazt útboð verka og gerð verksamninga eða undirbúning verksamninga, og ég hygg, að þetta hafi leitt af því, að þegar verið er að bjóða út verk, þá er í raun og veru ekki eingöngu verið að auglýsa eftir verktökum og tilboðum, heldur er líka jafnframt oft á tíðum verið að bjóða út efni, vörur og efnisinnkaup, því að t. d. til einnar byggingar þurfa oft að fara fram mörg útboð. Það er ekki bara verið að bjóða út aðalverkið í því skyni að ráða einhvern aðalverktaka, heldur líka ýmiss konar undirverktaka og efnisseljendur. Þetta hefur leitt af því, að stofnunin keypti inn efnið og annaðist þau útboð. Því hefur þótt eðlilegt að fela henni einnig að bjóða út verkið sjálft, og Innkaupastofnun ríkisins hefur þegar öðlazt mikla reynslu í þessu.

Mér sýnist eftir 14. gr., að það, sem eigi að auka hér á verkefni Innkaupastofnunarinnar í sambandi við verklegar framkvæmdir, sé það, að hún eigi að annast reikningshald og greiðslur vegna verka og þá væntanlega líka eftirlit með þeim, en það hygg ég, að stofnunin

hafi yfirleitt ekki gert nema þá í undantekningartilfellum. Það hefur a. m. k. ekki verið nein almenn regla. Hér er þessu þess vegna bætt á Innkaupastofnunina eða þessa sérstöku deild, sem þar á að stofna, og ég tel ekkert sérstakt við það að athuga og það falli í raun og veru heim og saman, að sá aðili, sem sér um útboð og samningsgerð, annist einnig eftirlit með verkinu og greiðslu vegna þess. Ég tel, að það sé gott að samræma á einum stað allt það, sem maður getur kallað almennar framkvæmdir, þó að sérframkvæmdir verði að halda áfram, eins og ég held að sé heppilegt, á vegum vitamálastjóra, vegamálastjóra o. s. frv.

En það, sem mér finnst ekki liggja alveg skýrt fyrir í sambandi við verkefni framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins, er það, sem kemur fram í 23. gr., þar sem segir, að framkvæmdadeildin taki við starfsemi byggingadeildar menntmrn. og byggingaeftirlits við embætti húsameistara ríkisins. Nú skal ég að vísu játa það, að starfsemi þessarar byggingadeildar menntmrn. og byggingaeftirlits húsameistara þekki ég ekki til hlítar, en ég hef a. m. k. skilið það svo, að byggingadeild menntmrn. annaðist ekki einvörðungu um hinar verklegu framkvæmdir, þ. e. a. s. eftirlit með verkinu og greiðslur og jafnvel útboð, heldur annaðist hún einnig áætlanagerðina. Þá sýnist mér, að ef Innkaupastofnun ríkisins eða framkvæmdadeildin á alveg að taka við starfsemi byggingadeildar menntmrn., fjalli hún ekki bara um hina verklegu framkvæmd, sem rætt er um í 4. kafla frv., heldur sé einnig komið inn á svið áætlunargerðarinnar samkvæmt 3. kafla, að þarna sé ein og sama stofnunin a. m. k. í vissum tilvikum farin að fjalla bæði um áætlanagerð og verklega framkvæmd, enda skilst mér á frv., að þetta eigi gjarnan að vera aðskilið. Þetta teldi ég þörf á að athuga betur. Það kann að vera, að þetta fyrirkomulag gæti svo sem verið gott, en ég tel þó, að þetta þurfi að athuga betur, og þá leiða mig í allan sannleika, ef ég hef misskilið þetta.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hv. 3. landsk. þm. vék hér að nokkrum atriðum, sem ég vil aðeins gera að umtalsefni með fáum orðum.

Hann vék að því síðast, sem ég skal þá fyrst minnast á, að honum sýndist svo, að það væri ekki fullt samræmi í því að leggja byggingadeild menntmrn. undir Innkaupastofnunina, vegna þess að hún hefði einnig með höndum áætlunargerð. Þetta er að vissu leyti rétt, og ég er hv. þm. sammála um það, að þetta þarf að athuga, og það höfum við íhugað nokkuð. Sannleikurinn er sá, að ekki er orðin mjög föst skipting á þessu innan menntmrn. Það á að bera undir rn. teikningar að byggingum. Þarna er einnig fjármálaeftirlit skólanna og svo eftirlitið með framkvæmdunum sjálfum og að unnið sé eftir þeim teikningum, sem gerðar eru. Þarna kemur sérstaklega til greina hjá þessari byggingadeild, það sem ekki hefur verið enn þá varðandi aðrar opinberar framkvæmdir, sem ég teldi að þyrfti að vinna að, og það er stöðlun byggingganna. Byggingadeildin hefur unnið að stöðlun skólamannvirkja, og hv. þm. hafa séð það plagg, sem er geysilega mikið og voldugt skjal. Ég skal að vísu ekki segja, hvað menn hafa komizt ofan í það, það er annað mál, því að það er flókið. En það var byggt á þeirri hugsun og fyrirmælum í lögum, að miðað skyldi við ákveðna staðlaða gerð skóla og greiðsluhlutdeild ríkissjóðs við það miðuð.

Ég tel, að að svo miklu leyti sem hér verður um áætlunargerð að ræða, þá verði hún með einhverju móti að vera áfram í höndum menntmrn. Það er alveg rétt, að sé það ekki nægilega skýrt, þá þarf það að kannast í n., hvernig því verður fyrir komið, því að annars bryti það í bága við grundvallarhugsun laganna. Ég álít hins vegar ekki, að það þyrfti að útiloka, að staðlanirnar og reglur um það efni væru í höndum Innkaupastofnunarinnar, því að það felur ekki í sér í rauninni áætlunargerð, heldur aðeins vissar reglur, sem settar eru, og hún á svo að sjá um, að farið sé eftir þeim.

Það hefur nýlega verið falið húsameistaraembættinu, og ég álít, að það eigi að vera á vegum þess embættis, en alls ekki t. d. Innkaupastofnunarinnar, að athuga teikningar á hagkvæmum embættisbústöðum, heldur á hún að hafa það í huga að staðla þær byggingar, sem kostur er á. Síðan yrði það metið í viðkomandi rn. og eftir atvikum byggingaeftirlitsdeildinni, hvort rétt væri að leggja þá staðla til grundvallar eða ekki.

En ég skal fúslega játa það, að þarna eru, eins og vafalaust mun koma á daginn, ýmis millimörk, sem verður að ákveða skýrar með reglugerð til þess að taka af allan vafa um það, að þessi skipting valdsins, ef svo má segja, eigi sér stað. Ég er hv. þm. þakklátur fyrir þessa ábendingu og tel nauðsynlegt, að hún verði tekin til athugunar í n.

Það er alveg rétt, sem hann sagði, að segja má, að framkvæmdadeild við Innkaupastofnunina sé ekki ný stofnun að því leyti til, að Innkaupastofnunin hefur annazt útboð, og þar af leiðandi er henni ekki ókunnugt um það verkefni, sem hér er um að ræða. En eins og hann sagði einnig réttilega, þá er verkefnið þarna aukið, vegna þess að Innkaupastofnunin hefur ekki haft eftirlit með opinberum verkum til þessa. Hún hefur annazt útboð og leitað tilboða í ýmsar vörur, byggingarefni og annað, en hún hefur ekki haft eftirlit með verkum.

Ég gleymdi líka áðan í sambandi við ræðu hv. 1. þm. Norðurl. v. að minnast á reglur um útboð og tilboð. Á sínum tíma var sett á laggirnar n. Það er alveg rétt. Það mun hafa verið samþ. þáltill. fyrir allmörgum árum um þetta. Þessi n. starfaði lengi að þessum verkefnum og svo var Iðnaðarmálastofnuninni falið að vinna að þessu verkefni, og ég hygg, að það sé rétt, að hún hafi sett fram einhverjar fastar reglur, sem hægt væri að hafa til hliðsjónar. Þær eru kannske ekki lögboðnar, en þær eru staðall um það, hvernig eigi að haga útboðum og tilboðum. Ég hef síður en svo nokkuð á móti því og skal jafnvel hlutast til um að kanna, hvort þennan staðal er ekki hægt að fá, ef hv. þm. vildu fá það plagg til athugunar.

Varðandi það, að ekki væri tryggt, að verkfræðingur væri í eftirlitsnefnd eða samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir, þá er ástæðan til þess fyrst og fremst sú, eins og hv. þm. munu sjá við nánari athugun á hlutverki þeirrar n., að hún á að vera til ráðuneytis um fjármálalegar framkvæmdir, og ég er nú ekki búinn að sjá það, að það þurfi endilega að vera nauðsynlegt að hafa verkfræðing í sambandi við það atriði. Það gæti kannske verið einhver annar maður með einhverja aðra

þekkingu en verkfræðingur, t. d. rekstrarhagfræðingur eða einhver slíkur, en þetta er ástæðan til þess, að ekki hafa verið sérstaklega teknir inn í þetta ákveðnir fagmenn. Hér eru fyrst og fremst teknir í þessa samstarfsnefnd þeir aðilar, sem eiga að sjá um framkvæmd laganna. Það er formaður fjvn. Alþ. sem fulltrúi þingsins og fjárveitingavaldsins og forstöðumaður þessarar framkvæmdadeildar Innkaupastofnunarinnar, og það má vel hugsa sér, að hann sé eftir atvikum forstjóri hennar. Það er mál, sem þarf að athuga, hvort þetta eiga að vera tveir hliðstæðir forstjórar eða hvort það eiga að vera forstjóri og deildarstjóri. Ég tel alveg geta komið til álita að breyta því. Svo er það að sjálfsögðu hagsýslustjóri ríkisins, sem er formaður n., og það verður vitanlega að ganga út frá því, að í því embætti sitji jafnan maður, sem hafi víðtæka þekkingu á fjárhaldsmálum, sé hagfræðingur eða hafi einhverja slíka menntun. Því held ég við nánari athugun, að ekki væri æskilegt, eins og þessi n. er hugsuð, að fara að taka inn í hana einhverja sérfræðinga til viðbótar. Hún mundi vafalaust kveðja sérfræðinga sér til ráðuneytis, eftir því sem hún teldi ástæðu til, en hér sem sagt sitja menn í krafti umboðs síns sem yfirmenn hinna veigamestu þátta í sambandi við fjármögnun og framkvæmd og eftirlit með verkum samkvæmt þessum lögum. Ég held, að það mundi orka svo mjög tvímælis, hverja ætti að setja til viðbótar þar inn, að það væri ekki til bóta að gera það, heldur yrði að reikna með því, að þessi n. yrði að kveðja til þá sérfræðinga, sem hún teldi þurfa hverju sinni.

Að öðru leyti þakka ég hv. þm. fyrir vinsamlegar undirtektir hans undir meginhugsun þessa frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 87, n. 382, 383).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, fjallar um skipan opinberra framkvæmda, eins og þær eru nánar skilgreindar í 1. gr. frv. Eru það raunar einvörðungu framkvæmdir á vegum ríkisins eða kostaðar af því, sem frv. fjallar um, og væri að mínu áliti raunar rétt að breyta fyrirsögn frv. í samræmi við það, því að auðvitað eru til fleiri opinberir aðilar en ríkið, svo sem sveitarfélög, bankar o. fl., en til framkvæmda þessara aðila taka ákvæði frv. ekki, nema ríkið taki þátt í kostnaði við þær. N. flytur að vísu ekki brtt. í þessa átt, en mér finnst þetta athugunarefni milli 2. og 3. umr.

Meginákvæði frv. eru þess efnis, að settar eru ákveðnar reglur um undirbúning slíkra framkvæmda- og áætlunargerða. Það má e. t. v. segja, að það sé að bera í bakkafullan lækinn að setja lög um áætlunargerð, þegar áætlanirnar, eins og þjóðkunnur gáfumaður komst að orði í útvarpinu í gærkvöld í þættinum Um daginn og veginn, flæða eins og holskefla yfir þjóðina úr ýmsum áttum. Víst er og um það að mínu áliti, að reynslan er í vaxandi mæli að kenna mönnum það, að áætlunarbúskapur er ekki sú allsherjarlausn mannlegra vandamála sem ætlað var, áður en víðtæk reynsla í því efni kom til sögunnar. En nauðsynlegt er í því efni að gera sér ljósan mun þann, sem er á áætlunarbúskap og áætlunargerð. Um nauðsyn hins síðarnefnda er í rauninni ekki ágreiningur, því að það leiðir af tækniþróuninni, að dýrar og varanlegar stórframkvæmdir eru í miklu ríkari mæli en áður var orðnar mikilvægur þáttur allrar framleiðslustarfsemi. Þarf því í senn að vanda meir til undirbúnings þeirra en var, þegar framkvæmdirnar voru minni háttar, og gera sér betri grein fyrir framvindunni, þannig að komið verði í veg fyrir sóun fjármuna. Ágreiningurinn er því í rauninni ekki um nauðsyn áætlunargerða, heldur hitt, hver skuli hafa þær með höndum, hvort allt skuli þar falið forsjá ríkisvaldsins eða hvort dreifa skuli ákvörðunarvaldinu. Ekki ræði ég þó þá hlið málsins nánar hér. En hvað sem henni líður, er fjhn. sammála um það, að settar séu með löggjöf fastar reglur í þessu efni um framkvæmdir á vegum ríkisins. Við leyfum okkur þó á þskj. 383 að flytja tvær brtt.

Önnur er við 1. mgr. 14. gr., og í henni felst, að reikningshald og greiðslur vegna verka flytjast frá framkvæmdadeild Innkaupastofnunarinnar, eins og frv. gerir ráð fyrir, til Innkaupastofnunarinnar. Þetta var gert samkv. ábendingu frá Innkaupastofnuninni og með meðmælum hagsýslustjóra, Gísla Blöndals.

Hin brtt. n. er við 23. gr. og er í því fólgin, að orðin „undir stjórn sérstaks forstjóra“ í 1. mgr. falli burt. Það kann að vera að sumu leyti andkannalegt, svo sem í frv. felst, að gera ráð fyrir tveimur forstjórum við sömu stofnun, en það þýðir auðvitað ekki, að framkvæmdadeildinni verði ekki að velja forstöðu á einn eða annan hátt, en við töldum þá eftir atvikum rétt, að það yrði reglugerðarákvæði, þannig að þetta félli burt úr frv.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa þessa framsögu lengri, m. a. með tilliti til þess, að hæstv. fjmrh. hefur tvívegis skýrt frv. ítarlega í framsögu fyrir því hér í hv. d., og treysti ég mér ekki til þess að bæta þar neitt um, að því er snertir hina tæknilegu hlið. Það fer auðvitað ekki hjá því, að það verður fyrst og fremst reynslan, sem sker úr um nytsemi þeirra nýmæla, sem í frv. felast, en auðvitað verður það svo með þessa löggjöf eins og aðra, að henni má þá breyta með tilliti til fenginnar reynslu.

Herra forseti. Að svo mæltu legg ég til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 3. umr. með þeim tveimur brtt., sem n. leggur til.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Þetta er í rauninni stórt mál, sem hér er á ferðinni, sem hefur hlotið mjög mikinn og vandaðan undirbúning. Engu að síður eru það örfá atriði í þessu frv., sem ég vildi leyfa mér að gera aths. við og flytja brtt. í sambandi við þau.

Hv. formaður fjhn., sem hafði þetta mál til athugunar, hefur hér gert grein fyrir þeim tveim brtt., sem n. flytur, og er ég þeim báðum sammála. Önnur brtt. er á þá lund, að það falli niður úr 23. gr. orðin „undir stjórn sérstaks forstjóra.“ En í 22. gr. frv. eru settar reglur um svonefnda samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir, og þar er sagt, að einn af þeim, sem á að sitja í þeirri n., sé forstjóri framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins. Ég leyfi mér að benda hér á þetta, ekki fyrir það, að ég ætli að flytja neina brtt. um þetta atriði, en þetta mun vera athugunarleysi hjá n. að

hafa ekki fellt niður forstjóratitilinn þarna í 22. gr. einnig. Mér virðist þó vera samræmi í því.

En ég flyt hér aðeins tvær brtt. við þetta frv., og er nú ekki hægt að kalla þær stórvægilegar. Það er því miður ekki búið að útbýta þeim. Ég afhenti þær ekki fyrr en núna um hádegið, en ég skal gera hv. þd. grein fyrir þessum till.

Af því að ég var nú farinn að tala svolítið um 22. gr., þá er rétt að ég víki fyrst að brtt., sem ég flyt við hana. En þar segir um þessa samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir, í 2. mgr. 22. gr., að hún hafi það hlutverk að leiða saman sjónarmið eignaraðila opinberrar framkvæmdar á undirbúningsstigi og rannsaka frumatriði úr áætlunargerð, sem er undanfari verklegrar framkvæmdar. Ég tel, að þetta sé ekki alveg fullnægjandi. Brtt. mín er á þá lund, að í staðinn fyrir „undirbúningsstigi" komi: undirbúnings- og framkvæmdastigi, vegna þess að iðulega geta risið einhverjar greinar með eignaraðilum opinberrar framkvæmdar, meðan hún er á framkvæmdastiginu. Maður tekur t. d. það, ef gera þarf breytingar á verkinu, taka þyrfti ákvörðun, hvort ætti að skipta verksamningi og sitthvað fleira, þannig að ég tel rétt, að þessi n. leiði saman sjónarmið aðilanna frá því, að undirbúningur hefst, og þangað til framkvæmd lýkur. En hlutverk hennar falli ekki niður, þegar undirbúningsstiginu er lokið. Þarna held ég, að geti verið mjög æskilegt að hafa aðila, sem sameinar sjónarmið eignaraðila, sem í mörgum tilfellum geta verið margir eða a. m. k. tveir eða fleiri.

Hin brtt. er við 17. gr. frv., sem fjallar aðallega um ráðningu umsjónarmanna eða eftirlitsmanna með verklegum framkvæmdum. Í þessu frv. segir, ég held á tveimur stöðum, bæði í 21. gr. og líka í 23. gr., að framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins fari með yfirstjórn verklegrar framkvæmdar. Og samkv. frv. á þessi yfirstjórn með verklegri framkvæmd að hefjast, þegar verk er boðið út. Til þess að hafa þessa yfirstjórn á hendi þá annast framkvæmdadeildin undirbúning að verksamningsgerð, og hún sér um það, að samningar séu gerðir við verktaka, þó að eignaraðilarnir að sjálfsögðu undirriti þá samninga. Síðan fylgir hún verkinu eftir eða sér um, að það sé framkvæmt af þeim, sem hafa gerzt verktakar eða tekið að sér verkefni eða selja þangað efni og annað slíkt, og síðan hlýtur hún að sjá um úttektina. Einnig sér Innkaupastofnunin um allt reikningshald og greiðslur vegna verksins, á meðan það er á framkvæmdastigi. Einn af þeim þáttum, sem ég tel, að sé nauðsynlegt, að sé á hendi framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins, til þess að hún bókstaflega geti farið með yfirstjórn verklegra framkvæmda, er það, að hún stjórni eftirliti með verkinu og eftirlitsmennirnir, sem eiga að fylgja verkinu eftir og sjá um, að verksamningar séu efndir og réttilega framkvæmdir, verða að vera starfsmenn framkvæmdadeildarinnar og undir hennar húsbóndavaldi og hlíta hennar fyrirmælum. En þannig er þessu ekki varið samkv. ákvæðum 17. gr. frv. En í þessari 17. gr. segir, eins og hún er núna, að við hvert verk skuli eignaraðili eða eignaraðilar sameiginlega tilnefna sérfróðan umsjónarmann með framkvæmd verksins samkv. 16. gr. Framkvæmdadeildin skal samþykkja umsjónarmanninn. Hann skal hafa fullt umboð til að koma fram fyrir hönd eignaraðila gagnvart verktaka og öðrum um allt, er varðar framkvæmd verksins. Svo kemur enn fremur, að frávik frá áætlun og verksamningi og verklýsingu gerðum samkv. henni má eigi gera, þótt nauðsynleg séu, nema með samþykki umsjónarmanns. Síðan er talað um sérstakt erindisbréf um valdsvið umsjónarmanns og störf og að umsjónarmaður skuli gefa skýrslur um verk samkv. ákvæðum í erindisbréfi sínu og fyrirmælum framkvæmdadeildar.

Ég tel það eðlilegt, þegar þessi framkvæmdadeild er komin á stofn og farin að sjá um framkvæmd margra verka fyrir ríki og sveitarfélög sameiginlega, að hún hafi auðvitað á sínum vegum nokkurn hóp byggingaeftirlitsmanna, sem sjá um eftirlitið, og það er reyndar gert ráð fyrir því hér í þessu frv., beinlínis tekið fram í 23. gr., að framkvæmdadeildin eigi að taka við starfsemi byggingadeildar menntmrn. og byggingaeftirlitsins við embætti húsameistara, þannig að þeir byggingaeftirlitsmenn, sem hafa starfað við þessi embætti, fara væntanlega yfir til framkvæmdadeildarinnar og verða byggingaeftirlitsmenn á hennar vegum. Og það er, þegar ein slík deild, eins og framkvæmdadeild Innkaupastofnunar kemur til með að verða, hefur umsjón með mörgum verkum samtímis, þá er auðvitað hægt að nýta mjög vel starfskrafta þessara manna, þannig að það geta auðvitað við sömu framkvæmdirnar verið 2 – 3 eftirlitsmenn, eða eftirlitsmaður með trésmíði eða uppsteypu, annar eftirlitsmaður með raflögn o. s. frv., o. s. frv., og það er hægt að skipuleggja og hafa þetta á haganlegan hátt. En ég tel, að þessir eftirlitsmenn eigi tvímælalaust að vera starfsmenn framkvæmdadeildarinnar og vinna á hennar ábyrgð, enda eðlilegt, þegar sama stofnunin hefur reyndar reikningshald og greiðslur með höndum, að þetta sé allt á sama stað.

Hitt er annað mál, að framkvæmdadeildin getur auðvitað, meðan á verki stendur, þurft að hafa samband við eignaraðilann. Það getur verið viðkomandi rn., ef þetta er ríkið, sem er eignaraðili, og það geta verið sveitarfélag, bæjarstjóri eða eitthvað slíkt, en að ætla eftirlitsmönnunum að vera sérstakir fulltrúar eignaraðilanna, það held ég að sé kerfi, sem varla muni ganga. Þetta mundi ekki kosta aukið mannahald, þó að þessu yrði breytt, eins og ég legg nú til, því að vitanlega þurfa þetta ekki alltaf að vera fastir eftirlitsmenn, þó að þeir séu ráðnir hjá framkvæmdadeildinni og starfi þar. Það geta auðvitað verið lausráðnir menn, sem aðeins starfa þar, meðan eitt verk er framkvæmt, og hætta svo, þó að sennilega verði almennast, að það verði þessir föstu eftirlitsmenn.

Till. mín um 17. gr. er á þessa leið, ég ætla að leyfa mér að lesa hana. Ég legg til, að gr. hljóði svo:

„Við hvert verk skal framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins ráða einn eða fleiri sérfróða eftirlitsmenn eftir þörfum, er hafi eftirlit með framkvæmd verksamnings. Eftirlitsmenn skulu samþykktir af eignaraðila eða eignaraðilum sameiginlega, ef um fleiri er að ræða. Í sérstöku erindisbréfi skal kveða á um störf og valdsvið eftirlitsmanna. Skýrslur eftirlitsmanna ber að senda öllum aðilum að framkvæmdum og ríkisendurskoðun. Framkvæmdadeildin ber ábyrgð á störfum eftirlitsmanna gagnvart eignaraðilum.

Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins er

heimilt upp á sitt eindæmi að gera minni háttar frávik frá áætlun samkv. 9. gr. og verklýsingum og verksamningum gerðum samkv. henni, en meiri háttar frávik, þótt nauðsynleg séu, má eigi gera nema með samþykki eignaraðila."

Ég lít svo á, að þegar framkvæmdadeildin tekur að sér yfirstjórn einhverra tiltekinna, verklegra framkvæmda samkv. þessu frv., ef það verður að lögum, þá eigi framkvæmdadeildin vissulega að bera ábyrgð á þeirri þjónustu eða því verkefni, sem hún þar með tekur að sér. Til þess að hún geti gert það og eigi að gera það, verður hún auðvitað að ráða þá starfsmenn og hafa húsbóndavald yfir þeim mönnum, sem eiga að taka þátt í þessu verki, og með þessu á réttur eignaraðilanna ekkert að vera skertur að minni hyggju.

Ég vil þá, þar sem þessum brtt. hefur ekki verið útbýtt, afhenda hæstv. forseta þær með tilmælum um að leita afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 401) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Þegar þetta mál var hér til 1. umr., gerði ég nokkrar aths. við það. Ég lýsti fylgi mínu við frv. eða meginstefnu þá, sem er í þessu frv. fólgin, og ég er að sjálfsögðu sama sinnis um það. En ég benti á nokkur atriði, sem mér sýndist vera ástæða til að taka til frekari athugunar, og geri ég ráð fyrir því, að hv. n., sem hefur fjallað um frv., hafi íhugað þau atriði, en hún hefur ekki séð ástæðu til að flytja brtt. nema um eitt atriði, að vísu atriði, sem ég benti þá á, þ. e. a. s. að hún hefur fallið frá því að stofna til sérstaks embættis forstjóra framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins. En að öðru leyti hefur ekki verið tekið tillit til ábendinga minna.

Nú skal ég ekki fara að endurtaka það, sem ég þá sagði, en vil aðeins nefna hér tvö eða þrjú atriði, sem mér sýnist enn þá vera dálítið vafasöm og jafnvel óljós. Það er í fyrsta lagi þetta, sem hv. frsm. n. vék að, um nafngift frv. Segja má, að hún orki mjög tvímælis miðað við það, sem hann taldi, að l. væri ætlað að taka til. Nú er það svo, að hér í 3. mgr. 1. gr. er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. geti ákveðið, að l. taki til ríkisstofnana, sem hefðu sérskilinn fjárhag. Ég fyrir mitt leyti teldi, að það væri ástæða til þess að láta þessi lög beinlínis taka til slíkra ríkisstofnana, þó að þær hafi aðskilinn fjárhag. Ég held, að það sé í raun og veru æskilegt og nauðsynlegt, til þess að sá tilgangur náist, sem ég held, að hljóti að búa að baki þessa frv. En ýmsar þýðingarmiklar ríkisstofnanir, sem standa utan fjárl., standa að framkvæmdum ekki síður en aðrir opinberir aðilar. Má t. d. nefna þar alla ríkisbankana, fyrirtæki eins og Sementsverksmiðju ríkisins, Áburðarverksmiðju ríkisins o. fl. Þó að þessar stofnanir séu ekki teknar upp á fjárl., þ. e. þær hafi sjálfstæðan fjárhag, þá finnst mér full ástæða til, að þær hlíti því skipulagi, sem sett er upp með þessum lögum, og skal ég ekki fara fleiri orðum um það. Ég bendi á þetta, en ég hef ekki, a. m. k. á þessu stigi gert neina brtt. um þetta atriði.

Í annan stað gat hv. frsm. þess, að þessu frv. eða þessum lögum væri ekki ætlað að taka til framkvæmda á vegum sveitarfélaga, og það virðist nú augljóst eftir því, hvernig þetta frv. er orðað. En nú er það svo, að ákaflega mörg mál eru orðin sameiginleg mál hjá sveitarstjórnum og ríkinu og þar á meðal, að ég held, mikilvæg framkvæmdamálefni. Hvernig er þá litið á slík mál? Heyra slíkar framkvæmdir undir þessi lög eða ekki? Það er ekki alveg ljóst í mínum huga, t. d. hafnarmál, hafnarframkvæmdir. Ég held, að það væri ástæða til að hafa þetta nokkuð skýrara.

Þá vil ég benda á 3. mgr. í 21. gr., þar sem segir:

„Heimilt er að fela einstökum ríkisstofnunum umsjón nánar skilgreindra flokka opinberra framkvæmda, enda hafi þessar stofnanir aðstöðu til að annast þetta verkefni."

Ég geri ráð fyrir, að þarna séu hafðar í huga framkvæmdir eins og vegaframkvæmdir og því um líkt. Það má vel vera, að það sé ástæða til þess að undanskilja þær. Ég fellst á það út af fyrir sig. En mér finnst samt vanta nokkru nánari skilgreiningu á því, hvers konar ríkisstofnanir þetta séu og hvers konar framkvæmdir þarna sé um að tefla. Þetta er talsvert opið, eins og þetta er, og æði víðtæk heimild.

Svo tek ég undir það og ætlaði að benda á það, sem hv. síðasti ræðumaður benti á, að það hljóti aðeins að vera gleymska hjá hv. n., að hún hefur ekki breytt 22. gr. í samræmi við þá brtt., sem hún flytur við 23. gr. Ég geri ráð fyrir því, að það sé ekki vafi á því, að hún ætlist til þess, að 22. gr. breytist í samræmi við það, og það sé ekki gert ráð fyrir forstjóra framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins, sem sitji í þessari samstarfsnefnd. Þá er spurningin, hver eigi að koma þar í staðinn. Ég held, að ég hafi bent á það við 1. umr. málsins, að mér þætti á skorta um samsetningu þessarar n. Það, sem mér þykir á skorta, er, að það er a. m. k. engin trygging fyrir því, að neinn af þessum nm. hafi sérstaka verkkunnáttu, verkfræðilega kunnáttu eða verkfræðilega menntun. En mér sýnist, að það væri einmitt mikil ástæða til þess, að maður með slíkri kunnáttu ætti sæti í þessari n. Og ég veit ekki, hvort það væri hægt að koma því við einmitt í sambandi við þá breytingu, sem hlýtur að verða á þessu ákvæði, þegar forstjóri framkvæmdadeildarinnar er felldur niður. En þó að formaður fjvn. og hagsýslustjóri séu fróðir menn um fjármál og hagsýslu, þá hygg ég, að þegar um slíkar framkvæmdir er að tefla, þá saki ekki að hafa mann, sem hefði einmitt sérstaka framkvæmdaþekkingu eða kunnáttu, ef svo má segja. Á þetta vildi ég benda aðeins, en ætla mér ekki að fara nánar út í þetta að öðru leyti og ekki rifja það upp, sem ég áður sagði um þetta. En ég teldi æskilegt, að n. tæki þetta þó eitthvað enn til yfirvegunar á milli 2. og 3. umr.

Að lokum vil ég aðeins víkja að annarri þeirri brtt., sem hv. 3. landsk. bar hér fram, þ. e. a. s. þeirri brtt., sem lýtur að 17. gr. Ég er þeirri brtt., sem hann mælti fyrir þar, algerlega andvígur. Ég held einmitt, að það sé meginatriði, að það séu þeir, sem verkið er unnið fyrir, sem hér eru kallaðir eignaraðilar, sem fá aðstöðu til þess að fylgjast alveg sérstaklega með, hvernig þetta verk er unnið, hvernig að því er staðið og hvernig m. a. er að því staðið af framkvæmdadeild Innkaupastofnunarinnar. Ég held, að þetta eftirlit næði ekki fullkomlega tilgangi sínum, ef það væri framkvæmdadeildin sjálf, sem ætti að hafa það með höndum. Ég held, að

þessir eftirlitsmenn hljóti að vera einmitt sérstakir trúnaðarmenn þessara eignaraðila, sem kallaðir eru, sem þarna koma við sögu, og ég get þess vegna ekki greitt þeirri brtt. atkv.

Það er nú svo, að þetta frv. er sjálfsagt nýsmíð á þessu sviði, og þrátt fyrir það, þó að það hafi nú verið rækilega undirbúið, að sagt er, þá sýnist mér, að ýmislegt sé í því, sem ekki er fyllilega ljóst, og getur e. t. v. orðið tilefni til einhvers misskilnings eða a. m. k. þess, að menn líti mismunandi augum á það eða leggi mismunandi skilning í þessi ákvæði. En ég ætla ekki að fara nánar út í það á þessu stigi, en endurtek það, að ég er sammála þeirri stefnu, sem felst í þessu frv., en teldi, að sú stefna þyrfti að ná til fleiri framkvæmda en opinberra og frv. þyrfti í raun og veru að vera víðtækara. En þó að það sé takmarkað við þessar opinberu framkvæmdir eða réttara sagt, þær greinar opinberra framkvæmda, sem því er ætlað að fjalla um, þá tel ég, að það geti verið bót að því á því sviði. Ég er ekki í efa um, að það er skynsamlegt að gera ráðstafanir í þessa átt.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Þetta mál er mjög yfirgripsmikið, og mætti að sjálfsögðu tala um það langt mál, en það er ekki ætlun mín að gera það og ekki a. m. k. að svo stöddu að mæla fyrir sérstakri brtt., heldur aðeins með fáum orðum að leyfa mér að benda aðallega á eitt atriði, sem ég vænti, að hv. n., sem fjallar um þetta frv., taki til athugunar milli umr.

Frv. um þetta efni hafa legið fyrir þessari hv. d. á einu eða tveimur þingum áður a. m. k., og ég tel, að við meðferð málsins á undirbúningsstigi hafi þetta frv. tekið breyt. til bóta frá því, að málið var upphaflega sýnt hér á hv. Alþ.

Mér skilst, að meginstefnan í þessu frv. sé sú að taka skipulega á þeim verkefnum, sem ríkið leggur fram fé til og hefur á sínum vegum með það fyrir augum, að það fjármagn, sem varið er til þeirra verka, nýtist sem bezt. Þetta er vitanlega jákvætt og eðlileg og góð viðleitni.

Á hinn bóginn virðist mér, að sum ákvæði þessa frv. séu svo víðtæk og að ýmsu leyti óljós, að það muni verða reynslan, sem sker úr því, hvernig til tekst á þessu sviði. Og ég tel, að í þessu frv. megi finna ákvæði, sem jafnvel verði erfitt fyrir rn. að standa við eða gera ákvörðun um, svo að bindandi sé. Nefni ég þar t. d. 3. tölul. 12. gr. Þar segir í upphafi gr., að verklega framkvæmd, sem greiða skal eingöngu af ríkisfé, sé óheimilt að hefja, fyrr en fyrir liggur það, sem talið er í greininni, 3. tölul., þ. e. „staðfesting fjmrn. á því, að fjármagn verði handbært í samræmi við greiðsluáætlun samkv. 7. gr.“

Nú vil ég víkja að því, að fjárveitingavaldið er hjá Alþ., og á því verður vitanlega ekki röskun eða breyting með þeirri lagasetningu, sem hér er fjallað um. Og þess vegna leiðir það af eðli málsins, að Alþ. hlýtur hverju sinni að endurskoða áætlanir, sem fyrir liggja, og ákveða fjárveitingar til þeirra verkefna, sem unnið er að. Nú er gert ráð fyrir, að tímaáætlun um framkvæmd geti tekið til nokkurra ára, við skulum segja þriggja, fjögurra eða fimm ára, og á því tímabili geta orðið alþingiskosningar, komið nýir þm. og meira að segja ný ríkisstj., þannig að ég tel hæpið, að fjmrh. geti á einum tíma bundið það, að allt áætlunartímabil framkvæmdarinnar skuli fé vera handbært í samræmi við greiðsluáætlun.

Fjárlög eru fyrirmæli Alþ. um það, að verja skuli tiltekinni fjárhæð í ákveðnu skyni, og ef það er ekki gert á fjárlagaárinu, þá er það fé, sem til þess er ætlað, lagt til hliðar. En í fjárl. er að jafnaði ein grein, sem kölluð er heimildagrein, og hún hefur annað gildi að því leyti, að þar er það lagt á vald ríkisstj., hvort það fé, sem þar er tiltekið, er greitt eða sú framkvæmd, sem þar er ráðgerð, skuli koma til framkvæmda eða ekki.

Þá kem ég að því, sem ég vildi sérstaklega vekja athygli á, að í 12. gr. frv. segir berum orðum, að verklega framkvæmd, sem greiða skal eingöngu af ríkisfé, er óheimilt að hefja fyrr en fyrir liggur heimild í fjárl. Ég tel, að þetta sé ekki í samræmi við málvenju hér á þingi, og ekki í samræmi við hið raunverulega gildi, sem fjárl. hafa, því að þau eru fyrirmæli af hálfu Alþ. til ríkisstj. eins og önnur lög og fela í sér fyrirmæli til ríkisstj. og þegnanna. Ég vil því benda hv. n. á, hvort hún telur ekki ástæðu til að breyta þessu orðalagi þannig, að í staðinn fyrir heimild í fjárl. komi: fjárveiting. Það er hið venjulega og eðlilega orð yfir þetta. Þá kæmi til samræmis við þetta í 2. tölul., þar sem stendur: „ákvörðun hlutaðeigandi rn. um að nota þá heimild“, einungis: ákvörðun hlutaðeigandi rn. um, að verkið skuli hafið.

Ég hef ekki í hyggju að bera fram, a. m. k. við þessa umr., brtt. við frv., en ég vek máls á þessu n. til athugunar, og ég endurtek það, ég tel betur fara, að þessi orðalagsbreyting verði gerð. Ég tel það vera bæði í samræmi við málvenju hér á þingi og segja betur til um það gildi, sem fjárl. hverju sinni hafa, en það orðalag, sem í frv. er.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst þakka hv. n., sem hefur unnið að þessu máli og lagt í það mikla vinnu, að hún skuli hafa gengið frá afgreiðslu málsins, og sérstaklega lýsa ánægju minni yfir því, að n. hefur í meginefnum orðið sammála.

Það er alveg rétt, sem hér var vikið að af hv. 1. þm. Norðurl. v., að hér er um nýmæli að ræða, sem vitanlega reynslan ein fær skorið úr um í ýmsum tilfellum, hvernig til tekst með, en eins og ég hef áður sagt, engu að síður nýmæli, sem er þess eðlis og svo mikilvægt, að ég tel það engum efa bundið, að það sé mikils um vert að reyna að festa í l. reglur um það efni, sem hér er gert ráð fyrir.

Það hefur ekki verið við að styðjast löggjöf um þessi mál frá öðrum löndum, vegna þess að þar mun þessu ekki hafa verið komið í eins skipulegt horf og lagt er til, að gert verði hér með þessu frv. Það hefur þó verið reynt að afla, eins og ég sagði í frumræðu um málið, margvíslegra álitsgerða um það, m. a. frá sérfræðingum Alþjóðabankans, og það hafa hvarvetna komið fram þær skoðanir, að hér væri um mjög merkilegt mál að ræða, og mætti telja, ef vel tækist til, að af hálfu okkar Íslendinga hefði verið lagður hér í rauninni nýr grundvöllur að því að skipuleggja með kerfisbundnum hætti opinberar framkvæmdir. Þess vegna finnst mér það gleðilegt, að allir, sem um þetta mál hafa talað, hafa tekið undir það, enda þótt þeir teldu, að ýmis atriði

kynnu að orka tvímælis, aðallega á þann hátt, hvernig þau yrðu skilin í framkvæmd, þá hefur náðst um það samstaða, sem ég vonast til, að verði almenn hér í hv. d., að rétt sé að lögfesta þetta frv. og gera þá tilraun um að skipuleggja opinberar framkvæmdir, sem þar er gert ráð fyrir.

Ég skal aðeins fara nokkrum orðum um þær aths., sem hér hafa komið fram hjá einstökum hv. þm. Það var í fyrsta lagi hjá frsm. n. vikið að því, að e. t. v. væri rétt að breyta fyrirsögn frv. Ég skal ekki láta í ljós neina sérstaka skoðun á því. Orðalag hennar er mjög víðtækt, skipan opinberra framkvæmda. Það nær tvímælalaust yfir allt það, sem frv. fjallar um, en spurningin verður þá sú, hvort það sé nægilega takmarkað. Það er rétt, að það nær ekki, nema a. m. k. sérstakar ákvarðanir verði um það teknar, til allra ríkisframkvæmda, en það nær til hluta af framkvæmdum sveitarfélaga, og tel ég, að það sé nokkurn veginn ljóst í frv. sjálfu.

Ég vík þá að annarri aths., sem fram kom um málið, þ. e. að hve miklu leyti þetta frv. snerti framkvæmdir sveitarfélaganna, en það er ætlunin, að það nái til allra þeirra framkvæmda sveitarfélaga, sem ríkið leggur fé til að sínu leyti. Og þá mundi það t. d. að svo miklu leyti, sem við á, ná til hafnargerða. Það nær tvímælalaust til skólabygginga, sem sveitarfélögin leggja líka framlög til, og annarra þeirra framkvæmda, sem kostaðar eru sameiginlega af ríki og sveitarfélagi. Þetta tel ég nokkurn veginn augljóst mál, þannig að það geti ekki á því leikið nokkur vafi.

Á það var bent, að ég hygg af hv. 1. þm. Norðurl. v., hvort ekki væri ástæða til beinlínis að lögfesta það, að þetta skyldi ná til allra framkvæmda ríkisstofnana, en ekki hafa það með þeim hætti, sem segir í 1. gr., að ríkisstj. sé heimilt að ákveða það, að lögin taki til framkvæmda á vegum ríkisstofnana. Þetta getur orkað tvímælis, en ástæðan til þess, að það er ekki beinlínis tekin um það ákvörðun, er sú, að það þykir rétt að prófa sig áfram með málið. Fyrst og fremst var ætlunin að setja fastar reglur um allar hinar beinu ríkisframkvæmdir, sem Alþ. hefur með að gera hverju sinni. Það var fyrsta hugsunin með þessu frv., og það getur verið erfitt að samrýma öll atriði þess, sérstaklega um þá valdaaðila, sem þarna eiga hlut að máli, einstökum ríkisstofnunum, sem eru mjög sjálfstæðar. Það er því, að ég hygg, dálítið vafasamt að festa það með beinum fyrirmælum nema þá um leið að gera sér grein fyrir því, hvaða valdaaðilar ættu þá að koma til í sambandi við undirbúning þessara verka á vegum slíkra stofnana. Þetta felur ekki í sér á nokkurn hátt andmæli mín gegn þeirri skoðun, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. lagði fram. Ég álít, að það eigi hiklaust að stefna að því, að allar framkvæmdir á vegum ríkisaðila falli undir þessi lög og gerð verði krafa um, að undirbúningur þeirra verði með sama hætti, hvort sem það eru fjárlagastofnanir eða aðrar stofnanir. Þetta tel ég tvímælalaust mark, sem beri að stefna að, þó að þetta sé orðað með þessum hætti af þeim orsökum, sem ég gat um, að ekki er algerlega lögákveðið, að þetta skuli gilda í öllum tilfellum nema eftir því, sem í ljós kemur, að sé hægt og auðvelt að fella undir lögin. Tel ég þar vel geta komið til greina bankastofnanir sem önnur þau fyrirtæki, sem ríkið er einkaeigandi að.

Varðandi það, sem hv. síðasti ræðumaður, hv. 2. þm. Austf., sagði um 12. gr. frv., er það nú nánast orðalagsatriði, sem þar er um að ræða, en ekki, eins og ég hygg, að hann hafi getið um, beint efnisbreyting, sem hann talar um. Notkunin á hugtakinu heimild í fjárl. í staðinn fyrir fjárveitingu byggist á því, að það sé gert ráð fyrir því, að fjárlög feli í sér heimild til framkvæmda, og þess vegna er þetta orðalag notað. Það má auðvitað eins hugsa sér, að fjárveiting stæði þarna í staðinn, vegna þess að heimildin felst í fjárveitingu, það er rétt, en gera ráð fyrir því, að fjárveiting sé ekki tekin inn í fjárl. nema því aðeins, að ætlunin sé að hefjast handa um framkvæmdir og fyrir liggi sú áætlunargerð, sem frv. gerir ráð fyrir. Þetta er einmitt meginatriði málsins, og við þekkjum hér á Alþ., að það hefur verið stigið skref í þessa átt, að koma á kerfisbundnum framkvæmdum verka með þessum hætti, þar sem fjárveitingin ein hefur ekki verið látin ráða, en það er í sambandi við skólabyggingar, þar sem fjárveitingar eru flokkaðar eftir því, hvort ætlazt er til, að ráðizt verði í framkvæmd eða hvort aðeins er um undirbúningsfjárveitingar að ræða, eins og einnig er gert ráð fyrir í þessu frv. Það getur því hér verið um að ræða fjárveitingu, þó að hún feli ekki í sér framkvæmdaákvörðun. Að því leyti mundi ég því telja hæpið að breyta þessu orðalagi, sem gr. getur um, vegna þess að það er gerður greinarmunur á tvenns konar fjárveitingum, svo sem er um skólabyggingarnar núna, og það mundi verða varðandi þessar framkvæmdir, að annars vegar gæti orðið um að ræða á fyrsta stigi einmitt fjárveitingu til undirbúnings, sem fæli ekki í sér heimild til þess að byrja verk, og aftur á móti síðan fjárveitingu, sem væri jafnframt heimild til að hefjast handa um verkið. En það er gert ráð fyrir því í 10. gr., eins og hv. þdm. sjá, að sérstök vinnubrögð séu í þessu sambandi. Það er beinlínis gert ráð fyrir því, að í fjárlagafrv., þegar það er lagt fram, felist í rauninni ákvörðun um framhaldandi fjárveitingar, vegna þess að gert er ráð fyrir því, að þar komi fram einnig þær fjárskuldbindingar, sem falli á seinni fjárlagaár. Að því leyti er það í rauninni fjárveitingavaldið, sem tekur þegar í upphafi ákvörðun um það, að haldið skuli áfram verkinu með eðlilegum hætti.

Það er rétt hjá hv. þm., að það geti verið vafasamt út af fyrir sig, að ráðh. gefi slík fyrirmæli mörg ár fram í tímann, en ef Alþ. sjálft tekur slíka ákvörðun, þá hefur ráðh. auðvitað fulla ástæðu til þess að gefa yfirlýsingu um, að það muni verða við það staðið, og Alþ. verður að sjálfsögðu, og engin ástæða til þess að halda annað, að haga störfum sínum í samræmi við lög, sem sett hafa verið, enda ótvírætt, að almenn lög eru fjárlögum æðri, þannig að það verður að beygja sig fyrir þeim. Að þessu leyti álít ég, að ekki sé svo ákaflega erfitt að gera sér grein fyrir þessu, vegna þess að þarna er gert ráð fyrir beinlínis samvinnu milli fjmrn. og fjárlagavaldsins eða Alþ., eins og segir í 10. gr., því að vitanlega mundi fjárveiting ekki verða samþ. og áætlanir um seinni fjárveitingar, nema því aðeins að í því fælist viljayfirlýsing Alþ. um það, að staðið yrði að baki ákvörðun rn. um, að framkvæmdin yrði unnin á tilskilinn hátt.

Ég er í svolitlum vafa um brtt. hv. 3. landsk. þm. varðandi 17. gr. og mundi a. m. k. vilja fara fram á það, að hann tæki hana aftur til nánari athugunar og n.

ræddi það við hagsýslustjóra milli umr., vegna þess eins og ég hef gert grein fyrir og frv. ber með sér, að það er samið í samvinnu milli Sambands ísl. sveitarfélaga og rn., og reyndar hefur Efnahagsstofnunin þar komið við sögu sem ráðgefandi, en hér er um að ræða sameiginlegar framkvæmdir, sem ég er ekki alveg viss um, að sveitarfélögin mundu sætta sig við, að ríkisaðilinn ákvarðaði fyrir sitt leyti einhliða, að starfsmaður sinn skyldi hafa með þessu eftirlit. Ég held, að það sé kannske þarna nokkur misskilningur á ferðinni. Það er að vísu alveg hárrétt, sem hv. þm. sagði, að það er gert ráð fyrir, að Innkaupastofnunin hafi eftirlitsmenn, alveg eins og nú á sér stað, með skólabyggingum og öðrum framkvæmdum. En þessir menn eru almennir eftirlitsmenn og fylgjast ekki með verkum á öllum framkvæmdastigum, enda geta þeir átt erfitt með það, vegna þess að hér er um að ræða framkvæmdir, sem dreifast um allt land. Þeir fara hins vegar á milli öðru hverju og fylgjast með því og taka skýrslur m.a. af þessum umsjónarmönnum um það, hvernig verkið er unnið. En nú er það svo og það jafnvel hér í Reykjavík, að það eru ráðnir sérstakir umsjónarmenn til þess að annast ýmis meiri háttar verk, og það eru daglegir umsjónarmenn, sem fylgjast alveg með því, hvernig verkið er unnið. Þeir geta að vísu haft fleiri en eina framkvæmd með höndum, en það eru aðrir starfsmenn en fastir starfsmenn byggingadeildarinnar. Ég er þess vegna í dálitlum vafa um þetta. A. m. k. vildi ég óska eftir því, að n. íhugaði þetta örlítið nánar.

Hins vegar held ég líka, að það sé að vissu leyti misskilningur í því, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði, að það væri ástæða til þess, að þessir umsjónarmenn væru á vegum aðilanna, eins og hann orðaði það, til þess nánast að hafa eftirlit með því, að framkvæmdadeildin hefði staðið rétt að verkinu. Það er ekki ætlunin, að framkvæmdadeildin hafi með neinar framkvæmdir að gera, heldur það, að verkin séu boðin út, og það eru allt aðrir aðilar, sem þarf að hafa eftirlit með, heldur en framkvæmdadeildin, þannig að það er ekki ástæða til að óttast brtt. hv. 3. landsk. þm. að því leyti til. En ég álít, að það ætti að athuga það með hliðsjón af því, að hér eru tveir aðilar, sem koma við sögu, ríkið annars vegar og sveitarfélag hins vegar, hvort Samband ísl. sveitarfélaga væri andvígt því, að sú tilhögun væri tekin upp, sem hv. þm. lagði hér til. Ég mundi telja það mjög óæskilegt, að það væri knúið fram, vegna þess að um þetta hefur verið mjög náin og góð samvinna með öllum aðilum, hvernig að þessu væri staðið.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði, að í 22. gr. sýndist sér vanta nokkra skilgreiningu á, hvaða ríkisstofnanir það væru, sem ætlunin væri að fela skilgreinda flokka opinberra framkvæmda. Það er alveg rétt, að það er ekki tiltekið, en hann nefndi réttilega, að það mundi vera átt við framkvæmdastofnanir ríkisins, hinar stærstu, svo sem vegagerð og vitamálaskrifstofu a. m. k. og væntanlega einnig Raforkumálastofnunina varðandi minni háttar framkvæmdir. En auðvitað verða með meiri háttar framkvæmdir eins og undirbúning orkuvera og annað þess konar að koma til hinar fullkomnu reglur, sem hér gilda. Ef það væri ætlunin að láta þessi lög gilda algerlega um þessar stofnanir, mundu þær falla undir framkvæmdadeild Innkaupastofnunarinnar, og ég held, að allir muni komast að raun um það, að út úr því mundi verða svo viðamikið bákn, að það væri ekkert vit í því. Auk þess hafa þessar stofnanir á sínum vegum margvíslega sérfræðiþekkingu, sem er nauðsynlegt að hagnýta sér, og nauðsynlegt er að gæta þess að vera ekki að setja upp tvöfalt „apparat", svo að ég noti nú lélegt mál, til þess að annast þessar framkvæmdir og undirbúning þeirra. En ég vil taka það fram, að enda þótt gert sé ráð fyrir, að þessar stofnanir haldi áfram, þá er gert ráð fyrir því hins vegar, að þær fylgi sömu meginsjónarmiðum, eins og gert er ráð fyrir í lögum almennt, um þær framkvæmdir, sem þær ráðast í. Fyrri stig framkvæmdanna séu undirbúin með nákvæmlega sama hætti. Hvort sem það er framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins, sem að lokum á að annast eftirlit með framkvæmdunum, eða þessar einstöku ríkisstofnanir, þá verði eins að málum unnið. Þetta tel ég nauðsynlegt, að komi fram.

Ég hef ekkert við það að athuga, að það sé felldur niður sérstakur forstjóri framkvæmdadeildar, svo sem n. leggur til, að gert verði varðandi 23. gr. Ég vil hins vegar, að það komi skýrt fram, að það er ómögulegt að fullyrða á þessu stigi, hvort það kann að vera nauðsynlegt að setja þar sérstakan forstjóra eða ekki. Úr því verður reynslan að skera. Þetta er mjög viðamikið starf, og Innkaupastofnun ríkisins hefur nú þegar mjög viðamikið verkefni, og ég álít nauðsynlegt að efla hana til þeirra starfa, sem hún hefur með höndum. M. a. er nýbúið að fela henni viðamikið mál í sambandi við bílamál ríkisins, og í mjög vaxandi mæli hefur hún með höndum öll innkaup verka. Hún mun og í vaxandi mæli annast útboð verka, þannig að verkefnin þar eru mjög mikil, og þegar þetta kemur til, þá er auðvitað alveg ljóst, að það verður að vera einhver forstöðumaður fyrir þessari byggingadeild, og einmitt með hliðsjón af því, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði um nauðsyn þess að hafa sérfróðan mann í ráðgjafanefndinni eða sambandsnefndinni, þá tel ég öruggt, að það verði tryggt, vegna þess að það sé sjálfsagt, að þar sitji forstöðumaður byggingaeftirlitsdeildarinnar. Sá maður hlýtur að verða að vera annaðhvort verkfræðingur eða tæknifræðingur eða maður með hliðstæða menntun, þannig að með þessu móti er þetta tryggt. Hvort á að breyta þessu orðalagi, sem þarna er, skal ég ekki um segja, það skiptir ekki öllu máli. Það má gjarnan gera það, ef mönnum sýnist það skynsamlegra, en ég tel hins vegar nauðsynlegt, að það komi fram, að það verði þannig frá breytingunni gengið, að það sé ljóst, að það sé forstöðumaður þessarar deildar, sem þarna sitji í ráðgjafanefndinni, vegna þess að forstjóri stofnunarinnar sjálfrar í rauninni þarf allt aðra menntun en þessi maður, sem á að stjórna byggingaeftirlitsdeildinni, þannig að það er alls ekki víst, að það fari saman. Hins vegar sýnist mér ekki endilega nauðsynlegt að breyta þessu, en það yrði þá eðlilegt að breyta því í forstöðumaður eða eitthvað slíkt, hvað sem menn vilja um það segja, vegna þess að yfir þessari deild verður auðvitað að vera einhver maður. Hvort sem hann heyrir undir núv. eða framtíðarforstjóra stofnunarinnar eða ekki, þá verður að vera einhver yfirmaður yfir þessari deild, sem verður mjög umfangsmikil, svo sem lögin leiða í ljós. Auk þess á að leggja niður tvær eftirlitsgreinar, sem nú

eru starfandi, bæði byggingaeftirlit menntmrn. og einnig byggingaeftirlit húsameistara ríkisins. En ég held sem sagt, að það eigi að vera fullkomlega tryggt, eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði, og ég er honum alveg sammála um, að það verði verkfræðilega menntaður maður, sem þarna kemur einnig til, auk hagsýslustjóra ríkisins, sem má gera ráð fyrir, að hafi jafnan hagfræðimenntun eða hliðstæða menntun, og síðan sá umboðsmaður Alþingis, sem er eðlilegast í þessu tilfelli að sé formaður fjvn. hverju sinni.

Varðandi seinni till. hv. 3. landsk. þm. hef ég ekkert við hana að athuga. Það má gjarnan samþykkja hana. Ástæðan til þess, að það er talað um undirbúningsstigið, en ekki framkvæmdastigið, er fyrst og fremst sú, að gert er ráð fyrir, að það sé búið að ljúka öllum slíkum samskiptum og samningagerðum, þegar kemur að framkvæmdastiginu. En það sakar á engan hátt, að þessu orði sé bætt við. Ég hef ekkert við það að athuga.

En ég mundi sem sagt vilja óska eftir því, að hv. flm. þessara till. tæki aftur til 3. umr. hina brtt., til þess að athugað yrði það, sem ég áðan gat um. (**JÞ**: Taka þær báðar aftur til 3. umr.?) Já, hvort sem heldur er, en eins og ég var að útskýra áðan, hvernig þetta er samansett allt saman, er þetta dálítið viðamikið yfirleitt. Ég vil ekki eiga á hættu, að það komi upp einhver misklíð út af málum, sem búið er að koma sér saman um, hvernig verði háttað á milli þessara framkvæmdaaðila.

Ég held ekki, herra forseti, að ég hafi ástæðu til þess að ræða frekar um þetta. En ég get tekið undir það, sem hv. þm. hafa ýmsir sagt, að það má vel búast við því, að það þurfi að gera einhverjar breyt. á þessum lögum og það kannske fyrr en seinna. Þetta er, eins og ég í upphafi sagði, alger nýsmíð, ekki aðeins hér á landi, heldur víðar, þannig að auðvitað væri það í rauninni alveg vonlaust að hugsa sér það, þó að við séum búin að hafa þetta til meðferðar nú á þremur þingum, að ég hygg, að það sé hægt að ganga þannig frá þessari löggjöf, að það geti ekki verið ýmis atriði, sem kannske þróast með öðrum hætti en gert er ráð fyrir og þurfi því að skoða betur síðar. En kjarni málsins er sá, að ég tel, að þetta sé mjög þýðingarmikið og mikilvægt mál, og gleðilegt, að allir þeir, sem um þetta mál hafa talað hér, hafa látið í ljós jákvæða afstöðu til þess, að við eigum að gera a. m. k. tilraun til þess að koma hinum verklegu framkvæmdum í skipulegra horf, sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
3.–5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
6.–10. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
11.–13. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 383,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
15.–16. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 401 tekin aftur til 3. umr.
17.–19. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
20. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
21. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
22. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 383,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
24.–25. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 57. fundi í Ed., 17. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 403, 401, 428).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta frv. til meðferðar á milli umr. að gefnu tilefni við 2. umr. málsins, og vil ég leyfa mér í sem allra stytztu máli að skýra frá niðurstöðum nefndarinnar.

Það var aðallega tvennt, sem rætt var í n. Í fyrsta lagi var það sú ábending, sem ég gerði við 2. umr. málsins, að fyrirsögn frv. væri óheppileg, þar sem orðin opinberar framkvæmdir væru notuð í annarri merkingu en tíðkast. Það er auðsætt, að ýmsar framkvæmdir, sem ekki mundu falla undir þessi lög eins og hugtakið opinberar framkvæmdir er skilgreint þar, mundu almennt teljast til opinberra framkvæmda, og þar má nefna sem dæmi framkvæmdir á vegum sveitarfélaga, sem ekki eru styrktar af ríkinu, enn fremur framkvæmdir á vegum banka. Sama máli mundi gegna um framkvæmdir á vegum Ríkisútvarpsins, þannig að ef það frv., sem nú hefur verið lagt fyrir hið háa Alþ., yrði samþ., þá mundu framkvæmdir á vegum þess, sem ríkissjóður legði ekki til, vera opinberar framkvæmdir í venjulegum skilningi, en ekki í skilningi þessara laga. Hins vegar taka lögin til framkvæmda, sem ekki mundu teljast til opinberra framkvæmda samkv. málvenju, eins og t. d. ef einstaklingar eða aðrir einkaaðilar standa fyrir slíkum framkvæmdum, en fá til þess styrk úr ríkissjóði, en það mundu varla kallast opinberar framkvæmdir. Um þetta var n. í sjálfu sér sammála, en hitt er annað mál, að ef fyrirsögninni væri breytt, yrði að umskrifa margar gr. frv. í samræmi við það, svo að n. taldi það of viðamikið og hefur því ekki gert brtt. um þetta, enda eru opinberar framkvæmdir skilgreindar í 1. gr. frv., svo að út af fyrir sig ætti það ekki að valda misskilningi.

Í öðru lagi hafði n. til meðferðar brtt., sem hér höfðu verið lagðar fram og ræddar voru við 2. umr. málsins, frá hv. 3. landsk. þm. Afstaða n. til brtt. hans er sú, að n. mælir með síðari brtt. og varð sammála um, að hún væri eðlileg. Um fyrri brtt. við 17. gr. frv. hafa nm. hins vegar óbundnar hendur, en ég tel þó rétt og skylt að gefnu tilefni við 2. umr. málsins um þessar brtt. að segja frá því, að ég bar þetta undir formann Sambands ísl. sveitarfélaga, Pál Líndal borgarlögmann, en hann tjáði mér, að þó að þessi brtt. yrði samþ., þá teldi hann rétt sveitarfélaganna nægilega tryggðan, svo að á þeim grundvelli er ekki ástæða til þess að vera á móti þessari brtt., en að öðru leyti, eins og ég sagði, hafa nm. um þetta óbundnar hendur.

Þriðja atriðið, sem ég vildi aðeins gera hér að umtalsefni, er brtt., sem fjhn. flytur sameiginlega á þskj. 428, en sú ábending kom fram við 2. umr. málsins, þegar samþ. var þá samkv. till. n. að fella niður úr 23. gr.

ákvæði um það, að sérstakur forstjóri skyldi vera fyrir framkvæmdadeild Innkaupastofnunarinnar, þá ætti að breyta því líka í 22. gr. Bráða nauðsyn tel ég út af fyrir sig ekki bera til þess, því að eftir að forstjórinn hefur verið felldur niður úr 23. gr., þá væri eðlilegt að leggja þá merkingu í 22. gr., að þar væri aðeins átt við forstöðumann deildarinnar, hvort sem hann héti forstjóri eða annað. En til þess að taka af allan vafa og tvímæli í þessu efni, þá flytur n. þá brtt. á þskj. 428, að fyrir orðin „forstjóri framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins" komi: forstöðumaður framkvæmdadeildar, o. s. frv.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil aðeins geta þess út af því, sem hv. frsm. n. sagði hér áðan, að hann hefði rætt við formann Sambands ísl. sveitarfélaga og hann hefði talið, að brtt. hv. 3. landsk. þm. mundi ekki á neinn hátt brjóta í bág við hagsmuni sveitarfélaga, og frsm. lét þau orð falla, að þá væri af þeirri ástæðu ekki nein rök til þess, að vera á móti þessari brtt. En ég held, að það sé nokkuð vafasamt að byggja slíka staðhæfingu á ummælum frá formanni samtaka sveitarfélaga. Ég býst við því, að hann geti naumast undirbúningslaust talað þannig í nafni sveitarfélaga eða lýst yfir því í þeirra nafni, að þau kæri sig ekki um að hafa þetta eftirlit eða hafa þannig hönd í bagga með þessu, eins og gert er ráð fyrir í frv. Þess vegna er ég þrátt fyrir þessa yfirlýsingu sama sinnis eins og áður, að ég tel þessa breytingu út af fyrir sig ekki til bóta. Ég tel eðlilegt, að sveitarfélög eða þeir eignaraðilar, sem þarna er um að tefla, – það geta hugsanlega verið fleiri en sveitarfélög, því að það er heimild til þess að láta lögin ná til fleiri aðila, – geti haft hönd í bagga.

Í öðru lagi verð ég að láta í ljós nokkra aðdáun á því, hversu listilega n. hefur tekizt að sigla fram hjá þessu skeri, sem var í 22. gr., er 23. gr. var breytt og fellt niður, að það skyldi skipaður sérstakur forstjóri. Ástæðurnar voru þær, að á það hafði verið bent við 1. umr. þessa máls, að það mundi vera óþarfi að setja þannig upp sérstakt embætti, og það væri bezt að komast hjá því að koma þannig á sérstöku bákni. En eftir sem áður stóð nú forstjóri í 22. gr. En nú hefur hv. n. komizt fram hjá því skeri með því að breyta forstjóra í forstöðumann.

Nú er mér ekki alveg ljóst, hver greinarmörkin eru á milli þess að vera forstjóri eða forstöðumaður fyrir stofnun. Ég get þess vegna ekki betur séð en það sé komið þarna nokkuð aftur í sama farveg eins og upphaflega var gert ráð fyrir, að það sé skipaður sérstakur embættismaður til þess að standa fyrir þessari starfsemi, en hann fær að vísu ekki löggilt heitið forstjóri, heldur skal hann heita forstöðumaður. Ég get ekki betur séð en þarna sé um hreinan orðaleik að tefla.

ATKVGR.

Brtt. 401,1, fyrri mgr., samþ. með 8:6 atkv.

– 401,1, síðari mgr., felld með 11:4 atkv.

– 428 samþ. með 12 shlj. atkv.

– 401,2 samþ. með 13 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 39. fundi í Sþ., 18. marz, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 439).

Á 62., 63. og 65. fundi í Nd., 19., 20. og 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Nd., 24. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég hygg, að um það geti ekki verið deilt hér á hinu háa Alþ., að það skipti miklu máli fyrir okkar litla þjóðfélag, að það fjármagn, sem hverju sinni er til ráðstöfunar af opinberri hálfu til margháttaðra framkvæmda á vegum ríkisins, sé notað með sem hagkvæmustum hætti og verkefnum hagað þannig, að þetta fé nýtist sem allra bezt. Í þessa átt hafa beinzt ýmsar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið á undanförnum árum, og má þar t. d. nefna þær breytingar, sem orðið hafa á tilhögun fjárveitinga til hafnargerða. Síðustu árin hefur sá háttur verið á hafður, að fjárveiting hefur hverju sinni verið miðuð við tiltekinn áfanga verks og fé til þess tryggt, þannig að auðið væri að vinna verkið allt, eftir því sem auðið væri að koma við útboðum. Áður var þetta svo, að það var varið, eins og menn muna, í fjárl. nokkrum hundruðum þúsunda til tiltekinnar hafnargerðar, og var það síðan undir hælinn lagt, hvað hægt var að þoka verkinu langt áleiðis.

Í annan stað hefur það gerzt á síðustu árum smám saman, að þokað hefur verið í hina sömu átt byggingamálum skóla, þannig að nú er svo komið, að um það gilda mjög fastar reglur, hvernig þeim málum skuli hagað, bæði viðmiðunarreglur í sambandi við fjárveitingarnar sjálfar, þ. e. a. s. stöðlun skólahúsnæðis, og einnig er fjárveitingu hagað þannig, að hægt er að miða við ákveðna áfanga. Þetta hefur verið gert bæði varðandi uppbyggingu ýmissa ríkisskóla, svo sem menntaskólanna og einnig nú í skólakostnaðarlöggjöfinni sjálfri varðandi sambyggingar ríkis og sveitarfélaga. Engu að síður, þó að þetta hafi gerzt og á fleiri sviðum verið stefnt í svipaða átt, var brýn þörf á því að setja almennar reglur, sem gengju nokkuð í svipaða átt, eins og ég gat um á þessum tveimur sviðum, að hafði gerzt.

Þess vegna var það, að nokkru eftir að ég tók við embætti fjmrh., var skipuð 7 manna n. undir forustu Jóns Sigurðssonar, sem nú er ráðuneytisstjóri í fjmrn., til þess að gera, eins og það var orðað í erindisbréfi n., „heildarathugun á því, hversu hagnýta megi með jákvæðustum árangri það fé, sem ríkið ver til margvíslegra fjárfestingarframkvæmda." Þessi n. var þannig skipuð, að ákveðið var að tilnefna ekki í n. neina af forstöðumönnum núverandi framkvæmdastofnana ríkisins, ekki vegna vantrausts á þeim, heldur vegna þess að þeir væru málinu of tengdir, og þess vegna væri gott, að þar kæmu fram hlutlaus sjónarmið annarra manna. Þessi n. samdi frv., sem lagt var fyrir Alþ. en varð þá ekki að lögum, enda ekki við því búizt, þar sem hér var um mikla nýbreytni að ræða og ekki hægt að gera ráð fyrir því, að Alþ. mundi fallast á að afgreiða málið þá þegar, enda ljóst, að það þyrfti að fara fram á því frekari könnun og leita um það umsagnar frá ýmsum aðilum.

Frv. var aftur lagt fyrir Alþ. 1968, og þá hafði því

verið breytt nokkuð með hliðsjón af athugunum, sem fram höfðu á því farið, og hafði m. a. verið haft þá samráð við sérfræðing Alþjóðabankans í fjárfestingarmálum, sem gaf mjög jákvæða umsögn um þá hugsun, sem frv. byggðist á. Þá var leitað mjög margra umsagna um málið frá margs konar samtökum, sem hafa með byggingarmál og skipulag framkvæmda að gera í þjóðfélaginu, og þó að þessi samtök hefðu sum ýmislegt við frv. að athuga, þá voru allir þessir aðilar í grundvallaratriðum sammála um það, að frv. stefndi í rétta átt.

Frv. var þó ekki afgr. og er nú enn lagt fyrir Alþ. og þá með breyt., sem á því hafa verið gerðar, eftir þær umsagnir, sem ég gat um. Þær voru rækilega íhugaðar og samráð haft við Samband ísl. sveitarfélaga og Efnahagsstofnunina, og ég hygg, að hægt sé að segja, að málið hafi hlotið eins rækilegan undirbúning og mögulegt sé, enda varð niðurstaðan sú, að hv. Ed. féllst á að samþykkja frv. með sáralitlum breytingum og það ágreiningslaust.

Ég sé ekki ástæðu til þess að eyða mörgum orðum í það að rekja þetta frv. Það skýrir sig mjög vel sjálft, og með því fylgir ítarleg grg. Ætlunin er, að það taki til allra opinberra framkvæmda í þessu sambandi, einnig framkvæmda ríkis og sveitarfélaga, þ. e. a. s. þegar ríkissjóður leggur einhvern hluta til sameiginlegra framkvæmda þessara aðila. Það er gert ráð fyrir því, að ákveðnar reglur gildi um undirbúning framkvæmda, en því miður verður að segja það eins og er, að það hefur kannske verið hið gallaðasta í opinberum framkvæmdum, hversu oft hefur verið í þær ráðizt, án þess að vandlega væri athugað áður, hvernig hagkvæmast væri að þeim að vinna, og þeir valkostir væru teknir, sem skynsamlegastir væru. Á það hefur einnig mjög skort.

Hér er gert ráð fyrir því, að áður en hafizt verði handa um áætlunargerð, fari fram frumathugun á skynsamlegustu valkostum til að leysa tiltekin vandamál, þ. e. a. s. hvernig bezt sé að leysa tilteknar þarfir, með hvers kyns húsnæði og hvar því sé hentugast fyrir komið, og áætlun gerð, ekki aðeins um það, hversu dýrt það muni verða, þegar að framkvæmdastiginu kemur, heldur er einnig gert ráð fyrir, að rekstraráætlun fylgi, en það hefur því miður mjög skort á, að menn hafi gert sér til hlítar grein fyrir, hvaða afleiðingar það hefði um kostnað af hálfu ríkisins, þegar til rekstrar kæmu ýmiss konar byggingar og mannvirki, sem ráðizt hefur verið í.

Eftir að þessi frumathugun á valkostum hefur farið fram, þá er gert ráð fyrir, að áætlunargerðin sjálf hefjist og hún fari fram á vegum hlutaðeigandi rn. og/eða sveitarfélags eða annars eignaraðila í samráði við fjárlaga- og hagsýslustofnun fjmrn., og eru þar settar mjög ákveðnar reglur um það, hvernig að áætlunargerðinni skuli unnið, og sé ég ekki ástæðu til þess að rekja það nánar. En það er gert ráð fyrir því, að áður en hafizt er handa um framkvæmd á grundvelli þessarar áætlunar, þá sé tryggt það fjármagn, sem þarf til þess að ljúka verkinu á eðlilegum tíma. Þetta gerir mögulegt í senn að koma við útboðum í þau verk í stærri stíl en áður hefur þekkzt og í annan stað að vinna með kerfisbundnari hætti og ódýrar og hagkvæmar að framkvæmd verkanna, þegar hægt er að halda sleitulaust áfram án þess að þurfa, eins og margoft kemur fyrir, að stöðva verkin í miðju kafi sökum fjárskorts.

Í þriðja lagi eru settar um það mjög nákvæmar reglur í þessu frv., hvernig að framkvæmd verks skuli staðið, og er það meginregla, að verk skuli boðið út, þegar þess er nokkur kostur, og settar reglur um það, hvaða aðili skuli annast útboð verkanna, en það er Innkaupastofnun ríkisins. Hún fær mjög veigamikið hlutverk í þessari löggjöf, þar sem henni er í senn ætlað að sjá um útboð verka, og jafnframt er ætlunin að setja þar upp sérstaka eftirlitsdeild, sem sér um, að verkið sé unnið á tilhlýðilegan hátt og samkv. þeim reglum, sem settar eru í samræmi við þær útboðslýsingar, sem tilboð í verk hafa grundvallazt á.

Það má að sjálfsögðu gera ráð fyrir því, að einhver aukakostnaður verði af framkvæmd laganna, en þó ætti það ekki að þurfa að vera neitt að ráði, vegna þess að hér er gert ráð fyrir að leggja niður tvær deildir, sem annast byggingaeftirlit, annars vegar byggingaeftirlit menntmrn. vegna skóla og hins vegar byggingaeftirlit húsameistara ríkisins, og þetta færist hvort tveggja yfir í þessa framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins.

Það er gert ráð fyrir því, að sérstök samstarfsnefnd verði sett á laggirnar til þess að tengja saman hagsmunaaðila í þessum efnum og þá, sem sérfræðilega vinna að þeim, og í þeirri n. eigi sæti þrír menn, einn af hálfu Alþ., sem talið er eðlilegt, að sé formaður fjvn. hverju sinni, hagsýslustjóri ríkisins, sem hefur það meginhlutverk að annast um, að með hagkvæmum hætti sé að öllum þessum opinberu framkvæmdum staðið, og í þriðja lagi forstöðumaður framkvæmdadeildar Innkaupastofnunarinnar, sem er gert ráð fyrir, að sé tæknimenntaður maður, annaðhvort verkfræðingur, arkitekt eða maður með sambærilega menntun, þannig að tryggð sé hin verkfræðilega þekking á þessum málum. Þegar n. fjallar um sameiginleg málefni ríkis og sveitarfélaga, er svo gert ráð fyrir því, að fulltrúi frá Sambandi ísl. sveitarfélaga sitji á fundum nefndarinnar.

Það er nýbreytni einnig í þessum lögum, að gert er ráð fyrir því, að birtar verði niðurstöður varðandi allan tilkostnað við hina opinberu framkvæmd og gerð grein fyrir því nákvæmlega, hvaða ástæður liggi því til grundvallar, ef mjög breytist frá því, sem áætlun hljóðaði um verkið, og það er gert ráð fyrir því, að úttekt fari fram, þegar verki er lokið, og ríkisendurskoðun setji fastar reglur um framkvæmd úttektarinnar eða svokallað skilamat, og þá sé það metið endanlega, hvort verktakar eða aðrir, sem nálægt verkinu hafa komið, hafi staðið við skuldbindingar sínar samkv. verksamningi.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, nema tilefni gefist til, að ræða þetta mál nánar, en ég fullyrði, að það hefur fengið, eins og ég sagði áðan, eins rækilegan undirbúning og kostur var á. Það hefur komið í ljós, að það er ekki mikið við að styðjast í þessum efnum í öðrum löndum, vegna þess að jafnvíðtækar heildarreglur hafa ekki verið settar, svo að kunnugt sé, um skipulag opinberra framkvæmda, þannig að við höfum ekki við reynslu annarra að styðjast í þessu máli. Það er hins vegar skoðun allra, sem látið hafa í ljós álit á þessu, hvort sem er innanlands eða utan, að ef okkur tækist að

koma þessum málum í það horf, sem í grundvallaratriðum er stefnt að í þessu frv., þá hlyti það að verða til mjög mikilla bóta og tryggja það, eins og ég sagði í upphafi, sem hlyti að vera tilgangur og sameiginlegt áhugamál allra í okkar litla þjóðfélagi, að það fjármagn, sem hverju sinni er varið til opinberra framkvæmda, sem mönnum nú jafnan finnst vera heldur of lítið en of mikið, hagnýtist með þeim hætti, að það skili sem allra beztum árangri fyrir þjóðarheildina.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn., og vildi ég um leið beina því til hv. n., að hún kynnti sér þau margvíslegu gögn, sem fyrir liggja í málinu eftir ítarlega meðferð þess hér á Alþ., og vonast ég til, að n. sjái sér fært að hraða svo störfum, að málið geti fengið endanlega meðferð á þessu þingi, þar sem það er nú, eins og ég gat um, þriðja þingið, sem málið liggur til athugunar hjá.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég tek undir það með hæstv. fjmrh., að það er áhugamál allra hv. þm., að það fjármagn, sem gengur til verklegra framkvæmda í þessu landi, nýtist sem bezt. Ég get líka tekið undir það með honum, að mér sýnist við athugun á þessu máli, að stefnt sé í rétta átt að þessu marki. Ég hef áður látið í ljós þá skoðun hér á hv. Alþ., að nauðsyn bæri til að sameina ýmsar stofnanir, sem fást við sömu verkefni, og hér er gerð tilraun til þess að sameina byggingaeftirlitið, sem nú er hjá hinum ýmsu stofnunum og er kannske bundið við verk hverju sinni. Ég held, að það muni skapast meiri festa í framkvæmd málsins við það, að sameining eigi sér stað og sérstökum aðilum er falið eftirlit með ríkisbyggingum almennt. Ég vil t. d. í því sambandi nefna hús, sem er búið að vera lengi í byggingu og miklu fjármagni er búið að verja til, þ. e. Landsspítalabygginguna. Ég er sannfærður um það, að þar hefði verið þörf á meira eftirliti en verið hefur, og ég tel, að með þeirri stofnun, sem hér er lagt til að lögfesta, þá muni þetta takast. Og þess vegna get ég sagt það við þessa umr., nema annað eigi eftir að koma upp síðar, að mér sýnist, að hér sé stefnt í rétta átt, og ber að fagna því.

Ég vil líka segja það, að það gleður mig í sambandi við þetta frv., að þar er fullkomlega tekið tillit til sveitarfélaganna sem annars aðilans að þeim framkvæmdum, sem eru sameiginlegar. Ég hafði nokkuð óttazt það, að hlutur þeirra væri fyrir borð borinn, en ég sé, að eins og frv. er nú, þá er það ekki, og alveg ástæðulaust að óttast um það, því að einnig þar þarf að hafa festu í framkvæmdum og fullkomið eftirlit með því fjármagni, sem til framkvæmdanna fer.

Við höfum framkvæmt mikið á síðari árum, en þurfum þó að framkvæma meira, og við megum gæta okkar í því, t. d. eins og verið hefur í skólabyggingunum, að það sé ekki um of dýrar tilraunir að ræða í sambandi við framkvæmdir einstakra mannvirkja, eins og mér virðist stundum hafa verið.

Ég vil líka segja það, að ég tel það mjög mikilsvert að birta niðurstöður um verkin, þegar þeim er lokið. Það er mikið aðhald fólgið í því, og það er mjög gott til þess að fá samanburð á milli verka, sem er mikils virði.

Ég vil því segja það um þetta mál við þessa umr., að mér sýnist það stefna í rétta átt, og nauðsyn beri til að skapa þá festu, sem ég vonast til, að verði, ef þetta frv. nær fram að ganga, sem ég geri ráð fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 27 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 90. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 439, n. 743, 744).

Frsm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur athugað frv. þetta, eins og það hefur borizt hingað í d. frá hv. Ed. N. hefur rætt frv. á nokkrum fundum og kvatt til viðræðna Jón Sigurðsson ráðuneytisstjóra og Gísla Blöndal hagsýslustjóra, sem skýrt hafa einstakar gr. þess. N. hefur orðið ásátt um að mæla með samþykkt frv. með nokkrum breyt., en um þær flytur hún brtt. á þskj. 744. Einstakir nm. hafa þó áskilið sér rétt til þess að flytja fleiri brtt. eða fylgja öðrum, sem fram kynnu að koma.

Frv. þetta er allstórt mál og viðamikið. Það hefur og hlotið allítarlegan undirbúning og hefur tvisvar verið tekið til endurskoðunar milli þinga frá því er það var fyrst lagt fram á Alþ. vorið 1967. Megintilgangur þessa frv., ef að lögum verður, er að leitast við að tryggja sem hagkvæmasta nýtingu þess fjármagns, sem varið er til opinberra framkvæmda. Til þess að ná því markmiði eru í frv. ákvæði, er miða að því að vanda betur undirbúning framkvæmda en gert hefur verið til þessa, og verk sé ekki hafið fyrr en undirbúningi er lokið og greiðsluáætlun liggur fyrir, er tryggi, að verkinu megi ljúka á tilsettum tíma. Þá eru í frv. ákvæði, er varða framkvæmd verks, eftirlit með því, úttekt og skilamat, er öll miða að þessu sama marki.

Flestir munu vera sammála um, að nauðsynlegt sé að vanda sem bezt meðferð þess fjármagns, sem til opinberra framkvæmda fer, og því æskilegt að ná þeim markmiðum, sem þetta frv. er byggt á. Oft mun það hafa gerzt, að í framkvæmdir hefur verið ráðizt án nægilegrar fyrirhyggju og þær tekið lengri tíma en æskilegt hefði verið og því orðið dýrari og óhagkvæmari í byggingu en ella. Slíka vankanta og ýmsa fleiri er því mjög þýðingarmikið að takist að sníða af með nýrri skipan þessara mála.

Augljóst er þó, að ekki má blína á þetta eitt út af fyrir sig, heldur líta á þessi mál með víðari sjónhring fyrir augum. Ber þar fyrst að nefna, að það undirbúnings- og ákvarðanakerfi, sem ætlað er að setja á fót í þessu skyni, má ekki verða of flókið og hægfara, svo það reynist ekki um of torvelt fulltrúum sveitarfélaga og öðrum þeim aðilum, sem vinna þurfa að framgangi ýmissa hagsmunamála byggðarlaga sinna á sviði opinberra framkvæmda. Í því efni eiga hin fjarlægari byggðarlög mest á hættu. Þau hafa erfiðasta aðstöðu og mestan kostnað af því að fylgja eftir málum sínum, og að öðru leyti að taka þátt í því samstarfi, sem frv. gerir ráð fyrir, t. d. samkvæmt 22. gr. um fulltrúa sveitarfélags á fundi samstarfsnefndar. Ljóst er þó, að nokkru má til kosta við undirbúningsvinnu, ef það vinnst upp með skemmri

byggingartíma og hagkvæmari gerð verksins. Þessi atriði voru nokkuð rædd í n., en ekki var að því horfið að gera till. um kerfisbreytingar á frv., hvað þetta snertir. Að þessu leyti sem og öðru veltur kannske mest á framkvæmd málsins og hvernig frv. reynist, ef að lögum verður, og má ætla, að þeir ágallar, sem í ljós kunna að koma á lögunum við framkvæmd þeirra, verði þá fljótlega sniðnir af þeim.

Í annan stað þarf að gæta þess, að með lögum um þetta efni færist ekki ákveðnir þættir af tillögurétti og því síður ákvörðunarvaldi úr höndum hinna pólitísku aðila, Alþ. og ríkisstj., yfir til embættismanna. Í því sambandi gildir sem almenn regla, að hinir pólitísku aðilar þurfa hverju sinni að standa ábyrgir gerða sinna gagnvart umbjóðendum sínum, eða m. ö. o. þurfa, hvenær sem er, að vera við því búnir að vera kallaðir til ábyrgðar, sem embættismenn aftur á móti eiga næsta hægt með að skjóta sér undan. Til viðbótar væri það svo auðvitað fráleitt, að hv. Alþ. samþykkti lög, sem skerða rétt þess til ákvörðunar í einstökum þáttum mála. Í grg. frv. er sagt, að frv. feli ekki í sér neinar eðlisbreytingar á valdi Alþ. varðandi opinberar framkvæmdir frá því, sem nú er. Alþ. eigi eftir sem áður frumkvæði að öllum opinberum framkvæmdum með samþykkt undirbúningsframkvæmda, og geti þar bæði verið um að ræða till., sem eru í upphaflegu fjárlagafrv., og eins það, sem samþ. kunni að verða í meðförum þingsins.

Eigi að síður hefur n. þótt ástæða til að flytja nokkrar brtt. við frv., sem miða að því að tryggja valdsvið hinna pólitísku aðila nokkru betur en frv. gerir ráð fyrir. Þær brtt. eru þó ekki með þeim hætti, að þær raski frv. að neinu leyti sem heild né því kerfi, sem það er byggt á. Rétt er að geta þess, að n. hafði samráð við Gísla Blöndal hagsýslustjóra um samræmingu brtt. þessara við frv. Ég mun þá í fáum orðum víkja að nokkrum efnisatriðum frv. og skýra brtt. n. eftir því, sem ég tel skýringa þörf.

Í I. kafla frv. er fjallað um almenn ákvæði. Þar er einnig rakin sú boðleið, sem meðferð máls varðandi opinberar framkvæmdir er ætlað að fara frá upphafi og þar til henni er lokið.

II. kafli fjallar um frumathugun. Með frumathugun er átt við könnun og samanburð þeirra kosta, sem til greina koma við tiltekna framkvæmd, bæði að því er varðar stofnkostnað og rekstur.

Við 2. málsgr. 4. gr. frv. flytur n. brtt. á þskj. 744 um, að málsgr. orðist eins og þar segir. Brtt. felur það í sér að taka af allan vafa um það, að þar sem um er að ræða flokka opinberra framkvæmda, eins og mannvirki á sviði menntamála, heilbrigðismála, hafnarmannvirki, fyrirhleðslur og þess háttar, og vegagerð, ef sá málaflokkur verður einhvern tíma felldur undir þessi lög, þá séu ekki till. um skiptingu fjármagns til einstakra framkvæmda né um röð þeirra birtar með fjárlagafrv., heldur sé um þetta fjallað af hv. fjvn., eins og verið hefur, og hún fái öll gögn frumathugana í sínar hendur. Er brtt. þessi í samræmi við það, sem ég sagði áðan, að tryggja betur afskipti hinna pólitísku aðila en frv. gerir ráð fyrir.

Við 5. gr. flytur n. einnig brtt. um að síðari málsgr. falli niður. Fyrri málsgr. fjallar um það, að ef fjárveiting hefur verið tekin í fjárl. án frumathugunar, þá skuli frumathugun eigi að síður fara fram. Seinni málsgr., sem n. leggur til, að falli niður, gerir ráð fyrir því, að leiði frumathugun í ljós að áliti rn., að ekki sé æskilegt að ráðast í áætlunargerð, þá sé einungis heimilt að greiða kostnaðarhlutdeild ríkisins við frumathugun. Það er skoðun n., að í frv. séu nægilega ströng skilyrði sett, sem þarf að uppfylla til þess að fjárveiting fáist greidd, þótt þessi málsgr. falli burt.

Í III. kafla er fjallað um áætlunargerð, en til áætlunargerðar teljast teikningar, verklýsing, skrá um efnisþörf, kostnað og tímaáætlun, greiðslu- og fjáröflunaráætlun svo og rekstraráætlun til fimm ára, eftir að verki er lokið. Nokkrar umr. urðu í n. um rekstraráætlun og hvort þar væri ekki óframkvæmanlegt mál við að eiga. Rekstraráætlun er eitt af þeim skilyrðum, sem þarna er sett inn til þess annars vegar, að þegar um er að ræða val á milli kosta, þá sé ekki einungis farið eftir stofnkostnaði, heldur einnig rekstrarkostnaði eftir beztu gögnum, sem fyrir liggja, og eftir því, sem hægt er að gera sér grein fyrir í rekstri stofnunar, eftir að hún er byggð. Í annan stað er rekstraráætlun sett þarna inn vegna þess, að þá er aðilum framkvæmdar, ríki og í mörgum tilfellum sveitarfélögunum, gert ljóst, hvaða kvaðir muni fylgja framkvæmdinni, eftir að verkinu er lokið.

N. flytur brtt. við 10. gr., þ. e. 3. brtt. á þskj. 744, og er hún í samræmi við brtt. n. við 4. gr., og nægir að vísa til þeirra skýringa, sem ég flutti við þá brtt.

IV. kafli frv. fjallar um verklega framkvæmd, sem þar táknar gerð verksamninga, verkið sjálft, eftirlit með því og úttekt. N. flytur tvær brtt. við þennan kafla, fyrst við 14. gr., sem tók nokkrum breytingum í hv. Ed. 14. gr. fjallar um hlutverk Innkaupastofnunar ríkisins og framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins samkv. frv. þessu. Brtt. n. er við 2. málsgr. og er 4. brtt. n. á þskj. 744 og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar um er að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og sveitarfélags, annast sveitarfélag útboð, undirbúning samningsgerðar við verktaka og reikningshald og greiðslur vegna verksins, nema öðruvísi um semjist eða fjmrh. ákveði annað."

Breytingin, sem í þessu felst, er sú, að ef ekki er samkomulag um, hvort sveitarfélög annist útboð, undirbúning samningsgerðar við verktaka, reikningshald og greiðslur vegna verks, sem er sameiginleg framkvæmd ríkis og sveitarfélags, sker fjmrh. úr, en ekki samstarfsnefndin, eins og um getur í frvgr., og er þar með úrskurðarvaldið fært í hendur pólitísks aðila.

Þá flytur n. brtt. við 18. gr. frv., sem einungis er til samræmis við breyt., sem hv. Ed. gerði á 17. gr. þess, þar sem rætt er um umsjónarmann. Ed. breytti því í 17. gr. og kallaði hann eftirlitsmann, og n. hefur fallizt á þá nafnbreytingu og telur hana eðlilega, en að sjálfsögðu þarf sú breyting einnig að koma fram í 18. gr.

V. kafli frv. fjallar um skilamat. Þar segir, að að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skuli fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því, hvernig framkvæmd hefur tekizt miðað við áætlun, og enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir, sem þegar hafa verið metnar. Þetta skilamat er talsvert þýðingarmikið, vegna þess að það gefur glöggar upplýsingar um það, hvernig til hefur tekizt um verkið og er mjög til hliðsjónar um það, hvaða

kosti á að taka í framtíðinni, þegar reynsla hefur komizt á það.

VI. kafli frv. fjallar um yfirstjórn opinberra framkvæmda. Í 22. gr. frv., sem er í þessum kafla og fjallar um samstarfsnefnd, sem ætlað er að koma á fót, en samstarfsnefnd skal skipa formaður eða sérstakur fulltrúi fjvn. Alþ., forstöðumaður framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins og hagsýslustjóri ríkisins, sem er formaður n. N. hefur það hlutverk að leiða saman sjónarmið eignaraðila opinberrar framkvæmdar á undirbúningsstigi og framkvæmdastigi og rannsaka frumathugun og áætlunargerð.

N. flytur brtt. við 22. gr., þ. e. 6. brtt. á þskj. 744, sem einungis er til samræmingar við aðrar breyt., sem n. leggur til, og einnig, hvað eitt orð snertir, varðandi þær breyt., sem gerðar voru á frv. í hv. Ed. Ég sé ekki ástæðu til að skýra það frekar.

Í 23. gr. er greint frá því, að þegar eftir gildistöku þessara laga skuli koma á fót framkvæmdadeild við Innkaupastofnun ríkisins undir stjórn sérstaks forstöðumanns. Framkvæmdadeildin fer með yfirstjórn verklegra framkvæmda, nema til komi önnur ákvæði, sem um er fjallað í 2. og 3. málsgr. 21. gr., en þar er um að ræða, að ríkisendurskoðunin fer með yfirstjórn skilamats. Í 23. gr. er vikið að því, að þessi nýja framkvæmdadeild við Innkaupastofnun ríkisins eigi að hafa frumkvæði um stöðlun mannvirkja, og ég vildi vekja athygli á þessu ákvæði frvgr., vegna þess að þar hygg ég að sé um mjög mikilsvert mál að ræða. Það er svo með ýmsar opinberar byggingar, sem teiknaðar hafa verið af hinum ýmsu arkitektum, að þar er oft mjög lítið samræmi á milli um gerð þeirra, og virðist stundum eins og hver einstakur arkitekt ætli sér með ákveðinni byggingu að reisa sjálfum sér minnismerki. En ég hygg, að það ætti að gera miklu meira að því að samræma þessar byggingar og staðla þær, eins og að er vikið í þessari gr.

N. flytur eina brtt. enn þá, en það er við ákvæði til bráðabirgða. Það er við 1. málsgr. þeirra ákvæða, að hún hljóði svo með leyfi forseta:

„Um framkvæmdir, sem fé hefur verið veitt til á fjárl., en ekki eru hafnar við gildistöku laga þessara, skal farið að þessum lögum, enda sé að jafnaði ekki raskað þeim undirbúningi, sem unninn hefur verið.“

Síðasti málsl. þarna er nýr, og það er vegna þess að n. þykir rétt, að það sé tekið fram í þessu ákvæði, að undirbúningi, sem unninn hefur verið, sé yfirleitt ekki raskað, þegar lögin taka gildi.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til þess að hafa um þetta miklu fleiri orð. Ég endurtek það, sem ég sagði hér í upphafi, að málið er allyfirgripsmikið, og ég hefði talið æskilegt, að n. hefði fengið frv. fyrr til athugunar og haft meiri tíma til þess að fara yfir það, því að það eru enn ýmis atriði í því, sem geta orkað tvímælis. Hér er um lagasmíði að ræða, sem er nýsmíði. Lög um þetta efni hafa ekki verið til hér, og lítið mun um hliðstæður slíkra laga í nálægum löndum. Verði frv. afgr., þá verður reynslan að skera úr um, hvernig framkvæmd laganna tekst, og munu hv. alþm. fljótt verða þess varir, ef þar verður einhver misbrestur á, og ætti það þá að verða þeim ljúft og skylt að gera á þær breytingar, sem henta þykir.

Ég legg svo til, herra forseti, fyrir hönd n., sem náð hefur, eins og ég gat um í upphafi, samstöðu í þessu máli, að frv. verði samþ. með þeim brtt., sem birtar eru á þskj. 744 og ég hef hér nokkra grein gert fyrir.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að lengja þessar umr., en vildi aðeins láta það koma fram, að ég hef ekkert við þær brtt. að athuga, sem hv. fjhn. hefur gert við frv. Ég sé jafnframt ástæðu til þess að þakka n. fyrir vinnu hennar, því að miðað við það, hvað þetta frv. hefur legið hér lengi fyrir Alþ., – þetta er í þriðja skiptið, sem það er lagt fyrir þingið, og hefur, að ég hygg, jafnan verið lagt fyrir Ed., – þá er auðvitað ekki annars að vænta en fjhn. í þessari hv. d. hafi haft ýmislegt við einstök atriði þess að athuga og ekki haft kannske svigrúm sem skyldi til þess að kynna sér allar þær mörgu og margvíslegu umsagnir, sem hafa legið fyrir hv. Ed.

Þær brtt., sem hér eru gerðar af hv. fjhn., raska í engu þeirri meginhugsun, sem frv. er byggt á, og því tel ég þær á engan hátt verða til þess að breyta frv. til hins verra, nema síður sé. Varðandi aðalbrtt., sem sennilega táknar nú hið helzta, sem fjhn. hefur haft við frv. að athuga, þ. e. að 4. gr. var skilin svo, að það væri ætlunin, að fyrir fram væri raðað niður fjárveitingu til allra einstakra framkvæmda í fjárlagafrv., þannig að erfitt yrði um vik fyrir Alþ. að breyta til, þá hefur það aldrei verið hugsað svo, að þetta yrði með þeim hætti, þannig að brtt. hv. fjhn. raskar í engu þeim grundvelli, sem gert var ráð fyrir.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til annars en að þakka hv. n. og fagna því, að frv. hefur fengið svo almennan stuðning hér á Alþ. sem raun ber vitni um, því að það skiptir að sjálfsögðu meginmáli, að um þessar skipulagsbreytingar, sem eru vissulega mjög mikilvægar, séu ekki flokkadrættir og menn geti verið sammála um það, hverjir sem fara með stjórn landsins á hverjum tíma, að vinna að þeim umbótum, sem frv. gerir ráð fyrir.

Frsm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins fyrir hönd n., ef það mætti verða til þess að greiða fyrir gangi mála hér í hv. d., óska eftir því, að brtt. n. verði teknar aftur til 3. umr.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það er aðeins fsp. Í 7. gr. frv. stendur, að gerð skuli um opinbera framkvæmd rekstraráætlun, sem nær til minnst fimm ára, eftir að framkvæmd er lokið. Í þessu sambandi vil ég spyrja frsm. um það, hvort gert sé ráð fyrir því, að þetta frv., ef að lögum verður, taki til framkvæmda eins og þjóðvega og hafna.

Frsm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 1. þm. Norðurl. e. vil ég upplýsa, að gert er ráð fyrir, að frv. taki til framkvæmda eins og hafna, en það er ekki á þessu stigi a. m. k. ætlað, að það taki til vegaframkvæmda, sem falla undir sérstakan þátt opinberra framkvæmda. En þó eru heimildir í frv. til þess að taka bæði vegaframkvæmdir svo og allar ríkisframkvæmdir undir þessi lög. Það eru heimildir til þess, en það er ekki kveðið svo á í frv., eins og það er.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 744 tekin aftur til 3. umr.
3.–6. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
7.–10. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
11.–19. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
20. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
21.–25. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 92. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 439, 744).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 744 samþ. með 29 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 87. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 802).
Á 88. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð til þess að skýra hv. þd. frá því, að í Nd. voru gerðar smávægilegar breyt. á frv. Þetta frv. hefur, eins og mjög vel er kunnugt þm. í þessari hv. d., legið hér áður fyrir á tveimur þingum, og hv. Nd. fannst vera nokkuð naumur tími fyrir sig til þess að athuga málið, af því að það hefði legið í bæði þessi skiptin fyrir hv. Ed. og fengið hér mjög vandlega íhugun og athugun, eins og öllum hv. dm. hér er mætavel kunnugt um, og var hér samstaða um málið, þegar það var afgr.

Engu að síður féllst Nd. á það á tiltölulega skömmum tíma að afgreiða málið, og var það einnig með samstöðu fjhn. þeirrar d., en með nokkrum breyt., sem að vísu eru sjö að tölu, en í þeim var ekki fólgin nein grundvallarbreyting á þeim atriðum, sem máli skipta. Þar er yfirleitt um orðalag að ræða, og má kannske segja, að í fljótu bragði virðist veigamest fyrsta breyt., en þar er tekið skýrt fram, að flokkun framkvæmda, svo sem segir í 4. gr., skuli ekki vera tekin inn í fjárlagafrv. sjálft, þegar það kemur frá rn., heldur fylgja með í fskj. Það var sannast sagna aldrei ætlunin að taka það beint inn í fjárlagafrv., heldur láta það fylgja með í fskj., svo sem hefur verið með till. á undanförnum árum og mönnum er vel kunnugt um, bæði varðandi skólamál, hafnir og sjúkrahús. Það hefur aldrei verið ætlunin, að það komi röðun á því frá rn., og ég tók fram í Nd. og var margítrekað hér, að með þessu frv. væri ekki verið að taka vald af Alþ. á einn eða annan hátt, heldur aðeins að tryggja það, að rétt hefði verið að undirbúningi þessara mála unnið, en allir, er létu skoðun í ljós um þetta mál hér í þessari hv. d., töldu, að það væri til bóta að koma á slíkum skipulagsvinnubrögðum.

Hinar brtt. skipta engu máli efnislega um það kerfi, sem hér er lagt til að taka upp, og hafa þær allar verið athugaðar, þannig að hér er á fullt samræmi við það, sem felst í meginhugsun frv.

Þetta vildi ég aðeins láta koma fram, en sé ekki ástæðu til þess að orðlengja meira um þessar till., þar sem þær, eins og ég sagði, hagga í engu þeirri meginstefnu, sem mörkuð var hér í þessari hv. d., þegar frv. var afgr. hér.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 831).

---

45. Flutningur síldar af fjarlægum miðum.

Á 1. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar og ísvarinnar síldar af fjarlægum miðum sumarið 1969 [10. mál] (stjfrv., A. 10).

Á 5. fundi í Ed., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er, eins og í aths. kemur fram, flutt til staðfestingar á brbl. Það er reyndar að langmestu leyti endurnýjun á brbl., sem sett voru árið áður, vegna hugsanlegra síldveiða á fjarlægum miðum, og er þetta því allvel kunnugt mál hér á hv. Alþ. og óþarfi að fara um það mörgum orðum. Hins vegar er það öllum hv. þdm. ljóst, að til meginhluta þeirra ákvæða, sem lög þessi fjalla um, hefur því miður ekki þurft að grípa á þessu tímabili og þá fyrst og fremst vegna þess, að síldin hefur ekki veiðzt, sem öllum er að sjálfsögðu hryggðarefni.

Við samningu frv. var reynt að hafa samband við hlutaðeigandi samtök, og um það náðist að lokum algert samkomulag, þannig að ég á ekki von á því, að um frv. þurfi að verða neinar deilur. Sjálfsagt er, ef eitthvað nýtt hefur komið fram í reynslu manna í þessum efnum, að athuga það, en í fyrra og árið þar áður var þetta nánast alger nýjung í veiðiskap okkar hér. Þess vegna var að nokkru leyti rennt blint í sjóinn með þau ákvæði, sem lög þessi fela í sér, en mér skilst, að reynsla manna þann skamma tíma, sem á lögin reyndi, hafi verið góð og menn telji, að lagasetning þessi sé nauðsynleg og þörf. Ég ætla þess vegna ekki, nema frekara tilefni gefist til, að ræða málið í einstökum atriðum.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn., um leið og ég óska þess, að n. athugi það við þau samtök, sem hlut áttu í upphaflegri samningu frv., hvort hjá þeim sé um að ræða einhverja frekari þekkingu manna í þessum efnum, sem hægt væri þá að fella inn í lögin.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 648).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Mál þetta er, eins og fram kemur í grg. og fskj. með frv., staðfesting á brbl. um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar og ísvarinnar síldar af fjarlægum miðum sumarið 1969.

Frv. þetta er samið af n., sem hæstv. sjútvmrh. skipaði hinn 2. apríl 1969. N. var þannig skipuð, að í henni áttu sæti fulltrúar sjómanna, útvegsmanna, síldarsaltenda, síldar- og fiskimjölsverksmiðja og síldarútvegsnefndar. Allir þessir aðilar voru sammála um efni það, sem í frv. felst.

Það hefur, svo sem kunnugt er, verið mikið áhyggjuefni allra þeirra, sem fást við framleiðslu og sölu saltsíldar nú hin síðari ár, hve miklir annmarkar hafa verið á því, að Íslendingar gætu staðið við og fullnægt sölusamningum við viðskiptaþjóðirnar. Orsök þess hefur fyrst og fremst verið minnkandi síldveiði, en einnig er orsökin sú, að síldin hefur veiðzt á mjög fjarlægum miðum. Til þess að hagnýta síld til söltunar af hinum fjarlægu miðum verður ekki hjá því komizt að stofna til slíkrar skipulagningar og tekjuöflunar sem frv. þetta felur í sér.

Svo sem ég hef áður greint frá, voru þeir aðilar allir, sem stóðu að samningu frv., sammála um efni þess. Eins og fram kemur í nál. sjútvn. um málið, leggur n. einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 82. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 86. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til sjútvn. með 30 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 774).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Þetta frv., sem komið er til hv. d. frá Ed., hefur verið lagt fyrir þingið til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin á s. l. ári. Frv. fjallar um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar og ísvarinnar síldar af fjarlægum miðum sumarið 1969. Sjútvn. d. hefur fjallað um frv. og mælir einróma með því, að það verði samþ.

Eftir að n. hélt fund um málið, barst mér vitneskja um það, að upp hefðu komið raddir um það frá Landssambandi ísl. útvegsmanna og í sjútvmrn. að láta frv. ná einnig til þessa árs. Mér fyrir mitt leyti finnst það skynsamlegt, úr því að málið liggur fyrir hæstv. Alþ., að nota þá tækifærið til þess að framlengja lögin, þannig að þau gildi einnig á þessu ári og ekki þurfi á ný að gefa út brbl. varðandi þetta efni á þessu sumri, ef til kemur, að gera þurfi ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar síldar.

Ég leyfi mér þess vegna, herra forseti, að bera fram till., sem hnígur að þessu. Ég hef ekki haft tækifæri til að ráðfæra mig við alla nm. sjútvn. um þessa breyt., en þeir, sem ég hef náð til, hafa tjáð sig samþykka henni. Brtt. er um það, að alls staðar, þar sem við á í frv., komi: árin 1969 og 1970, og í stað 1970 komi: 1971, þar sem við á.

Ég sé ekki ástæðu til að lesa brtt. En ég leyfi mér að fara fram á við hæstv. forseta, að hann leiti afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 807) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 807,1 samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 807,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 807,3 samþ. með 24 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
5.–6. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 807,4 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar og ísvarinnar síldar af fjarlægum miðum sumurin 1969 og 1970.

Á 93. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 808).

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 87. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 88. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. – Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 832).

46. Fjáraukalög 1968.

Á deildafundum 20. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1968 [227. mál] (stjfrv., A. 613).

Á 46. fundi í Sþ., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það til fjáraukalaga fyrir árið 1968, sem hér liggur fyrir, skýrir sig sjálft, og þarf ég því ekki mörg orð til að fylgja því úr hlaði. Það er að vísu uppsett með nokkuð öðrum hætti en undanfarin ár, sem stafar af hinni breyttu skipan á uppsetningu fjárl. og ríkisreiknings, en nú er uppsetningin á þann veg, að útgjaldaliðum er raðað eftir rn., en ekki eftir málefnaflokkum. Frv. er samið eftir till. yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og í samræmi við ríkisreikning, og er lagt til, að aflað verði aukafjárveitingarheimildar fyrir umræddum fjárhæðum, sem samtals nema 782 millj. og 40 þús. kr.

Ég tel ástæðu til þess að leggja áherzlu á þá skýringu, sem fram kemur í aths., án þess að fara að eyða um það fleiri orðum, hvernig meiri hl. þessarar fjárhæðar er til orðinn, eða um 441 millj. kr., sem ekki eru eiginleg útgjöld umfram fjárl. sem slík, heldur er þar um að ræða útgjöld samkv. sérlögum og útgjöld vegna markaðra tekjustofna, þannig að til þess að fá raunverulega fram þá tölu, sem svarar útgjöldum umfram fjárlög, þá ber að draga þá upphæð frá. Að öðru leyti gerði ég grein fyrir afkomu ársins 1968 í sambandi við meðferð fjárl. fyrir yfirstandandi ár, og sé ég ekki ástæðu til þess að fara frekari orðum um frv., nema tilefni gefist til, og legg til, herra forseti, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til fjvn. með 36 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Sþ., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 613, n. 687).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Fjvn. hefur yfirfarið frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1968 á þskj. 613. Hefur n. ekki fundið neitt athugavert við frv. og leggur til, að það verði samþ., eins og það liggur fyrir. Ég vil geta þess, eins og fram kemur reyndar í aths. við frv., að þær umframgreiðslur, sem heimilaðar eru samkv. þessu frv. til fjáraukalaga, hafa ekki allar verið inntar af hendi áður í heimildarleysi, eins og ég hygg, að hæstv. fjmrh. hafi bent á í framsögu sinni við 1. umr. málsins. Þeim er hins vegar haldið til haga í þessu frv. til fjáraukalaga til þess að auðvelda mönnum samanburð og athuganir á fjárl. síðar meir. En á bls. 152–157 í ríkisreikningnum er gerð grein fyrir m. a. þessum umframgreiðslum og enn fremur gerð grein fyrir því, hver áhrif lög nr. 5 um ráðstafanir vegna lækkunar ríkisútgjalda frá 1968 hafa haft á ríkisreikninginn. En þau lög önnur, sem hafa þarna áhrif á, eru lög nr. 12 frá 18. febr. 1968. Það eru lög um viðauka við lög nr. 4 frá 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, og enn fremur er þarna um að ræða lög nr. 13 frá 18. marz 1968, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Ég hygg, að það sé ekki þörf á að skýra þetta mál frekar, en leyfi mér að leggja til fyrir hönd fjvn., að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Sþ., 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 833).

---

47. Siglingamálastofnun ríkisins.

Á 6. fundi í Ed., 27. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um Siglingamálastofnun ríkisins [50. mál] (stjfrv., A. 52).

Á 7. og 9. fundi í Ed., 28. okt. og 3. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 10. fundi í Ed., 4. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, hefur legið fyrir tveimur undanförnum þingum og þá verið fluttar fyrir því ítarlegar framsöguræður, svo að óþarft ætti að vera að hafa um það mörg orð nú, jafnvel þótt frv. sé allviðamikið.

Þessu frv. var vísað hér frá í hv. Ed. á síðasta þingi með þeim ummælum, að ríkisstj. væri falið að láta fram fara nánari athugun á frv., sérfróðra manna og aðila, sem hér hefðu hagsmuna að gæta, og léti síðan endurskoða frv. fyrir næsta Alþ., eins og í frávísuninni stóð. Með bréfi, dags. 3. okt. 1968, fór samgmrh. fram á umsögn um málið frá Guðmundi H. Oddssyni, formanni Fiskimannasambands Íslands, Jóni Sigurðssyni, formanni Sjómannasambands Íslands, og Sverri Júlíussyni, formanni Landssambands ísl. útvegsmanna. Þeir gáfu síðan sameiginlega umsögn, dags. 14. marz 1969, eftir að hafa kannað rækilega öll þau málefni, er frv. fjallaði um. Þessi sameiginlega umsögn þeirra er mjög ítarleg, og í niðurlagi hennar eru bornar fram nokkrar till. um breyt. á frv. Samgmrn. sendi síðan skipaskoðunarstjóra endurrit af umsögninni með bréfi, dags. 19. apríl 1969, og í samráði við skipaskoðunarstjóra fól rn. Þórði Eyjólfssyni fyrrv. hæstaréttardómara heildarendurskoðun frv., en hann var samtímis að endurskoða sérlög varðandi sömu stofnun, um eftirlit með skipum, og lög um skráningu og mælingu skipa. Það eru þessi frv., sem þegar hafa verið lögð fyrir Alþ.

ásamt breyt. á atriðum í siglingalögum, er snerta þessi málefni.

Þetta var sú viðbótarskýring, sem ég vildi koma á framfæri hér við hv. þd., þegar málið er hér lagt fyrir Alþ. í þriðja sinn. Við endurskoðun þá, sem nú var framkvæmd á frv., hefur verið, eftir því sem unnt þótti, tekið tillit til till. Guðmundar H. Oddssonar, Jóns Sigurðssonar og Sverris Júlíussonar. Allar umsagnir þeirra eru prentaðar með frv. Frekari umsögn um þetta mál í þessari hv. d. væri endurtekning á því, sem um málið var sagt á síðasta og næstsíðasta þingi, og skal ég því ekki tefja tímann frekar, nema tilefni gefist til. En óskað er, að frv. nái fram að ganga, þar sem í því felast mörg skýrari og nánari ákvæði um störf þessarar stofnunar heldur en hingað til, og m. a. er bara nafnið á sjálfri stofnuninni allvillandi, með þau verkefni, sem henni eru falin lögum samkvæmt. En út í þá sálma skal ég ekki fara frekar. Ég vænti þess, að hv. þdm. kynni sér greinar frv. og þá ekki sízt þá viðbótargrg., sem þeir þremenningarnir, sem ég áðan tiltók, hafa fram lagt, að því er virðist með mikilli nákvæmni.

Ég óska þess, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og sjútvn.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara hér út í einstök atriði, einstakar greinar frv. Ég vil aðeins láta í ljós við 1. umr. þá skoðun mína, að hér er vissulega um „prinsip"-atriði að ræða, þ. e. a. s. að færa hér saman undir eina stofnun allvíðtæk verkefni, sem mér skilst að séu að nokkru unnin af öðrum aðilum, og mér þykir nokkuð einsýnt, að við höfum þegar fyrir stofnanir, sem allt eins geti starfað að þeim málum áfram, og geti verið heppilegt frekar að efla þær en að draga þetta saman undir eina stóra stofnun.

Ég get ekki látið hjá líða að vekja athygli á því, að hér hlýtur að vera á ferðinni allfjölmenn og stór stofnun, miðað við þá lýsingu, sem gefin er í frv. á því starfsliði, sem stofnunin þarf á að halda. Og ég hygg, að það sé ekki alls kostar rétt, þegar það er athugað og borið saman við starfsmannahald stofnunarinnar nú, sem fram kemur í aths. með frv., að það sé ekki gert ráð fyrir áukningu á starfsliði. En eins og fram er tekið í 7. gr. frv., þá á þar í fyrsta lagi að vera staðgengill siglingamálastjóra, sem krafizt er hliðstæðrar menntunar af og siglingamálastjóranum. Þar að auki skulu svo vera einn eða fleiri sérmenntaðir menn í 12 sérgreinum, sem þar eru upp taldar. Það er eðlilegt, að síðan sé tiltekið í 9. gr., að það sé eftirlitsmaður fyrir hvert svæði. En því til viðbótar er ákvæði um, að siglingamálastjóri geti, ef hann telur ástæðu til, skipað sérstaka trúnaðarmenn til þess að taka að sér tiltekna þætti af störfum eftirlitsmanna. Og í 12. gr. segir enn fremur, að Siglingamálastofnunin skuli þessu til viðbótar einnig hafa starfandi umferðareftirlitsmenn, sem ferðist um landið í sínu starfi, en þess á milli starfi þeir á skrifstofu Siglingamálastofnunarinnar. Þetta eru allt saman, eftir því sem maður fær skilið, fastráðnir starfsmenn, sem taka laun samkv. hinu almenna launakerfi ríkisins. Þessu til viðbótar eru svo skoðunarmenn og mælingamenn, sem siglingamálastjóri getur samkv. frv. ráðið eftir þörfum að hans dómi, en þeir taka laun samkv. reglum, sem ráðh. setur að fengnum tillögum siglingamálastjóra. Mér sýnist því, að hér sé í uppsiglingu allviðamikið skrifstofubákn, sem hljóti að verða nokkuð dýrt í meðförum.

Ég vil einnig að lokum vekja athygli á því, sem ég tel einnig, að sé aðeins villandi í aths. með frv., þar sem sagt er, að Siglingamálastofnunin verði þá hliðstæð við embætti vegamálastjóra og flugmálastjóra. Bifreiðaeftirlit ríkisins, sem sér um öll öryggismál varðandi bifreiðar, er sjálfstæð ríkisstofnun, og varðandi flugmálastjóra er það að segja, að yfirstjórn flugmála næst ráðh. er flugráð og flugmálastjóri er undir það settur, nánast framkvæmdastjóri flugráðs, þannig að þessi samanburður, sem er gerður í aths. með frv. á þessum tveimur embættum, er að mínu viti nokkuð villandi.

Herra forseti. Ég sagði í upphafi, að ég ætlaði ekki að fara út í einstök atriði öllu frekar en ég hef gert. Ég vil vekja athygli á þessu við 1. umr. málsins, að hér er ástæða til þess að staldra við og hugleiða. Hér er um „prinsip"-mál að ræða, hvort draga á saman í eina stóra stofnun þætti, sem vissulega væri kannske eins heppilegt að væru unnir áfram að einhverju leyti hjá þeim stofnunum, sem fyrir eru og hafa sinnt þessu til þessa.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Af vanmætti vildi ég reyna að svara hv. 3. þm. Reykn., en meginatriðið í hans athugasemdum var það, að hér væri verið að stofna allfjölmenna stofnun og að því er virtist að óþörfu. Ég undirstrika þá tilvitnun, sem hann vitnaði til í aths. með frv., að það væri skilyrði af hálfu ríkisstj., að hér væri ekki um starfsmannafjölgun að ræða og alger forsenda þess, að frv. væri flutt af ríkisstj. Um eftirlitsmenn og sérstaka trúnaðarmenn úti á landi, þá er heimild í núverandi lögum um það efni fyrir skipaskoðunarstjóra, eins og hann heitir nú, til að velja slíka menn alveg án nokkurs samráðs við rn., þannig að þessi heimild er þegar til í lögum. Um eftirlitsmenn er einnig heimild í núgildandi lögum.

Ég veit, að stundum hefur til þess verið gripið, þegar kærur hafa borizt um slæman frágang á skipum í einstökum verstöðvum, að senda þangað sérstaka umferðareftirlitsmenn. Ég hygg því, að það sé nokkuð orðum aukið, að hér sé verið að fjölga starfsfólki. Fyrir liggja yfirlýsingar þeirra aðila, sem að þessu frv. standa, að ekki eigi að vera um neina starfsmannafjölgun að ræða. Auk þess vil ég vitna til grg. þeirrar, sem síðast er prentuð í frv. og er frá forustumönnum þriggja stærstu samtaka, sem hér eiga hlut að máli, en þeir segja sjálfir í sínum niðurstöðum:

„Niðurstaða okkar er sú, að frv. um Siglingamálastofnun ríkisins sé nú svo úr garði gert, að eðlilegt sé, að það nái fram að ganga. Við erum og þeirrar skoðunar, að mjög sé aðkallandi að ljúka afgreiðslu þessa máls sem allra fyrst, þar sem á því veltur ýmisleg önnur nauðsynleg lagasetning og lausn á aðkallandi verkefnum þessarar stofnunar.

Loks teljum við, að með frv., ef að lögum verður, sé skipan þeirra mála, sem það fjallar um, gerð gleggri og einfaldari, og ætti það m. a. að eyða margvíslegri tortryggni, sem virðist hafa legið í loftinu um störf þessarar stofnunar."

Ég tel, að eftir ítarlega og jafn langvinna athugun og hér er um að ræða, þriggja ára aðdraganda, þá geti

menn alls ekki skorazt undan því að taka afstöðu til málsins, og ég vona, að hún verði jákvæð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 52, n. 487, 488).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. – Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. til l. um Siglingamálastofnun ríkisins hefur sjútvn. þessarar hv. d. haft til athugunar um alllangan tíma. N. hefur rætt málið á nokkrum fundum sínum, leitað umsagnar um málið til ýmissa þeirra aðila, sem hér eiga mestra hagsmuna að gæta, en auk þess átt viðræður við suma þeirra um málið, og kem ég nánar að því síðar. Frv. til l. um Siglingamálastofnun ríkisins var einnig flutt á 88. löggjafarþingi, 1967–1968, og náði þá ekki fram að ganga, en var með rökstuddri dagskrá vísað til ríkisstj. með ósk um að láta fara fram á því nánari athugun sérfróðra manna og aðila, sem hér eiga hagsmuna að gæta, og leggja síðan endurskoðað frv. fyrir Alþ. á ný.

Svo sem fram kemur í aths. með frv. þessu, fól ríkisstj. dr. Þórði Eyjólfssyni, fyrrv. hæstaréttardómara, að endurskoða umrætt frv., en auk þess óskaði hæstv. samgmrh. umsagna um frv. frá þeim Guðmundi H. Oddssyni, þáv. forseta Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Jóni Sigurðssyni, formanni Sjómannasambands Íslands, og Sverri Júlíussyni, formanni Landssambands ísl. útvegsmanna. Gerðu þessir þrír aðilar sameiginlegt álit um málið, sem er fylgirit með frv. þessu. Í grg. þremenninganna kemur fram, að þeir telja, að við endurskoðun frv. hafi verið tekið tillit til þeirra ábendinga, sem þeir gerðu um málið, og að þeirra dómi sé frv. nú þannig úr garði gert, að æskilegt sé, að það nái fram að ganga.

Svo sem ég hef gert grein fyrir, átti n. viðræður við nokkra aðila um málið. Þeir, sem n. ræddi sérstaklega við, voru í fyrsta lagi Þórður Eyjólfsson, sem, eins og fyrr segir, samdi frv. Einnig ræddi n. við Ingimar Einarsson lögfræðing, en hann var til aðstoðar fyrrgreindum þremenningum við gagnasöfnun og samningu álitsgerðarinnar, sem þeir gerðu um málið. Veittu þessir aðilar n. margvíslegar upplýsingar. Þá átti n. viðræður við Hjálmar Bárðarson skipaskoðunarstjóra um málið. Gerði n. honum grein fyrir þeirri gagnrýni, sem komið hafði fram með frv., og óskaði jafnframt grg. hans um þær aths. Þá kom einnig fram í umsögnunum, að hið nýja nafn stofnunarinnar væri of víðtækt og næði yfir meira starfssvið en hlutverk Skipaskoðunar ríkisins ætti raunverulega að vera. Á fund n. kom einnig n. frá Verkfræðingafélagi Íslands, en frá þeim aðilum hafði n. borizt hvað hörðust gagnrýni og mótmæli gegn þessu frv. Því hefur verið haldið fram, að með frv. þessu væri verið að færa út og auka starfsemi og starfssvið Skipaskoðunar ríkisins og Skipaskráningarstofu ríkisins. Loks er þess að geta, að fram komu staðhæfingar um það, að einstakir starfsmenn Skipaskoðunar ríkisins hefðu með höndum störf varðandi teikningar skipa o. fl., sem ekki samrýmdust sýslunarstörfum þeirra.

Sjútvn. hefur eftir föngum reynt að gera sér grein fyrir málinu í heild og meta jafnframt þá gagnrýni, sem fram hefur komið við frv. Með hliðsjón af því, sem ég hef nú greint, hefur sjútvn. leyft sér að bera fram brtt. við frv., og eru þær fluttar á sérstöku þskj. Kemur þar fram, að n. leggur til, að nafnið Skipaskoðun ríkisins haldist óbreytt. Af því leiðir, að lagt er til, að nafnið Siglingamálastofnun ríkisins falli burt úr frv. og að í staðinn komi: Skipaskoðun ríkisins, og í stað orðsins „siglingamál“ komi: öryggismál skipa.

Við 2. gr. leggur n. til, að gerð verði sú breyt. á 6. tölul., að aðeins 1. málsl. haldist, þ. e. „að fylgjast með rannsókn sjóslysa hjá siglingadómi og sjódómi.“ Aðrir málsl. 6. tölul. 2. gr., um „að rita umsögn um sjópróf til saksóknara ríkisins“ og „að birta árlega niðurstöður rannsókna á sjóslysum,“ telur n., að sé eðlilegra að falli undir starfssvið VIII. kafla í frv. til l. um eftirlit með skipum, en það er um siglingadóm og rannsókn sjóslysa. Það frv. hefur einnig verið til athugunar hjá sjútvn., og mun n. bera fram við það frv. brtt., sem m. a. fela þetta í sér.

Þá er einnig lagt til að umorða 10. tölul. 2. gr., svo sem segir á þskj. 488, en það er „að annast af Íslands hálfu samstarf við alþjóðastofnanir varðandi þau mál, sem eru í verkahring stofnunarinnar.“ N. telur þetta orðalag eðlilegra en taka sérstaklega til eina stofnun og telur, að með þessu orðalagi nái ákvæðið yfir allt það, sem til er ætlazt og nauðsynlegt er.

Við 6. gr. frv. leggur n. til, að gr. verði umorðuð, svo sem fram kemur á þskj. 488. Sú breyt., sem n. leggur til að gerð verði á frv., er í fyrsta lagi í því fólgin, sem fram kemur í niðurlagi gr., en þar segir:

„Eigi má skipaskoðunarstjóri eða aðrir, sem eru í fullu starfi hjá Skipaskoðun ríkisins, hafa á hendi störf, sem eru ósamræmanleg stöðum þeirra og háð kunna að verða þeirra eigin mati sem starfsmanna Skipaskoðunar ríkisins, svo sem eftirlit með skipum eða vélum fyrir einstaklinga, félög eða opinberar stofnanir.“

Samkv. frv. nær þessi takmörkun á störfum starfsmanna Skipaskoðunarinnar aðeins til umræddra þarfa fyrir einstaklinga, en svo sem hér er lagt til, helzt þetta ákvæði svo til óbreytt, eins og það er í gildandi lögum, varðandi starf skipaskoðunarstjóra, og telur n., að svo eigi að vera og ná þá einnig til annarra starfsmanna stofnunarinnar, sem eru í fullu starfi.

Við 7. gr. flytur n. loks brtt., þar sem lagt er til, að öll sú upptalning starfsmanna og sérfræðinga, sem í frv. er greind, falli niður, en í stað þess orðist gr. svo, með leyfi forseta: „Skipaskoðunarstjóri skal hafa sérfróða starfsmenn, eftir nánari ákvörðun í reglugerð, sem ráðh. setur.“ Við teljum eðlilegra, að þessi háttur sé á hafður, enda varla unnt, að hér geti verið um tæmandi upptalningu að ræða, og því eðlilegra, að starfslið sé ákveðið, eftir að nákvæm endurskoðun hefur átt sér stað um starfsmannaþörfina.

Herra forseti. Ég hef nú í stuttu máli gert grein fyrir þeim brtt., sem sjútvn. hefur leyft sér að bera fram við þetta frv. Ég vænti þess, að till. hljóti samþykki hv. þd. og frv., þannig breytt, verði samþ. og því að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 488,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 488,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 488,3 samþ. með 14 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 488,4 samþ. með 14 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 488,5 (ný 7. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
8.–18. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um Skipaskoðun ríkisins.

Á 67. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 505, 506).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 506,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 506,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 46. fundi í Sþ., 10. apríl, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 536).
Á 71. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 72. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur verið samþ. í Ed., en með allmikilli breyt., eins og sjá má, ef hv. alþm. bera saman frv. eins og það er nú og eins og það var, þegar það var lagt fram. Nafni frv. hefur verið breytt. Þegar það var lagt fram, var það frv. til l. um Siglingamálastofnun ríkisins, en hefur fengið aftur gamla nafnið Skipaskoðun ríkisins. Út af fyrir sig er ekki mikið við því að segja, hvaða nafn er á lögum, en það er þó ljóst, að lög um Skipaskoðun ríkisins spanna ekki yfir það verksvið, sem þessari stofnun er ætlað að ná. Ég verð að biðja hv. n., sem fær þetta mál til athugunar, að athuga, hvort ekki er hægt að finna eitthvert annað nafn, sem betur dugar og spannar yfir verkefnið, ef nafnið, sem upphaflega var á frv., Siglingamálastofnun ríkisins, þykir ekki hæfa.

Það er þó veigamest, hvernig lögin eru sjálf úr garði gerð. Hlutverk stofnunarinnar er víðtækt, talið upp í 11 liðum, samkv. 2. gr. frv., þ. e. að stofnunin á að vera ríkisstj. til ráðuneytis um siglingamál og skipasmíðar, eftir því sem hún telur þörf á; að annast eftirlit með nýsmíði skipa, búnaði, breytingum og flutningi og annað almennt eftirlit skipa samkvæmt lögum um eftirlit með skipum; að annast framkvæmd alþjóðasamþykkta um öryggi mannslífa á hafinu, sem Ísland er aðili að, og gefa út skipsskjöl fyrir íslenzk skip samkv. þeim; að annast framkvæmd alþjóðahleðslumerkjasamþykkta, sem Ísland er aðili að; að ákvarða hleðslumerki fyrir fiskiskip eftir nánari reglum, sem ráðh. setur; að fylgjast með rannsókn sjóslysa hjá siglingadómi og sjódómi; að annast framkvæmd laga um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu; að annast framkvæmd laga og reglna um mælingu skipa svo og mál, er varða alþjóðasamþykkt um mælingu skipa; að annast framkvæmd laga um skráningu skipa; að annast af Íslands hálfu samstarf við Alþjóðasiglingamálastofnunina (IMCO); að annast mál, er varða siglingalög og sjómannalög. Þetta er nokkuð af þeim verkefnum, sem Skipaskoðun ríkisins, eða Siglingamálastofnun ríkisins, sem henni var ætlað að heita, er ætlað að inna af höndum.

Frv. þetta var í meginatriðum samið á árinu 1967 og lagt fram á löggjafarþingi 1967–1968, en hefur ekki náð fram að ganga.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fara að ræða nánar þetta frv., sem legið hefur frammi alllengi og hv. alþm. hafa kynnt sér. Skipaskoðunarstjóri mun óska eftir því að fá að koma á fund hv. n., sem málið fær til meðferðar, og ræða frv. í heild og þær breyt., sem á því hafa verið gerðar í hv. Ed. Komist hv. n. að þeirri niðurstöðu, að nauðsynlegt sé að breyta frv. aftur í áttina við það eins og það var, þegar það var upphaflega lagt fram, þá er vitanlega sjálfsagt að gera það í trausti þess, að hv. Ed. fallist þá á frv. þannig breytt.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til sjútvn. með 28 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 536, n. 631, 632).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir hv. d. undir nafninu: Skipaskoðun ríkisins, er komið frá Ed., en það var lagt fram snemma á þessu þingi fyrir þá d. undir nafninu: Frv. til l. um Siglingamálastofnun ríkisins.

Þetta mál hefur átt sér alllangan aðdraganda. Frv. um þetta sama efni var lagt fyrir Ed. á þinginu 1967–68, og var þá allmikið athugað í sjútvn. þeirrar hv. d. En vegna margra aths., sem fram komu við frv., lauk ekki afgreiðslu þess í það skiptið, heldur var því vísað til ríkisstj. Síðan hefur það gerzt, að viðkomandi rn. hefur falið þrem mönnum frá hagsmunasamtökum, er málið varðar, að yfirfara hið upphaflega frv. og kynna sér bæði það og fram komnar aths. Þessir þrír menn voru Sverrir Júlíusson frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, Jón Sigurðsson frá Sjómannasambandi Íslands og Guðmundur H. Oddsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Að lokinni athugun þessara manna á frv. var það síðan fengið aftur í hendur skipaskoðunarstjóra og dr. juris Þórði Eyjólfssyni fyrrv. hæstaréttardómara, og hafa þeir gengið frá frv., eins og það var lagt fyrir þetta þing. Einnig hafa þeir samið önnur frv., sem eru líka á dagskrá þessarar hv. d. og fylgja þessu frv., en það eru frv. til l. um skipamælingar,

frv. til l. um skráningu skipa og frv. til l. um eftirlit með skipum.

Ég hygg, að af því, sem ég hef nú rakið um aðdraganda þessa máls, verði það ljóst, að þetta frv. og fylgifrv. þess hafa hlotið mjög rækilegan undirbúning, enda er allur frágangur frv. þannig, að til fyrirmyndar er, bæði hvað uppsetningu snertir og ítarlegar skýringar, sem fylgja í aths. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til þess að ræða þetta frv. í löngu máli, en mun reyna eftir föngum að grípa á því, sem mestu máli skiptir, og þá aðallega ræða um þau atriði, sem hefur verið breytt í meðferð þingsins, fyrst í hv. Ed. og svo síðan þær brtt., sem sjútvn. þessarar hv. d. er sammála um að bera fram. En í sjútvn. d. ríkir algert samkomulag um afgreiðslu málsins með þeim hætti, sem það liggur hér fyrir, þ. e. a. s. nefndin mælir eindregið með samþykkt frv. með þeim brtt., sem fram eru bornar á þskj. 632.

Þetta frv. til l. um heildarlög fyrir þá stofnun, sem í upphaflega frv. var kölluð „Siglingamálastofnun ríkisins", er hugsað til þess að skilgreina verksvið og starfssvið hennar, en það verksvið er reyndar þegar til, þó að ekki séu til heildarlög um það. Stofnunin sem heild er orðin mjög fjölþætt, en nöfn hennar eru nú bæði Skipaskoðun ríkisins og Skipaskráningarstofa ríkisins, og gefa þau til kynna, hvert er aðalverksvið hennar. Auk þess hafa henni verið falin mörg önnur verkefni, eins og upp er talið í 2. gr. frv. Það er því orðin brýn þörf á að setja um stofnunina heildarlög og með heiti, sem sé í samræmi við verkefni hennar og tilgang, og að þar sé gerð grein fyrir heildarverkefni stofnunarinnar, eins og það er í reynd. Með frv. er ekki gert ráð fyrir að bæta neinum teljandi verkefnum við starfssvið stofnunarinnar, eins og það er nú, að öðru leyti en því, að í till. sjútvn. þessarar hv. d. er gert ráð fyrir, að við stofnunina verði ráðinn einn siglingafróður maður til þess að hafa með höndum athuganir á sjóslysum, eins og ég skal koma að síðar.

Þótt sett verði heildarlög um „Siglingamálastofnun ríkisins", eins og sjútvn. þessarar hv. d. leggur til, að stofnunin nefnist, þá er eftir sem áður þörf fyrir sérstök lög um einstök verkefni hennar, sem mestu máli skipta. Þess vegna eru þau fylgifrv. borin fram, sem ég gat um áðan, að flutt væru með þessu frv. En verkefni eins og skipaskráning og skipamælingar eru mjög tæknilegs eðlis, og í þeim efnum getur oft þurft að breyta ýmsu, og þykir því þægilegra að hafa sérstök lög um þau heldur en fella þetta allt saman inn í ein heildarlög, eins og vissulega hefði getað komið til álita að gera. Það er talið vera til hægðarauka, vegna breytinga, sem síðar kynni að þurfa að gera, að hafa ákvæði um skipaskráningu og skipamælingar og skipaeftirlit í sérstökum lögum. En tilætlunin með þessu öllu er sú að gera skipulag þessara mála einfaldara en það er nú.

Þær till., sem fram eru bornar í þessum frv., stefna í sömu átt og sú þróun, sem átt hefur sér stað í þessu efni á undanförnum árum annars staðar á Norðurlöndum, t. d. í Noregi, þar sem mál, er varða skip og siglingar, hafa verið sameinuð í einni siglingamálastofnun, „Sjöfarts direktoratet" undir forstöðu sérstaks siglingamálastjóra: „sjöfartsdirektören". En einni deild innan þeirrar stofnunar er falið eftirlit með skipasmíðum, „skibskontrollen", og hún hefur með höndum opinbera skoðun skipa í Noregi.

Sú stofnun, sem hér er fjallað um, hefur oftast gengið undir nafninu Skipaskoðun ríkisins, en stundum Skipaskráning ríkisins, þegar um skráningaratriði er að ræða sérstaklega. En jafnvel bæði þessi heiti til samans ná ekki yfir allt verksviðið og heitið Skipaskoðun ríkisins, eitt út af fyrir sig, er beinlínis villandi. Reynslan hefur þegar margoft sýnt, að þeir, sem ekki þekkja verksvið stofnunarinnar í heild, villast á heitinu Skipaskoðun ríkisins, misskilja verksvið hennar og telja, að stofnunin fáist eingöngu við skoðun skipa í þrengstu merkingu.

Það verkefni, sem stofnunin hefur nú með höndum, er í aðalatriðum þetta, eins og sjá má af upptalningunni í 2. gr. frv.: Auk sjálfrar skoðunar skipa er það skráning skipa, útgáfa skipsskjala, statistik yfir skipastólinn, árleg útgáfa skipaskrár, mæling skipa, útreikningur á brúttó- og nettórúmlestatölu skipa samkv. alþjóðamælireglum, útgáfa alþjóðamælibréfa og útreikningur á hleðslumerkjum eða fríborði skipa samkv. alþjóðasamþykkt og útgáfu hleðslumerkjaskírteina, framkvæmd alþjóðasamþykkta um öryggi mannslífa á hafinu og útgáfa alþjóðaskipsskjala fyrir íslenzk skip samkv. þeim, að fylgjast með rannsókn sjóslysa hjá siglingadómi og sjódómi og rita umsögn um sjópróf til saksóknara ríkisins, umsagnir til fjmrn. um tollendurgreiðslur efnis og tækja vegna nýsmíðaðra skipa og stórviðgerða, framkvæmd laga um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu samkv. reglugerð og alþjóðasamþykkt, samstarf við Alþjóðasiglingamálastofnunina (IMCO), þ. á m. alþjóðasiglingareglur, mengun sjávar, alþjóðasiglingaleiðir, öryggi á olíustöðvum á úthafinu, stöðugleikaútreikningar og stöðugleiki skipa og ísing, samræming á „container"-flutningum skipa, sjálfvirkni í skipum og áhafnir í því sambandi.

Þó að ég hafi ekki í þessari upptalningu nefnt allt, sem Siglingamálastofnun ríkisins hefur með að gera, þá er greinilegt, að heitið Skipaskoðun nær ekki til þeirra verksviða allra, og er því villandi. Rótgróið íslenzkt orð yfir það, sem á skandinavísku er kallað „sjöfart", er orðið sigling, og utanrrn. hefur þegar notað það orð í þýðingu á skammstöfuninni IMCO, þ. e. a. s. Alþjóðasiglingamálastofnunin. Auk þess eru heitin siglingamálaráðherra, siglingalög, siglingaöryggi og siglingadómur þegar í notkun í málinu, og því ekkert eðlilegra en að stofnun sú, sem með upptalin mál fer í umboði ráðh. þess, er fer með siglingamál, heiti Siglingamálastofnun ríkisins. Þetta heiti samrýmist auk þess eðlilega heitum annarra íslenzkra stofnana, t. d. hafnamála-, vegamála-, orkumála- og flugmála-, svo að nokkrar séu nefndar. Þótt segja megi, að heitið sé ekkert meginatriði, þá er þó mjög bagalegt, að það sé villandi og nái ekki að lýsa því verksviði, sem stofnunin hefur með höndum.

Það gildir um þetta frv. og fylgifrv. þess, að nauðsynlegt er, að það nái fram að ganga hið allra bráðasta, og er málið reyndar þegar að sumu leyti komið í eindaga. Á grundvelli þessara lagabreytinga er nauðsyn breytinga og endurbóta á reglugerðum, sem þarf að hraða eftir föngum, ef það mætti verða til aukins ör-

yggis íslenskra sjófarenda. Reglugerðarbreytingar hafa þegar tafizt vegna tafa á lagasetningu, en ábyrgðarhluti er, að frekari dráttur verði á þessum málum. Þeir aðilar, sem hafa kynnt sér þessi mál, virðast sammála um nauðsyn lagabreytinganna, sem eru undirbúnar af dr. Þórði Eyjólfssyni fyrrv. hæstaréttardómara, eins og ég gat um áðan. Það eitt mun geta talizt nokkuð örugg trygging fyrir því, að lagafrv. hafi verið unnin af samvizkusemi og séu í fullu samræmi við aðra lagasetningu.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara miklu fleiri orðum um efni sjálfs frv., nema sérstakt tilefni gefist til, en vil aðeins víkja með nokkrum orðum að brtt. sjútvn.

1. brtt. n. varðar heiti stofnunarinnar. Hef ég þegar gert það að umræðuefni og sé ekki ástæðu til að bæta þar meiru við að öðru leyti en því, að ég vil benda á, að það heiti, sem n. leggur til, er svo víðtækt, að þótt stofnuninni verði síðar falin fleiri skyld verkefni, þá þarf ekki um leið að fylgja því nafnbreyting. Það er æskilegt, að stofnuninni sé nú valið heiti, sem fleiri málaflokkar á þessu sviði geti fallið undir síðar.

Fyrir utan nafnbreytinguna eru það í raun og veru tvær meginbreytingar, sem sjútvn. leggur til, frá því, sem hv. Ed. breytti frv. Það er þá fyrst við 6. gr. frv. Í þeirri gr. hefur Ed. breytt orðalagi þannig, að verksvið siglingamálastjóra er þrengt til mikilla muna. Með því orðalagi, sem er á gr. núna, er honum gert mjög erfitt fyrir um að taka að sér verkefni önnur en þau, sem eru upp talin í frv. Það er skoðun sjútvn. þessarar hv. d., að það sé sjálfsagt, að ef ríkið hefur í þjónustu sinni færan og starfhæfan sérfræðing, þá eigi ekki að reisa skorður við því, að ríkið geti falið honum önnur verk en þau, sem honum eru beinlínis ætluð samkv. lögunum. Það má tilfæra dæmi um þetta um núverandi skipaskoðunarstjóra. Ég vil leyfa mér að segja, að hann sé brautryðjandi í stálskipasmíði hér á landi og allra helzti sérfræðingur okkar á því sviði. Við álítum, að með orðalaginu á 6. gr., eða niðurlagi hennar eins og það er nú, sé útilokað, að hægt sé að fela skipaskoðunarstjóra þátttöku í nefnd eins og t. d. byggingarnefnd Bjarna Sæmundssonar og í byggingarnefnd strandferðaskipanna. Í báðum þessum n. hefur núverandi skipaskoðunarstjóri starfað og innt af hendi mjög mikið og gott starf. Þess vegna leggjum við til, að orðalag þessa ákvæðis verði þannig, þar sem takmarkað er, hvaða verkefni skipaskoðunarstjóri megi taka að sér, þá sé það við það bundið, að hann megi ekki taka slík verkefni að sér fyrir einstaklinga, en á hinn bóginn geti ríkið falið honum verkefni á borð við þau, sem ég nefndi áðan, eins og það hefur vissulega gert og sennilega í fleiri tilfellum en þeim, sem ég gat um.

Önnur meginbrtt. okkar við frv., eins og það kom frá Ed., snertir rannsókn sjóslysa. Sú till. kemur aftur til umr. í sambandi við frv. til l. um eftirlit með skipum, og mun ég þá gera nánari grein fyrir henni. N. leggur til, að í d-lið 2. gr., þar sem talin eru upp verkefni Siglingamálastofnunarinnar, orðist liðurinn þannig:

„Að fylgjast með rannsókn sjóslysa hjá siglingadómi og sjódómi. Rita umsögn um sjópróf til saksóknara ríkisins. Birta niðurstöður rannsókna á sjóslysum árlega eða oftar, þegar sérstök ástæða þykir til."

Ég skal ekki ræða þetta ítarlegar í sambandi við þetta frv. Þessi ákvæði eru nánar tiltekin í frv. um eftirlit með skipum, en ég skal aðeins geta þess, að samkv. áliti Hákonar Guðmundssonar, formanns siglingadóms, er æskilegasta fyrirkomulagið á því, hvernig fylgzt skuli með rannsókn sjóslysa, og síðan unnið úr þeim gögnum, sem fram koma við rannsókn þeirra, það, að við embætti skipaskoðunarstjóra starfi maður, er geti verið viðstaddur sjópróf, hvar sem er á landinu, og hafi að lögum aðstöðu til þess að bera fram spurningar og beina rannsókninni inn á þær brautir, að ítarlegar og alhliða skýrslur séu gefnar um þau atriði, sem sjódómurinn og skipaskoðunarstjóri telja máli skipta. Till. n. um d-lið 6. gr. þessa frv., sem síðar koma nánar útfærðar í frv. um eftirlit með skipum, eru algerlega, að ég hygg, í samræmi við þetta álit Hákonar Guðmundssonar, formanns siglingadóms.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, að fara fleiri orðum um þetta mál. Ég vil að endingu láta það í ljós, að ég tel, að hv. Alþ. hafi haft frv. svo lengi til athugunar, að því beri að ljúka afgreiðslu þess á þessu þingi, og vænti ég, að ekki verði nein fyrirstaða fyrir því í þessari hv. deild.

ATKVGR.
Brtt. 632,1 (ný 1. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 632,2 samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 632,3 samþ. með 27 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 632,4 samþ. með 29 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 632,5 (ný 6. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
7.–18. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 632,6 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um Siglingamálastofnun ríkisins.

Á 82. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 669).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 78. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 82. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til einnar umr. (A. 669, 739).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. um Siglingamálastofnun ríkisins hefur áður hlotið afgreiðslu í þessari hv. d. Voru þá gerðar á frv. nokkrar breytingar, sem hlutu einróma samþykki deildarinnar. Nú kemur málið fyrir á ný, þar sem Nd. hefur breytt frv. og í sumum atriðum að verulegu leyti. Sjútvn. Ed. hefur á fundi sínum tekið mál þetta til athugunar á ný. Það er einróma álit n., að sumar þær breyt., sem hv. Nd. hefur samþ., séu sízt til bóta og ekki til þess fallnar að auka

öryggi sjófarenda frá því, sem frv. í þeirri mynd, sem hv. Ed. afgreiddi það, tryggði.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fjölyrða um málið að þessu sinni, en vísa til þess, sem fram kom, þegar málið var hér við 2. umr. Ég vil þó með örfáum orðum víkja lítið eitt að þeim till., sem hv. sjútvn. hefur nú leyft sér að flytja við frv., svo sem fram kemur á sérstöku þskj. Kemur þar fyrst brtt. n. varðandi nafn stofnunarinnar. Segja má, að það sé algert aukaatriði, hvað stofnunin heitir. Hitt skiptir meira máli, löggjöfin, sem ákveður starfssviðið, og að hún sé í samræmi við þau störf, sem stofnuninni er ætlað að inna af hendi. Við teljum þó, að nafnið Skipamálastofnun ríkisins nái betur því hugtaki, sem verkefni stofnunarinnar raunverulega eru, heldur en Siglingamálastofnun ríkisins.

Varðandi brtt. n. við 6. gr. frv. vísa ég til þess, sem ég hef áður sagt, en þar er meginmunur á efni okkar till. og frv., eins og það nú er. Við segjum: „Eigi má skipaskoðunarstjóri eða aðrir, sem eru í fullu starfi hjá Skipamálastofnun ríkisins, hafa á hendi störf, sem eru ósamrýmanleg stöðu þeirra og háð kunna að vera þeirra eigin mati sem starfsmanna Skipamálastofnunar ríkisins, svo sem eftirlit með skipum eða vélum fyrir einstaklinga, félög eða opinberar stofnanir."

Varðandi sjóslysamálin berum við fram þá till. við þetta frv., að 6. tölul. 2. gr. orðist svo sem þar segir: „Að fylgjast með rannsókn sjóslysa hjá siglingadómi."

Að öðru leyti eru till. okkar hér um við annað frv., frv. til l. um eftirlit með skipum, sem væntanlega verður til umr. hér á eftir, en í því sambandi vísa ég til þess, sem fram kom við 2. umr. um það mál, þegar það var til umr. hér í hv. d. Við teljum, að sjóslysin séu svo alvarleg mál, að einskis megi láta ófreistað til þess að upplýsa þau og fá sem hlutlægastar upplýsingar um margt, sem þau varðar. Þess vegna berum við fram till. um skipun óháðrar n., sem hafi heimild til þess að ráða sér siglingafróðan mann sem starfsmann. Skal verkefni hans vera að upplýsa orsakir sjóslysa, eftir því sem við verður komið, og koma á framfæri leiðbeiningum um slysavarnir og varúðarráðstafanir. Ber starfsmanni n. að mæta við sjópróf, ef um er að ræða manntjón eða veruleg meiðsli manna. Með þessu er átt við, að sami maður verði viðstaddur öll slík sjópróf og sjódóma, hvar sem er á landinu, en það ætti að tryggja betri upplýsingar um þessi mikilsverðu mál en ella. Þá er til þess ætlazt, að starfsmaðurinn í samráði við n. og skólastjóra Sjómannaskólans skipuleggi meðal sjómannsefna kennslu í slysavörnum, er miðist m. a. við að skýra helztu orsakir sjóslysa hér við land og hvernig unnt sé að forðast þau. Að öðru leyti er gert ráð fyrir, að verksvið starfsmannsins ákveðist með reglugerð, sem ráðh. setur að fengnum till. n. Varðandi þetta mál vil ég leyfa mér að vænta þess, að hv. þdm. hafi ekki skipt um skoðun og samþykki því þær till., sem n. hefur nú endurflutt.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða um málið og vænti þess, að till. n. hljóti samþykki og frv. þannig breytt hljóti fullnaðarafgreiðslu hv. Ed.

ATKVGR.

Brtt. 739,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
– 739,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
– 739,3 samþ. með 14 shlj. atkv.
– 739,4 samþ. með 17 shlj. atkv.
– 739,5 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og endursend Nd., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um Skipamálastofnun ríkisins.

Á 89. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 761).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. – Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Það mál, sem hér liggur fyrir til einnar umr., er komið öðru sinni til hv. d. frá hv. Ed. Ég býst við, að hv. alþm. sé öllum kunnugt um, hvaða málsmeðferð þetta frv. hefur hlotið til þessa, og þarf því ekki að fara um það mörgum orðum.

Í sjútvn. þessarar d. var frv. breytt í upphaflegt horf, eins og það hafði verið lagt fyrir Ed. snemma á þinginu. Þetta var gert vegna þess, að í sjútvn. var alger samstaða um það, að þær breyt., sem gerðar höfðu verið á frv. í Ed., væru ekki til bóta. Það hefur síðan gerzt, að hv. Ed. endursendir nú þessari hv. d. frv., og er hún búin að færa það að mestu leyti í það horf, sem það var, þegar það kom fyrst til þessarar d., að öðru leyti en því, að nú hefur verið búið til nýtt nafn á frv., og nú er það kallað: Frv. til l. um Skipamálastofnun ríkisins. Sjútvn. þessarar hv. d. ræddi þetta frv. og fylgifrv. þess, sem eru á dagskrá þessa fundar undir dagskrárliðunum 12, 13 og 14, og við í n. reyndum, eftir því sem við töldum okkur fært, að koma til móts við þær breyt., sem Ed. hefur nú gert á frv. Þó vildi sjútvn. d. ekki fella sig við hið nýja nafn á frv., sem segja má, að sé nýyrði í málinu: Skipamálastofnun ríkisins. Nefndin leggur því til, að því heiti verði breytt í upprunalegt horf, þ. e. Siglingamálastofnun ríkisins, og að heiti þess embættismanns, sem Ed. vill kalla skipamálastjóra, verði siglingamálastjóri, eins og var í upphaflega frv.

Þá leggur n. í annan stað til, að 6. tölul. 2. gr. frv., þar sem fjallað er um eitt af verkefnum Skipamálastofnunarinnar, orðist svo:

„Að fylgjast með rannsókn sjóslysa hjá siglingadómi og sjódómi.

Rita umsögn um sjópróf til saksóknara ríkisins. Birta niðurstöður rannsókna á sjóslysum árlega eða oftar, þegar sérstök ástæða þykir til, í samstarfi við rannsóknarnefnd sjóslysa."

Í sambandi við þessa brtt., sem sjútvn. þessarar hv. d. flytur nú við frv., vil ég gefa þá skýringu, að þegar málið fór á milli d., felldi Ed. niður úr þessari grg. allt nema fyrstu setninguna: „Að fylgjast með rannsókn sjóslysa hjá siglingadómi og sjódómi."

En í frv. til l. um eftirlit með skipum, sem hér liggur einnig fyrir, er gert ráð fyrir, að sett verði á laggirnar sérstök rannsóknarnefnd sjóslysa, er ráði sérstakan starfsmann til þess að annast þau verkefni, sem nánar eru skilgreind í því frv. Okkur hefur fundizt í sjútvn. þessarar hv. d. á það skorta í till. varðandi þetta,

eins og þær hafa komið frá Ed., að nægilega skýrt væri fram tekið, hvert ætti að vera samband milli Skipaskoðunar ríkisins annars vegar og þessarar rannsóknarnefndar hins vegar. Við breytum ekki verulega till. hv. Ed. um rannsóknarnefndina, eins og hún er nú í frv. um eftirlit með skipum, en n. vill, bæði þar og einnig í þessu frv., sem fjallar um Siglingamálastofnunina, kveða nánar á um þessi tengsl. Það gerir n. í sambandi við 6. tölulið 2. gr. með því að taka aftur upp þessi orð: „Rita umsögn um sjópróf til saksóknara ríkisins. Birta niðurstöður rannsókna á sjóslysum árlega eða oftar, þegar sérstök ástæða þykir til, í samstarfi við rannsóknarnefnd sjóslysa." N. telur sem sé, að þessi atriði eigi að vera sameiginlegt verkefni Skipaskoðunar ríkisins og rannsóknarnefndar sjóslysa, en í till. hv. Ed. er gert ráð fyrir, að siglingadómur eigi að hafa það verkefni að birta niðurstöður rannsókna sjóslysa. N. er ekki sammála því og leggur til, að það ákvæði, sem um það fjallar og er í 38. gr., 4. tölul., frv. til l. um eftirlit með skipum, falli niður, að því er siglingadóm varðar. N. telur, að þetta verkefni sé miklu betur komið sameiginlega hjá Siglingastofnun ríkisins og rannsóknarnefndinni.

Þá leggur n. til í sambandi við 4. gr. frv., að í stað orðsins „skipamálastjóri" í gr. og hvarvetna annars staðar í frv. komi, í viðeigandi beygingarföllum, siglingamálastjóri.

Loks leggur n. til í sambandi við þetta frv., að 6. gr. breytist þannig, að síðasta mgr. orðist svo:

„Ekki má siglingamálastjóri eða aðrir, sem eru í fullu starfi hjá Siglingamálastofnuninni, hafa á hendi störf, sem ósamrýmanleg eru stöðum þeirra. Þannig er þeim ekki heimilt að vinna nein þau störf fyrir einkaaðila, sem háð kunna að verða þeirra eigin mati sem starfsmanna Siglingamálastofnunarinnar."

Um þetta atriði ríkir ágreiningur milli d. þingsins. Ed. er tvívegis búin að samþykkja þessa gr. með því orðalagi, að þarna komi til viðbótar, að viðkomandi starfsmönnum sé ekki heimilt að taka að sér þau störf, sem þarna ræðir um, fyrir félög eða opinberar stofnanir. Eins og ég skýrði frá við 2. umr. þessa máls í hv. d., þá er sjútvn. þessarar hv. d. á þeirri skoðun, að með því orðalagi sé starfssvið þessara aðila allt of mikið þrengt, og n. flytur þess vegna þessa brtt.

Loks leggur n. til, að fyrirsögn frv. verði: Frv. til l. um Siglingamálastofnun ríkisins.

Þessar till. sjútvn. munu enn þá vera í prentun. Ég hef ekki orðið var við, að þær væru komnar á borð hv. þm. Ég verð þess vegna að leggja þær fram skriflega og fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann leiti afbrigða fyrir þeim.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 776) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hygg, að í þessu frv. um Skipamálastofnun ríkisins og öðrum frv., sem liggja fyrir hv. d. í sambandi við það, séu ýmis nýmæli, sem nokkra nauðsyn beri til að samþykkja á þessu þingi. Hins vegar virðist mér nú nokkuð í óefni komið um samþykkt málsins, þar sem komnar eru fram till. um að breyta frv. í annað sinn eftir afgreiðslu í Ed., og sýnist mér, að ef breyt. yrði samþ., mundi frv. verða að fara í Sþ. En nú er komið að þinglokum, og virðist mér þá, að í hættu sé stefnt þeim ákvæðum frv., sem brýna nauðsyn ber til að lögfesta á þessu þingi. Þess vegna vil ég beina því til hv. n., sem fjallað hefur um þetta mál, hvort hún telji þessar breyt. svo nauðsynlegar, sem hún leggur til að gerðar verði nú og munu vera svipaðar og hún lagði til áður við meðferð málsins hér í d. og voru samþ. án mótatkv., að þeirra vegna megi hætta á það að setja í hættu þau ákvæði frv., sem nauðsyn ber til að samþykkja. En það hefur áður verið gerð grein fyrir því, hver þau ákvæði eru, og það eru ekki þessi ákvæði, sem hér er um að ræða.

Mér sýnist það ekki geta skipt mjög miklu máli, hvort stofnun sú, sem hér er um að ræða, heiti Skipamálastofnun eða Siglingamálastofnun, að öðru leyti en því, að Skipamálastofnun mun vera nýyrði, en þetta er stutt orð og fer vel í munni, og sé ég ekki, að það sé ógerlegt að setja það í lög. Orðin eru ekki ósvipaðrar merkingar. Þetta er eiginlega málfræðilegur ágreiningur, sem hér er um að ræða, en málfræðilegur ágreiningur mætti ekki verða til þess að fella efnislega nauðsynlega lagasetningu.

Ég verð að segja það hins vegar, að ég teldi það betur farið, eins og n. leggur til, að 6. liðurinn, um sjóslysin, yrði orðaður um, en má vera, að hægt væri að hafa nokkur áhrif á framkvæmd þessa liðar í reynd, úr því að hann er nú á annað borð kominn inn í frv., hvernig sem hann er orðaður.

Ég tel það miður farið, að brtt. n. skuli ekki liggja fyrir prentaðar, því að það er dálítið erfitt að átta sig á þeim við að heyra þær lesnar upp. En frsm. n. minntist m. a. á 6. gr. og að ágreiningur væri um það á milli n., hvers konar störf skipamálastjóri og starfsmenn hans mættu hafa á hendi. Þegar ég ber þessa gr. saman við gr. um tilsvarandi efni í gildandi lögum, sem er 8. gr., tekur hún að vísu ekki til starfsmanna almennt hjá stofnuninni, heldur aðeins til skipaskoðunarstjóra. Hún fjallar um störf, sem hann megi ekki hafa á hendi, og segir þar í gildandi lögum:

„Eigi má hann hafa þau störf á hendi, er telja má ósamrýmanleg stöðu hans, svo sem eftirlit með skipum eða vélum fyrir einstaklinga, félög eða opinberar stofnanir."

Þetta er því í gildandi lögum, og þessi lög eru frá 1959. Þau eru búin að vera í gildi í 11 ár, og ég vil þess vegna láta í ljós nokkrar efasemdir um, að það sé nauðsynlegt að breyta enn frv. og setja það í hættu til þess að losna við þetta ákvæði, sem er búið að vera svona lengi í lögum, þetta ágreiningsákvæði. Það má vera, að það sé eitthvað annað í gr., sem ég hef ekki veitt athygli, en mér fannst hv. frsm. segja, að það væri einmitt þetta ákvæði, sem ágreiningur væri um á milli d., en þetta er nú búið að vera í lögum í 11 ár a. m. k. eða e. t. v. lengur.

Ég hef ekki tekið neinn þátt í meðferð þessa máls áður hér í d. og áður tekið til greina till. hv. sjútvn. í þessum málum. En mér sýnist nú, þegar komið er svo að segja að síðustu dögum þingsins, að þá verðum við að hugsa okkur um, áður en við látum ágreining milli sjútvn. í d. verða til þess, að efni, sem e. t. v. er ekki

sérlega mikilvægt, verði til þess að setja frv. í hættu og þar með ákvæði, sem mjög mikilvægt er, að samþ. verði einmitt nú, eftir því sem fram hefur komið, og miklu skipta.

Það kom ekki fram í ræðu hv. frsm., að sjútvn. d. hefðu rætt saman um þetta mál. Má vera, að það hafi verið, en ef það er ekki, þá verð ég að telja það mjög miður farið, að þær skuli ekki hafa gert það, heldur senda mál þannig á milli d. með mismunandi brtt., sem segja má, að ekki skipti meginmáli.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. e. beindi þeirri fsp. til sjútvn., hvort hún teldi þær breyt., sem hún hefur flutt við þessa umr. málsins, svo mikilvægar, að hún vildi e. t. v. stofna framgangi málsins í hættu á þeim stutta tíma, sem eftir er til þingloka. Ég hygg, að ég geti mælt það fyrir munn allra sjútvn.-manna, að þeir telji mjög mikilvægt, að brtt. n. nái fram að ganga, og að þeir kjósi jafnvel fremur, að frv. dagi uppi, ef svo verður ekki.

Varðandi fsp. hv. þm. um 6. gr. og þann ágreining, sem þar ríkir, þá get ég vitnað til þess, sem ég sagði hér við 2. umr. málsins, þegar það kom úr n. í hv. d., að þarna er mjög mikill efnislegur ágreiningur milli d. (Gripið fram í.) Við síðasta málsl. 6. gr. Það er tilsvarandi gr. í þessu frv., eins og hv. þm. vitnaði til, í núgildandi lögum um eftirlit með skipum. Það er alveg rétt, að í núgildandi lögum stendur þetta, eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. las upp, þannig að skipaskoðunarstjóra er óheimilt að taka að sér þau störf, sem þar greinir, fyrir félög eða opinbera aðila. N. telur þetta alveg nægilega afmarkað með því orðalagi, sem hún leggur til á síðasta málsl. 6. gr., þ. e. a. s. að hann orðist þannig: „Ekki má siglingamálastjóri eða aðrir, sem eru í fullu starfi hjá Siglingamálastofnuninni, hafa á hendi störf, sem ósamrýmanleg eru stöðum þeirra.“ Þarna hefði okkur í sjútvn. þessarar hv. d. í raun og veru fundizt nægilegt að setja punkt. En við höfum þó til þess að ágreiningurinn verði ekki jafnmikill milli d. um þetta atriði, fallizt á, að framhaldið standi, eins og við leggjum til, þ. e. a. s.: „Þannig er þeim ekki heimilt að vinna nein þau störf fyrir einkaaðila, sem háð kunna að verða þeirra eigin mati sem starfsmanna Siglingamálastofnunarinnar.“ Sjútvn. þessarar hv. d. telur, að með þessu orðalagi á þessu ákvæði sé það alveg nægilega tryggt, að siglingamálastjóri og starfsmenn hans fari ekki út fyrir það starfssvið, sem eðlilegt er, að þeir hafi.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar, en ég gleymdi, þegar ég tók til máls áðan, að minnast á eina breyt., sem gerð var á frv. í hv. Ed., þ. e. a. s. breyt. á 1. gr. frv. Við hana gerir sjútvn. enga aths., og hún stendur því eins og hún kom frá Ed.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til viðbótar við þau orð, sem hv. síðasti ræðumaður hafði hér fyrir hönd sjútvn. þessarar deildar.

Í sambandi við 6. gr., sem varðar Siglingamálastofnun ríkisins, Skipamálastofnun ríkisins eða Skipaskoðun ríkisins, eins og hv. Ed. vildi upprunalega hafa heitið á þessari virðulegu stofnun, – en hefur nú þegar viðurkennt, að það spannar ekki yfir það, sem þessi stofnun á að vinna, og hefur þess vegna breytt því heiti í Skipamálastofnun, vil ég aðeins taka það fram, þegar saumað er að, að því er ég tel, einum opinberum embættismanni, eins og reyndar er gert í gr. án þess að láta þann endahnykk á gr. fylgja með, sem gerður er, að þá vil ég aðeins láta skoðun mína á þessu máli koma í ljós á þann veg, að ríkisvaldið, ríkisstj. eða opinberir aðilar á hverjum tíma þurfa og eiga að geta leitað til embættismanns, sem er tæknimenntaður, til þess að ráðleggja þeim eða til þess að fylgjast með hlutum, þegar á þarf að halda, t. d. í sambandi við nýbyggingu skipa. Þetta hefur verið gert á undanförnum árum, ég vil segja allt frá því að vinstri stjórnin var hér við völd, en þá vissi ég til þess, að þeim embættismanni, sem skipar þessa stöðu, var falið fyrir hönd ríkisvaldsins að fylgjast með byggingu hinna svokölluðu austur-þýzku togara. Þetta hefur komið fyrir æ síðan, og nú vitum við, að þessi embættismaður, vegna þess að hann er embættismaður ríkisins, – hann er fulltrúi ríkisvaldsins, – hefur verið skipaður til þess að fylgjast með byggingu skipa, sem byggð eru á vegum ríkisins. Á ég þar við bæði hafrannsóknaskipið, sem hleypt var af stokkunum nú fyrir tveim eða þrem dögum, og skip það, sem hefur þegar hafið siglingu hér umhverfis landið, skip Skipaútgerðar ríkisins, Hekluna, en ég tel, að ef við samþykkjum frv. með þeirri hljóðan 6. gr., eins og Ed. leggur til, þá getum við ekki falið þessum embættismanni að fylgjast með því, sem er að gerast á þessu sviði. Ég tel það ekki frambærilegt fyrir okkur, að þeir ráðamenn, sem meiri hl. Alþ. á hverjum tíma felur að fara með þessi mál, í þessu tilfelli sjútvrh. eða siglingamrh., geti ekki leitað til embættismanns ríkisins til þess að láta hann fylgjast með fyrir hönd þeirra, sem standa í þessum framkvæmdum.

Ég tel því, að hér sé allt of langt gengið, sérstaklega þegar við horfum á þá hljóðan, sem á undan er í gr. Það er enn þá fastar kveðið á í þessari till. heldur en í núgildandi lögum um skipaeftirlit, þar sem aðeins er getið um sjálfan skipaskoðunarstjóra, að hann megi ekki hafa störf á hendi fyrir einkaaðila og aðra slíka eða opinbera aðila. Hér er talað um alla starfsmenn þessarar væntanlegu og núverandi stofnunar, þótt hún breyti um heiti, þannig að hér er auðvitað miklu fastar kveðið á heldur en áður var, og ég tel það gott og gilt, að við gerum það.

Ég tel, að það styðji enn frekar mál okkar og skoðanir okkar í sjútvn. þessarar hv. d., að við föllumst á skoðanir sjútvn. hv. Ed. um það, að það skuli setja á stofn sérstaka rannsóknarnefnd, sem fari með rannsókn sjóslysa, þó ekki einhliða, vegna þess að það eru önnur lög, sem kveða á um það, að bæði siglingadómur og sjódómur fari með rannsókn þeirra mála, sem heyra þeim til.

Ég vil taka það fram persónulega, og ég mæli þar fyrir munn, held ég, allra nm. í sjútvn., að auðvitað kjósum við frekar, að til sé slík n., sem jafnvel hafi aðstöðu til þess að rannsaka slík mál, ef þau e. t. v. varða þetta embætti, sem á að fylgjast með öryggismálum. Við höfðum hins vegar nokkuð í huga, að þetta mun valda ærnum kostnaði fyrir þjóðfélagið, og við töldum, að það væri hægt að binda þetta tvennt saman, og við reynum það enn í þessum brtt., sem við flytjum, að spara nokkuð bæði skriffinnsku, skrifstofumennsku

og annað þess háttar, sem þessu starfi mun fylgja. Vegna þess, hvað þessir menn eiga að gera, þá reynum við að tengja það nokkuð saman, þannig að þarna eigi að vera um nokkurt samstarf að ræða, því að við erum allir í sjútvn. Nd. sammála um, að það er útilokað að skera frá embætti Siglingamálastofnunarinnar eða frá þeim mönnum, sem þar vinna við það að fylgjast með sjóslysum, fylgjast með rannsóknum þeirra og koma á framfæri ekki aðeins við byggjendur skipa, heldur og útgerðarmenn og sjómenn því, sem má að finna í sambandi við búnað og annað, þannig að þetta verður að tengja saman.

Okkar meginröksemd við fyrri umr. í sambandi við þetta mál gegn því að samþykkja óbreytt það, sem kom frá hv. Ed., var það, að þetta var ótengt saman. Ég tel hins vegar, að eins og þetta hljóðar nú, komið frá sjútvn. þessarar d., þá sé búið að tengja þetta svo mikið saman, komið til móts við skoðanir sjútvn. hv. Ed., að allir megi vel við una. Látum það vera, þótt það komi fyrir á einum áratug einu sinni, að mál fari fyrir Sþ. Ég held, að það megi þá gjarnan koma fyrir einu sinni, ef tvær n., frá hvorri d., eru ósammála, að þær þá ræði um málin, en ég held, að það eigi ekki að þurfa miklar umr. um þetta úr þessu.

Hitt er annað mál, að ég veit og geri mér grein fyrir því, að það er andstaða enn gegn þessu nafni á þessari stofnun, sem upprunalega var í frv., sem ríkisstj. lagði fyrir hv. Alþ., en eins og við sjáum hér í hv. d. í dag, hefur hv. Ed. viðurkennt það, að það nafn, sem hún lagði til áður en málið kom til okkar í fyrstu, nær ekki yfir þá starfsemi, sem þessari stofnun er ætlað að sinna og hún sinnir nú þegar.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef nú hlýtt með athygli á mál hv. frsm. sjútvn. og annars hv. þm., sem ég ætla að einnig sitji í sjútvn., um þetta mál og þessar brtt., sem hér liggja fyrir. Eftir að hafa hlýtt á þetta sýnist mér, að hér sé um vissan ágreining að ræða og að vel megi vera, að sjútvn. þessarar d. hafi að einhverju leyti réttara fyrir sér, og ég get samþ. sumt af því, sem hún leggur til. En mér sýnist hér eftir lýsingu þessara tveggja hv. sjútvn.-manna vera um minni háttar ágreining að ræða, þótt vel megi vera, að málstaður þeirra sé, þegar þetta er allt tekið saman, ekki síðri en n. í Ed. En mér sýnist vera um minni háttar ágreining að ræða miðað við önnur atriði, sem í frv. felast, sem okkur var tjáð hér fyrr á þingi, að þyrftu endilega fram að ganga. Þess vegna sýnist mér það nálgast ofurkapp, sem fram kom hjá öðrum sjútvn.-manninum, þegar hann sagði, að hann vildi heldur láta frv. falla en láta af þessu stríði við sjútvn. Ed. Mér fannst nú á þessum umr. eins og í þessu kynni að vera eitthvað persónulegt í sambandi við skipaskoðunina. Það læt ég mig engu varða og kæri mig ekki um að taka neina afstöðu til manna, sem í þessari stofnun starfa, á neinn hátt, en eftir að ég hef hlustað á þessar ræður, þá sýnast mér ekki, eins og á stendur, meginástæður til þeirra breyt., sem n. leggur til, sem ég játa þó að sumar eru til bóta. En sumar eru lítilvægar, eins og t. d. heitið á stofnuninni. Það skiptir ekki máli, hvort það er Siglingamálastofnun eða Skipamálastofnun.

Það verður því niðurstaðan hjá mér, að ég vil heldur greiða atkv. gegn þessum till. n. núna við þessa einu umr. en eiga það á hættu, að frv. fari í Sþ. og gangi ekki fram á þinginu nú á allra síðustu stundu. Með þessu er ég ekki út af fyrir sig að taka afstöðu til þeirra atriða, sem hér kann að vera deilt um, heldur öllu fremur annarra atriða, sem í frv. eru, sem mér finnst nauðsynlegt að gangi fram.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 90. og 91. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 92. fundi í Nd., 30. apríl, var fram haldið einni umr. um frv.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins gera hv. þd. grein fyrir því, hvernig afgreiðsla þessa máls og fylgifrv. þess stendur. Eins og hv. þm. er sjálfsagt vel ljóst, hefur þarna orðið árekstur milli d. út af afgreiðslu umræddra mála, þannig að frv. þurfa að fara fyrir Sþ. Ég mætti á fundi hjá sjútvn. hv. Ed. í morgun, og niðurstaðan af þeim fundi varð sú, að það náðist samkomulag um það milli sjútvn. Ed. annars vegar og mín hins vegar að mæla með samþykkt frv. í Sþ. í dag, eins og þau verða eftir afgreiðslu þessa fundar, með einni smábreytingu þó, sem við flytjum, ég og hv. formaður sjútvn. Ed. Þótt þessi frv. þurfi að fara fyrir Sþ., þarf það ekki að torvelda framgang þeirra, eins og nú er komið málum.

ATKVGR.

Brtt. 776,1 samþ. með 23:2 atkv.
– 776,2 samþ. með 26 shlj. atkv.
– 776,3 samþ. með 29:2 atkv.
– 776,4 samþ. með 26 shlj. atkv.
– 776,5 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Sþ., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um Siglingamálastofnun ríkisins.

Á 51. fundi í Sþ., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 803).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá einni umr. í Nd. – Afbrigði leyfð og samþ. með 45 shlj. atkv.

Jón Árnason: Herra forseti. Mál þetta, frv. til l. um Siglingamálastofnun ríkisins, sem nú kemur til endanlegrar afgreiðslu í Sþ., hefur áður í hvorri þd. verið tekið til umr. og afgreiðslu. Það er ekki ætlun mín við þetta tækifæri að taka upp á ný efnislegar umr. um þann málefnalega ágreining, sem fyrir hendi hefur verið milli hv. sjútvn. þd. Ég tel, að málum sé nú þannig komið, að báðir aðilar ættu eftir atvikum að geta fellt sig við afgreiðslu málsins.

Ein þýðingarmesta breyt., sem á frv. verður og öðrum þeim frv., sem eru fylgimál við þetta frv., er ákvæðið um rannsóknarnefnd sjóslysa, starfssvið hennar og heimild til ráðningar á sérstökum starfsmanni. Á þetta lögðum við í sjútvn. Ed. megináherzlu, þegar málið var þar til umr. og afgreiðslu. Við teljum, að

sjóslysamálin eða sjóslysin, sem átt hafa sér stað hér við land á undanförnum árum, séu svo mikilsverð, að það megi ekki láta neins ófreistað til þess að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að ráða þar bót á, eftir því sem við verður komið.

Varðandi 6. gr. frv. var það till. sjútvn. Ed., að siglingamálastjóri eða aðrir þeir starfsmenn, sem eru í fullu starfi hjá stofnuninni, megi ekki hafa á hendi störf, sem eru ósamrýmanleg stöðum þeirra. Þannig er þeim ekki heimilt að vinna nein þau störf fyrir einkaaðila, félög eða opinberar stofnanir, sem háð kunna að verða þeirra eigin mati sem starfsmanna Siglingamálastofnunarinnar. Þetta orðalag, sem ég hef nú greint frá, er óbreytt frá því, sem er í gildandi lögum. Við síðustu umr. í hv. Nd. um málið voru felld niður úr síðasta málsl. 6. gr. orðin „félög og opinberar stofnanir". Nú vil ég, herra forseti, leyfa mér að lýsa skriflegri brtt., sem við hv. 5. þm. Vestf., formaður sjútvn. Nd., flytjum, og till. hljóðar svo, með leyfi forseta, – það er brtt. við frv. til l. um Siglingamálastofnun ríkisins: „Við 6. gr. Á eftir orðunum „fyrir einkaaðila" í síðustu mgr. komi: eða félög." Þannig verður það þá, að aðeins opinberar stofnanir vantar þá í frv. frá því, sem Ed. lagði til.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta mál. Nafnbreytingin á frv. tel ég ekki að sé svo mikils virði eða skipti svo miklu máli, að það sé hægt til lengdar að gera sérstakan ágreining út af því, og leyfi mér því að biðja hæstv. forseta um að leita afbrigða fyrir brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 820) leyfð og samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 820 samþ. með 38 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 835).

48. Skipamælingar.

Á 1. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um skipamælingar [5. mál] (stjfrv., A. 5).

Á 3. fundi í Ed., 16. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 4. fundi í Ed., 21. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 515, 516).

Frsm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 515 hefur umrætt frv. legið nokkuð lengi hér í d., sem stafar af því, að það var í nokkrum tengslum við mál, er d. fékk á sínum tíma, sem var 50. mál Ed., þ. e. a. s. frv. um Siglingamálastofnunina. N. hefur nú afgr. það frv., og til þess að hafa samræmi í texta urðum við að breyta orðalagi, og gerum við það í einni brtt., sem er á þskj. 516. Að öðru leyti er n. sammála um að mæla með frv., þar sem ekki er um efnislegar breytingar að ræða frá gildandi lögum, heldur samræmingaratriði.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 516 samþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

3.–17. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 557).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 72. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 73. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. – Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 28 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 557, n. 625, 626).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Eins og ég gat um áðan, þá er þetta frv. fylgifrv. með því frv., sem hv. d. afgreiddi hér næst á undan.

Endurskoðun laga um skipamælingar er nauðsynleg vegna þess, að ný alþjóðasamþykkt um mælingar skipa, International Convention on Tonnage Measurements of Ships, var undirrituð í London, m. a. af Íslands hálfu, hinn 23. júní 1969, og gert er ráð fyrir, að hún taki alþjóðlegt gildi fljótlega. Með 2. gr. frv. er heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd þessa alþjóðasamþykkt, en þar til sú samþykkt tekur gildi hér skal mæla skip samkvæmt svonefndri Oslóarsamþykkt um skipamælingar frá 1947 ásamt síðari breytingum.

Í hv. Ed. komu ekki fram neinar brtt. við þetta frv. aðrar en þær, sem fylgdu breyt., sem d. gerði á heiti stofnunarinnar úr Siglingamálastofnun í Skipaskoðun ríkisins. Samkvæmt því, sem hv. d. hefur þegar ákveðið í sambandi við frv. til l. um Siglingamálastofnun ríkisins, þ. e. að breyta heiti stofnunarinnar aftur í upphaflegt horf, leggur sjútvn. til, að við 2. gr. frv. komi í stað orðsins „skipaskoðunarstjóri", og hvarvetna síðar í frv. í viðeigandi beygingarföllum: siglingamálastjóri. Þetta

er eina brtt., sem sjútvn. flytur við þetta frv. Að öðru leyti mælir hún með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 626 samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
3.–17. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 670).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 79. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 82. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til einnar umr. (A. 670, 736).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 736 samþ. með 19 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 89. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 762).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. – Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Sjútvn. d. hefur athugað þetta frv., eftir að það kom aftur til hv. d. frá Ed. N. hefur orðið sammála um að flytja við frv. þá einu brtt. við 2. gr. þess, að í stað orðsins „skipamálastjóri“ í gr. og hvarvetna síðar í frv. komi í viðeigandi beygingarföllum: siglingamálastjóri. Með þessari breyt. leggur sjútvn. d. til, að frv. verði samþ.
Ég veit ekki, hvort búið er að útbýta prentaðri till. n. um þetta. Ég flyt hana þess vegna skriflega og bið hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 779) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 90. og 91. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til frh. einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 92. fundi í Nd., 30. apríl, var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 779 samþ. með 23 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Sþ.

Á 51. fundi í Sþ., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 804).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá einni umr. í Nd. – Afbrigði leyfð og samþ. með 45 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 836).

---

49. Skráning skipa.

Á 1. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um skráningu skipa [6. mál] (stjfrv., A. 6).

Á 3. fundi í Ed., 16. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 4. fundi í Ed., 21. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 6, n. 513, 514).

Frsm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég get leyft mér að vitna í þann formála, sem ég hafði við afgreiðslu á 5. máli d. Það sama á við um afgreiðslu þessa máls. Hér leggjum við til breytingu á texta varðandi orðalag til samræmingar við frv. um Skipaskoðun ríkisins.
Ég vil vekja athygli á því, að með samþykkt þessa frv. og samþykkt á frv. um Skipaskoðun ríkisins er Skipaskoðuninni fengið aukið valdsvið eða starfssvið, sem er viðurkennt í lögum. Reyndar var þetta á hendi stofnunarinnar áður, en var kallað Skráningarstofa, en nú er þetta tekið undir Skipaskoðun ríkisins, og er það aðeins formsatriði. Framkvæmdin mun verða hin sama og verið hefur. N. hefur þess vegna mælt einróma með frv., en gerir brtt. á þskj. 514 um orðalag.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 514,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 514,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
5.–27. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 558).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 72. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 73. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. – Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til sjútvn. með 28 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 558, n. 627, 628).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Eins og áður hefur fram komið, er þetta frv. fylgifrv. með frv. til l. um Siglingamálastofnun ríkisins. Skráning skipa samkv. gildandi lögum er talin óþarflega þunglamaleg og flókin í framkvæmd, og miða breytingarnar, sem frv. gerir ráð fyrir, að því að auðvelda skráninguna og gera hana einfaldari. Samkv. gildandi lögum eru nú haldnar tvær skipaskrár um sama efni, þ. e. a. s. skipaskrár í héruðum, eða umdæmisskipaskrár, og aðalskipaskrá á skráningarstofu fyrir allt landið.

Fullyrða má, að frá því að skipaskráning íslenzkra skipa var tekin upp fyrir réttum 100 árum, hafi aðstæður gerbreytzt svo, að full ástæða sé til endurskoðunar á grundvallaratriðum. Með tilliti til greiðra samgangna og fjarskiptasambanda er ekki lengur ástæða til þessa tvíverknaðar. Núverandi tilhögun hefur í för með sér aukinn kostnað bæði fyrir einstaklinga og hið opinbera og margs konar óþarfa fyrirhöfn fyrir lögreglustjórana og skráningarstofuna, m. a. vegna stöðugra bréfaskrifta, símtala og skeytasendinga. Þess vegna er með frv. gerð sú breyting, að skráningarstarfsemin verði á einum stað fyrir allt landið, hvar sem skip eða eigandi þess á heimili.

Um þinglýsingarskrár og samræmingu þeirra við aðalskipaskrá er rætt nánar í grg. með frv., og sé ég ekki ástæðu til að rekja það hér fyrir hv. þd., þar sem það er gerð mjög ítarleg og skilmerkileg grein fyrir þeim þætti málsins.

Sjútvn. hv. d. mælir einróma með samþykkt þessa frv. með þeim breyt., sem n. flytur á þskj. 628. Þar er eingöngu um að ræða brtt., sem leiðir af þeirri nafnbreytingu á stofnuninni, sem hv. d. hefur þegar samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 628,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 628,2 samþ. með 26 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
5.–27. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 671).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 79. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 82. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til einnar umr. (A. 671, 737).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 737,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
– 737,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 89. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 763).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. – Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur athugað þetta frv., eftir að það kom aftur til hv. d. frá Ed. N. er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. með svo hljóðandi breytingum:

„1. Við 3. gr. Í stað orðsins „skipamálastjóri“ í gr. og hvarvetna síðar í frv. komi í viðeigandi beygingarföllum: siglingamálastjóri.

2. Við 4. gr. Í stað orðsins „Skipamálastofnun“ í gr. og hvarvetna síðar í frv. komi í viðeigandi beygingarföllum: Siglingamálastofnun.“

Með þessari breyt. leggur sjútvn. til, að frv. verði samþ. Till. mun ekki enn hafa verið útbýtt prentaðri, og leyfi ég mér að leggja hana fram skriflega og bið hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 778) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 90. og 91. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til frh. einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 92. fundi í Nd., 30. apríl, var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 778 samþ. með 28 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Sþ.

Á 51. fundi í Sþ., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 805).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá einni umr. í Nd. – Afbrigði leyfð og samþ. með 45 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 837).

50. Eftirlit með skipum.

Á 6. fundi í Ed., 27. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um eftirlit með skipum [48. mál] (stjfrv., A. 50).

Á 7. og 9. fundi í Ed., 28. okt. og 3. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Ed., 4. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég verð að byrja með því að biðja hv. þdm. afsökunar á röddinni og vona, að þeir virði mér það til vorkunnar, þótt ég reyni að koma þessu frv. til n., þar sem langt er síðan því var útbýtt.

Samhliða þessu frv. til l. um eftirlit með skipum er lagt fram hér frv. til l. um Siglingamálastofnun ríkisins, sem er heildarlög um stofnun þá, sem mun sjá um framkvæmd laga um eftirlit með skipum.

Það er fyrir nokkru orðin brýn nauðsyn að endurskoða þessi lög og reglugerðir, sem settar hafa verið samkv. þeim. Þróun þessara mála hefur verið ör bæði innanlands og á alþjóðavettvangi. Hugmyndin var, þegar frv. til l. um Siglingamálastofnun ríkisins sem heildarlög, var lagt fyrir Alþ. á 88. löggjafarþingi, að þá þegar yrði unnið að undirbúningi sérlaga fyrir hvert af hinum nauðsynlegustu verkefnum stofnunarinnar: eftirliti með skipum, skipaskráningu og skipamælingu, en í heildarlögunum getið þeirra annarra verkefna, sem ekki þurfti nánari sérlög um. Frv. um Siglingamálastofnun ríkisins var vísað til ríkisstj. til frekari athugunar, svo sem fram mun koma við umr. um það mál. Samhliða eru svo lögð fyrir Alþ. það, er nú situr, þessi frv., er áður var getið.

Endurskoðun laga um eftirlit með skipum hefur að beiðni samgmrn. annazt Þórður Eyjólfsson dr. juris, fyrrv. hæstaréttardómari, í samráði við skipaskoðunarstjóra. Þá fylgir grg. með frv., en þar er gerð ljós grein fyrir þróun þessara mála í alþjóðlegri og íslenzkri löggjöf.

Síðan þessi lög voru sett, hafa komið fram nýjar reglur um öryggi mannslífa á hafinu með samþykkt á þingi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, sem undirrituð var í London 17. júní 1960, almennt kölluð alþjóðasiglingareglur.

Hér skulu ekki gerðar frekari aths. við einstakar gr. þessa frv. til l. um eftirlit með skipum. Breyt. þær, sem frv. felur í sér, koma nokkuð til móts við till. sjóslysanefndar varðandi rannsókn á sjóslysum. Leitað var álits formanns siglingadóms um þessi atriði, og tjáði hann sig vera frv. fylgjandi. Þessara atriða og fleiri varðandi siglingadóm, sjódóm og rannsókn sjóslysa er getið nánar í grg. með frv.

Ég tel ekki, herra forseti, ástæðu til að fara frekari orðum um þetta frv., nema tilefni gefist til, en legg til, að því verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 50, n. 510, 511, 540).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. til l. um eftirlit með skipum hefur sjútvn. þessarar hv. d. haft til athugunar um alllangan tíma. Eins og fram kemur í nál. um málið, eru viss tengsl milli þessa frv. og annars máls, sem hér hefur verið til umr., þ. e. frv. til l. um Siglingamálastofnun ríkisins. Það varð því ekki hjá því komizt að fresta afgreiðslu þessa frv., þar til n. hafði lokið athugun sinni á frv. til l. um Siglingamálastofnun ríkisins. Með hliðsjón af afgreiðslu n. varðandi það frv. og í samræmi við það eru m. a. brtt. n. við þetta mál.

Þar er fyrst lagt til, að í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í þessu frv. komi: Skipaskoðun ríkisins.

Aðrar brtt., sem n. hefur leyft sér að flytja við frv. á sérstöku þskj., eru í fyrsta lagi, að lagt er til, að við 38. gr. komi nýr töluliður, sem verður 4. töluliður, svo hljóðandi: „Að birta árlega niðurstöður rannsókna á sjóslysum.“ Samhljóða ákvæði þessu var fellt niður úr frv. til l. um Siglingamálastofnun ríkisins. Það var álit n., að þetta verkefni gæti farið saman við önnur verkefni siglingadóms, sem upp eru talin í 38. gr. frv.

Hin alvarlegu sjóslys, sem átt hafa sér stað á íslenzka bátaflotanum, kalla á, að eitthvað raunhæft sé gert til þess að upplýsa orsakir sjóslysanna. Það er álit margra reyndra sjómanna, að með auknu eftirliti, fræðslu og leiðbeiningum um slysavarnir mætti draga verulega úr sjóslysahættunni. Í þeim efnum má einskis láta ófreistað. Það er álit sjútvn. þessarar hv. þd., að sjódómurinn einn út af fyrir sig leysi ekki þann vanda, sem hér er á höndum. Fyrir því hefur n. leyft sér að bera fram brtt. við frv., sem fela það í sér, að ráðh. skipi sérstaka nefnd til 6 ára í senn, Rannsóknarnefnd sjóslysa. Hlutverk n. skal vera m. a. að safna upplýsingum, sem gætu skýrt eða upplýst orsakir sjóslysa, og miðla slíkum upplýsingum til þeirra, sem hér eiga mest í húfi. Þessar brtt. n. eru við 43. gr. frv. og hljóða svo, með leyfi forseta:

„44. gr. Ráðh. skipar 5 menn í Rannsóknarnefnd sjóslysa til 6 ára í senn, fjóra samkv. tilnefningu eftirtalinna aðila: Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna, Sjómannasambands Íslands, Slysavarnafélags Íslands, og formann, sem ráðh. skipar án tilnefningar.

Hlutverk Rannsóknarnefndar sjóslysa er að fylgjast eftir föngum með starfi sjódóma, safna saman upplýsingum, sem skýrt geta eða upplýst orsakir sjóslysa, miðla slíkum upplýsingum til sjómannaskóla, sjó-

manna og útgerðarmanna og gera tillögur um ráðstafanir til að draga úr slysahættu á sjó.

45. gr. Rannsóknarnefnd sjóslysa ræður í þjónustu sína siglingafróðan mann, sem hefur það verkefni að upplýsa orsakir sjóslysa og koma á framfæri leiðbeiningum um slysavarnir og varúðarráðstafanir.

Ber starfsmanni n. að mæta við sjópróf, ef um er að ræða manntjón eða veruleg meiðsli manna. Skal starfsmaður í samráði við n. og skólastjóra sjómannaskóla landsins skipuleggja meðal sjómannaefna kennslu í slysavörnum, er miðist við að skýra helztu orsakir sjóslysa hér við land og hvernig unnt sé að forðast þau. Verksvið starfsmanns Rannsóknarnefndar sjóslysa ákvarðast nánar með reglugerð, sem ráðh. setur að fengnum till. nefndarinnar.

46. gr. Ráðh. ákveður laun starfsmanns Rannsóknarnefndar sjóslysa að fengnum till. n. Ferðakostnaður starfsmanns og önnur nauðsynleg útgjöld Rannsóknarnefndar sjóslysa greiðast eftir reikningi, er ráðh. úrskurðar."

N. taldi ekki rétt að kveða nánar á um laun starfsmanns Rannsóknarnefndarinnar. Það er eðlilegt, að reynslan skeri úr um það, að hve miklu leyti starfið samrýmist öðrum störfum, t. d. kennslu við sjómannaskóla eða annað þess háttar.

Í VI. kafla frv., 29. gr., eru ákvæði um hleðslumerki skipa. Er þar vitnað til þess, að þau íslenzk skip, sem hleðslumerkjasamþykkt, er gerð var í London 5. apríl 1966, nái til, skuli hafa alþjóðahleðslumerkjaskírteini samkv. fyrri samþykktum. Þessi alþjóðasamþykkt tók gildi hinn 21. júlí 1968. Hún hefur þegar verið undirrituð af Íslands hálfu, en ríkisstj. hefur enn ekki staðfest hana, þar sem slíkrar heimildar hefur ekki verið aflað fyrr. Verði þetta ákvæði frv. samþ., öðlast ríkisstj. heimild til að staðfesta þessa alþjóðasamþykkt um hleðslumerki, en síðasti frestur til þess mun renna út í ágústmánuði n. k.

Herra forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta mál. Ég vænti, að hv. þdm. samþykki brtt. n. og að frv., þannig breyttu, verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 540 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 511,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
5.–6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 511,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
9.–11. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
12.–21. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
22.–28. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
29.–33. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
34.–36. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
37. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 511,3 samþ. með 15 shlj. atkv.
38. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
39.–42. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
43. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 511,4 (þrjár nýjar gr., verða 44.–46. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

44.–56. gr. (verða 47.–59. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 559, 540).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 540 samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 72. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 568).

Á 73. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. – Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til sjútvn. með 27 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 568, n. 629, 630).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Svo sem áður er að vikið, er þetta frv. einnig fylgifrv. með frv. til l. um Siglingamálastofnun ríkisins.

Endurskoðun laga um eftirlit með skipum er orðin mjög brýn vegna örrar þróunar þessara mála, en núgildandi lög eru að meginstofni til frá 1947, þótt gjaldskrárgrein o. fl. væri breytt 1959. Tæknileg þróun öryggismála á sjó hefur verið ör þessi ár, eins og ég áðan sagði, og gerðar eru vaxandi kröfur um nákvæmar reglur um einstök atriði, er varða öryggi sjófarenda. Þess vegna er með þessu frv. gert ráð fyrir að breyta lögunum þannig, að reglur verði settar um ýmis sératriði. Skal þá sérstaklega nefna stöðugleika skipa. Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur undanfarin ár unnið að rannsókn þessara mála og gert till. að ákvæðum um stöðugleikamörk ýmissa gerða skipa.

Frv. gerir ráð fyrir í 22. gr., a-lið, að íslenzkar reglur verði settar um þessi brýnu nauðsynjamál til aukins öryggis á sjó. Sérreglur um eldvarnir í skipum eru settar samkv. 22. gr., c-lið. Sama gildir um 22. gr., d-lið, varðandi björgunartæki. Í 22. gr., f-lið, er gert að skyldu, að öll íslenzk skip með þilfari skuli búin talstöð eða loftskeytastöð, í stað þess að krafan nær nú eingöngu til skipa 15 brúttórúmlesta eða stærri, ef þau sigla meira en 3 sjómílur frá landi. Talstöðvar eru mikið öryggismál, og tilkynningaskyldan kemur ekki að fullum notum, nema skipin séu búin talstöðvum, enda eru nú fáanlegar handhægar talstöðvar fyrir lítil þilfarsskip. Breyting er og gerð á f-lið 22. gr., varðandi öryggisskírteini fyrir talstöðvar, í samræmi við ákvæði alþjóðasamþykktar um öryggi mannslífa á hafinu frá 1960.

Í núgildandi lögum er ekki gert ráð fyrir, að skip séu smíðuð á Íslandi úr öðru efni en tré. Þetta hefur breytzt mikið á síðari árum og því nauðsyn á lagabreytingum og breyttum reglum í samræmi við það. Var gerð um þetta samþykkt á ráðstefnu íslenzkra skipasmíðastöðva og iðnaðarmanna og þess óskað, að hraðað verði setningu íslenzkra reglna í samræmi við breyttar aðstæður.

Ég vil í sambandi við þetta atriði geta þess, að á fundi sjútvn. mættu fulltrúar Verkfræðingafélags Íslands. Þeir töldu, að stálskip hér á landi ætti eingöngu að byggja eftir flokkunarreglum erlendra flokkunarfélaga, sem hlotið hafa viðurkenningu víðs vegar um heim. Það kom fram hjá þeim, að þeir töldu, að Íslendingum væri ekki heimilt að smíða eftir þessum skipasmíðareglum nema með samþykki viðkomandi flokkunarfélaga. Að gefnu þessu tilefni kynnti ég mér þetta atriði sérstaklega. Niðurstaðan af þeirri athugun er sú, að við höfum hér á landi fullt leyfi viðkomandi flokkunarfélaga, sem íslenzk yfirvöld hafa viðurkennt, til þess að nota *smíðareglur þeirra, eins og íslenzkar væru.* A-liður 26. gr. frv. er því um nýsmíði skipa, og ýmis fyrirmæli látin ná jafnt til tréskipa sem stálskipa, enda enginn verulegur munur lengur á notkun skipanna eftir því, úr hvaða efni þau eru smíðuð.

Í 29. gr. frv. er tekið fram, að um hleðslumerki íslenzkra skipa skuli farið eftir alþjóðamerkjasamþykkt, er undirrituð var í London 5. apríl 1966. Felst í því heimild fyrir ríkisstj. að staðfesta hana, ef þetta ákvæði verður lögtekið. Þessi hleðslumerkjasamþykkt tók alþjóðlegt gildi 21. júlí 1968, og eldri alþjóðasamþykktin frá 1930, sem Ísland hefur ekki enn sagt upp, hættir að hafa alþjóðlegt gildi 21. júlí 1970. Vegna siglinga íslenzkra skipa til erlendra hafna er því brýn nauðsyn, að Ísland staðfesti samþykktina frá 1966. Tími er þegar orðinn mjög naumur til stefnu, eins og oft hefur verið bent á áður, því að eftir staðfestingu Íslands þarf að ganga frá íslenzkum reglum, semja og prenta ný íslenzk hleðslumerkjaskírteini og síðast en ekki sízt að reikna út *ný hleðslumerki fyrir öll íslenzk skip, framkvæma* hleðslumerkjaskoðun og breyta hleðslumerkjum á hliðum skipanna, þar sem þess kann að gerast þörf. M. a. af þessari ástæðu er mjög nauðsynlegt, að þetta frv. verði afgr. af Alþ. því, er nú situr.

Felld eru niður ákvæði 4. málsgr. 38. gr. gildandi laga varðandi síldveiðiskip, og ráðh. er þar með veitt heimild til að setja reglur um hleðslu allra fiskiskipa. Alþjóðahleðslumerkjasamþykktin nær ekki til fiskiskipa, en Alþjóðasiglingamálastofnunin vinnur nú að athugun varðandi lágmarksfríborð fyrir fiskiskip í sambandi við lágmarkskröfur um stöðugleika fiskiskipa. Hygg ég, að mér sé óhætt að segja, að framlag Íslands til þeirra mála sé hið merkilegasta.

Í 33. gr. er ákveðið, að alþjóðaákvæði skuli gilda um flutning á hættulegum varningi á íslenzkum skipum, *svo og lausu korni, og gert er ráð fyrir,* að settar verði sérreglur um fermingu og affermingu skipa og um flutning á dýrum.

Í VIII. kafla frv. eru gerðar breyt. á hlutverki siglingadóms. Þessar breyt. eru í samræmi við till. sjóslysanefndar frá 30. marz 1965, en formaður siglingadóms, Hákon Guðmundsson, hefur í bréfi, dags. 13. sept. 1969, stutt þessar breytingar. Auk þess styður hann álit sjóslysanefndar, að því er varðar nauðsyn á ítarlegri frumprófun hjá sjódómum, og að nærtækt væri og hagkvæmt, að embætti skipaskoðunarstjóra hefði á að skipa manni, er gæti verið viðstaddur sjópróf, hvar sem væri á landinu, og hefði að lögum aðstöðu til að bera fram spurningar og beina rannsóknum inn á þær brautir, er tryggi, að ítarlegar og alhliða skýrslur séu gefnar um þau atriði, sem sjódómurinn og skipaskoðunarstjóri telja máli skipta. Í þetta bréf hef ég áður vitnað í sambandi við frv. um Siglingamálastofnun ríkisins.

Ég vil geta þess í þessu sambandi, að undanfarin ár hefur skipaskoðunarstjóri farið fram á það í fjárlagatillögum sínum að fá heimild til að ráða sérstakan mann til þessara starfa, en því hefur jafnan verið synjað af sparnaðarástæðum. Þótt þau frv., sem hv. d. hefur þegar afgr., og þetta frv., sem hér er til umr., geri ekki ráð fyrir annarri fjölgun starfsliðs hjá Siglingamálastofnuninni, þá tel ég, að hér sé um svo verulegt öryggisatriði að ræða, að rétt sé að verða við till. siglingamálastjóra hvað þetta snertir. Till. er auk þess studd af ýmsum öðrum aðilum, og í samræmi við þessar till. eru þær brtt., sem sjútvn. hv. d. flytur á þskj. 630.

Þess misskilnings virðist oft hafa gætt, að það væri Siglingamálastofnunin, sem hefði á höndum rannsókn sjóslysa, en vitanlega eru það sjódómar og aðrir reglulegir dómar, sem hafa slíka rannsókn með höndum. Það, sem á hefur skort, er það, að niðurstöður af rannsóknum sjóslysa væru birtar og úr þeim væri unnið, þannig að draga mætti af þeim lærdóm og styðjast við þær í framkvæmd öryggismálanna. Úr þessu er ætlunin að bæta á þann hátt, sem sjútvn. leggur til. Við í sjútvn. þessarar hv. d. teljum, að till. okkar, eins og þær liggja fyrir, tryggi betur sambandið, annars vegar milli dómstólanna og Siglingamálastofnunarinnar, og hins vegar *milli þeirra aðila, sem þurfa að kynna sér niðurstöður* rannsóknanna, heldur en þær till., sem gerðar voru varðandi þetta efni í hv. Ed. Í þeim till. virtist n. skorta á, að samhengið í þessu væri nægilega skýrt. Þess vegna hefur n. gert þessar brtt. við frv., en ég tek fram, að þær stefna í raun og veru að því sama, sem vakti fyrir hv. Ed., þegar hún setti þessi ákvæði inn í frv.

Ég vona, að það fyrirkomulag um samræmt samstarf þeirra aðila, sem við leggjum til, að um þetta fjalli, geti leyst þann vanda í sambandi við rannsóknir sjóslysa, sem oft hefur borið á góma í sambandi við flutning till. til þál. um endurskoðun laga um rannsókn sjóslysa.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, nema sérstakt tilefni gefist, að fara um þetta frv. miklu fleiri orðum. Brtt., sem n. leggur til á þskj. 630, eru eingöngu breyt., sem leiðir af þeirri breytingu á nafni stofnunarinnar, sem hv. þd. hefur þegar samþ., nema sú till. um sérstakan starfsmann við Siglingamálastofnunina, sem skuli fylgjast með rannsóknum sjóslysa. Hún er 5. till. á þskj. og er við 44. gr. og hljóðar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Við Siglingamálastofnunina skal starfa siglingafróður maður, er hafi það meginverkefni að kanna orsakir sjóslysa. Skal hann mæta við sjópróf, ef um er að ræða manntjón, veruleg meiðsli manna eða meiri háttar eignatjón, og hefur hann þá fyrir dómnum að öllu leyti sama rétt og eftirlitsmaður samkv. ákvæðum 39. gr.“

Hér vil ég skjóta því inn í, að samkv. ákvæðum þessarar tilvitnuðu gr. hefur eftirlitsmaður rétt til þess að bera fram spurningar og leggja fram gögn fyrir sjódómi og enn fremur að krefjast framhaldsrannsóknar, ef honum þykir með þurfa.

Ég les þá áfram gr.:

„Með honum skulu vinna að þessum málum fjórir menn skipaðir af ráðh. til sex ára í senn samkv. tilnefningu þessara aðila: Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna, Sjómannasambands Íslands og Slysavarnafélags Íslands.

Samstarfsnefnd þessi skal fylgjast eftir föngum með starfi sjódóma og siglingadóms, safna saman upplýsingum, sem skýrt geta eða upplýst orsakir sjóslysa, koma á framfæri leiðbeiningum um slysavarnir og varúðarráðstafanir, miðla slíkum upplýsingum til sjómannaskóla, sjómanna og útgerðarmanna og gera till. um ráðstafanir til að draga úr slysahættu á sjó.

Framangreindur starfsmaður Siglingamálastofnunarinnar skal í samráði við samstarfsmenn sína í n., þegar þess er óskað af skólastjórum sjómannaskóla, skýra fyrir nemendum helztu orsakir sjóslysa hér við land og hvernig unnt sé að forðast þau.

N. semur grg. um rannsóknir sjóslysa og ályktanir sínar í því efni. Siglingamálastofnunin birtir niðurstöður n. árlega eða oftar, þegar sérstök ástæða þykir til. Ferðakostnaður og önnur nauðsynleg útgjöld n. greiðist eftir reikningi, er ráðh. úrskurðar."

Ég leyfi mér svo, herra forseti, fyrir hönd sjútvn. að mæla með því, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem fram koma á þskj. 630.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 630,1 samþ. með 27 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
5.–7. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 630,2 samþ. með 28 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
9.–11. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
12.–21. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
22.–28. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
29.–33. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
34.–37. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 630,3 samþ. með 27 shlj. atkv.
38. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 630,4 samþ. með 28 shlj. atkv.
39. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
40.–43. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 630,5 (ný 44. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 630,6 (45. gr. falli niður) samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 630,7 (46. gr. falli niður) samþ. með 28 shlj. atkv.
47.–53. gr. (verða 45.–51. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
54.–56. gr. (verða 52.–54. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 674).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 79. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 82. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til einnar umr. (A. 674, 738).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 738,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
– 738,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
– 738,3 samþ. með 19 shlj. atkv.
– 738,4 samþ. með 18 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 89. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 765).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. – Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur athugað þetta frv., eftir að það kom aftur til hv. d. frá Ed. Sjútvn. er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. með svo hljóðandi breyt., sem ég les, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Við 4. gr. Í stað orðsins „Skipamálastofnun" í gr. og hvarvetna síðar í frv. komi í viðeigandi beygingarföllum: Siglingamálastofnun.

2. Við 8. gr. Í stað orðsins „skipamálastjóri" í gr. og hvarvetna síðar í frv. komi í viðeigandi beygingarföllum: siglingamálastjóri.

3. Við 38. gr. 4. töluliður falli brott."

Eins og ég gerði grein fyrir í sambandi við annað frv. hér fyrr á fundinum, þá felst í þessu sú till., að það verði ekki siglingadómur, sem hafi það verk með höndum að birta niðurstöður af rannsóknum sjóslysa, heldur sú n., sem gert er ráð fyrir að skipuð verði samkv. 44. gr. frv. Henni er einmitt ætlað að hafa rannsókn sjóslysa með höndum, og við þá gr. flytur sjútvn. svo hljóðandi brtt.:

„Aftan við 3. málsgr. bætist: Skal n. og starfsmaður hennar hafa náið samstarf við Siglingamálastofnun ríkisins."

Þetta er a-liður till., en b-liður er svo hljóðandi:

„Aftan við 1. málsl. 4. málsgr. bætist: eða verulegt eignatjón. Skal fulltrúi n. fyrir dómi hafa allan sama rétt og eftirlitsmaður samkv. ákvæðum 39. gr. laganna."

Í þessum till. sjútvn. þessarar hv. d. felst það, að sú rannsóknarnefnd, sem ætlað er samkv. frv. að hafa með höndum rannsókn sjóslysa, skuli hafa náið samstarf við Siglingamálastofnun ríkisins, – eins og við leggjum til að stofnunin heiti, – og siglingamálastjóra. Ég hef áður gert grein fyrir því, að eins og gengið var frá till. um þetta mál frá hv. Ed., voru engin ákvæði um það, hver tengsl skyldu vera þarna á milli. Sjútvn. þessarar hv. d.

telur, að Siglingamálastofnun ríkisins hafi svo góða starfsaðstöðu og svo miklum starfskröftum á að skipa, sem sérfróðir eru um öll mál, er varða siglingar, að það sé langskynsamlegast, að nefnd sú, sem ætlað er að vinna úr rannsóknum sjóslysa og birta niðurstöður af þeim, hafi náið samstarf við Siglingamálastofnunina. N. telur, að ef ekki væri gert ráð fyrir neinum tengslum þarna á milli, þá væri þessi rannsóknarnefnd í raun og veru algerlega sjálfstæð og þyrfti þá að koma sér upp eigin starfsliði. Við teljum það hins vegar nægilegt, að hún geti ráðið í sína þjónustu einn mann, sem sé siglingafróður. Hann hafi það verkefni að fylgjast með rannsóknum sjóslysa og geti mætt fyrir sjódómi og hafi þar sama rétt og eftirlitsmenn með skipum hafa nú eða eiga að fá samkv. 39. gr. frv., ef að lögum verður. En þar er talið upp, að þeir hafi rétt til að bera fram spurningar, rétt til að leggja fram gögn og rétt til að krefjast framhaldsrannsóknar, ef þurfa þykir.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þessar brtt. sjútvn. fleiri orðum, en leyfi mér, herra forseti, að leggja þær fram skriflega og fara fram á, að leitað verði afbrigða fyrir þeim.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 777) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 90. og 91. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 92. fundi í Nd., 30. apríl, var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 777 samþ. með 25 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Sþ.

Á 51. fundi í Sþ., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 806).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá einni umr. í Nd. – Afbrigði leyfð og samþ. með 45 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 838).

51. Hægri handar umferð.

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 65 13. maí 1966, um hægri handar umferð [13. mál] (stjfrv., A. 13).

Á 4. fundi í Nd., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 5. fundi í Nd., 23. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta til l. um breyt. á l. um hægri umferð hefur tvöfaldan tilgang, þ. e. að lengja nokkuð og breyta ákvæðunum um skatt þann, sem lagður var á bifreiðar til að standa straum af kostnaði við hægri umferð, og taka inn í þá skattheimtu eða gera ráð fyrir, að sú skattheimta standi einnig undir kostnaði af rekstri umferðarmálaráðs fyrst í stað eða til ársins 1972, eins og hér er um að ræða, og er það aðallega rökstutt með því í aths., að í raun og veru taki umferðarmálaráð við veigamiklum þáttum hægri umferðarinnar. En telji menn, að annar háttur væri síður eðlilegri á greiðslu kostnaðar við umferðarmálaráðið eða starfsemi þess, þá var það skoðun rn., að það ynnist þá tími til að undirbúa slíka fjáröflun, ef það yrði skoðun manna á þessu tímabili.

Í stórum dráttum er það um þetta frv. að segja, að skatturinn, sem var lagður á bílana til þess að standa straum af umferðarbreytingunni, átti að greiðast á árunum 1967–1970. Nú er lagt til, og breytingin í því fólgin, að hann framlengist um tvö ár, árið 1971 og 1972, og sé þá hærri en þá var ráðgert, en sé hinn sami og var á s. l. ári. 360 kr. var hann á fólksbifreiðum, 1–8 farþega, 1968 og yrði þá samkv. ákvæðum þessa frv. hinn sami næstu ár, 1970, 1971, 1972, og 660 kr. var hann á öðrum bifreiðum árið 1968, og gert ráð fyrir því einnig á sama hátt samkv. þessu frv., að hann verði áfram 660 kr., eins og hann er nú í ár, og 1970, 1971 og 1972.

Nú er eðlilegt, að þm. spyrji, hvaða þörf sé á að auka þennan skatt, því að gert var ráð fyrir því á sínum tíma, að hann mundi standa undir öllum kostnaði af hægri umferðar breytingunni. En það liggur nú fyrir, að hún hefur farið nokkuð fram úr áætlun, og þetta frv. er flutt til þess að greiða umframkostnaðinn auk viðbótarkostnaðar, sem leiðir, eins og ég sagði áðan, af umferðarmálaráðinu, ef það yrði lögfest.

Um það var mikill ágreiningur á sínum tíma, sem ég skal ekki rifja upp, að kostnaðurinn væri allt of lágt áætlaður, og var m. a. af þeim sökum flutt á sínum tíma, eins og menn rekur minni til, brtt. um það að fresta framkvæmdinni um eitt ár, að lög um hægri umferð gengju í gildi. Það náði ekki samþykki þingsins, en þá var, eins og kemur fram í grg. þess frv., gert ráð fyrir því, að skatturinn mundi nema um 50 millj. kr., en hins vegar héldu þá þeir þm., sem að sjálfsögðu í góðri trú fluttu þetta frv., að breytingin mundi verða margfalt dýrari, og það voru aðilar í landinu eins og Félag ísl. verkfræðinga, sem mjög höfðu haldið því á lofti og talið sig byggja það á athugun, sem þeir hefðu framkvæmt, að kostnaðurinn mundi skipta hundruðum millj. kr.

Heildarkostnaðurinn til þessa af hægri umferðinni er 70 millj. 559 þús. kr., en það eru vissir liðir, sem skýra þessa hækkun alveg sérstaklega. Fyrst og fremst var það fræðsluliðurinn, sem hafði láðst að gera ráð fyrir, og ríkisstj. var sammála um það á sínum tíma að heimila framkvæmdanefnd hægri aksturs að verja allt að 10 millj. til fræðslustarfsemi, sem kom þá inn í þetta, og varð þetta þá um 60 millj. kr. Einnig urðu verðlagsbreytingar vegna áhrifa gengisbreytingar, og skal ég ekki verulega fara út í það, en þó er nokkuð fróðlegt að gera sér grein fyrir, í hverju þessi breyting er fólgin.

Þá er það í fyrsta lagi vega- og gatnakerfið. Ekki var

gert ráð fyrir því, að það yrði verulegur kostnaður við breytingu þess. En áætlunin gerði ráð fyrir þessum lið, 5.1 millj. kr., en hann reyndist 12 millj. 352 þús. kr. Áætlunin gerði fyrst og fremst ráð fyrir flutningi umferðarmerkja og breytingum á umferðarljósum, en þörf á breytingum á gatnakerfinu sjálfu var hins vegar í grg. talin hverfandi lítil. Var þetta byggt á upplýsingum vegamálastjóra, borgarverkfræðings og bæjarstjóra utan Reykjavíkur um, hverjar breytingar þyrfti að gera á vegakerfinu. En reyndin varð þó sú, að kostnaður við umferðarmerkin varð 4 millj. 262 þús., en annar kostnaður rúmar 8 millj. Heildarkostnaðurinn skiptist þannig: Í Reykjavík 6 millj. 186 þús., aðrir kaupstaðir og kauptún 1 millj. 649 þús. og Vegagerð ríkisins 4 millj. 517 þús. Það var náttúrlega mjög mikil áherzla lögð á það að laga vissa hluti, blindhæðir og annað slíkt, eftir því sem föng stæðu til, enda farið þarna verulega fram úr áætlun.

En þá eru það almenningsbifreiðarnar. Áætlað var, að kostnaður vegna almenningsbifreiða yrði 36.3 millj. kr. en hann reyndist minni, aðeins 34 millj. 92 þús. Í áætluninni var gert ráð fyrir því, að kostnaður vegna strætisvagna yrði 29.9 millj., en hann reyndist einnig töluvert miklu minni eða 25 millj. 780 þús. kr. Hérna voru tveir liðir, sem lækkuðu verulega. Kostnaður vegna annarra almenningsbifreiða var áætlaður 6.4 millj., en hefur numið 8.3 millj. og þess vegna hækkað verulega. Þar af eru 7 millj. 170 þús. kr. vegna breytinga á sérleyfisbifreiðum og 1 millj. 142 þús. kr. vegna breytinga á starfsmannabifreiðum.

Gert hafði verið ráð fyrir því, að komast mætti hjá því að breyta hópferðabifreiðum, og sérleyfisbifreiðum á leiðum, þar sem ekki er mikil umferð og langt er milli viðkomustaða. Að athuguðu máli og að undangengnum dómi dómnefndarinnar, sem ákvæði voru um í lögum um hægri umferð, vegna einnar sérleyfisbifreiðar var síðar samþykkt að greiða bætur vegna allra sérleyfisbifreiða, og varð kostnaðaraukinn vegna þessa talinn rúmlega 5 millj. kr. Ég ber ábyrgð á þeirri ákvörðun, að greiddur var þarna kostnaður við breytingar á öllum bifreiðunum, eftir að þessi eini dómur hafði fallið. Það var kannske nokkurt álitamál, og það var að vísu ekki hægt að fullreyna það nema með málaferlum áfram bifreið eftir bifreið, a. m. k. bifreið í hverjum landshluta, hvort átti að spara fáar millj., sem það hefði orðið, og eiga kannske á hættu, að teflt væri í of mikla tvísýnu með því að láta þessar bifreiðar, sem, ef þeim hefði ekki verið breytt, stöðvast utan vegarbrúnar hægra megin og láta farþegana fara vinstra megin út úr bifreiðinni og e. t. v. inn á vegarbrún eða utan hægri vegarbrúnar, og þetta gat auðvitað alltaf orkað tvímælis, hversu vel þetta mundi lánast. Um þetta skal ég ekki hafa fleiri orð. Þetta varð niðurstaðan.

Kostnaður vegna staðgönguvagna, eins og kallað var, varð 1 millj. 519 þús. kr., en það eru gamlir strætisvagnar, sem keyptir voru til landsins í stað strætisvagna, sem verið var að breyta, og á móti þessum lið kemur 1 millj. kr., sem var í áætluninni, þ. e. kostnaður vegna skiptibifreiða, eins og það var orðað, þ. e. nýrra bifreiða með dyrabúnað á báðum hliðum, sem ætlað var, að keyptir yrðu fyrir umferðarbreytinguna. Þetta var um almenningsbifreiðarnar.

Þá er rétt að geta þess, um skrifstofukostnað, fræðslustarfsemi og starfsmannahald, að kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir undirbúningskostnaði 3 millj. kr. og ófyrirséð var áætlað 4 millj. kr. Heildarkostnaður vegna þessa hefur orðið til þessa, þegar hægri nefndin gerði upp, 22 millj. 596 þús. kr. Í þessum lið er innifalinn kostnaður vegna umferðarfræðslu, sem ég minntist á áðan, en sérstök heimild af hálfu ríkisstj. var veitt til fræðslu- og upplýsingastarfsemi á vegum framkvæmdanefndar hægri umferðar, allt að 10 millj. kr., og var hún fullnotuð. Þetta var sem sagt upphaflega áætlað 7 millj. og síðan bætt við heimild upp á 10 millj., þ. e. samtals 17 millj. kr., en þessi liður reyndist í heild 22 millj. 596 þús. kr. Heildarkostnaður til þessa hefur samkv. framansögðu orðið 70 millj. 559 þús. kr., en endanlegt uppgjör liggur þó ekki enn fyrir og endurskoðun ekki lokið. Vitað er um nokkra ógreidda kostnaðarliði, bætur vegna nokkurra bifreiða o. fl., en ekki er ástæða til að áætla þann kostnað alls meira en 800 þús. kr. til 1 millj. kr.

Þetta eru m. a. ástæður þess, að óskað er hér eftir viðbótarfjáröflun, en það var nú ekki aðeins, að lítillega fór þarna fram úr áætlun, en þó allt öðruvísi en menn óttuðust, og er ekkert sérstakt, að menn óttist, að hlutir fari fram úr áætlun, þegar um fjárhagsáætlanir er að ræða. En það hafa ekki heldur reynzt eins miklar tekjur af umferðarbreytingargjaldinu og ætlað var, og það er vegna þess, að bifreiðum hefur ekki fjölgað eins og áætlunin gerði ráð fyrir. Þetta þekkja menn núna síðustu árin, og eins hafa bifreiðar verið teknar meira úr umferð og menn sparað sér þannig gjöld lengri tíma en áður. Við getum séð þetta á áætlunum um innheimtu umferðarbreytingargjaldsins 1962–1972. Ef við tökum árið 1967, þá voru tekjur alls áætlaðar 11 millj. 303 þús., en rauntekjur urðu 9 millj. 994 þús. Árið 1968 voru tekjur alls áætlaðar 17 millj. 680 þús., en rauntekjur urðu 15 millj. 262 þús. Árið 1969 voru þær áætlaðar 17 millj. 804 þús., en gert er ráð fyrir nú og eiginlega vitað, – það er komið svo langt fram á árið, – að þær muni tæplega verða meira en rúmar 14 millj. kr. Rauntekjurnar árið 1967 reyndust þannig 11.6% lægri vegna bifreiða, sem ekki voru í notkun allt árið, og 1968 um 13.4% lægri af sömu ástæðu. En endurgreiðslur það ár voru einnig vegna innilegu 1967, en þá var gjaldið lægra en 1968. Miðað er við, að rauntekjur verði 20% lægri næstu ár, en áætlað hafði verið eftir 1967 og 1968. Fjárlagafrv. fyrir 1970 gerir ráð fyrir 15 millj. 200 þús. kr. tekjum. Fjárl. 1968 gera ráð fyrir 16 millj. 160 þús. kr. tekjum, og fjárl. 1969 gera ráð fyrir 17 millj. tekjum, en eins og ég las áðan, þá þykir nú mega ætla, að það verði varla meira en rúmar 14 millj. kr. Þetta kom einnig til truflunar áætluninni.

Að öðru leyti tel ég, að áætlunin hafi mjög vel staðizt og verið gerð ítarleg grein fyrir því, eins og fram kemur í grg., og reyndar hafði komið áður fram frá hægri umferðar nefndinni, og ég skal ekki rekja það nánar, glögg grg. fyrir þessum mismun, þ. e. frá tæpum 50 millj. kr. og upp í 70 millj. kr.

Ég vil nú nota þetta tækifæri í lok máls míns til þess að þakka öllum þeim, sem lögðu hönd á plóginn við

framkvæmd umferðarlagabreytingarinnar hér á landi, fyrst og fremst framkvæmdanefnd hægri umferðar og starfsliði hennar, svo og lögreglunni og löggæzluliði um allt land. Ég sagði fyrst og fremst, en það er kannske engu síður ástæða til þess að þakka öllum almenningi, hversu vel hann brást við þessari breytingu og lagði sig allan fram um það, að hún mætti sem bezt og áfallaminnst fram fara. Ég vil einnig nota tækifærið til þess að láta í ljós þakkir til frændþjóðar vorrar, Svía, sem veitti okkur mjög þýðingarmiklar, hagkvæmar og gagnlegar leiðbeiningar og aðstoð. Við höfðum aðstöðu til þess að fylgjast með breytingu þeirra, en þeir menn, sem báru ábyrgð á breytingunni þar, sýndu okkur mikla vináttu og veittu okkur mjög veigamikla aðstoð með því að senda hingað menn til ráðuneytis, og jafnframt lögðu þeir okkur til ýmis gögn, eins og merkispjöld og annað slíkt, við litlu verði og aðrar upplýsingar, þannig að það er að mínu viti ástæða til þess, að hér komi fram þakkir í þeirra garð.

Ég get ekki búizt við því, að þetta frv. frekar en önnur, þar sem skattar eru á lagðir, mæti neinni hrifningu. En ég vil þó segja það, að það eru ekki svo fáir, sem í mín eyru hafa sagt: „Ja, ég veit eiginlega ekkert, hvort ég er búinn að borga þetta gjald eða ekki, ég hef ekki tekið eftir því.“ Þetta er ekki svo tilfinnanlegt, kannske ein fylling á bíl af benzíni. En innheimtan hefur farið fram með öðrum gjöldum á bifreiðunum. Þó að það sé sundurliðað þar, hafa menn ekki tekið eftir því það sem af er. Ég vil vona, að menn geti fallizt á, að það sé ekki óeðlilegt að ljúka öllum kostnaðinum af hægri umferðinni með framhaldi þessarar skattheimtu, og ég vil einnig mega vænta þess, að því verði tekið liðlega af hv. þm., að fyrstu árin, sem umferðarráðið starfar sem beinn arftaki framkvæmdanefndar hægri umferðar, verði greiddur kostnaður af starfsemi þess. Ég hef nú kostnaðaráætlun um starfsemi umferðarmálaráðsins, eins og það áætlar starfsemi sína og sundurliðar, en ég held, að það verði of þreytandi, að ég fari að lesa það upp hér, en að sjálfsögðu mundi n. fá það til athugunar, þegar hún vinnur að skoðun málsins.

Ég vil svo ljúka máli mínu með því að leggja til við hæstv. forseta, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég var nú satt að segja ekkert undrandi, þegar þetta frv. kom hér fram. Ég var í hópi þeirra manna á sínum tíma, sem reiknuðu með því, að þær áætlanir, sem voru gerðar um kostnað við hægri umferð, mundu ekki standast, og það hefur líka komið á daginn. Þó skal ég fúslega játa það, að mér virðist, að að ýmsu leyti hafi þó betur til tekizt í þeim efnum en maður hafði ástæðu til að óttast, og þess vegna hygg ég, að það sé rétt, sem hv. ráðh. sagði, að hvaða álit sem menn kynnu að hafa haft á breytingunni, hafi framkvæmdin farið mjög sæmilega fram.

Annars ætlaði ég ekki að ræða hægri umferðina hér sérstaklega eða þann kostnað, sem hefur orðið í sambandi við hana, eða rifja upp þær deilur, sem um það mál urðu á sínum tíma, hvort hennar væri nauðsyn eða ekki. En mér finnst rétt í sambandi við þetta frv. að vekja athygli á þeirri staðreynd, að nú á seinustu mánuðum hafa umferðarslys farið mjög í vöxt. Þau verða áberandi fleiri en í fyrra, og þau eru líka að verða meiri og fleiri heldur en á árinu þar á undan. Þetta sannar ótvírætt, að það þarf að hefja nýja sókn og nýja baráttu í þessum efnum fyrir því að bæta umferðarmenninguna og jafnframt að setja strangari reglur, sem tryggja bætta umferð frá því, sem nú er. Þess vegna finnst mér ástæða til þess að fagna því frv., sem hæstv. dómsmrh. mælti fyrir á undan þessu, vegna þess að þar er stefnt í þá átt að reyna að bæta umferðarmenninguna. En mér finnst, að það hljóti að koma til athugunar í þessu sambandi, hvort ekki þurfi að gera enn þá meira, og ég held, að þær reglur, sem við höfum varðandi ölvun við akstur, séu ófullkomnar, þó að þeim hafi að vísu verið breytt nokkuð í rétta átt á seinasta þingi. Ég held, að við verðum að fylgja fordæmi annarra þjóða og herða viðurlög í þeim efnum. Þess vegna vil ég beina þeirri áskorun til þeirrar n., – sennilega verður það sama n., sem fær þessi mál til meðferðar, – að hún taki það til athugunar, hvort heldur sem er í sambandi við þetta mál eða það mál, sem rætt var hér á undan, hvort ekki sé nauðsynlegt að gera víðtækari breytingar til þess að auka aðhald í umferðinni og bæta umferðarmenninguna meir en stefnt er að með þeim breyt. á umferðarlögum, sem ræddar voru hér áðan.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 13, n. 518 og 543, 519).

Frsm. meiri hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Allshn. hefur haft þetta frv. til athugunar og leitað um það umsagnar hjá allmörgum aðilum, og hefur n. ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Minni hl. n. er andvígur því, að frv. verði samþ., og skilar séráliti, en meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., að í stað orðsins „1972“ á þremur stöðum í 1. málsgr. komi: 1971, svo og að í stað orðanna „svo og kostnað vegna starfsemi umferðarmálaráðs“ í 2. málsgr. komi: svo og kostnað vegna starfsemi umferðarráðs til ársloka 1970.

Í grg., sem fylgdi frv. til l. um hægri handar umferð, var gert ráð fyrir því, að kostnaður vegna umferðarbreytingarinnar yrði tæpar 50 millj. kr., eða 49.4 millj. kr., miðað við þáverandi verðlag. En nú er gert ráð fyrir því, að heildarkostnaður vegna umferðarbreytingarinnar verði um 71 millj. kr., en helztu ástæður þess, að kostnaður varð þetta meiri en upprunalega var gert ráð fyrir, eru þær, að framkvæmdanefnd hægri umferðar var heimilað að verja allt að 10 millj. kr. til fræðslu- og upplýsingarstarfsemi, sem ekki var gert ráð fyrir í upphaflegri áætlun. Kostnaðarauki vegna gengisbreytinga er áætlaður u. þ. b. 3 millj. kr., og bótagreiðslur vegna breytinga á sérleyfisbifreiðum utan þéttbýlis urðu heldur meiri en áætlað hafði verið, og er sá kostnaðarauki talinn vera 5 millj. kr. Auk þess varð nokkur kostnaður við breytingu á vega- og gatnakerfinu nokkru hærri en upprunalega var áætlað. Hins vegar

varð nokkur lækkun, sérstaklega á einum áætlunarlið, sem voru breytingar á strætisvögnum, sem varð mun lægri en upprunalega var áætlað. Í áætlun um innheimtu umferðarbreytingargjaldsins er reiknað með því, að rauntekjur af breytingunni, bæði miðað við lög, sem eru í gildi, og við þetta frv., eins og gert er ráð fyrir að það verði, muni nema frá árinu 1967–1972 rúmlega 88 millj. kr. Því má segja, að um 17 millj. kr. séu umfram það, sem umferðarbreytingin kostar.

Brtt. meiri hl. allshn. miðar að því að fella skattinn niður frá og með árinu 1971 í stað ársins 1972, og með því móti er allur kostnaður reiknaður, sem verður af umferðarbreytingunni, en til þess að standa undir starfssemi umferðarráðs leggur n. til, að það verði gert út þetta ár. Allir þeir aðilar, sem leitað var umsagna hjá, eru sammála um það, að greiða beri kostnaðinn af umferðarbreytingunni að fullu og öllu. Sumir þessir aðilar sætta sig við kostnað af umferðarmálaráði, en aðrir eru andvígir því, að það sé greitt með sérskatti. Ég hygg, að meiri hl. n. hafi komið mjög til móts við óskir allra þeirra, sem til var leitað, með því að flytja þá brtt., að gjaldið verði ekki framlengt nema til ársloka 1971.

Ég tel svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, nema frekari tilefni gefist til.

Frsm. minni hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Eins og fram kom hjá frsm. meiri hl. allshn., þá hefur allshn. haldið nokkuð marga fundi um þetta mál, en gat samt ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Meiri hl. leggur til, að það verði samþ. með svolitlum breytingum, en aðalbreyting þess er þó sú, að styttur verði sá tími, sem upphaflega var áætlað að þessi skattur yrði innheimtur.

Í sambandi við umferðarbreytinguna 1968 voru bifreiðaeigendur látnir borga sérstakan skatt, eins og menn muna eftir, til að standa undir þeim kostnaði, sem af breytingunni leiddi, og skyldi þessi skattur renna út nú á árinu 1970. Í upphafi var gert ráð fyrir, að umferðarbreytingin mundi kosta um 50 millj. kr., og að sögn þeirra, sem framkvæmdina höfðu undir höndum, hefur kostnaðurinn reynzt vera um 71 millj. Þó er við þá tölu að athuga, að ýmis kostnaður mun ekki vera þarna meðtalinn, sem er þó bein afleiðing af sjálfri umferðarbreytingunni, og hefur hann verið færður á ýmsa aðra liði og aðila, t. d. vegagerðina, sveitarfélög o. s. frv. Þegar þessi hægri skattur var lagður á bifreiðaeigendur, var gert ráð fyrir, að hann mundi nema á þessum 4 árum um 56 millj. kr. Nú er hins vegar sagt, að hann muni ekki ná þeirri upphæð, þar sem ekki hafi verið tekið tillit til endurgreiðslu skattsins vegna innilegu skrásetningarmerkja. Ekkert liggur þó fyrir um það, hvaða áhrif það muni hafa á hina upphaflegu áætlun til lækkunar, og er þetta gott dæmi um það, hversu nákvæmar og raunhæfar ýmsar áætlanir hafa verið nú á síðustu árum.

Í grg. með frv. kemur fram, að framkvæmdanefnd hægri umferðar hefur verið heimilað að verja allt að 10 millj. kr. til fræðslu- og upplýsingarstarfsemi, og þessi sérstaka skattheimta hafði staðið einnig undir þeim kostnaði. Það kemur einnig fram í grg., að í ráði sé að auka til muna þessa starfsemi, setja á fót sérstaka stofnun til þessara hluta. Á næstu 3 árum er ætlunin að innheimta um 17 millj. kr. í þessu skyni umfram það, sem umferðarbreytingin á að kosta. Við teljum, að það sé full þörf á því að auka umferðarfræðslu í landinu, en hins vegar sé engin þörf á að setja á fót nýja stofnun til þess að sjá um það. Það liggur í hlutarins eðli, að skólarnir sjái um þessa fræðslu í vaxandi mæli og hins vegar löggæzlan, eins og verið hefur. Ný stofnun, sem ætti að vera þarna þriðji aðili til að sjá um þessa fræðslu og safna saman skýrslum, sem löggæzlan þó gerir hvort sem er, mun ekki gera nein stórvirki í þessu efni, og því er ekki rétt eða eðlilegt að skattleggja bifreiðaeigendur sérstaklega til að standa undir slíkri starfsemi.

Verði þetta frv. samþ., er um leið felld niður greiðsluskylda ríkissjóðs vegna kostnaðar við umferðarfræðslu. Og ætlunin er, að bifreiðaeigendur einir standi undir þessum kostnaði. Þótt meiri hl. n. leggi til að stytta innheimtutímann um eitt ár frá því, sem er í frv., breytir það ekki því, að með því að samþykkja frv. er verið að taka upp þá stefnu að skattleggja afmarkaðan hóp þjóðfélagsþegna til að standa undir einum þætti fræðslunnar í landinu. Reynslan hefur sýnt, að þeir skattar, sem á annað borð eru upp teknir, eru sjaldnast felldir aftur niður. Það þykir stundum ekki henta að ákveða slíka skattheimtu til langs tíma í einu, en sjaldan stendur á að framlengja skattana, þegar lagaheimild til innheimtu þeirra er að falla úr gildi.

Í sambandi við þetta mál og í raun og veru tengt þessu máli er annað mál hér, um breyt. á umferðarlögunum, og komum við hv. 1. þm. Norðurl. e. og ég með nokkrar brtt. í sambandi við það mál. Þær fela það eitt í sér, að við viljum ekki leggja til að sett verði upp einhver ný stofnun í þessu efni, en ég sé ekki ástæðu til þess að ræða það frekar og vil aðeins benda á það, að brtt. eru eingöngu í þessu skyni.

ATKVGR.

Brtt. 519 samþ. með 21 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 20:6 atkv.
2. gr. samþ. með 20:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22:4 atkv.

Á 75. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 573).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 72. fundi í Ed., 17. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar, og var frv. á þskj. 573 útbýtt á fundinum.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. – Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 573, n. 792, 797 og 801).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á l. um hægri handar umferð hefur ekki hlotið einhuga meðmæli allshn. Meiri hl. mælir með frv. óbreyttu, eins og það kom frá hv. Nd. Minni hl. er tvískiptur, og munu þeir gera grein fyrir sínum sjónarmiðum.

Frv. þetta kveður á um að framlengja gjald það, sem lagt var á ökutæki vegna kostnaðar við breytingu í hægri akstur. Upprunalega var gert ráð fyrir, að kostnaður við breytingu í hægri handar akstur yrði um 50 millj., en upplýst er hins vegar, að þessi upphæð hefur numið um 70 millj. Ekki er hægt að lýsa sérstakri ánægju um, hve áætlaður kostnaður hefur farið langt fram úr áætlun, en það hefur þó sínar skýringar. Varið var 10 millj. kr. samkv. sérstakri heimild til fræðslu- og upplýsingarstarfsemi. Segja má, að því fé hafi verið vel varið, en auk þess er talið, að gengisbreytingin síðasta hafi aukið kostnað við breytingar á ökutækjum um 3 millj. Hins vegar hafi breytingar á sérleyfisbifreiðum utan þéttbýlis farið 5 millj. kr. fram yfir áætlun. Hér hefur auðsjáanlega verið slælega áætlað í byrjun, en við því verður auðsjáanlega ekkert gert. Upprunalega var gert ráð fyrir því í frv., eins og það var lagt fyrir Nd., að framlengja gjaldið af ökutækjum vegna breytingar í hægri akstur til ársloka 1972. Nd. breytti þessu hins vegar og skar niður tímann um eitt ár eða til ársloka 1971. Meiri hl. fjhn. er þessu samþykkur og mælir með frv. óbreyttu, eins og það liggur fyrir hér í þessari hv. þd.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Það er að vísu dálítið óhægt um vik að mæla fyrir því nál., sem ég vil hér mæla fyrir, með því að ég er ekki einasta alveg viss um, hvaða nr. er á þskj., en hins vegar vil ég ekki tefja störf þingsins með því að krefjast þess, að það sé leitað uppi, heldur mun ég efnislega greina frá því, hvaða till. þar liggur fyrir og í hverja átt frv. fer.

Á nefndarfundi í morgun í allshn. var þetta frv. afgr., og eins og frsm. hv. meiri hl. hefur gert hér grein fyrir, mælir meiri hl. n. með samþykkt þess, eins og það liggur fyrir. Ég hef hins vegar skilað séráliti sem 1. minni hl. allshn., en álit mitt er efnislega þannig: Ég legg að vísu til, að frv. verði samþ., en á því gerð ein breyting. Í frv. segir, að gjald þetta skuli renna til þess að greiða upp það, sem á vantar, að fengizt hafi með gjaldi á bifreiðar, vegna kostnaðar, sem varð við framkvæmd umferðarlagabreytingarinnar úr vinstri handar akstri í hægri handar akstur á árinu 1968. En ég legg til, að ríkissjóður taki á sig þennan kostnað, þegar gjaldið hefur verið innheimt í tvö ár, en að það, sem inn kemur fyrir gjaldið, renni framvegis til þess að leggja þann hluta af hringveginum umhverfis Ísland, sem oft hefur verið hér á dagskrá í Alþ., en af honum er ólagður um það bil 50 km langur kafli úr Öræfasveit yfir í Fljótshverfi í Vestur-Skaftafellssýslu, og til brúargerðar á þau vötn, sem þarf að brúa til þess að leggja akfæran veg þessa leið. Með þessari breytingu, ef samþykkt yrði að láta gjaldið renna til þess arna, á meðan þessi vegur er í byggingu, þá legg ég til, að frv. verði samþ.

Frsm. 2. minni hl. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Eins og fram hefur komið hjá fyrri ræðumönnum um mál þetta, varð allshn. ekki sammála um afgreiðslu þess. En ég hef sömu sögu að segja og síðasti ræðumaður um það, að nál. hefur enn ekki verið lagt fram hér af hálfu 2. minni hl., sem ég skipa ásamt hv. 11. þm. Reykv.

En í stuttu máli leggjum við til, að frv. verði fellt. Við teljum, að frá upphafi hafi ekki verið aðlilegur grundvöllur að þessari skattálagningu og skattheimtu, þar sem eigendum bifreiða skyldi gert að greiða skatt til þess að standa undir kostnaði þeim, sem varð vegna umferðarlagabreytingarinnar frá 1968. Og þegar löggjöfin var til meðferðar um þetta hægri handar akstursgjald, þá a. m. k. greiddi ég atkv. gegn því og taldi rétt og eðlilegt og annað ekki réttlátt en að þessi kostnaður yrði greiddur úr sameiginlegum sjóði landsmanna, ríkissjóði. En samt sem áður var skatturinn samþykktur og hefur verið innheimtur hjá bifreiðaeigendum síðan.

Það frv., sem hér liggur fyrir, gengur út á það, að þessari skattálagningu og innheimtu verði fram haldið um skeið. Og eins og ég hef sagt, lítum við þannig á, að þetta sé með öllu óeðlilegt og því beri að fella þetta frv.

Hv. frsm. 1. minni hl. allshn. gat í ræðu sinni um till., sem hann flytti í sambandi við þetta frv., á þá leið, skildist mér, að gjaldið skyldi halda áfram að greiðast úr hendi bifreiðaeigenda um ótakmarkaðan tíma, en gjaldið skyldi renna til að standa undir kostnaði við laganingu hringvegar um landið. Að því er varðar þessa till., erum við í 2. minni hl. á móti því, að þessi skattálagning verði með þessum hætti og henni ætlað að standa undir þessum kostnaði. Við teljum, að ríkissjóður eigi að standa undir þessum kostnaði eins og kostnaði við aðra vegalagningu í landi okkar og brúargerðir.

Ég vil geta þess, að á gildandi vegáætlun, þ. e. a. s. áætlun þeirri, sem gildir um vegaframkvæmdir á tímabilinu 1969–1972, er veitt fé, hartnær 8 millj. kr., til rannsókna á Skeiðarársandi í sambandi við þann mesta farartálma, sem er í vegi þess, að fullkominn hringvegur megi verða lagður í landi okkar. Og ég tel einmitt, að þær framkvæmdir, sem verið er að gera á vegum vegamálaskrifstofunnar á þessum slóðum, þ. e. a. s. á Skeiðarársandi og í sambandi við Skeiðará og Brúará þar, séu rétta leiðin, og kostnaður greiddur með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í vegáætluninni, og svo eigi að verða framvegis. Mér hefur verið tjáð, að rannsóknir eða athuganir hafi verið gerðar á þessum slóðum undir stjórn vegamálaskrifstofunnar, og nú sé beðið eftir því, að flóð komi, jafnvel hlaup í Skeiðará, til þess að fá úr því skorið, hvernig eigi að standa að framkvæmdum þarna og verkfræðingar vegamálastjóra gera ráð fyrir því, að nægilegt flóð komi á þessu tímabili, sem eftir lifi til ársins 1972, þannig að á því ári verði með nokkurri vissu hægt að gera áætlun um það, hvort með viðráðanlegu móti sé hægt að byggja brú á Skeiðarársandi, svo að yfirvinna megi þennan mikla vegartálma. Mér sýnist það vera alveg rétt aðferð, sem við hefur verið

höfð, þ. e. að málið eigi að leysa á vegum ríkissjóðs og vegagerðarinnar eins og önnur brúa- og vegamál í þessu landi yfirleitt. Og einnig með hliðsjón af þessu leggjum við til, að till. 1. minni hl. nái ekki samþykki hv. deildar.

Þá vil ég geta þess í þessu sambandi, að framsóknarmenn hafa lagt fram í Sþ. fyrir ekki alllöngu till. til þál. um lagningu vandaðrar hringbrautar um landið. Og þar er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að ríkið hafi þar alla forgöngu og þá um það fyrst og fremst að gera áætlanir um nauðsynlegar framkvæmdir á þessari leið, framkvæmdakostnað og áætlaðan framkvæmdatíma, og enn fremur að athuga um lánsöflunarleiðir til þess að standa undir þeim mikla kostnaði, sem hér hlýtur óumflýjanlega til að falla.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til þess að lengja mál mitt öllu frekar og læt því þess vegna lokið.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Frsm. 1. minni hl. allshn., 6. þm. Sunnl., Karl Guðjónsson, ber fram brtt. um, að gjald vegna hægri breytingar verði fast gjald á bifreiðaeigendur. Ég undra mig stórlega á þessari brtt. Það liggur fyrir frá umr., þegar þessu gjaldi var komið á, að því var aðeins ætlað að standa undir kostnaði við breytingu í hægri akstur. Það var ekki svo létt fyrir margan bifreiðareiganda að sætta sig við þetta nýja gjald á sínum tíma. Það reið þó baggamuninn, að hér var um tímabundið gjald að ræða. Nú vill þessi hv. þm. samkv. brtt. hans gera þetta að föstum skattstofni. Ég lýsi mig algerlega mótfallinn frekari framlengingu á þessu gjaldi en meiri hl. allshn. leggur til, þ. e. út árið 1971, enda á þá að vera að fullu greiddur kostnaður við hægri handar breytinguna.

Vitað er, að skyldutryggingar bifreiða hækka verulega nú þegar á þessu ári. Iðgjald hækkar líklega um 35%, og ætti það að vera meira en nóg fyrir bifreiðaeigendur að bera að sinni. Ég mundi halda, að þeir, sem verst mundu sætta sig við þá till., sem þessi hv. alþm. ber fram, séu einmitt atvinnumenn við bifreiðaakstur. Það undrar mig því hvað mest, að einmitt þessi hv. þm. skuli bera fram slíka till. um ósanngjarna skattlagningu einmitt á þessa aðila, atvinnubílstjórana. Ég vænti þess, að hv. þm. taki til greina þessa aths. mína og felli þessa brtt. nú þegar við þessa umr.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Ég vildi í fyrsta lagi mælast til þess við forseta, að hann láti athuga það, hvort þessi þskj. með nál. mundu vera tilbúin þegar. Að öðru leyti er það, sem ég hef að segja, að hér hefur stórkostlegur misskilningur komið fram í ræðum tveggja hv. ræðumanna, þar sem þeir gera ráð fyrir því, að till. mín sé um að gera þetta að föstum skatti til langframa. Svo er ekki. Till. mín, ef menn vildu draga fram þskj., þ. e. a. s. frv., sem málið er um, 13. mál, frv. til l. um breyt. á l. nr. 65 13. maí 1966, um hægri handar umferð. Þar segir í 1. gr.: „Á árunum 1967–1972 skal greiða í ríkissjóð sérstakan skatt" o. s. frv. Ég geri enga brtt. við þetta, þannig að skattgreiðslan lengist ekkert við þá till., sem ég hef gert, þó að hún yrði samþ. Brtt. mín er eingöngu við stafl. b, sem er síðar í gr., þar sem segir: „Skatti þessum skal varið til að greiða kostnað, sem leiðir af framkvæmd laga þessara, svo og kostnað vegna starfsemi umferðarmálaráðs." Það er þessi gr., sem ég legg til að falli niður, en önnur komi í staðinn, sem efnislega er um það, að skatti þessum skuli varið til að leggja þann hluta af hringveginum um Ísland, sem enn er ólagður. Ég vildi bara leiðrétta það, að till. mín er ekki um að gera þennan skatt lengri en frv. gerir ráð fyrir.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Það kom fram hjá hv. 6. þm. Sunnl., sem lýsti till., sem hann hygðist flytja og nú hefur verið útbýtt rétt á þessari stundu, að ýmsir þdm. mundu hafa byggt afstöðu sína til þessarar breytingar á miklum misskilningi. Ég verð að játa, að mér hefur ekki tekizt að setja mig vel inn í þetta mál, hef ekki um það fjallað í n., og það er nú mikill hraði á afgreiðslu mála, svo að vel má vera, að það, sem ég segi, sé byggt á misskilningi. En ég ætla nú að leyfa mér samt sem áður út af þessari till. að segja örfá orð og leita þá upplýsinga hjá þeim mönnum, sem um þetta mál hafa fjallað í nefnd.

Í frvgr. segir, að á árunum 1967–1971 skuli greiða í ríkissjóð sérstakan skatt, umferðarbreytingargjald af bifreiðum, eins og hér segir. Nú liggur það í augum uppi, að gjald þetta fyrir árin 1967, 1968 og 1969 hefur þegar verið innheimt og þeim peningum ráðstafað. Nú er lagt til að framlengja þetta gjald og sú skýring gefin, að kostnaður við hægri handar umferð hafi farið fram úr áætlun. Hann hafi verið áætlaður 56 millj. kr., en gert er nú ráð fyrir því, að heildarkostnaður vegna umferðarbreytingarinnar verði nálægt 71 millj. kr. Og mér skilst, að vegna þessa raunverulega kostnaðar umfram áætlun sé frv. þetta fram borið um nokkra framlengingu á þessum skatti. Mér skilst, að þetta séu þegar áfallin gjöld, sem verða með einhverjum hætti að greiðast, því að hægri handar umferðin hefur þegar komið til framkvæmda. Og ef þetta er ekki á misskilningi byggt, að hér sé um að ræða áfallin gjöld, sem verði með einhverjum hætti að greiða, þá fæ ég ekki séð, hvernig hægt er að ráðstafa þessu fé til allt annarra verka, til brúagerða á Skeiðarársandi. Ef þetta er á misskilningi byggt, þá vænti ég þess, að þeir menn, sem mest hafa fjallað um þetta mál, leiðrétti það. En fyrir mér virðist málið vera þannig. Og ef ætti að ráðstafa þessu fé af þessum skatti í vega- og brúagerðir, þá skilst mér, að það verði að greiða áfallinn kostnað við hægri handar umferðina úr ríkissjóði, þá af einhverjum öðrum tekjum. Hér yrði aðeins um tilfærslu að ræða, en hér er ekki um það að ræða að ráðstafa í raun og veru handbæru fé.

Nú er það svo, að það er mitt áhugamál og hefur lengi verið, að hraðað verði mannvirkjagerð á Skeiðarársandi, þannig að akvegur opnist um þann kafla, sem nú telst ófær, og þar með hringvegur um landið. Þetta mál er enn þá á athugunarstigi. Allmiklar athuganir hafa þegar verið gerðar á Skeiðarársandi, og eins og drepið var á, eru í vegáætlun samtals á fjögurra ára tímabili rúmar 7 millj. kr. lagðar fram til þessara rannsókna. En ég hef kynnt mér það nú í vetur, að þeir, sem um þetta fjalla af hálfu vegamálaskrifstofunnar, telja, að þessum rannsóknum sé ekki lokið og það sé þess vegna ekki grundvöllur fyrir því að hefja framkvæmdir á Skeiðarársandi á þessu sumri. Ef hér væri um skatt-

gjald að ræða, sem ætti að standa til frambúðar, eins og sumir þdm. höfðu álitið, fyrst er þetta mál kom hér inn í d. til umr., þá mundi náttúrlega safnast í sjóð, þannig að þetta mundi vega nokkuð til að standa straum af þeim kostnaðarsömu framkvæmdum í vegagerð, sem þarna þarf að gera.

En nú er búið að takmarka þetta skattgjald við árin 1970 og 1971, og til viðbótar því, að þetta á nú, eins og ég sagði, að ganga til þess að greiða áfallin gjöld við hægri handar umferðina, kemur það, að það, sem innheimtist á þessum stutta tíma, mun hvergi nærri nægja til þess að greiða kostnað við þau mannvirki, sem á Skeiðarársandi þurfa að koma. Eins og þetta liggur því fyrir, þá held ég, að ég sjái mér ekki fært að greiða atkv. með brtt. á þskj. 792, þó að ég vilji leggja á það áherzlu, að það er enn sem fyrr áhugamál mitt, að með sem mestum hraða verði unnið að vegaframkvæmdum á Skeiðarársandi.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Þá eru komin fram þskj. um þetta mál, svo að það er nokkru hægara um þau að tala en þegar menn verða að renna svolítið blint í sjóinn um það, hvað fyrir liggur.

Um þetta mál er í skemmstu máli það að segja, að til þess að akvegurinn umhverfis Ísland nái saman og myndi heilan hring, vantar um það bil 50 km kafla yfir erfitt svæði, þar sem vegagerð er ekki annmarkalaus og hlýtur að koma til nokkurrar brúargerðar. Það er langt síðan farið var að hreyfa þessu máli hér í þingi, og allir hafa, hvenær sem á það hefur verið minnzt, viðurkennt, að það væri hin mesta nauðsyn að koma þessu í verk. Og sannast að segja er nú liðinn svo langur tími miðað við það, að tæknilega getur það ekki talizt til neinna verulegra stórvirkja að koma því í kring að gera hringveg um Ísland. Það eru að vísu ýmsar leiðir í því hugsanlegar, og þó eru tvær helztar: Annars vegar að þarna verði byggðar yfir fljótin á Skeiðarársandi og Núpsvötnin svo traustar og varanlegar brýr, að þær komi ekki til með að haggast í jökulhlaupum. Um jökulhlaupin er hins vegar það að segja, að býsna erfitt er að rannsaka þau, því að þau hafa farið mjög minnkandi á síðustu árum, en auðvitað eru menn ekkert vissir um það, nema þau geti komið í stækkaðri mynd, svipað og áður var, hvenær sem vera skal. Það geta þess vegna orðið ár og aldir að bíða eftir því, að fullrannsakað sé eitthvað í þessum efnum, því að hér eru svo breytilegar aðstæður, að þær verða máske aldrei fullrannsakaðar. Á hinn bóginn hefur komið upp sú hugmynd, og hún mundi einfalda málið verulega, að byggja þarna ódýrar brýr og lofa þeim þá að fara lönd og leið, þegar stór jökulhlaup kæmu, því að það er engan veginn svo stórkostlegt mál að endurbyggja slíkar brýr að einhverju eða öllu leyti, þegar úr jökulhlaupi hefði fjarað, að réttlætanlegt sé af þeirri hugsanlegu hættu einni saman að láta það dragast árum og jafnvel áratugum saman að ljúka þessari hringleið, þ. e. a. s. að fullbyggja þessa hringleið, þannig að hún verði fær, a. m. k. að sumarlagi, en mestar líkur eru nú til þess, að hún yrði fær árið um kring.

Það hafa ýmsir verið að gera því skóna, að þessi till. mín, þótt hún hljóði ekki upp á það, mundi verða til þess að festa þetta gjald í sessi um óákveðinn og þá væntanlega nokkuð langan tíma. En ég vil nú spyrja: Eru einhverjir hv. alþm. svo bjartsýnir að halda það, að það verði nokkurn tíma létt af þeim skatti, sem búið er að leggja á í nokkur ár? Ég tel frekar litlar líkur til þess, og ég tel heldur ekki, að það sé endilega nauðsynlegt að leggja allt kapp á að afnema þennan skatt, ef honum er varið til þeirra hluta, sem bifreiðaeigendum á Íslandi og vegakerfi Íslands er til mestra nytja. Og það held ég, að sé óumdeilanlegt, að þessi ráðstöfun, sem lögð er til í þessari till., taki flestu því fram, sem landsmenn hafa verulegan áhuga fyrir, að verði betrumbætt í íslenzka þjóðvegakerfinu á næstu árum. Þess vegna tel ég, að það væri illa farið, ef menn sæju ekki nauðsynina á því að grípa einmitt þetta gjald, sem engin réttlæting er fyrir, að tekið verði sem skattur af bifreiðaeigendum. Úr því að heildarkostnaður við breytinguna í hægri handar akstur reyndist hærri en áætlað var, þá er ekki sanngjarnt að leggja það gjald á bifreiðaeigendur, heldur á það að borgast úr sameiginlegum sjóði, ríkissjóði, eins og bent hefur verið á. En það væri hins vegar til mikils hagræðis, ef skattur þessi, sem mér skilst, að muni nema einhvers staðar á milli 20 og 30 millj. kr. á ári, rynni óskiptur til þess að hraða þessari vegaframkvæmd, sem ekki hefur komið fram neinn ágreiningur um, að vert sé að leggja allt kapp á. **(Gripið fram í:** Í hve mörg ár?) Eins og til þarf. Svo geta menn lesið það. (Gripið fram í.) Þeir sérfræðingar ríkisstj., sem gerðu áætlunina um kostnaðinn við að breyta í hægri handar akstur, eru ekkert líklegir til þess að áætla það öllu vitlausar, hve mörg ár þetta gjald þyrfti að standa, til þess að hringvegurinn væri byggður að fullu, þ. e. a. s. byggður þannig, að hann væri fær alla leið. Auðvitað get ég ekki sagt um, hve mörg ár það yrðu. Fyrir mér er það heldur ekkert aðalatriði, heldur hitt, að þessi vegur komist á hið allra fyrsta.

ATKVGR.

Brtt. 792 felld með 15:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KGuðj, BJ, GilsG.

nei: JÞ, MJ, ÓB, PÞ, StG, SvG, AuA, OA, ÁB, BGuðbj, BFB, KTh, JónÁ, JÁH, JR.

SEG greiddi ekki atkv.

1 þm. (ÓlJ) fjarstaddur.

1. gr. samþ. með 13:6 atkv.

2. gr. samþ. með 13:6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 841).

52. Umferðarlög (stjfrv.).

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968 [12. mál] (stjfrv., A. 12).

Á 4. fundi í Nd., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 5. fundi í Nd., 23. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, er staðfesting á reglugerð um umferðarmálaráð, sem dómsmrn. gaf út í janúarmánuði, 24. jan. s. l. Ég get að verulegu leyti vísað til grg. frv., en þar kemur fram, að dómsmrn. hafði undirbúið, að þegar framkvæmdanefnd hægri umferðarinnar lyki störfum sínum, sem skyldi vera um áramótin síðustu, yrði til í landinu einhver slík stofnun og ráðagerðir um framtíðina í þessu máli. Rn. leit svo á, að svo mikilvægt hefði verið starf framkvæmdanefndar hægri umferðar umfram það eitt að hafa forgöngu um undirbúning breytingar á umferðarreglunum, að það væri nauðsynlegt að halda því áfram. Við hefðum komizt á hærra stig í umferðarmálum, í framkvæmd umferðarreglna, og mikil ábyrgð hvíldi á opinberum aðilum um það, að við drægjumst ekki aftur niður af þessu stigi, en héldum áfram að bæta okkur, eins og full þörf er á.

Umferðarmálaráðið var í stórum dráttum samsett af þeim aðilum, og um það, held ég, að hafi ekki orðið ágreiningur, sem ríkust tengsl hafa við umferðina, eins og fram kemur í 2. gr. Það var svo strax frá upphafi hugsun ráðh. og ráðagerðir í dómsmrn., að eftir nokkra reynslu af starfsemi slíks umferðarráðs mundi vera eðlilegt, að lögfest yrðu ákvæðin um það, og að athuguðu máli þótti eðlilegt að fella þau inn í sjálf umferðarlögin, í VIII. kafla þeirra, eins og hér er gert ráð fyrir.

Umferðarmálaráðið er skipað fulltrúum frá 15 aðilum, sbr. 2. gr., og síðan er formaður umferðarmálaráðs skipaður af ráðh. án tilnefningar. Formaður umferðarmálaráðsins er Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóri í Reykjavík. Síðan er gert ráð fyrir því, þar sem þetta ráð er svo fjölmennt, að á vegum þess skuli starfa þriggja manna framkvæmdanefnd, sem dómsmrh. skipar til eins árs í senn, og skiptir ráðh. störfum með framkvæmdanm. eftir því sem þurfa þykir. Þessi framkvæmdanefnd er þannig skipuð nú, að Ólafur W. Stefánsson, deildarstjóri í dómsmrn., er formaður n., en með honum eiga sæti í henni Gunnar Friðriksson, forseti Slysavarnafélags Íslands, og Guttormur Þormar, sem er framkvstj. umferðarnefndar Reykjavíkurborgar. Það er gert ráð fyrir því samkv. þessu frv., að ráðh. ákveði þóknun framkvæmdanefndarinnar og starfsliðs, sem hún kynni að telja sér nauðsynlegt með samþykki ráðh., en umferðarmálaráðsmenn vinni sín störf launalaust.

Um hlutverk ráðsins er það stytzt að segja, sem segir í grg., að það er fyrst og fremst á sviði umferðarfræðslu, en beinist einnig að því að vinna að almennum umbótum í umferðarmálum. Við skipulagningu umferðarfræðslu er nauðsynlegt að hafa glöggar upplýsingar um umferðina og í hverju henni er áfátt. Var því gert ráð fyrir, að umferðarmálaráði skyldi einnig ætlað það hlutverk að sjá um, að á hverjum tíma væri til vitneskja um fjölda, tegund og orsakir umferðarslysa í landinu. Að þessu hefði verið unnið skipulega, þótt framkvæmdanefnd hægri umferðar og rannsóknarnefnd umferðarslysa hafi safnað nokkrum upplýsingum um umferðarslys, og var gert ráð fyrir því, að umferðarmálaráð fengi í hendur gögn þeirra um það efni. Þriðji þáttur verkefnis umferðarmálaráðs er loks sá að samræma og samstilla atorku og viðleitni sérhverra aðila, sem hafa áhuga fyrir að vinna að bættri umferðarmenningu.

Nú hefur þetta umferðarmálaráð samkv. þeirri reglugerð, sem ég minntist á, starfað nokkurra mánaða skeið og reynsla fengizt af starfi þess. Ég tel, að hún hafi gefið svo góða raun, að tímabært sé nú að festa skipan þess í löggjöf, eins og ég sagði áðan. Þess vegna er þetta frv. flutt, og ég leyfi mér að vænta þess, að um það geti orðið gott samkomulag í þinginu.

Ég skal gefa örstutt yfirlit yfir starfsemi umferðarmálaráðs, það sem af er þessu ári, sem einnig hefur nokkra þýðingu fyrir þm. að hafa yfirlit yfir, og skal fara fljótt yfir sögu.

Skrifstofa umferðarmálaráðs tók til starfa 15. júlí, og er hún til húsa í nýju lögreglustöðinni við Hverfisgötu. Pétur Sveinbjarnarson umferðarmálafulltrúi hefur verið ráðinn starfsmaður framkvæmdanefndarinnar til bráðabirgða, en auk hans starfa á skrifstofunni tvær stúlkur, þar af önnur hálfan daginn.

Eitt af fyrstu vandamálunum, sem umferðarmálaráð lét til sín taka, var löggæzla á þjóðvegum landsins. Samþykkti ráðið á fundi sínum 16. apríl till., þar sem lögð var á það áherzla, að löggæzla á vegum landsins verði ekki minnkuð við það, sem hún var á síðasta sumri, þ. e. a. s. 1968, þegar breytingin varð á umferðinni. Jafnframt var bent á hina miklu þýðingu, sem traust umferðarlöggæzla hefur í sambandi við umferðaröryggi. Var framkvæmdanefnd ráðsins falið að vinna að framkvæmd till. Dómsmrn. tók mál þetta til meðferðar, og beitti rn. sér fyrir því, að 5 löggæzlubifreiðir voru gerðar út við löggæzlustörf í sumar, en fyrir umferðarbreytinguna voru þær þrjár.

Framkvæmdanefndin hefur óskað eftir því við lögreglustjórann í Reykjavík, að embætti hans taki að sér skráningu umferðarslysa, sem framkvæmdanefnd hægri umferðar hafði áður með höndum, en aftur á móti verður öll úrvinnsla slysaskýrslna unnin á vegum ráðsins. Stefnt er að því að hraða úrvinnslu slysaskýrslna og gera mánaðarlega heildaryfirlit, og þannig verður fylgzt sem bezt með þróun umferðarmála í landinu.

Starfsemi umferðarmálaráðs um verzlunarmannahelgina síðustu var tvíþætt. Annars vegar fræðslustarf í blöðum og útvarpi fyrir helgina og hins vegar starfræksla upplýsingamiðstöðvar um helgina sjálfa í samvinnu við lögregluna. Upplýsingamiðstöðin var í stöðugu sambandi við lögreglumenn, bifreiðaeftirlitsmenn, starfsmenn vegaþjónustu, Félag ísl. bifreiðaeigenda og forstöðumenn útiskemmtana víðs vegar um landið. Í samvinnu við Ríkisútvarpið voru beinar útvarpssendingar frá upplýsingamiðstöðinni, og var fréttum og fræðslu útvarpað 30 sinnum um helgina. Eru þetta fleiri

útsendingar en áður hafa verið um verzlunarmannahelgi. Enn fremur var almenningi gefinn kostur á að hafa samband við upplýsingamiðstöð í síma, og er talið, að um 800 manns hafi notfært sér það. Er hér um að ræða starfsemi, sem fastlega má gera ráð fyrir, að verði fastur þáttur í starfi umferðarmálaráðsins í framtíðinni, enda gaf þetta mjög góða raun, svo sem alkunnugt er.

Hinn 1. september, eða um sama leyti og 7 ára börn hófu skólagöngu, gaf umferðarmálaráðið út bæklinginn: Leiðin í skólann, sem er bréf til foreldra 7 ára skólabarna. Lögð var á það áherzla, að foreldrar fylgdu börnum sínum fyrstu dagana til skólans og veldu öruggustu leiðina fyrir þau. Bæklingnum var dreift í 44 skóla í kaupstöðum og stærstu kauptúnum landsins.

Hinn 1. ágúst yfirtók umferðamálaráð umferðarþætti þá, sem fluttir hafa verið á vegum umferðarnefndar Reykjavíkur og lögreglunnar í Ríkisútvarpinu. Þættirnir eru fluttir í hádegisútvarpi að loknum lestri tilkynninga. Hafa síðan 52 fræðsluþættir verið fluttir á vegum ráðsins.

Á fundi umferðarmálaráðs 16. apríl var samþykkt að fela Slysavarnafélagi Íslands að hafa á hendi umsjón með skipulagi og starfsemi umferðaröryggisnefndanna, er stofnaðar voru á vegum félagsins að tilhlutan framkvæmdanefndar hægri umferðar í sambandi við umferðarbreytinguna og starfað hafa síðan að auknu umferðaröryggi. Var Slysavarnafélaginu falið að sjá um, að starfsemi nefndanna yrði haldið áfram. Í kostnaðaráætlun umferðarmálaráðs er gert ráð fyrir sérstöku fjárframlagi til Slysavarnafélags Íslands til þess að standa straum af starfsemi þessari. Á vegum Slysavarnafélagsins hefur starfað sérstakur erindreki, sem hefur haft með höndum samskipti við umferðaröryggisnefndirnar. Hefur hann m. a. ferðazt um landið, haldið fundi og flutt þar erindi og sýnt kvikmyndir um umferðarmál. Þá hefur félagið m. a. sent till. til nefndanna um að beita sér fyrir sérstökum umferðardögum, þar sem ákveðin verkefni verða tekin fyrir.

Á undanförnum mánuðum hefur á vegum umferðarmálaráðs verið unnið að athugun á umferðarfræðslu í skólum og útgáfustarfsemi í því sambandi. Sérstök nefnd, sem skipuð var fulltrúum, sem að þessum málum hafa starfað, skiladi umferðarmálaráði álitsgerð, og á grundvelli hennar hefur umferðarmálaráð gert nokkrar samþykktir um umferðarfræðslu í skólum, sem m. a. hafa verið sendar menntmrn. Það er skoðun umferðarmálaráðs, að fræðsla sú, sem reglugerð nr. 51 frá 8. apríl 1960, um umferðarfræðslu í skólum, gerir ráð fyrir, hafi enn ekki komið til framkvæmda nema að takmörkuðu leyti, og benti ráðið á ýmsar leiðir til úrbóta. Á sama fundi samþykkti ráðið áskorun til allra lögreglustjóra í landinu um, að þeir beittu sér fyrir aukinni umferðarfræðslu af hálfu lögreglunnar í skólum landsins. Þessa dagana er verið að senda út bréf frá umferðarmálaráði til allra skólastjóra og kennara, þar sem ráðið leitar eftir sem beztri samvinnu við þá og bendir á, hvernig flétta megi umferðarfræðslu inn í hinar ýmsu kennslugreinar. Í undirbúningi er í samvinnu við fræðslumálastjórnina útgáfa leiðbeininga til kennara um tilhögun umferðarfræðslu 10–12 ára barna annars vegar og 12–14 ára barna hins vegar. Mjög tilfinnanlegur skortur hefur verið á heppilegri kennslubók fyrir yngstu börnin, þ. e. a. s. 7–9 ára nemendur. Hefur Ríkisútgáfa námsbóka nýverið gefið út kennslubók um umferðarmál fyrir þetta aldursstig, en útgáfan taldi sig ekki geta dreift bókinni endurgjaldslaust. Hafa af því tilefni farið fram viðræður milli framkvæmdanefndar umferðarmálaráðs og forstöðumanna ríkisútgáfunnar. Niðurstaða þeirra hefur orðið sú, að umferðarmálaráð styrkti útgáfu bókarinnar með fjárframlagi, 250 þús. kr., gegn því að ríkisútgáfan dreifði bókinni endurgjaldslaust til allra 7, 8 og 9 ára nemenda. Enn fremur gefi ríkisútgáfan út handbók fyrir kennara og vinnubókarblöð fyrir nemendur. Þótt umferðarmálaráð hafi styrkt útgáfu bókarinnar, er það eindregin skoðun ráðsins, að dreifa beri endurgjaldslaust öllum kennslubókum um umferðarmál, sem ríkisútgáfan gefur út, á sama hátt og gert er við aðrar kennslubækur í skyldunámsgreinum.

Nú er að hefjast á vegum umferðarmálaráðs skipulögð umferðarfræðsla fyrir börn undir skólaskyldualdri í formi bréfaskóla. Tveir aðilar innan umferðarmálaráðs, þ. e. Slysavarnafélag Íslands og umferðarnefnd Reykjavíkur, hafa haft með höndum svipaða starfsemi, en ákveðið hefur verið, að þessi fræðsla verði samræmd og yfirtekin af umferðarmálaráði. Er gert ráð fyrir því, að verulegur hluti fræðslustarfsins verði kostaður af sveitarfélögunum. Talið er líklegt, að um 10 þús. börn verði í vetur í umferðarskólanum Ungir vegfarendur, en svo nefnist bréfaskólinn.

Á vegum umferðarmálaráðs hafa starfað nokkrar nefndir. Auk nefndar, er sér um umferðarfræðslu í skólum, sem áður er getið, hefur starfað nefnd, sem skilað hefur grg. um fyrirkomulag umferðarfræðslu í blöðum, útvarpi og sjónvarpi. Þá var þeim Bjarna Kristjánssyni skólastjóra Tækniskóla Íslands og Jóni Birgi Jónssyni deildarverkfræðingi hjá vegagerðinni falið að framkvæma athugun á orsökum að aukningu framrúðubrota, og vinna þeir enn ásamt starfsmönnum ráðsins að athugun þessari.

Á fundi umferðarmálaráðs 27. ágúst var samþ. till. þess efnis, að kannað verði á vegum ráðsins, á hvern hátt sé hægt að koma í veg fyrir spjöll á náttúru landsins, sérstaklega á öræfum og öðrum sérstæðum og fögrum stöðum, af völdum bifreiða og annarra ökutækja. Af þessu tilefni ritaði framkvæmdanefnd umferðarmálaráðs náttúruverndarráði og öðrum þeim aðilum, er að náttúruvernd starfa, bréf og bauð þeim samstarf. Enn fremur ritaði n. bréf til mþn. um endurskoðun laga um náttúruvernd, og beindi því sérstaklega til n. að athuga, hvort í þessu sambandi væri hægt að setja lagaákvæði, sem að gagni gætu orðið og spornað gætu við tjóni á náttúru landsins af völdum bifreiða og annarra ökutækja. Bauð framkvæmdanefndin samstarf um lögfræðilega athugun málsins.

Hinn 3. nóv. n. k. hefst á vegum umferðarmálaráðs ljósaathugun, sem framkvæmd verður í samvinnu við Samband bílaverkstæða á Íslandi. Verður öllum bifreiðastjórum boðið að koma með bifreiðar sínar til ókeypis athugunar á ljósabúnaði. Er þessi framkvæmd fyrsti þátturinn í öflugu fræðslu- og áróðursstarfi, sem fyrirhugað er nú í skammdeginu á vegum umferðarmálaráðs.

Þetta var yfirlit yfir nokkra starfsemi ráðsins, frá því

að það tók til starfa síðari hluta janúarmánaðar eftir reglugerðinni, sem gefin var út 24. janúar. Síðan hefur umferðarmálaráðið 21. maí sett sér drög að starfsáætlun fyrir árið 1969. Framkvæmdanefndin hafði undirbúið það. Þessi starfsáætlun speglast að verulegu leyti í því yfirliti, sem ég nú hef lesið um starfsemina, og skal ég því ekki tefja störf þingsins með því að lesa hana, en n., sem fær þetta mál til meðferðar, mun að sjálfsögðu hafa aðgang að henni, og einnig vinnur n. nú að og mun ljúka næstu daga áætlun um starfsemi sína fyrir árið 1970, og þá er einnig um að ræða kostnaðaráætlun, en ég mun ræða þann lið málsins undir næsta dagskrárlið hér á eftir á dagskránni.

Ég vil svo leyfa mér að svo mæltu að leggja til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 12, n. 527, 525, 526, 542).

Frsm. meiri hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, og hefur n. ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Minni hl. n. er andvígur frv., eins og það liggur hér fyrir, en meiri hl. n. mælir með því, að það verði samþ. með tilteknum breyt., sem prentaðar eru á sérstöku þskj., nr. 526. Brtt. meiri hl. n. eru þær, að í staðinn fyrir orðið „umferðarmálaráð" komi: umferðarráð, og eru allar brtt. meiri hl. n. út af þessari nafnbreytingu, að öðru leyti en því, að í d-lið brtt. meiri hl. leggjum við til, að 2. málsl. 1. mgr. e-liðar orðist svo: „Framkvæmdanefnd ræður starfsfólk að fenginni heimild ráðh."

Hins vegar hefur n. orðið sammála um að verða við beiðni dómsmrn. að flytja brtt. við 70. gr. umferðarlaganna og við þetta frv., og eru þær prentaðar hér á sérstöku þskj. Í sambandi við þessa brtt. er rétt að rifja upp, að vátryggingafjárhæðir samkv. 70. gr. umferðarlaga um skyldutryggingu ökutækja hafa verið óbreyttar frá 1. maí 1965, 500 þús. fyrir létt bifhjól, 1 millj. fyrir dráttarvél og bifhjól og 2 millj. fyrir bifreið. Skyldutrygging skal þó aldrei vera lægri en svo, að 100 þús. kr. bætist við vátryggingafjárhæðina fyrir hvern farþega, sem ökutækið má flytja umfram 10. Þessi beiðni um flutning þessarar till. er komin frá umferðarlaganefnd, en hún telur, að vegna verðlagsþróunar þeirrar, sem orðið hefur síðan 1965, hafi gildi vátryggingafjárhæða þessara rýrnað svo, að skyldutryggingin sé ekki lengur fullnægjandi, hvorki fyrir eigendur ökutækjanna né þá, sem fyrir tjóni verða. Eru till. n. um hækkun vátryggingafjárhæða gerðar með það í huga að auka öryggi þessara aðila til samræmis við verðlagsþróunina. Umferðarlaganefnd leitaði umsagnar helztu samtaka bifreiðaeigenda, þ. á m. Bandalags ísl. leigubifreiðastjóra, Félags ísl. bifreiðaeigenda, Landssambands ísl. vörubifreiðaeigenda svo og Sambands ísl. tryggingafélaga um hækkun á þessum vátryggingaupphæðum. Bifreiðaeigendafélögin lýsa eindregnu fylgi við hækkun á vátryggingum ökutækja. Félag ísl. bifreiðaeigenda og Landssamband ísl. vörubifreiðastjóra eru fylgjandi till. umferðarlaganefndar, en Bandalag ísl. leigubifreiðastjóra telur hins vegar, að hækka beri vátryggingu bifreiða í 4 millj. kr., og Landssamband vörubifreiðastjóra tekur fram, að það geti fallizt á frekari hækkun á vátryggingafjárhæðum, ef um það væri að ræða, en vill þó styðja framangreindar till. n. Félag íslenzkra bifreiðaeigenda telur hins vegar ekki tímabært að gera till. um frekari hækkun. Í umsögn Sambands ísl. tryggingafélaga kemur fram, að forsvarsmenn þeirra tryggingafélaga, sem reka ábyrgðartryggingar ökutækja, telja, að framangreind hækkun sé alls ekki óeðlileg með hliðsjón af kaupgjalds- og verðlagsþróun þeirri, sem orðið hefur, síðan núgildandi vátryggingafjárhæðir voru lögfestar á árinu 1965. Umferðarlaganefnd óskaði jafnframt, að Samband ísl. tryggingafélaga léti í té upplýsingar um áætlaða hækkun iðgjalda, sem þessi hækkun vátryggingafjárhæða hefði í för með sér, og segir í umsögn sambandsins, að erfitt sé að meta áhrif hækkunarinnar að svo stöddu, en forsvarsmenn bifreiðatryggingafélaganna innan vébanda sambandsins eru þeirrar skoðunar, að þörf sé verulegrar hækkunar á iðgjöldum frá 1. maí n. k. vegna mjög slæmrar afkomu þessarar tryggingagreinar á árinu 1969 og einnig vegna kaupgjalds- og verðlagshækkana. Í umsögn, sem n. fékk síðar, segir um niðurstöðu Sambands ísl. tryggingafélaga, að niðurstöður úrvinnslu þeirra hafi leitt í ljós, að hækka þyrfti iðgjöld á tryggingaárinu 1. maí 1970 til 30. apríl 1971, miðað við iðgjöldin 1. maí 1969 til 30. apríl 1970, að meðaltali um 45–50%, og er þá miðað við óbreyttar tryggingaupphæðir. Hækkun tryggingaupphæðanna samkv. þessu telur Samband ísl. tryggingafélaga kalla á 2–3% hækkun umfram framangreinda hækkun, en 4–6% fyrir farþegabifreiðar fyrir fleiri en 10 farþega. Bifreiðatryggingafélögin hafa hins vegar ekki talið fært að hækka iðgjöldin meira en um 34–36% að meðaltali, sem þá er gert ráð fyrir að mæti bæði hækkun vegna tjónareynslu fyrri ára og verðlagshækkunum svo og hækkunum tryggingaupphæðanna.

Ég vona, að mér hafi tekizt að skýra þetta mál fyrir hv. þdm., en það liggur ljósast fyrir með því að segja, að þó að vátryggingafjárhæðirnar væru ekki hækkaðar með lögum, þá mundu iðgjöldin hækka mjög verulega vegna þeirrar verðlagsþróunar, sem orðið hefur, frá því vátryggingafjárhæðin var sett 1965, en hins vegar verður að segja, að þessar upphæðir í skyldutryggingu ökutækja eru orðnar svo lágar núna miðað við verðlagsþróunina, að nauðsynlegt er að hækka þær, eins og þessi till. gerir ráð fyrir, bæði vegna þeirra, sem ökutækin eiga, og þá ekki síður vegna þeirra, sem kunna að verða fyrir slysum af völdum þessara ökutækja. N. í heild taldi bæði rétt og eðlilegt að verða við þessari beiðni og flytur því þessa brtt. við 70. gr. umferðarlaga við þetta frv.

Frsm. minni hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þegar ég ræddi um fyrra frv., þ. e. a. s. um breyt. á l. um

hægri handar umferð, þá gat ég um það, að ég ætlaði ekki að tala sérstaklega í sambandi við þetta frv. En þar sem frsm. lét þau orð falla, að við værum á móti frv., þá verð ég að leiðrétta það. Ef við hefðum verið á móti frv., þá hefðum við náttúrlega ekki verið flm. að þessari brtt., sem hann svo lýsti. Ég veit ekki, hvernig við hefðum átt að geta verið það. Það, sem við erum á móti í þessu efni, er ekki að setja á stofn nokkurs konar umferðarmálaráð, þ. e. a. s. að þeir aðilar, sem eru taldir upp í 2. gr., reyni að skipuleggja þessi mál og athuga og komast að niðurstöðu um, hvernig þeim sé bezt fyrir komið. Við erum á móti því að setja upp nýja stofnun í þessu tilliti til þess að framkvæma þau mál, sem löggæzlan í raun og veru hefur nú með höndum. Við teljum það óþarft. Þær brtt., sem við erum hér með, eins og ég gat um, miðast eingöngu við það. En við eigum auðvitað ýmislegt ógert í umferðarmálum okkar, og þessir aðilar, sem hér eru upp taldir í 2. gr., eru einmitt líklegir, ef þeir vinna saman, til að finna ýmsar leiðir og benda á það, sem betur mætti fara. En að fara að setja upp stofnun, sem kostar fleiri millj., eins og ætlazt er til, það getum við ekki fallizt á.

ATKVGR.

Brtt. 525,1 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.

– 526,1 samþ. með 22 shlj. atkv.

1. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 542,1–2 felld með 18:15 atkv.

– 542,3 felld með 19:14 atkv.

– 526,2 samþ. með 21 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 525,2 samþ. með 21 shlj. atkv.

3. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 572, 583).

Frsm. minni hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 583, ásamt meiri hl. hv. allshn., þeim hv. 9. landsk. þm., Braga Sigurjónssyni, hv. 8. landsk. þm., Steingrími Pálssyni, og hv. 1. þm. Norðurl. e., Gísla Guðmundssyni. Þessi brtt. varð svo síðbúin hjá mér, að hún var aldrei rædd í allshn. Hins vegar sýndi ég öllum nm. till., og þeir, sem ekki eru flm. að henni, voru henni ekki mótfallnir, þótt þeir teldu hins vegar ekki fært að vera flm. að henni án frekari athugunar. Þessi brtt. er flutt að beiðni nokkurra ungmennafélaga og annarra æskulýðsfélaga og í samráði við dómsmrn., en að því kem ég betur síðar. Ég hef einnig rætt þetta mál við nokkra sýslumenn, og telja þeir, að þessi heimild sé mjög æskileg, en brtt. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Á undan 1. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Aftan við 1. málsgr. 65. gr. l. bætist:

Við samkomustaði, þar sem meiri háttar útisamkomur fara fram, getur lögreglustjóri sett ákvæði um takmörkun umferðar um vegi á samkomusvæðinu, sem hann telur nauðsyn á, m. a. vegna gjaldtöku á leyfðri samkomu, enda annist lögreglumenn eftirlit með framkvæmd slíkrar takmörkunar.“

Til þess að gera hv. þd. grein fyrir, hvers vegna þessi till. er flutt og hve þýðingarmikið það er, að slík heimild sé til í lögum og hún notuð, þegar við á, kemst ég ekki hjá að fara nokkrum orðum um starfsemi og starfsskilyrði þessara félaga, sem hér eiga hlut að máli, og hve þýðingarmikil starfsemi þeirra er að mínum dómi.

Fyrir rúmum áratug kom upp í okkar þjóðfélagi nýtt óþekkt vandamál, sem olli miklum áhyggjum foreldra og annarra ábyrgra þjóðfélagsþegna. Unglingar tóku upp á því að safnast saman í hundraða- og jafnvel þúsundatali á sögufrægum og fögrum stöðum hér og þar um landið og efna þar til drykkjumóta. Voru þessir staðir jafnan hart leiknir eftir slíkar samkomur og þó ekki síður stór hluti sjálfra gestanna. Þótt lögreglusveitir væru jafnan til staðar við slíkar aðstæður, varð oft ekki við neitt ráðið. Þótt unglingarnir væru teknir úr umferð jafnvel í tugatali, flestir ofurölvi, var fjöldinn svo mikill í slíku ástandi, að ekki sá högg á vatni. Hvítasunnan og verzlunarmannahelgin voru helzt valdar í þessu skyni, þótt fyrir kæmi, að aðrar helgar slyppu ekki heldur við þennan ófagnað. Í sumum héruðum var samkomuhald bannað af þessum sökum, a. m. k. um verzlunarmannahelgina, en slíkt bann kom þó ekki í veg fyrir, að unglingarnir söfnuðust saman og héldu uppteknum hætti. Foreldrar og opinberir aðilar stóðu úrræðalausir, á meðan unglingarnir nutu þessa ímyndaða frelsis, sem þeir töldu, að hefði fallið þeim í skaut á þessum fjöldamótum. Það var engu líkara en að það væri að verða almenn skoðun meðal æskunnar í landinu, allt frá fermingaraldri, að enginn væri hæfur til gleðifunda nema undir áhrifum áfengis, og til að sýna jafnöldrunum þroska sinn og sjálfstæði væri ekkert ráð óbrigðulla að hennar dómi en að neyta áfengra drykkja.

Ungmennafélögin og önnur æskulýðsfélög gerðu gagnráðstafanir til að hamla á móti þessari drykkjutízku. Þau mynduðu samtök og auglýstu vínlausar samkomur um þessar umræddu helgar á þeim stöðum, sem áður voru verst leiknir. Þessi starfsemi hefur víðast verið rekin með miklum glæsibrag, svo að alger umskipti hafa orðið. Þó er starfsaðstaða þessara félaga að mörgu leyti mjög erfið, þó sérstaklega ungmennafélaganna. Þau hafa fengið og fá enn mjög lítinn fjárhagslegan stuðning frá hinu opinbera, og engan veginn sambærilegan við hliðstæð félög. Stjórnarvöld hafa því ekki sýnt þeim þann skilning og viðurkenningu, sem vert væri, ekki sízt vegna þess, að við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd, að það voru fyrst og fremst ungmennafélögin, sem komu þjóðinni út úr þeirri niðurlægingu, sem drykkja æskunnar hafði í för með sér á þessum fjöldamótum, og þetta forðaði mörgum foreldrum frá hugarkvöl og örvæntingu vegna barna sinna og bjargaði ráðþrota löggæzlu í starfi með því að vísa veginn, sem týnzt hafði. En þótt því miður vanti mikið á, að allir æskumenn fari þann veg, skulum við vera þess minnugir, að þeim fjölgar hlutfallslega, sem þann veg fara við aukna starfsemi þessara æskulýðsfélaga. Því er til mikils að vinna og ábyrgð þeirra mikil, sem

ekki vilja styðja slíka starfsemi í orði sem á borði. Ungmennafélögin sönnuðu enn með þessu starfi tilverurétt sinn og nauðsyn, sýndu það í verki, að markmið þeirra er að gera mannlífið fegurra. Þau tóku sér aftur þá stöðu í þjóðfélaginu, sem þessi félagsmálahreyfing var búin að öðlast á öndverðri öldinni og hafði þá varanleg og víðtæk áhrif á allt félagslegt og menningarlegt líf þjóðarinnar og tryggði sér á þann hátt umtalsverðan kapítula í sögu þjóðarinnar.

Þrátt fyrir þessa staðreynd hefur starfsaðstaða þessara félaga versnað til muna síðustu árin. Það þarf töluvert til að mynda svo sterkan segul, að hann dragi til sín meginþorra æskunnar á stórum landssvæðum, að nógu almenn tilfinning myndist fyrir því, hvert fjöldinn muni sækja hverju sinni, því að um margt er að velja, en til þess þarf mikið starf, fjölbreytt skemmtiefni og hóflegan aðgangseyri. Það þarf mikla og góða skipulagningu, til að allir fari eftir settum reglum. Líta ekki allir hv. þdm. þannig á, að það væru alvarleg mistök, ef samkomuhald þessara félagasamtaka færi eitthvað úrskeiðis? Sé svo, sem ég vil ekki efast um að óreyndu, þá hljótum við að vera sammála um það, að hv. Alþ. verði að búa þannig í haginn, að það sé einhver grundvöllur fyrir því, að þessi starfsemi haldi áfram, bæði fjárhagslega og ekki síður þó það, sem að sjálfri framkvæmdinni snýr.

Sú brtt., sem hér er til umr., er aðeins einn þáttur þessa máls, en þó mikilvægur þáttur, því að engin von er til þess, að hægt sé að halda þessum samkomum vínlausum, eins og stefnt er að, nema svæðinu sé lokað, sem samkoman er haldin á hverju sinni. Verði þessi heimild veitt, eins og hér er lagt til, er það undir mati lögreglustjórans á viðkomandi stað, hvort hann notar heimildina eða ekki, og þá sér lögreglan um alla framkvæmd með þeim, sem samkomuna heldur. Mér er það ekki grunlaust, að hv. alþm. hafi ekki kynnt sér, hvernig löggjafinn hefur búið að starfsemi þessara félaga, sem þó er að margra dómi mjög mikilvæg. Af allri vinnu sem félögin þurfa að borga, verða þau að greiða launaskatt og tryggingagjöld. Af aðgangseyri eru þau látin borga söluskatt og hálfan kostnað af allri löggæzlu á þessum stóru mótum. Hlutdeild ungmennafélaganna í löggæzlukostnaði á samkomum í félagsheimilum hefur margfaldazt á síðustu árum. En það er staðreynd, að allur kostnaður við stórmót, sem nokkur von er til, að nái tilgangi sínum, er orðinn svo geigvænlegur, að engin leið væri að láta þau bera sig, ef félagarnir legðu ekki fram meginhlutann af vinnunni án endurgjalds.

Er það sanngjarnt eða skynsamlegt að skattleggja slíka starfsemi, eins mikilvæg og hún er frá þjóðfélagslegu sjónarmiði? Þessi mót á alls ekki að skattleggja á neinn hátt að mínum dómi. Það væri nær að ýta undir þessa starfssemi, t. d. með því að ríkið legði til alla löggæzlu, eða styrkja þessi félög á annan hátt til að halda slík mót, sem draga mjög úr drykkju æskunnar, og er því mjög mikilvægt að auka þessa starfsemi, fjölga sem allra mest vínlausum samkomum í landinu og sérstaklega þeim, sem æskan sækir mest til. Það þarf að búa svo um, eftir því sem hægt er, að þessar samkomur nái tilgangi sínum. En til þess þarf æskan að sækja þær fremur en aðrar samkomur. Þær þurfa einnig að hafa meira að bjóða, en því fylgir mikill kostnaður. Það þarf að sjá um, að farið sé eftir settum reglum á þessum mótum, þegar svo háttar til, að vegur liggur í gegnum mótsstað, eins og t. d. í gegnum Vaglaskóg, og víðar hefur það valdið miklum erfiðleikum.

Í umferðarlögunum frá 23. apríl 1968 er engin ótvíræð heimild til að loka vegum vegna slíkra móta. Dómsmrn. hefur ekki talið sig hafa slíka heimild eða talið, að lögreglustjórar hefðu hana. Hins vegar telur dómsmrn. æskilegt að setja slíka heimild í lög, og þessi brtt. er samin í samráði við það. Reynslan hefur líka sýnt, að nauðsynlegt er að loka mótsstöðum, og það er næstum frumskilyrði þess, að hægt sé að halda þar öllu eftir tilskildum reglum, því að ótrúlega margir hafa tilhneigingu til þess að vilja spilla tilgangi þessara móta, eru undir áhrifum áfengis, krefjast að fá að fara inn á mótsstaðina undir því yfirskini, að þeir séu að fara inn í sveitina innan við mótsstaðinn og enginn geti bannað sér veginn. Á þennan hátt hafa ýmsir komizt inn á mótsstaðina og valdið erfiðleikum og leiðindum og sett blett á þessar samkomur. Fyrir það væri hægt að girða með því að samþykkja þessa heimildartillögu.

Ég skal svo ekki ræða þessi mál frekar að sinni, en vil þó undirstrika það að lokum, að hv. Alþ. ætti að sýna starfsemi ungmennafélaganna og annarra hliðstæðra æskulýðsfélaga meiri áhuga og skilning en hingað til og styrkja þeirra mikilvæga starf margfalt við það, sem nú er. Svo mikilvæg fyrir þjóðina tel ég þessi störf vera. Ég þekki það af eigin reynslu, og þá reynslu hafa margir aðrir átt, hv. alþm. einnig. Því eigum við að hefja þetta mál yfir aðrar deilur, athuga, eftir því sem hægt er, alla æskulýðsstarfsemi í landinu og styrkja og hlúa að því, sem við teljum mikilvægast, og þá fyrst og fremst þá starfsemi, sem eykur sjálfsvirðingu og reglusemi æskunnar. Vínlausu samkomurnar, ekki sízt héraðsmótin, eru áreiðanlega mikilvægur hlekkur í þeirri starfsemi ásamt þróttmiklu félagsstarfi, sem er undirbyggt af alhliða íþróttakennslu. Og forustumennirnir séu fyrirmynd í reglusemi. Það er mikilvægt atriði, sem enginn ætti að gleyma.

Ég vona, að að athuguðu máli muni hv. þd. taka jákvæða afstöðu til þessarar heimildartill. og sýna með þeim hætti hug sinn til þeirrar mikilvægu starfsemi, sem ungmennafélögin inna af hendi og ég hefi reynt að lýsa hér að nokkru.

ATKVGR.

Brtt. 583 samþ. með 20:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 72. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 590).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. – Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 590, n. 796, 799).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. – Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, 12. mál, hefur verið til athugunar hjá allshn. þessarar hv. þd. N. mælir samhljóða með þessu frv.

Frv. þetta kveður á um, að umferðarfræðslu verði komið á og í ákveðið horf undir forsjá umferðarráðs. Einnig komi hér inn ákvæði um umferðarnefndir í sveitarfélögum. Eins og segir í grg. með frv., er talið, að sú samræmda umferðarfræðsla, sem fram fór í sambandi við breytingu í hægri akstur, hafi reynzt svo vel og komið í veg fyrir svo mörg slys, að sjálfsagt sé að halda sem víðtækustu samstarfi áfram til að fyrirbyggja umferðarslys, eftir því sem frekast er unnt.

Borizt hafði n. erindi frá dómsmrn. um, að hún flytti brtt. við frv. þessum till. hefur nú ekki verið útbýtt, en þær eru tiltölulega einfaldar. Ég skal skýra frá, hverjar þær eru. N. er sammála um að flytja þessar brtt. Það er við 77. gr. frv., a-liður, þar sem upp eru talin félagssamtök, sem að umferðarráði standa. Þessi upptalning er óbreytt síðan 1962, en þar eru inni tvö Reykjavíkurfélög, sem nú hafa verið gerð að landssamtökum. Það er Bandalag ísl. leigubifreiðastjóra og Landssamband vörubifreiðastjóra. Þetta voru áður Reykjavíkurfélög. Ég vænti þess, að allir geti verið sammála um að samþykkja þessa brtt. Hún er sem sagt orðin staðreynd nú þegar.

Svo er við sömu gr., 77. gr., b-liður. Aftan við 2. mgr. bætist ákvæði, þar sem endurskoðendum samtakanna er bannað að hafa með höndum önnur störf ósamrýmanleg endurskoðunarstarfi þessu. Í ljós hefur komið, telur rn., að ástæða sé til þess, að þessu ákvæði verði bætt í lögin.

Hv. Nd. gerði samkv. beiðni dómsmrn. einnig breyt. á þessu frv., m. a. um eðlilegar ákvarðanir á skyldutryggingu. Enn fremur breytti hún nafni á stofnuninni úr umferðarmálaráð í umferðarráð.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um frv. N. varð sammála um, að þessar breyt. eigi rétt á sér, og mælir með þeim við hv. þd.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 799 (ný 3. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
4.–5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 818).

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 94. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 96. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þær breyt., sem orðið hafa á frv. í Ed., eru ekki efnismiklar. Þær eru í samræmi við breyt., sem orðið hafa á félagsskipun mála. Í stað Vörubílstjórafélagsins Þróttar kemur Landssamband vörubifreiðastjóra, og einnig kemur þarna Bandalag ísl. leigubifreiðastjóra í staðinn fyrir Bifreiðastjórafélagið Hreyfil.

Að öðru leyti er svo brtt. nr. 2, að óheimilt sé endurskoðendum, sem hafa með höndum þau störf, sem ákveðin eru samkv. 77. gr., að hafa með höndum starf, sem að mati dómsmrh. er ósamrýmanlegt endurskoðunarstarfi þeirra í þeirri veru. Það hafa stundum orðið dálitlar umr. um þetta atriði, og því þótti rétt, að þetta atriði kæmi inn í lögin.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 850).

---

53. Húsnæðismálastofnun ríkisins (stjfrv. til heildarlaga).

Á 68. fundi í Nd., 6. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins [198. mál] (stjfrv., A. 486).

Á 69. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Húsnæðismál hafa jafnan verið og eru enn nokkuð erfitt vandamál. Því veldur, að framkvæmdirnar eru fjárfrekar og að þeir, sem oft á tíðum hafa mesta þörf fyrir húsnæði, hafa ekki bolmagn til að standa í framkvæmdum, vantar fjárhagslegan grundvöll og lán er oft á tíðum erfitt að fá og þau eru dýr. Hið opinbera verður þá oft að hlaupa undir bagga og greiða fyrir þeim, sem á aðstoð þurfa að halda. Þetta hefur verið gert að verulegu leyti á undanförnum árum. Hin elzta viðleitni í þá átt eru lög um verkamannabústaði, sem nú eru orðin rúmlega 40 ára, og síðar hafa verið gerðar ýmsar ráðstafanir til þess að koma á móti þessum þörfum. Þar er stærsta fyrirtækið hið almenna veðlánakerfi, sem hefur nú starfað í tæp 20 ár. Framkvæmdanefnd byggingaáætlunar er svo síðasta átakið, sem í þessu hefur verið gert, sem var gert að verulegu leyti fyrir frumkvæði verkalýðssamtakanna, þegar kjarasamningar voru gerðir fyrir nokkrum árum. En öll þessi þrjú fyrirtæki, þessi þrenns konar starfsemi, sem hefur verið höfð uppi, verkamannabústaðirnir, hið almenna veðlánakerfi og framkvæmdaáætlunin, hafa verið að meira eða minna

leyti í fjárhagslegu svelti. Þau hefur skort lánsfé, og framkvæmdirnar hafa verið dreifðar á marga aðila.

Um það leyti sem Alþ. tók sér frí frá störfum í febrúarmánuði vegna Norðurlandaráðsfundarins, þá skipaði ég n. til að taka þessi mál til athugunar, og var fyrir n. lagt, að hún skilaði áliti eftir u. þ. b. einn mánuð. Í n. voru skipaðir ráðuneytisstjórinn í félmrn., Hjálmar Vilhjálmsson, Jón Þorsteinsson alþm. og Þorvaldur Garðar Kristjánsson framkvæmdastjóri. Þessi n. vann mjög vel og dyggilega að þessu og skilaði áliti í byrjun s. l. mánaðar eða fyrri hluta s. l. mánaðar, og hefur málið síðan verið til athugunar hjá ríkisstj. Þeim var uppálagt þessum nm., eins og ég sagði, að skila áliti sínu mjög fljótlega, að gera till. um, hvernig fá mætti aukið fé og gera till. um einfaldara kerfi en nú er, þannig að þessum lánastofnunum yrði að einhverju eða verulegu leyti steypt saman, svo að framkvæmdin yrði einfaldari.

Þetta frv., sem n. samdi, liggur nú hér fyrir. Í upphafi grg., á bls. 10 og 11, er gert ráð fyrir því, hverjar séu helztu efnisbreytingar frá núgildandi löggjöf í þessu frv., og ég held, að það sé rétt, að ég leyfi mér að hafa þær yfir, því með því er frv. eiginlega að verulegu leyti skýrt.

Fyrsta breytingin er sú, að stjórn Byggingarsjóðs verkamanna er falin húsnæðismálastjórn, og húsnæðismálastjórn annast því úthlutun lána, bæði fyrir Byggingarsjóð ríkisins og fyrir Byggingarsjóð verkamanna. Fjáröflun til Byggingarsjóðs ríkisins verði aukin með tvennum hætti. Í fyrsta lagi verða lífeyrissjóðir og eftirlaunasjóðir skyldir að kaupa íbúðarlánabréf fyrir fjórðung ráðstöfunarfjár síns, enda verði lánveitingar úr Byggingarsjóði ríkisins til sjóðsfélaga ekki skertar, svo sem nú hefur verið gert. Í öðru lagi verður framlag ríkisins aukið og það hækkað úr 40 millj. kr. árlega, eins og nú hefur verið, í 75 millj.

Breytingar á reglum um lán úr Byggingarsjóði ríkisins eru þessar helztar. Hámark láns verði hækkað upp í 600 þús. kr. Ætlazt er til, að farið verði í hámark lána vegna bygginga, sem hafnar eru eftir 1. jan. 1971. Heimild til breytingar lánsfjárhæðar verði á tveggja ára fresti í samræmi við breytingu á byggingarkostnaðarvísitölu. Þá er líka gert ráð fyrir, að lán megi veita til byggingar leiguíbúða til allra, sem fullnægja skilyrðum reglugerðar um leiguíbúðir, sem verður væntanlega samin fljótlega eftir að þetta frv. verður samþykkt, ef það nær fram að ganga. Þetta er líka nýmæli. Heimilt verði að veita lán til kaupa á eldri íbúðum fyrir allt að 25 millj. á ári. Þetta er líka nýmæli. Heimild til viðbótarlána til efnalítilla manna innan verkalýðsfélaga falli niður. Og heimild ríkisins til íbúðabygginga, sem nú er í gangi með framkvæmdaáætlun byggingaáætlana verði haldið áfram, á meðan þess verður óskað, en heimild sett inn í lögin til að breyta þessari framkvæmd þannig, að byggingaáætluninni geti í framtíðinni, ef samkomulag verður um það á milli þeirra aðila, sem að byggingaáætluninni standa, verið breytt í verkamannabústaði, þannig að hún komi undir verkamannabústaði. Þetta eru aðalbreytingarnar á lánveitingunum úr hinum almenna sjóði.

Þá er brtt. um framkvæmd á byggingum verkamannabústaða þannig, að það er nú eftir frv. á valdi sveitarfélags, hvort það lætur byggja verkamannabústaði eða ekki. Tekjuöflun til Byggingarsjóðs verkamannabústaða er breytt þannig, að hvert sveitarfélag ákveði til 4 ára í senn framlag sveitarsjóðs, sem miða skal við íbúatölu á þéttbýlissvæðunum og ekki vera lægra en 200 kr. á íbúa og ekki hærra en 400 kr. á íbúa á hverju ári. Þetta er allmikil breyting frá því, sem nú er, því að framlag sveitarfélaga og ríkis hefur að undanförnu verið frá 40 kr. til 60 kr. á íbúa, eftir því sem sveitarfélagið hefur ákveðið hverju sinni. Það er gert ráð fyrir því, að jöfnunarsjóður inni þessar greiðslur sveitarfélaganna af hendi og ríkissjóður greiði, sem fyrr segir, jafnt á móti. Hver sveitarsjóður, sem hyggst byggja verkamannabústaði, lætur gera áætlun um slíkar byggingar á næstu fjórum árum, og skal miða ákvörðun framlagsins til Byggingarsjóðs verkamanna við þá áætlun. Það má segja, að þegar búið er að rannsaka þörfina fyrir byggingar í hverju sveitarfélagi, þá gerir sveitarstjórnin áætlun um framkvæmdir og miðar framlag sitt til Byggingarsjóðs verkamanna við það, að það framlag að viðbættu framlagi ríkissjóðs nægi til þess að greiða umframlánin til verkamannabústaðanna.

Ráðh. skipar fimm manna stjórn verkamannabústaða í hverju því sveitarfélagi, sem hyggst byggja verkamannabústaði, eftir tilnefningu sveitarstjórnarinnar og eftir tilnefningu húsnæðismálastjórnarinnar, tvo frá hvorum, og eftir tilnefningu verkalýðsfélaga á staðnum einn, þannig að þessi stjórn er skipuð samtals fimm mönnum, en þessi stjórn annast um áætlunargerð og byggingarframkvæmdir á þeim verkamannabústöðum, sem í því sveitarfélagi er stofnað til.

Lánveitingar til byggingarfélaga verkamanna falla að mestu leyti niður, en lánin skulu veitt sveitarfélögum, sem verða yfirfærð á íbúðareigendur við afhendingu bústaða fullgerðra. Lánin skulu vera tvö. Í fyrsta lagi lán úr Byggingarsjóði ríkisins með venjulegum kjörum, þ. e. a. s. 600 þús. kr. á ári, og með þeim kjörum, sem húsnæðismálastjórn hefur á sínum venjulegu og almennu lánum. En að öðru leyti koma lán úr Byggingarsjóði verkamanna, sem eru lánuð til 42 ára með 2% vöxtum, annuitetslán, tryggt með 2. veðrétti í íbúðinni. Samanlögð fjárhæð lánanna skal vera 4/5 hlutar eða 80% af raunverulegum byggingarkostnaði. Íbúðareigandinn skal leggja fram 20%, sem á vantar. Íbúðareigandanum, eða þeim, sem er að eignast íbúðina, ber að standa skil á helmingnum af framlagi sínu, þegar hann fær úthlutun, og hinum helmingnum skal hann standa skil á, þegar hann fær afsal. Verði svo vanskil af hans hálfu, þá er gert ráð fyrir, að hann geti misst íbúðina, en hann kann að fá endurgreitt það, sem hann kann að hafa greitt upp í kostnaðinn.

Verkamannabústaðirnir skulu vera 2–4 herbergi auk eldhúss og vera í fjölbýlishúsi. Heimilt er að byggja þá í sambyggðum raðhúsum eða jafnvel í einbýlishúsum, ef um litla byggingaráfanga er að ræða, eða skipulag á staðnum krefst slíkra frávika, en aðalreglan á að vera, að það sé byggt í sambyggingum, sem gert er ráð fyrir að geti orðið ódýrari en þegar byggt er í smærri stíl. Hámarksstærð hverrar íbúðar á verkamannabústöðunum skal ekki vera yfir 100 fermetra.

Í þessu sambandi er gert ráð fyrir, að efnahagsviðmiðun kaupenda þessara íbúða verði rýmkuð nokkuð,

þannig að tekjumark íbúðareigenda verði hækkað í 200 þús. kr. á ári og 20 þús. kr. fyrir hvert barn á framfæri innan 16 ára aldurs, og eignarmarkið er hækkað í 400 þús. kr. Þessi mörk breytast líka til samræmis við byggingarkostnaðarvísitölu.

Takmarkanir á ráðstöfunarrétti þessara íbúða eru þær sömu og verið hafa á verkamannabústöðunum.

Noti sveitarstjórnin forkaupsrétt sinn, skal húsinu ráðstafað á ný með sama hætti og um væri að ræða nýjan bústað, og lánveitingar úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna verði að sama marki, eins og þegar um nýjan bústað er að ræða.

Kerfi það um aðstoð við láglaunafólk, sem frv. gerir ráð fyrir, er, að því er þeir telja, sem frv. sömdu, öllu hagstæðara en lánin eru í framkvæmdaáætlun byggingarframkvæmdanna, sem þegar er í gangi hér inni í Breiðholti við Reykjavík.

Út af þessu sérstaklega vildi ég segja það, að það er ekki hugsað að halda þessari framkvæmdaáætlun gangandi úti á landsbyggðinni, heldur komi þar verkamannabústaðirnir í staðinn. Framkvæmdaáætlunin, sem nú er í gangi, er við það miðuð fyrst og fremst, að það sé byggt í mjög stórum stíl, þ. e. a. s. íbúðir, sem skipta hundruðum, í einu, þannig að ætla má, að með því fáist ódýrari framkvæmd en þegar byggt er eitt og eitt hús. Um þessar byggingar er það að öðru leyti að segja, að ef þær væru hugsaðar framkvæmdar úti á landsbyggðinni, þá er engin von til þess, að hægt sé að byggja í svo stórum stíl sem hér hefur verið gert í Reykjavík og þar af leiðandi ekki á jafnhagstæðan hátt og væntanlega hefur fengizt hér eða á a. m. k. að geta fengizt hér, þannig að verkamannabústaðirnir úti á landsbyggðinni eiga að koma þar í staðinn, og þeir eiga að geta orðið, eins og ég sagði hér rétt áðan, enn hagstæðari en þessar Breiðholtsíbúðir.

Fjáröflun til þessara bygginga, bæði til almenna veðlánakerfisins og til Byggingarsjóðs verkamanna, er gert ráð fyrir að verði þannig: Árið 1970 er gert ráð fyrir, að ráðstöfunarféð geti orðið 794 millj. Þar af fara til framkvæmdanefndar byggingaráætlunar 116.5 millj. Áætlað lán á íbúð á þessu ári er 540 þús. kr., en þetta hækkar á næsta ári þegar upp í 600 þús. og verður það framvegis. Þetta svarar til þess, að fjöldi fullunninna íbúða og fullra lána til þeirra geti á árinu orðið 1255 íbúðir. Árið 1971 er svo gert ráð fyrir, að ráðstöfunarféð verði hækkað upp í 847 millj. þar af komi í hlut framkvæmdaáætlunarinnar 50 millj., og áætlað lán á íbúð verður 600 þús., eins og ég gat um áðan, og íbúðaað ráðstöfunarféð verði komið upp í 955 millj. Til byggingaráætlunarinnar fer ekki neitt á því ári, en áætlað lán á íbúð verður 600 þús. og fjöldi íbúða getur þá orðið 1590. Svo heldur þetta áfram 1973 og 1974. 1974 er gert ráð fyrir því, að ráðstöfunarféð verði komið upp í 1216 millj. Áætlað lán á íbúð er enn 660 þús. og fjöldi fullsmíðaðra íbúða er þá gert ráð fyrir að verði 1850.

Það hefur verið gerð skrá yfir þessar lánveitingar frá 1956 og til þessa dags, og ég held, að það sé fróðlegt fyrir hv. alþm., að ég lesi þessa skrá upp. Það er útlán á verðlagi hvers árs. Árið 1956 voru þetta 68 millj., 1957 50 millj., 1958 52 millj., 1959 37 millj., 1960 55.9 millj., 1961 78 millj., 1962 97 millj., 1963 102 millj., 1964 179 millj., 1965 294 millj., 1966 377 millj., 1967 510 millj., 1968 522 millj. og 1969 408.9 millj. Árið 1970 er gert ráð fyrir að þessi lán verði komin upp í, eins og ég sagði áðan, 794 millj., vaxandi í 1216 millj. 1974.

Nýir tekjustofnar, sem hér er gert ráð fyrir, að verði teknir til ráðstöfunar, eru tvenns konar: Fyrst hækkun á framlagi ríkisins úr 40 millj. upp í 75 millj. Þá er gert ráð fyrir, að komið verði á almennri kaupskyldu lífeyrissjóða og eftirlaunasjóða, sem nemi 1/4 af ráðstöfunarfé þeirra.

Árið 1968 nam ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna samkv. þeirri skilgreiningu að vera innborguð iðgjöld, mínus kostnaður við rekstur og greiðslur tjóna eða bóta, 532 millj., en það er síðasta árið, sem ábyggilegar tölur eru fyrir hendi um.

Samkv. upplýsingum þeirra, sem athugað hafa þetta nákvæmlega, bæði í félmrn. og Seðlabanka, þá er gert ráð fyrir, að þetta ráðstöfunarfé lífeyrissjóða og eftirlaunasjóða fari hækkandi frá 1968 og til ársins 1973 um 150–200%, þannig að það má gera ráð fyrir, að 1973 verði þetta ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna komið upp í 1400–1500 millj. á ári.

Ég hef heyrt um það rætt, að það væri nokkuð hart aðgöngu að binda þetta ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna að þessum 1/4 hluta við lán til húsnæðismálastjórnar. En ég vil um það aðeins segja, að ég tel, að það sé sú bezta ráðstöfun, sem eftirlaunasjóðirnir geti gert á sínu fé, að styrkja byggingarstarfsemina í landinu á þennan hátt, sem hér er gert ráð fyrir. Þeir hafa líka 3/4 hluta af ráðstöfunarfé sínu eftir til ráðstöfunar. Og í þriðja lagi vildi ég segja, að það munar öllu fyrir þá, að nú fá allir lán úr veðlánakerfinu, hvort sem þeir eru meðlimir í lífeyrissjóði eða ekki, en það var nokkuð lækkað hér fyrir stuttu og hefur verið þannig, að meðlimir lífeyrissjóðanna fengu ekki fullt lán hjá húsnæðismálastjórn, en í frv. er gert ráð fyrir, að lánið verði veitt öllum jafnt, hvort sem þeir eru meðlimir í lífeyrissjóði eða ekki.

Það er í frv. gert ráð fyrir því, að fjárframlag ríkissjóðs til útrýmingar heilsuspillandi íbúða verði látið standa óbreytt, eins og það hefur verið, eða 13 millj. á ári.

Lánin til verkamannabústaðanna er gert ráð fyrir að verði um 1200 þús. kr. á íbúð, eða sem svarar um 80% af byggingarkostnaði, og það stendur í frv., að lánin skuli vera 80% af byggingarkostnaðinum.

Fjáröflun til þessa verkamannabústaðakerfis er ætlað að verði á þann hátt, eins og raunar hefur verið að nokkru leyti áður, að sveitarstjórnir og ríkissjóður skipti á milli sín láninu til sjóðanna, sem er umfram hið venjulega lán. Það er gert ráð fyrir, að verkamannabústaðirnir fái sams konar lán og aðrir, sem um lán sækja þar, eða 600–660 þús. kr. á ári, en til viðbótar er svo gert ráð fyrir, að þær íbúðir fái um 300–360 þús. kr. á ári, sem sé aflað með framlagi frá sveitarfélögum og ríkissjóði. Ríkissjóður og sveitarsjóðirnir eiga samkv. þessu að leggja á íbúa sveitarfélagsins 200–400 kr. á hvern íbúa, safna því í sjóð, og ríkissjóður leggur svo fram jafnt á móti. Þetta er náttúrlega nokkur upphæð, en hún hefur verið nokkuð há miðað við undanfarandi verðlag, þar sem sveitarsjóðirnir hafa þar lagt fram 60 kr. á hvern íbúa, og það er nú hækkað upp í 400–600, eftir því hvað sveitarstjórnirnar ákveða. Lánin til

byggingar verkamannabústaðanna til viðbótar almennu framlagi veðlánakerfisins er gert ráð fyrir að geti orðið nægileg til byggingar á 350 verkamannabústöðum á ári, sem mundu þá kosta um 420 millj. miðað við þann kostnað, sem hér hefur verið áætlaður. Framlag kaupenda yrði 84 millj., framlag Byggingarsjóðs ríkisins 210 millj. og framlag Byggingarsjóðs verkamanna 126 millj. Þessi framlög til byggingar húsnæðis fyrir láglaunafólk eru hagstæðari, verð ég að segja, og meiri en áður hefur verið, og er þess að vænta, að þessi lán geti orðið viðráðanleg fyrir kaupendurna, en þeir þurfi ekki að hrekjast út úr íbúðum sínum, vegna þess að þeir hafi ekki efni á því að greiða vexti og afborganir af lánunum. Þetta 2% lán til 42 ára er mjög hagstætt og hagstæðara en nokkurn tíma hefur verið hér á landi, enda gert ráð fyrir, að framlag sveitarfélags og ríkis gangi til þess að leggja fram fé, sem þessum lánum svarar, því að hvergi er á frjálsum markaði hægt að fá þessi lán með þeim kjörum.

Þetta er aðalefni frv., en fleiri nýmæli eru þarna, svo sem ég minntist á í þeirri upptalningu, sem ég gat um í byrjun, yfir þau atriði, sem væri breytt frá því, sem er í núverandi lögum. Ég tel t. d., að það sé mjög þýðingarmikið atriði frá mínu sjónarmiði, að það verði tekin upp lán til byggingar leiguíbúða, hvort sem bæjarfélag eða einstaklingar taki að sér bygginguna, þá verði íbúðirnar lánshæfar, þó að um leiguíbúð sé að ræða og ekki um einkaíbúðir. Það er náttúrlega til fólk, sem á erfitt með að kosta byggingu og standa undir byggingu, eins og þær eru gerðar nú, og þess vegna er viðbúið, að það sé til fólk, sem ekki hafi nein efni á því að ráðast í húsbyggingu, þó að lán séu hagkvæm. Og þá er náttúrlega möguleiki til þess, að sveitarfélögin hlaupi í skarðið og byggi, eða einhver framtakssamur byggingarmeistari geri það, og leigi síðan út íbúðirnar á viðráðanlegu verði fyrir leigutaka, en úr húsnæðismálasjóði er hægt að fá lán til þessara íbúða, alveg eins og til þeirra íbúða, sem eru í einkaeign.

Með þessu móti ættu, þegar fram í sækir eða þegar á næsta ári, að koma í byggingarsjóðina báða samtals til útlána rúmar 200 millj. kr., sem ráðstöfunarfé byggingarsjóðanna vex þá um. Það geta sjálfsagt orðið einhverjir erfiðleikar á framkvæmdinni á þessu ári, vegna þess að ekki eru komin í framkvæmd eða verða ekki komin í framkvæmd fyrr en á miðju ári í fyrsta lagi, þessi lán úr lífeyrissjóðunum, og ríkissjóður leggur ekki fram sína fjáraukningu í þessu skyni fyrr en á næsta ári, þar sem búið er að ganga frá fjárl. þessa árs, og þetta eru nokkuð verulegar upphæðir, sem gætu numið úr ríkissjóði til hækkunar um það bil 80 millj. kr. En það hefur hins vegar verið gengið út frá því og liggur fyrir loforð um það frá bankakerfinu og Seðlabankanum, að það láni til skamms tíma út á þær tekjur, sem ekki eru komnar til greiðslu, en væntanlegar eru á næsta ári.

Ég veit ekki, hvort það er nokkur þörf á því, að ég fari að ræða þetta öllu nánar eða rekja einstakar gr. frv. Ég held, að allar þær breytingar, sem frv. gerir ráð fyrir og nokkra verulega þýðingu hafa, séu komnar fram í þessum orðum, sem ég hef nú sagt. Og ég vildi vona, að hv. dm. taki frv. vel og samþykki það út úr þessari hv. d. og Alþ. geri það að lögum þegar á þessu þingi, því að ég álít, að í þessu felist mikil bót fyrir húsbyggjendur. Það er enginn vafi á því, að það verður hægara við þessa hluti að fást, þegar og ef þessi ákvæði geta orðið að lögum.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það er eflaust rétt, sem fram kom í ræðu hæstv. ráðh. hér áðan, að opinber fjáröflun til íbúðabygginga í landi okkar hefur á undanförnum árum verið mikið vandamál og verður svo vafalaust áfram. Það er rétt og skylt að viðurkenna, að við Íslendingar höfum byggt mikið á undanförnum árum, að vísu nokkuð dýrar íbúðir, en að ég hygg til jafnaðar nokkuð vandaðri en algengast er með útlendum þjóðum, af mjög svo skiljanlegum ástæðum. Ég hygg, eins og ég gat um áðan, að í framtíðinni verði fjáröflun til lánveitinga út á íbúðabyggingar mikið vandamál í landinu, og mun ég lítillega víkja að því í sambandi við umr. um það frv., sem við erum nú að ræða.

Hv. alþm. hafa eflaust tekið eftir því, að í stuðningsblöðum hæstv. ríkisstj. hefur að undanförnu öðru hverju verið getið um mikla athafnasemi hjá hæstv. ríkisstj. við að leggja fram ný lagafrv. á hv. Alþ., og hafa sum þeirra verið talin merk mál og stór. Það frv., sem hér er til umr., verður tvímælalaust af þeim skrifum, sem mátt hefur lesa undanfarna daga í stjórnarblöðunum, að teljast til hinna stóru mála, og í ræðu hæstv. ráðh. áðan var það einmitt sérstaklega undirstrikað. Í fyrradag birtist þannig í Alþýðublaðinu viðtal við hæstv. ráðh. um þessi mál og um þetta frv., sem bar yfirskriftina: „Alger nýsköpun húsnæðismálanna." Var öll miðsíða blaðsins lögð undir þetta viðtal, sem var að mestu leyti hól um framgöngu Alþfl. og ráðh. hans í núv. ríkisstj. í sambandi við þennan málaflokk, sem alla tíð hefur heyrt undir ráðh. úr þeim flokki. Í leiðara blaðsins í gær er enn fremur skrifað um þetta mál mjög í sama dúr og var í Alþýðublaðinu í fyrradag. Hins vegar er verulegur og greinilegur munur á skrifum Morgunblaðsins og Vísis um þetta frv. Þau blöð fara sér miklu hægar í sambandi við frv. en Alþýðublaðið gerir og kannske af skiljanlegum ástæðum. Meira að segja aðalstuðningsblað ríkisstj., Morgunblaðið, segir í dag, að sá grundvöllur, sem allt hól um sjálft frv. byggist á, þ. e. a. s. grundvöllur þeirrar fjáröflunar, sem á að fjármagna lánin, sé meira en vafasamur, og mun ég víkja að því síðar.

Skoðun mín er sú, að þetta frv. sé í sjálfu sér ekki stórt að því leytinu til, að í því felast ekki ýkjamörg nýmæli frá því, sem er að finna um þessi mál í gildandi lögum. Þó vil ég undanskilja eitt atriði, sem er stórt og er nýmæli í sambandi við löggjöfina um Húsnæðismálastofnun ríkisins, og það eru ákvæði frv. um skyldukaup lífeyrissjóða og eftirlaunasjóða, sem er að finna í 6. gr. frv., að mig minnir, og hér hefur verið að nokkru lýst. Það atriði út af fyrir sig er stórt, en önnur atriði frv. eru að mínu viti ekki nein stórmæli út af fyrir sig, og tel ég rétt til glöggvunar að víkja að þeim helztu örfáum orðum.

Mér virðist, að í frv. felist nokkrar formbreytingar. Sú stærsta er, að nú á að sameina yfirstjórn Byggingarsjóðs

ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna undir húsnæðismálastjórn. Þar er um ráðstöfun að ræða, sem ég tel að sé til bóta.

Þá má enn fremur telja það til formbreytinga í frv. frá því, sem er nú í gildi, að sveitarfélögunum er ætlað nokkru meira forræði um byggingu verkamannabústaða en verið hefur til þessa. Valdið er í reynd með frv. fært til sveitarfélaganna frá byggingarfélögum verkamanna, en það var áður hjá þeim og sveitarfélögum sameiginlega. Þetta er breyting, sem má bæði segja kosti og galla á, og mun ég e. t. v. víkja lítillega að því síðar.

Þá má telja það líka til formbreytinga í frv., að gert er ráð fyrir nokkuð breyttri skipan á stjórn Byggingarfélags verkamanna í hinum einstöku sveitarfélögum frá því, sem gilt hefur til þessa.

Um efnisbreytingar er svo það helzt að segja, að þar ber hæst hina nýju fjáröflunarleið, sem frv. gerir ráð fyrir, um skyldukaup lífeyrissjóða og eftirlaunasjóða á bréfum húsnæðismálastjórnarinnar.

Það má enn fremur telja það nýmæli, að nokkurn hluta af fjármagni Byggingarsjóðs ríkisins, þ. e. a. s. 25 millj. kr., á nú í fyrsta skipti að lána til kaupa á eldri íbúðum.

Efnisbreyting er það einnig, að nú á að afnema hin svokölluðu verkalýðslán, þ. e. a. s. lán til meðlima í verkalýðsfélögunum, sem gátu fengið allt að 75 þús. kr. viðbótarlán ofan á þau almennu hámarkslán, sem giltu samkv. löggjöfinni um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Þá sýnist mér, að frv. beri það með sér, að Breiðholtsframkvæmdunum umdeildu, sem verið hafa í gangi undanfarandi ár, skuli hætt í þeirri mynd, sem þær hafa verið til þessa, og möguleikar opnaðir til þess að halda byggingu 735 íbúða áfram, sem ekki er byrjað að vinna að, þrátt fyrir samkomulag um það á sínum tíma, að þeim skyldi lokið fyrir lok þessa árs. Það eru opnaðir með frv. möguleikar til þess að taka þær inn í verkamannabústaðakerfið, ef um það semst á milli réttra aðila, þ. e. á milli Reykjavíkurborgar og verkalýðsfélaganna, en hvort Reykjavíkurborg telur sér fært eða telur sér hag að því að gera slíkan samning, skal ég ósagt láta um nú, þó að ég telji það heldur ólíklegt, að svo verði á næstunni.

Þá verður enn fremur að telja til efnisbreytinga frá gildandi lögum það ákvæði frv. að afnema þá skyldu, að íbúðalánin skuli hækka og fylgja hækkandi byggingarvísitölu, því að í frv. er aðeins um heimild að ræða til hækkana annað hvert ár í stað þess, að samkv. gildandi lögum er skylduákvæði til þess að hækka íbúðalánin árlega í samræmi við byggingarvísitölu.

Þetta eru, að því er mér sýnist, helztu ákvæði þessa nýja frv. og geta nú hv. alþm. metið það hver og einn sjálfur, hvort hér er um óskaplega mikla nýsköpun á húsnæðismálakerfinu að ræða eða eitthvað annað.

Á það hefur verið bent, bæði hér á hv. Alþ., þar sem ár eftir ár hafa orðið miklar umr. um íbúðamál, og eins á mannfundum utan Alþ., að opinber lán til íbúðabygginga hér á landi væru miklum mun lægra hlutfall af byggingarkostnaði en algengast væri á Norðurlöndum, sem okkur af eðlilegum ástæðum er mjög gjarnt að bera okkur saman við. Á það hefur verið bent, að lengst af hafi hin opinberu lán úr húsnæðismálakerfinu numið einhvers staðar um fjórðung til þriðjungs af byggingarkostnaði venjulegra íbúða. Á Norðurlöndum hefur svo verið um margra ára bil, að þar hafa húsbyggjendur átt aðgang að opinberum lánum, er hafa numið um 80–90% af heildarbyggingarkostnaði, lánum með mjög hagstæðum kjörum til langs tíma og yfirleitt með lægri vöxtum en algengast er í þeim löndum. Á þessu er því mikill aðstöðumunur hjá okkur og frændum okkar á hinum Norðurlöndunum, og ég fæ ekki séð, þótt frv. þetta verði samþ. alveg óbreytt með þeirri nýju fjáröflun, sem það ráðgerir, að þetta bil út af fyrir sig minnki nokkuð verulega okkur í hag, að við drögum nokkuð á frændur okkar á Norðurlöndum í sambandi við lánamöguleika til íbúðabyggjenda. Ber að harma það, því að að sjálfsögðu er nauðsynlegt að efla lánamöguleika til íbúðabygginga í landinu, hvort sem þau lán koma í gegnum opinbert veðlánakerfi eða eitthvert annað kerfi, t. d. lífeyrissjóðina, sem starfað hafa hér í landi. Víða er það svo, t. d. í Vestur-Evrópu, að langstærstur hluti þeirra lána, sem ganga til íbúðabygginga, kemur einmitt í gegnum lífeyrissjóði eða svipuð félög, en alls ekki í gegnum opinbert lánakerfi. Hvort betra er, geta menn haft skiptar skoðanir um, en hitt er meginatriði, að hægt sé að beina eðlilegu og nægilega miklu og hagkvæmu fjármagni til íbúðabygginga, svo að á þann hátt megi lækka byggingarkostnaðinn, sem tvímælalaust er ein aðalástæðan fyrir þeirri miklu og alvarlegu verðbólguþróun, sem verið hefur í landinu marga undanfarna áratugi.

Mig langar í framhaldi af þessu að víkja nokkuð að einstökum atriðum frv. Vil ég þá byrja á því að víkja að ákvæðum 3. gr. Sú gr. er til muna styttri en 3. gr. gildandi laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins, og tel ég hana í mörgum og veigamiklum atriðum mikla afturför frá því, sem er í gildandi lögum. Þannig er mál með vexti, að samkv. skýrum bókstaf laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins frá 1965, þá er að finna ákvæði um forustu húsnæðismálastjórnar, markvissa forustu húsnæðismálastjórnar í þá stefnu að vinna að lækkun byggingarkostnaðar. Það gefur auga leið, að aðili í landinu, sem hefur umráð yfir jafnmiklu lánsfé og húsnæðismálastjórn hefur haft undanfarandi ár, hlýtur að vera í ákjósanlegri aðstöðu í sambandi við ráðstöfun þess fjármagns að setja ýmsar reglur og vinna ýmis þau verk, er miðað geti að lækkun byggingarkostnaðar. Og 3. gr. gildandi laga um Húsnæðismálastofnun telur upp í 12 atriðum a. m. k. ákveðin verkefni, sem Húsnæðismálastofnunin á að vinna að til endurbóta í byggingarmálum og til þess að lækka byggingarkostnað. Nú verður að segja þá sorgarsögu, að því miður hefur stofnunin að mjög verulegu leyti brugðizt í þessum efnum. Hún hefur ekki nema að mjög litlu leyti sinnt þeim verkefnum, sem 3. gr. gildandi laga leggur henni á herðar. Og með frv. virðist blessun vera lögð á það, að Húsnæðismálastofnun ríkisins hafi ekki þá forustu um þessi mál, sem lög gera ráð fyrir. Ég tel þetta vera ótvíræða afturför.

Af ákvæðum, sem eru í gildandi lögum um þetta atriði og ekki er að finna í frv., langar mig, með leyfi hæstv. forseta, til þess að nefna aðeins örfá:

Í fyrsta lagi er það eitt af verkefnum húsnæðismálastjórnar að fylgjast jafnan nákvæmlega með bygging-

arkostnaði í landinu í því skyni að finna, hverjir byggi ódýrustu hús, hvaða gerðir íbúðarhúsnæðis reynist beztar og hagkvæmastar og með hvaða hætti þeim verði komið upp með minnstum tilkostnaði. Í þessu skyni er húsnæðismálastjórn heimilt að láta fara fram samkeppni um uppdrætti og byggingu hagkvæmra íbúða og veita lán þeim, sem geta tekið að sér að byggja hagkvæmar íbúðir af ákveðinni meðalstærð með minnstum kostnaði. Þetta ákvæði er ekki að finna í 3. gr. frv.

Enn fremur á húsnæðismálastjórn að koma á fót og annast leiðbeiningastarf í því skyni að lækka byggingarkostnað og koma á hvers konar umbótum í húsagerð og vinnutækni við byggingu íbúðarhúsa. Þetta ákvæði er ekki heldur að finna í 3. gr. frv. Enn fremur að leggja áherzlu á stöðlun (standardiseringu) sem flestra hluta í íbúðarhúsabyggingu, fjöldaframleiðslu slíkra hluta og annast leiðbeiningar til húsbyggjenda um notkun þeirra. Þetta ákvæði er ekki heldur að finna í frv.

Að endingu vil ég lesa upp þetta: „Að gangast fyrir tæknirannsóknum og kynningu nýjunga í byggingariðnaði, tilraunum, sýningum, námskeiðum, útgáfu rita, heimsóknum erlendra sérfræðinga, náms- og kynnisferðum íslenzkra byggingarmanna erlendis. Enn fremur með byggingu tilraunahúsa, þar sem reyndar verði nýjungar í húsagerð.“ Þetta ákvæði er ekki heldur að finna í 3. gr. frv.

Ég þykist hafa með þessu fært að því rök, að að því er tekur til efnis 3. gr. frv. sé um beina afturför í því að ræða frá því, sem er í gildi samkv. núgildandi lögum.

Þá vil ég næst víkja að því, sem margir mundu telja aðalatriði þessa frv. Það er sú aukna fjármögnun til hins opinbera lánakerfis, sem frv. ber með sér. Þá er þess fyrst að geta, að samkv. frv. er gert ráð fyrir því, að ríkisframlagið til Byggingarsjóðs ríkisins, sem hefur verið undanfarandi ár 40 millj. kr., eigi að hækka upp í 75 millj. kr., eða um 35 millj. kr. Út af fyrir sig er þetta góðra gjalda vert, þó að ekki verði það talin veruleg ný fjárframlög til íbúðarlánakerfisins. En þegar þess er gætt í leiðinni, að húsnæðismálastjórn fær með frv. heimild til þess að lána til kaupa á eldri íbúðum, – hún má nota allt að 25 millj. kr. árlega til að lána út á kaup á gömlum íbúðum, þ. e. a. s. til að sinna nýju verkefni, sem ekki var áður til og er ekki til í gildandi lögum, – þá sést, að aukning á ríkisframlaginu til byggingarsjóðsins er ekki veruleg.

Hitt atriðið, sem um mundi muna, er ákvæði 3. mgr. í 6. gr. um skyldukaup lífeyrissjóða og eftirlaunasjóða. Ég sagði: sem um mundi muna. Með því á ég við, að langmestur hluti þess fjár, sem á að afla til byggingarsjóðsins með því að skylda lífeyrissjóði og eftirlaunasjóði í landinu til þess að kaupa ákveðinn hluta bréfa, og mér heyrðist hæstv. ráðh. gera ráð fyrir því, að það gæti numið allt að 200 millj. kr. þegar á næsta ári, er fé, sem þegar er lánað og hefur gengið til íbúðabygginga undanfarandi mörg ár og er þegar af þeirri ástæðu ekki ný fjármögnun til íbúðabygginga í landinu. Ég hef rætt um þetta við mann, sem þekkir vel til starfshátta lífeyrissjóða og eftirlaunasjóða, og hann hefur fullyrt það við mig, að það af ráðstöfunarfé þessara sjóða, sem gengið hefur beint sem lán til bygginga á íbúðum, nemi um 95% af heildarfjármagnsyfirráðum sjóðanna, þannig að það er alveg augljóst mál, að þetta aðalblóm og þessi aðalrós í frv. um stórkostlega aukið fé til hins opinbera veðlánakerfis er fengið með því að flytja fjármagn frá öðrum aðilum í landinu, sem lánað var til þess að byggja íbúðir í landinu, til hins opinbera veðlánakerfis og lána það í sama augnamiði. Þegar af þessari ástæðu hlýtur öllum að vera það ljóst, hversu vafasamt – og vil ég þá ekki nota sterk orð – það er, þegar menn í ræðum og blöðum leyfa sér að viðhafa mjög sterk orð um, að hér sé um eitthvert stórkostlegt frv. að ræða, hér sé um algera umsteypu og nýsköpun húsnæðismála að ræða, eins og Alþýðublaðið leyfði sér að viðhafa í fyrradag.

Ég get ekki annað en dvalizt svolitið við þetta ákvæði um skyldukaup lífeyrissjóðanna og eftirlaunasjóðanna á verðbréfum byggingarlánasjóðsins. Frvgr. um þetta atriði hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta, – yfirskriftin er: „Skylt er eftirtöldum aðilum að kaupa skuldabréf (bankavaxtabréf) samkv. 5. gr. sem hér segir:“ Hér koma fyrst tveir töluliðir, um Atvinnuleysistryggingasjóð og tryggingafélög, en 3. töluliður hljóðar svo:

„Lífeyrissjóðir og eftirlaunasjóðir, sem svarar einum fjórða af árlegu ráðstöfunarfé sínu. Með ráðstöfunarfé, samkv. þessum tölulið, er átt við tekjur af iðgjöldum, framlögum og vöxtum, afborganir af lánum, að frádregnum bótagreiðslum og rekstrarkostnaði.“

Hæstv. ráðh. gat um, eins og ég sagði áðan, að þessi skyldukaup gætu e. t. v. numið á næsta ári allt að 200 millj. kr. Og þess gat hann líka, enda kemur það fram í grg. frv., að þessi skyldukaup mundu fara svo vaxandi á næstu árum, að árið 1973 yrðu þau 150–200% hærri en þau eru á þessu ári, að mér skildist. Með þessu er verið að marka nokkuð nýja stefnu í sambandi við lánveitingu til íbúðabyggjenda, sem við skulum staldra örlitið við og reyna að brjóta til mergjar, hvort leiði til góðs, hvort sé til hins betra eða ekki. Með frv. er verið að færa ráðstöfunarvaldið á þessu fjármagni frá hinum raunverulegu eigendum þess, þ. e. a. s. aðilum lífeyrissjóðanna. Það er verið að svipta stjórnir lífeyrissjóðanna, sem þekkja bezt til um hagi lífeyrisþeganna hver í sínum sjóði, færa valdið, sem þeir hafa haft til þess að lána þetta til íbúðarbyggjenda, frá þeim yfir til Húsnæðismálastofnunar ríkisins, sem er skipuð pólitískt kosinni stjórn, manna, sem sitja suður í Reykjavík og útdeila þessu lánsfé svo héðan um allt land. Er þetta heppileg þróun, leiðir hún til meira réttlætis í lánveitingum til íbúðarbyggjenda en það skipulag, sem búið hefur verið við í þessum efnum til þessa dags? Það er spurning, sem ég vildi gjarnan óska eftir, að hv. alþm. skoðuðu hug sinn vel um.

Á undanförnum árum hefur á Íslandi verið að gerast mjög hröð þróun í sambandi við lífeyrissjóði. Lífeyrissjóðum hefur undanfarandi ár fjölgað mjög á Íslandi. Og ef ég veit rétt, þá mun þegar á næsta ári vera svo komið, þegar bændur hafa stofnað sinn lífeyrissjóð, að allir Íslendingar, sem vilja, geta verið aðilar að einhverjum lífeyrissjóði í landinu. Sem slíkir geta þeir allir átt kost á því að fá lán til íbúðabygginga hver fyrir sig úr sínum lífeyrissjóði. Lánin kunna að vera misjafnlega há að sjálfsögðu, eftir því hvað iðgjaldatekjur sjóðanna eru miklar, hvað sjóðþegar eru tekjuháir menn og hvað þeir

vilja leggja af mörkum í iðgjaldagreiðslur til sjóðanna. En leiðin er opin fyrir alla Íslendinga þegar á næsta ári til þess að verða meðlimir í einhverjum lífeyrissjóði og fá sín íbúðabyggingalán þar. Það þarf ekki að fara um það mörgum orðum, að söfnun fjármagns í lífeyrissjóðum á Íslandi undanfarandi ár hefur verið ein af meginforsendum þess, að við höfum getað ráðizt í miklar framkvæmdir í landinu og þá fyrst og fremst á sviði íbúðabygginga. Menn hafa, ekki sízt ungt fólk, hópazt í lífeyrissjóðina, þá sem ekki var á annað borð skylda að vera í, hina frjálsu lífeyrissjóði, fyrst og fremst af einni ástæðu, þeirri ástæðu, að með því telja menn sér mögulegt að fá lán til þess að byggja yfir sig, og lífeyrissjóðirnir hafa getað sinnt þessu verkefni nokkuð vel. Ef nú á að fara að lama hvötina hjá þessu unga fólki til þess að ganga í lífeyrissjóðina og safna þar upp fjármagni, – ég segi minnka hvötina til að ganga í þessa sjóði, af því að það á að taka 25% af ráðstöfunarfé þeirra og færa til einhvers allt annars aðila og lána til einhverra allt annarra manna heldur en þeirra sjálfra, – þá erum við að verulegu leyti að brjóta þann grundvöll, sem hinn mikli sparnaður í lífeyrissjóðunum hefur grundvallazt á á undanförnum árum.

Við vitum það, hv. alþm., að 19. maí s. l. var gert mjög víðtækt samkomulag á milli verkalýðshreyfingarinnar í landinu og Vinnuveitendasambandsins með vissri aðild sjálfrar ríkisstj. að því samkomulagi. Samkomulag þetta gengur m. a. út á það að koma á fót lífeyrissjóðum verkafólks sem víðast um landið. Og ef ég þekki fyrirhugaðar reglur þessara sjóða rétt, þá er ekki gert ráð fyrir því að atvinnurekendur séu skyldaðir til þess að eiga aðild að öllum þessum sjóðum a. m. k. og e. t. v. engum þeirra. Ég er ekki nógu kunnugur því. Ef á að taka um 25% af ráðstöfunarfé þessara sjóða verkalýðsfélaganna og færa það yfir til Húsnæðismálastofnunarinnar og ef það er rétt vitað hjá mér, að atvinnuveitendur, sem eiga að borga í þessa sjóði, eru ekki skyldir til aðildar, heldur ráða því sjálfir, hvort þeir verða með eða ekki, þá fullyrði ég, að með þessu ákvæði er verið að slá að mjög verulegu leyti á vilja atvinnurekenda til þess að vera þátttakendur í uppbyggingu slíkra sjóða. Og það mun segja til sín líka.

Ég fæ því ekki betur séð en að sú breyting, sem frv. gerir ráð fyrir í sambandi við þessi mál, sé a. m. k., og fullyrði ég þá ekki mikið, mjög vafasöm. Í fyrsta lagi þykist ég hafa sýnt fram á, sem ég hygg að sé alveg ótvírætt og enginn geti afsannað hér úr þessum stól, að það er varla umtalsvert nýtt fjármagn til húsbygginga í landinu í heild, sem fæst á þennan hátt, með því að lögtaka þessi skyldukaup lífeyrissjóðanna og eftirlaunasjóðanna. Það er ekki um neitt umtalsvert nýtt fjármagn að ræða til íbúðarhúsabygginga. Það er aðeins um tilfærslu að ræða, en tilfærslu, sem er þess eðlis og er til þess fallin að draga úr þeirri sparifjármyndun, þeirri söfnun fjármagns í landinu sjálfu, sem hefur verið undirstaða söfnunar fjármagns innan lífeyrissjóðanna, sem hefur verið undirstaðan að íbúðabyggingunum víða. Hún getur veikt þann vilja fólks að spara fé til þess að geta fengið lán til íbúðabygginga, og þá tel ég, að verr sé komið, ef sú verður niðurstaðan af þeirri breytingu, sem frv. felur í sér að þessu leyti.

Það er ekki svo, að þetta atriði, að skylda lífeyrissjóðina til þess að kaupa vaxtabréf Húsnæðismálastofnunar ríkisins, sé alveg nýtt af nálinni eða sé fyrst að skjóta upp kollinum með því frv., sem hér er um rætt. Þetta á sér nokkurn aðdraganda og lengri sögu. Þannig er mál með vexti, að þegar á árinu 1963 mun núv. hæstv. félmrh. hafa óskað eftir kaupum lífeyrissjóðanna á íbúðalánabréfum frá Húsnæðismálastofnun ríkisins. Þeirri málaleitan höfnuðu forustumenn lífeyrissjóðanna þá. En það var fitjað upp á þessu á ný, og það varð til þess, að forustumenn lífeyrissjóða í landinu efndu til fundar 26. febr. 1964 í Þjóðleikhúskjallaranum um þetta málefni, og þá kusu þeir m. a. fimm manna nefnd úr hópi lífeyrissjóðsþega, sem athugaði þessi mál og svaraði rn. og samdi m. a. sérstaka grg. um þetta málefni. Vegna þess að grg. er stutt og í henni koma fram þau meginatriði, sem ég hef verið að reyna að lýsa og færa rök fyrir, þá vil ég, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mér að lesa þá grg. upp, en hún hljóðar svo:

„Undanfarinn áratug hefur starfsemi lífeyrissjóða vaxið mjög ört. Sjóðunum hefur fjölgað, félagatalan hefur vaxið og sjóðsmyndunin verið afar mikil. Enginn vafi leikur á, að þessi þróun á auk tryggingasjónarmiðsins að mjög verulegu leyti rót sína að rekja til lánasjónarmiðsins, þ. e. a. s. þarfa sjóðsfélaga fyrir lánsfé til bygginga eða kaupa á eigin íbúðum. Má fullyrða, að nær allt fé, sem sjóðirnir hafa til ráðstöfunar, sé veitt til íbúðalána, og eru þó lánveitingar margra hinna yngri sjóða mun takmarkaðri en æskilegt er. Ekki mun vera um það deilt, að sparnaður sá, sem á sér stað með starfsemi lífeyrissjóða og ráðstöfun fjár þeirra, verður að teljast mikils virði, bæði efnahagslega og félagslega. Hlýtur að þurfa veigamikil rök til að réttlæta ráðstafanir, sem stöðvað gætu þá þróun undanfarinna ára, sem að framan er lýst. Hér verður því drepið á nokkur atriði í sambandi við hugsanlegar þvingunarráðstafanir, sem beitt er við lífeyrissjóðina. Sum þeirra varða fyrst og fremst hagsmuni hinna einstöku sjóða og félaga þeirra, en önnur skipta ekki síður máli fyrir þjóðarheildina.

1. Af framanrituðu er ljóst, að meira fé til húsnæðismála fæst ekki með því að knýja sjóðina til að láta af hendi við húsnæðismálastjórn ráðstöfunarrétt á hluta af eignum sínum. Með slíkum ráðstöfunum má þvert á móti ætla, að sá veigamikli sparnaður, sem felst í starfsemi sjóðanna, dragist saman eða aukist a. m. k. mun minna en ella. Verður þessi skoðun rökstudd hér á eftir.

2. Svo ríkt er lánasjónarmiðið í huga margra sjóðsfélaga, einkum ungs fólks, að það mundi telja ástæðuna til þátttökunnar brottfallna, ef lánveitingar til sjóðsfélaga yrðu skertar. Mestum erfiðleikum mundi þetta valda hjá þeim sjóðum, sem myndaðir eru með frjálsri þátttöku að öllu leyti eða að nokkru leyti. Af fjölmennum sjóðum, sem búast mætti við afdrifaríkum afleiðingum hjá, má nefna Lífeyrissjóð húsasmiða, Lífeyrissjóð verksmiðjufólks og Lífeyrissjóð verzlunarmanna."

Um þetta atriði vil ég taka fram, að síðan þetta var samþykkt, hefur sú breyting orðið á um þessa sjóði þrjá, sem hér eru taldir, að þeir eru nú orðnir skyldusjóðir, en við höfum enn þá í landinu talsvert marga lífeyrissjóði, sem starfa á grundvelli þess, að aðilar eru frjálsir að því, hvort þeir ganga í þá eða ekki. Getur sem sagt þetta atriði því gilt um þá, en meðal slíkra sjóða vil ég aðeins

telja upp Lífeyrissjóð lækna, Lífeyrissjóð endurskoðenda, Lífeyrissjóð tannlækna, Lífeyrissjóð tæknifræðinga, Lífeyrissjóð lögmanna og Lífeyrissjóð iðnaðarmanna að langmestu leyti.

„3. Margar stéttir og starfshópar hafa nú í athugun stofnun lífeyrissjóða. Enginn vafi er á, að flestar slíkar hugmyndir yrðu lagðar á hilluna, ef til þvingunarráðstafana kæmi."

Ég gat um áðan hið víðtæka samkomulag, sem gert hafði verið á s. l. ári í milli verkalýðsfélaganna og vinnuveitenda um þetta atriði, og minnti á þá ákvörðun, sem tekin var, að ég held á Búnaðarþingi, um það að stofnsetja lífeyrissjóð bænda á næsta ári. Þannig að segja má, að lífeyrissjóðakerfið er þegar til fyrir allt landið og nær til allra stétta þessa lands, og allir Íslendingar geta þegar á næsta ári átt möguleika á því að gerast aðilar að einhverjum lífeyrissjóði.

„4. Þeir launþegar og vinnuveitendur, sem til sjóðanna greiða, mundu telja sig freklega rangindum beitta, ef taka yrði af lánveitingum til sjóðsfélaga til þess að veita mönnum utan sjóðanna sams konar lán. Í sjóðunum er einnig margt það fólk, sem mesta þörf hefur fyrir aðstoð í húsnæðismálum, og utan frjálsu sjóðanna er oft það fólk, sem telur sig hafa betri aðstöðu í þessum efnum.

5. Sumir lífeyrissjóðir hafa orðið til með þeim hætti, að launþegar hafa krafizt beinnar kauphækkunar og ríkisstj. á þeim tíma látið í það skína, að kjarabætur kæmu einungis til greina í formi lífeyrisréttinda eða annarra slíkra hlunninda. Sem dæmi um slíka sjóði má nefna Lífeyrissjóð prentara og Lífeyrissjóð bókbindara. Þær stéttir, sem hér eiga hlut að máli, mundu vafalaust telja farið aftan að sér með þvingunarráðstöfunum og yrðu jafnvel enn harðari en aðrir í andstöðu sinni gegn þeim.

6. Á allmarga lífeyrissjóði voru með lögum á s. l. ári lagðar byrðar, til þess að sjóðsfélagar öðluðust full réttindi hjá almannatryggingum, og með breyt. á lögum um Lífeyrissjóð togarasjómanna hafði nokkrum sjóðum áður verið gert það að endurgreiða hluta af innkomnum iðgjöldum. Þeir sjóðir, sem hér eiga hlut að máli, telja, að nú þegar hafi verið alvarlega að þeim þrengt með tilliti til lánveitinga."

Og bréf þetta endar þannig:

„Að lokum skal tekið fram, að það er sannfæring undirritaðra, að veigamesti þátturinn í lausn lánsfjármála húsbyggjenda er áframhaldandi vöxtur lífeyrissjóða og óbreytt aðstaða þeirra til lánveitinga. Með því móti, svo og skaplegri þróun verðlags- og kaupgjaldsmála, mundi geysimikið vinnast á þessu sviði á næstu árum."

Ég tel, að hér séu færð svo sterk rök fyrir því, sem þar er haldið fram, að hv. alþm. hljóti allir að staldra við og vega og meta þessi rök.

Að síðustu um þetta atriði frv. vil ég leyfa mér að segja þetta: Það er staðreynd, að fáa einstaklinga í landinu hefur verðbólgan farið verr með en þá einstaklinga, sem hafa af þjóðfélagsástæðum og af eigin ástæðum verið að spara sér með uppsöfnun fjármagns í lífeyrissjóðunum, bæði til þess að koma húsi yfir sig og eins að tryggja sig og fjölskyldu sína, þegar þeir yrðu gamlir menn eða ef þeir yrðu svo óheppnir að veikjast. Kaupmáttur lífeyris þessa fólks hefur sífellt farið rýrnandi á undanförnum verðbólguárum. Sumt af þessu fólki hefur getað varið sig gegn rýrnandi kaupmætti lífeyris síns með því að fá lán úr sjóðunum og byggja sér fasteignir, íbúðir fyrir sjálft sig, og þannig með verðhækkun íbúða í verðbólguþróun og lækkandi kaupmætti lífeyris hefur þetta að nokkru leyti vegið salt. Eins og ég var að segja, þá á að þrengja ráðstöfunarrétt lífeyrissjóðanna til að lána eigin sjóðsfélögum til íbúðabygginga, og bætist það þá ofan á það varnarleysi, sem þeir flestir hafa búið við vegna verðbólguþróunarinnar og rýrnandi kaupmáttar lífeyris síns. Ég tel, að það sé ósanngjarnt í fyllsta máta.

Ég vil þá víkja að öðru atriði í frv., þ. e. þeirri hækkun, sem gert er ráð fyrir að verði á hámarkslánum Byggingarsjóðs ríkisins. En með frv. er gert ráð fyrir því, að lána megi úr Byggingarsjóði ríkisins 600 þús. kr. lán, ef byrjað er á íbúðinni eftir næstu áramót. Úr þessu atriði hefur nokkuð verið gert, en það er eins og með margt annað í þessu frv., að ef það er skoðað nánar, þá er hér raunar ekki um neitt nýtt að ræða. Hér er um enga umtalsverða hækkun að ræða frá því, sem verið hefur undanfarin mörg ár. Þessu til stuðnings vil ég benda á það, að árið 1966 var byggingarvísitalan í október, – ég miða við október öll árin, – 298 og byggingarkostnaður rúmmetra í vísitöluhúsi var 2768 kr. Þá var hámarkslán 340 þús. kr. Árið 1967 var vísitalan óbreytt, 298 stig, og byggingarkostnaður óbreyttur líka. Þá var lánið hækkað í 380 þús. kr. Árið 1968 var byggingarvísitalan komin upp í 345 stig og byggingarkostnaður á rúmmetra í íbúð var 3206 kr. Þá var hámarkslánið 395 þús. kr. Árið 1969 hækkaði vísitala í 428 stig og þá var byggingarkostnaður rúmmetra 3975 kr., og hámarkslán var þá 440 þús. kr. Í febrúar 1970 var byggingarvísitalan 439 stig, og byggingarkostnaður á rúmmetra var 4080 kr., og þá er lánið, eins og það er núna, um 540 þús. kr. Þó að gert sé ráð fyrir því, að eftir áramót hækki lánið úr 540 þús. kr. í 600 þús. kr. á þau hús, sem byrjað er á þá, þá er það ekki annað en hækkun til samræmis við hækkandi byggingarvísitölu, eins og verið hefur föst venja undanfarin ár og raunar miklu lengur, þannig að um þetta atriði er ekki neitt stórt að segja.

Þá verður það að teljast til ótvíræðra ókosta við frv. að fella á niður hin svokölluðu verkalýðslán. Eins og lögin eru núna hafa tekjulágir verkamenn í verkalýðsfélögum átt þess kost að fá ofan á hið almenna lögboðna lán, sem er nú, eins og ég gat um áðan, 540 þús. kr., 75 þús. kr. viðbótarlán. Með frv. á að afnema þennan möguleika láglaunafólks í landinu til þess að fá viðbótarlán til húsabygginga fyrir sjálft sig.

Enn fremur verð ég að telja til ótvíræðrar afturfarar og ókosta frv., að hin skýlausu ákvæði gildandi laga um það, að húsnæðislán skuli hækka til samræmis við hækkandi byggingarvísitölu á hverju ári, verði niður felld og aðeins tekin inn í frv. heimild til þess að hækka lánin á tveggja ára fresti. En þar er aðeins um heimild að ræða, sem enginn veit um, hvort notuð verður eða hvernig notuð verður.

Þá vil ég aðeins víkja nokkrum orðum að þeim ákvæðum frv., er taka til Byggingarsjóðs verkamanna. Ég gat um það áðan í upphafi ræðu minnar, að ég teldi

þá skipulagsbreytingu, sem frv. gerir ráð fyrir, að hafa eina og sameiginlega yfirstjórn fyrir Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna, til bóta. Heimild til þess að lána allt að 80% af kostnaðarverði verkamannabústaða er góðra gjalda verð, en ef ég veit rétt, er hún til í gildandi lögum. Ég vil líka taka undir það með hæstv. ráðh., að lánakjör, sem eiga að vera á lánum úr Byggingarsjóði verkamanna, eru mjög hagstæð. En þá fer nú að þrengjast um það, sem mér finnst sérstaklega lofsvert við þessi ákvæði um Byggingarsjóð verkamanna í frv.

Ég tel, að í frv. sé að finna nokkur atriði, sem nauðsynlegt sé að endurskoða og þurfi raunar að breyta. Í fyrsta lagi er það, að ég tel, að það sé ekki rétt að ákveða, að enginn einstaklingur, sem hefur meðaltekjur s. l. 3 ár umfram 200 þús. kr., geti átt þess kost að fá lán úr byggingarsjóðnum. 200 þús. kr. eru ekki háar tekjur á þessu ári eða í fyrra. Ég fékk í morgun upplýsingar um það á hagstofunni, að samkv. athugun, sem hagstofan hafði gert á tekjum einstaklinga, starfshópa og stétta í landinu, sem náðu til ársins 1967 og byggðar eru á upplýsingum, sem er að finna í framtölum, þá hefðu allar stéttir landsins á árinu 1967 haft hærri meðaltekjur en nemur 200 þús. kr. á einstakling, allar stéttir að undantekinni einni, þ. e. a. s. bændastéttinni, sem þá var talin með meðaltekjur 194 þús. kr. á hvern mann. Samkv. upplýsingum hagstofunnar voru meðaltekjur ófaglærðs starfsfólks í fiskiðnaði árið 1967 233 þús. kr. Þessi athugun náði til 1459 einstaklinga. Meðaltekjur ófaglærðra manna í byggingarvinnu, 1465 einstaklinga, voru 261 þús. kr. Meðaltekjur 546 hafnarverkamanna voru 263 þús. kr., og meðaltekjur ófaglærðra verkamanna, 602 verkamanna, námu árið 1967 236 þús. kr.

Síðan þá, árið 1967, hefur, að því er hagstofan segir mér, vinnulaunataxtahækkun frá árinu 1967 til 1969 numið a. m. k. 25%, þannig að miðað við þessar upplýsingar, sem ég hygg að séu óyggjandi og réttar, þá hljóti að verða að taka það til verulegrar endurskoðunar, hvort þetta 200 þús. kr. tekjumark sé ekki of lágt og þurfi ekki að breyta því og hækka eitthvað. Hefur mér m. a. dottið í hug, hvort væri nokkuð óeðlilegt að lyfta því upp í a. m. k. 250 þús. kr. Mundi ég óska þess, að það yrði sérstaklega athugað í þeirri n., sem mál þetta fær til athugunar að þessari umr. lokinni.

Hitt atriðið um galla við frv. að mínu viti, – það orkar a. m. k. tvímælis, – er það, hvort áskilja á sveitarfélögunum algjört einræði, sem þau virðast hafa um það, hvort yfirleitt verði byggðir verkamannabústaðir á þeirra svæði, eins og frv. gerir ráð fyrir. Það geta verið til einstaklingar í sveitarfélögum, sem vilja gjarnan og er raunar lífsnauðsyn á að byggja yfir sig verkamannabústaði og vilja njóta þeirra kjara, sem lögin bjóða þeim, er verkamannabústaði byggja. En hins vegar kann sveitarstjórnin í viðkomandi sveitarfélagi að hafa takmarkaðan eða kannske engan áhuga á að byggja slíka verkamannabústaði innan síns yfirráðasvæðis. Þá mundi hún geta ráðið því og komið í veg fyrir, að viðkomandi einstaklingur eða félagahópur í sveitarfélaginu gæti byggt yfir sig og notið þeirra kjara, sem verkamannabústaðalöggjöfin, að frv. þessu samþykktu, gerir ráð fyrir.

Ég hef talað nokkuð langt mál um þetta frv. og skal nú ekki teygja það meira. Mér sýnist, ef málið er skoðað hlutlægt, og reynt að meta það, að þá sé þetta frv. ekki sérlega stórt í sniðum og boði síður en svo nokkra umtalsverða nýsköpun í sambandi við lánveitingar til byggingarmála í landinu almennt skoðað. Þetta segi ég með skírskotun til þess, sem ég hef áður sagt um flutning á peningum lífeyrissjóðanna yfir til húsnæðismálastjórnarinnar til þess að sinna sams konar verkefni. Í frv. er þó að finna ákvæði, sem ég mundi telja til bóta, eins og ég hef þegar rakið. Önnur eru tvímælalaust til hins verra, eins og ég hef líka rakið. Ég mun reyna á síðari stigum þessa máls að flytja við frv. brtt. til þess að kanna það, láta á það reyna á hv. Alþ., hvort sá stuðningur, sem frv. boðar óbreytt, eigi hér meirihlutafylgi, svo sterkt, að engu fáist í því breytt, eða hvort fleiri eru hér inni svipaðrar skoðunar og ég, að ýmis atriði frv. séu þess eðlis, að þau þurfi að athuga betur og öðrum þurfi tvímælalaust að breyta.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Með frv. þessu er gert ráð fyrir allverulegum breytingum á gildandi lagaákvæðum um aðstoð við íbúðabyggingar í landinu. Sumar breyt., sem í þessu frv. felast, eru að mínum dómi til bóta, aðrar gera kosti húsbyggjenda heldur lakari en þeir hafa verið samkv. gildandi lögum, og nokkrar breyt. eru að mínum dómi mjög vafasamar.

Við alþm. könnumst vel við það, að hér hafa komið fram margar till. á undanförnum árum um breyt. á húsnæðismálalöggjöfinni. Og hvað er það fyrst og fremst, sem þm. hefur fundizt á skorta í gildandi lagaákvæðum um húsnæðismál? Ég held, að það séu fyrst og fremst þau ákvæði gildandi húsnæðismálalaga, sem snerta fjáröflun kerfisins og lánakjör. Það hefur ekkert farið á milli mála, að Byggingarsjóður ríkisins, sem fyrst og fremst hefur þurft að standa undir lánveitingum til þeirra, sem hafa verið að byggja íbúðarhús, hefur ekki haft nægilegt fé til umráða til þess að geta afgreitt umbeðin húsnæðismálalán á eðlilegan hátt.

En hvernig er þá tekið á þessu stóra vandamáli í þessu frv., sem hér liggur fyrir? Mér sýnist, að á yfirstandandi ári verði um sáralitlar breytingar að ræða varðandi fjáröflun hjá hinu almenna húsnæðismálakerfi. Sú hækkun, sem gert er ráð fyrir, að ríkið láti af höndum til húsnæðismálakerfisins, á ekki að koma til framkvæmda á þessu ári. Hún á að koma til framkvæmda í fyrsta sinn á næsta ári, þegar framlag ríkisins á að hækka úr 40 millj. kr. upp í 75 millj. kr.

En samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir því að skylda lífeyrissjóði og eftirlaunasjóði til þess að leggja fram ¼ hluta af ráðstöfunarfé þessara sjóða til Byggingarsjóðs ríkisins, og þannig er gert ráð fyrir auknu framkvæmdafé til byggingarsjóðs. Því verður auðvitað ekki neitað, að þarna yrði um nokkra fjáröflun að ræða fyrir byggingarsjóð, en eins og hér hefur verið bent á í umr. áður, þá er hér ekki um að ræða aukningu á fjáröflun til íbúðabyggingaframkvæmda, því að fé þessara sjóða hefur að yfirgnæfandi meiri hluta farið í íbúðalán, og í eðli sínu er hér um tiltölulega lítinn mun að ræða að því leyti til, a. m. k. eins og sakir standa nú, að sá háttur hefur verið hafður á hjá húsnæðismálastjórn, að hún hefur látið þá aðila, sem hafa getað fengið lán úr líf-

eyrissjóðunum til íbúðabygginga, fá nokkru lægri lán úr Byggingarsjóði ríkisins. Nú er hins vegar gert ráð fyrir því, að þeir, sem geta fengið fé úr lífeyrissjóðunum að láni til íbúðabygginga, fái fullt lán úr Byggingarsjóði ríkisins. Hér er því um tilfærslu að ræða í flestum tilfellum, sem ekki getur haft mjög veruleg áhrif á það að leysa lánamál húsbyggjenda.

En ég skal ekki að þessu sinni ræða hér í löngu máli þetta ákvæði frv. Það er búið að gera það hér af öðrum í mjög löngu máli. Það er enginn vafi á því, að það orkar mjög tvímælis, hvort á að skylda þessa sjóði til þess að láta þennan hluta af ráðstöfunarfé sínu í Byggingarsjóð ríkisins. En því verður auðvitað ekki heldur neitað, að þeir, sem hafa átt kost á því að fá lán úr lífeyrissjóðum, hafa búið við miklu betri lánakjör til þessa til íbúðabygginga en hinir, sem hafa orðið að láta sér nægja lánin úr Byggingarsjóði ríkisins og ekki hafa átt kost á lánum úr lífeyrissjóðum.

En meginatriðið, sem ég vildi vekja athygli á við þessa 1. umr. málsins, er það, að ekki er að finna í þessu frv. neina verulega lausn á fjárhagsvandamáli Byggingarsjóðs ríkisins eða hinna opinberu byggingarsjóða, sem lán veita til íbúðabygginga. Það er ekki að finna neina verulega lausn á fjárhagsvandamálum þeirra í frv. Og einkum og sérstaklega varðandi getu þessara sjóða til þess að veita lán á yfirstandandi ári er varla um teljandi breytingu að ræða. Þetta tel ég mikinn ágalla á frv., og ég tel, að það sé óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir til þess að tryggja Byggingarsjóði ríkisins aukið starfsfé frá því, sem nú er, og það á raunhæfan hátt, þannig að meira fé verði til útlána en verið hefur til íbúðabygginga. Ég tel fyrir mitt leyti, að sjálfsagt sé, að framlag ríkissjóðs verði mun meira en 75 millj. kr. Ég tel, að framlag ríkisins ætti ekki að vera minna en 120 millj. kr. á ári og að ríkið ætti að gera sérstakar ráðstafanir á þessu ári til þess að leggja fram meira fé til Byggingarsjóðs ríkisins en gert er ráð fyrir á fjárlögum, þá að sjálfsögðu sem bráðabirgðalán í ár, sem síðan yrði greitt aftur upp á næsta ári með því að taka þá greiðslu sérstaklega upp á fjárlög.

Það er einnig skoðun mín, að það væri eðlilegt, að Seðlabankinn yrði skyldaður til þess að kaupa að nokkru magni skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins, fyrir t. d. eins og 100 millj. kr. á ári. Það er vitanlega ofur eðlilegt, að nokkrum hluta af því fjármagni, sem sparast í peningakerfi landsmanna á hverju ári, sem til fellur sem sparnaður, verði varið til íbúðalána, og Seðlabankinn hefur langbezta aðstöðu til þess að sjá um það, að sanngjarn hluti af þessum sparnaði gangi til þess að efla Byggingarsjóð ríkisins, og það verður bezt gert með því að kaupa bréf af sjóðnum. Fleira getur komið til greina sem raunhæfar ráðstafanir, sem raunverulega legðu Byggingarsjóði ríkisins til aukið fjármagn, þannig að hægt væri að veita ríflegri lán en veitt hafa verið og veita fleirum lán en þau hafa getað fengið.

Annað atriði hefur mikið verið rætt hér á undanförnum árum. Ég hygg, að allir viðurkenni, að þörf sé á að fá fram breytingu að því er varðar lánakjörin sjálf. Hin almennu lánakjör eru þau, að lán Byggingarsjóðs ríkisins eru til 25 ára, og þau eru veitt með 4% vaxtakjörum, en hins vegar með vísitöluákvæðum, þ. e. a. s. afborganir og vextir af lánunum hækka eða lækka, eftir því sem kaupgjaldsvísitalan breytist. Það er enginn vafi á því, að þessi lánakjör eru tiltölulega mjög óhagstæð. Þau valda því, að útgjöld manna í sambandi við íbúðarkostnað eru óheyrilega mikil hér á landi. Ég tel, að þennan lánstíma þurfi að lengja, það þurfi að setja sér það mark að koma þessum lánum upp í a. m. k. 35 ár og veita helzt af öllu lántakendum rétt til þess að vera lausir við afborganir a. m. k. tvö fyrstu árin, sem venjulega eru erfiðust fyrir þá, sem hafa staðið í byggingu íbúða. Það gefur auðvitað auga leið, að um leið og lánstíminn lengist, þarf kerfið að ráða yfir meira fjármagni en áður.

Ég tel einnig, að það eigi að afnema vísitöluákvæðin á lánum byggingarsjóðs. Í verðlagi eins og því, sem við höfum búið hér við og allar líkur virðast vera til, að við munum búa hér við eitthvað áfram, þá verða lánskjörin með þessum hætti fljótlega mjög ósanngjörn og eiginlega lítt viðráðanleg fyrir lántakendur. Það þarf því að fella niður þessi ákvæði, en ég teldi viðunandi, að þessi aðallán frá Byggingarsjóði ríkisins yrðu veitt með 4% vöxtum. En þá gefur það auga leið, að í ýmsum tilfellum yrði Byggingarsjóður ríkisins að borga hærri vexti fyrir það fé, sem hann hefur til ráðstöfunar, en þá vexti, sem hann fær inn til sín fyrir veitt lán, og þá tel ég, að ríkissjóður eigi að borga þennan vaxtamismun með árlegu framlagi.

Það þýðir ekki að víkja sér lengur undan því að mínum dómi, að ríkissjóður verður að leggja miklu meira á sig til að leysa húsnæðisvandamálið í landinu en hann hefur gert til þessa. Hann hefur í rauninni í öllum aðalatriðum skotið sér undan því að leysa þessi vandamál að þessu leyti til, þ. e. a. s. að tryggja Byggingarsjóði ríkisins aukið starfsfé og skapa honum aðstöðu til þess að veita betri lánskjör en hann hefur veitt til þessa. Um það fjallar þetta frv. að sáralitlu leyti.

Þetta tel ég megingallana við þetta frv., eins og það liggur hér fyrir. Athygli þeirrar n., sem fær málið til meðferðar, þarf fyrst og fremst að beinast að þessu, að tryggja betur fjárhag lánakerfisins en gert er, og það þarf að gera ráð fyrir hagstæðari lánakjörum.

Þá er gert ráð fyrir í þessu frv. ýmsum breytingum, eins og ég sagði hér í upphafi máls míns, sumum til bóta að mínum dómi, eins og t. d. því, að nú er gert ráð fyrir því, að húsnæðismálastjórn hafi heimild til þess að verja nokkru fjármagni í lánveitingar til þeirra, sem eru að kaupa eldra húsnæði. Ég tel engan vafa leika á því, að það er þörf á því að hafa slíka heimild sem þessa, og það þyrfti reyndar að veita í þessu skyni nokkru meiri lán en gert er ráð fyrir í frv. En hér er þó spor í rétta átt, og ber að fagna því.

Það ákvæði í frv. hins vegar, sem gerir ráð fyrir því að fella niður áður umsamin viðbótarlán til meðlima verkalýðsfélaga, 75 þús. kr. viðbótarlán, sem verið hefur nú um nokkurra ára skeið, tel ég vera skref aftur á bak og í rauninni alveg furðulegt, því ég veit ekki betur en að þetta hafi verið beint samningsatriði stjórnarvalda og verkalýðs í sambandi við lausn ákveðinnar vinnudeilu, og ég undrast, að ríkisstj. skuli leggja fram frv. um að fella niður þetta atriði, sem komið var inn í lög á þennan hátt. Auk þess tel ég, að þessi lán hafi átt fyllilega rétt á sér og eigi enn fyllilega rétt á sér, vegna þess að þessir tekjulágu aðilar í verkalýðsfélögum, sem

njóta þessara lána, hafa enn ekki og munu ekki hafa um alllangan tíma möguleika á því að fá nein teljandi viðbótarlán úr lífeyrissjóðum sínum. Þeir munu því búa við lakari eða lægri heildarlán en þorri manna nýtur, sem nú á möguleika á því að fá lán úr lífeyrissjóði að verulegu leyti til viðbótar við lán Byggingarsjóðs ríkisins. Þó að ákvæði frv. um skyldu lífeyrissjóðanna til að verja ¼ hluta af ráðstöfunarfé sínu til þess að kaupa bréf Byggingarsjóðs ríkisins yrðu samþ., þá gefur það samt sem áður auga leið, að þeir, sem hafa lánsmöguleika í lífeyrissjóðum, mundu eftir sem áður búa við miklu betri kjör en meðlimir verkalýðsfélaganna, þó þeir nytu áfram þessara viðbótarlána, sem nema í kringum 75 þús. kr. Ég teldi þvert á móti ástæðu til þess að hækka þessa upphæð, sem nú er orðin nokkurra ára gömul, og gera ráð fyrir því, að þessi viðbótarlán næmu a. m. k. 125 þús. í stað 75, sem verið hefur.

Þá er í þessu frv. gert ráð fyrir því að leggja í raun og veru niður hið gamla byggingarlánakerfi verkamannabústaða. Ég verð að játa það, að þótt mér þyki, að illa hafi tekizt til um framkvæmd á því kerfi, einkum og sérstaklega nú hin síðari ár, þegar kerfið hefur verið mjög lamað fjárhagslega og framkvæmdir á þess vegum langt fyrir neðan það, sem þörf var á, þá verð ég að segja, að ég sé verulega eftir því, að leggja eigi niður þetta kerfi, sem a. m. k. fyrir nokkrum árum leysti mikinn vanda og var mjög þýðingarmikið lánakerfi einmitt fyrir láglaunafólk í landinu.

Nú er í raun og veru gert ráð fyrir því að leggja þetta kerfi niður og taka upp annað í staðinn, en það á að byggjast á því, að viðkomandi sveitarstjórnir ákveði að hefja byggingarframkvæmdir undir nafninu verkamannabústaðir, en það er algjörlega á valdi viðkomandi sveitarstjórna samkv. frv., hvort nokkuð verður af slíkum byggingum eða ekki. Ég efast ekkert um það fyrir mitt leyti, miðað við þá þekkingu, sem ég hef á þeim málum, að þær sveitarstjórnir yrðu því miður allmargar í landinu, sem ekki mundu óska eftir því að leggja á sig þau auknu fjárútgjöld, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., til þess að þar yrðu byggðir verkamannabústaðir, þó að þær sæju, að þær gætu með því ýtt nokkuð undir byggingarframkvæmdir á sínum stöðum. Ég tel því mjög gallað að gera ráð fyrir því, að framkvæmdir samkv. þessum ákvæðum frv. séu algjörlega bundnar vilja sveitarstjórna. Það fer auðvitað ekki heldur á milli mála, að hér er um talsverð útgjöld að ræða fyrir sveitarfélögin frá því, sem verið hefur. Til þessa hefur það verið svo, að sveitarfélag, sem hefur viljað stuðla að því, að þar yrðu byggðir verkamannabústaðir, hefur þurft að greiða frá 40 til 60 kr. á hvern íbúa sinn til Byggingarsjóðs verkamanna. En nú er gert ráð fyrir því, að ef um byggingar á að vera að ræða samkv. þessum ákvæðum frv., þá þurfi sveitarfélagið að greiða a. m. k. 200 kr. á hvern íbúa í staðinn fyrir lágmarkið 40 áður. Það er sem sagt fimmföldun á þessu framlagi. Og í raun og veru er þessum málum þannig fyrir komið, að til þess að sveitarfélag verði þess aðnjótandi, að lán verði veitt til sveitarfélagsins samkv. þessum kafla laganna, þá þarf viðkomandi sveitarsjóður að taka að sér að lána miðað við þá áætlun, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., 180 þús. kr., eða að leggja fram 180 þús. kr. á hverja íbúð. Gegn því leggur síðan Byggingarsjóður verkamanna fram aðra eins upphæð, 180 þús. kr. á íbúð, þannig að úr því kerfi eiga að fást 360 þús. kr. á íbúð til viðbótar við 600 þús. kr. lán samkv. því dæmi, sem miðað er við í frv., frá hinu almenna veðlánakerfi, þ. e. a. s. Byggingarsjóði ríkisins. Heildarlánið í þessu tilfelli yrði því 960 þús. kr. á íbúð, þegar gert er ráð fyrir, að íbúðin kosti 1200 þús. kr. Ég efast mjög um, að þær sveitarstjórnir verði mjög margar í landinu, sem samþykkja að leggja fram 180 þús. kr. á íbúð til þess að hafa áhrif á það, að það komi inn í byggðarlagið 180 þús. kr. þar til viðbótar úr byggingarsjóði, sem yrði þá til þess að veita mönnum þessi tiltölulega góðu kjör, sem gert er ráð fyrir, að menn geti notið samkv. þessum kafla laganna. Ég efast að vísu ekkert um, að það yrðu nokkrar sveitarstjórnir í landinu, sem mundu nota sér þessi ákvæði, en ég óttast mjög, að þær verði margar sveitarstjórnirnar, sem ekki mundu nota sér þessi ákvæði. Og þá verður málum þannig komið, að aðilar á þeim stöðum hafa ekki lengur möguleika til þess að koma fram verkamannabústaðabyggingum á svipuðum grundvelli og þeir hafa þó getað gert til þessa í gegnum félagsleg samtök og tiltölulega lága greiðslu frá sveitarsjóði til Byggingarsjóðs verkamanna.

Ég held líka, að það áhrifavald, sem sveitarstjórnunum er boðið upp á í þessum efnum í sambandi við framkvæmdir samkv. þessum kafla frv., sé of lítið. Það er gert ráð fyrir því, að sú stjórn, sem á að hafa með framkvæmdirnar að gera í hverju sveitarfélagi, verði þannig skipuð, að viðkomandi sveitarstjórn á að skipa tvo fulltrúa, verkalýðsfélögin á staðnum einn, en Húsnæðismálastofnun ríkisins á að skipa tvo. Það er augljóst, að viðkomandi sveitarstjórn, sem hefur það í hendi sinni, hvort á að hefja nokkrar framkvæmdir í þessum efnum eða ekki, á hér að vera í minni hluta. Ég er mjög hræddur um, að þegar þannig er búið að þessum málum, þá verði ekki mikið úr framkvæmdum. En þetta tel ég að mætti laga.

Út af fyrir sig tel ég það til bóta í frv. að gera ráð fyrir þeim möguleika, að sveitarstjórnir geti staðið fyrir byggingarframkvæmdum eftir þeirri leið, sem gert er ráð fyrir í frv., en þær hafa ekki haft möguleika til þess á hliðstæðum grundvelli og hér er gert ráð fyrir. Ég tel, að það væri ekkert við það að athuga, að gert væri ráð fyrir í frv. félagssamtökum á svipuðum grundvelli og verið hefur, þar sem aðilar standa að framkvæmdum á nokkuð svipaðan hátt og verið hefur. Ef t. d. verkalýðsfélög á staðnum hafa áhuga á því að koma upp byggingarfélagi verkamann, þá geti þau gert það, eða einstaklingar á staðnum, og þeir geti haldið þeim möguleikum til framkvæmda, sem þeir hafa haft, þótt sveitarfélögunum yrði einnig gefinn kostur á þessu.

Þá er enginn vafi á því, að ákvæðin í frv. um meðaltekjur þeirra, sem heimilt er að veita lán samkv. þessum kafla, og um meðaleign þeirra, fá ekki staðizt í reynd. Ef stranglega yrði farið eftir þessum ákvæðum, þá er enginn vafi á því, að margir þeir aðilar, sem sannarlega þurfa á því að halda að fá þá lánafyrirgreiðslu, sem gert er ráð fyrir samkv. þessum kafla, mundu falla út, þar sem þeir mundu hafa meiri tekjur en þarna er gert ráð fyrir, a. m. k. ár og ár.

Mér sýnist líka, að það sé býsna þröngt að gera ráð

fyrir því, að sá aðili, sem sæki um lán samkv. þessum kafla, megi ekki eiga meiri eign en sem nemur 400 þús. kr., en þó er tekið fram, að hann eigi að leggja fram áætlað framlag, sem nemur 240 þús. kr., og hann megi ekki fá það frá opinberum aðila, hann verður að eiga upphæðina. Hann verður þá að eiga 240 þús. kr. miðað við núverandi verðlag og má þá í mesta lagi eiga 160 þús. kr. þar til viðbótar. Það þýðir, að ef hann á trillubát, þá fellur hann alveg örugglega út. Ég held, að þessi ákvæði séu allt of þröng. Það verður að gera ráð fyrir því, að tekjumarkið megi verða nokkru hærra og eignamarkið líka. Hitt er svo annað atriði, að það kemur vissulega til greina að setja það inn í útlánareglur, að þeir, sem hafi lægri tekjur, skuli jafnan hafa forgang til þess að fá þessi lán. Það er hins vegar annað mál.

Í þessu frv. eru mörg önnur atriði, sem ástæða væri til þess að ræða um, en ég skal ekki fara um það mörgum orðum nú við þessa 1. umr. Þó vil ég segja það, að mér þykir full ástæða vera til þess að gera ráð fyrir því, að í þeirri stjórn, sem tæki að sér yfirstjórn bæði verkamannabústaðakerfisins og hins almenna lánakerfis, yrðu a. m. k. 7 menn, sem Alþ. kysi, en ég kann ekki við þá breytingu, þar sem gert er ráð fyrir í 1. gr. frv., að Alþ. kjósi 6 menn, en einn verði til viðbótar í n. sem fulltrúi Landsbankans með fullum réttindum, en það var ekki áður. Sá fulltrúi Landsbankans eða veðdeildar Landsbankans, sem hafði fundarseturétt í húsnæðismálastjórn með hinum 5 kjörnu fulltrúum, hafði ekki fullan rétt þar, t. d. til ákvörðunar um lánveitingar. Nú er allt í einu gert ráð fyrir því, að fulltrúi banka hafi þarna jafnan rétt, sem ég sé enga ástæðu til. Í rauninni er veðdeild Landsbankans í þessum efnum og bankinn ekkert annað en ákveðin þjónustustofnun, sem hefur með framkvæmdir á þessum málum að gera, en á ekki að vera slíkur aðili, að hún eigi þarna einhvern sjálfskipaðan mann í stjórn. En hitt hefði mér fundizt eðlilegt, að Alþ. hefði kosið 7 menn í þessa stjórn, sem fær allt þetta verkefni, sem hér er gert ráð fyrir.

Ég vil einnig segja það, að ég tel óhjákvæmilegt að breyta ákvæðunum um skyldusparnað frá því, sem nú er, þannig að það sé algerlega tryggt, að þau ungmenni, sem skylduð eru til þess að leggja til hliðar sem nemur 15% af kaupi sínu á þessu tímabili, árabili frá 16 ára aldri til 25 ára aldurs, fái a. m. k. sem nemur fullum venjulegum bankavöxtum fyrir innistæðufé sitt, en nú er þetta fé tekið af þessum ungmennum og þau fá aðeins 4% vexti og að vísu vísitöluálag samkv. kaupgjaldsvísitölu, sem er reiknað út á þann hátt, að í mjög mörgum tilfellum kemur í ljós, að þessi ungmenni fá ekki sem nemur venjulegum bankavöxtum af þessu innistæðufé sínu. Það er mér vel kunnugt um, því að ég hef þurft að taka út fé fyrir ungmenni í ýmsum slíkum tilfellum og hef varla viljað trúa því, að þetta gæti verið rétt. En svona er það samt. Það verður að tryggja það, að af þessu fé séu greiddir a. m. k. vextir, sem nema fullkomnum bankavöxtum.

Þá tel ég einnig, að það þurfi að breyta ákvæðum í 9. gr. frv. í þá átt, að nú verði lagt fyrir, að veðdeildin standi þannig að framkvæmdum lánveitinga, að þegar tekin hefur verið ákvörðun um það, hve mikið lán skuli veitt til hvers lántakanda, þá skuli veðdeildin sjá um það, að öll afgreiðsla lánanna, þar með undirskrift lánsskjala, allur frágangur lánanna og útborgun þeirra geti farið fram í bankastofnunum, bæði í sparisjóðum og bönkum úti um land. Sá óeðlilegi siður verði lagður niður, að það sé ekki hægt að ganga frá láni út á íbúð, sem byggð er, með öðrum hætti en þeim að útvega sér einhvern umboðsmann í Reykjavík, sem fer inn í tiltekið hús hér í Reykjavík og verður að skrifa undir skjölin þar og taka við peningum þar til þess síðan að koma þeim til þeirra, sem eiga að taka við þessu einhvers staðar úti á landi. Það dugir ekki lengur að hafa einhverja heimild í þessum efnum. Það er sýnilegt, að þær stofnanir, sem hafa með þetta að gera, vilja halda þessu öllu í sínum höndum. Það á að leggja fyrir þær að standa þannig að framkvæmdum, að þegar búið er að ákveða lánsupphæðina og búið er að athuga um það, hvernig skuli ganga frá láninu að öðru leyti, þá á að senda lánin til þeirra staða, þar sem bankastofnun er a. m. k. næstliggjandi við þann aðila, sem á að fá lánið, þannig að hann geti þar gengið frá láninu sjálfur og tekið við láninu á eðlilegan hátt.

Það eru mörg önnur atriði, sem ég hefði viljað ræða um, en ég skal ekki gera það hér nú við 1. umr. málsins. Þau verða að sjálfsögðu rædd hér nánar síðar, þegar n. hefur fjallað um málið. En ég vil aðeins segja það að lokum, að ég tel, að við þá endurskoðun, sem nú fer hér fram á þessari löggjöf, sé alveg óhjákvæmilegt að tryggja það, að fjárhagur byggingarlánasjóðanna verði gerður öflugri en hann er nú, svo að sjóðirnir geti veitt hærri lán og með betri kjörum, og það verði bundið í lögum, að lánakjörin batni frá því, sem verið hefur. Þetta er aðalatriði þessa máls.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það er nú búið að ræða þetta frv. allmikið, og má reikna með, að þær aths., sem ég kann að gera, hafi komið fram hjá öðrum. En ég tel samt, að hér sé um svo mikilsvert mál að ræða, að ekki saki, þó að þm. taki almennt til máls um þetta efni.

Því er ekki að leyna, að í frv. þessu eru ýmsar breytingar. Það eru í því ýmiss konar formbreytingar og skipulagsbreytingar, en einnig ýmsar efnisbreytingar, sem segja má að miði að hagsbótum fyrir húsbyggjendur. En því miður eru líka í þessu frv. efnisbreytingar, sem rýra núverandi kjör húsbyggjenda.

Mér er því mjög til efs eftir að hafa nokkuð kynnt mér þetta frv., að hægt sé að tala um þetta sem tímamótamál, og mjög ofsagt, að þetta marki tímamót eða nokkur þáttaskil í húsnæðismálum hér hjá okkur. Ég fæ t. d. ekki séð, að grundvallarkerfinu sé breytt að neinu eða í nokkru, og sumu hefur, eins og ég sagði áðan, verið breytt til hins verra. Hins vegar má segja, að a. m. k. fljótt á litið sé þarna um nokkrar raunverulegar hagsbætur að ræða, eins og það t. d., að almennu hámarkslánin úr byggingarsjóði hækka að tölunni til almennt talað. Ég vil einnig nefna það, sem er mikilvægt atriði, að heimilt er að lána út á kaup eldri íbúða, og ég vil í því sambandi nefna það, að þetta er till., sem framsóknarmenn hafa flutt hér á Alþ. af og til undanfarin ár. Það má líka segja, að það sé til hagsbóta, a. m. k. fljótt á litið og í raun og veru, að framlag ríkisins til Byggingarsjóðs ríkisins hækkar úr 40 millj. í 75 millj. á

ári. Hér er auðvitað um raunverulega hækkun á tölu að ræða, jafnvel þó að hitt sé jafnljóst, að þessi hækkun er ekki tilsvarandi þörfinni.

En ýmsar breytingar í frv. eru eigi að síður mjög vafasamar, og vildi ég þá sérstaklega nefna það, sem mikilvægast má telja í þessu sambandi í þessu frv., sem er fjáröflunin til húsnæðismálakerfisins, fjáröflunin til byggingarsjóðs, en þar er sú höfuðbreyting gerð, að lögð er skylda á lífeyrissjóði að kaupa íbúðalánabréf fyrir ¼ hluta ráðstöfunarfjár síns.

Þetta er atriði, sem þeir, sem til máls hafa tekið hér á undan mér, hafa rætt, og mat mitt á þessu er með sama hætti og fram hefur komið hjá þeim, sem töluðu á undan mér, ekki sízt hjá hv. 2. þm. Reykn., að þetta *þýðir í raun og veru ekki aukið fjármagn til íbúðabygginga*. Hér er einungis um að ræða tilfærslu fjár í því kerfi, sem gilt hefur í raun um lán til húsbygginga. Það, sem verið er að gera, er að gefa húsnæðismálastjórninni vald til yfirráða yfir fé lífeyrissjóða að verulegum hluta, sem fer yfirleitt til íbúðarlána. Það er áreiðanlega ekki ofsagt, þó að sagt sé, að þetta sé hæpin ráðstöfun, enda hafa forustumenn lífeyrissjóðanna risið upp til andmæla gegn þessu og það svo, að það er þegar búið að boða skyndifund í Landssambandi lífeyrissjóða, og þann fund á að halda á mánudaginn, og búið er að boða til hans fulltrúa hvarvetna að af landinu til þess að ræða þessi mál. Ég held, að þetta sé eitt af því, sem við þurfum að gefa alveg sérstakan gaum og athuga vel, að hér er um mjög vafasama breytingu að ræða, og í raun og veru ekki um það að ræða, að þarna komi neitt nýtt fé inn í lánakerfið, heldur er eingöngu verið að færa stjórn þessa fjármagns yfir á hendur húsnæðismálastjórnar úr höndum stjórnar lífeyrissjóðanna. Af þessu *verður náttúrlega ljóst, að hér er um ákaflega mikinn* galla á frv. að ræða, vegna þess að tekjuöflunin hlýtur að vera einn aðalþáttur húsnæðismálalöggjafarinnar. Ég sé því ekki, að það sé nein ástæða til þess að fara að blása í lúðra fyrir þessu frv., m. a. af þeirri ástæðu, sem ég hef hér rakið og skal ekki fara miklu meir út í, vegna þess að það hefur verið rætt ítarlega og greinilega hér af öðrum ræðumönnum.

Þá er það einnig í þessu frv., sem telja má að sé til hins verra, að verkalýðslánin svokölluðu eru nú afnumin, og ég fæ ekki betur séð en þetta þýði í raun lækkun á raunverulegum lánum til húsbyggjenda eða þeirra, sem notið hafa þessara lána. Ég fæ ekki betur séð.

Annars er það atriði, sem ég hefði sérstaklega viljað minna á í þessu sambandi, og það er um verksvið og markmið húsnæðismálastjórnarinnar. Í núgildandi lögum eru ákvæði um þetta í 3. gr. laganna, og þar eru mjög ítarleg ákvæði um það, hvert skuli vera verksvið og markmið Húsnæðismálastofnunar ríkisins. En aftur á móti í 3. gr. frv., eins og hún er orðuð núna, er varla hægt að segja, að það komi ljós eða skýr stefna fram í sambandi við húsnæðismál okkar. Greinin, sem er um 50 prentaðar línur í lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, er nú í 3. gr. frv. stytt svo, að hún er aðeins 11 línur. Hér er verið að gerbylta mjög mikilvægri grein. Það er verið að fella niður ýmis stefnumarkandi ákvæði, en í þess stað eru sett inn mjög óskýr og ég vil segja loðin ákvæði um það, hver stefnan skuli vera. Þetta tel ég mjög til hins verra, og væri æskilegt, að 3. gr., eins og hún er nú í húsnæðismálalöggjöfinni, héldi sér, en í þessu frv. verður þessi 3. gr. mjög ófullkomin og vanburðug.

Ég vil nú spyrja hæstv. ráðh. að því, af hvaða ástæðum það er gert að stytta þessa 3. gr. svo mjög sem gert hefur verið. Hvernig stendur á því, að það er verið að gera slíkt? Með því er verið að slá af þeirri skýru stefnu, sem mörkuð hefur verið með húsnæðismálalöggjöfinni, og taka í staðinn þá óljósu stefnu, sem frv. ber með sér. Hv. 2. þm. Reykn. gerði þetta efni einnig að umræðuefni hér áðan og fór ítarlega í það að sýna fram á, að hér er um að ræða miklu lakari stefnumótun en verið hefur. Ég vil sérstaklega nefna 3. tölul. í 3. gr. þessara laga, sem óneitanlega er mjög mikilvægur. Þó að þetta sé ekki annað en orðalag, þá eru þetta þó a. m. k. fyrirmæli til þeirra, sem fara með stjórn húsnæðismálanna, og þess eðlis, að það er full ástæða til þess að halda því orðalagi, sem lengi hefur verið í lögum, þar sem segir, að það skuli vera hlutverk húsnæðismálastjórnarinnar að setja þau skilyrði fyrir lánum, sem telja má að stuðli að því að byggðar verði fyrst og fremst hagkvæmar íbúðir af hóflegri stærð. Það er ákaflega mikilvægt atriði, að þetta sé haft að leiðarljósi hjá þeim, sem framkvæma eiga húsnæðislöggjöfina. Þetta er í raun og veru höfuðatriði í þessu máli, stefnulega skoðað, og ég tel, að það sé mjög til hins verra, að þessu skuli vera sleppt núna í þessu frv. Og ég vil skora á hæstv. ráðh. að beita sér fyrir því, að þetta ákvæði verði sett inn í lögin að nýju og raunar mörg önnur atriði, sem upp eru talin í 3. gr. húsnæðislöggjafarinnar, sem er stefnumarkandi grein.

En fleiri eru þau atriði að sjálfsögðu, sem gera mætti að umræðuefni í þessu sambandi, eins og 5. töluliðinn, þar sem talað er um að leggja áherzlu á stöðlun eða „standardiseringu" sem flestra hluta íbúðabygginga, fjöldaframleiðslu slíkra hluta og leiðbeiningar til húsbyggjenda um notkun þeirra. Þetta er líka mjög mikilvægt atriði, og verður ekki of mikil áherzla lögð á, hversu mikilvægt það er að koma slíku skipulagi á húsnæðismálin.

Niðurstaða mín af þessum hugleiðingum, – ég sé ekki ástæðu til þess að fara að ræða þetta jafnítarlega og ella hefði verið, því að það verður ekki annað en endurtekning á því, sem sagt hefur verið, – verður þá sú, að frv. gefur ekki nein fyrirheit um úrbætur í húsnæðismálum, og frv. er því stórgallað og þarf að breytast mjög frá því, sem það nú er, því að það er nú einu sinni svo í þessu frv., að það má segja, að það sé tekið með annarri hendinni, sem gefið er með hinni, og alveg sérstaklega finnst mér það áberandi, eins og ég hef sagt, hvað frv. er stefnulaust, og því fer a. m. k. víðs fjarri, að það sé verið að marka nokkra nýja stefnu í húsnæðismálum og það af síður framsýna stefnu. Ég held því, að hæstv. ráðh. og blöð hans ættu að spara sér stóryrði um það, að þarna sé um tímamót að ræða.

Hins vegar er það svo, að það er mikil nauðsyn á nýrri stefnu í húsnæðismálum. Það er nauðsynlegt að setja sér ný markmið í húsnæðismálum, eða kannske *mætti segja, að það væri nauðsynlegt að hefjast handa* um að framkvæma þá stefnu, sem er í núgildandi húsnæðislöggjöf, m. a. um það að byggja hóflegar íbúðir á

hóflegu verði. Stærsti ágalli húsnæðismálanna hér um marga áratugi, ekki bara s. l. áratug, heldur því miður marga áratugi, má segja, er sá, að húsnæðisliðurinn í framfærslukostnaði almennings hefur ekki verið í neinu samræmi við almennt kaupgjald í landinu. Þetta er höfuðgalli húsnæðismálanna. Það hefur viðgengizt allt of lengi, að almenningur hefur þurft að bera allt of miklar byrðar vegna húsnæðis. Þetta held ég að allir hljóti að verða sammála um, og þetta er einn höfuðgallinn á framkvæmd húsnæðismálastefnunnar. Það er alls ekki óalgengt, að fólk hefur orðið að borga 50% af launum sínum í húsaleigu eða afborganir og vexti af eigin húsnæði á ári, og það er alveg augljóst, að slíkt ástand getur ekki staðið til lengdar, enda svo komið, að reynslan margsannar það.

Hitt er satt, að ástandið hefur verið þannig, að verðbólgan hefur gjarnan bjargað húsbyggjendunum. Húsin hafa haldið verðgildi sínu, þótt verðrýrnun hafi orðið á gjaldmiðlinum, þannig að menn hafa notið þess að greiða skuldir sínar með verðminni krónum, og þannig hafa ýmsir komizt yfir það að eignast eigið húsnæði á tiltölulega stuttum tíma. En að sjálfsögðu er þetta með öllu óeðlileg fjármálapólitík og eitt af því, sem hefur átt stærstan þátt í verðbólguvextinum, þessari sífelldu verðbólgu, sem viðgengizt hefur hér um ákaflega langt skeið. Ég held því, að það væri til bóta, eins og raunar fulltrúi Alþfl. í bæjarstjórn Reykjavíkur hefur bent á, að hið opinbera gengist fyrir byggingu leiguíbúða til útleigu fyrir lágtekjumenn, sem ekki hafa bolmagn til að rísa undir sómasamlegu eigin húsnæði, ellegar þá að hafa lánskjörin slík, að greiðslubyrðin sé í réttu og sanngjörnu hlutfalli við almennt kaupgjald í landinu. Þannig eigum við að setja okkur markmið, marka okkur stefnu og reyna að fylgja henni. Þessi stefna er, má segja, að nokkru mörkuð í núgildandi húsnæðislöggjöf, en þetta er fellt niður úr frv., og ég tel, að það sé sízt til bóta, heldur til hins verra. Það er nauðsynlegt að hafa slík ákveðin, fastmótuð markmið í slíkri löggjöf sem þessari, og þess vegna held ég, að við ættum að taka það upp, eins og ég lagði ríka áherzlu á, að endurskoða 3. gr. frv. að þessu leyti og fleiri atriði þeirrar gr. og annað, sem ætti að vera hér í frv.

Því miður gefur þetta frv. ekki nein fyrirheit um það, að húsnæðismálin breytist í það horf, sem ég hef hér lagt áherzlu á. Ég held því miður, að við séum enn að feta sömu slóðina, sem leitt hefur húsnæðismálin í ógöngur, og um það held ég að allir geti orðið sammála, ef þeir á annað borð vilja vera hreinskilnir. Þess vegna er það niðurstaða mín, að þessu frv. verði að breyta stórlega, og til þess eru möguleikar hér í þinginu. Það er ég sannfærður um, að það eru fleiri en við, sem höfum talað um ágalla frv., sem eru sér þess meðvitandi, að það þarf breytinga við. Og ég verð að gera þá kröfu til n., sem fær þetta til athugunar, að hún taki þetta mál allt til endurskoðunar og gerbreyti frv., eins og það liggur fyrir, því að ella fæ ég ekki séð, að frv., ef að lögum verður í þessu formi, verði til neinna sérstakra bóta.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það er nú búið að ræða þetta mál allmikið, þannig að þótt ég hefði ætlað að fara nokkuð ítarlega ofan í þetta, þá mun ég sleppa ýmsu af því, sem ég var búinn að hugsa mér að segja, vegna þess að það yrði bein endurtekning á því, sem aðrir hafa hér áður sagt um þetta mál.

En ég verð að segja það, að ég varð fyrir allmiklum vonbrigðum, þegar ég sá þetta frv., eins og það er lagt hér fram á hæstv. Alþ., miðað við það vandamál, sem nú er við að stríða. Eins og komið hefur fram, þá er lítill munur á því í sjálfu sér um þá fjáröflunarmöguleika, sem lagt er til að verði í sambandi við húsnæðisbyggingarsjóð húsbyggjenda, frá því, sem nú er. En eins og allir vita, þá eru þessi mál algerlega komin í óefni hjá þjóðinni, og er það svo, að þeir, sem sóttu um lán eftir miðjan marz 1969, hafa ekki fengið neitt lánsloforð enn, þrátt fyrir það að í lögunum stendur þó, að enginn skuli hefja framkvæmdir fyrr en hann er búinn að fá loforð fyrir láni, þannig að við sjáum, hvernig þetta hlýtur að draga úr og raunar að stöðva allar byggingarframkvæmdir í landinu, eins og þessi mál eru nú í framkvæmd. Þetta er náttúrlega enn þá alvarlegra úti á landi, þar sem byggingarframkvæmdir á sumum stöðum hafa eiginlega stöðvazt af þessum ástæðum, eins og hv. þm. vita. En mér sýnast nú öll teikn á lofti um það, að þetta frv. muni ekki ná fram að ganga á þessu þingi miðað við þær undirtektir, sem það hefur fengið í blöðum annars stjórnarflokksins. E. t. v. á það að fá svipuð örlög eins og verðgæzlufrv. fékk. Það er bara annar flokkur, sem stendur kannske að því að hindra það. En það er fróðlegt að sjá, hver það verður, sem ætlar að reisa sér þar minnisvarða hér í sölum Alþingis.

Ég ætla að minnast á nokkrar breyt., sem ég tel að þurfi að gera á þessu frv., og vil, að það komi fram hér við 1. umr., til þess að hv. n., sem fær þetta til meðferðar, geti athugað þær að nokkru.

1. gr. er óbreytt að öðru leyti en því, að gert er ráð fyrir að fjölga í stjórn Húsnæðismálastofnunarinnar um einn, þannig að þeir verði sex, fimm verði kosnir í Sþ., eins og nú er, en sjötti maðurinn verði skipaður af hæstv. félmrh. eftir tilnefningu Landsbanka Íslands. Mér sýnist þessi breyt. alveg fráleit. Ef á annað borð þætti ástæða til þess að fjölga í húsnæðismálastjórninni, þá er sjálfsagt, að öll stjórnin sé kosin á sama hátt, þ. e. a. s. í Sþ. Ég sé engin frambærileg rök fyrir því, að Landsbankinn út af fyrir sig fái einn í stjórn stofnunarinnar. Það gæti alveg eins verið ástæða til þess og ekki síður, að t. d. stærstu hagsmunasamtökin fengju fulltrúa í stjórninni, eins og t. d. Alþýðusamband Íslands eða Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Ég tel, að það væri nær, þótt mér finnist það í raun og veru líka fráleitt. En ég vil ekki trúa öðru, þegar þetta mál er athugað betur, en að sú n., sem fær frv. til athugunar, sjái það, að þessi breyt. er ekki til bóta. Hitt er svo annað mál, það má athuga það, hvort ekki væri rétt að fjölga í stjórninni, t. d. upp í sjö, og þá, að þeir séu kosnir, eins og ég sagði áðan, í Sþ.

Það er búið að ræða töluvert mikið um 3. gr., þannig að ég get sleppt miklu af því, sem ég ætlaði að segja um þá gr. Þessi gr. eins og hefur verið sagt, hefur verið stytt frá því, sem er í gildandi lögum. Eins og gr. er nú, þá fjallar hún um það, hvaða verkefni húsnæðismálastjórn eigi að inna af hendi, og hún er allítarleg nú í lögunum. Þessu er að mestu leyti sleppt í þessu frv., en frvgr., eins og hún er hér, er þannig, með leyfi forseta:

„Húsnæðismálastofnun ríkisins skal vinna að um-

bótum í byggingarmálum, lækkun á byggingarkostnaði og almennri fræðslu um byggingarmálefni. Stofnuninni er heimilt að starfrækja teiknistofu, er láti í té hagkvæmar teikningar og annist leiðbeiningarstarf um hvers konar umbætur og vinnutækni við byggingu íbúðarhúsa. Við úrlausn verkefna til umbóta í byggingarmálum skal Húsnæðismálastofnun ríkisins leita samvinnu við Iðnaðarmálastofnun Íslands, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og aðra opinbera aðila, sem sérþekkingu hafa á málum þessum og gegna hliðstæðum hlutverkum hver á sínu sviði. Félmrh. skipar n. sérfróðra manna húsnæðismálastjórn til ráðuneytis um tæknileg mál, og ákveður ráðh. þóknun nm."

Það er mjög athyglisvert, að þótt hæstv. ríkisstj. leggi til að lögfesta það, að húsnæðismálastjórn eigi að leita aðstoðar ýmissa stofnana, sem hafa í þjónustu sinni starfskrafta með sérþekkingu á sviði byggingarmála við lausn verkefna á þessu sviði, þá er það ekki nóg. Samkv. þessari gr. er einnig gert ráð fyrir, að hæstv. félmrh. skipi n. sérfróðra manna húsnæðismálastjórn til ráðuneytis um tæknileg mál, og ákveður ráðh. þóknun til nm. Mér er ekki ljóst, til hvers þessi n. á að vera, nema ef vera kynni til að taka við þóknun, þar sem fyrr í gr. er húsnæðismálastjórn uppálagt að leita til vissra stofnana um úrlausn verkefna.

Mér skildist það í gær á hæstv. fjmrh., að eitthvað væri fyrir af n. hjá því opinbera og því ekki bein ástæða til að fjölga þeim eða viðhalda öllum. Mér skildist á hæstv. ráðh., að sannast sagna væri hæstv. ríkisstj. að drukkna í nefndafarganinu. Þær væru svo margar, að það mundi taka margar vikur að telja þær og tíunda, og svo þyrfti að tilnefna nýja n. til þess að skilgreina, hvað sé n. og hvað sé ekki n., og jafnvel aðra n. til þess að rannsaka allt þetta nefndafargan, sem yrði þá nokkurs konar nefndanefnd.

Eins og frv. er lagt fram, er ekki tekið fram, hvað þessa n. á að skipa til langs tíma. Á þessu þarf að verða líka breyting, eða á þetta að verða einhver eilífðarnefnd, ef þessi grein verður óbreytt, eins og hún er?

4. gr. er óbreytt frá því, sem hún er í núverandi lögum, að öðru leyti en því, að b-liður, framlag ríkissjóðs, hækkar úr 40 millj. í 75 millj., en þó kemur þessi greiðsla ekki til fyrr en á næsta ári, þ. e. a. s. 1971. En 8. gr. gerir ráð fyrir, að 25 millj. kr. á ári sé varið til þess að lána til kaupa á gömlum íbúðum, sem er nauðsynjamál út af fyrir sig, en það þýðir, að til útlána í nýtt húsnæði fara ekki nema 10 millj. af þessari hækkun. Hækkunin á ríkisframlaginu, eins og frv. gerir ráð fyrir, er allt of lítil og verður að hækka mikið, a. m. k. í 100–125 millj., ef að einhverju gagni á að koma. Í þessu sambandi ber að líta á það, að ný lækkun mun hér koma til, 1/2% af aðflutningsgjaldi samkv. tollskrá vegna EFTA-aðildarinnar, en þær tekjur munu hafa numið um 17.5 millj. á síðasta ári.

5. gr. vil ég nú skoða nánar. Ég sé ekki þýðingu hennar að því leyti, að það sé veðdeild Landsbankans, sem hefur heimild til þess að gefa út og selja skuldabréf. Það er húsnæðismálastjórn, sem á að hafa þessa heimild, þó að Landsbankinn hafi framkvæmdina á hendi í umboði hennar. Eins og þetta er í frv., þá er það í höndum Landsbankans að meta þær byggingar, sem húsnæðismálastjórn hefur veitt lán út á, og er hann því nokkurs konar hæstiréttur í þeim málum. Mér þykir eðlilegt, að húsnæðismálastjórn hafi framkvæmd á hendi og beri ábyrgð á sjóðum byggingarsjóðs, enda ætti sú skipan að tryggja betur samræmingu á þessari framkvæmd. Verði ágreiningur um virðingar, er eðlilegast, að það sé húsnæðismálastjórn, sem skeri úr um þann ágreining, en ekki Landsbankinn. Að mínum dómi á Landsbankinn aðeins að hafa á hendi afgreiðslu og innheimtu, en annað ekki.

Þá er það 6. gr. Tveir fyrri liðirnir eru óbreyttir frá því, sem þeir eru nú í lögum. Þriðji liðurinn er nýr og er um það að skylda lífeyris- og ellilaunasjóði til að láta af hendi ¼ af ráðstöfunarfé sínu til að kaupa fyrir skuldabréf byggingarsjóðs. Þessir sjóðir hafa varið þessu fé, eins og aðrir hv. ræðumenn hafa tekið fram, til þess að lána meðlimum sínum til íbúðakaupa og bygginga að mestu eða öllu leyti. Þessi skerðing mundi því koma mjög hart niður á ýmsum meðlimum þessara sjóða. Það er gert ráð fyrir í frv., að þessi eignaupptaka nái til ársins í ár. Mér þykir mjög sennilegt, að búið sé að ráðstafa fé úr þessum sjóðum að mestu leyti á þessu ári eða gefa lánsloforð. Sé það, mundi slík lagasetning hafa í för með sér mikil óþægindi og vandræði, því að þetta þýddi, að það yrði að skerða þessi lífeyrissjóðslán um 25% í flestum tilfellum frá því, sem fyrirhugað hefði verið. Er ekki verið að fara út á hæpna braut í þessu efni að hefja eignaupptöku einkasjóða ýmissa félaga á þennan hátt? Er ekki á sama hátt hægt að seilast í fleiri sjóði ýmissa félaga, verði farið út á þá braut á annað borð að taka umráðarétt af eigendum einkasjóða, þótt eigendur þeirra þurfi á þeim að halda til eigin nota? Hvers virði er þá í raun og veru eignarrétturinn? Er ekki búið að ganga nógu langt í því á undanförnum árum að rýra framkvæmdamátt þessara sjóða vegna þeirrar verðbólgustefnu og stjórnleysis, sem ríkt hefur í landinu síðustu árin, þótt þetta sé ekki kórónað með því að taka líka af eigendunum umráðaréttinn með þessu móti, alveg burt séð frá því, hvort eigendur þessara sjóða þurfa að nota þetta fjármagn til eigin þarfa eða ekki? En það liggur fyrir, að mestöllu þessu fé hafi verið ráðstafað einmitt til íbúðabygginga eða íbúðakaupa. Hvernig er það t. d. með Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins? Mér er sagt, að þegar sé búið að ráðstafa 20% af þeim sjóði, sem fjmrn. hefur til umráða eða hefur ráðstafað. Ég vil því spyrja hæstv. félmrh.: Er það þá meiningin að skerða þennan lífeyrissjóð um 25% í viðbót?

Í a-lið 8. gr. segir m. a. svo, með leyfi forseta:

„Lán skal þó að jafnaði því aðeins veita, að loforð um lánveitingu hafi verið gefið, áður en hlutaðeigandi byggingarframkvæmd hófst eða kaup á nýjum íbúðum gerð."

Eins og framkvæmdin hefur verið á þessu hjá húsnæðismálastjórn, svarar hún aldrei lánbeiðnum fyrr en hún getur gefið lánsloforð, og eins og ég sagði áðan, þá hefur enginn, sem hefur sótt um íbúðarlán eftir 15. marz 1969, fengið neitt að vita um þessar umsóknir, ekki einu sinni, hvort þær hafa borizt, nema þá að þeir hafi sjálfir haft samband við skrifstofuna annaðhvort í síma eða farið þangað sjálfir. Þessi framkvæmd nær engri átt, og það má ekki minna vera en Húsnæðis-

málastofnunin svari þeim, sem umsóknirnar senda, þannig að þeir viti, að þær hafi borizt í hendur hennar, og það sé tekið fram, hvort eitthvað sé athugavert við umsóknina. En þetta í sjálfu sér þýðir það, að þetta hamlar alveg byggingarframkvæmdum, enda sjást þess merki, því að árið 1967 var byrjað að byggja 2052, 1968 1041 og 1969 um 1060 íbúðir.

Í sambandi við þessa gr. er fleira, sem þarf að athuga. T. d. er sú breyting á b-lið að hætta að breyta lánunum eftir byggingarvísitölu alveg fráleit. Það hefur verið þannig í framkvæmd, að október-vísitalan hefur gilt fyrir árið á eftir, þannig að eftir þeirri vísitölu, sem gilti í október s. l., sem var 418 stig, er farið með lánin í ár, sem hefðu átt að vera 545 þús. En síðan í október hefur vísitalan hækkað um 21 stig. Það hefur verið getið um það, að í sjálfu sér hafi þessi lán hækkað frá því, sem nú er. Ég get nú ekki betur séð en að þau lækki. Ég get ekki séð annað en að þau lækki a. m. k. í öllum þeim tilfellum, þar sem meðlimir verkalýðsfélaganna hefðu átt að fá til viðbótar 75 þús., sem mundi hafa þýtt á árinu 1970 620 þús. kr., en ekki 540 þús., eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, að verði greitt á þessu ári.

Ég tel, að breytingin í sambandi við verkamannabústaðina sé að vissu leyti til bóta frá því ástandi, sem nú er, ef sveitarfélögin treysta sér til að nota þær heimildir, sem frv. felur í sér. En ég efa mjög, að allir smærri staðirnir treysti sér til þess. Og þá sjáum við það, að miðað við þetta plan, sem hér er, verður landsbyggðin algerlega út undan.

Það kom t. d. í ljós, eftir því sem Morgunblaðið frá 21. febr. s. l. hafði eftir Gísla Halldórssyni borgarfulltrúa í Reykjavík, að það hafi verið byggt meira af íbúðum í Reykjavík en þörf sé fyrir, að í borginni hafi íbúðum fjölgað um 17.5%, en fjölgun íbúa hafi aðeins verið 6% á sama tíma. Á þessu tímabili hafa verið byggðar 3700 íbúðir, en borgarbúum hefur fjölgað um 4700. Aftur á móti á Akureyri, Húsavík, Dalvík og víðar hefur verið miklu minna um byggingar eða ekkert s. l. ár, en þar er skortur á húsnæði.

Miðað við þetta frv. er gert ráð fyrir, að haldið verði áfram þessu Breiðholtsævintýri, það verði klárað að byggja þetta, þrátt fyrir það að einn borgarfulltrúi Sjálfstfl. segir, að það séu of margar íbúðir í Reykjavík. En frv. gerir ekki ráð fyrir svipaðri fyrirgreiðslu t. d. á Akureyri eða á þeim stöðum, þar sem húsnæðisskortur er. Þannig er þetta hugsað. Ég er ekki að lasta það, þó að það sé gert ráð fyrir því að standa við þá samninga, – það má enginn misskilja það, – sem er búið að gera. En það eru líka samningar við verkalýðsfélög í raun og veru á Norðurlandi, eins og hér á þessu svæði, og ekki síður ástæða til þess að byggja þar, sem húsnæðisskortur er, en þar sem, – ef það er rétt, sem fulltrúi Sjálfstfl. sagði í borgarstjórn, – búið er að byggja of mikið af íbúðum, þ. e. hér í Reykjavík. Þetta eru hans orð, en ekki mín, og ég legg engan dóm á það, hvort þetta er rétt eða ekki.

Eins og ég sagði áðan, þá get ég ekki séð annað, ef stefnt er að því að gera þetta frv. að lögum, sem ég hef nú ekki trú á, eins og ég sagði í upphafi máls míns, þá þurfi að taka hér upp ákvæði í lögin, þar sem það sé tryggt, að á þeim stöðum, þar sem sveitarfélögin treysta sér alls ekki til þess að byggja verkamannabústaði, þá fái fátækari meðlimir verkalýðsfélaganna eitthvert aukið lánsfé fram yfir það, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég tel því, að það sé engan veginn réttlætanlegt að leggja niður verkalýðslánin, a. m. k. í flestum tilfellum, heldur þyrfti a. m. k. að tvöfalda þau eða þrefalda frá því, sem nú er.

Í sambandi við þessa gr. verð ég líka að segja það, að eins og þessi mál eru komin, er ekki hægt að ganga fram hjá því, að það er brýn nauðsyn að lengja lánstímann. Það verður að lengja lánstímann a. m. k. í 35 ár, það er það minnsta, og að lánin séu afborgunarlaus fyrstu þrjú árin. Ef maður lítur á það, hvað þetta lánsfé, sem þarna er ætlað að lána, er í raun og veru óverulegur hluti af þeim byggingarkostnaði, sem nú er að verða í landinu, þá hljóta allir að sjá, hvers konar byrðar það fólk ber, sem er að ráðast í að reyna að koma yfir sig íbúð. Það verður að breyta þessum lánakjörum, ef það á að vera nokkur leið, að fólk geti undir þeim risið.

13. gr. fjallar um útgáfu sparimerkja og skyldur kaupgreiðenda að greiða tilskilinn hluta launanna í sparimerkjum. Nú er lítill vafi á því, að út af því er oft og tíðum brugðið, að atvinnurekendur borgi tilskilinn hluta launanna í sparimerkjum. Mér finnst það því koma vel til athugunar að setja beinlínis ákvæði í löggjöfina um það, að þeir verði fyrir sektum, sem ekki framfylgja þessu ákvæði laganna.

Í 22. gr. eru merk nýmæli og alger stefnubreyting frá því, sem verið hefur hjá hæstv. ríkisstj. Í þessari gr. er lagt til, að vextir úr Byggingarsjóði verkamanna lækki og verði 2%. Í lögunum, eins og þau eru nú, er það Seðlabankinn í samráði við hæstv. ríkisstj., sem ákveður vextina, en þeir eru nú 6%, hafa, að ég ætla, þrefaldazt í höndum Seðlabankans eða allt að því. Nú á að lækka vextina, og það er vel. Við framsóknarmenn höfum haldið því fram á undanförnum árum, að það séu fleiri vextir, sem ætti að lækka, en af þessum lánum, en það hefur klingt í okkar eyrum, að það væri svo lítið atriði þetta vaxtaspursmál, að það væri ekki umtalsvert. Það er vel, að hæstv. ríkisstj. er nú með stefnubreytingu í þessum málum, og ég vona, að fleira komi á eftir.

En það er athyglisvert, að um leið og vextirnir eru lækkaðir, er afnumið ákvörðunarvald Seðlabankans að ákveða vextina. Það hefur verið stefnan fram að þessu að auka alltaf vald þessarar stofnunar í þjóðfélaginu. E. t. v. má telja, að þarna sé um að ræða stefnubreytingu, það eigi að fara að draga eitthvað af þessu valdi til baka, og ekki mundi ég harma það.

Í sambandi við kostnaðaráætlunina er dálítið merkilegt mál í sambandi við þær tölur, sem þeir, sem hafa samið þetta frv., leggja þarna til grundvallar, þ. e. a. s. það muni verða 1200 þús., sem íbúðirnar muni kosta að meðaltali. Ég tók eftir því, að hæstv. félmrh. gat um það í framsögu sinni hér áðan, að einn af þeim, sem höfðu samið þetta frv., hefði verið hv. alþm., Jón Þorsteinsson. En það er dálítið athyglisvert, að þegar áætlunin er gerð um þessar byggingar, t. d. í sambandi við þessar íbúðir fyrir verkamannabústaðina, þá eru lagðar til grundvallar 1200 þús. kr. Mér skildist á hæstv. ráðh. í framsöguræðunni áðan, að það væru ætlaðar 1200 þús. að láni. En ég fæ það ekki út úr þessu frv., heldur að það sé kostnaðurinn við bygginguna, og það skiptir nokkuð miklu máli. Ef það er misskilningur hjá mér, þá vona

ég, að það verði leiðrétt, en ég skil það svona. En ef við lítum á þann kostnað, sem reynslan sýndi í Breiðholti, þegar byggingarvísitalan var 298 stig að meðaltali, þá kostaði 90 fermetra íbúð 1132 þús., og er ekkert leyndarmál, að hún var afhent innan við raunverulegan byggingarkostnað á þeim tíma. En á tímanum síðan hefur byggingarkostnaðurinn hækkað um 36% rúmlega. Ef ætti að leggja þessa reynslu hæstv. ríkisstj. til viðmiðunar byggingarkostnaðinum, þá hefði hún þurft að bæta eitthvað við þessa áætlun. Ég sé ekki betur en slíkt mundi kosta 1540 þús. kr. a. m. k. miðað við þá byggingarvísitölu, sem er í dag, og ekki er ólíklegt, að byggingarvísitalan eigi eftir að hækka eitthvað á næstu mánuðum, eða ég veit ekki, hverjum dettur það í hug, að kaupgjald haldist óbreytt marga mánuði hér á eftir í þessu landi.

Nei, ég held, að öll undirstaðan sé veik. En það kannske skiptir engu máli, ef þetta frv. er bara til að leggja það fram og sýna það, ef það er bara gert af kosningahræðslu og er ekki ætlazt til, að það nái fram að ganga, sem er grunur minn.

Ég sakna þess, að hæstv. landbrh. er ekki hér í salnum, og ég vil mælast til þess, að hæstv. fundarstjóri hlutist til um það, að hann komi hingað. Ég ætla að leggja fyrir hann nokkrar spurningar í sambandi við pólitík í landbúnaðarmálum. Þar sem nú er farið að lækka vextina í sambandi við íbúðalán til verkamanna, þá geri ég ráð fyrir, að á næstu dögum muni verða lagt fram hér frv. til þess að lækka vextina á íbúðalánum til þeirrar stéttar, sem er sannarlega lægst launaða stéttin í þessu landi. Ef það verður ekki gert, þá verða aðrir til þess að leggja fram slíkt frv. Og ég hefði gaman af því að reyna á það, hvort það væru ekki einhverjir í stjórnarliðinu, sem hika við, ef þetta frv. verður að lögum, að fella vaxtalækkun á stofnlánum til íbúðabygginga í sveitum.

Það er ýmislegt fleira, sem ég hafði ætlað að minnast á hér, en tímans vegna mun ég fara að stytta mál mitt.

Eitt af því, sem ég vil benda á hv. n., sem fær þetta frv. til meðferðar, er það, að gert er ráð fyrir því í frv., í 23. gr., að það sé hámarksstærð á þessum verkamannabústöðum, fjögurra herbergja íbúðir eða innan við 100 fermetra mörk. Í sambandi við hið almenna byggingarkerfi er gert ráð fyrir, að það megi vera 150 fermetrar fyrir 8 manna fjölskyldu og stærri. Það er alkunna, að margar verkamannafjölskyldur eru stórar, og ég verð að segja það, að mér finnst þessi mörk mjög knöpp miðað við 8 eða 10 manna fjölskyldu. Og ég held, að það sé full ástæða til þess að líta eftir því fyrir þá n., sem fær þetta mál til meðferðar.

Nú er auðséð á þessu frv., að gert er ráð fyrir því að halda áfram þessum framkvæmdum í Breiðholti, og það er í þessari áætlun áætlað að leggja fram 116 millj. á yfirstandandi ári í þessa framkvæmd og 50 millj. á næsta ári og síðan ekki meir. Ég vil spyrja hæstv. félmrh. að því, hvort þessar 116 millj. séu hugsaðar umfram hin venjulegu húsnæðisstjórnarlán og þessar 50 millj. á næsta ári. En með hliðsjón af því, að eftir er að byggja margar íbúðir miðað við þá samninga, sem hafa verið gerðir, hvernig stendur á því, að það er ekki áætlun um, að það þurfi meira fjármagn til þessara íbúða í framtíðinni. Eftir því, sem ég hjó eftir hjá hæstv. ráðh. í framsögu hans, þá er áætlað að halda þessu áfram. Hvernig á þá að fjármagna þessar framkvæmdir? Í öndverðu var því lofað, að það væri ekki tekið fjármagn úr hinu almenna veðlánakerfi í þessa byggingaframkvæmd umfram hin venjulegu íbúðalán. En ég veit, að það eru a. m. k. 130 millj., sem hafa verið teknar til þess, þegar byggingarsjóðurinn er nú þannig, að það eru allar byggingaframkvæmdir í landinu nema þessar í raun og veru strandaðar. Hvernig væri nú, að hæstv. ríkisstj., af því að það er nú komið nálægt tvennum kosningum, mannaði sig upp og reyndi að skila þessu fjármagni aftur í sjóðinn? Ég vildi spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort það sé ekki von á slíku.

Ég geri ráð fyrir því og vona það, að ef þetta frv. kemur úr n., þá verði hæstv. landbrh. hér staddur, og mun ég þá leggja þær spurningar, sem ég ætlaði nú, fyrir hann í sambandi við, hvað hann hyggist gera með vaxtagreiðslur húsbyggjenda í sveitum, eftir að þetta frv. hefur verið lagt fram. Ég mun sjálfsagt einnig taka fleiri atriði í þessu frv. þá til athugunar, ef ekki verður gjörbreyting á því frá því, sem nú er.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir, að þessu frv. verði vísað til n., sem ég á sæti í, og get ég af þeim sökum verið fáorðari en ella um þetta frv. við 1. umr., enda hafa nú þegar farið fram allítarlegar umr. um málið strax við 1. umr.

Það er vissulega rétt, sem hæstv. félmrh. sagði í upphafi máls síns, að húsnæðismálin hafa löngum verið vandamál, einkum vegna fjárhagshliðarinnar, og hann játaði í raun og veru, að alltaf hefðu húsbyggingamálin verið í fjárhagslegu svelti. Og það er vissulega rétt. Þannig hefur það verið, og því miður er ég hræddur um, þrátt fyrir mjög yfirlætisfull ummæli í Alþýðublaðinu um gjörbreytingu þessara mála með þessu stjórnarfrv., að það verði því miður niðurstaðan, eftir að frv. hefur orðið að lögum, að húsbyggingamál okkar verði áfram í fjárhagslegu svelti, af því að það er rétt, sem hér hefur verið bent á, að það er þrátt fyrir yfirskin þess á mörgum stöðum í frv., að um stórkostlegar umbætur sé að ræða í húsnæðismálunum, þá er, þegar betur er að gáð, um frekar lítið nýtt að ræða í frv. Sérstaklega á þetta við um nýjar fjárútveganir. Þær eru því miður miklu minni en ætla mætti við fljótan yfirlestur frv.

Það er ekkert umtalsvert, sem aflað er af nýju fé til lausnar húsnæðismálunum, þegar undan er tekinn pósturinn um lífeyrissjóðina. Það er hin eina umtalsverða nýja fjáröflun til húsnæðismálanna, og þó er það rétt, sem sagt hefur verið, að meginhluti þess fjármagns, sem lífeyrissjóðirnir hafa haft til umráða, hafi farið, að vísu fram hjá húsnæðismálakerfinu, til lausnar húsnæðismála, og er þannig ekki um nýtt fé að ræða nema að litlu leyti, þó að húsnæðismálakerfinu sé nú ætlað að láta peningana ganga til húsnæðismálanna í stað þess að lífeyrissjóðirnir gerðu það beint áður. Við þetta eykst notagildi peningsins ekki nokkurn skapaðan hlut, en nú er seilzt ofan í þá lífeyrissjóði verkalýðshreyfingarinnar, sem verið er að mynda og ekki komnir á laggirnar, og þykir mér furðu fljótt gripið til þess úrræðis. Að því kem ég síðar.

Það eru 35 millj. kr., sem ríkið ætlar að útvega á ári meira en það hefur gert, 75 millj. á ári í staðinn fyrir 40,

og það er smápóstur, það sjá allir. 25 millj. kr. eru ætlaðar til nýs hlutverks, en það hlutverk álít ég að sé bráðnauðsynlegt og tel einn af ljósu punktunum við þetta frv., ákvæðið í 8. gr. um, að það megi verja fé, allt að 25 millj. kr. árlega, til lánveitinga til kaupa eldri íbúðarhúsa. Það eru mörg ár síðan ég flutti það mál hér á Alþ., sem fékk þá allgóðar undirtektir, og mér var sagt í veðdeild Landsbankans, að það mál væri komið svo langt, að það lægi á borði ráðh. Síðan eru liðin ein sex ár, og því máli hefur ekki verið hreyft. En það er augsýnilegt þó, að það er þjóðarhagur að hjálpa mönnum til að kaupa eldri nothæf hús og endurbæta þau svo, að þau geti orðið góðar íbúðir, og búa þannig að því, sem þjóðin á, nýta betur. Það hefði getað forðað mörgum manni frá því að ráðast í það átak og reisa sér hurðarás um öxl með því að byggja nýja íbúð, ef lánsmöguleikar hefðu verið fyrir hendi til þess að kaupa eldri hús fyrr en nú. Þetta álít ég vera einn stærsta kost þessa frv., að þessu máli er þó hreyft og ætlaðar til þess 25 millj. kr., sem að mínu áliti er þó margfaldlega of lág upphæð. En þarna er loksins sinnt þörfu máli, og ég vil þakka hæstv. ríkisstj. fyrir að láta þetta þó fljóta með þessu frv.

Það hefur ekkert vit verið í því í okkar lánakerfi, hvorki að því er varðar gömul nothæf skip, að hafa engan pening til þess að geta greitt fyrir kaupum og sölum á þeim og fá þannig betri nýtingu þeirra, né heldur að því er snertir íbúðarhúsnæði. Þarna er byrjað að ráða bót á þessu, en ég er alveg viss um, að a. m. k. fyrst í stað þarf miklu meira fé en 25 millj. kr. til þess að greiða fyrir þessu. En þetta mundi jafnframt við betri nýtingu þess húsnæðis, sem til er, draga nokkuð úr fjölda þeirra nýju íbúða, sem þörf er á að ráðast í, og spara þannig nokkuð útgjöld í nýbyggingum á næstu árum, ef þessu hlutverki er sinnt eins og þjóðarþörf og hagur krefst.

Ég sé ekki betur en þetta frv. um Húsnæðismálastofnun ríkisins byggi að mestu leyti á gömlum stofnum. Fjáröflunin er að meginstofni sú, sem við búum við í núv. löggjöf. Þar vegur þyngst það, sem verkalýðshreyfingin hefur í samningum við ríkisvaldið knúið fram á ýmsum tímum. Við vitum, hvað launaskatturinn þýðir fyrir húsnæðismálin, launaskatturinn, 1% af öllum greiddum launum. Það er einn af gildustu tekjuþáttunum hjá Húsnæðismálastofnuninni. Á þessum stofni er auðvitað byggt áfram.

Þá er það frá atvinnuleysistryggingunum, sjóði, sem verkalýðshreyfingin á ótvírætt. Þar var ríkissjóði ætlað að leggja fram til atvinnuleysistrygginganna tugi millj. á ári hverju. En hvernig fór um það fé? Það er tekið. Ríkið greiðir þetta til atvinnuleysistrygginganna að nafni til, en borgar það með bréfum og tekur það til húsnæðismálanna. Á þessum stofni er auðvitað líka byggt hér. Það er annar gildasti stofninn, sem húsnæðismálin hafa yfir að ráða.

Svo er það skyldusparnaðurinn. Á honum er byggt áfram eins og verið hefur, 15% tekið af unga fólkinu til þess að leggja fram til húsnæðismálanna. Það þótti nú ekki góð latína, þegar ég tók það nýmæli upp í löggjöf í fyrsta sinn árið 1957, að mig minnir, að leggja 6% skyldusparnað á unga fólkið. En þessu var breytt í 15% nokkru síðar, og hefur þó verið gerð meinleg breyting að því er þetta varðar. Ég álít, að þetta hafi verið sjálfsögð ráðstöfun frá upphafi og sé enn í fullu gildi og eigi að halda áfram við skyldusparnaðinn.

En að einu leyti hefur þessu máli verið spillt, og úr því finnst mér ekki bætt í þessu frv. Unga fólkið, sem nauðugt viljugt, því að þetta er skylda, verður að festa sitt fé á þennan hátt og þjóna þjóðfélaginu með því að leggja til hliðar 15% af tekjum sínum, á ekki að fá nema 4% vexti af þessu fé. Það finnst mér óhæfa. Það má ekki minna vera, þegar unga fólkið er svipt þessu fjármagni, en það fái það óskert aftur og með vöxtum. Það er á því vísitölutrygging að sjálfsögðu, en vextirnir eru ekki nema helmingur af því, sem unga fólkið gæti haft á bundinni bók, sem það hæglega gæti gert, og þá vexti á það að hafa. Ekki meira um skyldusparnaðinn. Hann er einn af þeim gömlu stofnum, sem hér er nú byggt á áfram.

Þá er það verkamannabústaðakerfið. Það er nú, eins og hæstv. ráðh. sagði, yfir 40 ára gamalt. Það er tekið inn í þennan lagabálk og fátt nýtt við það. Ég verð að segja það, að það verður að vera talsverður sparnaður við þessa samsteypu, ef ég á að fagna henni yfirleitt. Það má vera, að það sé hagkvæmara að hafa almenna lánakerfið, verkamannabústaðakerfið og útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis allt undir sömu stjórn og í sama lagabálki, ef það sparar fé. En að öðru leyti, ef það gerir það ekki að verulegu leyti, þá fagna ég ekki og tel ekki til kosta þessa frv., að verkamannabústaðakerfið sé lagt niður í því formi, sem það hefur verið. Þar með verður maður að sjá á bak byggingarfélögum verkamanna úti um allt landið, sem hafa haldið þeim málum þó að verulegu leyti í höndum verkalýðsstéttarinnar sjálfrar. Byggingarfélögum verkamanna er ekki ætlaður lengri aldur en svo samkv. þessu frv., að þau á að leggja niður, þegar lokið er byggingu þeirra verkamannabústaða, sem nú er verið að byggja, þá taka sveitarfélögin við. Og eins og einn ræðumaður sagði hér í dag, þá er það til í dæminu, að sumar sveitarstjórnir geri vel í þessum málum og leggi ljúflega fram það fé, sem frv. ætlast til af þeim, og þannig dragi ekki þar úr byggingum verkamannabústaða, en ég er afar hræddur um það, að mörg sveitarstjórnin sé ekki viðsýnni en það, að það sé nokkur áhætta bundin við að leggja þessi mál alveg í hendur sveitarstjórnanna með svo víðtæku valdi, sem sveitarstjórnirnar eiga að hafa yfir framkvæmd þeirra og geta þannig ráðið ferðinni um byggingu verkamannabústaða úti um landið. Ég efa því, að sá ókostur, sem þessu fylgir, vegi upp á móti þeim fjárhagslega sparnaði, sem kann að leiða af því að steypa þessu saman undir eina stjórn, sem ég tel þó út af fyrir sig vera skynsamlega ráðstöfun, en það má ekki gerast á kostnað þess, að verkalýðsstéttin sjálf hafi nokkra hönd í bagga um byggingu verkamannabústaða, eins og var eitt grundvallaratriðið, þegar lög um verkamannabústaði voru sett, og hefur að mínu áliti ekki gefizt illa.

Undir bálkinn er svo að síðustu felld hin sérstaka löggjöf um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, og sé ég fátt af nýmælum í þeim kafla varðandi útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis. Þetta er fellt undir hið almenna kerfi og verður þannig undir stjórn Húsnæðismálastofnunar ríkisins. Ég held, að það sé alveg rétt, að þó að manni sýnist svo við fljótan yfirlestur, að lánin

hækki allverulega út á íbúð hverja, þar sem talað er um 600 þús. kr. lán, þá sé það svo, að miðað við, að lánin ná núna 540 þús. kr. með byggingarvísitölu í upphafi þessa árs, þá er ég afar hræddur um það, að strax á árinu 1970 verði svo komið, að byggingarvísitalan segi til, að lánið ætti að öllu óbreyttu að vera komið upp undir 600 þús., og það sé þannig ekki um hækkun að ræða, sem sýnist vera á pappírnum. Hitt er annað mál, að lánstíminn er svo skammur og vaxtakjör ekki hagkvæmari en svo, að það rís enginn verkamaður með venjulegum verkamannstekjum undir því að standa undir hærri lánum en 600 þús. kr., og þar er veggur, sem við rekum okkur á, sem þýðir það, að til þess að einstaklingarnir geti risið undir nauðsynlega háum lánum í sambandi við lausn húsnæðismála sinna, þá þarf að lengja lánstímann og það þarf að gera vaxtakjörin aðgengilegri.

Þegar ég kem að þeirri kvöð, sem lögð er á lífeyrissjóðina í þessu frv., þá kemst ég ekki hjá að láta í ljós þá skoðun mína, að ég held, að það hefði verið miklu einfaldara og í raun og veru miklu sjálfsagðara að leggja þá kvöð hreinlega á Seðlabanka Íslands að standa undir fjármagnsútveguninni til húsnæðismálakerfisins, hafa vextina lága, það væri ekki sízt gert í þágu atvinnulífsins, og taka afleiðingum af því á þann veg að tvöfalda launaskattinn, eingöngu til að standa undir vaxtaniðurgreiðslunni. Það væri atvinnulífinu eðlilegast að taka þá byrði á sig, því að það er gert fyrir atvinnulífið að halda húsnæðiskostnaði og þar með framkvæmdakostnaði í landinu niðri. Þessu varpa ég nú hér fram, þó að það fari langt úr leið, að því er snertir þetta frv., en ég hygg, að það væri þó athugunarvert, hvort þetta væru ekki greiðari götur og eðlilegri að fara en þær leiðir, sem hér eru farnar. Og þá á ég sérstaklega við kvaðirnar um lífeyrissjóðina.

Það hefur verið á það bent, að sumir lífeyrissjóðir, sem starfað hafa um lengri tíma, hafi þegar með samkomulagi tekið á sig þá kvöð að leggja fram 20% af ráðstöfunarfé sínu til húsnæðismála, og ef nú á að bæta 25% þar ofan á, sem ég er ekki alveg viss um og trúi varla, þá er anzi mikið búið að skerða möguleika þeirra lífeyrissjóða til þess að geta með frjálsum hætti lagt nokkuð verulegt af mörkum til húsnæðismálanna. En fyrir hönd verkalýðshreyfingarinnar verð ég að segja það, að ég harma, að það skuli flutt fram í frv.-formi á Alþ., rétt í þann mund sem lífeyrissjóðir verkalýðsfélaganna eru að verða til, að taka skuli fjórðu hverja krónu af ráðstöfunarfé þeirra frá og með 1. jan. 1970, án þess að þeir mannasiðir séu viðhafðir að ræða með einu orði við verkalýðshreyfinguna um þetta. En 19. maí 1969 var um það samið, að stofnaðir skyldu lífeyrissjóðir á frjálsum félagsgrundvelli og álögur lagðar á atvinnurekendur og verkafólkið sjálft í stað beinna launahækkana. Þetta var samþ., og ríkissjóður lagði ekki annað fé til þessa en að gera mögulegt, að öldruðu fólki yrði greiddur lífeyrir frá ársbyrjun 1970 með fjármagni, sem að ¾ hlutum var tekið úr eigin sjóðum verkalýðsfélaganna, atvinnuleysistryggingunum, og að ¼ hluta úr ríkissjóði næstu 15 ár. Að öðru leyti var þarna um að ræða að leggja kvaðir á atvinnurekendur og verkafólk eftir frjálsu samkomulagi þeirra í stað þess að inna þetta af hendi sem launagreiðslur. En svo, áður en árið er liðið, er án samkomulags við verkalýðshreyfinguna ákveðið að taka fjórðu hverja krónu af þessu ráðstöfunarfé, sem lífeyrissjóðirnir koma til með að hafa, og verja því til húsnæðismálanna. Nú er ég alveg sannfærður um það, að verkalýðsfélögin sjálf hefðu varið allverulegum hluta af þessu fé til þess að leysa húsnæðismál félaga sinna, en nú á það að fara almennt til lausnar húsnæðismálanna, langt út yfir það, sem um var samið, og þess vegna kemur okkur það mál við og hefði verið umræðuvert við okkur.

Ég er alveg viss um, að það var skakkt að farið, þegar þetta frv. var í undirbúningi, að ekki skyldi vera svo mikið sem við verkalýðshreyfinguna talað, því að það er verið að taka hennar fé og binda það, og það sem verra er, það er verið að rýra ávöxtunarmöguleika þessa fjár stórkostlega. En ávöxtunin átti þó að vera umsamin á þann veg, að verkalýðshreyfingin stjórnaði sjálf sjóðunum og sæi um ávöxtun þeirra auðvitað á þann hátt, sem bezt væri hægt að ráðstafa þeim hlutum. Á þessari stundu situr miðstjórn Alþýðusambandsins á fundi eingöngu til þess að ræða um þetta frv., og ég er alveg viss um það, þó að ég verði að vera þar fjarverandi, að það verður ekki ánægja með það í miðstjórn Alþýðusambandsins, og munu menn þar ekki skiptast í flokka um það, að hér skuli vera gripið til þessara sjóða án nokkurs samráðs við verkalýðshreyfinguna að svo nýafstöðnum samningum um stofnun lífeyrissjóðanna sem raun ber vitni um.

En það er betur munað eftir verkalýðshreyfingunni en þetta, því að þær umsömdu 15–20 millj., sem verja átti til viðbótarlána fyrir tekjulitla meðlimi verkalýðsfélaganna og skyldu vera í einstökum lánum 75 þús. kr., eru nú niður felldar í þessu frv. Auðvitað finnst mér það til lýta á þessu frv., ekki til bóta, og það er í raun og veru hart, að svo skuli vera gert. En þó að svona djarflega sé tekið til fjár þeirra lífeyrissjóða, sem nú er verið að stofna, þá er þó ekki gert ráð fyrir því, að verkalýðshreyfingin fái svo mikið sem einn mann í stjórn Húsnæðismálastofnunarinnar. Nei, það skal vera Landsbankinn, þó að hann leggi engan eyrinn til.

Þegar ég lít á 3. gr. þessa frv., þá verð ég að segja það, að ég tek undir það, að það er mjög dregið úr gildi 3. gr. gildandi laga, því að það eru vissulega þar mörg ákvæði um það, að Húsnæðismálastofnuninni skuli skylt að beita hvers konar aðgerðum, sem leiða megi til þess, að dregið verði úr byggingarkostnaði. Og það er ekkert síður hlutverk Húsnæðismálastofnunarinnar en sjálf lánastarfsemin. En hver var ástæðan til þess, að verið var að draga úr þessu í gildandi lögum? Til þess sá ég enga ástæðu, nema það sé ætlunin að leggja minni áherzlu á þann þátt í starfi stofnunarinnar en áður. Að öðrum kosti hefðu a. m. k. ákvæðin að meinalausu mátt vera áfram í lögum og ekki veitt af.

Þá hlýt ég að minna á það, að lögfest var samkomulag verkalýðshreyfingarinnar við ríkisstj. um framkvæmdaáætlunina, Breiðholtsframkvæmdirnar, sem allt of seint og treglega hefur gengið að framkvæma. En í viðbót við það var búið að gefa gullin loforð og lögfesta á grundvelli þessa samkomulags byggingaráætlanir víðs vegar í kaupstöðunum úti um land. Það er rétt, það hefði orðið að sætta sig við minni áfanga og e. t. v. ekki á eins auðveldan hátt, og hér á Reykjavíkursvæðinu er hægt að koma við stórfelldum nýtízku vinnu-

brögðum, rétt er það, og inn á það kom hæstv. ráðh. En samt var búið að gefa þessi loforð og lögfesta þau, en nú er því kippt í burt í þessu frv. Landsbyggðin mun þykjast svikin að því er þetta snertir. Það er ég sannfærður um.

Þá tek ég undir það, sem sagt hefur verið, að þó að hér í frv. sé um nokkra hækkun að ræða á tekjum þeirra, sem njóta mega réttinda varðandi verkamannabústaði, þá er sú hækkun of lítil, tekjumarkið verður of lágt. Það að útiloka sérhvern þann verkamann, sem hefur yfir 200 þús. kr. tekjur nú og á næstu árum, útilokar allt of marga, og þetta tekjumark verður áreiðanlega að endurskoðast til hækkunar, og efast ég ekkert um það, að á það mun hæstv. ráðh. fallast, þegar málið hefur verið athugað. Þetta mark er nú sett of lágt, þ. e. a. s. það verður of þröngt, það útilokar of marga.

Bráðabirgðaákvæði eru nokkur með frv. Ég hef áður vikið að því, að byggingarfélög verkamanna verða tekin af, þegar lokið er byggingarframkvæmdum, sem nú standa yfir. Það er m. a. ákveðið í upphafi bráðabirgðaákvæðisins. Í öðru lagi segir, að haldast skuli óbreytt ákvæði laga og reglugerða um framkvæmd byggingaráætlunar í Reykjavík, en heimilt er ríkisstj., Reykjavíkurborg og fulltrúaráði verkalýðsfélaganna í Reykjavík að semja svo um, að þær 735, – takið eftir, – 735 íbúðir í byggingaráætlun þessari, sem eigi er hafin bygging á, eða hluti þeirra, verði byggðar sem verkamannabústaðir samkv. IV. kafla þessara laga. Þessi tala sýnir, hversu óhemjumikið er eftir til þess að til fulls verði staðið við byggingaráætlunina, og var þess þó full þörf, að staðið væri við hana, þó að ýmiss konar gallar hafi orðið á í framkvæmdinni. En það eitt vil ég þó segja lofsamlegt um þetta atriði, að hér er ekki beitt valdboði. Hér er farin mjög eðlileg leið. Það er sagt, að ef samningar takast um að breyta framkvæmdinni að þessu leyti og hverfa til verkamannabústaðakerfisins, þá skal það vera heimilt, og ég tel, að þarna hafi hæstv. ríkisstj. farið alveg rétta leið, að það á að opna samningamöguleika um þetta, af því að þarna var byggt á samningsákvæðum, sem annar aðilinn mátti ekki taka sér vald til þess að breyta og mátti ekki heldur, að því er snertir lífeyrissjóðina, gera það að mínu áliti. Af 4. málsl. bráðabirgðaákvæðanna er alveg ljóst, að það er rétt, sem sagt var hér áðan, að þessar 35 millj. kr., sem ríkið ætlar að hækka sitt framlag um til húsnæðismálanna, koma ekki á árinu 1970. Það kemur fyrst til framkvæmda á árinu 1971. En aftur er gripið til lífeyrissjóðanna frá 1. jan. 1970.

Ég lofaði hæstv. forseta því, að ég skyldi ekki verða langorður um málið, bæði af því að málið fer til n., sem ég á sæti í, og sökum þess, að umr. hafa þegar orðið ítarlegar um það. En ég lýk máli mínu með því að segja, að þó að nokkur atriði séu til bóta í þessu frv., þá eru líka á því stórkostlegir gallar, og það er fjarri því, að hér sé um að ræða nokkra byltingu til hins betra í lausn húsnæðismálanna. Ég er alveg sannfærður um það, að hófsamur og sanngjarn félmrh. mundi að einu eða tveimur árum liðnum játa, eins og núv. hæstv. félmrh. hefur játað, að framkvæmdamöguleikar húsnæðismálanna séu enn þá í fjárhagslegu svelti.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Mér hefur náttúrlega aldrei dottið það í hug, að með þessu frv. hafi verið fundið allt púður, því að þetta mál er erfiðara en svo, að hægt sé að búast við því, að í þessari tilraun felist möguleikar til þess að afnema alla galla eða bæta stjórn og framkvæmd þessara mála, eins og frekasta nauðsyn er fyrir. Það er náttúrlega alveg augljóst, að þetta frv. uppfyllir ekki allar óskir manna. En ég hef haldið fram og talið, að það mundi vera veruleg breyting til lagfæringar frá því, sem er, og alveg sérstaklega á því sviði, sem hér hefur verið mest talað um, og er það, sem kallar mest að, það er um fjármagnsútvegun til húsnæðismálakerfisins og rentur af þeim lánum.

Ég skal leyfa mér að fara nokkrum orðum um sumt af því, sem ég hef getað skrifað hjá mér og minnzt hefur verið á í þessum umr. Skal ég þá fyrst minnast á það, sem síðast var talað hér af hv. 9. þm. Reykv., sem taldi, að með þessu frv. væri seilzt allt of djúpt niður í vasa verkalýðsfélaganna, sem flest eða mörg a. m. k. væru búin að stofna til lífeyrissjóða, og þau væru ómegnug á þessu stigi til þess að lána úr sínum sjóðum eins og þau, sem lengur hafa verið við lýði og eiga meira fé úr að spila. Þess vegna væri ranglátt að láta eitt yfir þau ganga eins og þessi, sem sterkari eru og stærri. Þetta lítur vel út, þegar það er sagt. En við þetta er það að athuga, að þau verkalýðsfélög eða þeir lífeyrissjóðir, sem nýstofnaðir eru, eru ekki þess umkomnir að lána, eins og þeir þyrftu að lána. En með því að taka 25% af ráðstöfunarfé allra lífeyrissjóðanna er með nokkrum hætti verið að hjálpa þeim, sem ekki geta fengið fulla fyrirgreiðslu úr þessum yngstu lífeyrissjóðum, sem stofnaðir hafa verið. Það er náttúrlega augljóst, að þeir lífeyrissjóðir, sem eru gamlir og sterkir, eiga meira fé til þess að lána sjóðfélögum sínum. En þeir, sem nýstofnaðir eru, eiga það ekki. En með því að taka í heild þessi 25% af ráðstöfunarfé, sem lífeyrissjóðirnir í heild hafa safnað sér, þá er verið að safna fé til þess að geta fjölgað almennum lánum hjá húsnæðismálastjórn og þar með hjálpað þeim, sem eru meðlimir í verkalýðsfélögunum og í verkalýðsfélagalífeyrissjóðunum og geta ekki fengið þar þá fyrirgreiðslu, sem aðrir fá úr stærri lífeyrissjóðunum. Ég held þess vegna, að það sé ekki rétt að orða þetta svo, að það sé verið að seilast ofan í vasa lífeyrissjóða verkalýðsfélaganna með þessu frv., heldur sé þvert á móti verið að gera ráðstafanir til þess að gera mögulegt að auka almennu útlánin, sem þá náttúrlega þeir njóta, sem í lífeyrissjóðum verkalýðsfélaganna eru. Þetta held ég, að sé vert að taka með í reikninginn, þegar verið er að tala um lífeyrissjóði verkalýðsfélaganna.

Mér þótti ánægjulegt, að hv. þm. skyldi minnast á afskipti sín af skyldusparnaðarmálinu og þeim ráðstöfunum, sem hafa verið gerðar til þess að fá unga fólkið til þess að leggja í það að geyma nokkurn hluta af öflunarfé sínu og safna þannig til þess tíma, þegar að því kæmi, að það þyrfti m. a. að byggja. Hann sagði, að hann hefði verið með í því að stofna til 6% skyldusparnaðar unga fólksins til þess að leggja í húsnæðismálastjórnarpúlíuna. Nú eru þessi 6%, sem hann byrjaði með, orðin að 15%, og það er að vísu nokkru þyngra fyrir unga fólkið að leggja til hliðar 15% en 6% áður, en „prinsipið“ er þó hið sama. Og ég tel, að það hafi verið vel ráðið á sínum tíma, hvort sem það var fyrir for-

göngu hans eða annarra, að til þessa skyldusparnaðar var stofnað, það sé gott fyrir unga fólkið, að þetta hafi verið gert, og það hafi náðst árangur með því að gera þetta.

En skyldusparnaðurinn er að sumu leyti ekki óskyldur þeirri ráðstöfun, sem nú er verið að gera á lífeyrissjóðunum. Þar er verið að flytja fé í bili til húsnæðismálastjórnarinnar frá unga fólkinu, sem hefur aflað þessara tekna, til þess að leggja í sjóðinn. Það er líka verið á sama hátt að taka nokkuð af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna til þess að leggja húsnæðismálastjórninni til í viðleitni sinni til þess að halda uppi sterkari lánastarfsemi. Þetta er rétt og þetta er hvort tveggja að mínu viti sjálfsagðir hlutir.

Það var sagt hér áðan, að þessar ráðstafanir á lífeyrissjóðunum væru eignaupptaka. Þetta er fjarri lagi. Það er engin eignaupptaka, sem gerð er í þessu frv. Það er fé fengið að láni, það er ekki tekið, eins og annars er gert, þegar um eignaupptöku er að ræða. Það er ekki skertur sjóðurinn. Han.. er fenginn að láni til annarra hluta, en um eignaupptöku er þar alls ekki að ræða.

Hv. síðasti ræðumaður, hv. 9. þm. Reykv., minntist líka á vextina af skyldusparnaðarfénu, sem hann taldi vera of lága, þó að þeir væru 4% plús vísitölutrygging, en ég ætla, að í flestum tilfellum sé þessi vaxtafótur, 4% plús vísitölutryggingin, hærri en er hjá bönkunum með almennum vaxtafæti. Ég hygg það, þó að það hafi verið dregið í efa hér. Vísitöluhækkunin er mjög veruleg á þessu tímabili. (Gripið fram í.) Já, rýrnunin verður sú sama, hvort sem féð er lagt í banka eða það er lagt í þetta. Þegar vísitöluuppbæturnar koma frá húsnæðismálakerfinu, þá bætir það upp verðrýrnun að verulegu leyti og leggst við vaxtafótinn, þannig að heildarútkoman úr því ætti að vera ekki lakari en ef féð væri lagt í banka og fengnir af því almennir vextir.

Það hefur líka verið minnzt á í sambandi við verkamannabústaðina, að það væri ekki nægilega mikil trygging fyrir því, að þeir gætu fengið aðstoð hjá sveitarfélögunum, og þau mundu jafnvel koma í veg fyrir, að þessi samtök, eða hvað maður á að kalla það, yrðu stofnuð. Ég þori náttúrlega ekki að fullyrða neitt um þetta, en ég tel ákaflega ólíklegt, þegar sveitarfélag verður þess vart, að það getur fengið úr ríkissjóði jafnmikið framlag til bygginga á staðnum og sveitarfélagið leggur fram sjálft, að þá muni verða mörg sveitarfélög, sem komi í veg fyrir þetta framlag úr ríkissjóði til bygginga verkamannabústaðanna á þeim stað. Það mætti vera undarlega innrætt sveitarstjórn, sem gerði það, að mínu viti.

Nú vil ég geta þess í sambandi við verkamannabústaðina og þá breytingu, sem verður á kerfinu með þessu frv., að það er gert ráð fyrir, að byggingarfélögum verkamanna, sem hafa haft með höndum byggingar á umliðnum árum og ekki hafa lokið þessum byggingum sínum, verði veitt viðbótarfé, 200 þús. kr. á hverja einustu íbúð. Hv. alþm., sem hafa minnzt á verkamannabústaðakerfið, hafa ekki minnzt á þetta. En þetta er vissulega hjálp, því að það er svo á þó nokkrum stöðum, sem ég veit um, og má þó vera, að sé á fleiri stöðum einnig, að ekki hefur verið hægt að ljúka verkamannabústaðabyggingunum eftir gamla kerfinu, vegna þess að þeir, sem þar koma til greina að eignast íbúð, hafa alls ekki haft efni á því að leggja fram þá miklu upphæð, sem þurfti til þess að hægt væri að ljúka byggingunum, sem stofnað var til. Það var komið svo, að framlag til þessara verkamannabústaða þurfti að vera, frá eigendum sjálfum, byggjendunum, 40–50% af heildarkostnaði íbúðanna. Og það var náttúrlega greinilegt, að það er ekki hægt að gera með þeim tekjum, sem verkamenn nú hafa.

Þá er tekjumarkið, sem var minnzt á að væri of lágt. Það hefur nú verið hækkað úr 140 þús. upp í 200 þús., þannig að nú getur hver maður, sem hefur 200 þús. kr. á ári, fengið að komast að í þessi verkamannabústaðakerfi. Og þó er þessi upphæð sjálfsagt í flestum tilfellum hærri, því að í frv. segir líka, að það skuli vera 200 þús. kr. mark plús 20 þús. kr. fyrir hvert barn innan 16 ára, sem viðkomandi maður á. Og ef maður gerir ráð fyrir, að hann hafi tvö börn á sínu framfæri, 16 ára og yngri, þá verður þetta a. m. k. 240 þús. kr. og ýmsir eru það, sem eiga fleiri börn, og þeir náttúrlega hafa meiri þörf fyrir þessi verkamannabústaðakerfislán en þeir, sem eiga færri eða engin börn. Ég held, að með þessum 240 þús. kr. lánum sem viðmiðun, sé gengið mjög á móti þeim, sem þurfa á þessum verkamannabústaðalánum að halda. Það hefur verið sagt hér og meira að segja vitnað í Hagstofuna, – hv. 2. þm. Reykn. var með það í ræðu sinni hér í upphafi í kvöld, – að tekjur verkamanna væru miklu hærri en þetta. En ég vil nú segja, að það kemur mér á óvart, ef svo er. Þá eru tekjur verkamanna hærri en ég hafði haldið, ef meðaltalið hjá þeim er yfir 240 þús., ef ég reikna með tveimur börnum, sem er ekki óeðlilegt að gera. Og þeir, sem hafa minni tekjur en það eða allt upp í 240 þús. kr., hafa möguleika til þess að komast inn í verkamannabústaðakerfið, í staðinn fyrir að grunntalan í gamla kerfinu var 140 þús. kr., þannig að ég sé ekki betur en þarna sé um verulega bót að ræða frá því, sem var.

Þá var minnzt á Breiðholtskerfið svokallaða úti um landsbyggðina og talið hæpið, svo að ekki sé fastar að orði kveðið, að halda því ekki áfram úti á landsbyggðinni. Ég sagði í frumræðu minni hér í dag, að ég teldi, að kerfi eins og Breiðholtskerfið kæmi fyrst til að njóta sín verulega, ef þetta væri byggt í mjög stórum stíl og miklu stærri stíl en víðast er mögulegt úti á landsbyggðinni. Það er ekki hægt að gera ráð fyrir því, þó að það séu byggðar milli 10 og 20 íbúðir á hverjum stað þar, að þá verði að því mikill hagnaður að byggja þennan íbúðafjölda í einu lagi. Hagnaðurinn á fyrst að koma til greina, þegar byggðar eru nokkur hundruð íbúðir, eins og var ráðgert að gera hér í Reykjavík.

Ýmisleg önnur atriði hafa verið hér til umr. Hv. 5. þm. Norðurl. e. vildi halda því fram, fyrir utan þessi orð hans um eignaupptökuna, og fannst mér það merkilegast í hans máli, að hann gerði ráð fyrir og næstum því að segja fullyrti, að þetta frv. mundi ekki ná fram að ganga. Ég veit nú ekki, hvaðan honum kemur sú vizka. Ég fyrir mitt leyti er mjög vongóður um, að frv. nái fram að ganga, og vona, að það geri það, af því að ég tel, að í frv. felist ýmislegt til verulegra bóta.

Ég skal taka það fram sérstaklega út af því, sem hv. síðasti ræðumaður, hv. 9. þm. Reykv., minntist á í lok ræðu sinnar, þ. e. a. s. að það hafi verið afnumin 75 þús. kr. lánaviðbótin til meðlima verkalýðsfélaganna, að

hugsunin við það að fella þetta í burt var sú, að þeir, verkalýðsfélagsmenn, sem kæmu til greina við úthlutun þessara íbúða, fengju aðild að verkamannabústaðabyggingum og gætu þar fengið miklu betri kjör en almenna lánið plús 75 þús. kr., því að það er óumdeilanlegt, að í verkamannabústaðakerfinu kemur ríkissjóður eða Alþ. til með að sjá um það, að lánin í því nema um 80% af kostnaðarverði og sennilega þá í kringum 960 þús. kr.

Ég bið afsökunar á því, ef ég hef farið skakkt með í frumræðu minni. Það var ekki lánsupphæðin, eins og ég sagði, sem var 1200 þús. kr., heldur var það áætlað kostnaðarverð íbúðanna. Það er alveg rétt.

En eigi að síður, þó að lánin verði ekki nema 960 þús. kr., þá er mikill munur á þeirri upphæð og venjulegu íbúðalánunum upp á 600 þús. kr. plús 75 þús. kr. til meðlima verkalýðsfélaganna. Með þessari 75 þús. kr. viðbót í almenna kerfinu fá þeir 675 þús., en ekki 960 þús., eins og þeir geta fengið í verkamannabústaðakerfinu. Og þetta hélt ég að gæti dugað til þess að vega á móti afnámi þessa 75 þús. kr. viðbótarláns. Hins vegar skal ég ganga inn á það fúslega, að ef talið verður, að þetta sé einhver brigð við verkalýðsfélögin, þá skal ég verða fyrstur manna til þess að fallast á að taka þetta upp aftur, ef það er talið nauðsynlegt. En ég taldi ekki, þegar var verið að breyta láni úr 675 þús. og upp í 960 þús., þá væri þar um neina brigð að ræða, heldur þvert á móti. Það hefur verið vitnað í þetta af öðrum eins og hv. 3. þm. Norðurl. e., sem taldi, að þarna væri um raunverulega lækkun að ræða, þar sem þessi 75 þús. væru tekin burt, sem áður voru veitt. En ég skil þetta þannig, að það sé ekki um lækkun að ræða, heldur þvert á móti sé hér um hækkun að ræða upp á nærri 300 þús. kr. á láni, af því að þeir munu komast flestir undir verkamannabústaðahámarkið, sem gert er ráð fyrir að sé 240 þús. með tveimur börnum, árstekjumarkið.

Þá voru ýmsir, sem hafa fett fingur út í 3. gr. frv., þ. e. a. s. þeir telja, að hún hafi verið skert með því að stytta hana, eins og gert hefur verið, og það séu ekki eins full ákvæði þar nú og í gömlu 3. gr. voru um starfsemi húsnæðismálastjórnar. Ég tel, að með þessari gr. sé ekki skert starfsemi húsnæðismálastjórnar, þar sem í núv. 3. gr. sé tekið upp allt það, sem máli skiptir. Það segir í henni, að Húsnæðismálastofnun ríkisins skuli vinna að umbótum í byggingarmálum, lækkun á byggingarkostnaði og almennri fræðslu um byggingarmálefni. Þó að um þetta sé fjallað með nokkru fleiri orðum í lögunum, sem nú eru í gildi, þá tel ég, að það sé ekki neitt aðalatriði. Aðalatriðið er, að þetta verði gert og fullnægt verði þeim ákvæðum, sem í gr. eru. Stofnunin getur starfrækt teiknistofu, eins og hún hefur gert áður, og hún getur fengið, sem er alveg nýtt í málinu, aðstoð lönaðarmálastofnunar ríkisins og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og annarra opinberra aðila, sem sérþekkingu hafa á málum þessum, til þess að gegna hliðstæðum hlutverkum hver á sínu sviði.

Meginatriðið og það, sem mest hefur verið rætt um, og það, sem að eðlilegum hætti mest veltur á, er um fjáröflun til kerfisins, bæði til almenna kerfisins og til verkamannabústaðakerfisins. Það hefur verið vefengt, að það væri nokkurt viðbótarfé fengið með þessari tilfærslu, eins og það hefur verið orðað, á fjármagni lífeyrissjóðanna, heldur væri það bara flutt frá einum lánveitandanum til annars, en viðbót kæmi þar engin. Ég vil í því sambandi endurtaka það, sem ég sagði í upphafi, að það er gengið út frá því, að þessi ákvæði til fjáröflunar verði ekki öll komin til framkvæmda á þessu ári, 1970, en ég sagði líka, að ég hefði loforð fyrir því frá bankakerfinu og Seðlabankanum, að það væri lánað úr þessum stofnunum til þess að brúa bilið, a. m. k. nokkuð á annað hundrað millj. til þess að setja inn í kerfið. Þetta er loforð, sem liggur fyrir, og þetta sýnir, hvers virði þetta kerfi er metið. Það eru 127 millj., held ég að ég megi segja, sem er gert ráð fyrir að bankakerfið láni á þessu ári, ef til kemur, að tekjustofnarnir komi ekki allir fram strax. Og þá þýðir það, að þetta fé a. m. k. kemur fram frá bankakerfinu og Seðlabankanum, á meðan hitt féð er ókomið, og þá þýðir það, að hitt féð muni verða af svipaðri stærð.

Það hefur líka verið talið, að það væri eiginlega ekki neitt og ósköp lítils virði, að viðbótarfjármagn ríkisins væri hækkað um 35 millj. eða úr 40 millj. og upp í 75. 35 millj. eru þó nokkurt fé, og ég vil segja, að þegar annað fé bætist við, sem ríkissjóður líka leggur fram til verkamannabústaðakerfisins, þá verður framlag ríkissjóðs miklu meira en þetta. Þegar fullt framlag ríkissjóðs er komið til verkamannabústaðanna, ef út í þá verður farið, og að byggðir verði 350, eins og hér er gert ráð fyrir í frv., sem ég efast um að vísu, að verði á fyrsta ári, þá er framlag ríkissjóðs og framlag sveitarfélaganna um 126 millj. Það þýðir, að ríkissjóður þyrfti að leggja fram helminginn af þeirri upphæð, eða 63 millj. þannig að þegar þetta er komið til framkvæmda, þá er heildarframlag ríkissjóðs til byggingarkerfanna beggja orðið yfir 100 millj., sem hv. 4. þm. Austf. taldi, að væri nákvæmlega sú upphæð, sem ríkissjóður þyrfti að leggja fram nú. Hann leggur þetta fram í þessa báða sjóði til samans. Þegar byggingaframkvæmdir verkamannabústaðakerfisins eru komnar til framkvæmda upp í þetta, sem í grg. segir, þá verður framlagið 35 millj. plús 63 millj. eða 98 millj. kr. (Gripið fram í.) Hann hefur lagt áður fram bara brot af þessari upphæð. Hann hefur lagt fram venjulegast kringum 60 kr. á mann í sveitarfélaginu, en það hækkar nú upp í 200–400 kr. á mann, svo að það er greinilegt, að þetta fé margfaldast með þessu nýja fyrirkomulagi.

Á yfirstandandi ári, taldi hv. 4. þm. Austf., að ekki væru teljandi viðbótargreiðslur, sem kæmu, og það er að vísu rétt. Það eru ekki teljandi viðbótargreiðslur frá ríkissjóði. En greiðslurnar koma þó frá lífeyrissjóðunum, eftirlaunasjóðunum, þannig að mat manna á því, hvað okkur hafi vantað til að fá þessar tekjur allar á árinu, nemur, eins og ég sagði áðan, um 127 millj. kr. Þá sagði hv. þm. í sambandi við þetta, og það hafa raunar fleiri sagt, að það væri röng aðferð að taka þetta fé af lífeyrissjóðunum og eftirlaunasjóðunum. Ég tel, að þetta sé ekkert ranglátara en skyldusparnaðurinn t. d. Það er engin eignaupptaka, síður en svo. Það er lán, sem er fengið hjá þessum sjóðum, og alveg eins og hefur verið gert ráð fyrir hjá skyldusparnaðarkerfinu.

En mér er nú spurn: Ef það er rangt að leita til lífeyrissjóðanna og eftirlaunasjóðanna með fjárframlag í þessu skyni, hver á þá að borga og hvar á að afla teknanna? Ríkissjóður, sagði hv. 4. þm. Austf., en ég er

þá anzi hræddur um, að ríkissjóður teldi sig ekki geta gert þetta, nema hann teldi sig geta fengið einhvern tekjustofn á móti, og þá er maður kominn út í það að skattleggja almenning í landinu til þess að standa undir þeirri fjáröflun.

Þá er annað atriði, sem minnzt hefur verið á og ég að nokkru leyti get fallizt á, og það er, að það hefur verið talið ranglátt að hafa vísitölubindingu á þessum lánum. Þegar vísitölubindingin var fyrst lögð á, þá var gengið út frá því, að vísitölubinding yrði sett á öll eða flest lán til lengri tíma. Úr þessu hefur ekkert orðið, og ég get vel hugsað mér, að þetta verði tekið til endurskoðunar, og skal sannarlega ekki hafa á móti því, að það verði tekið til endurskoðunar, hvort ekki verði unnt að losna við vísitölubindinguna vegna þess, mundi ég segja, að hliðstæð ákvæði hafa ekki verið sett á önnur langtímalán, sem veitt hafa verið á þessu tímabili. Ég vildi gjarnan, að sú n., sem fær málið til athugunar, athugaði þetta, því að ég tel þetta hreint ekki fráleitt, heldur þvert á móti að með því mæli nokkur sanngirni.

Þetta eru, held ég, aðalatriðin í því, sem ég hef a. m. k. skrifað hjá mér. Það getur vel verið, að eitthvað hafi farið fram hjá mér, ég skal ekki mæla á móti því. En ég vil vona, að hugmyndir um það, að málið nái ekki fram að ganga, eins og kom fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. e., reynist ekki réttar, og vildi þess vegna leyfa mér að vonast eftir því, að hv. n., heilbr.- og félmn. þessarar d., taki málið til mjög gaumgæfilegrar skoðunar og kveði upp um það sinn dóm, svo að ekki verði um það villzt, hvort hér er um nokkra framför að ræða frá því, sem er, eða ekki. Hinu skal ég ekki halda fram og hef aldrei haldið fram, að þetta leysti allan vanda, heldur væri þetta spor í þá átt og gæti talizt til bóta.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að lengja þessar umr., en þar sem hæstv. félmrh. hneykslaðist mjög á þeim ummælum mínum áðan, að ég væri að tala um eignaupptöku á þessu fjármagni, þá vildi ég athuga það svolítið nánar. Ef maður fer að athuga um það, hvernig þessi mál hafa þróazt á þessu tímabili, sem hæstv. ríkisstj. hefur setið að völdum, þá var byggingarvísitalan 1959 132 stig. Eftir því, sem mér hefur verið upp gefið, var meðalstærð á íbúðum, sem byggðar voru t. d. 1968, – og ég legg þá stærð til grundvallar í báðum þeim dæmum, sem ég ætla að koma með, – 438 rúmmetrar. Miðað við byggingarvísitölu 1959 hefði slík íbúð átt að kosta 537 þús. kr., en sams konar íbúð í dag ætti að kosta 1787 þús. kr. Við skulum athuga það, að ef þróunin verður á næsta áratug eins og þessum og það er tekið þarna fé, sem ég eða aðrir, sem væru í lífeyrissjóði, gætu annars fest í fasteign, og ég hefði fengið aðgang að meira láni, þá mundi sú eign haldast óbreytt miðað við það ástand, sem verið hefur. En ef þessu er skilað aftur eftir 10 ár, þá er hver króna ekki orðin nema 30 aurar miðað við þessa reynslu. Mér sýnist þetta hálfgerð eignaupptaka. Ég get ekki kallað þetta annað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 94. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 486, n. 795, 798, 815, 816, 817, 819).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. – Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þessu frv. um Húsnæðismálastofnun ríkisins var vísað til heilbr.- og félmn. 9. apríl. Við 1. umr. málsins hér í hv. þd. kom fram allmikil gagnrýni á þetta frv., og sömuleiðis eftir að það kom til fundar í n., þá kom þar bæði hjá nm. mikil gagnrýni á frv. og sömuleiðis komu margar umsagnir og áskoranir frá ýmsum félagasamtökum, þó alveg sérstaklega í sambandi við tölul. 3 í 6. gr. frv. um, að lífeyrissjóðir og eftirlaunasjóðir skyldu leggja fram sem svarar ¼ af árlegu ráðstöfunarfé sínu, en með ráðstöfunarfé samkv. þessum tölul. er átt við tekjur af iðgjöldum, framlögum og vöxtum, afborganir af lánum að frádregnum bótagreiðslum og rekstrarkostnaði. Þessi félagasamtök mótmæltu því að skylda lífeyrissjóðina til þess að láta ¼ af sínu ráðstöfunarfé í húsnæðismálakerfið, og fulltrúar lífeyrissjóða áttu viðræður við heilbr.- og félmn. Enn fremur ræddi n. ítarlega við þá, sem sömdu þetta frv., og spurði þá um fjölmörg atriði í sambandi við frv. og fékk hjá þeim ýmsar upplýsingar.

Þegar svo var komið, að almenn mótmæli höfðu komið fram, einkum gegn 3. tölul. 6. gr., þá sá n. ekki ástæðu til að halda áfram vinnu sinni við að afgreiða frv., nema þess væri freistað að ná samkomulagi um afgreiðslu þessa máls. Ríkisstj. tók málið til athugunar, og það hefur samizt um það nú fyrir nokkrum dögum á milli lífeyrissjóðanna og ríkisstj., eða réttara sagt hæstv. fjmrh. fyrir hönd ríkisstj., að lífeyrissjóðirnir legðu húsnæðismálakerfinu til á þessu ári 90 millj. kr., en jafnframt verði felldur niður 3. tölul. 6. gr. og auk þess ákvæði til bráðabirgða í frv., sem leiðir af því, að þessi tölul. er felldur niður.

Eftir að þetta var ákveðið, má segja, að ágreiningur um frv. hafi mjög minnkað. Hins vegar hefur n. farið ítarlega yfir frv. og gert á því allverulegar breyt., eins og sést á þskj. 798. N. í heild stendur að þessum brtt., en eins og fram kemur í nál., tekur Jón Kjartansson fram, að hann sé efnislega samþykkur öllum brtt., sem n. flytur, að undanskildum 3. og 4. lið í ákvæðum til bráðabirgða, en áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. við frv. Hannibal Valdimarsson áskilur sér rétt til að flytja og fylgja brtt., er fram kunna að verða bornar, og Jónas Árnason áskilur sér sömuleiðis rétt til þess að fylgja og flytja brtt. við frv.

Vegna þess að tími er mjög takmarkaður og það er hugur í þm. að ljúka störfum þessarar hv. d. nú í dag, ætla ég að reyna að stytta mál mitt eins og frekast er kostur, en annars hefði ég farið nánar efnislega út í frv. í heild. Ég ætla að leitast við að skýra þær brtt., sem fram eru bornar á þskj. 798.

1. brtt. er við 1. gr. um stjórn Húsnæðismálastofnunarinnar. Breytingin er fólgin í því, að í staðinn fyrir 6 menn í stjórn samkv. frv. leggur n. til, að þar eigi sæti 8 menn, þar af 7 kosnir hlutbundinni kosningu af Sþ. og einn skipaður af félmrh. samkv. tilnefningu Lands-

banka Íslands eða réttara sagt veðdeildar Landsbanka Íslands. Skýringin á því, að fjölgað er í stjórninni, er sú, að við teljum eðlilegt, til þess að hlutfall flokka njóti sín betur, að fjölga í stjórninni, og það má segja, að það sé í framhaldi af því, sem gert var hér á hv. Alþ., þegar fjölgað var í n. þingsins úr 5 mönnum í 7. Þá teljum við einnig rétt að bæta við í 1. gr., að félmrh. skipi Húsnæðismálastofnuninni framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra að fengnum till. húsnæðismálastjórnar.

Það kom fljótt fram í umr. í heilbr.- og félmn. mikil óánægja með 3. gr. frv., og töldu menn almennt í n., að það ætti ekki að falla frá því, sem nú er í 3. gr. gildandi laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins, og má segja, að 2. brtt. við 3. gr. frv. sé að verulegu leyti eins og hún er nú í gildandi lögum. Þó skal það tekið fram, að nokkur atriði eru gerð fyllri og þeim breytt vegna aðgerða, sem síðar hafa verið gerðar, og tvö atriði eru felld niður, sem við töldum ekki ástæðu til að setja inn í 3. gr. Sömuleiðis er felld niður heimild húsnæðismálastjórnar að láta undirbúa byggingu íbúðarhúsahverfa í kaupstöðum með því að láta gera skipulagsuppdrætti af þeim í samráði við Skipulagsnefnd ríkisins. Það má segja, að síðan þessi ákvæði voru sett í lög 1965, eru komin ný skipulagslög, og þess vegna teljum við ekki ástæðu til að halda þessum hluta 3. gr. í frv. Eins og fram kemur í brtt., er hér mjög ítarleg framsetning á því, hverju Húsnæðismálastofnunin á að vinna að í umbótum í byggingarmálum og lækkun á byggingarkostnaði, og ætla ég ekki að fara frekar út í þessa liði, nema tilefni gefist frekar til, til þess að spara hér frekar tíma, því að ég hygg, að þdm. muni ekki þurfa frekari skýringar á þessari gr., því að hún skýrir sig sjálf.

Á 4. gr. gerum við nokkra breyt., að vísu ekki efnislega breyt., heldur þá, að hlutverk Byggingarsjóðs ríkisins skuli vera að annast lánveitingar til íbúðabygginga annarra en þeirra, sem Stofnlánadeild landbúnaðarins lánar fé til, svo og að standa straum af framkvæmdum, sem húsnæðismálastjórn kann að ráðast í til lausnar á húsnæðisvandamálum almennings. Sömuleiðis hefði ég talið ástæðu til að gera d-lið þessarar gr. fyllri eða hafa á honum skýrara orðalag en er í frv., en efnislega er ekki um neina breyt. að ræða, og við leggjum til, að hann orðist þannig: „Afborganir og vextir lána, sem veitt hafa verið af eigin fé, eða veitt verða af framlögum ríkisins til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis."

Þá gerum við till. við a-lið 6. gr., að orða upphaf 6. gr. nokkru mildar en gert er í frv., þannig að eftirtaldir aðilar kaupi skuldabréf (bankavaxtabréf) samkv. 5. gr. o. s. frv. í staðinn fyrir „skylt er", og svo að 3. tölul. þessarar gr. falli niður, sem ég gat um í upphafi máls míns.

Þá flytjum við brtt. við D-lið 7. gr., en þar segir: „Erlend lán, sem Byggingarsjóður ríkisins eða veðdeild Landsbanka Íslands kunna að taka til íbúðabygginga." Við leggjum til, að niður falli orðið „Erlend", og það komi: „Lán, sem Byggingarsjóður ríkisins", o. s. frv. Við teljum ekki ástæðu til að miða þetta við erlend lán.

Við 8. gr. leggjum við til, að allmikil breyting verði gerð frá frv. og það er þá sérstaklega í sambandi við a-lið þessarar gr., en þar leggjum við til, að niður falli frá því, sem er í frv.: „Lán skal þó að jafnaði því aðeins veita, að loforð um lánveitingu hafi verið gefið áður en hlutaðeigandi byggingarframkvæmd hófst eða kaup á nýjum íbúðum eru gerð." Við teljum enga ástæðu til þess að hafa þessi ákvæði í lögum, þó að það sé sagt „að jafnaði", því við teljum enga ástæðu til þess, að mönnum sé refsað fyrir það, ef þeir hefja húsbyggingu, eftir að umsóknarfrestur um lán húsnæðismálastjórnar er úti, – að þeir, sem hefja húsbyggingu án þess að hafa sótt um til húsnæðismálastjórnar, e. t. v. vegna þess að þeir hafi ekki verið ákveðnir í að byggja fyrr en það, þurfi að sækja undir högg hjá stórri n., hvort þeir fái síðar lán til byggingar, vegna þess að þeir sýna framtakssemi að byrja byggingu, en bíða ekki næsta árs, eftir að slíkt opinbert leyfi er fengið.

Sömuleiðis finnst okkur í heilbr.- og félmn. það heldur ströng ákvæði að verða að hafa fengið áður loforð um lánveitingu, vegna kaupa á nýjum íbúðum. Ég hygg, að ef menn ætluðu að kaupa nýjar íbúðir í trausti þess að fá lán frá Húsnæðismálastofnuninni, mundu þeir missa af kaupunum, sem ættu að bíða eftir svari frá opinberri stofnun, og þeir mundu þá frekar geta keypt húsin, sem þyrftu ekki á láni að halda. Þess vegna teljum við, að þetta eigi tvímælalaust að falla niður úr 8. gr., eins og við gerum með okkar brtt.

Ég vil biðja hv. þdm. afsökunar á því, að það hefur fallið niður við þennan a-lið 8. gr. eitt orð í vélritun, sem ég vil leiðrétta hér. Það er í 2. málsgr. hér: „Húsnæðismálastjórn er heimilt, meðan á byggingartíma stendur, að veita lán", – það á að vera:

„að veita framkvæmdalán til byggingarsamvinnufélaga, byggingameistara, byggingafyrirtækja, sveitarfélaga og annarra byggingaraðila, sem byggja íbúðir, er seldar verði fullgerðar til einstaklinga, sem fullnægja lánareglum húsnæðismálastjórnar."

Frá frv. höfum við bætt hérna inn í „og annarra byggingaraðila". Það er gert vegna þess, að athugasemd kom fram, m. a. frá Öryrkjabandalagi Íslands, að með þessu ákvæði, eins og það væri í frv., mundu þeir ekki njóta þessara framkvæmdalána, og sömuleiðis gæti verið um að ræða fleiri aðila, góðgerðafélög og ýmis félög, sem auðvitað ættu ekkert síður en byggingameistarar og byggingarsamvinnufélög að njóta þessara framkvæmdalána. Við teljum, að með þessu orðalagi nái þetta ákvæði til allra, eins og til er ætlazt.

Þá höfum við sett inn í þessa gr., að ráðh. setji nánari ákvæði í reglugerð að fengnum till. húsnæðismálastjórnar. Við teljum eðlilegt, að húsnæðismálastjórn geri till. um reglugerðir, sem ráðh. staðfesti, en ráðh. láti ekki einn semja reglugerðir, án þess að hafa um það samráð við húsnæðismálastjórn.

Í frv. er nýmæli, að húsnæðismálastjórn er heimilt að verja allt að 25 millj. kr. árlega til lánveitinga til kaupenda eldri íbúðarhúsa. Við leggjum til, að þetta ákvæði verði óbreytt að öðru leyti en því að hækka þessa upphæð úr 25 millj. kr. í 50 millj. Persónulega er ég þeirrar skoðunar, að þetta ákvæði hefði átt að vera í byrjun. Það hefði kannske orðið frekar til þess, að margir þeir, sem efnalitlir eru, hefðu ekki farið út í of stórar framkvæmdir og of dýrar, heldur haldið betur við gömlum húsum, og sérstaklega er það mikilvægt atriði fyrir ungt fólk, sem er að stofna til heimilis og á lítið til, að fá á þennan hátt stuðning hins opinbera að kaupa á þennan hátt ódýrari eignir, sem koma því þó að sömu notum,

en að ráðast í dýrar byggingaframkvæmdir, sem það ef til vill hefur ekkert ráð á að ráðast í.

Við höfum talið rétt líka að setja hér inn í, að ráðh. setji með reglugerð ákvæði um úthlutun, lánstíma og tryggingar slíkra lána að fengnum till. húsnæðismálastjórnar. Við teljum auðvitað, að lánstími til kaupa á eldri húsum geti ekki verið jafnlangur og lánstími út á ný hús, og sömuleiðis verður það að ráðast, á hvern hátt á að vera um tryggingar fyrir þessum lánum. Öll lán húsnæðismálastjórnar út á ný hús eiga að vera tryggð með 1. veðrétti í viðkomandi fasteign, en við kaup á eldri húsum er rétt að hafa það í huga, að veðdeild Landsbanka Íslands hefur hafið lán vegna endurbóta á gömlum húsum, að vísu ekki há lán, 150 þús. kr., og til tiltölulega skamms tíma, og ég hygg, að það sé rétt munað hjá mér, að lögum samkv. má veðdeildin ekki lána nema út á 1. veðrétt í þessum húsum. Þess vegna tel ég, að það sé hægt með þessu ákvæði að setja í reglugerð, að fólk geti fengið þessi lán samhliða láni, sem hvílir á viðkomandi eign hjá veðdeild Landsbanka Íslands, en auðvitað sjálfsagt að setja í reglugerð, hve hátt þetta lán á að vera, og þá eðlilegt að miða við t. d. brunabótaverð viðkomandi fasteignar.

B-liður brtt. við 8. gr. er aðeins leiðrétting á málfari í frv., ekki annað.

Við 10. gr. leggjum við til í sambandi við kaflann um sparnað til íbúðabygginga, að „nemi hin innlagða upphæð minnst 20 þús. á ári, er skylt að láta þá, er taka þátt í innlögum þessum, sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá húsnæðismálastjórn, að öðru jöfnu, og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist." Við teljum ekki ástæðu til að hafa þetta „að öðru jöfnu", heldur skilyrðislaust og leggjum því til, að þau orð falli niður.

Við 11. gr. leggjum við til, að komi til viðbótar: „kaupir eða byggir íbúðir til eigin þarfa". Það er til þess að átta sig á því, að þegar sá, sem sparað hefur fé og lagt í sjóð samkv. 1. málsgr. 11. gr., hefur náð 26 ára aldri eða stofnað til hjúskapar, verði það fyrr, að það komi til viðbótar: „kaupir eða byggir íbúðir til eigin þarfa". Og svo neðst í þessari sömu gr., að í staðinn fyrir 100 þús. komi 150 þús., en þessi forgangsréttur til þess að fá þessi 25% hærri lán er bundinn því skilyrði, að sparifjársöfnun þeirra, sem að byggingu hlutaðeigandi íbúðar standa, nemi samanlagt 100 þús. kr. í frv. og eldri lögum. Við hækkum þá upphæð um 50%.

Í sambandi við 12. gr., d-lið, þá hefur ekki verið breytt upphæðinni, að þeir, sem hafa börn eða aðra skylduómaga á framfæri sínu, þó ekki þeir, sem hafa yfir 30 þús. kr. skattskyldar tekjur, eru undanþegnir sparnaðarskyldu. Við förum með þetta upp í 75 þús. kr., sem er auðvitað eðlileg breyting, eins og orðið hefur á verðgildi peninga, því þessi upphæð er búin að vera lengur í lögum en frá 1965.

Þá leggjum við til, að í e-lið 12. gr. falli niður orðið „nýjar", en í sambandi við undanþágu sparnaðarskyldu hefðu verið samkv. frv. undanþegnir þeir, sem kaupa eða byggja nýjar íbúðir til eigin þarfa, en við teljum auðvitað enga ástæðu til þess að undanþiggja ekki þann, sem kaupir, þótt íbúðin sé eitthvað notuð, og leggjum því til, að þetta orð falli niður.

Í upphafi 16. gr. segir:

„Stjórn verkamannabústaða skal, þegar eftir að hún hefur verið skipuð, rannsaka þörfina fyrir byggingu verkamannabústaða í sveitarfélaginu. Í því skyni getur hún auglýst eftir væntanlegum umsækjendum" o. s. frv.

Við breytum því. Í stað „í því skyni getur hún" komi: í því skyni skal hún auglýsa eftir væntanlegum umsækjendum.

Við 22. gr. frv. segir, að þegar sveitarfélag hefur byggingarframkvæmdir samkvæmt 15.–21. gr., þá skal fjár aflað til þeirra, eins og þar segir og a-liður er svo: „Væntanlegur íbúðareigandi skal leggja fram 20% byggingarkostnaðar án opinberrar aðstoðar." Við teljum ekki ástæðu til að hafa í lögunum: „án opinberrar aðstoðar", og leggjum til, að það falli niður.

Við 23. gr. leggjum við til, að gerðar verði nokkrar breyt. frá frv., en þar segir, að íbúðir í verkamannabústöðum skuli vera 2–4 herbergja auk eldhúss og byggðar í fjölbýlishúsum, og síðar í þessari gr. segir, að íbúð í verkamannabústað megi eigi vera stærri en 100 fermetrar. Við teljum ekki ástæðu til að hafa herbergjafjölda þarna, fólk eigi frekar að fá að ráða sjálft eftir fjölskyldustærð, hvað bezt hentar í þeim efnum, og því leggjum við til, að þessi 3. málsgr. 23. gr. orðist svo:

„Íbúðir í verkamannabústöðum mega ekki vera stærri en 100 fermetrar og byggðar í fjölbýlishúsum. Heimilt er þó að byggja íbúðirnar í sambýlishúsum, raðhúsum eða einbýlishúsum, ef um litla byggingaráfanga er að ræða eða gildandi skipulag krefst slíkra frávika. Ráðh. getur með reglugerð sett nánari ákvæði um stærð íbúða miðað við fjölskyldustærð."

Þegar talað er um litla byggingaráfanga, þá er auðvitað fyrst og fremst átt við hina minni staði, þar sem ekki er þörf á að byggja nema fáar íbúðir.

Við 24. gr. leggjum við til, að í sambandi við rétt til þess að kaupa verkamannabústað, þá hafi hann þeir einir, sem fullnægi ákveðnum skilyrðum, eins og þar kemur fram. Í fyrsta lagi: „Eiga lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi og hafa átt það síðustu tvö árin fyrir úthlutun." Við leggjum til, að það falli niður og liðurinn orðist aðeins þannig: Eiga lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi. Til skýringar á þessari till. n. skal ég geta þess, að þá höfðum við í huga, að ef fjölskylda hefði flutt lögheimili sitt og býr þar við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu, en hefur ekki dvalizt í því lögsagnarumdæmi í full tvö ár, þá væri hún sett hjá við úthlutun íbúða í verkamannabústöðum. Það hygg ég, að flestir muni telja ranglátt, og því leggjum við til, að þessi breyting verði gerð. Þá leggjum við til, að í stað 200 þús. kr. árstekna miðað við meðaltal þriggja síðustu ára hækki í 220 þús. kr., en í núgildandi lögum er þessi upphæð 120 þús. að viðbættum 10 þús. kr. fyrir hvert barn innan 16 ára, en sú upphæð er samkv. þessu frv. hækkuð í 20 þús. kr.

Þá teljum við rétt, og það er samkv. ábendingu ráðuneytisstjóra félmrn. að breyta í 26. gr. tilvísuninni „samkv. 22. gr. C" í 2. og 4. málsl. 3. mgr., að það sé fyllra, að í stað þess komi: úr Byggingarsjóði verkamanna. Það er í rauninni engin efnisbreyting.

Þá höfum við lagt til, að nokkur breyt. verði gerð á ákvæðum til bráðabirgða, 1. lið, en 2., 3. og 4. liður haldast óbreyttir, en 5. og 6. liður í frv. eru samkv. okkar

till. felldir niður, sem er afleiðing af því að fella niður 3. tölul. 6. gr.

Þá höfum við bætt við 5. lið í ákvæði til bráðabirgða, að „húsnæðismálastjórn er heimilt til ársloka 1970 að veita viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga, allt að 75 þús. kr. á íbúð." Við teljum rétt, að þetta falli ekki niður við gildistöku laganna, heldur sé þetta látið gilda til ársloka, teljum það sanngjarnt og eðlilegt eftir atvikum.

Eins og ég sagði í upphafi var mikill ágreiningur um þetta frv., og þó auðvitað alveg sérstaklega í sambandi við lífeyrissjóðina. Það er búið að leysa það mál fyrir þetta ár, en fyrir næsta ár á eftir að leysa mikið og erfitt mál í sambandi við fjáröflun til húsnæðismála, því að þá hækka samkvæmt þessu frv., ef það verður að lögum, lánveitingar húsnæðismálastjórnar og fjármagnsþörfin heldur áfram að aukast.

Eitt af því, sem kom til umr. í n. og einn úr minni hl. n. kom nokkuð inn á, var vísitöluákvæði húsnæðislánanna. Á það getum við, fulltrúar stjórnarflokkanna, ekki fallizt að afnema vísitöluákvæðin, en ég vil í sambandi við það minna á, að það er rétt, að þau rök hafa komið fram, að vísitöluákvæði á útlánum eiga sér eiginlega ekki stað annars staðar en í sambandi við þessi mál. Þó eru til ákveðnar, smávægilegar undantekningar frá því, en þá verðum við að hafa í huga, að þegar vísitöluákvæðið var tekið upp, þá voru vextir af húsnæðismálalánum lækkaðir mjög verulega. Ég hygg, að það sé rétt munað hjá mér, að vísitöluákvæðið var tekið upp árið 1964, en þá voru vextir frá 7¼% upp í 9¼% af húsnæðismálalánum, og má segja, að vextir á þeim tíma hafi verið að meðaltali um 8¼%. Vextirnir lækkuðu við þessa breytingu niður í 4%, þannig að í raun og veru eru engir vextir lægri en vextir af húsnæðismálalánum. Það þyrfti því, ef á að fara inn á þær brautir að afnema vísitöluákvæði, auðvitað að hækka vexti verulega, því að hvort sem fénu er varið í þessu skyni eða öðru, á tímum útþenslu og á þeim tímum, þar sem peningar verða alltaf verðminni, – og það er ekki eingöngu í okkar þjóðfélagi, heldur í raun og veru öllum þjóðfélögum, sem við þekkjum til, – þá verða þessir peningar með tímanum að engu. En þessar eignir, sem lán eru tekin út á, hækka að sama skapi. Og ég verð nú að segja fyrir mitt leyti, að ég hef nú aldrei sjálfur tekið húsnæðismálalán, en ég keypti hús eða íbúð með húsnæðismálaláni, ég held, að það sé rétt munað, að það sé eitthvað um 190 þús. kr., og greiðslan á ári er milli 15 og 16 þús. kr., þar með talin afborgun, liðugar 5 þús. kr. Hitt eru vextir og vísitöluákvæði, og ég tel enga ástæðu til þess að vera að sleppa mönnum með góðar tekjur við þetta ákvæði. Það má segja, að til séu menn, sem mættu mjög gjarnan sleppa við þetta, en út frá þessu get ég ekki fallizt á þessa röksemd og gerði þetta hér að umræðuefni, vegna þess að þetta kom til tals við 1. umr. málsins hér í hv. þd.

Ég sé ekki á þessu stigi ástæðu til þess að fjölyrða frekar um efni frv. eða þessar brtt. Ég vona, að mér hafi tekizt að skýra þær fyrir hv. þdm., og eins og ég tók fram í upphafi, þá hefði ég e. t. v. kosið að ræða húsnæðismál almennt og miklu ítarlegar en ég hef gert, ef þingið hefði nógan tíma. En þar sem að því er stefnt að ljúka störfum þessarar hv. þd. nú í dag, þá ætla ég ekki að hafa þessi orð fleiri.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Það hefur jafnan verið keppikefli hvers Íslendings, sem kominn er til vits og ára, að eignast þak yfir höfuðið, eins og það er kallað, eignast samastað fyrir sig og fjölskyldu sína, sannkallað vígi til sóknar og varnar í lífsbaráttunni, og ég held, að þessi þáttur í fari Íslendingsins, viljinn og viðleitnin til að eignast sína eigin íbúð, sitt eigið hús, sé ríkari í fari okkar en margra annarra þjóða. Hvað því veldur er spurning, sem ekki verður svarað hér. En saga liðinna ára og áratuga sýnir þúsundir einstaklinga að verki við að byggja sér íbúðir í fjölbýlishúsum, raðhúsum eða einbýlishús eftir efnum og ástæðum, fólk á öllum aldri og úr öllum stéttum þjóðfélagsins, snautt og vel efnað og allt þar á milli, hefur unnið að því að byggja þak yfir höfuð sér. Sumir hafa lagt mikið á sig til að ná takmarkinu, aðrir minna. Allir hv. alþm. hafa á síðastliðnum áratugum átt þess kost að sjá fjölda fjölskyldna ganga inn í nýjar íbúðir og búa þar um sig til frambúðar. Það eru sannir sigurdagar, en oft hefur fyrirvinnan, húsbóndinn, og fleiri úr fjölskyldunni, verið aðframkomin vegna langvarandi þreytu og svefnleysis vegna erfiðis við bygginguna, þegar þessum áfanga var náð. Áhyggjur vegna skulda, afborgana og vaxta hafa sótt á þetta fólk mitt í gleðinni og verið í senn skuggi og farg. Þess ber þó að geta, að löggjöfin hefur á síðustu áratugum rétt fram hjálparhönd til þeirra, sem hafa ráðizt í byggingu einstakra íbúða og einbýlishúsa. Má þar til nefna lög um samvinnubyggingar, lög um verkamannabústaði, lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins og lögin um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Hinn 9. apríl s. l. eða fyrir 3 vikum mælti hæstv. félmrh. fyrir frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Aðalmálgagn ráðh., Alþýðublaðið, taldi, að frv. þetta væri að efni til um nýsköpun húsnæðismála, hvorki meira né minna. Í framsöguræðu sinni rakti hæstv. ráðh. efni frv. og fór ekki milli mála, að hann var mjög ánægður með frv. sem slíkt, sérstaklega þá nýju og miklu blóðgjöf, sem lánakerfið mundi fá með lögbindingu 6. gr. 3. tölul., en þar voru lífeyrissjóðir og eftirlaunasjóðir skyldaðir til að kaupa skuldabréf, sem svaraði ¼ af árlegu ráðstöfunarfé þeirra. Þessa fyrirhuguðu lögþvinguðu tilfærslu fjármagnsins úr lífeyrissjóðunum í Byggingarsjóð ríkisins kallaði hæstv. ráðh. í viðtali við Alþýðublaðið 7. apríl s. l. stærstu nýju tekjulind byggingarsjóðsins. Í ræðu ráðh. var og lögð áherzla á þá hæpnu fullyrðingu, að húsnæðislánin hækkuðu samkv. frv. verulega til þeirra, sem hæfu byggingar eftir 1. jan. 1971, eða upp í 600 þús. kr.

Þá vakti hæstv. ráðh. sérstaklega athygli á því nýmæli í frv., að heimilt yrði að veita lán úr byggingarsjóði til kaupa á eldri íbúðum fyrir allt að 25 millj. kr. á ári. Þetta voru nýmæli, sem horfðu til bóta og vöktu ánægju. Þessi þrjú atriði, sem ég hef nú minnzt á, voru að mati hæstv. ráðh. höfuðprýði frv.

Þegar við 1. umr. frv. tóku allmargir hv. alþm. til máls, og sáu þeir ekki frv. þetta í sama ljósi og hæstv. talsmaður þess, heldur þvert á móti. Lið fyrir lið var bent á í ræðum þessara þm. veilur, sem fælust í frv., og

það væri gallað og þyrfti lagfæringar við. Ég vil ekki tefja tímann á þessum ef til vill síðasta degi Alþ. að þessu sinni með því að vitna til einstakra fullyrðinga þeirra alþm. úr liði stjórnarandstæðinga, sem tóku til máls þennan dag, en margar þeirra hafa nú rætzt í sambandi við afgreiðslu máls þessa, þótt það þætti e. t. v. ólíklegt, þegar þær fullyrðingar voru fram settar.

Frv. það, sem hér um ræðir, er stjfrv. Með tilliti til þess svo og hins, að frv. var lagt fram aðeins 3 vikum fyrir þingslit, þá töldu bæði ég og aðrir þm. þessarar hv. d., að meðferð þess yrði með tiltölulega eðlilegum hætti, þ. e. a. s. að það færi fyrir heilbr.- og félmn. hið fyrsta, eins og það líka gerði, yrði síðan rætt þar næstu daga og færi síðan sína leið aftur til hv. d. með litlum eða engum breyt., þar sem stjórnarliðið stæði að baki frv.

Því var ekki trúað, að það mundi gerast tvisvar sinnum svona í þinglokin, að stjfrv. væru þannig úr garði gerð, að þau mundu annaðhvort stranda eða sökkva. En hvað skeði? Form. heilbr.- og félmn. boðaði strax til fundar, frv. var lesið og rætt var við höfunda þess. Síðan hefur það legið í salti þar til í gær eða tæpar 3 vikur. Á þeim nefndarfundum, sem frv. var fyrst lagt fram, kom það glöggt fram, að fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í n. voru andvígir ýmsum ákvæðum frv., svo sem ákvæðum 1. gr. um kosningu húsnæðismálastjórnar og ákvæðum 3. gr., sem takmörkuðu mjög verkefni stjórnarinnar borið saman við gildandi lög, ákvæðunum um framlag ríkissjóðs, sbr. 4. gr. d-liðar, og síðast en ekki sízt ákvæðum 6. gr. undir tölul. 3, þar sem löggjafinn ætlaði að handsama í einu vetfangi einn fjórða hluta af árlegu ráðstöfunarfé lífeyris- og eftirlaunasjóðanna. Það verður að segjast, að sýnilegt var á þessum fundi, eða réttara sagt auðheyrt, að fulltrúar Sjálfstfl. í n. voru ekki allt of hrifnir af þessu frv., þessari nýsköpun húsnæðismálanna á Íslandi. Ókyrrð tók að grípa um sig meðal félaga og einstaklinga. Í fyrsta lagi fóru forsvarsmenn lífeyrissjóðanna á stað. Landssamband þeirra boðaði til almenns fulltrúafundar hér í Reykjavík. Þeir sendu frá sér erindi til heilbr.- og félmn. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Hinn 6. apríl s. l. lagði ríkisstj. fyrir Alþ. frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Frv. gerir ráð fyrir mörgum verulegum efnisbreytingum miðað við gildandi lög. M. a. í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir, að lífeyrissjóðum og eftirlaunasjóðum verði skylt að kaupa skuldabréf skv. 5. gr. fyrir sem svarar fjórðungi árlegs ráðstöfunarfjár þeirra. Landssambandi lífeyrissjóða hefur ekki gefizt kostur á að kynna sér efni frv. og láta í ljós skoðanir sínar á þeim atriðum frv., sem varða lífeyrissjóðina. En tilgangur sambandsins er m. a. sá að gæta hagsmuna sjóðanna á sviði löggjafar og vinna að því, að ríkisvaldið taki réttmætt tillit til starfsemi og þarfa þeirra. Fyrrgreind ákvæði frv. marka nýja grundvallarstefnu í afskiptum hins opinbera af málefnum lífeyrissjóðanna, sem veldur mjög tilfinnanlegri skerðingu á ráðstöfunarrétti lífeyrissjóðanna á fjármagni þeirra. Landssambandið telur þá stefnu, sem hér hefur verið tekin, alranga og sér engin rök, er réttlæti svo víðtæka skerðingu á ráðstöfunarrétti sjóðanna á fé þeirra. Landssamband lífeyrissjóðanna skorar því á heilbr.- og félmn. Nd., að hún flytji brtt. við frv. þess efnis, að 3. tölul. 6. gr. falli niður. Landssambandið vill benda á eftirfarandi rök, sem mæla gegn því, að ráðstöfunarréttur lífeyrissjóðanna á fjármagni þeirra verði skertur:

1. Fé hvers lífeyrissjóðs er eign sjóðfélaga hans, og réttur þeirra til þess að ráðstafa því ætti að vera ótvíræður. Ef ráðstöfunarrétturinn er tekinn af sjóðunum að hluta, mun það þýða, að aðilar, sem standa utan lífeyrissjóða, munu fá aukna lánsmöguleika á kostnað sjóðfélaganna. Verðbólguþróun undanfarinna ára hefur mjög rýrt verðgildi lífeyrisréttinda sjóðfélaganna. Á móti þeirri rýrnun vegur nokkuð, að sjóðfélagar hafa átt þess kost að fjárfesta í húseignum. Verður að telja, að sjóðfélagar eigi að hafa forgangsrétt til þess hags, sem lántakendur njóta á verðbólgutímum.

2. Útlán lífeyrissjóða hafa að langmestu leyti verið notuð til að fjármagna íbúðabyggingar og íbúðakaup. Því er ljóst, að aukið fjármagn til húsnæðismála fæst ekki með því að skylda sjóðina til að láta af hendi við Húsnæðismálastofnun ríkisins ráðstöfunarrétt á hluta af eignum þeirra.

3. Þegar lífeyrissjóður bænda verður stofnaður, munu nær allir starfandi menn á landinu eiga kost aðildar að lífeyrissjóði, annaðhvort með skylduaðild eða með frjálsri aðild, og aðstaða manna til lántöku hjá lífeyrissjóði verður því svipuð eftir nokkurn tíma."

Og í niðurlagi þessa bréfs nr. 4 segja þeir:

„Lánasjónarmiðið er svo ríkt í huga margra sjóðfélaga, að þeir mundu telja ástæðuna til þátttöku í lífeyrissjóði brottfallna, ef lánveitingarnar til sjóðfélaga yrðu skertar. Slíkt gæti valdið sjóðum, sem myndaðir eru með frjálsri þátttöku að öllu eða verulegu leyti, talsverðum erfiðleikum og dregið úr áhuga þeirra, sem ekki eru í lífeyrissjóði."

Ég hef nú lesið þessar ábendingar lífeyrissjóðsmanna, og ég verð að segja, að þessar ábendingar og fullyrðingar stangast nokkuð á við staðhæfingar hæstv. félmrh. um stærstu nýju tekjulind byggingarsjóðsins.

Nokkru eftir komu frv. til heilbr.- og félmn. fór aðalmálgagn ríkisstj., Morgunblaðið, að rita um frv. Þar segir m. a. á þessa leið, með leyfi forseta:

„Stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna á fundi 9. apríl 1970 mótmælir eindregið því ákvæði í nýframkomnu frv. til l. um Húsnæðismálastofnun, að lífeyris- og eftirlaunasjóðum verði með valdboði gert að leggja fram 25% af ráðstöfunarfé sínu. Þetta jafngildir áformi um þjóðnýtingu lífeyrissjóðanna að vissu marki og er gagnstætt grundvallarstefnu Sjálfstfl. og hættulegt fordæmi, sem ungir sjálfstæðismenn geta með engu móti fellt sig við. Stjórnin telur hins vegar sjálfsagt, að leitað verði eftir samvinnu við stjórnir sjóðanna um samverkandi útlánakerfi með húsnæðismálastjórn, sem a. m. k. stefni að því, að lánuð verði 80% af kostnaðarverði allra þeirra íbúða, sem byggðar verða og taldar eru samrýmast skynsamlegum kröfum."

Í þessu sama blaði segir á öðrum stað:

„Eitt stórmálanna, sem komið hafa fram á Alþingi nú undir þinglok, er frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, þar sem gert er ráð fyrir nokkrum skipulagsumbótum í húsnæðismálum og nýrri fjáröflun, einkum með þjóðnýtingu lífeyris- og eftirlaunasjóða landsmanna að ¼. Það er auðvitað aukaatriði, en Alþýðu-

blaðið hefur belgt sig upp út af þessu máli sem eins konar tímamótaviðburði, enda mun það eiga að vera eitt af sönnunargögnunum um það, að kröfur Alþfl. nái fram að ganga. Vissulega efast enginn um, að Alþfl. hefur axlað ærna ábyrgð í húsnæðismálum að undanförnu og í framhaldi af því haft forustu um samningu þessa nýja frv. Það hefði mátt ætla, að hvorki skorti þekkingu né reynslu að baki frv. Einhverra hluta vegna virðist þó eitthvað hafa brostið í þeim efnum, nema helztu gallar frv. heyri til trúarástæðum, en hvort sem er, kemur það sér *jafnilla fyrir byggingariðnaðinn* og starfsmenn hans."

Ég ætla ekki að tefja þennan fund með því að lesa meira upp um þetta efni, en þó er þetta dálítið fróðlegt til samanburðar. Svo mörg voru þau orð, þau voru hvorki hlýleg né bróðurleg á alvörustund til samstarfs*flokksins*. *Hins vegar var fólginn í þeim sannleikur*, og boðskapnum um samverkandi útlánakerfi, er stefni að 80% lánum á allar nýjar íbúðir, ber að sjálfsögðu að fagna. Vonandi verða þetta meira en orðin tóm hjá stærsta stjórnmálaflokki landsins, svona rétt fyrir næstu sveitarstjórnarkosningar.

Eftir þessi blaðaskrif og undirtektir stjórna lífeyrissjóðanna var engin hreyfing á vinnubrögðum í sambandi við málið í n. í nokkrar vikur. Aðspurður vissi form. og varaform. n. lítið eða ekkert um málið. Þyrnirósarsvefn sótti nú frv. heim, en eitt og annað gerðist í málinu utan veggja Alþingis. Stjórn Landssambands lífeyrissjóða var kölluð á fund til viðræðna um andstöðu *lífeyrissjóðanna* við frv. um *húsnæðismálastjórn*. Í þeim umr. hefur komið fram m. a. undrun yfir því, að efni frv., er varðar fé lífeyrissjóða, skyldi ekki rætt við samtök lífeyrissjóðanna, áður en frv. var lagt fram á Alþ. En samtök lífeyrissjóðanna töldu sig hafa fyrirheit félmrh. frá 1964 um að bera undir eða ræða við samtök lífeyrissjóðanna fyrirætlanir stjórnarvalda varðandi breytingar á starfsemi sjóðanna. Ég veit ekki nákvæmlega, hvernig þessu var svarað, en hygg þó, að það hafi verið eitthvað á þá leið, að þeir, sem hér héldu um stjórnvölinn, hafi talið sig svo vissa um andstöðu lífeyrissjóðanna við fyrirliggjandi frv., að ekki hefði þótt ástæða til að ræða það við lífeyrissjóðina fyrir fram. Þetta er að mínum dómi og margra annarra skökk stefna. Með þessu var hugsanlegur möguleiki til einhvers samkomulags lamaður, með þeim vinnubrögðum að leggja frv. fyrir Alþ. án umræðna við stjórnirnar. Hið rétta var, að samkomulagsleiðina hefði átt að reyna fyrst, en hið beina valdboð látið bíða um framlag á miklu fé frá lífeyrissjóðum, eins og frv. gerði ráð fyrir. Ég harma það, að svo virðist, að nú sé búið að egna til andstöðu, svo að um vinsamlega samninga við alla lífeyrissjóðina er vart að ræða. Og það er illa farið. Hv. frummælandi hefur upplýst hér og við höfum vitað það í heilbr.- og félmn., að tekizt hafi samkomulag um verðbréfakaup við stjórnir nokkurra lífeyrissjóða, eins og fram hefur komið.

Í sambandi við allt þetta mál, undirbúning og afgreiðslu, er ástæða til að spyrja: Telja hinir raunverulegu höfundar þessa frv., að nýtt fé, sem um munar, komi til húsnæðismálanna með því að afhenda fé lífeyrissjóðanna, sem þeir annars mundu lána beint til sjóðfélaga til húsnæðismála, gegnum Húsnæðismálastofnunina til íbúðabygginga?

Húsnæðismálastjórn sparar sér nú útlánafé með því að skerða lán til þeirra, sem aðgang hafa að lánum í lífeyrissjóðum. Þeirri skerðingu hafa lífeyrissjóðirnir alltaf mótmælt sem óréttlátri og farið fram á við heilbr.- og félmn., að þeirri skerðingu verði hætt. Linað hefur verið á skerðingunni, en aðeins að nokkrum hluta. Nú er gert ráð fyrir að hætta skerðingunni, ef húsnæðismálastjórn fær 25% af ráðstöfunarfé úr lífeyrissjóðum, *og það er hægt í framhaldi af því* samkomulagi, sem upplýst var hér áðan um. Þá á ekki lengur að skerða lán, sem lífeyrissjóðsþegar fá hjá húsnæðismálastjórn. En segjum nú, að húsnæðismálastjórn spari sér með því að beita skerðingunni 150 millj. kr. á ári. Ég tek dæmi: Segjum að þeirri skerðingu verði hætt, en húsnæðismálastjórn fái af ráðstöfunarfé sjóðanna, – við skulum segja, að það verði sama upphæð, – 150 millj. kr. árið 1970. Húsnæðismálastjórn er engu nær. Það er ekkert nýtt blóð. Það eru aðeins aðrir húsbændur, sem úthluta lánunum, en það er ekki um neinar nýjar blóðgjafir um að ræða.

Framtíðaraðstaða er fengin til þess að ganga e. t. v. *enn harðar að lífeyrissjóðunum*. Það er ekki úr vegi í þessum umr. að spyrja: Hver er höfuðtilgangur lífeyrissjóðanna? Þetta er eiginlega spurning, sem hefur vaknað núna undir umr. þessa máls, og munaði litlu, að hún hefði kafnað undir þeim líka. Höfuðtilgangur lífeyrissjóða er að veita tryggingar, þ. e. elli-, örorku-, maka- og barnalífeyri. Þessar tryggingar hafa rýrnað jafnt og þétt og mjög þétt í óðaverðbólgu síðustu ára. Lífeyrisþegarnir fá nú greiddar mjög verðlitlar krónur fyrir miklu verðmeiri krónur, sem þeir lögðu fram í iðgjöldum sínum áður. Ætlar valdhafinn enn að skerða hag meðlima lífeyrissjóðanna með því að þvinga sjóðina til að binda fé sitt í mörgum langtímaverðbréfum? Og ég vildi gjarnan í sambandi við þessar vangaveltur spyrja um það: Hver eru þau lánakjör, sem um hefur verið samið, hver er vaxtafóturinn, hver er lánstíminn og eru bréfin vísitölutryggð?

Þær 3 vikur, sem frv. hefur verið í n. og sofið þar værum svefni, hafa ýmsar tilgátur verið á lofti um framtíð þess. Spurt var: Sekkur það eins og verðgæzlufrv., eða strandar það? Staðreyndin blasir nú við. Það er á floti, og það strandaði ekki, en fór hins vegar í slipp hjá vinnusamri n., sem hefur betrumbætt það að miklum mun, en engu síður ber að átelja þau vinnubrögð, sem eru viðhöfð við afgreiðslu þessa máls. Frv., sem varðar þýðingarmestu hagsmuna- og velferðarmál almennings, húsnæðismálin, er kastað inn á Alþingi undir þinglokin. Það má ekki minnast á það í 3 vikur vegna ósamkomulags í stjórninni eða vegna efnislegrar málsmeðferðar eða einhvers þess háttar, en fyrirvaralaust skýtur því þó upp á ný á næstsíðasta degi þingsins. Fundir eru boðaðir fyrirvaralítið í n. þeirri, sem á að fjalla um málið, meira að segja á meðan *deildarfundir standa yfir á Alþ., til að greiða fyrir* framgangi þessa máls, og fulltrúum stjórnarandstöðunnar í heilbr.- og félmn. ekki gefinn neinn tími til að kynna sér hin nýju viðhorf, sem skapazt hafa, eftir að samkomulag hefur tekizt á ný innan stjórnarflokkanna. „Allt í hvelli, undireins", er kjörorðið núna við þing-

slitin. Og ég verð að segja, að þetta eru vægast sagt óviðeigandi vinnubrögð, svo að ekki sé meira sagt. Þessum fullyrðingum mínum til stuðnings get ég sagt það, að núna eftir að ég tók til máls í þessu máli, þá var útbýtt í d. till. frá mér og hv. alþm. Hannibal Valdimarssyni og Jónasi Árnasyni (Gripið fram í.) Já, það er komið núna, en ég var byrjaður að tala. Þetta var upp á fjórar síður, og þessar till. koma afgreiðslu þessa máls við. Og fyrir einum tveimur tímum, ef það er þá svo langur tími, var útbýtt brtt. frá heilbr.- og félmn. Að vísu stöndum við að baki þessari till. allir nm., en á þessum skamma tíma er þm. ætlað að kynna sér allar þessar brtt. Það sjá allir réttsýnir menn, að þetta er vart hægt. En þrátt fyrir þessi vinnubrögð við afgreiðslu málsins, sem átt hafa sér stað, hefur frv. þó tekið stakkaskiptum til hins betra, og vísa ég þar til þeirra brtt., sem hafa komið frá heilbr.- og félmn. á þskj. 798.

Ég sé ekki ástæðu til að fara að ræða hverja einstöku till. á þessu þskj. Við ræddum það mikið í n., þótt á skömmum tíma væri, og ég vil vekja athygli á því, að það er fyrst og fremst almenningsálitið, sem er búið að gjörbreyta frv. frá því það sá fyrst dagsins ljós og því var fylgt úr hlaði hér 9. apríl. Það er ekki nokkur vafi á því. Það er hinn þungi straumur frá forustumönnum lífeyrissjóðanna, sem hefur haft hér áhrif.

Ég vil þá með nokkrum orðum minnast hér á brtt. á þskj. 819. Það er brtt. við frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins frá Jóni Kjartanssyni, Hannibal Valdimarssyni og Jónasi Árnasyni. Þar leggjum við til, að við 3. gr. bætist ný málsgr., sem orðist svo – þar sem ég tel, að þm. hafi varla lesið þetta, þá vil ég leyfa mér að lesa það upp, – með leyfi hæstv. forseta:

„Við 3. gr. bætist ný málsgr., sem orðist svo: „Húsnæðismálastjórn er heimilt að láta undirbúa byggingu íbúðarhúsahverfa í kaupstöðum með því að láta gera skipulagsuppdrætti af þeim í samráði við skipulagsnefnd ríkisins. Þegar slíkir skipulagsuppdrættir hafa verið samþykktir af skipulagsnefnd og félmrh., er viðkomandi bæjarfélagi skylt að heimila byggingar þar og láta af hendi eða útvega landssvæði fyrir þær, ef með þarf með eignarnámi, og fer um eignarnám samkv. l. nr. 61 frá 1917. Sömuleiðis er viðkomandi bæjarfélagi skylt að leggja nauðsynlega vegi og leiðslur um slík hverfi innan hæfilegs tíma að mati húsnæðismálastjórnar og félmrh.“

Þetta ákvæði var í gömlu lögunum, og við, sem stöndum að flutningi þessarar brtt., sjáum enga ástæðu til að láta það falla niður. Það er ekki þar með sagt, að það verði á næsta leiti, sem húsnæðismálastjórnin þarf að grípa til þessarar lagagr., en hins vegar teljum við, að það skemmi ekki lögin, nema síður sé.

Við b-lið 4. gr. höfum við leyft okkur að flytja till., sem hljóðar svo: „Framlag úr ríkissjóði að fjárhæð 125 millj. kr., nema hærri upphæð sé ákveðin á fjárl.“ Hér er þetta framlag hækkað um 50 millj. kr., og teljum við það ekkert óeðlilegt, að á næstu fjárl. verði tillag til húsnæðismálaframkvæmda hækkað sem nemur þessari upphæð.

Við 5. gr. er brtt. Gr. orðist svo:

„Veðlánakerfi til aðstoðar við byggingu íbúðarhúsnæðis skal starfrækt undir stjórn húsnæðismálastjórnar. Byggingarsjóður skal gefa út og selja skuldabréf til 35 ára. Kaupendur slíkra bréfa skulu hafa rétt til að draga andvirði þeirra frá skattskyldum tekjum það ár, sem þeir kaupa bréfin af byggingarsjóði. Þó skulu ekki frádráttarbær meiri bréfakaup ár hvert en sem nemur 100 þús. hjá einstaklingum og 300 þús. hjá fyrirtækjum. Bankavaxtabréf þessi skulu vera ríkistryggð og 1/35 hluti hvers lánaflokks, árssala, dregin út ár hvert. Vísitöluuppbót skal greidd á bréf þessi við útdrátt á sama hátt og af lánum byggingarsjóðs. Bankavaxtabréf þessi skulu skráð á nafn, og hver lánaflokkur má eigi nema hærri fjárhæð en 300 millj. kr. Bankavaxtabréfin skal byggingarsjóður hafa til sölu í öllum bönkum og bankaútibúum, svo og þeim sparisjóðum, sem húsnæðismálastjórn ákveður. Húsnæðismálastjórn og veðdeild Landsbankans skulu ákveða gerð bréfanna og fjárhæð hvers lánaflokks. Vextir af bréfum þessum skulu vera 6%. Nánari ákvæði um sölu og útdrátt bréfanna skulu sett með reglugerð.“

Þetta eru nýmæli í lögum. Hér er gert ráð fyrir, að þessi bréf verði tryggð með vísitöluuppbót og þau verði 6% og heimilað verði að draga þau frá skattskyldum tekjum. Það má vera, að menn greini á um það ákvæði, en það er hér sett inn í til þess að örva kaup á þessum bréfum. 5. gr. l. hefur verið algerlega máttlaus. Þar var gert ráð fyrir sölu slíkra bréfa sem þessara, en hér er lagt til að hækka vextina um 2% auk þeirra fríðinda, sem ég minntist á.

4. brtt. er við 8. gr. 3. málsgr. A-liðar orðist svo: „Húsnæðismálastjórn getur enn fremur veitt sveitarstjórnum og Öryrkjabandalagi Íslands lán til byggingar leiguhúsnæðis o. s. frv.“ Þetta var í gömlu lögunum, og við sjáum engin rök, sem mæla með því að þessir liðir verði látnir falla niður.

Þá er í B-lið sömu gr. svo ákveðið: „Húsnæðismálastjórn getur, að fengnu samþykki ráðh., breytt lánsfjárhæð þessari á tveggja ára fresti til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.“ Við leggjum til, að í staðinn fyrir orðin „á tveggja ára fresti“ komi: árlega. Þessi till. skýrir sig sjálf, og þarf ég ekki að eyða frekari orðum í sambandi við hana.

Þá flytjum við till. um, að C-liður sömu gr. orðist svo: „Ársvextir af lánum þessum skulu vera 6%. Þau skulu vera afborgunarlaus fyrstu 3 árin, en endurgreiðast síðan að fullu á 32 árum með jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana (annuitet). Hvert lán skal vera tryggt með 1. veðrétti í viðkomandi íbúð.“ Um þetta fékkst ekki samstaða í heilbr.- og félmn., enda er um veigamikla breytingu að ræða. Hér er vísitöluuppbótin á afborgunum og vöxtum felld alveg niður, en vextir hins vegar hækkaðir upp í 6% og lánstíminn lengdur um 10 ár.

Mér finnst og hefur alltaf fundizt, að það væri höfuðgalli á löggjöfinni um Húsnæðismálastofnun ríkisins, að það væri ekki lánað lengur en til 25 ára. Það má alltaf deila um vaxtafótinn, og það má deila um það, hvort vísitalan á að fylgja afborgunum og vöxtum, en ég hélt og held, að hv. alþm. gætu orðið sammála um að lengja lánstímann. Það er verið að byggja hús, sem standa í aldir, rammbyggilegri byggingar en líklega nokkurs staðar í Evrópu. Í Bretlandi þykir Wilson nú ekki góður, hjá sumum a. m. k. En þar held ég að ég fari rétt með, að þar séu veitt lán til 99 ára. Og þó að það sé

ekki álíka lánstími í öðrum löndum, þá er víða á Norðurlöndum lengri tími en þessi. Ég vil alveg sérstaklega skora á hæstv. ríkisstj. og hv. alþm. að endurskoða afstöðuna til lánstímans. Og ég spyr, hvort þeir sjái sér ekki fært að þetta verði lengt um 10 ár. Ég hygg, að það væri stærsta hjálpin, sem húsbyggjendum væri veitt á þessu ári.

Við 9. gr., 3. málsl., erum við með brtt., sem orðast svo: „Skal veðdeildin sjá um, að afgreiðsla og innheimta geti farið fram í peningastofnun sem næst lögheimili lántakenda.“ Þetta er ekki stórvægilegt og skiptir kannske ekki miklu máli, hvort verður samþ. eða fellt, en þetta ætti þó að vera lántakendum til hægðarauka.

Við 11. gr., 3. málsgr., er brtt. okkar, a. Fyrir „4%“ komi: 6%. Það er í samræmi við aðrar vaxtabreytingar, sem ég hef minnzt á, og rétt er, að niður falli í sömu málsgr.: „sbr. 5. málsgr. 5. gr.“ Við teljum réttara, að ákveðnara væri kveðið að orði í niðurlagi gr., þar sem stendur: „enn fremur skulu þeir sitja fyrir um lán til íbúðabyggingar frá húsnæðismálastjórn, og mega þau lán vera allt að 25%.“ Við erum með brtt., að í staðinn fyrir orðið „mega“ komi: skulu: „skulu þau lán vera allt að 25%.“

Þá vík ég máli mínu að IV. kafla frv. Það er till., sem við flytjum á þessu þskj. Hún er við 18. gr. Þar komi ný gr., svo hljóðandi:

„Nú hefur sveitarstjórn ekki ákveðið að hefja byggingar samkv. IV. kafla þessara laga innan tveggja ára frá gildistöku laganna, og getur þá byggingarfélag verkamanna, sem starfað hefur samkv. eldri lögum um verkamannabústaði, tekið að sér byggingar samkv. þessum lögum og nýtur þá allra réttinda samkv. IV. kafla laganna, en viðkomandi sveitarfélag greiðir Byggingarsjóði verkamanna gjald samkv. ákvörðun húsnæðismálastjórnar.“

Eins og frv. er úr garði gert, þá getur sveitarstjórn tafið byggingu verkamannabústaða. Ég er persónulega ekki þeirrar skoðunar, að sveitarstjórnir muni gera það, svo fremi að þær vilji ná endurkosningu. En hins vegar er þetta nokkur trygging fyrir verkamenn í sveitarfélögum, að þetta geti ekki komið fyrir. Og ákvæði þessarar gr., eins og þið heyrðuð, sem á hlýdduð, eru á þá lund, að ef sveitarfélag hefst ekkert að í tvö ár eftir gildistöku þessara laga, þá getur stjórn byggingarfélags eftir gömlu lögunum farið af stað, og það er á valdi húsnæðismálastjórnar að ákveða, hvað sveitarstjórnin á að greiða á íbúa.

Við 20. gr. er svo hljóðandi brtt. á nefndu þskj., það er málsgr., sem á að bætast við 20. gr.

„Enn fremur getur sjóðurinn tekið lán til útlánastarfsemi sinnar. Lánin ábyrgist ríkissjóður, en hlutaðeigandi sveitarsjóður stendur í bakábyrgð fyrir þeim lánum, sem hann kann að fá til byggingarframkvæmda í kaupstaðnum eða kauptúninu af lánsfé sjóðsins. Nú er kauptún aðeins hluti úr hreppi, og skal þá tillagi sveitarsjóðs til byggingarsjóðs jafnað niður á þá íbúa kauptúnsins, sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglum og útsvörum.“

Þetta ákvæði var í lögum um verkamannabústaði, og það hafa sjálfsagt fá ákvæði frekar en þetta hjálpað til að byggja húsnæði í fámennustu þorpum á landinu. Og við flm. teljum, að það væri til mikilla bóta, ef sú brtt. fengist samþ. og tekin inn í þetta frv. um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Á eftir 26. gr., þ. e. IV. kafla, leggjum við til, að komi nýr kafli, sem verður V. kafli: Um leiguhúsnæði, og orðist svo:

„Nú kýs sveitarfélag að koma sjálft upp íbúð eða íbúðum og leigja lágtekjufólki, sem af eigin rammleik getur ekki eignazt húsnæði, og er þá húsnæðismálastjórn heimilt að leyfa slíkar byggingar og lána til þeirra á sama hátt og til verkamannabústaða. Húsnæðismálastjórn setur reglur um leigukjör slíkra íbúða.“

Það þarf ekki langt mál til að gera grein fyrir því, hvað hér er átt við. Með þessari gr., ef samþ. verður, verður létt undir með sveitarfélögum að koma upp íbúðum til að leigja lágtekjufólki. Og ég er á því, að þessi liður væri til stórbóta í fjöldamörgum kauptúnum og smærri þorpum úti á landi.

Við ákvæði til bráðabirgða leggjum við til, að við 3. tölulið bætist ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi: „Haldast skulu óbreytt ákvæði laga um framkvæmd byggingaráætlana.“ Í gr. segir svo: „Haldast skulu óbreytt ákvæði laga og reglugerða um framkvæmd byggingaráætlunar í Reykjavík, en heimilt er ríkisstj.“ o. s. frv. Við teljum, að það eigi að halda þessu opnu og það eigi að standa við það, sem hefur verið lofað úti á landi í þessum efnum.

Við 4. tölulið í ákvæðum til bráðabirgða er talað um „35 m. kr.“ Við leggjum til, að þar komi „85 millj. kr.“, og það er í framhaldi af þeirri till. okkar, sem við höfum lagt fram í sambandi við b-lið 4. gr. Á eftir tölulið 4 komi hins vegar nýr töluliður, svo hljóðandi:

„Það fé, sem Byggingarsjóður ríkisins leggur af mörkum til framkvæmdaáætlunar um byggingar í Breiðholti í Reykjavík, ber framkvæmdanefnd byggingaáætlunarinnar að endurgreiða byggingarsjóði eftir þeim reglum, sem ráðh. setur. Ríkisstj. skal, eftir því sem þörf krefur, afla þess fjár, sem framkvæmdanefnd er skylt að endurgreiða. Því fé, sem þannig rennur í Byggingarsjóð ríkisins, ber húsnæðismálastjórn að úthluta eftir reglum hins almenna veðlánakerfis.“

Við flm. teljum fyllstu ástæðu til, að slík till. verði fram borin og að það sé sanngirni, að hún verði samþ. Annað komi eiginlega ekki til greina.

Mér er ljóst, að ég hef eytt alllöngum tíma af dýrmætum fundartíma þessarar hv. d. í það að lesa upp brtt., en ég taldi það alveg óhjákvæmilegt, þar sem þær höfðu ekki einu sinni verið lagðar á borð hv. alþm., þegar ég hóf mál mitt, og taldi ég því litlar líkur á, að hv. alþm. gætu kynnt sér þær á þessum stutta tíma, sem þeir hafa haft til umráða.

Ég er þeirrar skoðunar, eins og ég hef minnzt á áður í máli mínu, að þessar brtt. og fyrst og fremst brtt. allrar heilbr.- og félmn. séu til komnar m. a. vegna aðvörunarorða, sem þeir létu falla, er töluðu við 1. umr. þessa máls hér í hv. d. hinn 9. apríl, og þá ekki síður vegna almenningsálitsins, eins og ég komst að orði áður í ræðu minni. Það átti í upphafi að knýja þetta mál fram í óbreyttu formi. Það átti ekki að láta sjóðsstjórnir lífeyrissjóðanna valsa með fé sitt, eins og einn stjórnarsinninn komst að orði í útvarpinu í gærkvöld eða fyrrakvöld. Það átti ekki að láta þá valsa með sitt eigið

fé. Það átti að samþykkja þetta óbreytt. Það var hin almenna og viðtæka andstaða gegn frv. óbreyttu, sem hefur nú bjargað því í höfn í þeim búningi, sem það er. Og það er líka skoðun mín, að þessi almenna, viðtæka andstaða hafi verið það líka, sem réð pennum Morgunblaðsins, en þær ritsmíðar las ég upp í ræðu minni áðan.

Ég vil að lokum segja það, að ég veit, að allar brtt. á þskj. 798 verða samþ. Það er búið að tryggja þingmeirihl. *fyrir því, og ég fagna því af heilum hug.* En ég vænti einnig, að hv. alþm. sjái sér fært að samþykkja eitthvað af till. okkar þremenninganna, þótt þeir standi kannske ekki að því að samþykkja þær allar.

Herra forseti. Ég hef orðið nokkuð langorður um dagskrárliðinn, og það kemur ekki til af góðu. En segja má, að eftir samþykkt þeirra brtt. heilbr.- og félmn., sem lesnar hafa hér verið og kunngerðar, er frv. allt annað plagg en það var í upphafi. Og ég tel, að það geti batnað enn að mun, ef till. okkar þremenninganna verða einnig samþykktar. Ég vil svo ljúka máli mínu *með því að undirstrika það, sem ég minntist á í ræðu* minni, að hér er að vísu verið að flaustra af afgreiðslu stórmáls, en þrátt fyrir það vænti ég þess, að afgreiðsla þess og lögin í framkvæmd verði öllum húsbyggjendum til góða og til farsældar.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég flyt hér á þskj. 815 brtt. við það frv., sem hér liggur fyrir, og eru meðflutningsmenn að till. þeir hv. þm., Matthías Bjarnason og Unnar Stefánsson. Brtt. er við 15. gr. frv., en þar segir, að stjórn verkamannabústaða skuli skipuð fimm *mönnum og að tveir skuli skipaðir í stjórn eftir tilnefn*ingu sveitarstjórnar. Við teljum, að það sé eðlilegt með tilliti til þess, að nú er lögð sú kvöð á sveitarstjórnir, að þær útvegi fé að helmingi, sem með þarf í byggingu þeirra íbúða, sem byggðar verða eftir kaflanum um Byggingarsjóð verkamanna og verkamannabústaði, að sveitarstjórnir fái nokkru meiri ítök í stjórn verkamannabústaða í hinum ýmsu sveitarfélögum en frv. gerir ráð fyrir. Till. okkar er um það, að í stað fimm manna stjórnar verkamannabústaða í sveitarfélögum verði skipaðir sex menn, og þar af verði þrír eftir tilnefningu sveitarstjórnar.

Ég lét þess getið, þegar málið var til umr. í heilbr.- og félmn. nú í morgun, að ég teldi eðlilegt, að sveitarstjórnir fengju þarna meiri rétt en frv. gerir ráð fyrir og taldi eðli málsins samkv. sanngjarnt, að sveitarstjórnir hefðu hreinan meiri hluta í stjórn verkamannabústaða. En þetta mætti nokkurri andstöðu einstakra nm., og tókum við því það ráð, sem að till. þessari stöndum, að fara þarna nokkurn milliveg, þannig að fjölgað yrði í stjórnunum um einn mann, úr fimm upp í sex, og að þar af skipuðu sveitarstjórnirnar þrjá menn. Það má segja, að þetta er í samræmi við framlag sveitarstjórna til þessa sérstaka málaflokks, húsnæðismálanna, þó að við teldum, að hitt væri æskilegra, að áhrif sveitarstjórnanna væru meiri.

Það væri vissulega ástæða til að ræða frv. í heild og efni þess allverulega, því að hér er um stórt og viðamikið mál að ræða, en það hefur nú hlotið þá meðferð hjá heilbr.- og félmn., að því hefur verið breytt allverulega, og ég tel þær breyt. allar mjög til hins betra og ætla því ekki að fara út í að tefja tímann með ræðu um málið frekar.

Það er þó eitt atriði, sem kom fram hjá hv. félmrh., er hann lagði frv. hér fyrir þessa hv. deild og fylgdi því úr hlaði, en það var sá kafli ræðu hans, sem fjallaði um það, hvort tiltækilegt væri að afnema vísitölubindinguna á lánum húsnæðismála eða ekki. Ég vil mjög taka undir það, að það væri mjög æskilegt, að inn á þá braut væri farið að afnema vísitölubindingu á lánum húsnæðismálastjórnar, þó að það kostaði einhverja vaxtahækkun. Hins vegar liggur það alveg ljóst fyrir, að þar er um nokkra grundvallarbreytingu að ræða í sambandi við lánakerfi Húsnæðismálastofnunar ríkisins, og ég tel, að það mál þurfi meiri og betri athugunar við en mögulegt var að koma við á þeim tíma, sem heilbr.- og félmn. hafði málið til athugunar, og á þeim tíma, sem nú er eftir hér hjá þessari hv. deild, til þess að fjalla um málið og afgreiða það hér. Þess vegna töldum við ekki fært að flytja till. um þessa breytingu af þeim ástæðum, að það væri svo stór og viðamikill hluti í lánakerfinu, að það yrði að skoðast betur, en ég vænti þess, að síðar meir verði þetta atriði tekið til sérstakrar athugunar og þá stigið það skref, sem hæstv. félmrh. ræddi nokkuð, að afnema vísitölubindinguna.

Ég skal svo, herra forseti, ekki tefja framgang málsins með lengri umr. um þetta, en vænti þess, að sú till., sem við höfum hér lagt fram á þskj. 815, nái samþykki þessarar hv. deildar.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það er nú orðið þannig, eins og hér hefur komið fram í umr., að tími er ekki til að ræða þetta mál ítarlega, og verður það því að eiga sig að þessu sinni, en það hefði vissulega verið ástæða til þess að ræða allítarlega um efni þessa frv.

Mér sýnist ljóst, að þær breyt., sem hv. heilbr.- og félmn. gerir till. um að gera á frv., séu mjög mikilsverðar og séu allar til bóta. Ég verð að segja, að ég hefði gjarnan óskað eftir því, að sumar þær till. hefðu verið nokkuð á annan veg, nokkru fyllri, en um það þýðir ekki að fást úr því sem komið er.

Ég stend hér að því að flytja nokkrar till. til viðbótar *þeim, sem fulltrúi Alþb. í heilbr.- og félmn. stendur að.* Ég flyt hér á þskj. 816 þrjár brtt. með hv. 6. landsk. þm., Geir Gunnarssyni. Þær till. eru í fyrsta lagi við 3. tölul. 6. gr., en þar gerum við ráð fyrir, að Seðlabanki Íslands verði skyldaður til þess að kaupa skuldabréf Húsnæðismálastofnunarinnar fyrir 100 millj. kr. á ári. Það er skoðun okkar, að það sé eðlilegt, að það sé hlutazt til um það, að nokkur hluti af sparifjármynduninni í landinu gangi á hverju ári til kaupa á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins, og við teljum, að þessi upphæð sé sízt of há, af því að það þarf að tryggja byggingarsjóði *meiri tekjur en gert er ráð fyrir í þessu frv.* að okkar áliti.

Í öðru lagi leggjum við til í brtt. okkar, að sú breyt. verði gerð á 24. gr. frv., að tekjumarkið fyrir þá, sem lán geta fengið úr verkamannabústaðakerfinu, verði hækkað í 250 þús. kr. árstekjur, en heilbr.- og félmn. hefur nú gert till. um að hækka markið úr 200 þús. í 220 þús., sem er vissulega í áttina. En við teljum, að það ætti að hækka þetta a. m. k. í 250 þús. kr. árstekjur, ef það

ætti að vera tryggt, að flestir verkamenn og sjómenn gætu átt þess kost að fá lán úr þessu kerfi.

Þriðja till. okkar er við 25. gr. frv. En þar leggjum við til, að 4. málsl. gr. verði orðaður á annan veg en segir í frv. Í frv. er þessi liður orðaður þannig:

„Að úthlutunarfresti liðnum úthlutar stjórnin [þ. e. a. s. stjórn verkamannabústaða á hverjum stað] íbúðunum til væntanlegra kaupenda, enda liggi fyrir staðfesting húsnæðismálastjórnar á því, að fullnægt sé skilyrðum samkv. 24. gr.“, þ. e. a. s. um tekjumarkið.

Við leggjum til, að þessi málsliður verði orðaður þannig:

„Að úthlutunarfresti liðnum úthlutar stjórnin [þ. e. a. s. stjórnin í verkamannabústaðafélaginu á hverjum stað, verkamannabústaðarstjórnin á hverjum stað] íbúðunum til væntanlegra kaupenda, enda liggi fyrir, að þeir fullnægi skilyrðum samkv. 24. gr.“

Við sjáum enga ástæðu til þess, að þurfa að fara að senda þetta enn einu sinni suður til húsnæðismálastjórnar frá byggðarlögum úti á landi. Það er gert ráð fyrir því, að húsnæðismálastjórn eigi fulltrúa í hverri einstakri nefnd, og því álítum við, að hver n. fyrir sig eigi að gæta þess að fara að lögum og reglum og það þurfi ekki að hafa þennan hátt á.

Þá flyt ég eina brtt. með hv. 2. landsk. þm., Eðvarð Sigurðssyni. Er sú brtt. við brtt. á þskj. 798 frá heilbr.- og félmn. Í 15. brtt. heilbr.- og félmn. er undir tölul. 5 lagt til, að húsnæðismálastjórn verði heimilt til ársloka 1970 að veita viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga, allt að 75 þús. kr. á íbúð. Við leggjum til, að þetta: „til ársloka 1970“, verði fellt niður, sem sagt að heimild húsnæðismálastjórnar verði ótímbundin til þess að veita þessi viðbótarlán. Þessi viðbótarlán eru nú veitt samkv. sérstöku samkomulagi, sem gert var á milli ríkisstj. og verkalýðssamtakanna á sínum tíma. Þessi viðbótarlán til meðlima verkalýðsfélaga voru hugsuð þannig, að þarna ætti að vera nokkurt jafnvægi á móti þeim viðbótarlánum, sem fjöldamargir aðrir aðilar hafa, eða þeir, sem eru í lífeyrissjóðum. Nú er alveg sýnilegt, að félagar í verkalýðsfélögum munu ekki fá lán úr lífeyrissjóðum sínum til húsbygginga fyrst um sinn. Það tekur nokkur ár að vinna sér rétt í þeim lífeyrissjóðum eins og öðrum til slíkra lána. Því álítum við það, að þessi viðbótarlán eigi að halda áfram, ekki aðeins á þessu ári, heldur einnig í nokkur ár enn. Ég hefði viljað vænta þess, að hv. heilbr.- og félmn. hefði tekið það til sérstakrar athugunar að veita þessa heimild handa húsnæðismálastjórn lengri tíma en aðeins á þessu ári.

Ég skal svo ekki vegna þess tímaskorts, sem hér er um að ræða, hafa um þetta fleiri orð að sinni, en vissulega hefði ég kosið, að gerðar yrðu enn þá fleiri breyt. á þessu frv. en hér liggja fyrir. Ég tel, að það séu allmörg ákvæði enn í frv., sem raunverulega kalli á breyt., en það verður varla um það að ræða, eins og tíma Alþ. er komið nú, að fá þær breyt. fram. Geri ég þær því ekki frekar að umtalsefni nú að þessu sinni.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þegar þetta mál var lagt fyrir þingið, taldi ég litlar líkur til þess, að það fengi afgreiðslu nú fyrir þinglok. Ég var nokkurn veginn viss um það, að annaðhvort mundi þingheimur snúast gegn frv. og fella það ellegar þá að hæstv. ríkisstj. yrði að bíta í það súra epli að fyrirfara þessu afkvæmi sínu sjálf. Ég er líka viss um það, að einmitt þegar hún horfðist jafnvel í augu við þau ókjör að þurfa að gera slíkt, þá vaknaði sterkur vilji hjá stuðningsmönnum stjórnarinnar í heilbr.- og félmn. um að freista þess að ná umfram allt samkomulagi um verulegar breyt. á frv. Það verður að segja, að eftir að gengið var að því verki að lagfæra frv. og bera saman ráð sín um það, hvernig mætti sníða af því allra verstu agnúana, sem gerðu málið í raun og veru algjörlega óaðgengilegt, þá var um ánægjulegt starf að ræða í n. og þokaðist nokkuð í rétta átt, því að samkomulag hefur orðið í heilbr.- og félmn. um að gera tíu, sumar mjög þýðingarmiklar breyt. á frv. En svo fjarri var því, að frv. væri frambærilegt og æskilegt, að það væri afgreitt sem lög, að í viðbót hafa þrír heilbr.- og félmn.-menn talið nauðsynlegt, að gerðar yrðu a. m. k. fimmtán, sumar allvíðtækar og þýðingarmiklar, breyt. á frv. í viðbót. M. ö. o. hafa nm. talið nauðsynlegt að gera á því 10 breyt. og aðrir nm. 15 í viðbót, 25 brtt. við þetta frv., og sýnir það, að það hefði verið full þörf á að umsemja það gersamlega að nýju frá grunni.

Ég skal tímans vegna fara fljótt yfir sögu, aðeins nefna hinar þýðingarmestu breyt., sem n. var sammála um að gera á frv.

Það er fyrst 2. brtt. á þskj. 798. Hún er mjög til bóta. Þar er tekið upp meginefni 3. gr. núgildandi laga, sem hafði verið skotið undan og sett bara í lauslegu yfirliti inn í frv. sjálft.

Í annan stað tel ég, að gerbreyting verði á frv. við þá fyrirferðarlitlu breyt., sem er 4. brtt. hjá n. Það er að fella 3. tölulið 6. gr. niður. Það er lífeyrissjóðaárásin, henni er þar með hnekkt. Það atriði er tekið út úr frv. En það var það atriði, sem vakti hinn sterkasta styr og gný gegn frv. Þetta er meginbreytingin, þótt hún sé nú aðeins ein lína hérna í nál.: 3. töluliður 6. gr. falli niður.

Í þriðja lagi tel ég það til verulegra bóta að hækka upphæðina um 25 millj. kr. í 50 millj. kr., sem heimilt er að verja til kaupa á eldri húsum.

Í fjórða lagi tel ég það nokkuð mikils virði, að svolítil hækkun hefur fengizt á árstekjum, sem verkamönnum er leyfilegt að hafa til þess að halda þó rétti til þess að byggja samkv. ákvæðum kaflans um verkamannabústaði.

Og að síðustu er það, þótt ég sé ekki fyllilega ánægður með það ákvæði, lokaákvæðið í nál. heilbr.- og félmn., að heimilt er að veita tekjulágu fólki í verkalýðsfélögum 75 þús. kr. viðbótarlánin, að vísu ekki nema út þetta ár, samkv. sameiginlegu till., en bráðnauðsynlegt væri, að þetta ákvæði væri í gildi, þangað til lífeyrissjóðir verkalýðsfélaganna gætu tekið að sér það hlutverk að jafna þeirra hlutskipti móts við aðra, sem viðbótarlána geta notið, en það var ætlunin í frv. að fella niður, nú frá ársbyrjun 1970.

Þetta læt ég þá nægja til þess að lýsa þeim meginbreytingum, sem n. öll stendur að. Þær eru í raun og veru, þegar á þær er litið, allar saman þess eðlis, að segja má, að frv. sé orðið nýtt frv., nýtt þingmál, við þessar breyt. einar.

Þá eru það þær 10 brtt., sem við þrír nm. stöndum að. Þar tel ég til bóta 1. till., sem er um það að taka inn í 3.

gr. kafla, sem er í gildandi lögum, en átti að fella niður samkv. frv. Það er nokkur hækkun þarna á ríkissjóðsframlaginu, úr 75 millj. kr. í 125 millj. kr., eða um 50 millj. kr. hækkun. Það er önnur brtt. okkar. Þá er það 3. till. um verulega fjáröflun með sölu skuldabréfa með álitlegum kjörum.

Í fjórða lagi er till. okkar um lengingu á lánstíma, það er 4. brtt., hækkun vaxta úr 4% í 6% gegn því að vísitölukvöðin á húsnæðismálalánunum falli niður. Það er sú meginbreyting, sem ég hefði umfram allt viljað óska, að n. hefði öll getað orðið sammála um, og það hefði verið í samræmi við vilyrði, sem hæstv. félmrh. gaf hér við 1. umr. í svarræðu sinni, að hann gæti vel hugsað sér að taka það til endurskoðunar, hvort ekki væri rétt að fella vísitölukvöðina niður. En því miður erum við þannig staddir, að hvorugur þeirra ráðh., sem með þessi mál hafa farið, frá því að málið var lagt fyrir þingið, er á landinu. Þeir eru báðir erlendis og þannig ekki við neinn að tala um þetta. Þeir ráðh., sem heima eru, hafa ekki fengizt til að ganga frá þessu atriði fyrir hönd fjarverandi ráðh. En það væri meginbreyting á lánakjörum til húsnæðismála, ef vísitölukvöðin á lánunum yrði felld niður, og meira að segja einn af stjórnarstuðningsmönnunum lét það í ljós hér áðan, að hann teldi mjög æskilegt að geta orðið við því, þ. e. a. s. það er ánægjulegt að tala um það, en bara ekki að gera það. Það er þó meginatriðið.

Þá er 6. brtt. okkar þremenninganna, sem ég tel að væri mikils virði að koma fram. Hún er um að hækka vexti úr 4% upp í 6% af skyldusparnaðarfé unga fólksins og að ekki skuli aðeins vera heimilt að veita því þessi 25% hærri lán en öðrum, heldur skuli unga fólkið, sem leggur fram skyldusparnaðarfé, fá 25% hærri lán og ekki aðeins vísitölutryggð, heldur einnig með 6% vöxtum í staðinn fyrir, að vextirnir eru nú komnir niður í 4%.

Þá er okkar 7. till. Hún er um það, að byggingarfélög verkamanna verði ekki lögð niður, heldur fái þau að starfa áfram, ef svo skyldi fara, sem ég óttast í ýmsum tilfellum, að fjármálalega naumar sveitarstjórnir svíkist um hlutverk sitt samkv. hinum nýju lögum um að byggja verkamannabústaði, og þá eigi að rísa upp byggingarfélag verkamanna, sem áður starfaði, og taka í taumana og öðlast rétt til þess að knýja byggingu verkamannabústaða fram. Þetta álít ég vera þýðingarmikið atriði, því að ég tel, að það beri mjög að harma, að núv. ríkisstj. skuli ætla sér að leggja byggingarfélög verkamanna niður. Ég hefði ekki vænzt þess, að ráðh. Alþfl. yrðu til þess.

Þá kemur hér næstsíðasta till. okkar um, að sveitarstjórnum skuli heimilt að hefja byggingu leiguhúsnæðis til þess að leigja út tekjulágu fólki. Þetta er algert nýmæli. En ég tel, að þar sem um opinbera aðstoð við byggingar fátæks fólks er að ræða, þá sé rétt að heimila sveitarstjórnunum þetta.

Þá er að síðustu borin hér fram till. um það, að ríkissjóði skuli skylt að endurgreiða það fé, sem búið er að taka af húsnæðismálakerfinu á liðnum árum, sem eru rúmlega 114 millj. kr., og endurgreiða það byggingarlánakerfinu á ný, og það fé ætti þannig að koma til skila, en þetta hefur verið tekið vegna framkvæmdar Breiðholtsbyggingaáætlunarinnar. Það fé átti að útvega með öðrum hætti en húsnæðismálakerfinu, en húsnæðismálakerfið hefur verið látið hlaupa undir bagga þarna, sem því ekki var ætlað, en hæstv. ríkisstj. skuldbatt sig á sínum tíma til þess að gera þetta stóra átak í byggingarmálum á þann hátt, að ekki yrði gengið á fé Byggingarsjóðs ríkisins.

Ég heiti á hv. alþm. að sýna nú þá viðsýni, ekki aðeins að samþykkja þær till., sem n. stendur öll að, – það tel ég víst, að verði gert, – en einnig að veita stuðning hinum sjálfsögðustu og þýðingarmestu till. okkar þremenninganna í heilbr.- og félmn. Læt ég svo máli mínu lokið, því að tíminn er naumur og þm. ætla að skemmta sér í kvöld.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að ræða þetta mikið, en ég vil bara láta það koma fram hér, að ég er alveg undrandi á vinnubrögðum í sambandi við þetta mál. Það er ekki fyrr en kemur fram í umr., sem við fáum hér till. á borðin, og svo á að keyra þetta áfram í gegnum þd., án þess að hv. þm. geti nokkuð athugað þær till., sem komu nú fram. Þetta eru svo fráleit vinnubrögð, að ég gat ekki stillt mig um annað en biðja um orðið til þess að láta þetta koma fram. Það eru ýmis atriði í þessu, sem ég hefði viljað athuga og koma með brtt. um, en þess er enginn kostur, eins og vinnubrögðin eru nú hér á hv. þingi. Það gengur svo langt, að það raunar veit enginn í þinginu, hvað er að ske. Það verður einhvern tíma áreiðanlega minnzt á þetta, en það er ekki starfsfólkinu að kenna, heldur þetta pat, sem hér er nú, að keyra allt áfram.

Ég er sérstaklega óánægður með IV. kaflann, en þær till., sem minni hl. kemur fram með, þ. e. a. s. að leggja ekki verkamannabústaðakerfið niður í þeirri mynd, sem það nú er, á smærri stöðunum, eru til bóta, og ég held, að það væri mjög skökk stefna og mjög mikil skammsýni, ef það verður ekki samþykkt. En ég vil ekki vera að eyða tíma, en ég vil láta þessa óánægju koma hér fram.

ATKVGR.

Brtt. 798,1 samþ. með 31 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 798,2 (ný 3. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv.
– 819,1 felld með 19:15 atkv.
– 819,2 felld með 19:14 atkv.
– 798,3 samþ. með 32 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 819,3 felld með 18:12 atkv.
5. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 798,4.a samþ. með 35 shlj. atkv.
– 798,4.b samþ. með 35 shlj. atkv.
– 816,1 kom ekki til atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 798,5 samþ. með 30 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 798,6 samþ. með 30 shlj. atkv.
– 819,4.a kom ekki til atkv.
– 819,4.b–c felld með 19:16 atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 25:7 atkv.
Brtt. 819,5 felld með 19:16 atkv.
9. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Brtt. 798,7 samþ. með 34 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 798,8 samþ. með 30 shlj. atkv.
– 819,6 felld með 21:17 atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 798,9 samþ. með 31 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 815 samþ. með 32:1 atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 798,10 samþ. með 35 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
18. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 819,7 felld með 21:17 atkv.
19. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 819,8 felld með 21:17 atkv.
20. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
21. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 798,11 samþ. með 37 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 798,12 samþ. með 37 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 816,2 felld með 21:13 atkv.
– 798,13 samþ. með 36 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 816,3 felld með 20:16 atkv.
25. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 798,14 samþ. með 34 shlj. atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 819,9 felld með 20:16 atkv.
27.–30. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
31.–33. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 817 felld með 20:17 atkv.
– 798,15 samþ. með 35 shlj. atkv.
– 819,10.a kom ekki til atkv.
– 819,10.b–c felld með 20:15 atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 821).
Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 34 shlj. atkv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ein af till. þeim, sem við fluttum við 2. umr. um þetta frv., við hv. 6. landsk. þm., Geir Gunnarsson, kom ekki til atkv. Það var sú till. okkar, sem gerði ráð fyrir því, að í staðinn fyrir 3. tölul. 6. gr. frv., þar sem gert var ráð fyrir því, að skylda lífeyrissjóðina til þess að kaupa skuldabréf húsnæðismálakerfisins, þar kæmi grein, sem gerði ráð fyrir að skylda Seðlabanka Íslands til þess að kaupa skuldabréf lánakerfisins fyrir 100 millj. kr. á ári. Þar sem þessi till. kom ekki til atkv., þá leyfi ég mér að flytja hana hér við 3. umr., og hún verður að vera skrifleg. Er þá till. þannig, að við 6. gr. komi nýr tölul., svo hljóðandi: „Seðlabanki Íslands 100 millj. kr. á ári.“ Ég hef áður gert grein fyrir efni till. og sé því ekki ástæðu til að ræða hana frekar, en óska þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 822) leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 822 felld með 20:17 atkv.
Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 89. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 90. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. – Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 19 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 821, n. 843, 844).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. til laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem hér er til umr., er árangur af endurskoðun gildandi laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins, svo og laga um verkamannabústaði. Með þessu frv. er Byggingarsjóður verkamanna og verkamannabústaðirnir settir undir stjórn Húsnæðismálastofnunar ríkisins.

Miklar breytingar eru gerðar á verkamannabústaðakerfinu, þannig að sveitarfélögin hafa mun meira forræði í þeim efnum en áður, en sérstakar stjórnir verkamannabústaða í sveitarfélögum hafa með höndum byggingaframkvæmdir og úthlutun íbúða. Lán til verkamannabústaða verða samkv. frv. tvenns konar, í annan stað almenn húsnæðismálalán, en að hinu leytinu viðbótarlán úr Byggingarsjóði verkamanna, sem ásamt húsnæðismálaláninu skulu nema 80% af kostnaðarverði íbúða. Fjárframlög ríkis og sveitarfélaga til Byggingarsjóðs verkamanna eru mjög aukin.

Af öðrum ákvæðum frv. má nefna hækkun á árlegu framlagi til Byggingarsjóðs ríkisins frá ríkissjóði úr 40 millj. kr. í 75 millj. kr., heimild til lánveitinga til kaupa á eldri íbúðum og niðurfellingu lagaheimildar fyrir ríkisstj. til þess að byggja í samvinnu við hlutaðeigandi sveitarfélög hagkvæmar og ódýrar íbúðir í fjölbýlishúsum fyrir láglaunafólk í verkalýðsfélögunum. Þessi niðurfelling stendur í beinu sambandi við hið nýja verkamannabústaðakerfi, sem á að koma þar í staðinn og leysa vandkvæði láglaunafólks, enda eðlilegt að fella saman í eitt kerfi alla opinbera aðstoð við íbúðabyggingar handa hinum efnaminni. Undantekning er þó gerð varðandi Breiðholtsframkvæmdirnar í Reykjavík, sem grundvallast á sérstöku samkomulagi við verkalýðshreyfinguna, en heimilt er með samningum að fella þær undir hið nýja verkamannabústaðakerfi.

Mörg önnur mikilvæg nýmæli felast í frv., en ég læt mér nægja að vísa í þeim efnum til ítarlegrar grg., er frv. fylgir.

Við meðferð þessa frv. í hv. Nd. komu fram og voru samþ. margháttaðar brtt. við frv., og vil ég leyfa mér að geta hér þeirra helztu.

Við 1. gr. frv. var gerð breyting. Er hún aðallega fólgin í því, að fjölgað er í húsnæðismálastjórn hinum þingkjörnu fulltrúum úr 5 í 7.

Á 3. gr. voru einnig gerðar allmargar breytingar. Þær felast fyrst og fremst í því, að þar er kveðið allmiklu ítarlegar á um verkefni húsnæðismálastjórnar en gert var upphaflega í frv.

Þá var í Nd. felldur niður 3. tölul. 6. gr. frv., sem tók til ráðstöfunar á fé lífeyrissjóða og hljóðaði þannig:

„Lífeyrissjóðir og eftirlaunasjóðir skulu kaupa skuldabréf, sem svarar ¼ af árlegu ráðstöfunarfé sínu. Með ráðstöfunarfé samkv. þessum tölul. er átt við tekjur af iðgjöldum, framlögum og vöxtum, afborganir af lánum, að frádregnum bótagreiðslum og rekstrarkostnaði."

Það er þetta ákvæði frv., sem mestri gagnrýni hefur sætt og mestum deilum valdið. Þetta ákvæði frv. var fellt niður í Nd., en í staðinn hafa tekizt samningar við lífeyrissjóðina um að veita allverulegt fjármagn til hins almenna íbúðalánakerfis á yfirstandandi ári, og má auðvitað vænta þess, að það sé undanfari meiri fjárframlaga af hálfu lífeyrissjóðanna til hins almenna húsnæðislánakerfis. Þannig hefur þetta ákvæði í frv., þó að það sé nú fallið brott, vissulega gert sitt gagn.

Þá var í Nd. hækkuð fjárhæðin, sem veita má árlega til kaupa á eldri íbúðum, úr 25 millj. kr. í 50 millj. kr.

Í Nd. var enn fremur gerð sú breyting, að stjórn verkamannabústaða skuli skipa 6 menn í staðinn fyrir 5, og fá sveitarstjórnirnar þennan fulltrúa, sem þarna bætist við.

Þá var einnig í Nd. gerð breyting á reglunum um stærð verkamannabústaða, þ. e. felld niður ákvæðin um herbergjafjöldann, tveggja til fjögurra herbergja, en haldið ákvæðunum um hámarksstærð, 100 fermetra. Enn fremur var tekjumarkinu breytt. Samkv. frv. gátu þeir einir fengið íbúðir í verkamannabústöðum, sem höfðu eigi yfir 200 þús. kr. árstekjur og að auki 20 þús. kr. fyrir hvert barn innan 16 ára á framfæri, en þessar 200 þús. voru hækkaðar í Nd. í 220 þús.

Þá voru einnig gerðar orðalagsbreytingar á 26. gr., fyrst og fremst í þeim tilgangi að undirstrika það, að þessi gr. á ekki einungis að gilda um þá verkamannabústaði, sem byggðir verða eftir hinu nýja kerfi, heldur gildir hún einnig um eldri verkamannabústaði, og þar var verið að samræma þessi sjónarmið með orðalagsbreytingum.

Þá hefur í ákvæðum til bráðabirgða verið sett nýtt ákvæði, sem heimilar byggingarfélögum verkamanna að fela hlutaðeigandi sveitarstjórn hlutverk sitt. Þegar þetta frv. er orðið að lögum og byggingarfélög verkamanna búin að ljúka byggingu þeirra íbúða, sem þau hafa nú í smíðum, þá verður hlutverk þeirra orðið mjög veigalítið og eðlilegt, ef þau vilja alveg losna við það, að þau geti falið það í hendur viðkomandi sveitarstjórnum.

Þá var síðasta lið bráðabirgðaákvæðisins bætt við í Nd., en hann heimilar, að húsnæðismálastjórn veiti viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga, allt að 75 þús. kr. á íbúð, og þetta megi veita til ársloka 1970.

Ég tel mig þá hafa drepið á helztu breyt., sem gerðar voru á frv. í Nd.

Heilbr.- og félmn. Ed. hefur fjallað um þetta frv. Satt bezt að segja hefur verið allt of naumur tími til þess að athuga þetta nægjanlega vel. Það bætir þó örlítið úr skák, að n. hélt einn sameiginlegan fund með heilbr.- og félmn. Nd., þegar frv. var til meðferðar í Nd. Niðurstaða heilbr.- og félmn. var sú að mæla með því, að frv. verði samþ. með áorðnum breyt., en tveir nm., hv. 1. þm. Vesturl. og hv. 4. þm. Sunnl., hafa þó áskilið sér rétt til þess að flytja brtt. við frv. og fylgja brtt., er fram kynnu að koma, og þeir hafa þegar notað sér þann rétt með því að flytja hér brtt. við þetta frv. Einn nm., hv. 4. þm. Norðurl. e., var ekki viðstaddur, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Björn Fr. Björnsson: Herra forseti. Fyrir a. m k. þrem árum var því heitið af hæstv. ríkisstj., að húsnæðismálalöggjöfin skyldi tekin til gagngerðrar endurskoðunar. Á liðnum tíma hefur margoft verið innt eftir því, hvenær niðurstöðu mætti vænta. Það hefur verið allra manna mál óskipt, að það væri rík nauðsyn þess, að þessi löggjöf væri tekin til gagngerðrar endurskoðunar af fullri alvöru og með hliðsjón af þeirri reynslu, sem fengin er af þessum málum.

Um það munum við allir samdóma, að húsnæðismálin hjá okkur, eins og hjá velflestum öðrum þjóðum, a. m. k. í okkar nágrenni, séu eitt af höfuðverkefnum í félagslegum efnum og einn langstærsti þáttur efnahagsmála. Þau snerta velflesta einstaklinga þjóðfélagsins, og einstaklingunum er oftast eitt erfiðasta viðfangsefnið að koma sér upp húsnæði og sá bagginn, sem þeim er einna þyngstur. Það er þess vegna ekki undarlegt, að þessi mál séu jafnan í sviðsljósinu og að þeim beinist áhugi og athygli alls almennings og þá ekki hvað sízt hins unga fólks. Þegar alls er gætt, er lausn þessa stórfellda verkefnis með sem hagkvæmustum hætti ein af meginforsendum þess, að þjóðinni megi lánast að sækja fram á næstu árum og áratugum til bættra lífskjara. Á mörgum liðnum árum hefur, eins og við vitum öll, misjafnlega vel til tekizt þrátt fyrir oft og einatt hin góðu áform. Hvað sem öðru líður, höfum við öðlazt nú í dag þá reynslu, að af henni má draga ýmsa lærdóma, sem við verðum að færa okkur í nyt, og í þessu ljósi skyldu þessi mál öll vera endurskoðuð.

Mjög hefur sá rauði þráðurinn verið í sögu þessara mála hin síðari ár, hversu mjög báglega hefur til tekizt að ná því marki, sem upphaflega var sett, þ. e. að leysa húsnæðisþörf landsmanna með sem haganlegustum hætti og minnstum tilkostnaði. Þrátt fyrir velviðjaðan ásetning hefur oft öndvert gengið. Tilfinnanlegur skortur húsnæðis hefur á þessum tíma yfirleitt verið hin ríkjandi venja. Og í byggingarmáta hefur gætt um of allt of oft óhófs að vissu marki og jafnvel prjáls og lítillar fyrirhyggju, hvað sem annað má segja um haganleik húsnæðis hverju sinni. En framar öllu öðru er það að sjálfsögðu, eins og við vitum öll jafn vel, fjármagnsskorturinn, sem hefur þjakað allt okkar byggingarkerfi.

Þá skyldi maður hafa álitið, að þegar loksins væru

komnar fram till. um breyt. á þessari löggjöf, að til þessa alls hefði verið litið. Það er að minni hyggju og okkar margra síður en svo. Á síðustu vikum þessa þings, sem nú er að ljúka, hefur ríkisstj. flutt frv. um breyt. á þeirri löggjöf, sem við höfum undanfarin ár búið við, og nú er svo að sjá sem höfuðprýði þessa stjfrv., þ. e. a. s. 3. tölul. 6. gr., sé niður fallin, en í þess stað hafa verið hafnir samningar við einstaka lífeyrissjóði og Landssamband lífeyrissjóða um að lána fé að vissu marki í þann sjóð, sem hér um ræðir. Þessu frv. ríkisstj. var í öndverðu mjög illa tekið af öllum þorra manna, og í flestum blöðum eða málgögnum flokka í þessu landi var talið, að slíkt ákvæði væri sízt til fyrirmyndar og ætti að fella það úr löggjöfinni. Og nú hefur það verið almannamál hér á hv. Alþ., að þetta ákvæði skyldi niður falla úr því frv., sem ríkisstj. í öndverðu flutti. Og í raun og veru má segja, að sú fjáröflun, sem fremst skyldi verða og ætluð var að greiða aðgang að betri lánum, væri niður fallin. En hitt er svo allt annað mál, að ýmsir lífeyrissjóðir hafa gengið að því í samningum við ríkisstj. að lána að nokkru marki fé til þess að standa undir þeirri fjármagnsþörf, sem húsnæðismálalöggjöfin þarf á að halda.

Með því að hér er um einn síðasta fund í hv. d. að ræða, þá mun ég ekki lengja mál mitt meira en svo, að ég vil, herra forseti, aðeins mæla nokkur orð fyrir þeim brtt., sem fyrir liggja á þskj. 844. Um þær till., sem hv. formaður heilbr.- og félmn. hefur mælt fyrir, eða að því er varðar hans ræðu af hálfu n., get ég verið fáorður og þarf í raun og veru ekkert um að segja. En um okkar till., hv. 1. þm. Vesturl. og mín, vil ég segja þetta:

1. brtt. er við 3. gr. frv. og er á þá lund, að við 3. gr. frv. bætist ný málsgr., sem orðist þannig:

„Húsnæðismálastjórn er heimilt að láta undirbúa byggingu íbúðarhúsahverfa í kaupstöðum með því að láta gera skipulagsuppdrætti af þeim í samráði við skipulagsnefnd ríkisins."

Þessi gr. er í gildandi lögum, og við, sem flytjum þessar brtt., teljum ekki ástæðu til þess, að hún verði niður felld.

2. brtt. er við 4. gr., stafl. b, sem fjallar um árlegt framlag úr ríkissjóði til byggingarsjóðs. Í frv. er framlagið ákveðið 75 millj. kr. Í núgildandi lögum er framlagið ákveðið 40 millj. kr., og hefur það staðið óbreytt s. l. ár og fram að þessu. Við flm. brtt. teljum, að það sé ekki með sanngirni hægt að mæla gegn þessari hækkun framlagsins, sem hefur verið um langa hríð allt of lágt, og við gerum till. um, að framlagið úr ríkissjóði verði 125 millj. kr., nema hærri fjárhæð sé ákveðin á fjárlögum á hverju ári.

3. brtt. er við 5. gr., og hún er umorðun á þeirri grein. 5. gr. núgildandi laga um Húsnæðismálastofnunina hefur, að því er við bezt vitum, ekki verið framkvæmd að neinu marki, og má jafnvel segja, að hún hafi verið frá upphafi nánast dauður bókstafur. Það er því mjög lítil ástæða til þess að vera að burðast með slíkt ákvæði, og við leggjum til, að þessi gr. frv. falli niður, en í hennar stað komi ný gr. Eins og vitað er, hafa veðlán eða skuldabréf í okkar þjóðfélagi verið lítt eða ekki til sölu með eðlilegum hætti á opinberum markaði. Það má segja, að með stórfelldum álögum eða afföllum hafi skuldabréf selzt, þeim, sem hafa átt þau, til mikils tjóns á hverjum tíma. Till. okkar fjallar um það, að byggingarsjóður gefi út skuldabréf til allt að 35 ára og að kaupendur slíkra bréfa hafi rétt til að draga andvirði þeirra frá skattskyldum tekjum það ár, sem þeir leggja út fé til að kaupa bréfin af byggingarsjóði. En til þess að stemma stigu við því, að of mikið sé keypt af þeim, ef til þess kæmi og tekjurýrnun yrði svo mikil af hálfu ríkisins, eru ákvæði um, að einstaklingar geti fengið allt að 100 þús. kr. í frádrátt fyrir þessi bréf á hverju ári og fyrirtæki allt að 300 þús. kr. í frádrátt. Þessi bankavaxtabréf verði svo líka ríkistryggð, 1/35 hluti hvers lánaflokks af árlegri sölu sé dreginn út hvert ár og full vísitöluuppbót sé greidd á þessi bréf við útdrátt hverju sinni. Þessi bankavaxtabréf eða skuldabréf séu hljóðandi á nafn og hver lánaflokkur megi ekki nema hærri fjárhæð en 300 millj. kr. Að öðru leyti sé það veðdeildarinnar og húsnæðismálastjórnar að ákveða um gerð þessara bréfa og fjárhæð hvers lánaflokks hverju sinni, en vextir af bréfunum séu 6%. Það er ekki endilega víst í upphafi, að þessi fjármögnun húsbyggingarsjóðs verði honum til mikilla nytja eða framdráttar, en þó er að okkar áliti freistandi að gera þessa till. og sjá til, hverju gegnir og hvernig fer. Víða í nágrannalöndum, sérstaklega í Vestur-Þýzkalandi, hefur þessi aðferð verið mjög notuð, sérstaklega á fyrstu árunum eftir heimsstyrjöldina, og þótti leiða til mikils góðs og mikillar og eðlilegrar fjármögnunar fyrir húsbyggingarsjóð þar í landi.

4. brtt. á þskj. 844 er við 8. gr. Í frv. segir, að húsnæðismálastjórn geti enn fremur veitt lán til byggingar leiguhúsnæðis í kaupstöðum og kauptúnum og öðrum skipulagsbundnum stöðum. Þannig er lagt til í frv., að slík lán megi veita hverjum sem er, eins og það nú hljóðar. Þetta ákvæði teljum við, flm. brtt. á þskj. 844, allt of rúmt og þannig, að það geti veitt tækifæri til hvers kyns brasks með leiguhúsnæði, en við teljum, að fráleitt sé að opna hina minnstu smugu í því efni með löggjöf. Þess vegna viljum við binda þessa heimild til lánveitinga við sveitarfélög og Öryrkjabandalag Íslands.

Þá er brtt. okkar við B-lið sömu gr. Í frv. segir, að húsnæðismálastjórn geti, að fengnu leyfi ráðh., breytt lánsfjárhæðinni, sem getur numið allt að 600 þús. kr., eins og í frv. segir, á tveggja ára fresti til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar. Á tímum sífellt hækkandi byggingarkostnaðar og eftirfylgjandi hækkaðrar byggingarvísitölu þykir okkur flm. brtt., að það að halda lánsfjárhæðinni svo lengi niðri eins og frv. greinir sé alveg fráleitt, og við leggjum þess vegna til, að endurskoðun samkv. byggingarvísitölu eigi sér ekki stað á tveggja ára fresti, heldur árlega.

Við C-lið sömu gr. er ein brtt. okkar. Við gerum hér ráð fyrir meginbreytingum, liðurinn orðist að nýju, og breytingarnar eru þessar: Í fyrsta lagi verði vextir af lánum 6%, sem er örlítil hækkun, en lánin verði aftur á móti afborgunarlaus í þrjú ár í stað eins árs, og þau endurgreiðist á 32 árum í stað 25 ára, eins og í frv. segir. Þá gerum við enn fremur ráð fyrir því, að niður falli með öllu vísitölubinding á afborgunum og vöxtum þessara lána. Við teljum það engan veginn réttlætanlegt, eins og efnahags- og kjaramálum almennings er háttað í okkar landi, að einungis þessi lán, sem oft á tíðum og kannske ævinlega eru lán, sem fátækari hluti

þjóðarinnar tekur og þarf við að búa, séu háð vísitöluhækkun, meðan flest eða öll önnur lán eru undanþegin slíkum ákvæðum. Og við flm. erum þess fullvissir, að við erum í þessu efni í samræmi við hina almennu réttarmeðvitund og að þessu leyti er mjög létt undir þeim, sem lánin taka, sem er, eins og ég sagði, sá hluti okkar þjóðar, sem á ógreiðustu leið að því að fá lán.

5. brtt. er við 9. gr. 3. málsl. Þar leggjum við til, að afgreiðsla öll og innheimta í sambandi við þessi lán, húsnæðismálalánin, geti farið fram með þeim hætti, að lántakendur yfirleitt þurfi ekki mjög á sig að leggja ferðalög langar leiðir til þess að geta innt af höndum full lögskil að því leyti.

6. brtt. er við 11. gr. 3. málsgr. Hér leggjum við flm. til, að hækkaðir verði vextir af sparifénu úr 4% upp í 6% og enn fremur að sparifjáreigendur, samkv. þessari grein frv., ekki aðeins megi, heldur skuli fá allt að 25% hærri lán en almennt gerist.

Um 7. brtt. Í 18. gr. frv. er ekki séð við því, að sveitarstjórn sinni ekki því að ákveða um till., sem fram er komin um að hefja byggingu verkamannabústaða. Þess vegna teljum við, til þess að koma í veg fyrir óeðlilegar tafir af hálfu meiri hl. sveitarstjórnar, sjálfsagt að setja ákvæði inn í frv. um, að henni skuli skylt að gangast fyrir því, að framkvæmdir verði hafnar, eins og segir nánar í þessari gr. frv., þannig að sveitarstjórn, sem hefur ekki ákveðið að hefja byggingar samkv. þessum kafla laga um verkamannabústaði, sé skylt, þá er byggingarfélag verkamanna á staðnum hefur ákveðið að til framkvæmda skuli ganga, að ganga undir allar þær skuldbindingar, sem samkv. lögum fylgja því.

8. brtt. er við 20. gr. Við teljum, að það sé eðlilegt og í rauninni höfuðnauðsyn, að Byggingarsjóður verkamanna, þegar sérstaklega stendur á og hann er í fjárþröng, hafi heimild til þess að taka lán til útlánastarfsemi hverju sinni. Þess vegna leggjum við til, að inn í frv. verði skotið ákvæði þess efnis, að sveitarstjórn geti tekið lán og ríkissjóður ábyrgist slík lán, sem hlutaðeigandi sveitarsjóður kann að taka hverju sinni.

Þá er nýr kafli, sem við gerum till. um, að settur verði inn í þetta frv., þ. e. a. s. á eftir IV. kafla, um verkamannabústaði, komi nýr kafli, sem verði V. kafli, um leiguhúsnæði. Hann hljóði á þessa lund:

„Nú kýs sveitarfélag að koma sjálft upp íbúð eða íbúðum og leigja lágtekjufólki, sem af eigin rammleik getur ekki eignazt húsnæði, og er þá húsnæðismálastjórn heimilt að leyfa slíkar byggingar og lána til þeirra á sama hátt og til verkamannabústaða. Húsnæðismálastjórn setur reglur um leigukjör slíkra íbúða.“

Ég hygg, að það þurfi ekki að hafa mörg orð um það, að víða í þorpum og kaupstöðum úti um land er svo mikil þörf á því að hafa leiguhúsnæði laust til afnota fyrir ýmsa menn og margvíslegt fólk, sem þorpið eða kaupstaðurinn hefur á hverjum tíma þörf fyrir, að vinni á staðnum, en ævinlega eða oftast er það svo, að sá mikli þröskuldur, sem er í þessu efni, er skortur á húsnæði fyrir þetta fólk. Þessi kafli frv., sem við gerum ráð fyrir að verði skotið þarna inn, á að geta gilt fyrir þetta í framtíðinni.

Síðan komum við að 10. brtt. Um hana má segja það fyrst og fremst, að við leggjum til, að í b-lið ákvæða til bráðabirgða komi í stað 35 millj. kr. 85 millj. kr. Við teljum, að það sé algert lágmark í þessu efni.

Að síðustu er það c-liður 10. brtt. Þar leggjum við til, að á eftir tölul. 4 í ákvæðum til bráðabirgða komi nýr tölul., þar sem segir, að það fé, sem Byggingarsjóður ríkisins leggur af mörkum til framkvæmdaáætlunar um byggingar í Breiðholti í Reykjavík, beri framkvæmdanefnd áætlunarinnar að endurgreiða byggingarsjóði eftir þeim reglum, sem ráðh. setur, en ríkisstj. afli þess fjár, sem framkvæmdanefndinni þannig er skylt að endurgreiða. Þegar þetta fé er komið í byggingarsjóðinn, þá sé því af hálfu húsnæðismálastjórnar úthlutað eftir reglum hins almenna veðlánakerfis.

Á árinu 1965 var í sambandi við kjarasamninga, sem gerðir voru milli ríkisstj. og verkalýðsfélaganna, ákveðið, að hefja skyldi byggingu íbúða í Reykjavík samkv. áætlun þar um. Þeir félagsmenn í verkalýðsfélögum, sem keyptu þessar íbúðir, skyldu eiga kost á allt að 80% lánum út á verðmæti íbúðanna. Það var ráð fyrir því gert, að veitt yrðu lán úr Byggingarsjóði ríkisins vegna þessara íbúða, sem samsvöruðu lánum, sem aðrir húsbyggjendur fengju úr þessum sama sjóði, þ. e. a. s. Byggingarsjóði ríkisins. Að öðru leyti skyldi ríkisstj. útvega fjármagn til framkvæmdanna. Þannig höfum við, flm. þessarar till. um breyt. á ákvæðum til bráðabirgða, skilið þetta efni. Þá var líka tekið fram, að samið yrði við Atvinnuleysistryggingasjóð um lánveitingar út á þessar íbúðir og kæmu þau lán til viðbótar lánum frá húsnæðismálastjórn.

Svo hófust byggingaframkvæmdir í apríl 1967, og húsum í þessu hverfi valinn staður. Fyrsta áfanga er nú lokið, og þar hafa risið upp, eftir því sem ég bezt veit og síðast hef fengið vitneskju um, um 350 íbúðir, og heildarkostnaðurinn, þá er ég síðast vissi, var talinn vera um 400 millj. kr. Vegna þessara framkvæmda hefur byggingarsjóðurinn lagt út tæpar 290 millj. Miðað við venjuleg lán hefði sjóðurinn átt að lána 154 millj. Fyrir þessa sök hefur Byggingarsjóður ríkisins allt að 127 millj. kr. minna til úthlutunar í hinu almenna veðlánakerfi en annars hefði orðið. Þessi geysilega skerðing á fjármunum byggingarsjóðs hefur að sjálfsögðu valdið því, að ekki hefur verið unnt að fullnægja nema takmörkuðum hluta þeirra lána, sem almenningur sótti um. Þetta hefur þess vegna valdið stórtjóni margra þeirra, sem hafa verið að byggja hús nú á allra síðustu árum.

Þessa fjármuni teljum við að ríkisstj. eigi að endurgreiða byggingarsjóði, þessar 127 millj. kr., og vegna þeirra loforða, sem gefin voru, og samninga sé hún í raun og veru skuldbundin til þess að útvega og leggja af mörkum við byggingarsjóð þessa fjárhæð. Till. okkar fjallar einmitt um þetta, og við teljum þetta í raun og veru algert lágmark þess, sem krafizt verður af ríkisstj., að hún láti af hendi gagnvart því fólki, sem sækir svo mjög ákaft eftir lánum og hefur fulla þörf fyrir þau.

Að öðru leyti vil ég segja það, að ég er samþykkur frv., eins og það liggur fyrir, en vænti þess, að hv. d. sjái sér fært að greiða atkv. þeim brtt., sem við hv. 1. þm. Vestf. höfum lagt fram hér í hv. deild.

Sigurður E. Guðmundsson: Herra forseti, virðulega þd. Það frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, er

hér liggur nú fyrir til umr., er að mínu viti stórt og mikilvægt spor fram á við í húsnæðismálum íslenzku þjóðarinnar. Vænta má, að á grundvelli þess geti orðið um verulegar framfarir að ræða í húsnæðismálunum með svipuðum hætti og varð árið 1965, en þá voru síðast gerðar stórbreytingar á lögum um stofnunina, þótt annars eðlis væru. Við erum stödd á nokkrum tímamótum í húsnæðismálunum, og því þykir mér tilhlýðilegt að líta yfir farinn veg í lánamálum stofnunarinnar.

Ég skal láta það ógert að eyða tíma yðar í að rekja þær breytingar, sem orðið hafa á hámarkslánum stofnunarinnar til íbúðabygginga þau ár, sem liðin eru frá því að veiting íbúðalána hófst hinn 2. nóv. 1955. Lengi vel var fjármagn í þessu skyni afar takmarkað og lánin lág. En með breytingum þeim, sem gerðar voru á gildandi lögum um stofnunina vorið 1965, stórjókst ráðstöfunarfé hennar, og jafnframt voru sett lagaákvæði, er tryggðu verulega hækkun íbúðalánanna. Á þeim tíma, sem liðinn er síðan, hefur stofnunin í rauninni lyft Grettistaki í lánamálunum og tekizt að áorka miklu meiru en gert var ráð fyrir, að unnt yrði, þegar lögin voru sett.

Eins og áður sagði, hófst veiting íbúðalánanna, er ég nefni svo, hinn 2. nóv. 1955. Nú liggur fyrir yfirlit um starfsemina síðan og allt til ársloka 1969. Samkv. því hafa á tímabilinu 1955 til ársloka 1969 verið veitt 35 398 íbúðalán út á 14 044 íbúðir, samtals að upphæð rúmir 2 milljarðar 649 millj. og 650 þús. kr. Þar af hafa íbúðalánin á tímabilinu 1965—1969, að báðum árunum meðtöldum, numið 1961 millj. 199 þús. kr., eða u. þ. b. 4/5 alls þess fjármagns, sem farið hefur um hið almenna veðlánakerfi þau 14 ár, er það hefur starfað.

Fyrir liggur einnig yfirlit um það, hve íbúðalán hafa verið veitt til margra íbúða í hverju kjördæmi um sig og hver heildarupphæð íbúðalána þar er á umræddu 14 ára tímabili. Það yfirlit er á þessa leið: Íbúðalán hafa verið veitt til 650 íbúða í Vesturlandskjördæmi, samtals að upphæð 105.9 millj. kr. Í Vestfjarðakjördæmi hafa verið veitt íbúðalán til 337 íbúða, samtals að upphæð 54.8 millj. kr. Veitt hafa verið íbúðalán til 278 íbúða í Norðurlandskjördæmi vestra, að upphæð samtals 38.7 millj. kr. Í Norðurlandskjördæmi eystra hafa verið veitt íbúðalán til 1 072 íbúða, samtals að upphæð 197.3 millj. kr. Íbúðalán hafa verið veitt til 531 íbúðar í Austurlandskjördæmi, samtals að upphæð 104.6 millj. kr. Í Suðurlandskjördæmi hafa verið veitt íbúðalán til 1 013 íbúða, samtals að upphæð 166.7 millj. kr. Í Reykjaneskjördæmi hafa verið veitt íbúðalán til 3 479 íbúða, samtals að upphæð 582.8 millj. kr. Og í Reykjavík hafa verið veitt íbúðalán til 6 684 íbúða, samtals að upphæð 1 milljarður 398.9 millj. kr. Fæstar íbúðir hafa notið íbúðalána í Norðurlandskjördæmi vestra, eða 278 talsins, og flestar í Reykjavík, eða 6 684 talsins. Til íbúða í Reykjavík hefur runnið meira en helmingur þess fjármagns, er streymt hefur um hið almenna veðlánakerfi þessi 14 ár.

Herra forseti. Fjármagn, menntun og dugur eru undirstaða þess, sem gjöra skal. Það er vissulega ánægjuefni, að Byggingarsjóður ríkisins skuli hafa verið þess megnugur að leggja þann grundvallarskerf af mörkum í húsnæðismálum þjóðarinnar, er áðurgreint yfirlit ber með sér, og er þó engan veginn talið allt starf Húsnæðismálastofnunarinnar, hvorki í tæknimálum né lánamálum. En þótt bæði íbúðalánin almennt og ráðstöfunarfé stofnunarinnar hafi aukizt í ríkum mæli og þótt enn sé fyrirhugað að hækka mjög íbúðalánin frá og með næstu áramótum sem og ráðstöfunarféð, er að fleiru að hyggja, og margar aðrar hliðar húsnæðismálanna skipta afar miklu máli. Þess er enginn kostur að gera þeim öllum fullnægjandi skil hér og nú, en ekki get ég látið hjá líða að fjalla lítillega um nokkrar, sem mjög mikilsverðar eru.

Það atriði, er borið hefur einna hæst í umr. um íbúðabyggingar á umliðnum árum, er vafalaust lækkun byggingarkostnaðarins. Það hefur verið talið stórmikið hagsmunamál þjóðarinnar allrar og skal ekki úr því dregið, hve mikla þýðingu það hefði, ef unnt væri að minnka nokkuð eða verulega byggingarkostnaðinn frá því, sem nú er. Það er vitaskuld augljóst, að þótt mikilvægt sé, að íbúðalán veðlánakerfanna tveggja geti verið sem stærstur hluti kostnaðarverðs hverrar íbúðar, þá er engan veginn einhlítt að stefna sífellt í átt til hærri íbúðalána. Það gefur augaleið, að ekki er síður mikilvægt að vinna jafnframt að stöðugri lækkun byggingarkostnaðarins, þannig að hann sé í sem eðlilegustu horfi á hverjum tíma.

Árið 1960 kom hingað til lands sem sérlegur ráðgjafi Robert L. Davison frá tækniaðstoð Sameinuðu þjóðanna. Dvaldist hann hér um 6 mánaða skeið á vegum Húsnæðismálastofnunarinnar við athugun á húsnæðismálum landsmanna. Í lok veru sinnar skilaði hann skýrslu um þessi mál, sem er hin fróðlegasta og hefur enn ákveðið gildi. Telur hann, að ástæðan fyrir háum byggingarkostnaði íbúða hér á landi sé m. a. léleg hönnun íbúða, léleg skipulagning vinnu, skortur á samfelldum verkefnum og stórum byggingarfélögum, fjármagnskortur og hár vaxtakostnaður sem og há opinber gjöld. Hann segir einnig, að ef 5% af því fjármagni, sem varið er til íbúðalána, yrði varið til byggingarrannsókna og tilrauna, mætti spara margfalt þá upphæð í kostnaði við íbúðabyggingar í náinni framtíð. Haraldur Ásgeirsson forstjóri Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins hefur nýlega sagt við mig, að þessi staðfesting hafi enn fullt gildi.

Lækkun byggingarkostnaðarins er ekki einfalt mál. Að lækkun hans verður því að vinna eftir mörgum leiðum, sem eru bæði framkvæmdalegs, fjárhagslegs og tæknilegs eðlis. Í rauninni er þar um að ræða viðleitni okkar allra til þess að fá sem mest af góðu íbúðarhúsnæði fyrir sem minnst fé. Að því verður að stefna á næstu árum, og því vil ég leyfa mér að ræða hér nokkuð þau verkefni, er ég tel einna brýnast að vinna þurfi að.

Fyrst vil ég leggja áherzlu á hina brýnu nauðsyn þess, að sveitarfélögin, einkanlega hin stóru hér á Suðvesturlandi, taki verulegt tillit til lánagetu þeirra tveggja aðalveðlánakerfa, er fjármagna íbúðabyggingar að verulegu leyti, þegar þau skipuleggja þær með veitingu lóða. Því miður er alls ekki um það að ræða, að bæjarfélögin annars vegar og veðlánakerfin hins vegar samræmi að neinu leyti aðgerðir sínar að því er íbúðabyggingar varðar. Þetta skipulagsleysi getur valdið miklum erfiðleikum og hefur raunar gert það. Í því efni er þess raunar skemmst að minnast, er hafnar voru

íbúðabyggingar næstum samtímis í tveimur stórum þéttbýlishverfum í Reykjavík, þ. e. a. s. Fossvogi og Breiðholti. Meginþungi þeirra framkvæmda kom á árið 1967 og jafnaðist síðan yfir árin 1968 og 1969. Hið almenna veðlánakerfi Húsnæðismálastofnunarinnar og veðdeildar Landsbankans fékk auðvitað engan veginn ráðið við svo stórt átak, er kom skyndilega og átti að framkvæma á skömmum tíma. Varð þetta m. a. til þess, að íbúðabyggingar í þessum tveimur hverfum hafa vafalaust orðið dýrari en ella, ef lánsféð hefði borizt til þeirra með eðlilegum hætti, og ekki síður hins, að íbúðabyggjendur í þessum hverfum, ekki sízt í Fossvogi, lentu í verulegum erfiðleikum. Ég tel, að það sé eitt meginverkefnið í byggingariðnaðinum á komandi árum að skipuleggja og samræma þetta tvennt: útlán veðlánakerfanna annars vegar og lóðaveitingar bæjarfélaganna hins vegar.

Á þessu máli er líka önnur hlið, en hún er nauðsyn þess, að sveitarfélögin, einkanlega hin stóru hér á Suðvesturlandi, hagi aðgerðum sínum í lóðamálum á þann veg, að þær stuðli að jafnri og samfelldri þróun í íbúðabyggingum. Þessa hafa stærstu bæjarfélögin, er mesta þýðingu hafa í þessum efnum, engan veginn alltaf gætt sem skyldi, og því hafa aðgerðir þeirra í lóðamálunum oft og tíðum fremur aukið á og ýtt undir miklar sveiflur í byggingu íbúða í stað þess að leitast við að jafna þær. En um það eru allir þeir sammála, er við þessi mál fást, að mikilsvert væri og miklu heppilegra og hagkvæmara fyrir alla aðila, ef bygging íbúðarhúsnæðis færi fram jafnt og þétt, árlega, en gengi ekki í bylgjum, eins og verið hefur oft og tíðum.

Ég sagði áðan, að leiðirnar til lækkunar byggingarkostnaðarins væru framkvæmdalegs, fjárhagslegs og tæknilegs eðlis. Sé framkvæmdaleiðin könnuð lítið eitt, kemur í ljós, að meðal mikilvægustu verkefna á því sviði er myndun fárra, en stórra framkvæmdaaðila í stað fjölda lítilla. Enginn vafi er á því, að stórir framkvæmdaaðilar hafa miklu meiri möguleika til að framleiða ódýrt, en jafn gott húsnæði en litlir aðilar. Ýmsar aðstæður þurfa auðvitað að vera fyrir hendi til myndunar slíkra stóraðila, en þær skulu ekki ræddar hér. Mikilvægt atriði er líka það, að bæjarfélögin gefi slíkum aðilum tækifæri til að starfa með sem hagkvæmustum hætti um nokkra hríð á því sem næst sama stað, þegar byggingasvæði eru skipulögð. Þá er nægilegur undirbúningur framkvæmdaaðila á öllum sviðum, áður en byggingar eru hafnar, einnig afar mikilsverður. Þá skiptir miklu máli, að fyrir hendi sé jafnan samstætt og þjálfað starfslið, er geti stundað starf sitt samfleytt, en þurfi ekki að búa við atvinnuskort eða atvinnuleysi af og til.

Sé fjárhagsleiðin til lækkunar byggingarkostnaðar athuguð lítið eitt, kemur í ljós, að mikilsvert væri, ef unnt verður að koma til leiðar samstarfi eða sameiningu veðlánakerfanna tveggja að meira eða minna leyti. Vafalaust er, að þá skapaðist betri fjárhagsgrundvöllur fyrir íbúðabyggingar í landinu. En miklu máli skiptir einnig, að lánsfjármagni veðlánakerfanna sé beinlínis beitt til þess að koma á fót eða treysta í sessi jákvæða og heilbrigða framkvæmdaaðila, er framleiði og selji íbúðir á hóflegu verði. Sú þróun er þegar hafin að nokkru af hálfu Byggingarsjóðs ríkisins, en hún þarf að færast í aukana og styrkjast að mun.

Sé að lokum hin tæknilega leið til lækkunar byggingarkostnaðar könnuð, blasir við nauðsyn þess, að þeir opinberu aðilar, er hafa lækkun byggingarkostnaðar á stefnuskrá sinni, samhæfi krafta sína að hinni tæknilegu lausn þess máls og fái aðstöðu til að koma niðurstöðum sínum á framfæri. Nú er sú viðleitni margskipt og í of litlum tengslum innbyrðis. Hana þarf að samtengja, og jafnframt þarf að tryggja þeirri starfsemi verulegt fjármagn, enda mun það skila sér margfalt aftur, eins og ég hafði í upphafi eftir hr. Davison. En á það verður að leggja áherzlu og það má aldrei gleymast, að lækkun byggingarkostnaðar á og verður að koma hinum almenna borgara til góða, þeim er á að njóta húsnæðisins. Lendi hann í vösum framkvæmdaaðilans, milliliða eða fasteignasala, er allt unnið fyrir gýg.

Áður en ég lýk þessum þætti máls míns, vil ég leyfa mér að fjalla í stuttu máli um nauðsyn þess, að aukinn verði hluti lífeyrissjóðakerfisins í veðlánum til íbúðabygginga í landinu. Þegar núgildandi lög um Húsnæðismálastofnunina voru sett árið 1965 og henni voru fengnir núverandi tekjustofnar, var gert ráð fyrir því, að með þeim mætti veita íbúðalán til 750 íbúða á ári, en lífeyrissjóðakerfið veitti lán til annarra 750 íbúða. Var þá talið, að nýjum íbúðum þyrfti að fjölga um 1500 á ári. Þetta hefur þó farið á annan veg, því að Byggingarsjóður ríkisins hefur á þessum árum eftir sem áður í rauninni veitt íbúðalán til nánast allra þeirra íbúða, sem byggðar hafa verið í landinu, annars staðar en í sveitum, og því hefur hann venjulega veitt lán til 1000—1.200 íbúða á ári. Þetta hefur hann getað, vegna þess að tekjustofnar hans hafa dugað miklu betur en ráð var fyrir gert, og þetta varð hann að gera, vegna þess að því varð eigi komið í framkvæmd, að lífeyrissjóðakerfið fjármagnaði með lánum sínum smíði u. þ. b. helmings nýrra íbúða í landinu, eins og fyrirhugað var þó. Vafalaust hefur af þessum orsökum og fleirum safnazt saman talsvert fé hjá lífeyrissjóðunum seinni árin, enda hafa þeir yfirleitt ekki heldur hækkað íbúðalán sín á þessum árum, á sama tíma og Byggingarsjóður ríkisins hefur árlega stórhækkað sín íbúðalán, né heldur hafa þeir veitt ráðstöfunarfé sínu skipulega til fjármögnunar annars iðnaðar eða annarra atvinnugreina í landinu. Því er einnig við að bæta, að ekkert liggur fyrir um það, að hve miklu leyti lán lífeyrissjóðakerfisins á þessum tíma og fyrr hafa runnið beint til nýrra íbúða og að hve miklu leyti til eldri íbúða, fyrir utan það fé, sem sjóðirnir kunna að hafa lánað til annarra framkvæmda. Því verður að treysta, að það fé úr lífeyrissjóðunum, er veitt hefur verið til bygginga nýrra íbúða, hafi beinlínis verið notað við smíði þeirra. Það fjármagn hefur þó áreiðanlega verið miklum mun minna á ári hverju en það fjármagn, er Byggingarsjóður ríkisins hefur veitt til nýrra íbúða. Sjálfsagt hefur líka talsverður hluti þess fjármagns, er lífeyrissjóðirnir hafa veitt með veði í eldri íbúðum, verið notað til kaupa eða viðgerða á þeim, enda mikil nauðsyn á, að fasteignalán séu veitt í því skyni. En vafalaust hafa líka verið mikil brögð að því, að tekin hafa verið veð í eldri íbúðum fyrir lífeyrissjóðslánum og lántakendur síðan notað þau til annarra þarfa. Liggur þar vafalaust stórfé. Út af fyrir sig er

kannske heldur ekkert við því að segja, menn hafa verið frjálsir að því. En vafalaust fær það ekki heldur staðizt, er fullyrt var af einum hv. alþm. í Nd. við 1. umr. málsins, að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna renni að 9/10 til húsbygginga. Sannleikurinn er sá, að Byggingarsjóður ríkisins hefur undanfarin ár borið hita og þunga dagsins af lánveitingum til nánast allra almennra íbúðabygginga í landinu, að sveitunum undanskildum, jafnt til þeirra einstaklinga, sem eru í lífeyrissjóðunum, og hinna, sem utan þeirra hafa verið. Starf lífeyrissjóðanna á þessu sviði hefur engan veginn verið sambærilegt við lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins, enda voru þeir til annars stofnaðir. Því neitar samt enginn, að lífeyrissjóðirnir hafa auk veðlána til nýbygginga veitt sjóðfélögum sínum umtalsverða aðstoð við kaup á eða til viðgerða á eldri íbúðum. En slíkrar aðstoðar hafa líka margir farið á mis, þ. e. allir þeir, er ekki hafa verið aðilar að sjóðunum.

Ég tel, að það sé afar röng stefna hjá lífeyrissjóðunum að vilja vera einhvers konar ríki í ríkinu, ef svo mætti segja. Stefna þeirra hefur verið sú, að þeir væru aðeins til fyrir sína félagsmenn, en ekki þá, er utan þeirra stæðu. Það er afar eðlilegt, að því er varðar greiðslu lífeyris. En slíkur „prívat-kapítalismi“ eða einkaauðhyggja í notkun ráðstöfunarfjár sjóðanna er ekki góð og gild nú á dögum. Sannarlega komast sjóðirnir ekki hjá því að verja fé sínu almennt til þjóðheilla með því að veita því til uppbyggingar þjóðlífinu, bæði á sviði íbúðabygginga og annars staðar, eftir því sem ákveðið verður og geta þeirra og skuldbindingar leyfa. Þetta hefur lífeyrissjóðunum nú skilizt og þó ekki fyrr en knýja átti þá með lögum eftir margra ára þóf til að taka meiri og sanngjarnari þátt í fjármögnun íbúðabygginga en þeir hafa gert. Augljóst er, að með samkomulaginu við ríkisstj. hafa lífeyrissjóðirnir nú beygt sig fyrir þessari stefnu og hún orðið ofan á, þótt með öðrum hætti hafi orðið um sinn en ráðgert var í upphafi, er frv. var lagt fram. Ber að fagna því.

Herra forseti. Ég vil í lok þessa máls míns víkja að frv. því, er hér liggur fyrir. Mun ég þó ekki hafa mörg orð um það, enda hef ég haft aðstöðu til þess að koma aths. mínum og ábendingum á framfæri á fyrri stigum við afgreiðslu þess. Ég sagði í upphafi, að það væri mikilvægt framfaraspor í húsnæðismálum landsmanna. Það kemur glöggt fram í þeim hluta frv., er fjallar öðru fremur um hin almennu íbúðalán og mál þeim skyld. Má þar minnast á hina nýju hækkun íbúðalána, er tekur gildi um næstu áramót, þá nýju fjáröflun, er bráðabirgðasamkomulag hefur fengizt um, hækkun ríkissjóðsframlagsins og ýmsar og ýmiss konar breytingar, er ég rek ekki, en hafa þó sumar hverjar verulegt gildi.

Hinn kafli frv., er fjallar um verkamannabústaðina, sætir þó enn meiri tíðindum, enda má næstum segja, að með þeim kafla sé verkamannabústaðakerfið endurvakið. Meginbreytingarnar eru í því fólgnar, að byggingarfélög verkamanna eru lögð niður, en í staðinn settar á stofn samkv. nánari ákvæðum stjórnir verkamannabústaða. Sérhvert verkamannabústaðalán er hækkað í 80% af kostnaðarverði hverrar slíkrar íbúðar, og sá hluti þess, sem kemur úr Byggingarsjóði verkamanna, er með mjög viðráðanlegum kjörum. Loks er Byggingarsjóður verkamanna fenginn í hendur veðdeildar Landsbankans og Húsnæðismálastofnunarinnar. Er þar um að ræða mikilvægt samræmingaratriði.

Það er skoðun mín, að með samþykkt þessa frv., ef að lögum verður, hafi ekki aðeins orðið mikilvæg framför í húsnæðismálum þjóðarinnar, heldur hafi Alþfl. einnig tekizt að þoka verulega fram á við félagsstefnu sinni í húsnæðismálunum. Grundvöllur þeirrar stefnu er það viðhorf, að húsnæðismálin séu sameiginleg viðfangsefni borgaranna, er þeim beri að leysa saman, eftir því sem aðstæður leyfa, á sem hagkvæmastan hátt með þeim stjórntækjum og stofnunum, er þeir hafa myndað með sér. Andstæða þessarar stefnu er það viðhorf, að húsnæðismálin séu einstaklingsbundið vandamál hvers og eins, er honum beri að leysa, eftir því sem efni og aðstæður leyfa. Á grundvelli hins fyrra viðhorfs byggist starfsemi á borð við byggingu íbúðarhúsnæðis í verkamannabústöðum á vegum sveitarfélaga og byggingarsamvinnufélaga. Á grundvelli einkaviðhorfsins í húsnæðismálunum byggist það ástand, sem í rauninni er ríkjandi og einkennist af of dýrum íbúðum, sem menn eiga afar erfitt með að eignast og greiða skatta og skyldur af.

Herra forseti. Ég lýk máli mínu með því að láta þá von í ljós, að hið félagslega viðhorf í húsnæðismálunum eigi eftir að ryðja sér enn frekar til rúms, enda tel ég, að það sé hið eina, er eigi rétt á sér fyrir allan þorra manna.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að tala hér langt mál, enda eru menn orðnir fúsir til þess að fara heim af þingi, en ég hafði hugsað mér að flytja ásamt hv. 11. þm. Reykv. tvær brtt. við frv., og það er aðaltilefnið til þess, að ég kom hér upp í ræðustólinn.

Þó vildi ég aðeins, áður en ég vík að þessum brtt., segja það, að ég tel það að vísu ákaflega fjarri lagi, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að þetta frv. væri stórt spor í framfaraátt, því að ég held, að fyrir því sé ekki hægt að færa nein rök, að svo sé, þó að sjálfsagt sé að viðurkenna það, sem rétt er, að sitthvað í þessu frv. horfir til bóta frá því, sem áður hefur verið, sérstaklega eftir að búið er að sníða af því í meðferð þingsins verstu vankantana, sem á því voru, og á ég þar sérstaklega við þann harkalega leik, er leika átti lífeyrissjóðina.

Ræðumaður sagði, að það væri röng stefna hjá lífeyrissjóðunum að ætla að verða einhvers konar ríki í ríkinu, slíkur „prívat-kapítalismi“ gengi ekki, þeim eigi að verja til þjóðarheilla. Nú er það svo, að flestir lífeyrissjóðirnir hafa það að sínu meginverkefni að verja fé sínu til þess að lána það til húsnæðismála, og sé ég ekki, að neinn sé bættari með því að bæta þar inn í neinum milliaðila til að afhenda það fé. Það er auðvitað margt, sem þarna kemur fleira til greina, t. d. það, sem snýr að okkur landsbyggðarmönnum á þeim stöðum í landinu, þar sem ekki er þörf bygginga, þar sem fólki fjölgar ekki, en þarfirnar eru aftur á öðrum sviðum gífurlega miklar, og mér finnst ákaflega eðlilegt, að fé lífeyrissjóðanna, sem þar til fellur, verði fyrst og fremst notað til þess, en ekki til byggingarmála hér á höfuðborgarsvæðinu. En það er náttúrlega ekki nein ný stefna, að þessi fjárfesting fari fram. Öll lög um Húsnæðismálastofnunina stefna að stórfelldum flutningi

fjármagns úr byggðum landsins og inn á höfuðborgarsvæðið. Það er kannske ekkert mikið við því að segja, en á það hygg ég þó ekki vera bætandi. Hitt er svo allt annað mál, að ég tel það vera rétta stefnu og sjálfsagða, að þegar fleiri en einn aðili fást við slík mikilvæg verkefni eins og húsnæðismálin, þá taki þeir a. m. k. mið hver af öðrum og hafi um þau nauðsynlega samvinnu.

Það, sem mér finnst höfuðgallinn við þetta frv., er það í fyrsta lagi, að í því felst í raun og veru sáralítil eða jafnvel engin aukning á ráðstöfunarfé til byggingamála í landinu. Og annað það, sem ég tel ekki minni galla, að í frv. felast engar úrbætur, sem draga verulega úr húsnæðiskostnaðinum. Ég held, að ein mesta nauðsyn í sambandi við húsnæðismálakerfið væri að finna því tekjustofn, sem ekki væri ætlaður til að auka eigið fé sjóðsins, heldur miklu fremur til þess að greiða niður vextina og lækka þannig með þeim hætti húsnæðiskostnaðinn. Það er í raun og veru eina leiðin, sem við höfum, ef við eigum ekki að halda áfram að búa við þann óhæfilega húsnæðiskostnað, sem öðru fremur hefur verið verðbólguvaldurinn í okkar þjóðfélagi. Það verður að beina fjármagni til þess að bæta þessi kjör. Ekkert slíkt felst í þessu frv. Ég hefði t. d. talið fullkomlega frambærilegt núna, miðað við þá afkomu, sem atvinnuvegirnir í þjóðfélaginu hafa, að launaskattur hefði verið hækkaður um ½ til 1% og það fé látið renna til að lækka vextina með einhverjum hætti, annaðhvort með því að hverfa frá vísitölulánakerfinu, sem ég tel vera ákaflega ósanngjarnt, sérstaklega vegna þess að engin önnur lán í landinu eða svo til engin eru veitt með slíkum hætti, eða þá að bæta kjörin á annan hátt.

Hér á síðustu stundu þýðir kannske ekki mikið um þetta að tala, og læt ég útrætt um það, en ég legg áherzlu á það, að ég held að þetta frv. leysi alls ekki vandann með fullnægjandi hætti, jafnvel þó að sagt sé, að hér sé um gagngerða endurskoðun á frv. að ræða. Sannleikurinn mun vera sá, að húsnæðismálastjórn hafi unnið alllengi að endurskoðun laganna, en málið síðan verið tekið úr höndum hennar og aðrir — ég er ekki að segja óhæfir menn, — hafi tekið verkefnið að sér og haft mjög skamman tíma til þess að ljúka því, enda ber meðferð þingsins á frv. þess greinileg merki, að það hefur ekki verið um vandaða vinnu að ræða.

En sem sagt, ég hef ekki fyrst og fremst ætlað að tala hér til þess að ræða almennt um frv., heldur um þessar tvær till., sem við hv. 11. þm. Reykv. ætlum að biðja forseta að leita afbrigða fyrir.

Fyrri till. er við 1. gr., þ. e. a. s. um skipun húsnæðismálastjórnar. Það gæti orðið ærið tilefni til umræðna, hvernig slík stjórn á að vera skipuð, og inn í þær umr. gæti gjarnan borizt ómurinn af því umtali, sem hefur að undanförnu farið fram hér á hv. Alþ. um nefndir. En það er ekki einasta, að nefndunum fjölgi, og ætla ég ekkert að ræða um það. Stundum kann það að vera nauðsyn, stundum ekki. En það er annað, sem er að gerast og hefur verið að gerast á seinni tímum, að það er ekki nægilegt, að nefndunum sé fjölgað, heldur er alltaf verið að fjölga í nefndunum. Yfirleitt eru þær nefndir, sem fyrir fáum árum voru 5 manna n., nú orðnar 7 manna n., og nú með þessu frv. er farið í það að gera þessa úthlutunarnefnd að 8 manna n. Ég held, að þessi þróun geti ekki talizt til neinna bóta, það út af fyrir sig að fjölga stöðugt í n. í þeim eina tilgangi, að gömlu pólitísku flokkarnir geti með sæmilegum friði skipt störfum í n. á milli sín. Ég held, að þar þurfi að hafa önnur sjónarmið.

En það, sem meginmáli skiptir í sambandi við þá till., sem við erum hér með, er, að við teljum, að það sé a. m. k. tilraunanna vert að hverfa frá því pólitíska úthlutunarkerfi, sem ríkt hefur í húsnæðismálunum og hefur vægast sagt reynzt misjafnlega, oft illa og í annan tíma misjafnlega. Ég vil þó taka það skýrt fram, að þar á ég ekki á nokkurn hátt við það, að starfsmenn þessarar stofnunar hafi ekki unnið störf sín af kostgæfni og ævinlega verið gott til þeirra að leita, jafnt þeirra, sem þar starfa nú, og annarra. Og auðvitað hefur það verið svo, að í þessari n. hafa verið mætir menn, a. m. k. innan um, skulum við segja, og það ber ekki heldur að skoða þessa till. sem sérstaka árás á þá persónulega. Hins vegar er það mín skoðun a. m. k. og ég hygg líka hv. meðflm. míns, að þessu mætti skipa með betri hætti, ekki kannske fyrst og fremst ódýrari hætti, því að það er kannske minnst á mununum í þeirri súpu, sem þarna er hrært í, hvort nm. eru 5 eða 8, heldur hitt, að við teljum, að þessi mál ættu fremur að vera í höndum annarra en beinna fulltrúa pólitísku flokkanna.

Ef við athugum málið aðeins lauslega, þá sýnist auðsætt, að þetta er auðvitað mál allrar þjóðarinnar. Það er vissulega rétt að reyna að lækka húsnæðiskostnað og þeim málum sé skipað á sem hagkvæmastan hátt. En á engum hvílir þetta þó þyngra, hvernig fer um þessi mál, en annars vegar almenningi, launafólkinu í landinu, og hins vegar þeim, sem við atvinnurekstur fást. Og það er skoðun okkar, að þessum málum væri betur borgið á margan hátt í höndum þessara aðila og þá undir forustu ríkisvaldsins en í því pólitíska kerfi, sem við höfum haft slæma reynslu af og ég ætla ekki að fara að efna til umr. um með því að taka einstök dæmi, en þar er vissulega af nógu að taka, því misferli, sem hefur átt sér stað bæði fyrr og síðar.

En meginefni þessarar till. okkar er sem sagt það, að í stjórninni skuli eiga 5 menn sæti, eins og nú er, og með því að spara að bæta þar 3 við algerlega að óþörfu. Skulu tveir þeirra vera skipaðir samkv. sameiginlegri tilnefningu Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, þ. e. a. s. launamannanna, stærstu samtaka launamanna annars vegar, og hins vegar tveir eftir tilnefningu fjögurra stærstu samtaka atvinnurekstrarins í landinu, og loks sé einn skipaður af ráðh., og sé hann formaður n. Varamenn skulu vera jafnmargir og valdir á sama hátt.

Það er öllum ljóst, að hér er auðvitað um gagngerða breytta skipan á þessum málum að ræða. En ég er sannfærður um það, að þessum málum verður naumast skipað, svo að vel fari til frambúðar, öðruvísi en um þessi grundvallarmál, vil ég segja, í okkar hagkerfi sé mjög mikið og náið samband á milli hagsmunasamtakanna, bæði atvinnurekenda og launþega, og í þá átt gengur þessi till. að koma þeirri skipan á, að hverfa frá pólitíska úthlutunarkerfinu.

Ég ætlaði mér að verða stuttorður, og ég skal efna það, enda skýrir till. sig sjálf. Ég hygg, að það þurfi ekki að útlista hana fyrir hv. dm. með mörgum orðum, til

þess að þeir skilji, hvaða hugsun liggur þar á bak við og hver meining okkar flm. er.

En við erum einnig með aðra till., að vísu ekki stórvægilega. Hún er við 15. gr., þar sem í frv. er svo kveðið á nú, að þegar sveitarfélag hefur ákveðið að byggja bússtaði samkv. verkamannakerfinu, skuli þar skipuð stjórn, tveir frá húsnæðismálastjórn, tveir frá sveitarfélögum og einn frá verkalýðsfélaginu. Ég tel, að þegar horfið er frá því að hafa þessi mál í höndum samtaka þeirra, sem húsin og íbúðirnar byggja, þá sé hlutur þeirra, sem byggja eða þeirra, sem gætu skoðazt hinir eðlilegu fulltrúar, gerður lítill samanborið við fulltrúa bæjarfélagsins og húsnæðismálastjórnar, þannig að till. okkar er um það, að í stjórninni eigi aðeins sæti þrír menn, það verði jafnræði milli þessara þriggja aðila, sveitarstjórnarinnar, húsnæðismálastjórnarinnar og verkalýðsfélaganna á viðkomandi stað.

Ég hef þessi orð mín ekki fleiri, herra forseti, en vil biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þessari till.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 849) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Ég skal vera afar stuttorður, þar sem d. er nú í tímaþröng og aðrir hv. ræðumenn hafa stytt mjög mál sitt hér.

Hv. síðasti ræðumaður, 4. þm. Norðurl. e., minntist á það, að í þessu frv. kæmi ekkert fram, sem stuðlaði að því, að húsnæðiskostnaður í landinu yrði lækkaður. Ég tel þetta nú ekki alls kostar rétt, því að í 23. gr. frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Leitazt skal við, að íbúðirnar verði svo ódýrar í byggingu sem frekast er kostur. Í því skyni skulu byggingaframkvæmdir faldar viðurkenndum byggingaverktökum á samkeppnisgrundvelli og með sem víðtækustum útboðum. Reynt verði að koma við sem mestri hagkvæmni við byggingaframkvæmdir, og leggja ber áherzlu á fjöldaframleiðsluaðferðir, þar sem um stóra byggingaráfanga er að ræða."

Um íbúðabyggingarkostnað má auðvitað segja æðimargt, en ég vildi aðeins bæta því við, hvað sem mönnum sýnist um þetta ákvæði úr verkamannabústaðakaflanum, sem ég vitnaði hér til, þá held ég, að það strandi í þeim efnum ekki á lagaákvæðum. Ef mönnum þykir á skorta, að unnið sé nægilega dyggilega að því að lækka byggingarkostnað, þá held ég, að það séu ekki lagaákvæði, sem sérstaklega vantar í því skyni.

Þá ætla ég að víkja örfáum orðum að brtt. á þskj. 844. Ég ætla að byrja á síðustu brtt. Þar er lagt til, að framkvæmdanefnd byggingaráætlunar endurgreiði Byggingarsjóði ríkisins fé, sem n. hefur fengið umfram, að mér skilst, venjuleg húsnæðismálalán, sem ættu að veitast út á þær íbúðir. Ég tel þessa till. á misskilningi byggða, vegna þess að lánin út á Breiðholtsíbúðirnar, þessi 80%, sem þar eru veitt að forminu til úr Byggingarsjóði ríkisins, eru veitt samkv. skýrri og ótvíræðri lagaheimild, og framkvæmdanefndin hefur því fengið það fé úr byggingarsjóði lögum samkv. eins og aðrir, sem fengið hafa þar lánað fé. Þetta ákvæði var sett inn í lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins í desembermánuði 1965. Einfaldara er að biðja ríkisstj. að útvega meira fé til Byggingarsjóðs ríkisins frekar en að segja, að framkvæmdanefndin eigi að skila byggingarsjóði peningunum, svo á ríkisstj. aftur að skila framkvæmdanefndinni. Þetta er nú orðið dálítið snúið. En ég vildi leiðrétta þetta, að þetta er fullkomlega samkv. lögum, að þessi 80% hafa verið veitt, svo að ég tel það ekki koma til greina, að það verði farið að skila því, sem búið er að byggja fyrir.

Um 7. og 8. brtt. vil ég aðeins segja það, að mér finnst, að með þeim sé verkamannabústaðakerfið gert of flókið.

En þá ætla ég að lokum að ræða örlítið um 4. brtt., sem er við 8. gr. eða eitt atriði úr henni, sem er reyndar veigamesta till. á þessu þskj. að mínum dómi. Það er á þá lund, að húsnæðismálalánin skuli vera vísitölulaus. Það eru að vísu hækkaðir vextir úr 4% í 6%, en vísitöluákvæðin eru felld burt. Það er alveg rétt, sem hv. frsm. till. sagði, að það kann að vera óeðlilegt að hafa vísitöluákvæði á þessum lánum, þegar önnur sambærileg lán í landinu eru ekki með vísitöluákvæði. En það, sem ég tel vera undirstöðuna undir það, að hægt sé að afnema vísitöluákvæðin, er, að þá verður að mínu viti að stórauka eigin tekjur Byggingarsjóðs ríkisins, því að ef hann hættir að lána með vísitölukjörum, verður hann að éta út sitt eigið fé, sem er nú orðið allmikið að vöxtum, sem er náttúrlega samansafn af launaskatti og framlög ríkisins í mörg ár. Þess vegna tel ég, — hvað sem menn segja um það almennt að hafa vísitöluákvæði á þessum lánum, um það má segja ærið margt, bæði með og móti, — að til þess að svo yrði gert á húsnæðismálalánum, yrði að auka mjög verulega tekjur byggingarsjóðs með hækkun launaskattsins eða einhverjum sambærilegum hætti.

ATKVGR.

Brtt. 849, 1 felld með 12:5 atkv.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 844, 1 felld með 11:8 atkv.
3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 844, 2 felld með 11:7 atkv.
4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 844, 3 felld með 11:6 atkv.
5.—7. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 844, 4 felld með 11:7 atkv.
8. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 844, 5 felld með 10:7 atkv.
9. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 844, 6 felld með 11:6 atkv.
11.—14. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 849, 2 felld með 11:8 atkv.
15. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
16.—17. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 844, 7 felld með 11:8 atkv.
18. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 844, 8 felld með 11:8 atkv.
20. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
21.—25. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 844, 9 felld með 11:8 atkv.
26. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

27.—30. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
31.—33. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 844, 10 felld með 11:8 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 852).

---

54. Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Á 46. fundi í Ed., 2. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum [168. máll (stjfrv., A. 347).

Á 50. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 347, n. 421 og 423, 425).

Frsm. meiri hl. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég vil byrja mál mitt á því að vekja athygli d. á því, að ákvörðun um efnisatriði þessa frv., sem hér liggur fyrir til 2. umr., var tekin við afgreiðslu á fjárl. á öndverðu þessu þingi, þar sem framlög á fjárl. til nýbýla voru lækkuð, svo sem hér er skýrt frá í frv.

Landbn. hefur haft þetta frv. til meðferðar og leggur á það sérstaka áherzlu, að í raun og veru er hér aðeins verið að lögformlegum hætti að fullgilda þá ákvörðun, sem áður hefur verið tekin um þessi efni, að því er varðar árið 1970. Hins vegar er gert ráð fyrir því í þessu frv., að lækkun framlaga til nýbýla og nýbýlastofnunar verði einnig lækkuð að sama skapi á árinu 1971, og er það gert með sérstöku tilliti til þess, að nú stendur yfir gagnger endurskoðun á lögum um landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Það er sérstök stjórnskipuð nefnd, sem hefur verið falið það verkefni, og eðlilegast er að ætla, að ekki muni vera búið að lögfesta þá nýskipan, sem sú n. mun gera till. um, fyrr en að þessum tíma liðnum. Fari hins vegar svo, að störf nefndarinnar gangi betur en maður getur búizt við, þá kemur þetta að sjálfsögðu til endurskoðunar á ný, en meiri hl. n. lítur svo á, að eðlilegast sé að samþykkja frv., eins og það liggur hér fyrir, þegar litið er til þessara atriða, sem ég hef hér bent á.

Eins og fram kemur í nál., hefur n. ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl. leggur til, eins og ég áðan sagði, að frv. verði samþ. óbreytt.

Þá vil ég geta þess, að athygli mín var vakin á því, eftir að landbn. hafði fjallað um frv., að niður muni hafa fallið úr fyrirsögn frv. vísun til þeirra laga, sem hér er gert ráð fyrir að breyta, þ. e. að fallið hafði niður úr fyrirsögninni „nr. 75 1962". Fyrir því að ég gat ekki haft samráð við meðnm. mína, þá leyfði ég mér að flytja þá sérstöku brtt., svo að úr þessu yrði bætt og ekki væri á frv. formgalli, sem annars hefði verið.

Sem sagt, meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ., og ég leyfi mér að mæla með því, að þessi breyting verði gerð á fyrirsögn frv.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Frv. þetta er um að lækka framlög til landbúnaðarins um 15 millj. kr. á þessu og næsta ári til viðbótar þeim 15 millj. kr., sem þessi framlög voru lækkuð um á tveimur s. l. árum. Þarna er því um að ræða 30 millj. kr. lækkun framlaga til landbúnaðarins á 4 árum. Samkv. 27. gr. laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum eru ætlaðar 9.5 millj. kr. til þess að undirbúa ræktun á landi því, er Landnám ríkisins hefur til umráða, og til meiri háttar ræktunarframkvæmda. En þessa upphæð á að lækka á ári úr 9.5 millj. niður í 3.5 millj. kr. eða um 6 millj. kr.

Þegar litið er á landbúnaðinn um þessar mundir, virðist þess vera þörf, að hann haldi öllum þeim fjárframlögum, sem hann hefur að undanförnu haft. Túnkalið og grasleysið undanfarin ár hafa valdið miklu tjóni og valdið mörgum bændum miklu fjárhagslegu tjóni. Fyrirtæki Landnáms ríkisins, Fóður og fræ, hefur bjargað mörgum bændum með fóður, þar sem um er að ræða heykögglana, sem þykja mjög gott fóður og þarf að framleiða í stærri stíl og víðar á landinu en verið hefur, þar sem framleiðslan hefur einungis farið fram í Gunnarsholti. Fjöldamargar óskir bænda hafa komið fram á fundum þeirra víðs vegar að af landinu um það, að Landnám ríkisins framleiddi heykögglа í stærri stíl en verið hefur. Verkefni Landnámsins eru mikil og margþætt og er því ástæðulaust að láta Landnámið ekki hafa til umráða það fjármagn, sem því er ætlað lögum samkv. Hér er um þá háa upphæð að ræða fyrir Landnámið og ræktunarmálin í landinu, að það er útilokað að samþykkja þetta frv., enda munar ríkissjóð sáralítið um þessa fjármuni samanborið við Landnámið og það Grettistak, sem því er ætlað að lyfta í ræktunar- og fóðuröflunarmálum landsins.

Þá er samkv. þessu frv. lagt til að lækka framlag samkv. 48. gr. stofnlánadeildarlaga um 1½ millj. kr. En samkv. þessari lagagr. hefur Landnámið heimild til að veita þeim, sem byggja íbúðarhús í sveitum, fjárframlag, sem nú er orðið allt of lágt samanborið við byggingarkostnað, eða um 4%, en það var upphaflega 10% af byggingarkostnaði íbúðarhúsa. Þegar það er haft í huga, að það eru lánaðar úr Stofnlánadeild landbún-

aðarins aðeins 300 þús. kr. út á íbúðarhús í sveitum, þá er sannarlega þörf á, að hærra framlag frá Landnáminu sé veitt til íbúðarhúsabygginga en verið hefur nú um skeið, því að lán og framlag til íbúðarhúsa í sveitum nemur sem næst 25% eða ¼ hluta af því, sem kostar að koma húsunum upp. Hér er því verið að ráðast á garðinn, þar sem hann er lægstur. Fjöldinn allur af þeim bændum, sem eiga eftir að byggja yfir sig, eru illa stæðir og veitir því ekki af að fá það fjármagn, sem lög heimila þeim.

Þá vil ég að lokum minna á, eins og hv. frsm. kom raunar inn á, að það er verið að endurskoða þá löggjöf, sem hér um ræðir, og því ekki tímabært af þeim sökum að skerða þau framlög, sem Landnámið hefur yfir að ráða, fyrr en ef sú endurskoðun leiðir það í ljós, að það sé réttmætt. Verkefni Landnáms ríkisins eru margþætt og því auðsætt, að þær fjárveitingar, sem það hefur yfir að ráða, eru sízt of miklar.

Þá vil ég minnast á það atriði, sem hv. frsm. gat um, að það væri búið að taka ákvörðun um þessa lækkun með fjárveitingum til Landnáms ríkisins í fjárl., sem gilda fyrir yfirstandandi ár. En minna vil ég hv. þingheim á það, að í fjárl. stendur, að breyta megi fjárhæðum tekju- og gjaldamegin, ef lög verða staðfest eða afgr. frá Alþ., sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, þannig að það er lagaheimild fyrir því, þó að þetta verði ekki tekjustofn hjá ríkinu, og fjárlög standast fyllilega fyrir því.

Ég vænti þess, að hv. alþm. minnist þess, að landbúnaðurinn á í erfiðleikum um þessar mundir, og þeir standi að því, að frv. þetta verði fellt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:7 atkv.
2. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 425 samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:6 atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Á 58. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 440).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:6 atkv. og afgr. til Nd.

Á 62. fundi í Nd., 19. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 62., 63. og 65. fundi í Nd., 19., 20. og 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Nd., 24. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Ed. og var samþ. þar óbreytt. Þetta er framlenging á lögunum frá 10. apríl 1968, um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda. Það var ákveðið, að á árunum 1968 og 1969 skyldi ríkisstj. heimila að lækka framlag til landnáms vegna nýbýla um 7,5 millj. kr. Ríkisstj. notaði þessa heimild. Með frv. þessu er gert ráð fyrir að veita ríkisstj. sams konar lækkunarheimild fyrir árin 1970 og 1971.

Ég tel ekki ástæðu til, herra forseti, að fara fleiri orðum um þetta frv. það er skýrt og greinilegt, og legg ég til, að að lokinni þessari umr. verði því vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þó að ég eigi sæti í þeirri hv. n., sem mun fá þetta mál til meðferðar, þá finnst mér rétt að ræða þetta frv. lítillega nú, þegar það kemur hér til 1. umr.

Eins og þeir vita, sem þekkja þessi mál, hefur það orðið þannig, að þeir fjármunir, sem hafa verið látnir renna til þessara hluta, hafa alltaf minnkað, en þeir voru ákveðnir með lögunum 1964 það sem þeir eru í dag, en nú er verið að fara fram á að fá heimild til að lækka þetta frá því, sem þá var ákveðið í lögunum. Ef við förum að athuga, hvernig þróun þessara mála hefur verið á undanförnum árum, þá kemur í ljós, að árið 1957 var ákveðið með lögum að leggja fram 25 þús. kr. styrk til íbúðarhúsabygginga í sveitum. Þá var byggingavísitalan 117 stig og þá var talið, að rúmmetrinn í íbúðarhúsnæði kostaði 1085 kr. Næst þegar hækkun var gerð, árið 1960, var byggingavísitalan komin upp í 150 stig og kostnaðurinn við að byggja hvern rúmmetra í 1396 kr. Þá var þessi styrkur færður upp í 40 þús. kr. 1962, þegar byggingavísitalan var komin upp í 180 stig og kostnaðurinn við að byggja hvern rúmmetra kominn í 1674 kr., var þessi styrkur færður upp í 50 þús. kr. 1964, þegar byggingavísitalan var í 220 stigum eða það kostaði 2044 kr. að byggja hvern rúmmetra í íbúðarhúsnæði, þá var hann færður upp í 60 þús. kr. Síðan hefur þessi styrkur ekkert verið hækkaður, en í dag er byggingavísitalan komin í 439 stig og kostnaður á hvern rúmmetra kominn upp í 4080 kr. Á þessu árabili hefur því framkvæmdamáttur þessa styrks minnkað um helming, og svo kemur hæstv. landbrh. hér á hv. Alþ. með frv. um að taka fjármuni úr þessu, en ekki að hækka þennan styrk. Þetta er kannske eitt af mörgum dæmum um þá landbúnaðarstefnu, sem ríkir nú í landinu.

Og hvernig er svo með veðdeildina? Hún er í raun inni algerlega lömuð. Nú skuldar hún t. d. hálfa 15. millj. kr. Hún fær úr Framkvæmdasjóði á þessu ári 8 millj. kr., en rekstrarhallinn á henni er 1.4 millj. kr., svo það, sem væri til útlána, þó að skuldin stæði, eru aðeins 6.6 millj. Lánin hafa nú staðið í stað í 4 ár, og þegar þau voru hækkuð úr 100 þús. kr. í 200 þús. kr., var ekkert fjármagn ætlað til viðbótar í veðdeildina. Það sjá allir, að þó hámarkslán væri nú fyrir hendi, 200 þús. kr., þá er það náttúrlega ekkert lán. Ef það hefði verið hægt að taka einhverja fjármuni frá Landnáminu, sem ekki er, þá hefði verið nær að setja þá í veðdeildina til þess að styrkja hana eitthvað, því að ekki veitir af. Ég vil koma með fyrirspurn til hæstv. landbrh.: Er ekki hugmyndin

að hækka þennan byggingastyrk, sem hefur staðið í stað, þó að dýrtíðin hafi vaxið um helming á sama tíma, og ætlar hæstv. ríkisstj. virkilega ekkert að gera í málum veðdeildarinnar?

Miðað við það, sem ég hef hér sagt, þá leggst ég algerlega á móti þessu frv., sem hér liggur fyrir, en mun koma með þá brtt. í n., að styrkurinn verði hækkaður.

Það má geta þess, að á árinu 1970 hafa 70 menn beðið um lán úr Stofnlánadeildinni til að byggja íbúðarhús. Með þessum styrk, sem nú er 60 þús. kr., þá væru það samtals 4.2 millj. kr. Það munu vera að meðaltali um 40 menn, sem eru í endurbyggingum og viðbyggingum, og eins og hv. þdm. vita, hefur Landnámið greitt sem styrk 10% af þeim kostnaði. Það má búast við því, að það verði alls ekki minna en 500 þús. kr., sem slíkar endurbætur og viðbyggingar kosta á þessu ári, miðað við reynslu undanfarinna ára, og þá væru það 50 þús. kr. á hvert býli. Þá eru komnar þarna á 7. millj. kr., og miðað við að tvöfalda styrkinn, eins og þyrfti að gera, til þess að hann hefði sama framkvæmdamátt og hann hafði 1964, þá veitir áreiðanlega ekki af þessum fjármunum, sem Landnámið hefur yfir að ráða. Og ef maður fer að athuga þessa sögu enn þá betur, þá var styrkurinn þó hér á árunum hækkaður meira en byggingarvísitalan hækkaði á sama tíma.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Þegar frv. um ráðstöfun til lækkunar ríkisútgjalda var til meðferðar á útmánuðum 1968, var einn þátturinn í því sá, sem hér er áréttaður í þessu frv., þ. e. að lækka framlögin til Landnáms ríkisins. Ég og fleiri þm. mótmæltum þá m.a. þessu atriði í frv. Þessi ráðstöfun varðandi Landnámið var þá rökstudd með því, að það væru þverrandi verkefni hjá Landnámi ríkisins við stofnun nýbýla, og þess vegna væri óhætt og eðlilegt að minnka framlögin til þessarar stofnunar.

En það var bent á það þá, og ég vil enn minna á það, að Landnámið hefur vissulega haft með höndum fleiri verkefni á undanförnum árum heldur en eingöngu stofnun nýbýla. Og það er að mínum dómi fyllsta ástæða til þess að færa þau verkefni út, hvað sem um hinn þáttinn, nýbýlastofnunina, er að segja. Félagsleg ræktun og stuðningur við hana, einnig stuðningur eða jafnvel forganga um það að koma upp heykögglaverksmiðjum, stuðla að myndun fóðurforðabúra, þetta eru allt saman eðlileg verkefni fyrir Landnám ríkisins að mínum dómi. Ég álít, að reynsla undanfarinna ára af því, hversu gengið hefur með fóðuröflunina víðs vegar um land, hljóti að hvetja til þess, að Landnámið ræki þessi verkefni meira en áður, því það hefur orðið kal í mörgum landshlutum, hrein grasleysisár á stórum svæðum, og það hafa komið óþurrkasumur, sem hafa orðið mjög afdrifarík fyrir bændur í viðkomandi landshlutum. Og ég endurtek það, að það er fyllsta ástæða til þess að færa starfssvið Landnámsins meira yfir á þau svið, sem ég vék að áðan, í stað þess að skerða starfsfé þess.

Það er enginn vafi á því, að okkur ber að róa að því öllum árum að efla innlenda fóðurframleiðslu og þá að sjálfsögðu auka ræktun landsins og leita tryggra verkunaraðferða, en sumar, eins og t. d. heykögglagerðin, verða ekki framkvæmdar hjá einstökum bændum, heldur þarf stærri átök til. Einn þáttur í þeirri viðleitni að efla innlendu fóðuröflunina á að mínum dómi að vera sá, að styrkja Landnám ríkisins til átaka á vissum afmörkuðum sviðum, en ekki að skerða framlögin til þess, eins og stefnt er að með þessu frv., sem gengur m. ö. o. alveg í þveröfuga átt við það, sem ég álít að stefna beri.

Ég vildi láta það koma hér fram við 1. umr. málsins, að ég er sem fyrr algerlega andvígur því, og ég vonast til þess, að þetta verði nú tekið til nýrrar skoðunar, því eins og ég gat um áðan, þá hefur sú þróun, sem orðið hefur, og þeir atburðir, sem gerzt hafa síðan þetta ákvæði var samþ. 1968, allt verið á þann veg að undirstrika þörfina á því að gera einmitt ráðstafanir af þessu tagi, sem ég nefndi og eðlilegt er að Landnám ríkisins hafi nokkra forgöngu um.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Þess hefur verið óskað, að þessu frv. verði vísað til hv. landbn. þessarar hv. d., og er því ekki ástæða til þess, að nm. þeirrar n. hefji hér um það langar umr. við þessa umr. En ég vil þó, vegna þeirra ræðna, sem hér hafa verið fluttar af hv. 5. þm. Norðurl. e. og hv. 5. þm. Austf., taka það fram, sem þessum þingmönnum mun vera kunnugt, að lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl. eru nú í endurskoðun, og þar sem í þessu frv. er einungis um að ræða heimild til handa ríkisstj. til að lækka á tveimur árum ákveðna liði til framkvæmda á vegum þeirra laga, þá er sjálfsagt að taka það hér fram, að fjárþörf einstakra framkvæmdaþátta á vegum Landnáms ríkisins kemur vitaskuld til umr. og athugunar við þá endurskoðun, sem þar fer fram. Hv. 5. þm. Austf. minntist á ný svið á vegum Landnáms ríkisins, og það er vitaskuld rétt, að það koma mörg ný svið til greina á vegum Landnámsins, sem þurfa athugunar við, en þau nýju svið koma vissulega mjög til athugunar við þá endurskoðun, sem nú stendur yfir á lögunum. Að þessari endurskoðun lokinni er þess að vænta, að fram verði bornar ákveðnar till. um fjárþörf einstakra þátta til að sinna þeim verksviðum.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að hafa fleiri orð um þetta. Ég vildi aðeins láta það koma fram, sem a. m. k. öðrum þessum hv. ræðumanni, ætti að vera fullkunnugt, þar sem hann er í n., sem starfar að endurskoðun þessara laga, að sú endurskoðun stendur yfir, og væntanlega verður henni lokið svo fljótt að unnt reynist að leggja fram frv. til l. um breyt. á þessum l. á næsta Alþingi.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Eins og síðasti hv. ræðumaður gat um, eru lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun o. fl. í endurskoðun um þessar mundir, þannig að þau málefni eru í deiglunni. En að því er þetta frv. varðar, þá minntist hv. 5. þm. Norðurl. e. á veðdeildina og gat þess, að hún væri algerlega lömuð, skuldaði bankanum um 14.5 millj. kr. og lánsfjárhæð hefði staðið í stað í 4 ár.

Það er rétt, að þegar lög um Stofnlánadeild o. fl. voru endurskoðuð, þ. e. a. s. þegar þeim reglum var breytt, þannig að Stofnlánadeildinni var komið á rekstrarhæfan grundvöll með lögum nr. 75 frá 1962, þá voru málefni veðdeildarinnar ekki jafnframt leyst til fram-

búðar. Enda er það nú oft svo með slíka sjóði, að málefni þeirra verður að leysa frá einum tíma til annars, þar sem fjárþörfin er breytileg. Núverandi ákvæði um veðdeildina eru í lögum bankans frá 1941. Veðdeildina hefur fyrr skort fé og í raun og veru hafa málefni hennar aldrei verið leyst til fullnustu. Árið 1954 voru sett viðaukalög um veðdeild Búnaðarbankans, og það er einmitt tekið fram í þeim, að þau séu sett til bráðabirgða til þess að leysa úr tímabundnum fjárhagsörðugleikum veðdeildarinnar. Þetta gerðist árið 1954, en einmitt með þeim lögum voru lánin hækkuð upp í 35 þús. kr.

Það er eðlilegt, að bæði hv. 5. þm. Norðurl. e. og fleiri óski eftir auknu fé í veðdeildina. Og það má segja, að fé sé gott, hvaðan sem það kemur. Mér finnst það þó dálítið annað mál en það, sem hér er um rætt, og vil aðeins geta þess í þessu efni, að þó að veðdeildina hafi lengst af skort fé og það megi segja að þau lán, sem hún veitir, séu of lág, hámarkslán aðeins 200 þús. kr., þá eru þó mörg ár síðan veðdeildin hefur komizt svo nálægt því marki að rækja skyldubundið hlutverk sitt eins vel og á þessu ári, þar sem ég hygg, að allar umsóknir frá árinu 1969 og fyrr séu nú afgreiddar, ef þær voru á annað borð í lagi, og á þessu ári er búið að veita úr veðdeildinni 4.1 millj. kr. að mig minnir. Lánin eru að vísu aðeins miðuð við jarðakaup, því að deildinni hefur vissulega verið það þröngur stakkur skorinn að þessu leyti, að hún hefur orðið að einskorða sig við að lána til jarðakaupa, enda þótt lagaheimildir séu miklu víðtækari. Hitt er svo annað mál, að það þarf að athuga þessi mál betur. Það þarf að hækka lánin, útvega veðdeildinni árlegan, fastan tekjustofn, svo að hún geti rækt hlutverk sitt sem bezt. En ég ætla, að að þeim málum verði hugað nú á næstunni og þau leyst þannig, að þessu marki verði reynt að ná.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Öllum hv. þm. er væntanlega kunnugt um það, að nú stendur yfir endurskoðun á lögum um Landnám ríkisins. En ég hef bara litið svo á, að það hafi verið og sé í raun og veru nægilegt svigrúm innan ramma laganna, eins og þau eru núna, til þess að nota það fé, sem Landnámið hefur haft til umráða, en skert var með þeim ákvæðum, sem hér eru til umræðu. En sé nú ekki að dómi stjórnarvalda nægilegt svigrúm til þess, innan ramma laganna, eins og þau hafa verið, þá álít ég, að það hefði tvímælalaust verið réttara af hæstv. landbrh. eða ríkisstj. að afla sér nauðsynlegra heimilda til þess að framkvæma skynsamlegar aðgerðir í þá átt, sem ég vék að áðan. Ég held nefnilega, að það dragi enginn það í efa, að nægileg verkefni séu fyrir hendi við skynsamlegar framkvæmdir í þeim tilgangi að tryggja búrekstraraðstöðu manna á þessu eða hinu svæðinu. Og ég endurtek: Ef það var skoðun ríkisstj., að heimildir væru ekki nægilegar innan ramma laganna, eins og þau eru núna, sem ég álít að sé, þá hefði verið eðlilegra að afla sér slíkra heimilda — miðað við þörfina — heldur en að ganga í það að skera framlög til Landnámsins niður. Mér finnst það skjóta skökku við, ef við, sem nú vinnum að endurskoðun þessara laga, áreiðanlega með þeim huga að færa út starfssvið Landnámsins á öðrum sviðum um leið og nýbýlastofnunin dregst saman, ef við ættum nú að stuðla að því að skerða framlögin, ef við höfum það svo í hyggju að efla starfsemina strax aftur á næsta ári. Og ég á erfitt með að trúa því, að það verði auðveldara að ná framlögunum upp, eftir að einu sinni er búið að skera þau niður.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Vesturl. sagði, að hann hefði von til þess, að veðdeildin mundi fá einhverja fjármuni eða einhverja úrlausn á næstunni, og það gleður mig mjög, að hann skuli segja það hér á Alþ. Vonandi er, að það verði fljótlega sem við fáum að heyra eitthvað frekar um það.

En í sambandi við það, sem hv. 4. þm. Norðurl. v. sagði áðan, að lögin væru í endurskoðun og það væri þess vegna ekki hægt að gera neitt í þessu máli, þá verð ég bara að benda hv. þm. á það, að á árunum frá 1957 til 1964, á 7 ára tímabili, var þessi styrkur hækkaður þrisvar sinnum, en frá 1964 hefur hann staðið í stað, þó að byggingarvísitalan hafi tvöfaldazt á þessu tímabili. Árið 1957 voru lagðar í þessa starfsemi 6.5 millj. kr. 1962 voru þetta rúmlega 9 millj., sem hækkuðu 1964 upp í 11.9 millj. kr. Þetta frv., sem hér er til umr., felur í sér heimild til að lækka þessa greiðslu um enga smámuni. Þannig er á þessum málum haldið núna.

Ég verð að ítreka þær spurningar, sem ég lagði áðan fyrir hæstv. landbrh., hvort það séu virkilega ekki væntanlegar neinar till. eða neinar breytingar á styrkveitingu til íbúðarhúsabygginga í sveitum nú á þessu þingi. Ég hafði líka vænzt þess, að hann svaraði þeirri spurningu, sem ég lagði fram hér áðan, um það, hvort ekki væri von á fjármunum í veðdeildina. Þó að hv. 4. þm. Vesturl. hafi að vísu svarað þessu, þá lagði ég þessar spurningar fyrir hæstv. ráðh., og vil ég endurtaka ósk mína um að fá svör við þeim.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara langt út í þessar umr., sem hér hafa farið fram, en ég vil í sambandi við þetta mál geta þess, að ég hef áður látið þá skoðun mína í ljós, að réttara væri að stefna að því, að sameina Landnám ríkisins Búnaðarfélagi Íslands, heldur en að hafa þar tvær greinar, eins og nú er. Þessa skoðun mína hef ég byggt á því, sem ég sagði áðan um frv. um ríkisframkvæmdirnar, að það yrði þá betri nýting á því fjármagni, sem til landbúnaðarins er veitt í gegnum þessar tvær stofnanir. Það fólst hins vegar ekki í minni umsögn, að það ætti að lækka framlagið til Landnámsins, eins og hér er lagt til, þó að mér væri það hins vegar ljóst, að eins og málum þess var komið, þá mundi stefnt að því, og ég hefði talið að við endurskoðun á þessari löggjöf Landnámsins ætti að hafa þetta í huga, hvort ekki reyndist betri nýting á þessu fjármagni með þeim hætti en nú er. Ekki byggi ég þessa skoðun mína á því, að ég sé að vantreysta þeim mönnum, sem að þessum málum vinna, hvorki fyrr né nú, heldur á hinu, að ég hef þá skoðun, að við þurfum að sameina stofnanir í okkar þjóðfélagi, ef okkur á ekki að reynast ókleift að halda uppi eðlilegri þjónustu og eðlilegum framkvæmdum með þeim fjármunum, sem við höfum til umráða. Og svo ekki meira um það.

Það var ein setning í ræðu hv. 4. þm. Vesturl., sem ég held að hafi mistalað sig, þegar hann talaði um það, að með lögum um Stofnlánadeildina 1962 hafi þessum

málum verið komið á rekstrarhæfan grundvöll. Ég held, að hv. þm. hafi mistalað sig þarna, því að þeir, sem þekkja sögu þeirra mála, vita það, að á engan hátt hefur verið betur séð fyrir stofnlánum til landbúnaðar síðan 1962 heldur en fyrir þann tíma, nema síður sé, þar sem nú á síðari árum hafa verið settar reglur eins og þær að veita aðeins til einna framkvæmda, en það mátti með sanni segja, að fyrir 1960 var veitt lán til þeirra framkvæmda, sem gerðar höfðu verið. Þess vegna hefur að minni hyggju verið hér um missögn að ræða, eða hv. þm. hefur komizt að orði á annan veg en hann hugsaði.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., um breyt. á l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, er að því leyti frábrugðið öðrum frv., sem eru í þessum mikla skjalabunka á borðum okkar, að þar er lagt til, að ríkisstj. fái heimild til að lækka upphæðir til vissra framkvæmda. Á sama tíma og í flestum frv. eru till. um, að ríkisstj. megi hækka og auka útgjöld, er hér lagt til að lækka. Og hvað á þá að lækka hér? Það á að lækka framlag til nýbýla úr 9.5 millj. kr. í 3.5 millj. og til íbúðarhúsa á nýbýlum, samkvæmt 48. gr. l. nr. 75 1962, úr 2.4 millj. kr. í 900 þús. kr. Ég verð nú að segja það, að það er ekki gert mikið fyrir 900 þús. kr., og mér finnst, að á sama tíma og Alþ. lýsir yfir vilja sínum til að byggja hér við Lækjargötuna stórhýsi fyrir ríkisstofnanir, sem kostar, — ég veit það ekki nákvæmlega, — kannske frá 100 til 200 millj. kr., að þá skuli sama þingið vera uppi með frv. um að lækka framlög til Landnámsins um þessar fáu milljónir.

Ég er andvígur þessu frv. og mér finnst, að það eigi ekki að byrja lækkun ríkisútgjalda með því að ráðast á þennan garð, sem er ekki rismeiri en hann í raun og veru er. Það getur verið stefna út af fyrir sig að segja, að það eigi ekkert að vera að stuðla að fjölgun nýbýla eða byggingu nýbýla í landinu. Við vitum, að Alþfl. hefur haldið því fram, að það ætti að fækka bændum á skipulegan hátt. Hann hefur ekkert farið dult með það, hann hefur sagt það leynt og ljóst, og það er stefna út af fyrir sig. En við, sem erum þeirrar skoðunar, að það eigi ekki að fækka bændum, getum ekki fallizt á frv. sem þetta.

Ég var fyrir nokkru á bændafundi, þar sem bændur og sérstaklega ungir bændur voru að ræða sín mál. Niðurstaða þeirra var sú, að í dag þyrftu ung hjón, sem vildu koma upp sæmilegum bústofni og húsakosti, sem væri nauðsynlegur, að hafa handa á milli um 2 millj. kr. Ég hef ekki ástæðu til að rengja það, en á sama tíma og við vitum, að það er mikið af ungu fólki, sem vill staldra við í sveitunum og byggja upp sín býli, þá finnst mér, að það opinbera eigi frekar að rétta því hjálparhönd heldur en að gefa því kinnhest.

Ég lýsi því svo yfir, að mér finnst, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, eigi að athuga þetta gaumgæfilega, og mér finnst, að það ætti að fella frv.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég sé nú ekki ástæðu til þess að fara út í neitt karp um þetta frv. við þessa umr., þar sem málið á eftir að fá sína athugun í n. En út af þessum umr. vil ég segja það, að síðasti ræðumaður, hv. 5. þm. Norðurl. v., hélt sig þó við efni málsins, en sumir ræðumenn aðrir hafa farið nokkuð langt út fyrir hið beina efni frv. En það er ástæða til þess, eftir þessar umr., að ítreka það, að hér er aðeins um heimild að ræða til þess að lækka fjárveitingar til ákveðinna þátta í starfi Landnámsins. Það er einmitt til stofnunar nýbýla og styrkveiting til íbúðarhúsa á nýbýlum.

Nú er það kunnugt, að lítið hefur verið um stofnun nýbýla hin síðari ár, og ef svo fer, að þörf verður fyrir þetta fé til þessara þátta, þá dettur mér ekki í hug að halda, að ríkisstj. fari að skera það fé niður. Hér er alls ekki um það að ræða að lækka íbúðarhúsastyrkinn, eins og helzt mátti skilja á ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e. Það segir ekkert um það í þessu frv., en hann er óbreyttur og aðeins heimild, ef ekki er þörf á þessu fé, til þess að lækka hinn lögbundna styrk. Það getur komið til mála, að ríkisstj. noti sér þessa heimild. Bæði þessir tveir þættir, sem á er minnzt í þessu frv., svo og önnur þau verksvið, sem kunna að falla undir Landnám ríkisins í framtíðinni, verða mjög til umræðu og athugunar í þeirri nefnd, sem vinnur að endurskoðun laganna, og fjárþörf Landnámsins mun, eftir þeim niðurstöðum, sem sú nefnd kemst að, verða þar með tekin til gagngerrar athugunar og till. þar að lútandi verða væntanlega lagðar fram.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það eru bara örfá orð í tilefni af ummælum hv. síðasta ræðumanns. Ég vil láta það koma alveg skýrt fram, að það, sem fyrir mér vakir, þegar ég er á móti þessu máli nú, eins og ég var áður, er ekki það endilega, að ég telji óhjákvæmilegt og nauðsynlegt að halda áfram í sama farvegi og var um stofnun nýbýla, heldur tel ég eðlilegt að láta starfsemi Landnámsins þróast inn á þær brautir, inn á þau verksvið, sem nauðsynlegt er að sinna hverju sinni. Það, sem ég álít að hefði átt að gera, þegar þörfin fyrir framlög til nýbýlastofnunar minnkaði, var að láta framlögin til Landnámsins haldast, en leyfa starfsemi stofnunarinnar að þróast inn á þau verksvið, sem þá voru orðin meira aðkallandi. Ég vil, að komi alveg skýrt fram hér, að það er þetta, sem fyrir mér vakir. En þetta hefur ekki þótt henta, og hvað sem kann að koma út úr endurskoðun laganna nú, þá hefur verið farið inn á þá óheillabraut að kippa þessum fjármunum út frá Landnáminu. Búið er að gera þetta í eitt ár og nú er farið fram á heimild til þess að gera hið sama næstu tvö árin. Það er þetta, sem ég álít rangt. Það hefði átt að beina starfsemi Landnámsins inn á aðrar leiðir, og það hefur enginn í þessum stuttu umr., sem hér hafa farið fram, vefengt það, að þau verkefni, sem ég nefndi, séu einmitt mjög aðkallandi.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Þar sem ég hef átt sæti í landnámsstjórn um nokkurt skeið, þá vil ég aðeins skjóta því hér inn, að mér hefur einmitt fundizt starfsemin þar vera að breytast með breyttum aðstæðum nú undanfarin ár. Það viðurkenna allir, að óskir um stofnun nýbýla hafa verið færri en þær áður voru, en einmitt á þessu tímabili hefur Landnámið farið inn á aðstoð við að byggja upp íbúðarhús í sveitum og hefur á síðustu árum unnið mikið verk á því sviði. Það þekkja þeir bezt, sem hafa kynnzt því, hvernig aðstæður hafa

verið hjá ýmsum þeim, sem hafa notið aðstoðar við íbúðabyggingar.

Þá vil ég benda á það, að einmitt nú á síðustu árum hafa smábýli og garðyrkjubýli, sem hafa mikla þýðingu fyrir byggðina, komið fram í mjög vaxandi mæli og aðstoð við uppbyggingu þeirra orðið vaxandi þáttur í starfsemi Landnámsins. Smábýlin eru ætluð fyrir iðnaðarmenn og ýmsa aðra, sem stunda þjónustustörf til sveita og hafa einhvern búskap með, og hafa því mjög mikla þýðingu. Um garðyrkjubýlin þarf ekki að fjölyrða. Þá hafa ýmis sérstök verkefni komið til greina og verið unnin af Landnáminu, bæði við lausn á vandamálum einstakra byggðarlaga við að reyna að aðstoða við sem hagkvæmasta fóðuröflun. Ætla ég ekki að nefna einstök dæmi um það, en gæti þó minnt á það, að nýlega hefur verið keypt land í einu héraði norðanlands, þar sem menn hafa í huga framkvæmdir, sem ættu að geta stutt búskap á stórum svæðum þar.

Ég tel því, að einmitt það hafi gerzt, sem hv. þm. óskaði, þó að hitt megi vel vera, að enn önnur verkefni hefðu átt að færast inn á svið Landnámsins. Það er aftur á móti mál, sem hlýtur að verða rætt við þá endurskoðun málsins, sem nú stendur yfir.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég vil eins og fleiri lýsa yfir andstöðu minni gegn þessu frv., en ef að líkum lætur nær frv. sjálfsagt fram að ganga. Mig langar til þess að varpa því fram, hvort ekki sé eðlilegt að nota þann mismun, sem þarna sparast, til þess að styrkja ýmsa aðra starfsemi, sem þarf að efla á vegum búnaðarmálanna og búnaðarsjóðanna. Og þá á ég sérstaklega við veðdeildina, sem áreiðanlega er full ástæða til að efla stórlega, og jafnframt er nauðsynlegt að koma upp virku bústofnslánakerfi eða lána meira til bústofnskaupa en gert er. Þetta er eitt af því, sem áreiðanlega er hið mesta nauðsynjamál. Og ég held, að það væri miklu nær að nota þennan mismun til þess að sinna þessum vanræktu verkefnum heldur en að spara ríkissjóði þær tiltölulega fáu krónur, sem þarna koma til með að sparast.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Á 89. og 90. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 91. fundi í Nd., s.d., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 440, n. 760 og 773).

Frsm. meiri hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Meiri hl. landbn. mælir með þessu frv. En ég tel mig verða að fara fáeinum orðum um það málefni, sem þetta frv. er angi af. N. leggur einnig til, að við frv. verði gerð breyting, sem er að sjá á þskj. 760.

Þegar fjárl. voru undirbúin og afgr. fyrir árið 1968, var horfið að því ráði að lækka verulega framlag til Landnáms ríkisins í sparnaðarskyni. Þá stóð þannig á fyrir Landnáminu, að þetta virtist gerlegt, en hins vegar voru nokkrir örðugleikar á að koma fjárl. saman án halla. Fjvn. og Alþ. féllust á þetta, en setja varð þó að sjálfsögðu sérstök lög til að þessi ákvörðun hefði lagagildi, þar sem lög um Stofnlánadeild og Landnám ákveða tiltekna upphæð til Landnámsins, samkvæmt 27. og 48. gr. Sú staðfesting fékkst frá Alþ. og þar að auki að sama sparnað mætti viðhafa næsta ár, þ. e. 1969. Við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1970 í desember var enn sama upphæð felld niður með samþykki fjvn. og Alþ. Og með þessu frv., sem hér er til umr., er farið fram á, að fullnaðarstaðfesting á því fáist, og að auki, að sama megi gera 1971.

Ég tel, að Alþ. geti ekki neitað því nú, sem það samþ. fyrir 4 eða 5 mánuðum, þar sem þegar er búið að ráðstafa þessum peningum Landnámsins til annarra hluta með afgreiðslu fjárl. Hins vegar tel ég fráleitt að taka enn þessa sömu upphæð af þessari stofnun 1971, eins og frv. gerir ráð fyrir, og flytjum við því brtt. um að taka það út úr frv., sem ég vona að verði samþ. Nóg er samt að gert, þar sem Alþ. er búið að vega þarna í sama knérunn þrisvar sinnum í röð.

Annars vil ég við þetta tækifæri fara örfáum orðum um hlutverk Landnámsins og nýbýlastjórnar. Segja má, að það sé einkanlega tvíþætt: Að stuðla að því, að byggð þéttist í sveitum landsins með stofnun nýbýla og byggðahverfa, og hins vegar að sporna við því, að byggilegar bújarðir fari í eyði. Pálmi Einarsson landnámsstjóri gegndi því embætti frá því að stofnunin reis á legg, þar til hann lét af störfum rétt nýlega fyrir aldurs sakir. Hann var frábær starfsmaður og þekkti hvern byggðan blett á landinu og vissi um hag og kringumstæður hvers einasta bónda, að því er ég hygg. Honum tókst að hafa mikil áhrif í þá átt, að byggðin héldi velli víðast hvar og þéttist sums staðar. Stefna sú, sem fylgt hefur verið síðasta áratug í landbúnaðarmálum, mjög fyrir forgöngu landbrh. og með mikilli aðstoð Pálma Einarssonar, hefur stutt mjög að því að efla sveitabyggðina með aukinni ræktun, stærri býlum og aukinni túnrækt. Að þessu hefur öll ríkisstj. staðið og hennar stuðningslið, þó hjáróma raddir hafi að vísu heyrzt við og við úr ýmsum áttum.

Lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins og Landnámið eru nú í endurskoðun. Það er vel, því ýmis ákvæði þeirra þurfa endurskoðunar við. Og ég ber gott traust til þeirrar endurskoðunarnefndar, sem fer með það mál. En af því að svo virðist sem skilningur þjóðarinnar á gildi landbúnaðar og sveitalífs fari nú hraðminnkandi, er nauðsynlegt, að þessi nefnd hafi skilning á þessu fyrir alla þjóðina, að ógleymdri okkar ágætu Efnahagsstofnun, sem nú virðist helzt ætla að ráða stefnu í mjög mörgum málum, jafnvel meira en sjálft Alþingi. T. d. er hugmynd þessarar virðulegu stofnunar að sjá í „veðurspá“ hennar um búsetu fólks á Íslandi næsta áratuginn, sem er að finna í þskj. einu, er liggur hér á borðum okkar þm. Skjalið fjallar annars um olíuhreinsunarstöð. Þar segir, að árið 1980 muni Íslendingar orðnir 250 þús. og þar af 3 700 bændur, eða alls í sveitum 20 þús. manns í stað 30 þús. nú, m. ö. o., að fólkinu fækki þar um þriðjung á næstu 10 árum og sveitabýlum um 1500—1600 á tímabilinu. Með sama áframhaldi mundi sveitabyggðin rýrna um fullan helming frá því sem nú er næstu 15 árin. Ég veit ekki, hvort okkar ágæta stofnun, sem gefur þannig skýrslur,

hefur hugsað sér, að þetta verði stefnan. Ég býst nú síður við því. Og ekki hefur hún heldur samið áætlun í þessa átt, svo ég viti. Ekki vil ég heldur ætla henni, að þessi spá, eins og hún kallar það, sé af sama toga spunnin og illspáin, sem Stephan G. talar um: „Falin er í illspá hverri / ósk um hrakför sýnu verri."

Sé þetta svona, þó ekki væri nema brot af þessu, stöndum við nú, sem búa viljum úti á landsbyggðinni, frammi fyrir meira vandamáli en nokkru öðru á þessari öld, og ekki aðeins við, heldur öll okkar þjóð. Helmings *mannfækkun í sveitum* þessa lands og þó minna væri á 15 árum þýðir ekki grisjun í öllum landshlutum, sem margir tala um að sé góð og nauðsynleg, svo bújörðin nái að stækka. Nei, ónei, hún mundi í reynd þýða afnám flestra sveitabyggða á Íslandi, nema um Borgarfjörð, Suðurlandsundirlendið og ofurlitlar pönnukökur kringum Akureyri, Húsavík, Sauðárkrók og máske Blönduós. Og hvað skyldi svo verða um sjávarþorpin fyrir austan, vestan og norðan, sem styðjast öðrum þræði við sveitirnar, sem næstar þeim eru? Svari því hver fyrir sig.

Ég hefði gjarna viljað tala miklu meira um þetta mál, en ég vil ekki eyða dýrmætum tíma okkar hér í það, en benda aðeins þeirri n., sem hefur landbúnaðarmálin, þ. e. a. s. Stofnlánadeildina og Landnám ríkisins, til endurskoðunar, að taka vel eftir því, sem kemur fram í þessari skýrslu Efnahagsstofnunarinnar og spánni, sem hún talar um.

Frsm. minni hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Það er nú raunar þýðingarlítið að ræða mál hér á hv. Alþingi, þegar svona er að unnið. Hér á að setja nýjan fund eftir tæpan klukkutíma og flestir eru farnir af þeim sökum. Þess vegna mun ég ekki halda langa ræðu núna, en geyma hana til 3. umr.

Ég vil fagna þeim orðum, sem hæstv. síðasti ræðumaður sagði hér á þessum stað áðan. Það leyndi sér ekki af orðum hans, að það voru þung spor fyrir hann að þurfa að ganga upp í þennan stól til þess að mæla með samþykki þessa frv. Hann leyndi því ekki heldur. Og það er fullvíst, að það munu fleiri af þeim mönnum, sem styðja ríkisstj., sem greiða ekki atkv. með þessu frv. með glöðu geði, þó þeir láti hafa sig til þess. Hins vegar lít ég svo á, að það sé engin afsökun fyrir afstöðu þessara manna, þó að fjárl. hafi verið afgreidd á þann hátt, sem þau voru afgreidd hér fyrir jólin, vegna þess að hér eru ekki þeir fjármunir miðað við heildarupphæðina, að þeir skipti miklu máli. Við heyrðum það hér í gær, að hæstv. menntmrh. lýsti því yfir, að ríkisstj. ætlaði sér að borga úr sameiginlegum sjóði til að standa undir hallanum af Þjóðleikhúsinu, þó að engin heimild sé fyrir því í fjárlögum þessa árs. Þegar viljinn er fyrir hendi, þá eru allir hlutir framkvæmanlegir hjá hæstv. ríkisstj. En það, sem við leggjum til, hæstv. 5. þm. Austf. og ég, er að þetta frv. verði fellt, en verði svo ekki og verði það afgr. til 3. umr., þá munum við koma fram með ýmsar brtt. við stofnlánadeildarlögin.

Í fyrsta lagi munum við leggja til, að þetta fjármagn, sem þarna er um að ræða, fari til veðdeildarinnar, þessar 7.5 millj. kr. Í öðru lagi munum við leggja til að hækka styrkinn til íbúðarhúsa í sveitum úr 60 þús. kr. í 120 þús., sem er til samræmingar við það, sem hann ætti að vera miðað við verðgildi peninganna nú og miðað við setningu laganna frá 1964. Og í þriðja lagi munum við koma með brtt. um, að vextir af lánum til íbúðarhúsa verði lækkaðir úr 6% niður í 2% til samræmingar því, sem er verið að gera nú í sambandi við verkamannabústaðina. En eins og hv. alþm. vita, þá er nú bæði í lögum um verkamannabústaði og eins Stofnlánadeildarinnar, að það er Seðlabankinn, sem ákveður vextina, en þeir eru 6% í báðum tilfellunum. Þetta munum við leggja til við 3. umr.

Frsm. meiri hl. landbn., hæstv. þm. Bjartmar Guðmundsson, gat um þá spá, sem Efnahagsstofnunin hefur gert. En þó að ég ætli ekki í þetta sinn að tala langt mál, þá vil ég bara benda hæstv. þm. á það, að þetta frv. er m. a. flutt til þess, að þetta rætist. Það framlag, sem *við fengum nú í Stofnlánadeildina, sem er það sama og* í fyrra, þrátt fyrir það að framkvæmdamáttur hverrar krónu hafi minnkað, er til þess, að þessi spá rætist, og einnig hitt, að veðdeild Búnaðarbankans er orðin algjörlega vanmegnug og hefur ekki nú á þessu ári nema 6.6 millj. kr. *til útlána, þó hún borgi ekkert af þeirri* skuld, sem hún er í við Búnaðarbankann, þ. e. 15 millj. kr. Það hefur ekkert verið gert í þessum málum, og það er til þess líka, að þessi áætlun rætist. En hefur hv. þm. tekið eftir því, hvernig þetta hefur verið á undanförnum árum? Eftir þessum sömu þskj. og hann vitnaði í voru bændurnir 6 700 fyrir 15—16 árum, en eru taldir 5 þús. í dag. Og miðað við þessa spá væri enginn landbúnaður til á Íslandi um aldamótin. En þessi þróun er fyrst og fremst á valdi þessara manna, hæstv. þm., sem ræddi hér áðan, og annarra. Ef þeir létu svona frv. og ýmislegt annað, sem er verið að koma hér fram, ekki komast í gegn hér á Alþ., þá mundi þessi spá ekki rætast.

Herra forseti. Að þessu sinni sé ég ekki ástæðu til að teygja þessar umr. langt fram á matartíma. Ég mun ræða þetta mál við 3. umr., þegar við leggjum fram þær till., sem ég lýsti, ef hv. þd. verður ekki við till. okkar um að fella þetta frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 92. fundi í Nd., 30. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 760 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 24:4 atkv.
2. gr. samþ. með 21:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22:5 atkv.

Á 93. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 809).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Eins og ég gat um við 2. umr. þessa máls, þá munum við hv. 5. þm. Austf. koma fram með brtt. við þessa 3. umr., úr því að svo fór, að till. okkar um að fella þetta frv. náði ekki fram að ganga. Ég vil þá byrja á því að lýsa þessum tillögum:

Í fyrsta lagi, á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi: „Síðari málsl. 10. gr. l. orðist svo: Vextir af lánum til byggingar íbúðarhúsa skulu þó vera 2%."

Í öðru lagi, við 1. gr. (verður 2. gr.). a) Í stað orðanna „og til íbúðarhúsa á nýbýlum samkv. 48. gr. l. nr. 75/1962 úr 2.4 millj. kr. í 0.9 millj. kr." komi: enda verði jafnhá fjárhæð greidd til veðdeildar Búnaðarbankans sem sérstakt framlag ríkissjóðs. b) Við gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi: Í stað „60 þús. kr." í 48. gr. l., sbr. 5. gr. l. nr. 31 frá 1964, komi: 120 þús. kr.

Þetta þarf ekki mikilla skýringa við. Ég ræddi það allnáið við 1. umr. þessa máls, hvernig ástatt væri um veðdeildina, hún hefði aðeins 6.6 millj. kr. til ráðstöfunar á þessu ári og skuldaði 15 millj. kr. í Búnaðarbankanum, en eins og hv. þm. vita er mikil þörf á að greiða fyrir því, að eignaskipti geti farið fram á jörðum nú ekki síður en áður. En í sambandi við hina liðina vil ég minna á það, sem ég sagði um það mál, að styrkir til íbúðarhúsabygginga væru nú 60 þús. kr. og hefðu verið óbreyttir síðan 1964. Ég vil í örfáum orðum rifja það upp, hvernig þessi þróun hefur verið. 1957, þegar byggingavísitalan var 117 stig og talið að kostaði að byggja hvern rúmmetra í íbúðarhúsi 1085 kr., þá var þessi styrkur 25 þús. kr. Árið 1960 var þessu svo aftur breytt, en þá var byggingavísitalan orðin 150 stig og það kostaði 1396 kr. að byggja hvern rúmmetra. Þá var þessi styrkur hækkaður í 40 þús. kr. 1962, þegar byggingavísitalan var 180 stig og kostnaður við að byggja hvern rúmmetra var 1674 kr., þá var þessi byggingastyrkur hækkaður upp í 50 þús. kr. 1964, þegar byggingavísitalan var 220 stig og það kostaði 2044 kr. að byggja hvern rúmmetra í íbúðarhúsnæði, þá var þessi styrkur hækkaður í 60 þús. kr. Síðan 1964 hefur þessi styrkur staðið óbreyttur, en nú er byggingavísitalan orðin 439 stig og það kostar 4080 kr. að byggja hvern teningsmetra íbúðarhúsnæðis.

Við sjáum því á þessu, að framkvæmdamáttur styrksins hefur á þessum árum minnkað um helming. Þau rök, sem hv. 11. landsk. þm., frsm. meiri hl. landbn., hafði fyrir sinni afstöðu hér í gær, voru þau, að þetta hefði verið ákveðið svo á fjárlögum og þess vegna yrði að samþ. þetta að þessu sinni. Það var þetta, sem kom fram í hans ræðu. En ég vil minna á það, að þetta eru ekki miklir fjármunir, sem þarna er um að tefla, miðað við heildarfjárhæð fjárlaga, og þegar hæstv. ríkisstj. hefur vilja til, þá hefur hún getað ráðstafað öðrum eins greiðslum og 7.5 millj. kr. En það hefði verið gott, ef hæstv. ríkisstj. og sérstaklega hæstv. landbrh. hefði verið viðstaddur, þegar hv. 11. landsk. þm. flutti mál sitt hér í gær. Hann bar að vísu lof á landbrh., en það mátti segja, að í því lofi væru broddar, a. m. k. ef hv. þm. hefur í raun og veru athugað, hvað hann var að segja. En það gladdi mig samt sem áður að heyra það, að hv. þm. gerði sér grein fyrir þróuninni í þessum málum og varð til þess að spyrna þar við fótum og breyta þessu frv., þannig að þessi greiðsla yrði ekki ákveðin í tvö ár, eins og frv. bar með sér, heldur aðeins bundin við yfirstandandi ár.

Ég vil aðeins minnast á það, sem hv. 11. landsk. þm. benti á í sinni ræðu, að það var lagt fram hér á þingi fyrir skömmu frv. til l. um olíuhreinsunarstöð á Íslandi. Hann las upp eða vitnaði í fskj., sem eru með þessu frv. Hann gat um, að þar kæmi fram, hvernig þróunin í landbúnaði væri, og að þar væri spá um, hvernig þetta mundi verða eftir einn áratug. En hver hefur lagt þetta frv. fram? Er það ekki hæstv. ríkisstj.? Er það ekki hæstv. landbrh., eins og aðrir ráðh., og er það ekki í raun og veru sú áætlun, sem er verið að vinna eftir með flutningi þessa frv. og margra annarra? Ef við færum að athuga fleira í þessu máli, þá kæmi í ljós, að það er í raun og veru markvisst unnið að því að svona fari. Hvernig var það, þegar vextirnir á stofnlánunum voru hækkaðir? Og þegar stofnlánagjaldið var sett, þá voru í raun og veru settir þrisvar sinnum hærri skattar á bændurna heldur en áður var, enda ber línuritið, sem fylgir þessu plaggi, því glöggt vitni, hvernig þróunin hefur verið. Það er sagt á bls. 46 í þessu frv. um olíuhreinsistöðina, að bændurnir hafi verið 6700 talsins 1954, en þeir séu nú 5000 og þeir verði árið 1980 3700. Það séu nú um 30 þús. manns í sveitunum, en verði 20 þús. eftir áratug. Ef fækkunin yrði samkvæmt þessari spá, þá er sýnilegt, að um aldamótin væri algjör óþarfi að hugsa um eða tala um dreifbýli. Annars veit ég ekki, hvers vegna þessi spá er bundin við árið 1980 fremur en eitthvað annað. E. t. v. fer það eftir aldri þeirra ráðh., sem nú ráða, og að það sé e. t. v. búizt við, að eftir þann tíma muni verða breytt um stefnu. Ég veit ekki hvað það er, sem á bak við liggur.

En það er margt annað dálítið athyglisvert í þessum skýrslum. Á bls. 21 segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Tveir helztu þættir þróunarinnar á þessu sviði eru íbúafjöldinn og jarðhitamálin. Samkvæmt spám Efnahagsstofnunarinnar mun íbúum landsins fjölga um 50 þús. á árunum 1968–1980, eða þeir munu verða um 250 þús. árið 1980." En svo segir á bls. 31, með leyfi forseta: „Mannfjöldaspá Efnahagsstofnunar er notuð til áætlunar íbúafjölda á hverjum tíma. Samkvæmt henni er áætlað að íbúar Íslands verði 238 752 árið 1980."

Það er ýmislegt fleira þarna, sem ber ekki alveg saman hverju við annað. Það er eins og það hafi verið margir menn, sem skrifuðu þessi fskj., og jafnvel þó þeir vitni í sömu stofnunina, þá er niðurstaðan þessi. Þegar þeir eru að reikna út, hver neyzlan sé á mann af mjólk, þá deila þeir allri íbúatölunni í mjólkurmagnið, þó þeir segi, að það séu 30 þús. manns í dreifbýlinu, og svo er spáin miðuð við þennan útreikning. Ef ýmislegt annað í þessum fskj. er byggt á jafntraustum grunni, þá spyr ég ekki að útkomunni.

Ég ætla ekki að fara að tefja tímann með mjög löngu máli. En í sambandi við þetta vil ég minna á, að það er fleira en veðdeildin og það er fleira en Stofnlánadeildin og sú stefna, sem þar er, þ. e. að það skuli nú vera alveg sama fjármagn, sem Stofnlánadeildin fær til útlána, og árið 1968, þó byggingakostnaðurinn hafi hækkað um 36% á þessu tímabili. Til hvers leiðir þetta? Ef maður fer að athuga aðra fjárfestingarliði, þá er auðséð, að flestir hækka þeir til samræmis við verðlagið í landinu, nema þeir, sem ætlaðir eru til landbúnaðarins.

Eitt er það, sem mætti minna á í þessu sambandi. Snemma á þessu þingi flutti ég ásamt nokkrum þm. Framsfl. frv. um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, þ. e. a. s. að það haldist áfram það framlag, — yrði raunar hækkað um helming frá því sem það var, — sem ríkissjóður hefur borgað í Framleiðnisjóð landbúnaðarins,

en hann var stofnaður með lögum 1966 og voru þá látnar 20 millj. kr. í sjóðinn. En þetta mál hafðist ekki fram á þessu þingi. Við verðum að athuga það, að allt þetta leiðir til þess, að þessi spá verði í raun og veru gildandi í landbúnaðinum á næstu árum.

En það má kannske segja, að það furðulegasta af þessu öllu sé það frv., sem hér er til umr. Þrátt fyrir það, að framlag til Landnámsins hafi ekki hækkað neitt síðan 1964 og það hafi þá verið 11.9 millj. kr., þá er nú lagt til að lækka þessa upphæð um 7.5 millj., þannig að hún verði þá 3 millj. eða minni en var varið til þessara hluta 1957. Menn geta svo athugað, hvernig þetta hljóðar, miðað við þær tölur, sem við fjöllum hér um frá degi til dags.

Það má þó segja, að það sé ein glæta í þessu öllu. Og það er það, að sumir hv. stjórnarsinnar, eins og t. d. hv. 11. landsk. þm., fara nauðugir hér upp í stólinn — og eru ekkert að leyna því, — til þess að mæla með þessu frv. og segja: hingað og ekki lengra.

Herra forseti. Þar sem þessi till. er of seint fram borin og skriflega flutt, þá verð ég að biðja um að leitað sé afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 814) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Ég verð að lýsa því yfir, að ég er á móti þessum brtt., vegna þess að ég tel, að það sé þegar búið að ráðstafa þeim peningum, sem þær fjalla um, við afgreiðslu fjárlaga.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. fór um það nokkrum orðum í gær, að ekkert væri við það að athuga, þó þetta mál væri fellt, þó áður væri búið að afgr. það jákvætt í vetur í sambandi við fjárl. Ég tek undir það með honum, að þetta muni vera möguleiki. Hins vegar tel ég, að það fari ákaflega illa á því, ef Alþ. kemur þannig á móti sjálfu sér nokkrum mánuðum eftir að það hefur fallizt á að samþykkja þetta í fjárl. Það var athugað, hvernig þetta var afgr. við fjárlagaatkvgr. Með þeim lið, sem þetta er fólgið í, voru 38 þm. Er því augljóst, að nokkrir fleiri en stjórnarliðar hafa samþ. þetta. Maður veit ekki hve margir og ekki heldur einu sinni, hvort allir stjórnarliðar hafi verið með þessu. Það kom ekki fram nein brtt., svo að ég muni, við þennan lið við afgreiðslu fjárl., ekki einu sinni sú að taka árið 1971 út úr, sem við meirihlutamenn nú höfum flutt till. um og er búið að samþykkja.

Þá fór hv. þm. nokkrum orðum um það, að mikið hafi verið um bændafækkun nú hin síðustu ár. Ég hef því miður ekki fullgildar tölur um það, hvernig þessi mál standa nú, miðað við fyrri hluta áratugsins, en samkvæmt þeim skýrslum, sem ég hef náð í, hafa bújarðir á landinu verið taldar 4875 árið 1962 eftir skýrslum frá 1965 eða 1966. En núna eru þær 4660. Þetta er talsverð fækkun, en þó er þess að geta, að mikill hluti af þessum 215 jörðum mun hafa runnið saman við aðrar jarðir, þ. e. a. s. þetta hafa verið smájarðir, sem hafa runnið saman við aðrar. Þetta er því ekki ýkjamikil breyting, þó hún sé að vísu ekki í þá áttina, sem ég hefði óskað að hún væri. Bændur eru nú taldir 4917, en þeim þó sleppt, sem hafa minnstu búin, þ. e. a. s. 4—6 kúgildi. Þar af leiðandi lítur út fyrir, að bændur séu þó enn nokkuð yfir 5000. Sambærilegar tölur við þetta hef ég ekki frá því fyrr á áratugnum, því sannast að segja er ákaflega örðugt að taka svona tölur upp, vegna þess að það er mjög á reiki, hverjir eru kallaðir bændur. Það gera samvinnubúin eða félagsbúin, sem eru mjög mörg í landinu, og það er sitt á hvað, hvort þar er talinn einn bóndi á búi, tveir eða jafnvel þrír.

Svo hef ég lítið meira um þetta að segja, nema það, að ég tók eftir því í ræðu hv. þm. í gær, að hann sýndi mér alveg sérstaka virðingu. Hann nefndi mig hæstv. hvað eftir annað og það er náttúrlega gott að taka við virðingarheitum, en hæstv. er nú notað hér aðeins um ráðh. og forseta, og ég er alveg úrkula vonar um, að ég verði nokkurn tíma ráðh. eða forseti, ekki einu sinni varaforseti.

Hissar sér og hækkar sig
hann á lofti og borði
og hefur tekið að heiðra mig
sem hæstvirtan í orði.

Umr. frestað.

Á 94. fundi í Nd., s.d., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 95. fundi í Nd., s.d., var fram haldið 3. umr. um frv.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi segja hér, vegna þess að það hefur komið fram í þessum umr., að vitnað hefur verið í grg. með frv. til l. um olíuhreinsunarstöð. Út af fyrir sig finnst mér eðlilegt, að þetta hafi vakið umtal, því þegar ég fór að lesa þessa grg. og fskj., sem er á bls. 29 í þessu frv., þá sá ég strax, að hér hlaut að vera um einhver mistök að ræða, prentvillu eða pennaglöp. Það er sagt hér á bls. 29:

„Því hefur verið spáð (Efnahagsstofnun), að fjöldi bænda muni dragast saman úr 5000 í 3700 árið 1980. Þetta hefði í för með sér, að samtala fólks, er hefur framfæri sitt af landbúnaði, lækkaði úr 30 þús. í 20 þús. manns."

Þetta er náttúrlega nokkuð, sem getur ekki staðizt, enda kemur það fram í grg. og línuritum, sem þessu fylgja, að þetta er alls ekki spá. Mér fannst ástæða til að tala við forstöðumann Efnahagsstofnunarinnar og spyrja hann að því, hvernig á þessu stæði, þetta hafi ekki sézt áður. Forstöðumaðurinn fletti upp í grg., hann leitaði í sínum skjölum hjá stofnuninni, talaði við starfsmennina og það kannaðist enginn við að hafa unnið þetta á stofnuninni. Það er því alveg óruggt mál, að þessi setning hér og þessar tölur, sem hér er um að ræða, eru rangar. En hins vegar sýnist mér annað á bls. 29 alveg geta staðizt. Það segir hér neðar á bls., að vélakostur muni aukast á þessu tímabili og olíunotkun þar af leiðandi. Það segir enn fremur, að ræktunin muni aukast um 3% á ári, eða úr 107 þús. hekturum 1968 í 148 þús. hektara 1980. Þetta er ekki ósennileg aukning í ræktuninni — alls ekki ósennileg, og vitanlega verður aukning í vélakosti, ef á að nýta allt þetta ræktaða land. Af þessu leiðir það, að það verður aukning í framleiðslunni, en fólkinu, sem á að standa að þessari auknu framleiðslu og auknu ræktun, á að fækka samkv. því,

sem segir efst á bls., úr 30 þús. í 20 þús. Það hafa vitanlega allir leyfi til þess að leiðrétta, hvort sem það er pennaglöp eða prentvilla. Og forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar hefur í dag skrifað bréf til hæstv. iðnmrh. og ég hef fengið afrit af þessu bréfi, og með leyfi hæstv. forseta vildi ég lesa þetta bréf. Bréfið er dags. í dag:

„Herra Jóhann Hafstein, iðnmrh., iðnmrn., Reykjavík.

Í grg. með frv. til l. um olíuhreinsunarstöð er vitnað til Efnahagsstofnunarinnar, að vísu óbeint (bls. 29), um áætlaða fækkun bænda úr 5000 í 3700 árið 1980. Hér hlýtur að vera um misskilning eða mistök að ræða af hálfu höfunda grg. Spádómar þessir eru alls ekki frá Efnahagsstofnuninni og kannast enginn starfsmanna hér við þá. Hins vegar er tilvitnuð tala, 3700 bændur, áþekk tölu kvæntra bænda nú, og kynni það að vera skýring þessa misskilnings. Efnahagsstofnunin hefur enn ekki gert neina opinbera spá um fjölda bænda eða atvinnu fólks í öðrum greinum, er gilda skuli umfram aðrar hugsanlegar spár. En í óopinberri spá, sem gerð hefur verið í könnunarskyni vegna menntamálaáætlana, hefur verið gert ráð fyrir, að fjöldi starfandi fólks í landbúnaði muni haldast mjög lítið breyttur allt til ársins 1985. Byggist það jöfnum höndum á tiltölulega örri fjölgun þjóðarinnar og ýmsum möguleikum til aukinnar fjölbreytni í landbúnaði. En nú stendur yfir nánari könnun á þróunarhorfum landbúnaðar á vegum sérstakrar 7 manna nefndar, er landbrh. skipaði. En formaður þessarar n. er forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar, Bjarni Bragi Jónsson.

Það er von Efnahagsstofnunarinnar, að með þessum upplýsingum sé framangreindur misskilningur að fullu leiðréttur.

Virðingarfyllst,
Efnahagsstofnunin,
Bjarni Bragi Jónsson."

Þá segir hér enn:

„Þá má bæta við, að frá 1965 og frá því að umrædd spá var gerð hefur unnum mannárum í landbúnaði fjölgað úr 9 567 í 10 101 árið 1968, samkv. heimildum um slysatryggðar vinnuvikur."

Forstöðumönnum í Efnahagsstofnuninni fannst nauðsynlegt að koma þessu á framfæri, og tel ég einnig, að það sé gott fyrir hv. alþm. að fá að vita hér það, sem sannara reynist í þessu efni. Út af fyrir sig var eðlilegt, þegar þetta birtist hér á þskj., að mönnum fyndist það ótrúlegt, og það væri umtalsvert, ef þetta væri virkileg spá. En þetta er ekki spá. Við trúum því áreiðanlega flestir, að landbúnaðurinn haldi áfram að þróast, og við teljum, að það sé þjóðhagsleg nauðsyn, að svo megi verða. Við munum stuðla að því, að mjólkurframleiðslan geti fullnægt innanlandsþörfinni, þótt fólkinu haldi áfram að fjölga. Og við munum stuðla að því, að ræktunin aukist og sauðfjárræktin geti aukizt. Í seinni tíð hefur mikið verið talað um, að það væri gott að hafa ull og gærur til vinnslu, þetta væri verðmæt útflutningsvara, þegar búið væri að vinna úr henni. En ull og gærur fáum við ekki, nema því aðeins að við höfum sauðfé.

Nú er ekki tími til langra ræðuhalda, en mér fannst eðlilegt að koma þessu á framfæri, vegna þess að hér er um misskilning að ræða í opinberu þskj., og ég tel, að forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar hafi borið hér fram þá leiðréttingu, sem ætti að vera fullnægjandi.

Það var gott, að hv. þm. minntist á línuritið. Línuritið er ekki nein spá, heldur er þetta uppdráttur. (Gripið fram í.) Það er sama. Nú veit ég ekki, hvort hv. þm. vilja, að forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar fái að leiðrétta það, sem hann segir að séu mistök, en línuritið byggist á þessum tölum efst á bls. 29, sem forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar segir, að séu rangar. Úr því að forsendurnar, sem línuritið byggist á, eru skakkar, þá hlýtur línuritið einnig að vera skakkt. Mér þykir það fróðlegt, ef einhverjir hv. þm. vilja ekki taka til greina leiðréttingu frá forstöðumanni þeirrar stofnunar, sem vitnað er til.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Eins og hv. þd. er kunnugt, á ég sæti í fjvn. Alþ., og þegar fjárlög voru afgreidd fyrir árið 1970, var það samþ., að þessi fjárveiting til Landnámsins yrði með þeim hætti eins og hún er ákvörðuð í fjárl. Ég samþykkti þetta í fjvn. og við atkvgr. hér í þinginu, og ég tel mig vera bundinn við þá atkvgr. mína og mun því ekki greiða atkv. með því frv. eða þeim till., sem hér hafa fram komið. Ég vil benda á það, að í fjvn. komu engar till. fram um að breyta fjárlagafrv. í þessum efnum, og hv. 5. þm. Norðurl. e. flutti engar till. um það við afgreiðslu fjárl., að þessum till. fjvn. yrði breytt. Og ég vil benda á það, sem á var bent fyrr í dag, að 4. gr. fjárl. var samþ. með fleiri atkv. en við stjórnarsinnar eigum hér á Alþ. Og mér er nær að halda, að fulltrúar Framsfl. í fjvn., — þó að ég viti það ekki fyrir víst, því að nafnakall var ekki um afgreiðslu þessa máls, — hafi greitt atkv. með þessari afgreiðslu fjvn. á málinu.

Hv. tillögumenn þessarar brtt. leggja til, að þessi fjárveiting verði lögð til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands. Ég vil benda á það, að þráfaldlega á undanförnum árum hefur veðdeild Búnaðarbankans verið styrkt til þess að standa við sínar skuldbindingar. Og á s. l. ári, 1969, hygg ég, að það sé rétt með farið, að veðdeild Búnaðarbankans hafi afgreitt öll þau mál, sem fyrir henni lágu. Þess vegna mun ég greiða atkv. á móti þessum brtt., eins og þær liggja fyrir hér á þskj., og ég fullyrði það, að þær eru einvörðungu fluttar í sama skyni og Framsfl. flytur till. á till. ofan hér á Alþ., til þess að vera með yfirboð og hræsni.

Frsm. minni hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Það kom fram í kvöld, að hæstv. landbrh. hrökk illa við, þegar hann sá sína eigin stefnu í landbúnaðarmálum á blaði, og skyldi engan undra. En hann vitnaði í 29. bls. í frv., sem hæstv. dómsmrh. lagði fram hér á þinginu áður, um olíuhreinsunarstöð á Íslandi, en hæstv. landbrh. hefur sennilega ekki kynnt sér frv. nógu vel. Á bls. 21 stendur m. a., með leyfi forseta. Fyrirsögnin er A-spá:

„Tveir helztu þættir þróunarinnar á þessu sviði eru íbúafjöldinn og jarðhitamálin. Samkvæmt spám Efnahagsstofnunarinnar mun íbúum landsins fjölga um 50 þús. á árunum 1968—1980 og verða um 250 þús. árið

1980. Fjöldi bænda mun lækka í 3700 á sama tímabili (sjá línurit 4), þ. e. a. s. um 20 þús. manns munu búa á bændabýlum árið 1980, en 30 þús. árið 1968."

Það er auðséð, að þetta er ekki ný spá. Þetta er spá frá árinu 1968 og hv. 11. landsk. þm. upplýsti áðan, að talan væri nú komin niður fyrir 5 þús., þannig að þeir eru á undan spánni. Ég gæti auðvitað vitnað hér víðar í þessa skýrslu, til þess að sýna, að þetta er alls ekki nein prentvilla. Þetta er spá, sem kannske hefur átt að geymast í skúffunni, en hefur einhvern veginn farið óvart inn í þetta frv. Það er hægt fyrir hæstv. landbrh. að laga þetta svolítið, ef hann vill.

Við hv. 5. þm. Austf. erum búnir að flytja hér þrjár brtt. Ef samþ. yrðu, þá mundi það stuðla að því, að þessi spá mundi kannske ekki alveg rætast. En ef hæstv. ráðh. verður til þess að fella þessar till., þá er hætt við því, að kannske verði tala bænda á árinu 1980 komin niður fyrir þessa spá, eins og er nú á árinu 1970, miðað við þær upplýsingar, sem hv. 11. landsk. þm. gaf fyrr í dag.

Mér fannst sjálfsagt, að þetta kæmi fram, vegna þess að það er alveg þýðingarlaust fyrir hæstv. ráðh. að halda því fram, að þetta sé prentvilla. Ég gæti lesið þetta víðar, og eins og ég sagði áðan, þá kemur það greinilega fram, hvenær spáin er gerð. Hún er gerð 1968. Og eins og ég sagði hér fyrr í umr., þá er þetta frv. lagt hér fram í nafni ríkisstj. allrar, og þar með getur hæstv. landbrh. ekki skotið sér undan því, að hann er einn af þeim, sem lögðu þetta frv. fram hér á hv. Alþingi.

Frsm. meiri hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Ég ætla nú, að við hv. 5. þm. Norðurl. e. höfum ekki ýkja-ólíkar skoðanir á landbúnaðarmálum, þó hann skammaði mig hér þéttingsfast í gær fyrir það, að ég væri á móti landbúnaðarmálum og sveitunum, af því að ég væri hræddur við ríkisstj. En það tek ég ekki nærri mér. En ég ætla, að þessar umr. um þetta frv. hafi orðið næsta gagnlegar. Ég lýsti skoðun minni hér í gær á því atriði, sem mjög er nú rætt um í þjóðfélaginu, sérstaklega í þéttbýlinu, að landsbyggðin, hin gisna byggð, eigi næsta lítinn rétt á sér. Hún sé of dýr fyrir þjóðlífið.

Til staðfestingar á því, að þessar raddir séu allháværar, tók ég t. d. glefsu úr þskj., sem liggur hér á borðum okkar, þar sem vitnað er beinlínis í Efnahagsstofnunina sjálfa, og ég taldi, að það hlyti að vera góð heimild. Undir þessa álitsgerð, sem er að finna í þessu þskj. um olíuhreinsunarstöð, rita Jón Arnalds, Sigurður R. Helgason og Kristinn Zimsen. Þetta munu allt vera menn, sem vinna á stofnunum, sem eru a. m. k. í nánum tengslum við sjálfa Efnahagsstofnunina, ef ekki einhver þeirra vinnur hreinlega í henni. Ég dró fram mynd af því, hvernig útlits mundi verða hér á landi eftir 15 ár, ef þessi „veðurspá", — ég held að ég hafi viðhaft það orð, — frá Efnahagsstofnuninni, sem ég taldi að mundi vera rétt eftir höfð, yrði að veruleika. Og það var og er ekkert glæsileg mynd.

Nú hefur það gerzt, að forstjóri Efnahagsstofnunarinnar kannast ekki við, að þetta sé frá henni komið. Þetta er auðvitað talsvert furðulegt. En ég skal ekki fara út í það. En hitt vil ég segja, að ég fagna því, að Efnahagsstofnunin hefur svarið fyrir þennan króga. Og ég vil vænta þess, að hennar störf, hennar leiðbeiningar, hennar till. og hennar álitsgerðir hnígi frekar í þá átt að koma í veg fyrir, að svona hörmulega fari fyrir hinni dreifðu byggð, eins og maður ætlar eða verður að ætla að fari, ef þessi „veðurspá" þeirra er rétt.

Svo hef ég ekki meira um þetta að segja. Ég tel, að þessar umr. hafi orðið gagnlegar og vakið athygli góðra manna á því, að hér er um töluvert alvarlegt mál að ræða.

Frsm. minni hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við það, sem síðasti ræðumaður sagði áðan. Hann stóð að því áðan að breyta vöxtunum á lánum til verkamannabústaða, sem voru 6% áður, niður í 2%. Þeir voru jafnháir á lánum til íbúðarhúsa í sveitum og til verkamannabústaðanna, og ef réttlætistilfinning hans er eins og hann vill vera láta, þá vonast ég til þess, að hann skoði hug sinn, áður en hann greiðir atkv. með frv.

Annars er það ekki fyrir það, að við séum með nein yfirboð, heldur skoraði ég á hæstv. landbrh. að koma sjálfur fram með þessar till. og boðaði það fyrir löngu, að við mundum gera það annars. En það hefur nú ekki gerzt, heldur hefur hann viljað láta strikið sitt vísa rétt, eins og stefnan hefur verið undanfarið. En nú sjáum við, hvort hv. þm., sem hér var að tala áðan, vill rétta hlut þeirra, sem eru að byggja í sveitunum, á sama hátt og hann hefur staðið að í kvöld að rétta hlut hinna, sem eru að byggja eða munu byggja í bæjunum, því að það liggur fyrir skjalfest, sem hann reynir sjálfsagt ekki að mæla á móti, að bændastéttin er lægst launaða stétt landsins.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Það er aðeins eitt orð. Ég vil spyrja þennan hv. þm. að því, hvort hann óskar eftir því, að íbúðarhúsalánin til bænda verði með vísitöluákvæði eins og önnur húsnæðismálalán í landinu. (**SV:** Þau eru það ekki, séra Gunnar.)

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 96. fundi í Nd., 4. maí, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 814, 1 felld með 18:10 atkv.
Brtt. 814, 2 felld með 18:10 atkv.
Frv. samþ. með 18:8 atkv. og endursent Ed.

Á 92. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:7 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 853).

55. Vernd barna og ungmenna.

Á 12. fundi í Ed., 10. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 13. maí 1966, um vernd barna og ungmenna [76. mál] (þmfrv., A. 85).

Á 13. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Ég skal vera stuttorð um þetta frv. Ég get vísað til þess, sem ég áður sagði um það frv., sem síðast var hér til umr., en með þessu frv. er lagt til, að heimilt verði í sveitarfélögum utan Reykjavíkur að fela félagsmálaráðum, sem þar kunna að verða stofnuð, störf barnaverndarnefnda. Ég legg til, herra forseti, að þessu frv. verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., 20. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 85, n. 103).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Um þetta frv. get ég raunverulega vísað til þess, sem ég áður sagði í framsögu fyrir því lagafrv., sem hér var síðast til umr. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 103, þá hefur menntmn. athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 17. fundi í Nd., s.d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 18. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 85, n. 125).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Með þeirri breyt., sem gerð var á l. um vernd barna og ungmenna 1968, var menntmrh. heimilað að fela félagsmálaráði Reykjavíkur barnaverndina eða störf þau, sem barnaverndarnefnd hefur, að meira eða minna leyti, eftir því sem þar stendur. Nú kom á daginn, er þetta hafði verið samþ., að fleiri sveitarfélög óskuðu eftir að fá sams konar heimild. Þess vegna var það, að ráðstefna Sambands ísl. sveitarfélaga, sem haldin var 20.—22. nóv. s. l., samþ. eftirfarandi ályktun, sem ég vil lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðstefnan beinir því til stjórnar sambandsins, að hún vinni að því, að gerðar verði breytingar á lögum, þannig að sveitarstjórnirnar fái heimild til að fella undir eina stjórn meðferð félagsmála í sveitarfélaginu með stofnun sérstaks félagsmálaráðs, eins og nú er í Reykjavík."

Sambandið óskaði eftir, að frv. yrði flutt á Alþ. og var það flutt í Ed. og afgreitt þar samhljóða. Menntmn. Nd. hefur einnig fjallað um þetta frv. og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþ. óbreytt, og telur eðlilegt, að sams konar heimild og Reykjavík hefur í þessum efnum verði einnig veitt fleiri sveitarfélögum, ef þau óska þess og menntmrh. telur annars eðlilegt að veita heimildina. Með þessum orðum legg ég til fyrir hönd menntmn., að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 150).

---

56. Framfærslulög.

Á 12. fundi í Ed., 10. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á framfærslulögum, nr. 80 5. júní 1947 [75. mál] (þmfrv., A. 84).

Á 13. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Þetta frv. var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt og er nú flutt aftur. Í grg. með frv. kemur það fram, í hvaða skyni það er flutt, en fyrir nokkrum árum fór fram endurskipulagning á félagsmálum Reykjavíkurborgar, og voru þá ýmis mál, sem höfðu heyrt undir mismunandi nefndir, falin félagsmálaráði og felld undir Félagsmálastofnun borgarinnar. Þetta var skipulagsbreyting, sem hafði nokkuð lengi verið á döfinni og allir voru sammála um, að væri mjög æskilegt að kæmist í framkvæmd. Í framhaldi af því var svo aflað lagaheimildar til þess að

fella ýmsa þætti félagsmála undir Félagsmálastofnunina og félagsmálaráð, og eins og sjá má í grg., var á ráðstefnu Sambands ísl. sveitarfélaga um félagsmál, sem var haldin seint á s. l. ári, gerð sú ályktun, sem í grg. er frá skýrt. Í framhaldi af þeirri ályktun og þeirri ósk Sambands ísl. sveitarfélaga er frv. flutt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um frv. eða efni þess, en legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., 20. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 84, n. 102).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Þegar þetta frv. var til 1. umr. hér í þessari hv. þd., þá vék ég nokkrum orðum að efni þess umfram það, sem í grg. stendur, en efni frv. er ofur einfalt. Ég sé því ekki ástæðu til þess að fara um frv. fleiri orðum nú við þessa umr., en eins og fram kemur í nál., þá hefur heilbr.- og félmn. athugað frv. og mælir einróma með því, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 17. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 18. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., 20. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 84, n. 235).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Fyrir nokkrum árum var gerð endurskipulagning á félagsmálum Reykjavíkurborgar og var stofnað sérstakt félagsmálaráð, og undir það heyra framfærslulög, og ýmis mál, sem áður heyrðu þar undir aðrar nefndir, voru falin félagsmálaráði. Á ráðstefnu Sambands ísl. sveitarfélaga, sem haldin var á s. l. hausti, var gerð ályktun, þar sem því var beint til stjórnar sambandsins, að hún ynni að því, að gerðar yrðu breyt. á lögunum, þannig að sveitarstjórnir fái heimild til að fella undir eina stjórn meðferð félagsmála í sveitarfélaginu með stofnun sérstaks félagsmálaráðs, eins og er hér í Reykjavík.

Þetta frv. var samþ. shlj. í Ed. og heilbr.- og félmn. hefur haft það til athugunar og mælir hún einróma með því, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 22. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 42. fundi í Nd., 26. jan., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 278).

---

57. Sala Ytra-Krossaness til Akureyrarkaupstaðar.

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Akureyrarkaupstað jörðina Ytra-Krossanes, Akureyri [24. mál] (þmfrv., A. 24).

Á 5. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 6. fundi í Nd., 27. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Mál það, sem hér er flutt, um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Akureyrarkaupstað jörðina Ytra-Krossanes við Akureyri, var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki afgreiðslu, sökum þess hve það kom seint fram. Málið er hér flutt að beiðni Akureyrarkaupstaðar og fylgir sú skýring með, eins og í fyrra, að orsökin er sú, að fyrirhuguð olíuhöfn Akureyrarkaupstaðar er hugsuð í landi þessarar jarðar, og þannig stendur nú á með hana, að þarna býr aldraður ábúandi, sem senn hættir búskap, og þótti því tilvalið tækifæri til þess að ganga frá þessum málum, um það bil sem ábúandinn mundi hætta, sem yrði annaðhvort í ár eða á næsta ári.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál frekar, það skýrir sig að mestu leyti sjálft, en legg til, að því verði að umr. lokinni vísað til landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 26 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 25. fundi í Nd., 15. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 24, n. 164).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta til l. um að heimila ríkisstj. að selja Akureyrarbæ Ytra-Krossanes í Eyjafirði var flutt hér í fyrra, þegar leið að þinglokum, og var flutt að beiðni bæjarstjórnarinnar á Akureyri. Málið var ekki útrætt á því þingi og er nú endurflutt að ósk sömu aðila.

Fyrir u. þ. b. hálfum öðrum áratug voru gerðar þær breytingar á bæjarmörkum Akureyrar, að undir lögsagnarumdæmið voru lagðar nokkrar jarðir úr Glæsibæjarhreppi. Þ. á m. var jörðin Ytra-Krossanes. Ytra-Krossanes hefur verið talin allstór jörð og þar hefur verið nokkur búskapur fram undir þetta, en nú er þar aldraður ábúandi, sem er talinn vera við það að hætta og orðinn með lítið bú. Þar af leiðandi er talið, að ekki verði mikil breyting á búsetu, þó að jörðin verði seld, enda ekki af bóndanum tekin. Akureyrarbær telur sig skipta nokkru máli að fá eignarumráð yfir þessari jörð, þar sem hún er innan bæjarmarkanna og liggur auk þess fast upp að landi því, sem Krossanesverksmiðjan stendur á.

Yfirleitt hefur það verið samþykkt, að selja bæjarfélögum lönd, þar sem svipað stendur á og með þetta, ef ekkert sérstakt er í vegi. Jarðeignadeildin telur, að ríkissjóði sé enginn vinningur að því að eiga jörðina hér eftir, og mælir með að hún verði seld. Einnig hefur landnámsstjóri, Árni Jónsson, talið að þannig væri nú komið búsetu á jörðinni, að það væri engin ástæða til að mæla gegn sölunni, og mælir hann því einnig með sölunni.

Landbn. hefur athugað þetta mál á tveimur fundum og orðið sammála um að mæla með, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 13. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 34. fundi í Ed., 15. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 46. og 50. fundi í Ed., 2. febr. og 3. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 51. fundi í Ed., 5. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 24, n. 306).

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Landbn. hefur haft frv. þetta til athugunar og kynnt sér aðstæður eftir föngum. Jörðin Ytra-Krossanes er nú innan bæjarmarka Akureyrarkaupstaðar og þess vegna hagræði að því fyrir kaupstaðinn að hafa eignarhald á henni. Og þar sem jarðeignadeildin telur, að ríkissjóði sé enginn vinningur að því að eiga jörðina, og landnámsstjóri telur þann veg komið búsetu á henni nú, að ástæðulaust sé að halda henni í ríkiseign sem ábýlisjörð, þá varð n. sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 395).

---

58. Minningarsjóður Jóns Sigurðssonar frá Gautlöndum.

Á 21. fundi í Nd., 4. des., var útbýtt:
Frv. til l. um ráðstöfun á Minningarsjóði Jóns Sigurðssonar frá Gautlöndum [114. mál] (þmfrv., A. 139).

Á 25. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér frv., ásamt þrem öðrum hv. þm., um það að afnema skipulagsskrá Minningarsjóðs Jóns Sigurðssonar frá Gautlöndum. Þetta frv. er flutt að beiðni afkomenda Jóns Sigurðssonar, og verð ég að gera nokkra grein fyrir þessu máli, vegna þess að þetta er dálítið óvenjulegt mál.

Jón Sigurðsson alþm. á Gautlöndum andaðist 26. júlí 1889. Þetta var héraðshöfðingi og merkur alþm. og kom víða við sögu á sínum tíma. Nokkru eftir andlát hans skutu vinir hans og ættingjar saman nokkru fé til þess að gera grafhellu á leiði hans í Skútustaðakirkjugarði með áletrun. Samskot þessi urðu það rífleg, að nokkur fjárhæð gekk af, þegar búið var að kosta legsteininn. Var sá peningur lagður í sjóð fyrst í stað og ekki ráðstafað formlega fyrr en árið 1913—14, en þá voru liðin

25 ár frá andláti Jóns heitins. Strax og sýnt þótti að samskotafé yrði meira en fyrir legsteininum, tóku sumir gefendur það fram, að þeir ætluðust til að það yrði eigi að síður notað til að heiðra minningu Jóns með einhverju móti, þó að á öðrum vettvangi væri, t. d. í sambandi við alþingisstörf hans eða á alþjóðavettvangi. 1913 varð það svo að ráði, eins og á var drepið, að leggja upphæð þessa inn í Söfnunarsjóð Íslands og mynda með henni sjóð, sem bar nafn Jóns. Jafnframt var samin skipulagsskrá fyrir sjóðinn og stóðu að því séra Árni Jónsson að Skútustöðum og Steinþór Björnsson að Litlu-Strönd. Síðan var fengin staðfesting á þessari skipulagsskrá og er hún birt í Stjórnartíðindum 1913. Í skipulagsskránni segir í 1. gr., að sjóðurinn innleggist í Söfnunarsjóð Íslands fyrir 26. júlí 1914. Þá var þessi upphæð u. þ. b. 1400 kr. Samkvæmt 3. gr. skipulagsskrárinnar áttu 6/10 hlutar vaxta að ganga til að verðlauna beztu ritgerðir, er sjóðsstjórninni bærust, um búnaðarmál, samvinnumál, stjórnmál eða önnur framfaramál á Íslandi. Þessi verðlaun átti að veita eigi sjaldnar en tvisvar á hverjum 10 árum eða fimmta hvert ár. Síðan 1914 eru nú liðin 55 ár, en aðeins einu sinni hefur verið sótt um verðlaun úr sjóðnum og þau þá veitt. Aðeins einu sinni á þessum 55 árum, í staðinn fyrir að það átti að vera a. m. k. 11 sinnum eftir skipulagsskránni.

Í 6. gr. skipulagsskrárinnar segir: „Þegar stundir líða, þó eigi innan 50 ára, má Nd. Alþ. breyta til um verðlaunaveitingar úr sjóðnum, eftir því sem kröfur tímans þá kunna að heimta.“ Nú er þessi hálfa öld liðin og meira en það og kröfur tímans orðnar allt aðrar en 1914. Sjóðurinn er að engu orðinn eða svo til, og hefur hjaðnað niður vegna verðbólgu margra áratuga eða umbreytinga á gildi krónu okkar, sem stofnendur sjóðsins hafa ekki tekið með í reikninginn að orðið gæti. Sjóður þessi er undir sérstakri vernd Alþ. samkvæmt skipulagsskránni, því að forseti Nd. er formaður sjóðsstjórnar og Alþ. kýs auk þess tvo meðstjórnendur.

Frv. þetta er borið fram að ósk afkomenda Jóns Sigurðssonar, sem ekki geta unað því að nafn hans sé tengt jafnvanmátta minningarsjóði og hann er nú orðinn. Sama má sennilega segja um einhverja alþm. Eins og sjá má á undirskriftum á fskj., sem prentað er með frv., er full samstaða um það í hópi ættmenna Jóns, eða réttara sagt afkomenda, að þessar 22—23 þús. kr., sem sjóðurinn nú er, verði notaðar á annan hátt en upphafleg tilætlun var, en þó til að heiðra minningu Jóns. Sjóðsstjórnin er og sama sinnis, eins og sjá má á fskj. II. Þessi ráðstöfun, að afnema skipulagsskrána, er í fullu samræmi við tilgang gefendanna og í samræmi við vilja afkomendanna og stjórnar sjóðsins og að auki í samræmi við heilbrigða skynsemi. Þó stangast hún ofurlítið á við bókstafinn í 6. gr., því þar er gert ráð fyrir, að aldrei megi ganga nær sjóðnum en það, að eftir standi 10% eða 1/10 hluti af vöxtunum til að bætast við höfuðstólinn. M. ö. o. það er ekki gert ráð fyrir því, að sjóðurinn sé afnuminn, en þó er ekki hægt að segja að það sé beinlínis bannað.

Áður en þetta frv. var lagt fram, var leitað álits lögfróðra manna um þetta atriði og skyggnzt um eftir hliðstæðum fordæmum. Niðurstaðan var sú, að þau væru til, þ. e. a. s. hliðstæð fordæmi, m. a. að því er snertir sölu á jörðum, sem gefnar voru fyrr á tímum í ákveðnum tilgangi með skilyrðum, sem gefendur ætluðust til að væru ævarandi. Þar má t. d. nefna sölu svokallaðra kristfjárjarða, sem Alþ. hefur sett lög um oftar en einu sinni, og enn fleiri hliðstæður munu finnast, þó að ég hafi ekki á þessari stundu gögn til að rekja það. Kröfur tímans hafa heimtað það, eins og segir í skipulagsskránni, að hin fornu boð í henni væru á einhvern hátt sniðgengin.

Þó að þetta sé ekki mikið mál að fjármunagildi, hef ég talið rétt að rekja það dálítið, vegna þess hvernig það er vaxið. Fjöldi minningarsjóða er til í okkar landi, sem svipað stendur á um og þennan sjóð. Þeir gleymast og grafast í Söfnunarsjóði eða einhvers staðar og einhvers staðar, hjaðna niður og verða að engu, eða a. m. k. allt öðru en gefendur og stofnendur ætluðust til í öndverðu, vegna þeirra breytinga, sem sífellt verða á mannlegu samfélagi. Ráðstöfun þessa sjóðs á þann hátt, sem frv. leggur til, getur því boðið heim fleiri frv. af svipuðu tagi. Tel ég það ekki illa farið, þó að svo verði, og eðlilegt að líta meira á tilgang þeirra, er að myndun slíkra sjóða stóðu í upphafi, en bókstafinn, sem komizt hefur á pappírana, vegna þess að engum er unnt að sjá fyrir nema lítið eitt af því, sem í framtíðinni gerist.

Herra forseti. Ég óska eftir, að þessu frv. verði vísað til n., og held, að eðlilegast sé, þar sem þetta er þó sjóður, að því verði vísað til fjhn. Annars vil ég skjóta því til hæstv. forseta, sem er formaður sjóðsstjórnar, að ef hann teldi réttara að þetta færi í aðra n., þá er ég til viðræðu um að breyta þessari uppástungu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjhn. með 28 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 139, n. 412).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál til athugunar og er því samþykk, að það verði samþ. óbreytt. Það fylgir allýtarleg grg. með frv. og einnig kemur þar fram sem fskj. samþykki þeirra aðila, sem þarna eiga hlut að máli, að þær breytingar verði gerðar um ráðstöfun á Minningarsjóði Jóns Sigurðssonar, sem frv. gerir ráð fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 57. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 59. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 60. fundi í Ed., 20. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 139, n. 461).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Efni þess frv., sem hér liggur fyrir, er það, að felld verði úr gildi núgildandi skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóns Sigurðssonar frá Gautlöndum. Þetta er lítill sjóður, sem verðbólgan hefur í rauninni eyðilagt, eins og margar aðrar slíkar stofnanir, þannig að auðsætt ætti að vera, þar sem sjóðurinn nemur aðeins um 22 þús. kr., að hann getur ekki sinnt því hlutverki, svo að neinu gagni sé, sem honum var ætlað samkv. skipulagsskránni. En afkomendur Jóns frá Gautlöndum hafa nú farið fram á það, að heimild sé fengin frá Alþ. til þess að ráðstafa sjóðnum á þann veg, að honum sé varið til þess að styrkja útgáfu niðjatals Jóns Sigurðssonar frá Gautlöndum.

N. hefur haft þetta frv. til meðferðar, og eins og nál. á þskj. 461 ber með sér, voru allir þeir nm., sem staddir voru á þeim fundi, sem afgreiddi málið, sammála um að mæla með því, að þetta frv. yrði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 499).

---

59. Sala Krossalands í Bæjarhreppi.

Á 23. fundi í Nd., 11. des., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja eyðijörðina Krossaland í Bæjarhreppi, Austur-Skaftafellssýslu [124. mál] (þmfrv., A. 168).

Á 25. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 28 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Þetta mál fjallar um það, að Alþ. heimili að selja eyðijörð í Bæjarhreppi í A.-Skaftafellssýslu, sem heitir Krossaland. Það hefur verið leitað eftir samþykki eða umsögn hreppsnefndar þessa sveitarfélags, og eins og frv. ber með sér, þá er umsögn hennar prentuð með í grg., og hreppsnefndin mælir með þessari ráðstöfun á jörðinni, en hún er sú að selja Benedikt Egilssyni bónda í Volaseli í Lóni þá eyðijörð.

Jörðin Krossaland liggur á flatlendinu meðfram Lóninu og er vötnum girt. Hún hefur verið í eyði síðan 1947 og m. a. vegna ágangs vatna hefur gildi hennar rýrnað. Hins vegar er hún nokkurs virði sem beitiland, og þar sem hún liggur að landi jarðarinnar Volasels, þá eru það hagkvæmustu notin af þessu landi, sem hér er bent á, og þau eru að selja hana eiganda Volasels.

Þetta er ósköp einfalt og ljóst mál. Það er að vísu stundum haft í flimtingum, að Alþ. sé að fást við svona lítilfjörlega hluti, en þetta er nú einu sinni sá háttur, sem þarf að hafa á, og þess vegna varð það að ráði að bera þetta frv. hér fram. Ég vil vænta þess, að Alþ. geti fallizt á það, og óska eftir, að því verði vísað til 2. umr. að þessari lokinni og til hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til landbn. með 28 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 168, n. 409).

Frsm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Frv. þetta, um heimild fyrir ríkisstj. til að selja eyðijörðina Krossaland í Bæjarhreppi, hefur legið fyrir landbn. Nd. Hún hefur sent það til umsagnar, svo sem venja er um slík mál, til Landnáms ríkisins og jarðeignadeildar ríkisins. Umsagnir hafa borizt frá báðum þessum aðilum og hafa þeir báðir mælt með því, að Alþ. veiti þessa heimild til að selja þessa eyðijörð, og landbn. hefur orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 57. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 59. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 60. fundi í Ed., 20. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 168, n. 491).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Það er efni þessa frv. að veita ríkisstj. heimild til að selja Benedikt Egilssyni bónda í Volaseli í Bæjarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu eyðijörðina Krossaland í sama hreppi. Verð jarðarinnar fer eftir samkomulagi, ef það næst, ella skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

Býlið Krossaland stóð á láglendi Lónssveitar vestan megin Jökulsár í Lóni. Þetta býli hefur verið í eyði um langan tíma, a. m. k. um 30 ára skeið, og mannvirki eru engin á jörðinni og engar líkur til, að þetta býli byggist aftur sem sjálfstæð bújörð. Veldur því m. a., að landið liggur nokkuð undir áföllum vatna, þar sem Jökulsá í Lóni liggur að því að austan, og vestan megin við land jarðarinnar er annað minna vatnsfall, sem Laxá heitir. Næsta jörð við þetta eyðibýli er Volasel og þar hefur nú stofnað til búskapar ungur bóndi, Benedikt Egilsson, og hefur hann farið þess á leit að fá keypt landið, sem fylgdi Krossalandi og um er rætt í þessu frv.

Landbn. Nd. sendi mál þetta til umsagnar landnámsstjóra og jarðeignadeildar ríkisins, og mæla þeir aðilar báðir með því, að sala eyðijarðarinnar Krossalands verði heimiluð á þann veg, sem frv. gerir ráð fyrir. Landbn. Ed. hefur einnig kynnt sér þessar umsagnir og tekið þetta mál til athugunar, og mælir hún fyrir sitt leyti með því, að frv. þetta verði samþ. óbreytt, eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 532).

---

60. Almannatryggingar (frv. BrS).

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar [25. mál] (þmfrv., A. 25).

Á 5. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 6. fundi í Nd., 27. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Það stendur líkt á með þetta frv. eins og það, sem ég mælti hér fyrir áðan, að það var flutt á síðasta Alþ. og komst þá í gegnum n. í Nd., en dagaði þá uppi vegna tímaskorts í þinginu.

Þetta er mjög veigalítil breyting, sem hér er lögð til, og þar eð heilbr.- og félmn. var búin að leggja til, að þetta frv. yrði samþ., vona ég, að það fari fyrirhafnarlaust í gegnum þingið núna. Innihald frv. er aðeins það, að einstæðar mæður, sem verða öryrkjar, þurfi ekki að missa mæðrabæturnar við það, að þær hætti að taka vinnulaun, en taki í staðinn örorkubætur. Það er nokkurn veginn víst, að þetta er komið inn í lögin fyrir mistök löggjafans í upphafi.

Það hefði verið full ástæða til þess að flytja miklu ýtarlegri brtt. við almannatryggingalögin, en ástæðan til þess, að það er ekki gert hér, er sú, að ég vildi ekki eiga það á hættu, að þessi litla breyting, sem hér er lögð til, yrði stöðvuð vegna þess, að ágreiningur kynni að vera um aðrar breytingar, sem ég annars hefði lagt til. En ég vil aðeins geta þess hér, að því hefur verið hreyft hér áður á þinginu, að það ætti m. a. að taka það inn í almannatryggingalögin, að þeir sjúklingar, sem þurfa að leita sér lækninga erlendis, fái meiri aðstoð frá almannatryggingum við greiðslu þess kostnaðar, sem af slíku leiðir, heldur en nú er, og er þetta ein af þeim breytingum, sem nauðsynlega þarf innan tíðar að gera á almannatryggingalögunum. Sömuleiðis eru uppi raddir um það, að mikil ástæða væri til þess, að almannatryggingarnar tækju virkan þátt í tannviðgerðum. Nefni ég þessi tvö atriði hér aðeins til að minna á, að þessar breytingar þarf að gera á lögunum innan tíðar.

Loks langar mig að segja frá einu atriði, sem undirstrikar það, að heimildir til handa tryggingaráði þyrftu að vera rýmri í þessum lögum heldur en nú er. Mér var sagt það alveg nýverið, að einstæð móðir norður í landi, sem hafði fullan örorkulífeyri og tvö börn á framfæri sínu, hafi andazt á s. l. ári frá þessum börnum, og foreldrar hennar aldraðir, báðir komnir á ellilífeyri, tóku börnin að sér. En samkv. tryggingalögunum er ekki heimild til þess að veita þeim barnalífeyri með þessum börnum, þar sem meðlagsskyldur faðir er á lífi. Þetta er eitt af mörgum dæmum um það, að það geta alltaf komið fyrir einstök og sérskilin tilfelli varðandi tryggingalögin, sem ekki er kannske hægt að taka beinlínis inn í lög. Það er aldrei hægt að setja undir öll tilvik. En hefði verið til heimild handa tryggingaráði til að taka svona tilvik til greina, þá væri nokkuð unnið.

Ég nefni þessi þrjú atriði auk þessa, sem ég flyt hér í sjálfu frv., sem þyrfti mjög fljótlega að taka til endurskoðunar; auknar heimildir til handa tryggingaráði til þess að bæta úr í sérstökum tilvikum, sem alltaf geta komið fyrir, aðstoð við sjúklinga, sem verða að leita sér lækninga erlendis, og tannviðgerðirnar.

Ég hef svo þessi orð ekki fleiri, en legg til, að málinu verði að lokinni umr. vísað til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 22. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 41. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 25, n. 239).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt af hv. 9. landsk. þm. og er mjög einföld og veigalítil breyting á lögum um almannatryggingar. Frv. gerir ráð fyrir, að inn í 2. mgr. 56. gr. l., sem fjallar um þær bætur, sem saman megi fara, inn í c-lið þessarar gr. komi örorkubætur. Í grg. með frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Breyting sú, sem hér er lögð til, að gerð sé á 2. mgr. 56. gr. ofangreindra laga, er aðeins sú, að einstæð móðir, sem verður öryrki og hlýtur þar af leiðandi örorkubætur, missi ekki við það mæðralaun, en svo er nú eftir gildandi lögum."

Heilbr.- og félmn. fékk þetta mál til athugunar og sendi það til umsagnar Tryggingastofnunar ríkisins, og mælir Tryggingastofnunin með, að frv. verði samþ., og er það einnig niðurstaða n. að mæla með, að þetta frv. verði samþ. óbreytt. Einn nm., hv. 9. þm. Reykv., var fjarverandi, þegar málið var afgreitt, en aðrir nm. leggja til, að það verði samþ. óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 42. fundi í Nd., 26. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 27. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 41. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 42. fundi í Ed., 29. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 25, n. 520).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar var flutt í Nd. og var samþ. þar samhljóða. Í þessu frv. felst breyting á 2. mgr. 56. gr. tryggingalaganna, og er breytingin einvörðungu sú, að einstæð móðir, sem verður öryrki og hlýtur þar af leiðandi örorkubætur, missi ekki við það mæðralaun, en sú er reglan eftir gildandi lögum.

Þetta frv. var sent til umsagnar Tryggingastofnunar ríkisins og mælti stofnunin með því, að það yrði samþ. óbreytt. Heilbr.- og félmn. Ed. fjallaði um þetta frv., og var n. sammála um að mæla með samþykkt þess, eins og fram kemur í nál. á þskj. 520.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 569).

---

61. Fjárfestingarfélag Íslands.

Á 5. fundi í Nd., 23. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um Fjárfestingarfélag Íslands h.f. [43. mál] (þmfrv., A. 43).

Á 7. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Frv. svo til shlj. því, sem hér er nú til umr., flutti ég á síðasta þingi ásamt tveim öðrum hv. þm., og var það þá rætt nokkuð hér í þessari hv. d. Af þeim sökum tel ég mig geta haft tiltölulega fá orð um þetta mál, einkum þegar þess er einnig gætt, að um málið hefur talsvert verið ritað í blöðum að undanförnu, svo að hv. þdm. munu vita, hvað hér er um að ræða.

Um gang málsins er það annars að segja, að Verzlunarráð Íslands og Félag ísl. iðnrekenda létu undirbúa frv. þetta, sendu það ríkisstj. skömmu fyrir þinglok í fyrra, en málið fékkst ekki afgreitt af hálfu ríkisstj. og varð því að ráði, að það væri hér sýnt alþm., svo að menn gætu hugleitt það til haustsins. En ástæðan fyrir því, að við erum nú tveir flm., er sú, að málið hefur síðan verið rætt í stjórnarflokkunum og við ákváðum að flytja það tveir, ég og hv. 5. þm. Vesturl. Ekki vegna þess að þetta sé sérstakt mál stjórnarflokkanna. Þvert á móti geri ég mér vonir um og treysti raunar, að hv. þm. stjórnarandstöðunnar, sumir hverjir a. m. k., muni styðja þetta mikilvæga mál, ekki sízt með hliðsjón af því, að þunglega hefur horft í atvinnumálum Íslendinga að undanförnu og brýna nauðsyn ber til þess að styrkja og efla íslenzk atvinnufyrirtæki.

Það eru einkum tveir þættir í þessu frv., þar sem rætt er um tilgang félagsins, Fjárfestingarfélags Íslands h.f., sem ég vil vekja hér athygli á, af því að þeir heyra til

algers nýmælis. Annars vegar er það atriði, að þetta fyrirtæki gerir það að atvinnu sinni að vera það, sem kallað er frumkvöðull að félagastofnun og sameiningu hlutafélaga. Þann þátt hefur skort í íslenzkt atvinnulíf og hefur enginn aðili, hvorki einstaklingur né félag í þessu landi, gert það að verkefni sínu beinlínis að vinna að félagastofnun og endurskipulagningu félaga í þeim tilgangi að hverfa síðan að öðrum verkefnum og taka þóknun fyrir sína vinnu að þessum verkefnum. Og í annan stað hefur það ekki verið til hér á landi, sem hér er nefnt óbein þátttaka í hlutafélögum. Hún er í því fólgin, að félagið mundi taka að sér að tryggja sölu á hlutabréfum í hinum ýmsu fyrirtækjum. Sá, sem ynni að stofnun arðvænlegs fyrirtækis og hefði ekki nema hluta af hlutafjármagninu í eigin höndum, gæti leitað til félagsins og óskað eftir því, að það tæki að sér fyrir þóknun að sjá um sölu á hlutabréfunum, en mundi eiga þau sjálft, ef bréfin seldust ekki til almennings. Ég held, að vöntunin á þessu tvennu hafi valdið því, að í íslenzkum atvinnufyrirtækjum er yfirleitt allt of lítið einkafjármagn, og sem betur fer held ég, að langflestir landsmenn og þ. á m. að sjálfsögðu hv. þm. geri sér grein fyrir því, að styrkja þarf atvinnureksturinn einmitt með þeim hætti, að áhættufé verði þar meira og fyrirtækin verði ekki jafnháð lánastofnunum og þau hafa verið fram að þessu.

Frv. þetta er í tveimur atriðum frábrugðið því frv., sem flutt var hér í fyrravor. Annars vegar er nú einungis einkabönkum heimilað að gerast hluthafar í Fjárfestingarfélagi Íslands h. f., en hitt frv. gerði ráð fyrir því, að öllum bönkum væri heimilað að kaupa hlutabréf. Það var aldrei tilgangurinn, að aðrar bankastofnanir en einkabankarnir yrðu aðilar að þessu fyrirtæki, og þess vegna var talið eðlilegt að undirstrika, að ekki væri öðrum bankastofnunum heimilað að verða hluthafar.

Í annan stað er svo takmörkun á skattfríðindum, sem félaginu yrðu veitt. Í fyrra frv. var talað um ótakmörkuð skattfríðindi, en nú er gert ráð fyrir, að þau verði einungis til ársloka 1977. Starfræksla eins og sú, sem hér um ræðir, er óþekkt hér á landi og er því talið nauðsynlegt, að þessu fyrirtæki verði veitt tímabundin skattfríðindi, meðan það er að vaxa á legg, svo það geti skjótlega og með mjög árangursríkum hætti sinnt ætlunarverki sínu, og vonir standa raunar til þess, að þegar á þessum vetri gæti farið að gæta áhrifa frá þessu félagi, sem mundu valda því, að atvinna gæti aukizt og atvinnufyrirtæki styrkzt. Auk bankanna er öllum opinberum sjóðum heimilað að kaupa hlutabréf í þessu fyrirtæki, þó að ákvæði sjóðanna leggi bann við hlutabréfakaupum. Ekki er mér kunnugt um það, hvort nokkrir opinberir sjóðir, aðrir en Framkvæmdasjóður Íslands, mundu gerast hluthafar í þessu fyrirtæki, en mjög teldi ég æskilegt, að sjóðir eins og t. d. Atvinnuleysistryggingasjóður, þar sem launþegar og vinnuveitendur starfa saman, gerðust aðilar að stofnun sem þessari, fylgdust þar með framgangi mála og létu þar koma til sín áhrif. Þess hefur líka gætt nokkuð að undanförnu, að launþegar skilji betur en áður nauðsyn þess, að fé almennings sé varið til atvinnurekstrar. Það kom t. d. glögglega fram á nýafstöðnu þingi Landssambands verzlunarmanna, að ályktað var í þessa átt, og mér er a. m. k. kunnugt um það, að á einum stað hafa verkalýðsfélög lagt fram meginhluta sjóða sinna til hlutabréfakaupa í atvinnufyrirtækjum til þess að tryggja aukna atvinnu og bætta aðstöðu í sínu byggðarlagi, og vissulega væri það vel farið, ef framhald yrði á þeirri þróun. Hún mundi ekki einungis valda því, að atvinnufyrirtækin styrktust, heldur mundi hún líka efla skilning á milli launþega og vinnuveitenda, sem stundum hefur ekki verið nægilega ríkur í þessu landi, því miður.

Ég held, að ég þurfi ekki að þreyta menn með því að flytja öllu lengra mál hér. Menn vita áreiðanlega, hvað um er að ræða. En ég legg mjög ríka áherzlu á það, að afgreiðslu þessa máls verði hraðað hér á hinu háa Alþ., því það er, eins og ég gat um áðan, hugsanlegt að áhrifa þessa fyrirtækis gæti farið að gæta strax á þessum vetri, og nú er brýn þörf á því, að öll þjóðfélagsöfl sameinist um það að reyna að styrkja íslenzka atvinnuvegi sem allra mest. Raunar ætti það ekki að verða ofverk okkar, sem hér erum, þeirrar kynslóðar, sem nú er á bezta starfsaldri, að efla svo og bæta íslenzkan atvinnurekstur, að áttundi áratugurinn yrði mesta framfaratímabil í sögu þessarar þjóðar og að honum loknum væri engum blöðum um það að fletta, að lífskjör á Íslandi væru betri en nokkurs staðar annars staðar í veröldinni. Við getum gert þetta, ef við viljum og höfum framsýni og dug til þess að hrinda fram góðum málefnum, auka og efla þá atvinnuvegi, sem fyrir eru, og hleypa nýjum af stokkunum. Flutningur þessa frv. miðar einmitt að því og þær athuganir, sem samtök þau, sem að því standa, hafa látið fram fara.

Ég vil svo, herra forseti, óska þess, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og til hv. fjhn., sem ég vona að afgreiði málið mjög skjótlega til d. á ný.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það leiðir m. a. af vaxandi vélvæðingu og tækni, að fjármögnun fyrirtækja verður stöðugt meira og meira vandamál. Fyrirtækin þurfa á meira fjármagni að halda til þess að geta fylgzt með í þessum efnum. Það hafa stundum verið birtar tölur um það að undanförnu, að fyrir t. d. 10–20 árum hafi ekki þurft nema svo og svo lítið fjármagn á bak við hvern starfandi mann hjá tilteknu fyrirtæki, en nú þurfi í mörgum tilfellum margfalt meira fjármagn, jafnvel tífalt eða tuttugufalt meira en áður var, ef fyrirtækin eiga að fylgjast með í þeirri þróun, sem orðið hefur varðandi vélvæðingu og tækni. Þetta leiðir það að sjálfsögðu af sér, að það er stöðugt vaxandi þörf fyrir það að fá aukið fjármagn til þess að fullnægja þeirri vaxandi fjármögnun, sem atvinnureksturinn þarfnast.

Að sjálfsögðu eru margar leiðir færar til þess að leysa úr þessum vanda. Ein þeirra, sem hefur verið farin erlendis að undanförnu og þó sérstaklega í Bandaríkjunum, er sú leið, sem þetta frv. fjallar um, þ. e. að stofna svokallað fjárfestingarfélag. Í Bandaríkjunum hafa á undanförnum árum eða nú allra síðasta áratuginn risið upp allmörg slík félög, sem annast þá starfsemi, sem hér um ræðir, svo að segja eingöngu, og starfsemi þeirra hefur þar vakið vaxandi athygli og umtal og hefur m. a. leitt til þess, að það er eitt af aðalverkefnum eins af aðstoðardómsmrh. Bandaríkjanna að kynna sér starfsemi þessara fyrirtækja, fylgjast með þeim og sérstaklega að taka það til athugunar, hvort þau brjóti að

einhverju leyti í bága við þá löggjöf um hringa, sem gilt hefur í Bandaríkjunum um alllangt skeið.

Eins og hv. þm. er vafalaust kunnugt, hefur hringamyndun í Bandaríkjunum lengi verið mönnum þar mikið áhyggjuefni. Hringamyndunin kom þar til sögunnar á síðustu öld eða á síðari hluta hennar og gerðist einkum með þeim hætti, að stór og sterk fyrirtæki í ákveðnum atvinnugreinum keyptu upp önnur minni fyrirtæki í sömu atvinnugrein, og þannig gat það farið í sumum tilfellum, að það var eiginlega aðeins eitt stórfyrirtæki, sem réð lögum og lofum í viðkomandi atvinnugrein. Þetta varð til þess, að stjórnarvöld Bandaríkjanna töldu nauðsynlegt að skerast í leikinn og setja löggjöf til að koma í veg fyrir það, að ein samsteypa, einn hringur gæti haft svo að segja alger yfirráð yfir þeirri atvinnugrein, sem um væri að ræða. Það var talið, að þegar slíkt ástand skapaðist, yrði það til þess að koma í veg fyrir samkeppni og í veg fyrir eðlilegt einkaframtak í viðkomandi atvinnugrein. Þess vegna var sett sérstök löggjöf í Bandaríkjunum, sem átti að koma í veg fyrir þessa starfsemi, að svo miklu leyti sem hægt var, og þessari löggjöf hefur verið framfylgt mjög strangt á seinustu áratugum, að því leyti sem hægt hefur verið. En eins og ég minntist á áðan, hefur orðið nokkur breyting á þessu síðasta áratuginn, þannig að það hefur komið til sögunnar ný tegund hlutafélaga eða samsteypufélaga, sem eru ekki bundin við eina ákveðna atvinnugrein, eins og hringarnir hafa yfirleitt verið til þessa, heldur hafa stefnt að því að eignast hlutabréf og fá ítök í eða yfirráð yfir fyrirtækjum í mismunandi atvinnugreinum, og á þann hátt hafa þau komizt fram hjá þeirri hringalöggjöf, sem hingað til hefur gilt í Bandaríkjunum. Þessi félög, sem má í raun og veru nefna fjárfestingarfélög, vegna þess að starfsemi þeirra er þannig háttað, að þau annast sjálf ekki neinn atvinnurekstur, heldur eiga hlutabréf í fyrirtækjum, sem eru í atvinnurekstrinum, og það má segja, að það sé þess vegna um mjög líka félagsstarfsemi að ræða og þá, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Sum af þessum fjárfestingarfélögum hafa orðið geysilega öflug á örfáum árum í Bandaríkjunum en öðrum hefur gengið miður. Þessi starfsemi er orðin svo víðtæk, að það hefur þótt nauðsynlegt af stjórnarvöldum þar að kynna sér alveg sérstaklega starfsemi þeirra, og eins og ég áðan sagði, er það eitt af aðalverkefnum eins af aðstoðardómsmrh. Bandaríkjanna að kynna sér þessa félagsstarfsemi, athuga hversu heilbrigð og heppileg hún sé og vinna að nýrri lagasetningu, ef nauðsynlegt þykir, til þess að halda þessari starfsemi innan eðlilegra takmarka. Í Bandaríkjunum er mjög deilt um það, hve gagnleg þessi fjárfestingarfélög séu. Ýmsir halda því fram, að þau séu til bóta, þau verði til þess að örva atvinnulífið, í ýmsum tilfellum til að hleypa nýju blóði í fyrirtæki, sem eru hálfstöðnuð eða komin að hruni, en fjárfestingarfélögin hafa unnið allmikið á þann hátt, ef um rík félög hefur verið að ræða, þar sem reksturinn gekk þó hálfilla og hlutabréf voru í lágu verði, að reyna að ná meiri hlutanum af þeim í sínar hendur og þar með stjórn viðkomandi fyrirtækis.

Mér finnst rétt í þessu sambandi að benda á það, að í amerískum blöðum hafa á þessu ári birzt ýmsar athyglisverðar greinar um starfsemi þessara fjárfestingarfyrirtækja, og t. d. birti vikuritið Time í vetur mjög ýtarlega grein um starfsemi þessara fyrirtækja í Bandaríkjunum, þar sem niðurstaðan var sú, að það ætti kannske eftir að sýna sig, að þau yrðu til hagsbóta fyrir efnahagslíf Bandaríkjanna, en útilokað væri að fullyrða um það á þessu stigi, vegna þess að fullkomin reynsla væri ekki enn þá komin á starfsemi þessara félaga, þar sem þau hafa svo að segja öll komið til sögunnar á seinasta áratugnum. Sum þeirra hafa náð miklum þroska og eru orðin geysilega sterk. Öðrum hefur tekizt miklu miður og sum hafa farið á hausinn.

Það eru miklar deilur um þessi félög þarna vestan hafs. Að einhverju leyti kann það að stafa af því, að ýmsum eldri félögum stendur ógn af þessari nýju starfsemi, vegna þess að þau vinna að því að kaupa þau upp. Það hefur iðulega gerzt, að þegar hinir gömlu stjórnendur hafa komið á hluthafafundi og átt sér einskis ills von, þá hafa verið komnir nýir eigendur til sögunnar og þeir gömlu orðið að víkja.

Mér sýnist, að því félagi, sem ráðgert er að stofna hér, sé ætlað að starfa á ýmsan hátt svipað og þessi fjárfestingarfélög í Bandaríkjunum, þ. e. a. s. það eigi ekki sjálft að annast neinn atvinnurekstur, heldur eigi það að eiga hlutabréf í hlutafélögum, sem annast atvinnurekstur.

Í grg. þessa frv. er vikið að því, að þeir, sem hafa undirbúið þetta mál, hafi kynnt sér starfsemi slíkra félaga á Norðurlöndum. Ég verð að játa það, að ég er ófróður um starfsemi slíkra félaga á Norðurlöndum, en af því, sem ég hef séð í amerískum blöðum, hef ég fylgzt nokkuð með eða lesið nokkuð um starfsemi þeirra í Bandaríkjunum. Þess vegna mundi mér þykja fróðlegt að heyra frá hv. 1. flm. þessa máls eða 2. flm., hvernig starfsemi þessara félaga muni vera háttað á Norðurlöndum; hvort þau séu rekin eitthvað svipað því, sem fjárfestingarfélögin eru rekin í Bandaríkjunum, eða með einhverjum öðrum hætti. En ég álít, að áður en Alþ. gengur frá löggjöf eins og þessari, sé mjög æskilegt, að það kynni sér sem bezt þá reynslu, sem fengizt hefur af slíkum félögum annars staðar, og þá kannske alveg sérstaklega í Bandaríkjunum, þar sem mest reynsla er komin á starfsemi slíkra félaga, og þá ekki síður á Norðurlöndum eða í Evrópu, ef slík félög starfa þar að verulegu ráði.

Ég ætla svo ekki að ræða meira um þennan félagsskap almennt, en víkja nokkrum orðum að einstökum gr. í frv., sem mér finnst ástæða til, að Alþ. athugi sérstaklega, áður en á þau yrði fallizt, ef svo færi. Þessar greinar, sem ég tel sérstaka ástæðu til þess að vekja athygli á, eru í fyrsta lagi 3. gr. Þar er talað um það, að forgöngu um stofnun fjárfestingarfélags hafi Verzlunarráð Íslands og Félag ísl. iðnrekenda og þeir aðilar, sem samtök þessi kveðja til. Mér virðist, að ef horfið yrði að því að stofna slíkan félagsskap sem þennan, þá sé kannske nokkuð þröngt þetta ákvæði um, hverjir megi vera stofnendur, þar sem það á eingöngu að vera bundið við Verzlunarráð Íslands og Félag ísl. iðnrekenda og þá aðila, sem þessir aðilar tilnefna. Mér finnst, að ef horfið yrði að stofnun slíks félags, þá ætti að hafa það á víðum grundvelli, og þá væri ekkert óeðlilegt, að t. d. Landssamband ísl. útvegsmanna, Búnaðarfélag Íslands og aðrir slíkir aðilar, félagssamtök, fengju þá

alveg eins aðild að því, eins og Verzlunarráðið og Félag ísl. iðnrekenda. Og eins held ég, að það væri til athugunar, ef rétt þætti að stofna slíkt félag, að hafa það alveg opið frá byrjun, eins konar almenningshlutafélag, þannig að það gætu allir orðið stofnendur þess, en það væri ekki sérstaklega bundið við Verzlunarráðið, Félag ísl. iðnrekenda og þá aðila, sem þessi samtök telja rétt að kveðja til sem stofnendur.

En þetta er þó að mínum dómi ekki það ákvæði frv., sem mér finnst ástæða til, að sé athugað sérstaklega, þó að mér virðist, að ef að því ráði yrði horfið að stofna slíkt félag, þá ætti að hafa grundvöllinn miklu breiðari en hér er stefnt að. Mér finnst það atriði, sem felst í 4. gr. frv., þarfnast enn þá meiri athugunar, en hún er um það, að einkabönkum og opinberum sjóðum í landinu sé heimilt að kaupa og eiga hlutabréf í félaginu, án tillits til gagnstæðra ákvæða í lögum um þessar stofnanir. Eins og þm. að sjálfsögðu vita, gildir nú sú regla, að bankar og fjárfestingarstofnanir mega ekki vera hlutabréfaeigendur í fyrirtækjum, en það er einungis til þess að upphefja þá reglu gagnvart þessu fyrirtæki, sem þetta ákvæði er sett í frv. Hér er sem sagt verið að brjóta þá hefð, sem hefur gilt hingað til, þ. e. að bankar og fjárfestingarstofnanir séu ekki beinir aðilar að hlutafélögum. Nú var að vísu tekið svo til orða í þessari gr., að það eigi aðeins að gilda undanþága um þetta eina fyrirtæki, en ég óttast það, ef einu sinni er búið að brjóta ísinn og búið að samþykkja það, að bankar og fjárfestingarstofnanir megi vera eigendur hlutabréfa í þessu fyrirtæki, að þá muni brátt fleiri koma á eftir og það muni verða færð rök að því, að þessi og þessi félagsskapur eða þetta og þetta fyrirtæki sé ekki ónauðsynlegra en t. d. þetta félag. Við vitum mörg dæmi þess hér á Alþ. frá undanförnum árum, að ef eitthvert eitt félag, t. d. eitthvert góðgerðarfélag, hefur fengið leyfi til að leggja á svokallað tappagjald eða eldspýtnagjald o. s. frv., þá hafa fleiri félög komið á eftir og fengið sams konar hlunnindi. Ég er þess vegna hræddur um það, að ef bankarnir verða opnaðir þannig gagnvart þessu fyrirtæki, þá muni fljótt fleiri koma á eftir og vilja njóta sömu réttinda. Þess vegna þarf Alþ. að hugsa sig vel um, áður en það víkur frá þeirri föstu reglu, að bankar og fjárfestingarstofnanir séu ekki beinir aðilar að hlutafélögum.

Annað finnst mér líka athugandi í sambandi við þessa gr., og það er það, að þó að bankar og fjárfestingarstofnanir færu að kaupa hlutabréf í þessu fyrirtæki og fyrirtækið keypti svo aftur hlutabréf í öðrum hlutafélögum fyrir hlutafé, þá mun það ekki verða til þess að auka neitt það fjármagn, sem atvinnuvegirnir fá til umráða, eins og tilgangurinn er með þessu frv., því það fé, sem bankar og fjárfestingarstofnanir notuðu til þess að kaupa hlutabréf, yrði að sjálfsögðu á kostnað lánveitinga þessara aðila til annarra atvinnufyrirtækja. Þess vegna er raunverulega ekki um það að ræða hér, að það fáist aukið fjármagn til atvinnuveganna með þessu fyrirkomulagi, heldur verði sú breyting ein á, að hér kemur til sögunnar nýr úthlutunaraðili eða skömmtunaraðili til viðbótar við bankana og þær fjárfestingarstofnanir, sem fyrir eru. Nú er það álit margra og vafalaust ekki að öllu leyti rangt, að þessir aðilar, sem skipta fjármagni á milli atvinnufyrirtækja í landinu, séu þegar orðnir of margir. Bankarnir séu orðnir helzt til margir og þessir fjárfestingarsjóðir sömuleiðis. Það væri miklu eðlilegri og heilbrigðari þróun og meira yfirlit og meiri árangur mundi nást af því að fækka þessum aðilum heldur en að fjölga þeim. Á þetta atriði finnst mér, að Alþ. þurfi mjög að líta, áður en það gengur inn á þá braut að samþykkja það, að bankar og fjárfestingarstofnanir eigi þátt í því að stofna þetta nýja fyrirtæki.

Ég ætla svo að lokum að víkja að 6. gr. frv., en þar er gert ráð fyrir því, að umrætt fjárfestingarfélag eigi að njóta sömu sérréttinda og Landsbanki Íslands til ársloka 1977, þ. e. að hafa algert skattfrelsi. Ég held, að hér sé um atriði að ræða, sem ástæða sé til fyrir Alþ. að velta fyrir sér, áður en það samþykkir þetta. Ég held, að það geti alltaf verið dálítið varhugavert að veita einstökum fyrirtækjum sérstök skattfríðindi og algjörar skattaundanþágur, því það má alltaf búast við því, að þegar búið er að veita einu félagi slíka undanþágu, komi fleiri á eftir og heimti það sama. Það, sem mér finnst aðkallandi í skattamálum nú í sambandi við atvinnurekstur, er að létta skattabyrðum af atvinnurekstri almennt, þá ekki sízt á þeim fyrirtækjum, sem hafa beinan atvinnurekstur með höndum, og þess vegna eigi að athuga þessi mál í heild, en ekki halda þannig á þeim, að taka eitt fyrirtæki út úr og veita því skattahlunnindi. Það er áreiðanlega orðin mikil nauðsyn á því að endurskoða skattalögin eða þau ákvæði þeirra, sem snerta fyrirtæki. Skattar eru orðnir of þungir á atvinnurekstri hér á landi, og þar á ég ekki eingöngu við tekju- og eignaskatt, heldur marga aðra skatta, sem koma til viðbótar tekju- og eignasköttunum og verða þess valdandi, að samanlagt eru þær skattgreiðslur, sem á atvinnurekstrinum hvíla, mjög þungar. Mér finnst ærin ástæða til þess, og það ætti eiginlega að vera fyrsta verkefnið í skattamálunum, að Alþ. athugaði sérstaklega skattamál atvinnurekstrarins í heild, en sé ekki að taka eitt sérstakt fyrirtæki út úr og veita því skattahlunnindi. Og þó að það hafi viðgengizt á undanförnum áratug, þegar aðstæður voru allt aðrar en nú, að veita einstökum fyrirtækjum og félögum skattahlunnindi, þá held ég, að það eigi að vera almenn regla að hverfa frá þessu og láta sömu skatta gilda um allan atvinnurekstur og atvinnurekstrarstarfsemi, hvort heldur þar er um einkarekstur, ríkisrekstur eða samvinnurekstur að ræða. Að mínum dómi er það mjög vafasöm stefna að láta t. d. ríkisfyrirtæki njóta skattahlunninda umfram einkarekstur og samvinnurekstur. Ég álít, að við eigum miklu fremur að stefna að því, að ríkisreksturinn sitji við sama borð í þessum efnum og annar atvinnurekstur, og ég tel það mjög vafasamt, þó að það sé enn í lögum, að fjárfestingarstofnanir eða bankar séu undanþegnir skattalögum. Mér finnst þetta mjög til athugunar, að bankar sitji við sama borð og önnur fyrirtæki í þessum efnum.

Ég vil minna á það í þessu sambandi, að hæstv. forseti þessarar d. flutti ræðu hér í sambandi við eitt mál, sem var til meðferðar í þessari hv. d. í fyrra, en þá var verið að ræða um skattlagningar-á kvikmyndahús, og var ég honum mjög sammála. Þar er þannig ástatt, að það eru viss kvikmyndahús, sem njóta sérstakrar undanþágu, þ. e. a. s. undanþágu frá skemmtanaskatti. Ég

tel, að það sé mjög vafasamt að láta einkareksturinn búa við önnur og verri kjör í þeim efnum en ýmis önnur fyrirtæki, sem reka kvikmyndahús. Mér finnst, að þar eigi sama regla að gilda um alla aðila, og er þess vegna alveg sammála hæstv. forseta þessarar d. um það, sem hann sagði. Ég hef jafnvel hugsað mér nú á þessu þingi að hreyfa þessu máli í sérstöku frv.-formi. Mér finnst engin ástæða til þess, að það sé verr búið að einkafyrirtækjum en öðrum atvinnurekstri, enda er svo komið í sambandi við kvikmyndahúsareksturinn, að það er mjög hæpið, að það gjald, sem á hann var lagt á sínum tíma, skemmtanaskatturinn, eigi lengur rétt á sér. Það var miðað við allt aðrar kringumstæður. Nú eftir að sjónvarp og önnur fjölmiðlunartæki, sem keppa við kvikmyndahúsin, eru komin til sögunnar, þá er mjög hæpið, að það sé rétt að leggja þennan skatt á þau.

En það er annað atriði í sambandi við þessa sérstöku grein, kvikmyndahúsin. Ég álít, að það eigi að stefna að því, að allir aðilar sitji þar við sama borð og hið sama eigi yfirleitt að gilda um atvinnurekstur og mismunandi félagsform í landinu. Við eigum að hafa undanþágurnar sem allra fæstar, helzt engar. Það verður auðveldast, og það er rétt að framkvæma það á þann hátt, og þess vegna verð ég að segja það, að þó að ég vildi jafnvel greiða fyrir slíkum félagsskap sem þessum, þá hugsa ég mig um oftar en einu sinni, áður en ég treysti mér til þess að fallast á það að láta hann hafa skattfríðindi.

Ég held, að Alþ. eigi miklu frekar að marka þá stefnu í þessum efnum, sem ég hef áður minnzt á, að láta allan atvinnurekstur sitja við sama borð, en ekki veita einstökum félögum eða félagsformum sérstök hlunnindi. Ég hygg, að t. d. hv. 1. flm. sé mér sammála um það, að það sé ekki rétt að láta ríkisfyrirtæki búa við önnur skattalög en einkafyrirtæki, og ég væri alveg reiðubúinn til samvinnu við hann um það, að jöfnuði væri komið á í þeim efnum. En þá getur hann kannske líka skilið afstöðu mína varðandi það, að ég er ekki sérlega fús til þess að veita öðrum fyrirtækjum sérstakar skattaundanþágur.

Mér hefur fundizt rétt strax við 1. umr. að vekja athygli á þessum atriðum í frv., sem ég tel alveg sérstaka ástæðu fyrir Alþ. að athuga vandlega, áður en það gerir nokkuð í þessu máli. Hér getur verið um veigamikið mál að ræða og þess vegna þarf það góða íhugun. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu, að slíkt fjárfestingarfélag verði stofnað, ef það nýtur ekki neinnar sérstakrar undanþágu og starfar við sömu kjör og önnur hlutafélög í landinu. En ég vildi sem sagt hreyfa þessum athugasemdum strax nú við 1. umr., áður en málið fer til n., m. a. til þess að reyna að stuðla að því, að málið eða þau sérstöku atriði, sem ég nefndi, fengju nánari athugun þar, áður en lengra yrði haldið.

Umr. frestað.

Á 8. fundi í Nd., 30. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

Björn Pálsson: Herra forseti. Frv. þetta lá hér fyrir þinginu í fyrra, en ég tók það ekki mjög alvarlega þá og gerði ekki ráð fyrir, að það yrði samþ. Það er yfirleitt þannig, að frv. ná ekki fram að ganga nema báðir þeir flokkar, sem standa að ríkisstj., fylgi þeim, en í fyrra var það flutt einhliða af sjálfstæðismönnum.

Málið horfir nokkuð öðruvísi við nú. Eftir því sem frsm., hv. 4. þm. Norðurl. v., upplýsti, virðist ríkisstj. vera þessu máli hlynnt, að því er mér skildist, og jafnvel þeir flokkar báðir, sem ríkisstj. styðja. Ekki virðist þó ríkisstj. hafa keppt að því að flytja þetta sem stjórnarfrv., svo að sennilega er hik á einhverjum ráðh. að fylgja málinu, a. m. k. óbreyttu. Um þetta get ég ekkert fullyrt, en mér virðist ýmislegt benda til þess.

Við athugun á þessu frv. finnst mér þetta dálítið einkennilegt frv. Þó að menn stofni hlutafélög, þarf ekki sérstök lög um það, það er öllum aðilum frjálst að stofna hlutafélag. Ef eitthvert ólag er á lögunum um hlutafélög, er eðlilegast að vinna að umbótum á því sviði. Ef útgjöldin eru of þung eða lögin um hlutafélög eru óhagkvæm fyrir rekstur þeirra og stofnun, er það eðlilegast að fá breytingar á því, sem öllum hlutafélögum sé gerlegt að starfa eftir, en ekki að semja sérstaka löggjöf fyrir eitthvert eitt hlutafélag.

Annars á starfsemi þessa hlutafélags að vera dálítið einkennileg. Í fyrsta lagi ætlar þetta hlutafélag að vera frumkvöðull að stofnun, endurskipulagningu og sameiningu atvinnufyrirtækja. Það er e. t. v. ekkert nema gott um það að segja, að atvinnufyrirtæki starfi saman, en þá eiga þau að ráða því sjálf. Ég veit ekki betur en t. d. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sambandið, Sölusamband ísl. fiskframleiðenda o. fl. séu sjálfstæðir aðilar, sem mynda samtök, af því að þeir álíta, að það sé hagkvæmt. Hitt má svo deila um, hvort þannig einokun, að ákveðinn aðili hafi skilyrðislausan rétt til að selja vissar vörutegundir úr landi, sé að öllu leyti hagkvæm. Mér hafa sagt kunnugir menn, að þeir hafi haft möguleika á að selja betur en þessi fyrirtæki. M. a. sagði mér einn aðili, að hann hefði getað selt skreið suður til Afríku, en hann fékk það ekki, fékk ekki leyfi til þess. Og loksins þegar hann fékk leyfið, var tækifærið liðið hjá. Það má deila um þetta, en að þurfa að stofna sérstakt hlutafélag til að sameina fyrirtæki og endurskipuleggja þau, til þess sé ég enga ástæðu. Það má vel vera, að tímarnir breytist þannig, að það sé hagkvæmara að hafa stór fyrirtæki. Ef reynslan sýnir, að hinar minni einingar séu óhagkvæmar að einhverju leyti, er hægt að gera það eftir frjálsum leiðum og þarf ekki sérstakt hlutafélag til þess að braska í því.

Í öðru lagi, að kaupa, eiga og selja hlutabréf í atvinnufyrirtækjum og skuldabréf þeirra.

Í þriðja lagi, að greiða fyrir útgáfu hlutabréfa og skuldabréfa atvinnufyrirtækja með beinni og óbeinni þátttöku í útboðum og annarri dreifingu á þeim. Ég sé ekki annað en þarna sé komið inn á kauphallarbrask. Það er allt í lagi að stofna kauphöll á Íslandi, ef manni sýnist svo. En að það þurfi að stofna með sérstakri löggjöf hlutafélag til þess að annast þetta, til þess sé ég enga ástæðu.

Í fjórða lagi, að útvega, veita og ábyrgjast lán til atvinnufyrirtækjanna, sem félagið tekur þátt í eða beitir sér fyrir. Útvega peninga, veita lán og ábyrgjast lán innifelst í þessum lið. Ég sé ekki annað en þarna sé verið að fara inn á verksvið Framkvæmdasjóðs og hinna ýmsu lánastofnana, sem til þessa eru stofnaðar. Vera

má, að eitthvað þurfi að breyta löggjöf þessara stofnana, og þá er að gera það. Ég sé enga ástæðu til þess að semja lög fyrir eitthvert sérstakt hlutafélag til þess að annast þetta hlutverk, sem er í raun og veru búið að fela allt öðrum stofnunum.

Í fimmta lagi, að taka þátt í rannsóknum á atvinnunýjungum og tilraunum með þær og hafa milligöngu um öflun og sölu á réttindum til hagnýtingar þeirra. Mér finnst þetta dálítið einkennilegt. Ég vissi ekki betur en að 1965 væri saminn hér mikill lagabálkur um Rannsóknaráð ríkisins, og þar eru hinar ýmsu deildir, m. a. sérstök Rannsóknastofnun iðnaðarins, og þar hafa Verzlunarráð og Iðnráð rétt til að tilnefna menn, þar geta þeir komið sínum áhugamálum fram. Ekkert er nema gott um það að segja, ef eitthvert hlutafélag vill annast þessa starfrækslu meira og betur en hinir aðilarnir gera, en þá er eitthvað í ólagi hjá hinni stofnuninni, en vilji eitthvert hlutafélag gera þetta, er ekkert nema gott um það að segja. Það þarf ekki neina sérstaka löggjöf um það.

Í sjötta lagi, að annast tæknilega og viðskiptalega ráðgjafarþjónustu við stofnun og rekstur atvinnufyrirtækja. Þarna sé ég ekki annað en að það sé einnig verið að fara inn á starfssvið annarra aðila, tæknilega og viðskiptalega ráðgjafarþjónustu. Ég held, að atvinnuvegirnir hafi yfirleitt stofnanir, sem þeir geta leitað til í þessum efnum, bændurnir hafa Búnaðarfélagið, sjávarútvegurinn Rannsóknastofnun sjávarútvegsins, svo er Iðnaðarmálastofnunin. Vera má, að þessar stofnanir ræki ekki hlutverk sitt nógu vel, en þá er að vinna að umbótum í því efni. Vilji eitthvert hlutafélag gera meira eða betur, er ekkert nema gott um það að segja, en ég sé enga ástæðu til þess að fara að semja sérstakan lagabálk viðvíkjandi einhverju hlutafélagi og veita því einhver sérstök fríðindi, sem önnur félög hafa ekki.

2. gr. frv. er um heimili félagsins og varnarþing, en það á að vera í Reykjavík. Það þarf ekkert um það að deila.

Svo kemur 3. gr. Forgöngu um stofnun félagsins hafa Verzlunarráð Íslands og Félag ísl. iðnrekenda og þeir aðilar, sem samtök þessi kveðja til. Klippt og skorið; þessir aðilar hafa rétt til að stofna þetta félag og svo þeir, sem þeim þóknast að kveðja sér til aðstoðar.

1. flm. þessa frv. lét að því liggja, að þetta væri samið af Verzlunarráði og Félagi ísl. iðnrekenda. Vera má, að svo sé. En s. l. laugardag var skrifað í Morgunblaðið eða birt ræða, sem Haraldur Sveinsson hélt, formaður Verzlunarráðs, og hann sagði svo, með leyfi hæstv. forseta: „Á aðalfundi 1968 flutti Eyjólfur Konráð Jónsson ritstjóri erindi um framkvæmdafélag eða fjárfestingarfélag. Síðar á þeim sama fundi var samþ. hvatning til þess að koma slíku félagi á fót.“ Svo er áframhald á frásögninni af þessu. Ég held því, að 1. flm. hafi verið of yfirlætislaus, þegar hann var að skýra okkur frá þessu. Ég held, að þessi hv. þm. sé að mestu leyti upphafsmaður að þessu, hvort sem hann hefur persónulega sjálfur samið frv. eða aðrir með honum.

En það virðist koma fram hjá Haraldi Sveinssyni, að Eyjólfur K. Jónsson sé frumkvöðull að þessu máli, og satt að segja finnst mér það ákaflega sennilegt. Ég hef haft mikil og góð kynni af þessum ágæta þm. Ég býst við, að öllum þm. sé það ljóst, að það hefur verið sérstaklega gott samkomulag hjá okkur þm. í Norðurl. v. Það vill nú þannig til, að við erum 4 af sömu ættinni, 3 aðalþm. og einn varaþm., allir af þessari frægu Skeggsstaðaætt. Við erum að vísu nokkuð fjarskyldir. Þessir ættfeður okkar bjuggu á Skeggsstöðum í móðuharðindunum, en þetta er kjarngóð ætt og hefur lengi komið við sögu í Húnaþingi og flestir þm. Húnvetninga af þessu kyni. Ég er elztur af þessum fjórmenningum og hef látið mér sérstaklega annt um þá. Raunar áttu sér stað dálítil vopnaskipti á milli mín og hv. 4. þm. Norðurl. v. við síðustu kosningar, en satt að segja hafði ég ánægju af því. Menn þurfa að hafa syndahafur í öllum kosningum, og ég var orðinn hálfleiður á því að hafa drenginn, Ragnar Arnalds, fyrir syndahafur og var satt að segja feginn að fá þessa sendingu frá Bjarna Ben., og samskipti okkar voru mjög ánægjuleg. Og eins og þið vitið, — því að þið eruð baráttumenn miklir, þó að þið hafið kannske ekki allir verið í eins miklu hættusæti og ég, — fer manni að þykja vænt um þá menn, sem maður á vopnaviðskipti við, bera vissa hlýju til þeirra og láta sér annt um þá. Þannig er með mig gagnvart Eyjólfi Konráð. Mér er mjög vel við manninn og hefur líkað vel við hann síðan þessum kosningaerjum okkar lauk. Hann er röskur og duglegur, en hins vegar virðist mér hann hafa of mikla heigð til að vilja leysa alla erfiðleika með stofnun hlutafélaga.

Það var hér á árunum, þegar talað var um efnahagsörðugleika, þá kom Einar Olgeirsson alltaf með það, að það ætti að kaupa 20—30 togara, þá væru öll vandamálin leyst, og reiknaði þá alltaf með brúttótekjum. En þegar togararnir fóru að bera sig mjög illa, fiskuðu eiginlega ekki nema fyrir þeim erlenda gjaldeyri, sem þeir eyddu, eins og þeir gerðu um tíma, þá hætti Einar að minnast á togarana. Þetta er ofurlítið áþekkt með þennan hv. frænda minn. Hann vill leysa allt með því að stofna hlutafélag.

Satt að segja vil ég ekki halda því fram, að þessi frændi minn sé gætinn eða djúpvitur, en röskur og duglegur er hann, og samkomulag okkar hefur verið ágætt. Hins vegar hef ég ekki jafn takmarkalausa trú á hlutafélögum og þessi venzlamaður minn hefur, og mér virðist, að þeir, sem hafa lagt hlutafé í fyrirtæki hér á landi hafi lítið borið úr býtum, aðrir en þeir sem reka þau og vinna við þau. Vera má, að það liggi að einhverju leyti í því, að fé sé beint eða óbeint dregið út úr þessum hlutafélögum. En þeir, sem hafa verið narraðir til að leggja fé í þau, fá aldrei neitt aftur. Undantekningar eru sjálfsagt frá þessu, einkum innan fjölskyldufyrirtækja. Fjölskyldumeðlimirnir fá vinnu og lifa á einhvern hátt á eða við þessi fyrirtæki betur en ella mundi, en almennt er þetta þó eins og ég gat um áðan. Ég held, að Einar ríki hafi fyrir u. þ. b. 2 árum stofnað einhvers konar almenningshlutafélag. Hann ætlaði að kaupa bát, sem áreiðanlega gæfi geipitekjur árlega. Eitthvað hef ég heyrt lauslega um það, þó ég hafi ekki sönnur á því, að þeir hefðu fengið einhverjar smávegis rentur af

þessum peningum fyrsta árið og svo ekki söguna meir, og sennilega sjá þeir aldrei neitt af þessu.

Þessi frændi minn hefur sérstakan áhuga á almenningshlutafélögum. Ég er honum ekki sammála um þetta að öllu leyti, vegna þess að ég held, að þarna sé eingöngu verið að narra fólk til að leggja fram peninga og fá þannig vissan styrk við þessi hlutafélög gegnum almenningsálitið, með því að telja fólki trú um, að það séu þess hagsmunir að þessi hlutafélög geti gengið vel. Ég held, að þarna sé verið að ginna fé út úr fólki. Vera má, að þetta þurfi ekki þannig að vera, en það hefur bara verið svona.

Svo eru stofnuð önnur hlutafélög, sem eru lífsnauðsynleg fyrir fólkið til þess að eignast atvinnutæki. Það var hlutafélag stofnað norður á Hofsósi til að kaupa skip. Ég held, að það hafi verið stofnað á þessu ári. Þá lagði fólkið í byggðinni fram smáupphæðir hver, en það náðist almenn þátttaka, og það var til að geta eignazt atvinnutækin. Fólkið vissi, að það mundi ekki fá framlög sín beinlínis aftur, en það mundi skapa vinnu í byggðarlaginu og það gæti unnið upp á þann hátt meira en sem því fé næmi, sem það lagði beint fram sem hlutafé. Þarna var ekki um neina pretti að tala, fólkið vissi að hverju það gekk, og það áleit, að það hefði hagnað af þessu.

Þegar þessi hv. þm. mælti fyrir þessu frv., lýsti hann því yfir, — að mér skildist, — að þetta ætti að vera gildur liður í að gera okkur að mesta velmegunarþjóðfélagi í heimi, en annars hélt ég, að við værum orðnir það áður, því að ég las það í Morgunblaðinu snemma á s. l. ári, að við værum orðin einhver tekjuhæsta þjóð heims, miðað við einstakling. Síðar tók ég eftir því í búðunum, að húsmæðurnar voru að athuga, hvað ódýrast væri til að borða handa fjölskyldunni, þannig að þetta er víst aumt, þar sem verst er, fyrst það er þannig í mesta velmegunarþjóðfélagi heimsins. Ég hélt, að við værum orðin mikil velmegunarþjóð eftir nýsköpunina, en það vantar víst eitthvað á það, því að þetta frv. á að laga það, sem eftir er.

En viðvíkjandi þessu á Hofsósi, þá vissi fólkið, hvað það var að gera, og það var allt heiðarlegt, en hins vegar gerðist hv. 4. þm. Norðurl. v. þar forgöngumaður og læknirinn á Hofsósi. Þeir réðust í að kaupa nýtt skip, sem er rösk 100 tonn og kostar 18½ millj. kr., gagnstætt því, sem þeir á Skagaströnd og Sauðárkróki gerðu, — þeir ráðfærðu sig við okkur alla og fengu allt að því helmingi stærra skip fyrir heldur minna verð. Ég álít, að mistökin á Hofsósi hafi legið í því, að þessi hv. þm., sem er duglegur og snar, réðst þarna í að semja um smíði á nýju skipi, en hliðstætt skip var fyrir áramót í fyrra hægt að fá fyrir 12—13 millj. kr., hygg ég. Skip, sem búið er að nota í 2—3 ár, er að ýmsu leyti betra er alveg nýtt skip, því að þar er búið að laga ýmislegt, sem áfátt var. Þarna var ekki viðhöfð nógu mikil gætni að mínu áliti og auk þess bilaði þrennt eða fernt í þessu nýja skipi í fyrstu ferð. Ég kom á Hofsós fyrir nokkrum dögum, þá var það búið að vera marga daga í viðgerð. En þetta kemur oft fyrir á nýjum skipum.

Jæja, þetta er nú aukaatriði. En það er aðalatriðið, þegar ráðizt er í að stofna hlutafélag og yfirleitt í framkvæmdir, að þá þurfa menn að sýna fyllstu gætni og vera ekki að flana að hlutunum undirbúningslaust og án athugunar. Jónas Haralz segir, að það sé ekki nóg að hafa fjármagn. Það verði að hafa þekkingu líka. Og ef fjármagni sé varið án þekkingar, geti það orðið til einskis. Það er ágætt að stofna hlutafélög, en við eigum að hafa ein og sömu lög fyrir alla aðila í þjóðfélaginu, engin sérstök forréttindi fyrir eitt félag, og við eigum að haga þeirri löggjöf þannig, að það sé viðunanlegt að starfa eftir henni.

Ef hv. 4. þm. Norðurl. v. vill vinna að því að lækka útgjöld atvinnuveganna, — það eru t. d. 25 skattar á bátaútveginum, smáir og stórir, mjög margir á iðnaðinum, kannske ekki alveg eins margir, og þannig mætti lengi telja, — ef hv. þm. vildi vinna að þessu, skyldi ekki standa á mér að greiða atkv. með því. Hitt verðum við að gera okkur ljóst, að ef við ætlum að minnka tekjur þær, sem ríkissjóður fær, þá verðum við líka að gera till. um það að lækka útgjöldin, og ég skal gjarnan vera með í hvoru tveggja, ef hv. þm. vill fara inn á þær brautir. Ég hef komið hér með till. ásamt öðrum um að lækka þessi útgjöld og þær hafa ekki fengizt samþykktar.

4. gr. frv. er um það, að hlutaféð skuli eigi vera minna en 80 millj. kr. Einkabönkum og opinberum sjóðum í landinu er heimilt að kaupa og eiga hlutabréf í félaginu, án tillits til gagnstæðra ákvæða laga um þessar stofnanir. Skal stofnunum þessum jafnframt heimilt að vera fullgildir stofnendur að félaginu. Þarna er með þessari stuttu gr. gerbreytt löggjöfinni, sem snertir þessa banka, svo að segja með einu pennastriki. Þetta nær m. a. til Verzlunarbankans, Iðnaðarbankans og Samvinnubankans, það er tekið fram í grg. Nú er það svo, að þessir bankar eiga ekki mikið fé sjálfir. Það eru rúmar 30 millj. kr. hrein eign hjá Iðnaðarbankanum og Verzlunarbankanum, en sparifé þeirra er sameiginlega um 1300 millj., þ. e. það fé, sem einstaklingar hafa trúað bönkunum fyrir. Allt starfsfé þeirra er því eign annarra manna og það er ekki ríkisábyrgð fyrir þessu. Ef þessir bankar fara að braska í einhverri hlutafélagsstofnun, hvort sem er eftir ameríska fyrirmynd eða ekki, — og satt að segja er það nú dálítið einkennilegt, ef Íslendingar ætla að fara að apa eftir fjármálakerfi Bandaríkjanna, 200 þús. manna þjóð, sem á ekkert fjármagn, og þar að auki held ég, að fjárbrask þeirra sé hreint ekki til fyrirmyndar og eigi alls ekki við hér á landi, — ef þessir bankar fara í hlutafjárbrask, án þess að eiga neitt sjálfir, — því vitanlega er engan veginn innheimtanlegt allt, sem þessir bankar hafa þegar lánað, — og festa sitt rekstrarfé í hlutafé, og ef þeir eiga meiri hlutann í þessu hlutafélagi, koma þeir aðilar, sem stjórna þessu hlutafélagi, þegar þá vantar rekstrarfé, og krefjast þess, að þeir aðilar, sem eiga hlutaféð, leggi fram meira fé, ef á liggur. Þannig væru líkur til, að ef meiri hlutinn eða mikill hluti af því sparifé, sem lagt hefur verið inn í þessa banka, — sjálfsagt af því fólki, sem vinnur að iðnaði og við verzlun, af velvild til þessara atvinnugreina, — er dreginn inn í svona brask, þá gæti það orðið til þess, að traustið hyrfi hjá þessu fólki. Það er eins og farið

hefur með innlánsdeildir í einstaka kaupfélögum. Kaupfélögin hafa orðið að hætta starfrækslu, fleiri en eitt, vegna þess að féð er tekið úr innlánsdeildunum. Þetta getur orðið hættulegt og algerlega óverjandi fyrir þingið, sem er búið að semja löggjöf um þessa banka, ef það allt í einu, bara með einu pennastriki, kippir fótunum undan þeirri tryggingu, sem sparifjáreigendur hafa, að fé þeirra sé ekki dregið inn í ábyrgðarlaust brask. Það er álit mitt, að það sé eigi að öllu leyti hagkvæmt, að pólitískir flokkar ráði yfir bönkum, og að bankarnir á þann hátt dragist of mikið inn í þá pólitísku hringiðu, og væri miklu æskilegra, að bankastjórarnir stæðu algerlega utan við hinar pólitísku erjur. Bankastjórar þurfa að vera óháðir. Þeir þurfa að meta í hverju tilfelli, hvort það er rétt að lána hinum eða þessum aðilanum. Þannig ætti bankastarfsemi okkar að vera, ef vel ætti að vera. Ég er ekki að segja, að þessir menn hafi sýnt mikla hlutdrægni, ég er ekkert að deila á þá með það. En vitanlega vitum við það, að þegar flokksstjórn einhvers flokks er búin að koma einhverjum manni í banka, hefur hann lakari aðstöðu, hann er engan veginn óháður þessum mönnum á eftir.

Ég veit, að Iðnaðarbankinn hefur t.d. hjálpað ýmsum úti á landsbyggðinni um fyrirgreiðslur. Þó er allmikill orðrómur uppi um það, að það séu vissir aðilar þar, sem njóti forréttinda. Sömu sögu er að segja um Verzlunarbankann. Ég hef ekki kunnugleika til þess að fullyrða neitt um þessa hluti, en það gefur eðlilega auga leið, að þeir, sem stjórna þessu fyrirtæki, geta beint eða óbeint haft áhrif á afgreiðslu þessara stofnana, ef þeir vilja. En þetta atriði tel ég alveg stórhættulegt, þ.e. að fara að draga fé þessara stofnana, bæði hlutafjárframlög og rekstrarfé, inn í braskhlutafélag eins og þetta. Það tel ég óverjandi fyrir þingið að leyfa.

Ég sé ekki annað en þessir aðilar, — ef þeir vilja endilega stofna hlutafélag til þess að laga alla hluti, sem aflaga fara hér í þjóðfélaginu, eins og þetta hlutafélag virðist eiga að gera, — geti stofnað sitt hlutafélag, Verzlunarráð Íslands og Félag ísl. iðnrekenda, með þeim einstaklingum, sem þeir kalla til þess. Hv. þm. gæti nú látið eitthvað af ágóðanum af Naustinu renna til þess hlutafélags. Þetta eru geysisterkir aðilar, sumir þeirra eru með mestu fjármálamönnum landsins. Þeir geta gert þetta persónulega, þurfa ekkert á bönkunum eða nýjum lögum að halda. Hvar endar þetta, ef þetta fordæmi er skapað? Getur ekki Samvinnubankinn komið á eftir og óskað eftir sömu löggjöf, fá skattfrelsi og að bankinn mætti kaupa hlutabréf? Þannig gæti hann yfirtekið megnið af rekstri SÍS og fengið skattfrelsi í leiðinni, eins og gert er ráð fyrir í 6. gr. Hvernig á að neita öðrum aðilum, ef einum er leyft? (Gripið fram í.) Samvinnubankinn, já. Hann gæti stofnað hlutafélag, sem heimtaði svo skattfrelsi. Það væri allt annað, ef hér væri verið að fara fram á hlutafélagaskattfrelsi, en ekki að Verzlunarbankinn og Iðnaðarbankinn fái skattfrelsi. **(Gripið fram í:** Verzlunarbankinn er hlutafélag.) Hlutafélag, já. En hann færi bara að búa til ótal önnur hlutafélög, sem færu að reka allt aðra starfsemi en hann.

Það er bók hér, sem heitir Fjármálatíðindi. Þetta er með beztu ritum, sem við fáum. Það kennir raunar ofurlítillar hlutdrægni í leiðaranum oftast nær, enda er það eðlilegt. Seðlabankinn er undir yfirstjórn ríkisstj. Þetta er að mörgu leyti prýðisbók og áreiðanlegri en margt annað, sem skrifað er. Hér er skrifað svo um bankamál á einum stað og um hlutverk banka: „Hlutverk lánastofnana er fyrst og fremst fólgið í öruggri varðveizlu og ávöxtun fjár fyrir þá, sem þess óska. Leiðin að því marki er fólgin í lánveitingum til þeirra aðila, sem telja sig hafa þörf fyrir lánsfé og geta veitt nægilega tryggingu fyrir endurgreiðslu.“ — Þetta er það, sem sagt er hér í byrjun, um hlutverk lánastofnana. Ég er alveg sammála því, sem sagt er hér í þessu merka riti. En nú virðist mér þarna vera farin allt önnur leið. Hlutverk þessara lánastofnana á að fara að verða að einhverju leyti að stofna hlutafélag með alls konar fyrirgreiðslum, alls konar braskfyrirgreiðslum. Samkv. frv. eiga þessar lánastofnanir að fara inn á allt annað svið en sérfræðingar Seðlabankans telja að sé hlutverk lánastofnana, og ég vil segja hættulegt svið.

Það var hér frv. frá ríkisstj. um það að heimila Framkvæmdasjóði að fara að eiga hlut í hlutafélögum, ef hann neyddist til að taka slíkt upp í skuldir, skildist mér. Ég álít þessa leið ákaflega hættulega. Það getur verið eðlilegt, að banki taki hlutabréf í fyrirtæki upp í skuld eða þá eignist hluta í fyrirtæki, jörð eða öðru slíku, ef hann er neyddur til þess. Í flestum tilfellum reyna bankar að komast hjá því. Þetta er annað starfssvið og satt að segja hafa bankastjórar nóg að gera við að fylgjast með sínum viðskiptamönnum, þó að þeir fari ekki að reka atvinnurekstur eða braska með hlutafé og hlutabréf. Þetta er annað starf og við eigum ekki að blanda því saman nema sem allra minnst og helzt alls ekki neitt.

Síðasta gr. frv., 6. gr., er nú hvorki meira né minna en um það, að Fjárfestingarfélag Íslands, — þetta er ekki óeðlilegt heiti, þetta á að vera hafið yfir allt með sérlögum, þetta virðulega félag, sem Verzlunarráðið, Félag ísl. iðnrekenda og þeir aðilar, sem samtök þessi kveðja til, stofna, og á víst að stjórna að mestu fjárfestingarmálum í þessu landi, — skuli til ársloka 1977 njóta sömu sérréttinda og Landsbanka Íslands eru veitt í 1. mgr. 18. gr. l. nr. 11 29. marz 1961. En þessi lög fela í sér alger skattfríðindi. 18. gr. hljóðar svo: „Bankinn“ — þ.e. Landsbankinn — „er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, þ. á m. til ríkis og sveitarsjóða eða annarra stofnana.“ Það er ekkert annað en það. Það má engin gjöld leggja á þetta virðulega félag, sem á að hafa sérréttindi til að ráðskast með fé tveggja banka, og það er ákveðið fyrir fram, hverjir í raun og veru eiga að stjórna því og mega stofna það, og það á að hafa aðgang að fé tveggja banka, því að vitanlega ráða þessir menn, sem eru í Verzlunarráði og Félagi ísl. iðnrekenda, þessum bönkum að miklu leyti.

Trúlegt er, ef þetta verður að lögum, að það komi fleira á eftir, — og hvernig á þá að verja það að banna öllum öðrum að stofna hlutafélög í svipuðu formi? Það er ekki hægt í lýðræðislöndum.

Þessi ágæti frændi minn er duglegur og röskur, en ekki nógu gætinn og djúpvitur.

Flm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Ég hlýt nú að hefja mál mitt á því að þakka frænda mínum, hv. 3. þm. Norðurl. v., fyrir allt það hól, sem hann hefur hér flutt um mig. Hitt hygg ég, að sé rétt, að stundum sé þessi frændi minn djúpvitrari en ég, og það kom a. m. k. fram í einu atriði í ræðu hans hér áðan. Ég veit ekki hvort þm. hafa skilið, hvað hann var að fara, en það var þó ljóst og ég þekki hann svo vel frá fundunum fyrir norðan, að þegar hann þurfti að ná sér niðri á samherjum, hvað þá mér og öðrum slíkum, þá seildist hann talsvert langt.

Hann nefndi núna, að Einar Olgeirsson hefði alla tíð ætlað að leysa öll vandamál þjóðfélagsins með því að kaupa og smíða ríkistogara. Ég held, að Björn hafi þarna vísvitandi notað Einar Olgeirsson eins og Rússar og Kínverjar hafa notað Albaníu. Hann var ekki að skjóta á Einar Olgeirsson. Á hvern var hann að skjóta? Er það ekki formaður hans flokks, sem gengið hefur fram fyrir skjöldu um þessar mundir til þess að fá samþykkt, að öll vandamál verði leyst með togaraútgerð? En þetta er eitt dæmið um það, að þessi hv. þm. er djúpvitur. Ég játa það. (Gripið fram í.) Annars skal ég ekki eyða mjög löngum tíma í að svara þessum hv. þm. Hans ræða var mjög skemmtileg, eins og ræður hans alltaf eru, en ekki að sama skapi málefnaleg, og það hvarflar ekki að mér að draga þessar umr. á langinn, því að ég hef lagt á það mikla áherzlu, að þetta frv. fái góða og skjóta afgreiðslu, enda er það mjög einfalt í sniðum og allir geta áttað sig á því, sem það vilja.

Að því er varðar ræðu hv. 4. þm. Reykv., þá kemst ég ekki hjá því að leiðrétta nokkuð skilning hans á því, um hvers konar félag er hér að ræða. Hann gengur út frá því, að þetta sé í ætt við ameríska „holding company". Það er algerlega fjarstætt. Það er ekki það, sem fyrir stofnendum þessa félags vakir, heldur þvert á móti, að þetta félag verði yfirleitt aldrei meirihlutaeigandi í hlutafélögum, það verði yfirleitt alltaf minnihlutaeigandi, og það verði ætlazt til þess, að allt aðrir menn ráði hlutafélögum. Að vísu mun þetta félag reyna að beita áhrifum sínum, t. d. til þess að knýja fram heilbrigt og gott bókhald, nánari skýrslur frá mánuði til mánaðar, eftir því sem við verður komið, og heilbrigða stjórn félagsins, og það mun láta til sín taka, ef illa er á málum haldið hjá félagi, sem það er hlutabréfaeigandi að. Að vísu er þetta ekki tekið fram í frv. sjálfu, að félagið skuli ætíð vera minnihlutaeigandi í félögum, enda gæti svo verið, að það þyrfti jafnvel um skemmri tíma að vera einkaeigandi að fyrirtæki, t.d. ef það keypti gjaldþrota fyrirtæki og reyndi að byggja það upp að nýju á nýjan og heilbrigðari hátt. Þess vegna er ekki þægilegt að taka þetta fram, en ég hef fulla heimild til að lýsa því hér yfir á hinu háa Alþ., að það vakir alls ekki fyrir þeim, sem að þessu frv. standa, að reka „holding company" á ameríska vísu, sem ég held, að hv. 4. þm. Reykv. álíti.

Að því er aðild að þessu félagi varðar, er eins með þetta félag og önnur, að einhver verður að vera frumkvöðull, og Verzlunarráð Íslands gerði þá samþykkt, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. vék hér að áðan, á aðalfundi sínum í fyrra. Það má vel vera, að ég hafi haft á það einhver áhrif, og tel mér það til heiðurs frekar en þess gagnstæða. Þeir tóku sér fyrir hendur að vinna að þessu máli ásamt Félagi ísl. iðnrekenda. En það er ætlun þeirra að útiloka engan, að allir geti orðið aðilar að þessu félagi, sem þess óska. Fram að þessu hefur málið ekki verið rætt við aðra en þá þrjá einkabanka, sem hér eru nefndir, þ. e. a. s. Iðnaðarbankann, Verzlunarbankann og Samvinnubankann, og þó aðeins lítillega við Samvinnubankann, og þessir aðilar hafa ekki endanlega tekið afstöðu til þess, hvort þeir verði stofnaðilar og þá með hve miklu hlutafjárframlagi. Ég minntist á það í framsöguræðu minni, að ég teldi mjög æskilegt, að opinberir sjóðir, ekki sízt atvinnuleysistryggingasjóður, yrðu aðilar að félaginu. Það veit enginn um það enn þá og það er engin skylda lögð á einn eða neinn að verða hluthafi í þessu félagi. Hins vegar verður um að ræða heimild fyrir þessar sjóðsstjórnir til að taka þátt í félaginu, ef þær telja það æskilegt, en auðvitað engin skylda á einn eða neinn veg. Það verður áfram á valdi þessara aðila, eins og öll ráðstöfun fjár þessara sjóða er.

Hv. 4. þm. Reykv. taldi, að það bæri að óttast það að brjóta ísinn, eins og hann sagði, með skattfríðindunum til handa þessu félagi, — eða kannske misminnir mig nú, að hann hafi notað þetta orðalag í því sambandi. Það er um skattfríðindin að segja, að hann talaði um, að það ættu allir að sitja við sömu kjör, og það er einmitt það, sem hér er um að ræða. Hér er um peningastofnun að ræða, sem ætlazt er til, að njóti sömu skattfríðinda og allar aðrar peningastofnanir í landinu, en þó aðeins tímabundið, vegna þess að vissulega er þessi stofnun hugsuð með nokkuð öðrum hætti en aðrir sjóðir og fjárfestingaraðilar í landinu. Hugmynd þeirra, sem að stofnun þessa félags standa, er sú, við ætlum ekki að vera að draga neina dul á það, að þetta félag geti orðið arðvænlegt félag, það geti hagnazt, þegar fram líða stundir. En á fyrstu árum hlýtur að verða um mikla áhættu að ræða, vegna þess að hlutafé félagsins verður takmarkað, og það þarf e. t. v. að verja verulega miklu af því í einhverjum ákveðnum tilgangi til mjög þjóðnýts fyrirtækis, en félagið gæti hugsanlega tapað því. Við skulum líka horfast í augu við það, að þegar eitt fyrirtæki ætlar sér að hagnast, tekur það líka áhættuna af því að tapa. Vonandi fer svo, að þetta fyrirtæki hagnist, en ég held, að hér sé svo mikilvægt mál á ferðinni, að það sé mjög eðlilegt að veita því þessi skattfríðindi, jafntakmörkuð og þau eru, þ. e. a. s. til ársloka 1977, og ég tel ekki, að það sé verið að gefa neitt fordæmi, vegna þess að allar peningastofnanir landsins, þ. á m. einkabankarnir, sem eru hlutafélög, hafa alger skattfríðindi og ótakmörkuð, en ekki bara til ákveðins tíma. Ég held, að það sé þess vegna ekki ástæða til að óttast þetta.

Aftur á móti að því er varðar heimild sjóðanna til að kaupa hlutabréf í þessu fyrirtæki, þá mun það vera, að hv. 4. þm. Reykv. hafi sérstaklega óttazt að brjóta ísinn að því er það varðar. Ég held, að það

væri enginn skaði skeður, nema síður væri, að opinberir sjóðir á Íslandi keyptu eitthvað af hlutabréfum í hlutafélögum. Það hafa komið fram till. um það, m. a. frá launþegasamtökum, að slíkt yrði gert, og ég held, að allmargir hafi rætt um nauðsyn þess, að atvinnujöfnunarsjóður t. d. gerði þetta í einhverjum mæli. Og þó að þetta fordæmi væri þarna gefið, held ég, að því fylgdi engin áhætta. Þetta er svo í öllum nágrannalöndum, að öflugir sjóðir kaupa hlutabréf, bæði opinberir sjóðir og ýmiss konar prívatsjóðir. Það er kannske einmitt aðalleiðin til að ávaxta fé sjóðanna að kaupa hlutabréf, og við vitum, hvernig ýmsir sjóðir hér, t. d. einkasjóðir, hafa farið. Menn hafa stofnað sjóði með allmiklu fé, lagt það síðan inn á banka og eftir svo og svo mörg ár er þetta orðið einskis virði. Ef menn hefðu getað fest þetta fé í hlutabréfakaupum í arðvænlegum félögum, sem hér munu rísa upp og verða rekin með nútíma sniði, — á því er enginn vafi, skilningur er orðinn það mikill á þessu, — þá varðveitist þetta fé auðvitað og skilar eðlilegum arði.

Ég gladdist mjög yfir ummælum hv. 4. þm. Reykv. um skattlagningu fyrirtækja, og það er alveg laukrétt hjá honum og ég er svo innilega sammála því, að öll félagsform og þ. á m. ríkisrekstur eigi að skattleggja eftir nákvæmlega sömu reglum, en ekki níðast á einu rekstrarformi, en hlífa öðru. Það hefur verið upplýst hér á hinu háa Alþ., að skattar hlutafélaga eru í athugun og það er nefnd starfandi í því. Ég hef ástæðu til að ætla, að sú nefnd muni skila áliti nú um áramótin, þannig að þetta þing, vorþingið, muni geta gert nauðsynlegar lagabreytingar, til þess að þessi voðalegu hlutafélög, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. taldi vera, geti búið við skynsamleg skattalög.

Ég kemst ekki hjá því, vegna tilmæla hv. 4. þm. Reykv., að skýra nokkuð frá starfrækslu félaga sem þessara á Norðurlöndum. Ég er hér með í höndum skýrslu, sem Þorvarður Alfonsson framkvstj. Félags ísl. iðnrekenda samdi um s. l. áramót eftir ferð til Norðurlanda, sem hann fór gagngert til að kynna sér þessi mál, og ég leyfi mér að lesa upp úr henni nokkra kafla, með leyfi hæstv. forseta. Hér í inngangi segir höfundur:

„Eigi íslenzkir atvinnuvegir og þá sérstaklega iðnaðurinn að takast á við þau verkefni, sem framtíðin hlýtur að bera í skauti sínu, er það ljóst, að beita verður öllum tiltækum ráðum til þess að laða fram nýjungar í framleiðslu og allar mögulegar hugmyndir, sem leitt geta af sér vöxt framleiðslunnar. Víða erlendis hefur verið skipulögð starfsemi bæði af hálfu opinberra aðila og einkaaðila, sem hefur slíkt að markmiði. Segja má, að starfsemin miðist einkum við eftirfarandi:

1. Hafa frumkvæði að fjárfrekum undirbúningsrannsóknum vegna stofnunar nýrra fyrirtækja, sem líkleg eru til að vera arðbær.

2. Hafa frumkvæði að hugmyndum um ákveðin verkefni á sviði vöruþróunar, sem líkleg eru til að leiða til arðbærrar framleiðslu.

3. Veita áhættulán til arðbærra fjárfestingarframkvæmda í nýjum og starfandi fyrirtækjum.

4. Kaupa og selja síðar hlutabréf í bæði nýjum og starfandi arðbærum fyrirtækjum.

5. Hafa á hendi fyrirgreiðslu og ábyrgjast sölu hlutabréfa í arðbærum fyrirtækjum.

6. Veiting áhættulána til fyrirtækja og einstaklinga til ákveðinna þróunarverkefna.

Ekki er vafi á því, að slík skipulagsstarfsemi hér á landi gæti haft mjög heilladrjúg áhrif á íslenzka iðnþróun."

Síðan víkur hann að Finnlandi og fyrirtæki, sem þar er starfrækt og heitir Sponsor h.f., og segir:

„Markmið hlutafélagsins er að örva til stofnunar nýrra fyrirtækja í Finnlandi og beita sér fyrir rannsóknum varðandi ýmis þróunarverkefni. Ennfremur að aðstoða fyrirtæki og einstaklinga, sem taka sér fyrir hendur þróunarverkefni, og veita finnskum iðnfyrirtækjum ráðgefandi þjónustu á sviði tækni, fjármála og almenns reksturs. Í þessum tilgangi er gert ráð fyrir umfangsmikilli starfsemi af hálfu félagsins. Því er m. a. ætlað að taka þátt í stofnun atvinnufyrirtækja, sem þykja arðvænleg, með því að leggja fram stofnfé, sem jafnframt er áhættufé. Hlutafélagið hefur einnig heimild til að kaupa hlutafé í starfandi fyrirtækjum, sem talin eru hafa vaxtarmöguleika, en hafa ekki tök á að ná auknum vexti af eigin rammleik, t. d. vegna þess, að fjárhagsleg uppbygging þeirra er ekki sem skyldi eða stjórnun þeirra er í einhverju áfátt o. s. frv. Þá er félaginu heimilt, eins og áður segir, að beita sér fyrir lausn á ákveðnum þróunarverkefnum, sem líkleg eru talin til að leiða til arðbærrar framleiðslu. Loks getur félagið lagt fram áhættufé til að standa straum af kostnaði við lausn þróunarverkefna, sem fyrirtæki eða einstaklingar beita sér fyrir, ef líkur eru taldar á því, að niðurstöður verkefnisins leiði til arðbærrar framleiðslu."

Síðar í þessari skýrslu er vikið að annarri stofnun í Finnlandi, sem kallast Industrialization Fund of Finland. Ekki veit ég hvert finnska nafnið er. Um það segir t. d., með leyfi hæstv. forseta:

„Hann (þ.e. sjóðurinn) getur veitt lán, sem hafa viss einkenni hlutafjárframlaga, og loks hefur hann heimild til að vera óbeinn þátttakandi í stofnun hlutafélags, sem er einmitt eitt af meginverkefnum þess félags, sem hér er til umr."

Og síðar segir:

„Þá er það hlutverk sjóðsins að vinna að eflingu verðbréfaviðskipta í Finnlandi og framkvæma nauðsynlegar athuganir í því sambandi, m. a. að því er snertir ákvæði skattalaga, gjaldeyrismál, fjármálastefnu ríkisins o. s. frv."

Ég vil skjóta því hér inn í, að það var lögð sérstök áherzla á að kynna sér þessi mál í Finnlandi, vegna þess að aðstæður þar eru að mörgu leyti svipaðar og hér á Íslandi, og þannig má líka geta þess, að alþjóðalánastofnunin, sem getið er um hér í grg. frv. og við erum aðilar að, hefur mjög haft sig í frammi í Finnlandi við að hjálpa þar einka- og félagsrekstri, en hins vegar ekki í neinu öðru Vestur-Evrópulandi, vegna þess að hún telur sér ekki heimilt — og er ekki heimilt — að starfa annars staðar en þar, sem atvinnurekstur á nokkuð undir högg að sækja og einka-

og félagsrekstur hefur ekki þróazt með eðlilegum hætti. En þeir telja, að þeir mundu mjög gjarnan eiga að starfa einmitt hér á Íslandi, þar sem aðstæður eru svipaðar og í Finnlandi. En engu að síður var þetta nokkuð skoðað á hinum Norðurlöndunum líka, og hér er t. d. getið um fyrirtæki í Svíþjóð, sem heitir Incentiv, hlutafélag, og um það segir, að starfsemin sé með mjög svipuðu sniði og starfsemi Sponsor h. f., en það kom fram í viðræðum í Finnlandi, að áður en Sponsor h. f. var stofnað, höfðu þeir kynnt sér starfsemi Incentiv h. f. í Svíþjóð. Og í Noregi eru stofnanir með svipuðu sniði, og þar er getið um stofnun, sem unnið er við að koma á fót einmitt nú, og segir, að hún mundi fyrst og fremst gegna því hlutverki að lána arðvænlegum fyrirtækjum, sem hafa ekki nægilegt eigið fjármagn, áhættufé.

Ég verð nú að stytta lestur minn til að taka ekki allt of langan tíma, en þessi skýrsla er auðvitað til reiðu fyrir þá, sem gaman hefðu að glugga í hana, en framkvstj. Félags ísl. iðnrekenda segir í niðurlagi skýrslunnar:

„Eins og áður er getið, hefur í mörgum löndum verið skipulögð starfsemi, bæði af einkaaðilum og opinberum aðilum, er hefur því hlutverki að gegna að vera frumkvöðull í vöruþróun, stofnsetningu nýrra fyrirtækja og koma til aðstoðar fyrirtækjum, sem af einhverjum ástæðum ná ekki að þróast eðlilega af eigin rammleik."

Ég held, að ég hafi nú vikið að því helzta, sem fram kom í ræðum hv. þm., og vonast til, að ég hafi gert nægilega grein fyrir starfrækslu slíkra félaga á Norðurlöndum með þeim upplestri, sem ég hef hér tekið úr skýrslu Þorvarðar Alfonssonar. Að lokum leyfi ég mér að árétta það, sem er sannfæring mín, því ég hef nokkuð kynnt mér þessi mál erlendis sjálfur með bóklestri, að félag sem þetta gæti haft mjög mikla þýðingu hér á Íslandi, og ættu því sem allra flest þjóðfélagsöfl að sameinast um að koma því á fót og gera þessa tilraun til þess að efla og styrkja íslenzka atvinnuvegi.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Mál það, sem hér er til umr., er nokkuð nýstárlegt og einnig í nýstárlegu formi, eins og vikið hefur verið að, þ. e. að stofna slíkt hlutafélag eins og hér er um að ræða með lögum, en það eru ýmsar ástæður og sérástæður, sem liggja til þess og ég veit, að þm. er ljóst. En út frá þessu sjónarmiði er ekkert undarlegt, þó að fram komi frá hv. þm. ýmsar aths. í sambandi við frv., og eflaust kann eitthvað betur að mega fara í því eins og gengur og gerist, þó að meginefni þess sé gott að mínum dómi og þess virði að styðja það. Það er þess vegna mjög æskilegt, að frv. geti sem fyrst gengið til n. og fengið þá athugun, sem svona mál þurfa óhjákvæmilega að fá í n. og þá betur en hægt er við 1. umr., þegar nál. eru komin og þegar n. hefur haft aðstöðu til þess að kynna sér málið nánar og fá viðbótarumsagnir, eftir því sem þörf krefur, eða upplýsingar.

Varðandi hlutverk þessa félags má með réttu segja, eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. vék að, að það eru ýmsar aðrar stofnanir og sjóðir í landinu, sem fyrir sitt leyti eiga að gegna vissum hluta af því hlutverki, sem þessu félagi er ætlað, en það er ekki til neins skaða, hygg ég, þó að stuðlað sé að því, að fleiri hafi sams konar hlutverkum að gegna, enda er sjóðum og bönkum yfirleitt stjórnað hér á landi af þingkosnum aðilum. En það gæti verið til styrktar að mínu áliti, að sumum hlutverkum, sem þeir hafa með höndum, sé gegnt af einkaaðilum og aðilum, sem óðruvísi er stjórnað en þessum fjórum. Enda höfum við í raun og veru haft eitt stórt fjárfestingarfélag hér á landi um langan tíma með mörg af þeim hlutverkum, sem hér er talað um, og þar á ég við Samband ísl. samvinnufélaga, sem hefur gegnt mjög þörfu hlutverki með því að vera frumkvöðull að stofnun ýmissa fyrirtækja, aðili í hlutafélögum, og svo bakhjarl kaupfélaganna í landinu, eðli málsins samkv.

Því miður verður það að játast, að bankar og sparisjóðir hafa lítið sinnt því hlutverki að leggja sig fram við endurskipulagningu og sameiningu atvinnufyrirtækja í landinu, þó að nokkur dæmi séu til þess, sem ég hygg, að í flestum tilfellum hafi leitt til góðs, en mættu auðvitað vera miklu fleiri.

Annað hlutverkið er að kaupa og selja hlutabréf í atvinnufyrirtækjum og skuldabréf þeirra. Væri komið á laggirnar félagi sem þessu með slíku hlutverki, þá mundi það auðvitað ýta undir hinn almenna verðbréfamarkað, sem ég tel nú alveg höfuðnauðsyn, að komist upp í þessu landi, þar sem hlutabréf geta gengið kaupum og sölum. Og einn höfuðgallinn við okkar hlutafélagaskipun er sá, eins og vikið var reyndar að, að oftast hafa menn lítið upp úr þessu og næstum því er ómögulegt að losna við hlutabréfin, ef þeir þurfa á því að halda, og vilja þeir því heldur eiga fjármuni sína í sparifé bankanna, þar sem þeir geta gengið að því, heldur en að leggja það í hlutabréfakaup. Þetta hefur svo orðið til þess, að það hafa fáir aðilar átt hlutabréf og sumir aðilar, sem í hlutafélögunum eru, hafa svo fengið þetta sparifé lánað hjá bönkunum til þess að kaupa hlutabréf. Hinn þröngi hópur þeirra, sem hlutabréfin eiga yfir höfuð, getur haft einhver önnur hlunnindi af þeim heldur en arð af hlutabréfunum, og lætur þá minna máli skipta, hvort hann getur losnað við þau eða ekki, m. a. vegna þess að eigið fé í fyrirtækjum hér á landi hefur verið það sáralítið, að þetta skiptir ekki miklu máli. En það er að mínum dómi eflingu ýmissa atvinnurekstrarfyrirtækja hér á landi mikill fjötur um fót, hversu lítið eigið fjármagn er í þeim.

Hlutverk eins og það að annast tæknilega og viðskiptalega ráðgjafarþjónustu við stofnun og rekstur atvinnufyrirtækja er auðvitað mjög mikilvægt að komist á hér á landi. Þetta hlutverk geta auðvitað ýmsir einstaklingar tekið að sér, hvort sem það er í hlutafélagsformi eða öðru, t. d. sett upp ráðgjafarskrifstofur og er nokkur vísir til þess. Auðvitað gætu og hefðu peningastofnanirnar líka getað gert þetta, þó að lítið hafi verið gert af því. En það er enginn vafi á því, að það er mjög mikilvægt, að menn eigi aðgang að ekki of dýrri þjónustu í þessu sambandi. Erlend ráðgjafarþjónusta af þessu tagi er í langflestum tilfellum allt of dýr fyrir okkar félög, m. a. vegna

smæðar þeirra og ókunnugleika erlendra aðila á íslenzkum staðháttum, þegar um er að ræða myndun atvinnurekstrarfélaga eingöngu fyrir íslenzka staðhætti, en ekki t. d. útflutningsverzlun.

Ég er ekkert frá því, að það sé rétt gagnrýni, sem hér hefur komið fram, ákvæði þessa frv. um stofnunaraðila séu of þröng, og það kemur auðvitað til athugunar í þeirri n., sem fær málið til meðferðar, hvort rétt væri eitthvað að rýmka þau. En náttúrlega eru Félag ísl. iðnrekenda og Verzlunarráð Íslands, sem þarna eru nefnd, allt annars eðlis heldur en t. d. Búnaðarfélag Íslands, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. nefndi í þessu sambandi, vegna þess að við tölum og erum orðnir vanir því að tala um Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands eins og þetta væru einhver félög. Þetta eru algerlega opinberir aðilar. Og eins og vikið hefur verið að á öðrum vettvangi, er auðvitað miklu eðlilegra, að þessir aðilar sem aðrir opinberir aðilar séu innan vébanda þeirra ráðuneyta, sem þeir tilheyra, eða séu í þeim eðlilegu tengslum við þau, sem þeir eiga að vera. Þetta er auðvitað gerviheiti á þessum aðilum að kalla þá félög. En sumt af því hefur gott eitt í för með sér og þetta er orðin venja, en eðli félaga er að vísu töluvert mikið annað en þeirra, sem þarna eru nefnd. Ég held, að opið ætti að vera fyrir alla að fá aðild að slíku félagi, ef það yrði sett á laggirnar.

Ég skal svo ekki tefja umr. um þetta, enda hef ég verið að hvetja til þess að málið kæmist til n. og fengi sína athugun þar. En varðandi skattfrelsið í 6. gr. vil ég að lokum segja, að þegar frv. kom fram í fyrra, held ég, að það hafi ekki verið takmarkað, og ég tel það mjög til bóta, að skattfrelsið, sem talað er um í 6. gr., sé nú takmarkað. En þá verður bara spurningin hjá okkur: Eigum við ekki að athuga það alvarlega, að ný félög fái skattfrelsi eða veruleg skattfríðindi fyrstu árin? Þetta gæti orðið um að ræða, ef frv. næði samþykki, nú til 7 ára. Ég hygg, að 5 fyrstu árin væru alveg nægjanleg í þessu sambandi. Og það er út af fyrir sig reikningsdæmi, hvort ríkissjóður tapaði nokkuð á því. Slík örvun til félagsmyndunar gæti leitt til þess, að hér kæmust upp sterkari stofnar í atvinnurekstri en verið hefur fram til þessa. Þess vegna finnst mér það athyglisverð hugmynd, að það sé tímabundið skattfrelsi eða veruleg skattfríðindi, hvort sem menn vilja nú heldur, einmitt við stofnun atvinnurekstrarfélaga; félaga, sem stuðla að örvun í atvinnulífinu. Hér ætti því kannske að huga alvarlega að almennri reglu, en eins og kunnugt er, eru skattalögin einmitt í endurskoðun og í nefnd, sem er að huga að ýmsum greinum, sem miklu máli skipta fyrir slík félög, bæði afskriftareglum og öðru slíku, t. d. hvernig fara eigi að, ef fyrirtæki vilja sameinast og skapa stærri einingar, sem er næstum því ómögulegt miðað við núv. skattareglur. Því held ég, að það væri hreinlega þess vert, að hugmyndin væri hugleidd, — þó að það sé rétt, að skattþungi á fyrirtækjum sé hér yfirleitt ekkert meiri en á fyrirtækjum erlendis, — með hverjum hætti er hægt að létta erfiðustu sporin í upphafi við myndun nýrra atvinnufyrirtækja í landinu, með það bak við eyrað, að það örvaði myndun slíkra félaga og gæfi ríkissjóði síðan og sveitarfélögunum miklu meiri tekjur af þessum fyrirtækjum en ella mundi verða.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 9. fundi í Nd., 3. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjhn. með 29 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 43, n. 414 og 417, 411, 415, 416).

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft frv. þetta til athugunar, og eins og fram kemur á þskj. 414 og 417, hefur ekki orðið samstaða um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ., en 2 úr hópi meiri hl., þeir hv. 6. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Austf., leggja til að frv. verði samþ. með fyrirvara.

Meiri hl. fjhn. leggur þó til, að gerð verði á frv. breyt., og flytur því brtt. á þskj. 415. Tveir úr meiri hl. leggja til brtt. á þskj. 416, en þeir, sem leggja til, að frv. verði samþ. með fyrirvara, flytja hins vegar brtt. við frv. á þskj. 411.

Við 1. umr. þessa máls gerði 1. flm. þess mjög ýtarlega grein fyrir efni þess. Hér er um að ræða frv. um stofnun félags, sem á, eins og segir í 1. gr. frv., að efla íslenzkan atvinnurekstur og örva til þátttöku í honum með því að fjárfesta í atvinnufyrirtækjum og veita þeim fjárhagslega fyrirgreiðslu með því að beita sér fyrir nýjungum í atvinnumálum. Í 1. gr. er síðan gerð grein fyrir, hvert verði m. a. hlutverk þessa félags, og það er talið þar upp í 6 liðum.

Fyrirmynd þess félags, sem hér er gert ráð fyrir að stofnsett verði, ef frv. þetta verður að lögum, er frá nágrannalöndum okkar, en þar mun vera félagsskapur einmitt til þess að annast sömu hluti og gert er ráð fyrir, að Fjárfestingarfélagið muni gera hér hjá okkur. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því, að eins og okkar skattalögum er háttað nú í dag, þá muni ekki sá ávinningur verða af slíku félagi. Gert er ráð fyrir því, að á þessu ári verði lagt til, að gerðar verði breyt. á skattal. okkar með tilliti til inngöngu Íslands í EFTA, til þess að samræma skatta á íslenzkum atvinnuvegum við skatta á svipuðum fyrirtækjum í löndum þeim, sem eru í Fríverzlunarbandalaginu. Ég gerði einmitt ráð fyrir því, að þegar og ef þær breyt. verða samþ., mundi slíkt félag sem hér er gert ráð fyrir að stofnað verði mjög geta stuðlað að því að efla og auka íslenzkan atvinnurekstur.

Brtt. sú, sem meiri hl. n. flytur, er við 3. gr. frv., en í þeirri gr. er gert ráð fyrir, að forgöngu um stofnun félagsins hafi Verzlunarráð Íslands og Félag ísl. iðnrekenda, en í brtt. er gert ráð fyrir að bæta þar inn í verzlunarsamtökum samvinnumanna, þ. e. a. s. Sambandi ísl. samvinnufélaga. Ennfremur að í þessa grein bætist þessi setning: „Öllum skal gefinn kostur á að gerast hluthafar með almennu hlutafjárútboði.“ Hér er gert ráð fyrir félagsskap, sem ætlazt er til, að

almenningur hafi aðgang að, og því þótti rétt að taka skýrt fram um það í sjálfri löggjöfinni.

Á þskj. 416 flyt ég, ásamt hv. 1. landsk. þm., brtt. um, að sú breyt. verði gerð á 4. gr. frv., þar sem talið er upp, hverjum er heimilt að kaupa eða eiga hlutabréf í félaginu, að þar sem stendur „opinberum sjóðum", þá verði þeim ekki heimilað að kaupa eða eiga hlutabréf í félaginu öðruvísi en að áskildu samþykki ríkisstj.

Hins vegar gera hv. 4. þm. Reykv. og hv. 5 þm. Austf. till. um að fella algerlega niður úr 4. gr. heimild fyrir opinbera sjóði til að eiga hlutabréf eða kaupa hlutabréf í slíku félagi. Við erum hins vegar andvígir því, teljum, að það að heimila opinberum sjóðum þátttöku geti undir vissum kringumstæðum verið mjög gagnlegt, en teljum, að slíkt verði að gerast með samþykki ríkisstj.

Með nál. meiri hl. hafa verið prentuð svör þeirra ýmsu aðila, sem mál þetta var sent til umsagnar, og eins og þar kemur fram, hafa flestir þeirra, sem leitað hefur verið svars hjá, mælt með því, að til slíks félagsskapar yrði stofnað, og þess vegna að slík löggjöf yrði sett.

Ég tel svo ekki ástæðu til, herra forseti, að fjölyrða meir um málið, en legg til, að frv. verði vísað til 3. umr. með þeim breyt., sem lagt er til af hálfu meiri hl. á þskj. 415 og af minni hálfu og 1. landsk. þm. á þskj. 416 að verði samþykktar.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég hef gefið út sérstakt nál. á þskj. 417 og legg þar til, að frv. verði fellt.

Eins og hér hefur komið fram, er efni þessa frv. það, að stofnað skuli til sérstaks félagsskapar undir nafninu Fjárfestingarfélag Íslands h.f., og gert er ráð fyrir því, að þetta hlutafélag taki að sér ýmiss konar verk, sem hingað til hafa verið í höndum ýmiss konar opinberra lánasjóða og peningastofnana. Um það er t. d. rætt, að þetta félag skuli útvega, veita og ábyrgjast lán til atvinnufyrirtækja eða þá að kaupa, eiga og selja hlutabréf í atvinnufyrirtækjum.

Við vitum, að það eru starfandi í landinu mjög margir opinberir stofnlánasjóðir, sem ætlaðir eru til þess að fjalla um stofnlánaþörf hinna ýmsu fyrirtækja í landinu. Þannig er starfandi stofnlánasjóður sjávarútvegsins, fiskveiðasjóður, stofnlánadeild landbúnaðarins, stofnlánadeild iðnaðarins, stofnlánasjóður verzlunar, ferðamálasjóður, lánasjóður sveitarfélaga og eflaust eru þessir lánasjóðir miklu fleiri. Auk þessara sjóða eru svo sjóðir, sem hafa enn víðtækara verkefni, en þessir, sem ég nefndi, eru flestir bundnir við það að sinna tilteknum starfsgreinum. Lánasjóðir eins og t. d. atvinnuleysistryggingasjóður og Tryggingastofnun ríkisins veita margvísleg lán, auk þess atvinnujöfnunarsjóður, fiskimálasjóður, veðdeild Landsbankans og vátryggingafélögin í landinu, og eflaust eru ýmsir fleiri sjóðir, sem ég hef ekki talið upp hér.

Ég tel, að að því leyti til, sem ekki þykir nægilega vel séð fyrir stofnlánamöguleikum hinna einstöku fyrirtækja, sem á fót eru sett, þá beri að snúa sér að því að efla þessa stofnlánasjóði, sem starfandi eru og ættu í rauninni að hafa bezta aðstöðu til þess hver á sínu sviði að fylgjast með sínum málefnum og þjóna sínu hlutverki. — Hitt tel ég heldur hæpið, að koma upp sérstöku hlutafélagi á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., sem taki að sér að meira eða minna leyti sömu verkefni og hinir stofnlánasjóðirnir hafa. Mér finnst líka, að það komi engan veginn nægilega ljóst fram, hvernig þeir, sem að þessu máli standa, hafa hugsað sér skilin á milli starfsemi þessarar nýju stofnunar og hinna lánasjóðanna. Það er þó gert ráð fyrir því í frv., að opinberir sjóðir geti, ef þeir hafa fengið samþykki ráðh. til, — þ. e. samkv. brtt., sem liggur fyrir frá meiri hl. nú, — lagt fram fé til þessa Fjárfestingarfélags, og þá verður maður að álíta, að í a. m. k. öllum slíkum tilfellum sé við því að búast, að þessir almennu stofnlánasjóðir fari að víkja sér undan því að sinna einstökum lánabeiðnum, sem til þeirra koma, þegar þeir eru búnir að veita þessu sérstaka hlutafélagi tilteknar lánasummur til þess að standa undir hliðstæðum lánveitingum og stofnlánasjóðnum hafði sjálfum verið falið að annast. Ég óttast það, að í ýmsum tilfellum yrði það svo, að opinberir lánasjóðir kipptu mjög að sér hendinni, vísuðu á þetta Fjárfestingarfélag og bentu á það, að þeir hefðu þegar lagt í það nokkurt fé og væri því ekki óeðlilegt, að það sinnti þessum verkefnum, og þá tel ég verr farið en heima setið fyrir þá, sem þurfa að leita að nýjum stofnlánum. Nú eiga þeir þó í flestum tilfellum ákveðinn rétt hjá þeim opinberu stofnlánasjóðum, sem starfandi eru.

Þá tel ég einnig vera mjög vafasamt að fara inn á þá braut, að opinberir sjóðir gerist á þennan hátt aðilar að almennu hlutafélagi, því að á þann hátt er í rauninni verið að breyta eðli hinna opinberu stofnlánasjóða. Þeim hefur verið ætlað það hlutverk að lána eftir þar til settum reglum til allra þeirra í landinu, sem lánshæfir eru á annað borð, en á þennan hátt er verið að leyfa prívatfélagi afskipti af lánveitingastarfsemi hins opinbera.

Ég tel einnig, að það sé mjög vafasamt að stefna að því, að félag af þessari gerð, eins og Fjárfestingarfélag Íslands h. f. er hugsað, fái aðstöðu til að hafa hér meira eða minna eftirlit og afskipti af málum einstakra fyrirtækja í landinu, en það gefur vitanlega auga leið, þegar um það er að ræða, að þetta félag fari að ábyrgjast skuldbindingar fyrir einstök félög, að þá hefur það auðvitað um leið réttindi til þess að fylgjast nákvæmlega með rekstri þeirra. Ég tel, að allt öðru máli gegni um opinbera sjóði, bæði hina opinberu banka og eins opinbera stofnlánasjóði. Þeir starfa hér á nokkuð öðrum grundvelli, en þetta félag getur verið að meira eða minna leyti aðili í atvinnurekstrinum, því að þessu félagi er heimilt að eiga hlutabréf í einstökum hlutafélögum.

Mér sýnist því, að ekki sé brýn þörf á því að setja lög um stofnun slíks fjárfestingarfélags sem þetta frv. fjallar um. Ég held, að það sé í rauninni ekkert, sem kallar á það. En talsverðar hættur mundu fylgja því, að svona félagi yrði komið upp, a. m. k. ef starfsemi hinna opinberu sjóða yrði sveigð undir starfsemi þess að meira eða minna leyti.

Afstaða mín til þessa frv. er því sú, að það sé ekki

þörf á því að samþ. það, og ég legg því til, að það verði fellt.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Við hv. 4. þm. Reykv., sem sæti eigum í fjhn. í þessari hv. d., höfum mælt með frv. í nál., en skrifum undir nál. með fyrirvara. Við töldum rétt að stuðla að því, að sú tilraun, sem felst í þessu frv., verði gerð, enda verði þá þessi samtök opin fyrir alla aðila. Till. um það er flutt af meiri hl. n., og hefur henni þegar verið lýst af hv. frsm.

Við erum andvígir því, að opinberir sjóðir gerist aðilar að þessum samtökum, og við flytjum hér brtt. á þskj. 411 um að fella burt úr frv. það ákvæði, sem heimilar opinberum sjóðum að kaupa hlutabréf í þessu væntanlega Fjárfestingarfélagi. Við lítum svo á, að þátttaka opinberra sjóða í slíkum félagsskap sé óeðlileg og ekki í samræmi við störf þeirra, eðli þeirra og tilgang. Höfum við því leyft okkur að bera fram þessa brtt.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja tímann mikið. Ég talaði hér nokkur orð við 1. umr. og skal reyna að endurtaka sem minnst, en get þó ekki látið hjá líða að segja nokkur orð um þetta.

N. hefur nú skilað nál. og er klofin um málið. Hv. 4. þm. Austf. leggst gegn því, að frv. verði samþ. og gerir stutta, en sérlega góða grein fyrir skoðunum sínum.

Ég álít þetta frv. dálítið furðulegt. Hins vegar er ekkert óeðlilegt, að þetta komist í gegnum þingið, því að það er nú oft svo með vitleysurnar, að þeim gengur vel að komast áfram svona í byrjun, en svo þegar reynslan kemur, þá verða vandkvæðin oft löguð.

Í fyrsta lagi halda þeir því fram, sem mæla með þessu frv., að þetta séu hlutir, sem búið sé að framkvæma hjá nágrannaþjóðum okkar og séu til fyrirmyndar og við eigum að taka upp. Í sannleika sagt liggur ekkert fyrir um þetta, og mér hefur skilizt á þessum mönnum, sem mest eru að mæla með þessu frv., að þetta sé aðallega amerísk hugmynd og eitthvað iðkað svipað þessu í Ameríku, en að nágrannaþjóðir okkar séu að hugsa um að taka eitthvað líkt upp. Annars erum við lögfróðir hérna, en þó að við séum vel að okkur í íslenzkum fræðum, er ég nú ekki alveg viss um, að þessir mætu menn, sem eru að mæla með þessu, séu svo þrautkunnugir lögum nágrannaþjóða okkar og allra sízt amerískum lögum, þar sem eru svo mörg ríki og sérstæð lög fyrir hvert þeirra í málefnum eins og þessum.

Í öðru lagi er það engin fyrirmynd, þó að eitthvað hliðstætt þessu væri til í Ameríku, því að það er víst ekki til svo vitlaust, aumt og ábyrgðarlaust brask, að það fyrirfinnist ekki í því landi. Þar að auki erum við ekki hliðstætt þjóðfélag við það ameríska. Við erum aðeins 200 þús. með lítið fjármagn, en fyrir 200 millj. með mikið fjármagn eru möguleikarnir meiri til að braska. Ég legg því ákaflega lítið upp úr þeim áróðri, að það sé gert eitthvað hliðstætt þessu í Ameríku og líklegt sé, að nágrannaþjóðir okkar taki sér þetta ameríska kerfi til fyrirmyndar og fari að búa til eitthvað svipað.

Ég tel, að með þessu frv. sé komið á hlutdrægni, og ég er á móti allri hlutdrægni. Þetta félag á að vera skattfrjálst svipað og Landsbankinn þar til 1977. Það er nú svo með ýmis fríðindi, að þegar búið er að koma þeim á, er erfiðara að taka þau af aftur. Ég sé ekki nokkra ástæðu til að fara að stofna braskhlutafélag, sem hefur sérstöðu í skattamálum. Ef við þurfum að breyta okkar hlutafélagalögum er sjálfsagt að láta eitt yfir alla ganga. Einnig er ég á móti því, að einkabönkum sé heimilað að kaupa hlutabréf eða eiga í félaginu, af þeirri einföldu ástæðu, að þá kemur þar einnig hlutdrægni fram. Þeim er ætlað að kaupa hlutabréf í þessu félagi; og þá eru þeir orðnir eigendur í því. Þeim er því skylt að lána fé í það. Þetta er gagnstætt þeim ákvæðum, sem nú gilda. Ég tel, að þetta muni veikja traust manna á einkabönkum. Það er ekki ríkisábyrgð fyrir innistæðu í þeim. Og í öðru lagi tel ég það algerlega óeðlilegt, að bankar séu að eiga í fyrirtækjum, því að það er allt önnur aðstaða, sem þeir eru í gagnvart þeim fyrirtækjum en gagnvart öðrum fyrirtækjum, sem þeir lána fé. Banki er lánastofnun. Og það var þannig skilgreint hjá Seðlabanka Íslands, þegar skrifuð var ritgerð um það, að hann sé til að lána peninga, en ekki til þess að eiga í rekstri. Það er annað að vera atvinnurekandi en að vera bankastjóri. Það á ekki að blanda því saman, vegna þess að um leið og banki er farinn að eiga í fyrirtæki, þá er hann orðinn háður fyrirtækinu og bankastjórinn hefur ekki aðstöðu til að taka óhlutdræga afstöðu til þeirra, sem hann lánar. Ég tel stórhættulegt að fara inn á þá braut, fyrir utan að þarna eru með einu pennastriki þverbrotin þau lagaákvæði, sem gilda um þessa banka. Hvar á að stöðva? Komast ekki ríkisbankarnir inn á það sama? Það var hér frv. í vetur um það, að Framkvæmdabankanum væri heimilað þetta, og hann er þegar byrjaður á þessu. Þetta tel ég óeðlilegt. Það getur verið eðlilegt, að lánastofnanir neyðist í bili til þess að eiga í fyrirtæki, en það á ekki að vera stefnumál, og viðkomandi lánastofnun á að losa sig við þær eignir við fyrstu hentugleika. Við eigum ekki að blanda saman útlánastarfsemi og atvinnurekstri. Það eiga að vera tveir aðilar, sem geta komið óháðir fram, hvor gagnvart öðrum.

Nm. leggja til vissar brtt., m. a. leggja þeir til, að 3. gr. sé breytt, og hún skuli hljóða þannig: „Forgöngu að stofnun félagsins hafa Verzlunarráð Íslands, Félag ísl. iðnrekenda, Samband ísl. samvinnufélaga og þeir aðilar, sem samtök þessi kveðja til," — og bæta svo við: „Öllum skal gefinn kostur á að gerast hluthafar með almennu hlutafjárútboði." Það er hálfambögulega að þessu farið. Fyrst er sagt, að það séu þeir aðilar, sem samtök þessi kveðja til, og svo er því bætt við, að allir megi gerast aðilar að því, sem vilja. Hvað á þá þetta að þýða? Er þá ekki bezt að sleppa þessari setningu: „og þeir aðilar, sem samtök þessi kveðja til," ef öllum á að vera heimil þátttaka í því? Þarna virðist því vera ástæða til að breyta orðalagi, hvað sem efnisákvæðunum líður.

Annars er ég ekkert hrifinn af því, að SÍS sé að blanda sér í þetta mál eða því sé gefin heimild til

þess. Þetta á að vera Verzlunarráð Íslands og Félag ísl. iðnrekenda. Geta ekki alveg eins önnur samtök komið og óskað eftir að fá að stofna félög með hliðstæða aðstöðu, að þau séu skattfrjáls og fái aðstöðu til að fá fé úr einhverri lánastofnun, og hvernig á að neita þeim um það? Geta ekki bændasamtökin beðið um það? Geta ekki sjómannasamtökin komið með ósk um eitthvað svipað, að þau fái að mynda hlutafélag, sem sé skattfrjálst, og t. d. Fiskveiðasjóður og Fiskimálasjóður mættu kaupa hlut í einhverju félagi? Ég sé bara ekkert því til fyrirstöðu. Og jafnvel eru mörg félög nauðsynlegri en þetta félag. Hvar ætlið þið að draga línuna á milli? Hvernig á Alþ. að neita þessum aðilum, ef þeir fara að óska eftir því að fá að stofna hliðstætt félag með hliðstæðri löggjöf? Ég álít, að þegnar landsins eigi að búa við hliðstæð kjör, — og hvernig í ósköpunum ætlar Alþ. að neita slíkri fyrirgreiðslu, ef slík samtök fara fram á þetta? Ég sé ekki annað en að það væri betra fyrir Samband ísl. samvinnufélaga að vera sér og óska svo eftir því, að við flytjum frv. á næsta þingi um, að það fái að stofna hliðstætt hlutafélag og þetta. Hvernig ætlið þið að neita SÍS um hliðstæða fyrirgreiðslu og samvinnufélögunum í heild? Ég held, að það yrði erfitt. Svo ætti það að vera skattfrjálst; jú, það gæti sett fram einhverja sex punkta, einhver afrek, sem það ætlaði að vinna.

Svo vil ég benda á það, að ég skil eiginlega ekki, hvernig á að reka þetta ágæta fyrirtæki. Það eru þarna í 6 liðum verkefni, sem það á að hafa heimild til þess að vinna að, og þetta eru algerlega óskyld verkefni, sem það ætlar að taka að sér.

Í fyrsta lagi ætlar það að vera frumkvöðull að stofnun, endurskipulagningu og sameiningu atvinnufyrirtækja. Til þess þarf ekki litla þekkingu á atvinnumálum, þ. e. að skipuleggja atvinnufyrirtæki landsins. Og það þarf meira en í einni atvinnugrein, því samkvæmt þessu frv. á það að grípa yfir alla atvinnuvegi landsmanna. Hver á að borga öllum þeim hálærðu sérfræðingum, sem þarf til þess að hafa vit á öllu þessu? Og hvaða trygging er fyrir því, að þetta félag hafi nokkra möguleika á því að hafa þessa menn í þjónustu sinni? Eiga fyrirtækin, sem þeir ætla að skipuleggja, að borga, og á að troða þessari fyrirgreiðslu upp á þau, án þess að þau kæri sig nokkuð um það? Það getur vel komið til greina, að þau þurfi að gera miklar breytingar á atvinnurekstri sínum með breyttum tímum og breyttum aðstæðum. Það verður að gera meira og minna með frjálsum samtökum. Við þurfum ekkert braskhlutafélag til þess að geta gert slíka hluti. Þetta er eitt vandasamasta verk í okkar þjóðfélagi. Reynsla og þekking þeirra manna, sem að þessum félögum standa, verður að skera úr um, hvað hagkvæmt er í þessu efni, og hvað ekki.

Í öðru lagi að kaupa, eiga og selja hlutabréf í atvinnufyrirtækjum og skuldabréf þeirra. Þarna er nokkurs konar kauphallarbrask á ferðinni. Ég hef ekkert við það að athuga, þó að einhver verðbréfaviðskipti kæmust á hér á landi. En ég sé ekki, að það þurfi að standa í sambandi við það að endurskipuleggja atvinnuvegina að braska með hlutabréf. Og sannleikurinn er sá, að við höfum ekki nein ósköp af hlutabréfum, sem eru útgengileg, þannig að ég held, að atvinna við að braska með þau yrði afar takmörkuð. Við höfum sannarlega ekki mikið af hlutabréfum, sem eru það eftirsótt, að menn sláist um þau eða líklegt sé, að þau gefi varanlegar tekjur.

Að greiða fyrir útgáfu hlutabréfa og skuldabréfa atvinnufyrirtækja með beinni og óbeinni þátttöku í útboðum og annarri dreifingu þeirra. Ég held satt að segja, að það sé það mikið af hlutafélögum hér á landi, að menn kunni orðið nokkurn veginn til þess að sjá um útgáfu hlutabréfa og skuldabréfa fyrir atvinnufyrirtæki.

Hið fjórða, að útvega, veita og ábyrgjast lán til atvinnufyrirtækja, sem félagið tekur þátt í að beita sér fyrir. Þarna er nú alveg sérstakur liður, sem er sá sami og Framkvæmdabankinn á að annast um. Það var verið að tala um, að þetta mundi greiða fyrir því, að við fengjum lán úr dótturfyrirtæki Alþjóðabankans, sem er raunar ekkert nema vitleysisskraf. Svo eru lögð fram ýmiss konar meðmæli frá hinum og þessum, en það er algerlega kastað til þess arna höndum, t. d. frá Fiskveiðasjóði Íslands, en þar er það Davíð einn, sem mælir með því, hinir eru ekki spurðir. Ég hef heyrt einn af stjórnarmönnum Fiskveiðasjóðs tala á móti þessu. En Davíð skrifaði undir. Þetta hefur verið skipulagt með áróðri að fá meðmæli með þessu frv., af því að Eyjólfur Konráð er aðalflm. þessa frv., en hann er dugnaðarmaður og áróðursmaður. Menn hafa kastað til þess arna höndum, án þess að gera sér nokkra grein fyrir því, hvað þetta félag ætti að gera eða hvaða starfsmöguleika það hefði.

Viðvíkjandi þessum lánum, þá er hægara að taka lán en að borga þau. Við höfum verið duglegir að útvega okkur lán, og við höfum verið að betla út vaxtalaus lán. Sannleikurinn er sá, að við megum gæta þess, hvar við erum staddir á þessari leið. Við töpum sjálfsvirðingu okkar á því að vera að biðja um lán, án þess að það sé eftir eðlilegum lánaleiðum, þ. e. hæfilegir vextir og eðlileg endurgreiðsla. Er ekki skynsamlegasta leiðin að reyna að skapa fjármagnið með eigin hagsýni og sparsemi, en vera ekki alltaf að fá lán? Það er síður aumingja að geta aldrei gert neitt nema með lánum. Það köllum við búskussa á Íslandi. Hina köllum við búmenn, sem fara skynsamlega að hlutunum og reyna að skapa sér eigið fjármagn í fyrstu og ávaxta það svo á skynsamlegan hátt.

Í sjötta lagi, annast tæknilega og viðskiptalega ráðgjafarþjónustu við stofnun og rekstur atvinnufyrirtækja. Ég held, að það séu nokkrir tugir af vísindamönnum starfandi í þessum rannsóknarráðum okkar og öllu því kerfi, og væri sennilega rétt að endurskipuleggja það á þann hátt að launa þeim þannig, að þeir væru sæmilega starfhæfir. En það er nú þetta virðulega hlutafélag, sem braskar með hlutafé, útvegar lán og er frumkvöðull að endurskipulagningu á atvinnulífi okkar, sem ætlar að taka þetta að sér líka. — Tæknilega og viðskiptalega ráðgjafarþjónustu við stofnun og rekstur atvinnufyrirtækja í þessu landi! (Gripið fram í.) Mér lízt ekki vel á þetta. Satt að segja virðist þarna vera blandað saman alveg óskyldum hlutum, án þess að bent sé á

neinar líkur til, að félagið hafi möguleika til að inna þessa þjónustu af hendi, sem það ætlar að taka að sér.

Ég sé ekki annað en þetta sé meðal allra vitlausustu frv., sem hafa verið lögð hér fram og ábyrgðarlausustu. Svo á að vaða í einkabankana. Einn nm. leggur til, að ríkisstj. verði að samþ. það. En hvað er það, sem ríkisstj. samþ. ekki, ef þjónar hennar biðja hana vel? Þarna á að beita hlutdrægni, sennilega eitthvað ámóta og gert var í Fiskveiðasjóði, þegar sumum var lánað með gengisáhættu og öðrum ekki. Ég sé ekki annað en þarna sé ruglað saman óskyldum verkefnum, og ég álít, að við höfum nægilegt brask og hlutdrægni í okkar þjóðfélagi, þó að þetta bætist ekki við. Þess vegna ætla ég að greiða atkv. á móti þessu, og þó að grg. 4. þm. Austf. væri ekki löng, var hún skýr, og ég álít, að það, sem þar er sagt, sé algerlega rétt.

Ef þið viljið drífa þetta frv. í gegnum þingið, megið þið eiga heiðurinn af því, ég ætla að hafa sóma af því að vera á móti.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, um Fjárfestingarfélag Íslands h. f., er flutt snemma á þessu þingi. Það er búið að liggja nokkuð lengi í nefnd. Á þessum tíma hefur það m. a. gerzt, að hv. 1. flm., þess, sem mælti fyrir því í öndverðu, er horfinn af þingi, en hann er varaþm., og ég get ekki komið auga á hv. 2. flm. frv., að hann sé hér viðstaddur, og er það út af fyrir sig óviðkunnanlegt að ræða málið mikið, þannig að ekki sé flm. að því viðstaddur.

Hins vegar liggur það fyrir, að meiri hl. þeirrar hv. n., sem hefur málið til meðferðar, mælir með frv., þó með breytingum, sem einstakir nm. flytja till. um, og virðast þeir ekki vera sammála um þær brtt. Þeir flytja þær ekki saman, heldur eru þær í tvennu lagi.

Eins og ég sagði áðan, er þetta frv. nefnt frv. um Fjárfestingarfélag, en mér sýnist, að kalla mætti það frv. um fjárfestingarbanka, því það er í raun og veru banki, sem hér er verið að stofna, ef frv. nær fram að ganga. Þessi stofnun á bæði að annast lántökur og lánveitingar og hafa með höndum fleiri tegundir starfsemi, sem bankar hafa með höndum, og því virðist mér, að hér sé í raun og veru á ferðinni stofnun nýs banka hér á landi, fjárfestingarbanka, hlutafélags. Það er ekkert sérlegt við það, að þessi banki sé hlutafélag, því að áður hafa verið stofnaðir bankar, sem eru hlutafélög, hér á landi og bera þó nafnið banki. Þessum nýja banka er að vísu ætlað hlutverk, sem núverandi bankar hafa ekki með höndum, en sumir bankar erlendis hafa með höndum samhliða venjulegri bankastarfsemi og bankar þeir, sem hér eru fyrir, gætu að sjálfsögðu sinnt. Það er því enginn vafi á því, að hér er um að ræða bankastofnun, stofnun sérstaks fjárfestingarbanka.

Í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að rifja hér upp nokkur atriði úr þróun bankamála hér á landi. Fyrsti banki á Íslandi var stofnaður með lögum árið 1886. Það var Landsbanki Íslands, sem enn er starfandi, og hafði seðlaútgáfurétt þar til Seðlabankinn var stofnaður með lögum fyrir ekki mjög löngu. Næsti banki, sem stofnaður var hér á landi, var Íslandsbanki h. f., sem stofnaður var með lögum 1902 og tók til starfa 1904. Hann var aðalseðlabanki landsins í nálega tvo áratugi en hætti starfsemi sinni árið 1930. Þá var stofnaður upp úr Íslandsbanka Útvegsbanki Íslands h. f., sem nú heitir Útvegsbanki Íslands og er ekki lengur hlutafélag, heldur ríkiseign, og hefur reyndar mátt teljast það að mestu leyti alla tíð frá stofnun, en var þó hlutafélag að formi. Hann starfar enn. Rétt er að taka það fram, að sett voru lög um Ríkisveðbanka Íslands 1931, en hann tók ekki til starfa og skiptir því ekki máli í þessu sambandi. Búnaðarbanki Íslands var stofnaður með lögum 1929 og er enn starfandi. Fram yfir 1950 voru starfandi í landinu þrír ríkisbankar, þ. e. a. s. tveir hreinir ríkisbankar, Landsbankinn og Búnaðarbankinn, og svo Útvegsbankinn, sem kallaður var hlutafélag og var í raun og veru ríkisbanki, þannig að ríkið hafði með höndum bankareksturinn í landinu. En í seinni tíð hefur bönkum verið fjölgað mjög. Stofnaðir hafa verið nýir bankar, sem ekki eru á vegum ríkisins, og raunar einnig ríkisbanki. Iðnaðarbanki Íslands h. f., var stofnaður með lögum í árslok 1951 og tók til starfa 1953. Framkvæmdabanki Íslands var stofnaður með lögum 1953, en var lagður niður nú fyrir nokkrum árum. En svo var stofnaður Seðlabanki Íslands árið 1961, sem er ríkiseign, sem Framkvæmdabankinn líka var. Þá var næst stofnaður Verzlunarbanki Íslands h. f. með lögum 1960, og Samvinnubanki Íslands h. f. með lögum 1962.

Eins og af þessu má sjá, hefur bönkum fjölgað mjög í landinu síðan laust eftir 1950, þegar öll bankastarfsemi var í höndum þriggja ríkisbanka. Þó að ekki sé talinn Seðlabanki Íslands, sem segja má, að sé í eðli sínu eins konar deild úr Stjórnarráðinu, þá hefur bönkum, þ. e. a. s. viðskiptabönkum, fjölgað um 100% að tölunni til á þessum tíma, og þykir mörgum nóg um. Í sambandi við þessar bankastofnanir hafa þar að auki verið stofnuð útibú og ekki aðeins hér og þar í landinu, heldur einnig hér á höfuðborgarsvæðinu, og með stofnun þessara útibúa og ýmsu öðru keppa þessar bankastofnanir um sparifé almennings, að fá það til starfsemi sinnar.

Í sambandi við þessa auknu bankastarfsemi er um mikla fjárfestingu að ræða, sem hefur verið undir töluverðri gagnrýni, m. a. hér á Alþ., og ég minnist þess, að fyrir ekki löngu flutti hv. 1. þm. Vestf., — ef ég man rétt, — fsp. um fjárfestingu bankanna á tímabilinu frá 1960 til þess árs, þegar spurt var, og hann fékk svör við þessu í krónum. Hann spurði ekki um þá fjárfestingu, sem átt hefur sér stað frá stríðslokum og fram til 1960 í þessum sömu greinum, og fékk ekki heldur svör við því. En á þeim tíma, þ. e. frá stríðslokum og fram til 1960, var líka mjög mikil fjárfesting og í heild er þessi fjárfesting hjá bönkunum orðin mjög mikil. Ég held, að þessi mikla bankafjölgun og þessi mikla fjárfesting í bankakerfinu og allt, sem í kringum það er, sé farið að verða í meira lagi athugavert, enda hefur víða komið fram, að þetta er gagnrýnt t. d. í blöðum landsins og í till. frá ýmsum fundum, og ég verð að segja það, að sú

gagnrýni á við nokkur rök að styðjast. Ég hef t.d. verið að athuga lauslega starfsmannafjöldann í bönkum landsins, hvernig hann hefur breytzt á þessum áratug, sem núna er að enda, frá 1960–1970. Mér hefur ekki unnizt tími til þess að vinna fyllilega úr þeim gögnum, sem ég hef fengið um þetta, af því að ég fékk þau ekki í hendur fyrr en núna á þessum fundi. Þó virðist mér við stutta athugun, að fyrir 10 árum hafi bankastarfsmenn í landinu, aðalbönkum og í útibúum þeirra, verið um 540, þ. e. á árinu 1960, en séu nú komnir á 10. hundrað, og gefur það nokkra hugmynd um, hvernig þessi starfsemi hefur þanizt út. En því miður hefur það fjármagn, sem bankarnir hafa á milli handanna, ekki vaxið að sama skapi, ef litið er á hið raunverulega verðgildi krónunnar nú og fyrir 10 árum. Ég geymi mér rétt til að leiðrétta þessar tölur síðar, ef þær kynnu að reynast ónákvæmar, en það munar víst ekki miklu í hlutföllum. Þar að auki er þess að geta, sem þarf að taka með inn í þessa mynd, ef maður gerir sér grein fyrir því, hvernig kerfið hefur þanizt út, að á þessum sama tíma, sem starfsfólki hefur fjölgað svo mjög, hefur mikil vélvæðing átt sér stað í bönkunum, þannig að þar eru komnar vélar og tæki, sem hljóta að gera það að verkum, að starfsmenn eru færri en ella hefði verið.

Fyrir utan þessa banka, sem ég nú hef talið, viðskiptabankana sex og Seðlabankann, eru starfandi hér í landinu yfir 50 sparisjóðir.

Hvað þýðir það fyrir almenning í þessu landi, ef bankakerfi landsins, peningamálakerfi landsins, verður miklu dýrara en það þarf að vera? Það þýðir annað hvort það, að þjónusta sú, sem þessar stofnanir láta í té, hlýtur að verða dýrari en hún ella þyrfti að vera, eða þá að þetta kemur fram í rekstri stofnananna. Og ég er hræddur um, að þessi mikla fjölgun bankanna og útibúa þeirra og kostnaðarauki að öðru leyti sé farið að koma nokkuð áþreifanlega fram í rekstrarafkomu bankanna og eigi eftir að koma betur fram. Sú var tíðin, að löngum var talað um það, að bankar græddu mikið og að það væri ósvinna að leggja ekki skatta á banka, svo að það var lagður skattur á bankana. En sú tíð hygg ég, að sé nú liðin og viðhorfið nokkuð öðruvísi en áður var, möguleikar fyrir banka til þess að hafa hagnað af rekstri sínum eru minni og á sennilega eftir að verða frekari þróun í þá átt.

Þetta allt er mönnum nú ríkt í huga, og ég minnist þess, að einu sinni sem oftar, þegar Alþ. var að setja lög um að bæta við einum bankanum enn, þá ræddi ég það mál nokkuð og þróunina í þessum efnum í hv. d. og greiddi atkv. á móti þessari aukningu, en var mjög liðfár í þeim aðgerðum, því hér á þingi hefur það til skamms tíma þótt hið mesta þjóðráð að fjölga bönkum og stofna banka fyrir allar atvinnugreinar og meira en það, en halda þar að auki áfram að starfrækja banka, sem ekki eru fyrir neina atvinnugrein, og á ég þar sérstaklega við Landsbankann. Hann er ekki fyrir neina sérstaka atvinnugrein. Hann er okkar elzti banki, en það liggur við, að ekki verði lengur rúm fyrir Landsbankann í kerfinu, ef miða skal bankarekstur fyrst og fremst við einhverja sérstaka atvinnugrein. Fyrir utan viðskiptabankana og sparisjóðina höfum við svo alla okkar fjárfestingarsjóði, sem vikið hefur verið að í þessum umr.

Ég ætla ekki að ræða almennt um efni þessa frv. Ég vil sérstaklega vekja athygli á þessu og biðja hv. þm. að gera það upp við sig með nokkurri athugun og rannsókn, hvort þessi þróun sé æskileg og hvort við eigum nú að vera að stofna einn bankann enn. Hér er, eins og tekið hefur verið fram í umr., mikið af fjárfestingarsjóðum. Sú stefna hefur verið í löggjöf hér á Alþ., að koma upp því, sem við höfum kallað sjóði, einum fyrir hverja atvinnugrein. Sumir halda því fram nú, að þetta sé ekki heppilegt fyrirkomulag, að fjárfestingarsjóðirnir séu svona margir. Ég skal ekki leggja dóm á það og geri mér grein fyrir því, að það eru erfiðleikar á því að fækka þessum fjárfestingarsjóðum, enda hygg ég, að fjárfestingarsjóðir, sem reknir eru aðeins til að annast lögboðna fjárfestingu eða lögboðna fjárfestingarlánastarfsemi, hver fyrir sína atvinnugrein, þurfi ekki að vera dýrir í rekstri og séu í sjálfu sér ekki dýrir, því að þessi starfssvið fjárfestingarsjóðanna eru þannig afmörkuð, að starfsemin er miklu einfaldari í sniðum á allan hátt en starfsemi viðskiptabanka, og miklu einfaldari í sniðum en starfsemi þessa fjárfestingarbanka mundi verða. Hún er ekki einföld í sniðum.

Ég sagði, að ég ætlaði ekki að tala um málið almennt, en ég tel það varhugavert að halda áfram á þeirri braut að fjölga stöðugt bönkum til þess að ráðstafa þessu takmarkaða fjármagni, sem til fellur hér í landinu, og jafnvel þó að útlent fjármagn komi til.

Þá kem ég að því, sem ekki stendur í grg. þessa frv., held ég, — og þó er nú eitthvað minnzt á það í 4. gr., að það sé gert ráð fyrir því, að ef þessi fjárfestingarbanki yrði stofnaður, þá gæti hann fengið erlend lán eða kannske hlutafjárframlag, — það er dálítið óljóst. Ég veit nú ekki, hvort það er talið æskilegt, að það komi mjög mikið af erlendum hluthöfum inn í íslenzka atvinnuvegi. Ég held, að það hafi komið fram í umr., að sú stofnun, sem aðallega er treyst á í þessu sambandi, sé alþjóðalánastofnunin í Washington, sem svo er nefnd á íslenzku og kölluð hér systurstofnun Alþjóðabankans. Menn virðast líta svo á, að þar sé fjárvon.

Nú hefur það reynzt svo, að allvíða hefur verið fjárvon erlendis. Það hefur verið hægt að fá lán erlendis handa Íslandi, enda skuldir landsins í erlendum gjaldeyri orðnar töluverðar og greiðslubyrðin vegna hinna erlendu lána er orðin mjög mikil, a. m. k. ef miðað er við þær kenningar, sem uppi voru í lok síðasta áratugs, — á árunum 1959—1960, — því þá var því haldið fram, að greiðslubyrðin mætti helzt ekki fara mikið yfir 5% af andvirði seldra vara og þjónustu. Það hefur nú kannske verið eitthvað bogið við það, en þessu var haldið fram og okkur hér á Alþ. ætlað að taka það sem góða og gilda vöru, einnig almenningi. Nú er mér tjáð, að þessi greiðslubyrði kunni að vera komin upp í 15%, og ég bið menn að leiðrétta mig, t. d. hæstv. viðskmrh., ef það er skakkt hjá mér, en viljandi er ekki rangt með það farið. Mér hefur verið sagt, að greiðslubyrðin væri eitthvað í kringum 15% eða

þrisvar sinnum hærri en talið var hæfilegt fyrir rúmum áratug, en hvort sem hún er 15% eða ekki, er hún a. m. k. miklu þyngri en talið var hæfilegt í lok síðasta áratugs. Það er óhætt að fullyrða. Ég skal ekki leggja dóm á það hér, hvort greiðslubyrðin sé of mikil og hvort við hana megi bæta, en þessi aukning á greiðslubyrðinni sýnir það, að víða hefur verið fjárvon erlendis fyrir Íslendinga, og ef maður lítur yfir lánalistana, sést það líka, að allmikil hefur fjárvonin verið og víða hafa vonir rætzt. Ég hygg, að slík taka erlendra lána sé ekki sérstaklega bundin við eina stofnun.

Ég hef reynt að spyrjast fyrir um það, hver lánakjör væru hjá þessari stofnun, sem hér er um að ræða, og því miður hef ég ekki getað fengið um það áreiðanlegar upplýsingar. Hvað eru t. d. venjulegir vextir af lánum, sem þessi svokallaða alþjóðalánastofnun í Washington veitir? Hún hefur veitt allmikið af lánum í seinni tíð, en ég hef því miður ekki getað fengið áreiðanlegar upplýsingar um, hverjir séu þar venjulegir vextir, en mér er sagt, að þetta sé stofnun, sem starfi með hagnaðarsjónarmið fyrir augum, og vextirnir kunna að vera dálítið misjafnir. Maður einn, sem *ætti að vita nokkur skil á svona málum í* Vesturheimi, en þar starfar þessi stofnun, hefur látið þau orð falla, að það muni ekki vera óalgengt, að vextir af lánum þessarar stofnunar séu í kringum 9%, en samt munu þeir vera misjafnir. Það má vel vera, að þetta sé hægt að upplýsa hér á fundi, og þá væri vel, því að mér hefur satt að segja gengið erfiðlega að fá nákvæmar upplýsingar um þetta, sem ég taldi þó nauðsynlegt, af því að að þessu hefur verið vikið í umr. hér á þingi.

Með þessu, sem ég hef nú sagt, og ég skal nú ljúka máli mínu, þá ætla ég að það sé fram komið, að ég hef ekki á þessu stigi áhuga á framgangi þessa frv., og þar sem nú er orðið áliðið þings og aðalflm. málsins og mestur áhugamaður um það hér á þingi hefur ekki lengur tækifæri til að vera hér, þá hygg ég, að það mundi ekki valda miklu tjóni, þó að meðferð málsins yrði frestað og það athugað nánar á milli þinga.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég hef ekki mikið að segja um þá ræðu, sem hér er nýlokið. Hún skiptist aðallega í tvennt. Hv. þm. flutti yfirlit um sögu bankarekstrar á Íslandi, en endaði þá sögu með þeirri ályktun, að nú sé orðið of mikið af bönkum og þeir séu of dýrir í rekstri fyrir þjóðina. Um þetta skal ég ekki ræða að þessu sinni. Má margt segja um bankakerfið og ýmislegt um það deila og er raunar gert.

Í öðru lagi gerði hv. þm. að umtalsefni Alþjóðabankann í Washington og reyndi með nokkrum orðum að gera starfsemi hans tortryggilega.

Um þetta tvennt vil ég aðeins segja, að ég lít ekki á þá stofnun, sem þetta frv. fjallar um, sem banka. *Þar greinir algerlega á milli mín og hv. þm. og er þá* raunar niður fallin ástæða til frekari deilu okkar í milli. Á vissan hátt má færa rök að því, að fjöldinn allur af stofnunum, sem hafa einhver peningaviðskipti, sé bankar. Ég hygg t. d., að öndvegisfyrirtæki eins og Samband ísl. samvinnufélaga, sem ég starfaði einu sinni fyrir mér til ánægju og gagns, hafi meira eða minna fengizt við alla 6 liðina, sem hér eru taldir upp, og yfirleitt hafi þar verið um að ræða aðgerðir, sem komu íslenzkum atvinnufyrirtækjum á einn eða annan hátt að gagni.

Meginástæðan fyrir því, að ég gerðist meðflm. að þessu frv., var sú, að ég hef þá reynslu, sem ég hygg og að allir hv. alþm. hljóti að hafa, að það er mikið um rekstrarerfiðleika hjá íslenzkum fyrirtækjum, og við erum allir meira eða minna kallaðir þar til ráða í þeirri von, að við getum eitthvað hjálpað til. Ef fyrirtæki eins og þetta gæti náð fjármagni og skapað sér möguleika til þess að koma fyrirtækjum til hjálpar, þegar þau eiga í erfiðleikum, eða jafnvel vera frumkvöðull að stofnun fyrirtækja, sem bankar eru sjaldan, þá tel ég, að fyrirtækið mundi verða til gagns.

Í öðru lagi virðist mér von til þess, að þetta fyrirtæki gæti e. t. v. komizt yfir, innanlands eða utan, annað fé en bankarnir hafa yfir að ráða í venjulegri starfsemi sinni. Þetta er að sjálfsögðu mikilvægt atriði. Þeir, sem ekki trúa því, að neinn slíkur möguleiki sé fyrir hendi, hafa að sjálfsögðu mun minni ástæðu til þess að styðja frv. en ég hef. M. a. ætti frv. að opna möguleika til þess, að við gætum í framtíðinni fengið lán hjá alþjóðalánastofnuninni í Washington, sem er, eins og segir í aths. við 4. gr., systurstofnun Alþjóðabankans. Lán á alþjóðavettvangi eru með ýmsu móti. Sum þeirra eru þannig, að til þeirra er stofnað til þess að hjálpa einkafyrirtækjum. Önnur eru þannig, að til þeirra er stofnað til að hjálpa ríkisstj. og ríkisfyrirtækjum. Ég tel, að eins og hagkerfi okkar er, þurfum við að eiga aðgang að báðum þessum tegundum lána í framtíðinni, og það er einmitt af þessari ástæðu, sem Alþjóðabankinn hefur sett upp þá systurstofnun sína, sem hér um ræðir og starfar aðallega á vettvangi einkafyrirtækja eða blandaðra fyrirtækja. Ég tel því, að það sé vinningur að opna þennan möguleika, þó að það sé ekki þar með sagt, að við munum gína yfir stórum lánum þegar á næstunni.

Vegna þess að vextir eru mismunandi hjá stofnunum Alþjóðabankans, sé ég ekki, að það geti verið meginatriði á þessu stigi málsins, hverjir þeir eru í dag. Það er mál, sem þarf að kanna, þegar kemur að hugsanlegu láni, hvort vextir, sem þá bjóðast, teljast vera hagkvæmir eða ekki. Ef þeir eru hagkvæmir, er hægt að taka slíkt lán. Ef þeir eru það ekki, verður lánið ekki tekið. Og Alþjóðabankinn í Washington er ein af þeim alþjóðlegu stofnunum, sem eru þess eðlis, að það er æskilegt fyrir þjóð eins og Íslendinga að starfa í sem mestu sambandi við hann og alveg tvímælalaust æskilegt að njóta aðstoðar bankans og þeirra stofnana, sem eru honum nátengdar, til þess að útvega okkur í framtíðinni fé, sem við þurfum til ýmissa nýrra framkvæmda og til þess að halda þeim fyrirtækjum gangandi, sem við þurfum að endurnýja og endurbæta.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Það var aðallega ein lítil fsp., sem mig langaði til að koma á framfæri í framhaldi af þeim umr., sem hafa

átt sér stað. Það er ljóst, að menn ræða um þetta fyrirhugaða Fjárfestingarfélag jöfnum höndum sem venjulegt hlutafélag, sem annast margvíslegan rekstur, og sem bankastofnun, að vísu svolítið afbrigðilega bankastofnun, en þó stofnun, sem á að hafa með höndum mikið af þeim verkefnum, sem venjulegir bankar annast.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. ræddi hér um þetta fyrirhugaða félag þannig, að hann taldi, að hér væri verið að efna til eins nýs bankans enn í landinu, og benti á það, að þessu félagi væri ætlað að annast margvísleg störf, sem bankar nú annast. Ég tók líka eftir því, að hv. flm. frv., sá sem hér talaði næst á undan mér, hv. 5. þm. Vesturl., ræddi einnig um það, að félagið mundi e. t. v. hafa möguleika á því að komast yfir eitthvað af fjármagni umfram það, sem venjulegir bankar og aðrar peningastofnanir í landinu komast yfir, og gæti þá þannig notað þetta fjármagn í því skyni, sem um er fjallað í þessu frv.

Þá vaknar þessi spurning: Kemur þetta sérstaka félag, sem er tvenns konar náttúru, að vera venjulegt hlutafélag og í rauninni líka banki, — kemur það til með að heyra undir eftirlit Seðlabanka Íslands, eins og aðrar peningastofnanir í landinu, og verða að lúta þeim reglum, sem hann setur hverju sinni um peningaleg viðskipti? Kemur þetta sérstaka félag t. d. til með að heyra undir bankaeftirlitið í landinu eða stendur þetta félag fyrir utan slíkt eftirlit og yfirstjórn Seðlabankans og hefur þá algera sérstöðu á peningalegu sviði að þessu leyti til? Þetta er engan veginn ljóst, því að satt að segja hefur mér, eins og ég sagði í upphafi míns máls, fundizt þetta frv. vera þannig, að hér væri í rauninni hvorki um fugl né fisk að ræða. Þetta er ákaflega sérkennilegt fyrirbæri, sem hér er gert ráð fyrir að setja á fót.

Ég get ekki séð annað, ef þetta félag á fyrst og fremst að flokkast með öðrum hlutafélögum og lúta þeim lögum og reglum, sem slík félög verða að lúta, en að það fái býsna sérkennilega aðstöðu. Það fær aðstöðu til þess að vera skattfrjálst eins og bankar, en hins vegar er því ætlað að annast ýmiss konar verkefni, sem ýmsir aðilar reka nú þegar í landinu og eru skattskyldir í sambandi við þann rekstur. T. d. í 6. lið 1. gr. frv. er tekið fram, að þetta félag eigi að annast tæknilega og viðskiptalega ráðgjafarþjónustu við stofnun og rekstur atvinnufyrirtækja. Það vita allir, að til eru fyrirtæki hér, sem annast svona starfsemi nú í dag og verða vitanlega að greiða skatt af tekjum sínum af slíkri starfsemi. Mér sýnist líka, að það sé alveg augljóst, að þetta félag fær aðstöðu til þess að taka að meira eða minna leyti þátt í beinum atvinnurekstri. Það má kaupa hlutabréf í hlutafélögum, og það eru engin sérstök mörk sett um það. Ef stjórnendum þessa hlutafélags býður svo við að horfa, geta þeir ákveðið að eignast meiri hlutann af hlutabréfum í t. d. einhvers konar slippfyrirtæki, einhvers konar ölgerð, einhvers konar hóteli eða einhverju slíku, sem menn finna upp á hverju sinni. En félagið nýtur þessara sérstöku hlunninda, það er skattfrjálst. Mér sýnist sem sagt, að þarna sé verið að blanda saman venjulegri bankastarfsemi, lánastarfsemi og þátttöku í atvinnurekstri á þann hátt, sem verður að teljast mjög vafasamt að gera, og mér finnst einnig, að það hafi ekki verið upplýst nándar nærri nægilega vel í þessum umr., hvernig rekstur þessa sérstaka félags er í rauninni hugsaður.

Ég vil benda á það, að það er afar einfalt fyrir forráðamenn þessa félags, sem að sjálfsögðu verða kosnir á hluthafaþingi, að mismuna mjög mikið einstökum aðilum í landinu. Einn aðili í einhverri tiltekinni starfsgrein getur notið þeirrar náðar, að félagið rétti honum hjálparhönd, t. d. með því að kaupa hlutabréf, þó að aðrir aðilar í greininni verði ekki aðnjótandi slíkrar aðstoðar. Við þessu væri að mínum dómi ekkert að segja, ef hér væri byggt upp hlutafélag á venjulegum grundvelli, þannig að það hefði safnað fjármagni hjá hluthöfum sínum. En hér er einnig verið að gera ráð fyrir því, að þetta hlutafélag geti starfað með fé frá opinberum aðilum, þ. e. frá opinberum lánasjóðum. Þá fer það að verða mjög hæpið, að svona félag geti rekið starfsemi, sem í eðli sínu hlýtur að mismuna að meira eða minna leyti einstökum aðilum.

Ég skal nú ekki ræða þetta mál frekar. Ég var búinn að gera það hér áður. En ég spyr fyrst og fremst hæstv. bankamálaráðh., sem hér er staddur: Telur hann, að þetta félag, sem gert er ráð fyrir að stofna samkv. þessu frv., mundi flokkast undir hið almenna eftirlit Seðlabankans með peningastofnunum í landinu? Mundi starfsemi þess í rauninni eiga að lúta eftirliti bankaeftirlitsins? Ég vildi gjarnan fá þetta upplýst.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að leiðrétta tölur, sem ég fór með áðan varðandi starfsmannafjölda bankakerfisins 1960 og 1970. Ég leit á þetta mjög fljótlega, þessar upplýsingar, sem ég hef látið útvega um þetta efni, og hafði mér þá sézt yfir eina tölu, þannig að fjölgun starfsmanna í bankakerfinu er mun meiri en mér virtist hún í fyrstu vera. Fjölgunin er úr 540 árið 1960 upp í 1070 árið 1970, þ. e. um 100%. Þetta er smásýnishorn af því, hvernig bankakerfið hefur þanizt út á þessum áratug, m. a. vegna fjölgunar bankanna og þeirrar óeðlilegu samkeppni, sem myndazt hefur um sparifé og önnur viðskipti vegna þessarar fjölgunar.

En eins og ég tók fram áðan mætti nefna margt fleira en starfsmannafjölgunina, en það er einna auðveldast að gera sér grein fyrir henni. Það væri líka hægt að reikna út fjárfestingaraukann, eins og hann hefur orðið á þessum tíma, og þá á verðlagi einhvers ákveðins árs, því að það eitt er að marka í þessu sambandi.

Hv. 2. flm. þessa frv., hv. 5. þm. Vesturl., tók hér til máls fyrir hönd þeirra flm. Fyrri flm. og sá, sem virtist vera aðaláhugamaður um málið, hefur ekki lengur tækifæri til þess að taka hér til máls um sinn. Hv. þm. sagði, að þetta Fjárfestingarfélag væri ekki banki. Það verður ekki banki að lögum, ef samþ. yrði, en það yrði raunverulega banki, og hv. þm., sem hér talaði á undan mér, hefur nú gert nánar grein fyrir því, í viðbót við það, sem ég sagði hér áðan. Og ég býst við, að menn komist að raun um það, að ef þessi stofnun rís á legg, þá muni hún minna á sig hér í höfuðborginni og kannske víðar á svipaðan hátt og bankarnir, með umsvifum og

framkvæmdum. Ég endurtek það, sem ég sagði áðan, í tilefni af orðum hv. þm., að þess eru dæmi erlendis, að bankar eins og þeir, sem fyrir eru, reka starfsemi í sérstökum deildum á svipaðan hátt og hér er gert ráð fyrir, þó að okkar bankar hafi ekkert gert í sambandi við stofnun atvinnurekstrar og viðskipti með hlutabréf. Það hefur mér verið tjáð, og ég hef það fyrir satt.

Ég áttaði mig ekki fullkomlega á því, sem hv. þm. var að segja um það, að það þyrftu að vera til tvenns konar lánastofnanir í sambandi við fjárfestingu. Mér virtist hann segja, að það þyrftu að vera til stofnanir, sem lánuðu fyrirtækjum, og svo væri ágætt, að til væru líka stofnanir, sem fyrst og fremst lánuðu í einkarekstur. Ég *átta mig ekki á því, að þetta geti verið rök fyrir* þessu frv., því að mér er ekki kunnugt um, að fjárfestingarsjóðir þeir, sem til eru í landinu, láni frekar í opinberan rekstur en einkarekstur. Ég held, að þeir láni aðallega í einkarekstur og þá kannske líka í félagsrekstur, líka sjálfsagt í rekstur, sem bæjarfélög eða ríki hafa með höndum. T. d. stofnlánasjóðir Búnaðarbankans lána aðallega í einkarekstur. Þeir lána einstökum bændum, líka nokkuð í félagsrekstur. Fiskveiðasjóður lánar næstum eingöngu í einkarekstur, þ. e. einstaklingum og hlutafélögum. Iðnlánasjóður hygg ég að láni líka einkum í einkarekstur, a. m. k. alveg jöfnum höndum. Því má segja, að til þess að fjárfestingarlán fáist í einkarekstur, þá þurfi ekki að stofna nýjan banka eða nýjan fjárfestingarsjóð. Einkarekstur inn fær lán úr þeim sjóðum, sem fyrir eru.

Ef þessi orð hefði svo átt að skilja á hinn veginn, að einhverjar af þessum stofnunum þyrftu að vera einkafyrirtæki, en ekki opinber fyrirtæki, eins og ríkisbankarnir, þá er slíkt líka til staðar, þar sem sumir bankarnir eru ekki ríkisfyrirtæki. Eða felst það að einhverju leyti í þessu frv., að það eigi smátt og smátt að leggja fjárfestingarsjóði ríkisins niður og láta þá renna inn í þennan nýja hlutafélagsbanka? Ég veit það ekki. Það stendur að vísu í frv., að opinberum sjóðum í landinu skuli vera heimilt að kaupa og eiga hlutabréf í félaginu, og ég sé, að sumir þm. úr hv. meiri hl. hafa borið fram brtt. við það. Þeir hafa kannske gert sér í hugarlund, eins og hvarflar nú að mér að kunni að felast í þessu frv., að draga smátt og smátt úr starfsemi fjárfestingarsjóðanna, sem ríkið hefur stofnað, þó að mér þyki ólíklegt, að það vaki fyrir hv. 5. þm. Vesturl. Þeir hafa kannske gert sér þetta í hugarlund og þess vegna vilja þeir fella þetta ákvæði niður. Ef það er ekki meiningin að færa *þannig hina opinberu fjárfestingarsjóði að meira* eða minna leyti inn í nýja hlutafélagsbankann, þá held ég, að þetta ákvæði ætti að hverfa úr frv.

Hv. þm. ræddi nokkuð um alþjóðalánastofnunina í Washington, án þess að gefa nokkrar sérstakar upplýsingar um hana, og ég hef ekki fengið neitt upplýst til viðbótar við það, sem ég sagði hér, að mér hefði verið tjáð um venjulega vexti hjá þeirri stofnun.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Í sambandi við þetta frv. á þskj. 43, sem flutt er af hv. 5. þm. Vesturl. og hv. varaþm. Eyjólfi K. Jónssyni, verð ég að geta þess, að ég hef verið að reyna að gera mér grein fyrir þessu frv. og hver væri megintilgangurinn með því. Eftir því sem ég hef virt frv. betur fyrir mér og reynt að átta mig betur á því, hef ég fjarlægzt það. Ég sé ekki, að tilgangur þessa frv. sé annar en sá að fara inn á verksvið annarra stofnana, sem eru til staðar.

Megintilgangur frv. er talinn hér upp í nokkrum liðum, og ég held, að það þurfi ekki að leita lengi til að finna stofnun, sem sinnir þessu verkefni. Ég hef áður tekið það fram hér á hv. Alþ., að ég tel, að vandkvæðin í þjóðfélagi okkar byggist fyrst og fremst á því, hvað kerfið er orðið margbreytt, stofnanirnar orðnar of margar í sömu verkefnunum, en það er dýrt og það *getur á vissan hátt leitt til spillingar. Það er mín* persónulega skoðun, að þá spillingu eða þær veilur, sem e. t. v. kunna að finnast í bankakerfinu í landinu og að *einhverju leyti munu vera til staðar, megi rekja fyrst* og fremst til þess, hvað bankarnir eru margir. Það eru slagsmálin um fjármagnið, sem er mjög takmarkað í okkar landi, sem hafa skapað nokkuð margar þær veilur, sem í bankakerfi okkar eru. Ástæðan fyrir því er sú, að einmitt ásælnin eða sóknin í að ná í spariféð hefur leitt til lána, sem kannske hafa verið miður heppileg. Og ég held, að ef á að fara að fjölga slíkum stofnunum, eins og lagt er til með þessu frv., þá sé verið að fara inn á þá braut, sem við ættum ekki að fara inn á, og verið að fjarlægjast þá, sem við ættum að fara.

Það, sem skortir í fjárfestingu okkar í landinu, er fyrst og fremst fjármagn, og hagkvæmara fjármagn en við höfum nú. Það hefur verið deila um það hér á hv. Alþ. á milli stjórnar og stjórnarandstöðu, hæstv. ríkisstj. og stjórnarandstæðinga, að við stjórnarandstæðingar hefðum talið, að fjárfestingarstarfsemin í landinu eða fjárfestingarlánin væru ekki nógu hagkvæm fyrir atvinnurekstur okkar. Þetta leiddi svo til þess, að það væri einn þátturinn í verðbólgunni, vegna þess að ef atvinnuvegirnir yrðu með því að greiða hærri vexti og greiða lánin upp á styttri tíma, yrðu þeir að sækja fjármagnið til þjóðarinnar aftur með meiri hraða og hærri álögum. Þessu tel ég, að við þurfum að gera okkur grein fyrir, og það frv., sem hér er á ferðinni, bætir ekkert úr í þessu efni, nema síður sé. Leiðin til þess að ná því marki er ekki að fjölga fjárfestingarstofnunum í landinu, heldur að gera þær hagkvæmari og jafnvel að fækka *þeim. Ég tel, að við gætum hagnýtt betur það fjármagn,* sem við höfum til fjárfestingar, ef við fækkuðum stofnunum og samræmdum nýtingu fjárins.

Þetta frv. gengur alveg í öfuga átt við það, sem er mín skoðun um þá hluti, og af þeirri ástæðu get ég ekki fylgt því, t. d. ekki því ákvæði frv., að opinberir sjóðir og *bankar megi gerast aðilar að þessu félagi.* Það mun ekki verða til þess að auðvelda fjárfestinguna í landinu almennt.

Ég ætla mér ekki að fara að ræða um þetta frv. í löngu máli, heldur vildi gera grein fyrir þeirri afstöðu, sem ég tek til málsins við atkvgr. um það, og vil endurtaka það, að það, sem skortir til að byggja fjárfestingu á í landi okkar, eru ekki fleiri stofnanir, heldur betri hagnýting, meira skipulag á því fjármagni, sem við notum til fjárfestingarinnar, heldur en verið hefur. Þess vegna er þetta frv. að minni hyggju, eins og fjármálum landsins og ástandinu í þessum fjárfestingarmálum er nú háttað, spor í ranga átt, þó að það geti e. t. v. undir vissum kringumstæðum átt rétt á sér, ef öðruvísi grundvöllur væri fyrir starfsemina en nú er.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, beindi þeirri fsp. til mín, hvort sú stofnun, sem þetta frv. fjallar um, Fjárfestingarfélag Íslands h. f., mundi, ef til kæmi, heyra undir bankaeftirlitið.

Því ber að svara neitandi. Bankaeftirlitið tekur eingöngu til innlánsstofnana, en það kemur greinilega fram í frv., að þessari stofnun, Fjárfestingarfélaginu, er ekki ætlað að taka við innlánsfé til ávöxtunar, og mundi því vera bankaeftirlitinu óviðkomandi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16:12 atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 61. og 62. fundi í Nd., 17. og 19. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., 20. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

2. gr. samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 415 (ný 3. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
– 411 felld með 20:17 atkv.
– 416 samþ. með 22:1 atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 28:8 atkv.
5.–7. gr. samþ. með 22:8 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22:13 atkv.

Á 65. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 456).

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að vera margorður. Ég hef áður rætt þetta mál við 2. umr. – Með þessu frv., ef að lögum verður, er verið að stofna nýjan banka, fjárfestingarbanka.

Í Reykjavík eru nú 7 aðalbankar og 17 bankaútibú. Utan Reykjavíkur eru 36 bankaútibú aðalbankanna í Reykjavík. Bankaútibú eru því samtals 53, en aðalbankar og bankaútibú samtals 60. Fjárfesting bankakerfisins er mikil og áberandi, bæði fjárfesting í húsum, lóðum, húsbúnaði og vélbúnaði. Starfsmenn bankanna, þ. e. a. s. fastir starfsmenn, eru nú samtals um 1070 samkv. heimildum frá bönkunum sjálfum. Auk bankanna og bankaútibúanna eru svo 53 sparisjóðir starfandi í landinu. Eru þá ótaldir fjárfestingarsjóðir, a. m. k. 10 talsins, í öllum atvinnugreinum, þar af einn nýlega stofnaður með lögum, þ. e. a. s. Iðnþróunarsjóður Íslands.

Samkv. þessu frv. á enn að stofna nýjan banka. Ég er þessu mótfallinn og mun af þeirri ástæðu og öðrum greiða atkv. gegn frv. nú, eins og ég gerði við 2. umr. Ég sé ekkert samræmi í því annars vegar að átelja ofvöxt bankakerfisins og halda svo áfram hins vegar að þenja það út, eins og gert er, ef þetta frv. verður að lögum. Skal ég svo ekki hafa þessi orð fleiri.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég skal ekki þreyta ykkur á endurtekningum, en ég vildi leyfa mér að benda hér aðeins á eitt atriði enn þá til viðbótar við það, sem ég hef gert áður. Og það er það, að ég tel, að með þessu frv. sé gerður mismunur á aðilum, þannig að borgarar þjóðfélagsins búa ekki í raun og veru við sömu lög.

Mín vegna mega þessir ágætu menn í Verzlunarráði Íslands og Félagi ísl. iðnrekenda gjarnan mynda hlutafélag. Það má hafa 80 millj. eða hvað sem vill í hlutafé. En það á bara að búa við sömu lög og önnur hlutafélög. Það á ekki vegna einhvers eins hlutafélags að taka öryggisventilinn frá spariinnlánum fólksins í bönkunum og leyfa þessum bönkum að fara að eiga hlut í þessu hlutafélagi eða öðrum hlutafélögum, sem þetta hlutafélag myndar. Til hvers hafa þessi ákvæði verið sett í bankalöggjöf þessara einkabanka? Til þess að tryggja öryggi sparifjáreigenda með fé sitt. Þarna á með einni setningu að afnema þetta ákvæði, sem er búið að þrauthugsa og er eitt af þeim atriðum, sem starfsemi þessara banka byggist á og á að vera til þess að tryggja spariinnlánin, því að það er ekki ríkisábyrgð fyrir þeim. Og þetta á að eyðileggja fyrir eitt félag. Þetta er ekki gert fyrir aðra aðila á landinu. Þarna á allt í einu að fara inn á þá braut, að bankar eigi og reki félög. Og það eru engin takmörk fyrir því, hvað sú starfsemi má ná langt.

Það eru eingöngu þessir aðilar, Verzlunarráð Íslands og Félag ísl. iðnrekenda, sem hafa leyfi til að notfæra sér þetta, og auk þess þeir aðilar, sem þeir kveðja til. Og svo er bætt við á eftir því ákvæði, að það megi raunar allir vera meðlimir í þessum félagsskap. En það vita það allir menn, að það eru þessir aðilar, sem hafa tögl og hagldir, og það er í raun og veru hryggilegt, að menn, sem eru vinveittir SÍS, skuli vera að reyna að draga SÍS inn í þennan ósóma með því að bæta nafni SÍS þarna við.

Svo á þetta félag að hafa skattfrelsi. Hvaða ástæða er til þess? Við megum vara okkur á því að setja slíka löggjöf, þar sem borgarar þjóðfélagsins búa ekki við sömu skilyrði.

Þetta er dálítið hliðstætt því, sem þeir gerðu í fiskveiðasjóðnum. Þeir lánuðu sumum með gengisáhættu og öðrum ekki. Ég ræddi um þetta við einhvern spakvitrasta sjálfstæðismanninn. Hann sagði mér, að þetta væri stjórnvizka. Það má kalla svona smáklæki stjórnvizku. En ég held, að lýðræði okkar sé dálítið hætt, ef við förum að fara inn á svona stefnu, og ég held, að flokkum, sem fara inn á svona hluti, fari að verða ofurlítið hætt.

Ég hef gaman af sögu og hef oft lesið talsvert um þau efni. Þar virðist vera nokkuð algengt, þegar valdhafarnir fara að vinna óhæfuverk, að þeim verður steypt úr stóli. Við vitum t. d. um Hákon jarl í Noregi, sem var allra þjóðhöfðingja vitrastur, glæsilegastur í sjón og klókastur. Meðan hann breytti nokkurn veginn rétt og heiðarlega, vegnaði honum vel. Hann vann sigur í orrustum og hann varð vinsæll. Þegar hann fór að vinna óhæfuverk, taka konur af bændum og leggja hjá sér, þá var hann drepinn. – Ég hef stöku sinnum varað sjálfstæðismenn við, þegar þeir hafa ætlað að fara að gera miklar vitleysur. Nú vara ég þá við að fara inn á þessa braut að ætla að búa á misjafnan hátt að borgurum þjóðfélagsins. Það er ákaflega hættuleg stefna. Það getur vel verið, að þeir meini ekkert illt með því, en þetta er hættulegt, og Karkur getur alls staðar verið nálægur. **(Gripið fram í:** Hvernig fór fyrir Hákoni?)

Karkur rak hníf í gegnum barkann á honum og skar út úr, og Karkur hefur kannske ekki verið langt frá sjálfstæðismönnum í dag. Þeir mega vara sig á því að fara inn á þessa braut. En meðan þeir halda sig við réttlæti og heiðarleika, hugsa ég, að þeir lifi sæmilegu lífi. En þarna eru þeir að fara inn á hluti, sem ekki eru réttlátir og þeir vita þetta sjálfir.

Ég kom hér inn í verzlun til góðra kunningja minna. – Ég er ekkert illa kynntur hjá ýmsum sjálfstæðismönnum, eins og þið vitið. Þeir spurðu mig, hvernig það gengi með „mafíuna". Þeir vissu, að þetta frv. var vísir að lítilli, íslenzkri mafíu, enda hugmyndin sótt til Ameríku.

Ég skil það vel, að þið getið ekki verið að fella þetta afkvæmi ykkar hér í d. Ég skil það vel, að þið látið þetta fara hér í gegn, og ég tel það út af fyrir sig ekkert óeðlilegt. En þið eigið að svæfa þetta örverpi í Ed. Ef þið ekki hafið hyggindi til þess að gera það, getur ykkar saga endað líkt og þessa ágæta þjóðhöfðingja, Hákonar jarls. Hans örlög urðu þau, að þrællinn skar hann á háls, og ég vona, að það verði ekki örlög minna ágætu vina í Sjálfstfl.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 66. fundi í Nd., 24. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:14 atkv. og afgr. til Ed.

Á 63. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá því, að sér hefði borizt frv. frá Nd. eftir 3. umr. þar.

Á 64. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 456, n. 586 og 615).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál til meðferðar, en eins og nál., sem útbýtt hefur verið, bera með sér, hefur hún ekki náð samstöðu um málið, þannig að við, sem stöndum að meirihlutanál. á þskj. 615, leggjum til, að það verði samþ. eins og Nd. gekk frá því, eða með þeim breyt., sem þar voru gerðar á frv., en aðrir nm. hafa tjáð sig andvíga frv., eins og nál. á þskj. 586 ber með sér.

Þegar frv. um útflutningslánadeild var til umr. fyrir fáum dögum hér í hv. d., gerði ég það að umræðuefni, að hin breyttu viðhorf í efnahagsmálum vegna EFTA-aðildar Íslands sköpuðu margvísleg ný viðfangsefni og vandamál og gerðu alla hagstjórn erfiðari en áður hafði verið. Íslendingar verða að leggja inn á nýjar brautir í atvinnumálum, stofna ný fyrirtæki og umbreyta þeim, sem fyrir eru, og leita inn á nýja markaði. Allt þetta krefst í senn aukins fjármagns og betri nýtingar þess fjármagns, sem til ráðstöfunar er. Við, sem að nál. meiri hl. stöndum, lítum svo á, að frv. það, sem fyrir liggur, sé spor í rétta átt til lausnar þessum viðfangsefnum. Þetta ber ekki svo að skilja, að ekki hefði verið þörf fyrir það að leysa þau viðfangsefni, sem stofnun þeirri, sem frv. gerir ráð fyrir, að komið sé á fót, verður falið að vinna, þótt ekki hefði til EFTA-aðildar komið, en hún gerir það miklum mun meira aðkallandi en áður, að þessi viðfangsefni séu leyst.

Ég gat þess í umræddri framsöguræðu minni fyrir frv. um útflutningslánasjóð, að framleiðsla iðnvarnings fyrir svo lítinn markað sem íslenzki markaðurinn er skapaði ekki skilyrði fyrir það, að nútímatækni mætti hagnýta, nema þá á mjög takmörkuðum sviðum. En til framleiðslu í stærri stíl og þá fyrir erlendan markað þarf í senn meiri fjárfestingu og þá um leið fjármagnsnotkun en þegar framleiðslan var í smærri stíl, meira átak í markaðsmálum en þegar framleiðsla er eingöngu fyrir innlendan markað, og enn fremur verður öll áætlanagerð, tækni og stjórnun vandasamari en áður. Ég vænti þess ekki, að ágreiningur sé um það hér í hv. d., að þau verkefni, sem Fjárfestingarfélaginu er ætlað að vinna að og nánar eru tilgreind í 1. gr. frv., þarfnist úrlausnar, sem sé meira aðkallandi vegna nýrra viðhorfa í efnahagsmálum en nokkru sinni fyrr. Hitt getur menn auðvitað greint á um, hvort nauðsynlegt sé að koma á fót nýrri stofnun í þessu skyni eða hvort treysta megi því, að þær fjárfestingarlánastofnanir, sem starfandi eru, muni taka að sér lausn þeirra, svo að viðunandi sé. Við, sem að meirihlutanál. stöndum, erum þeirrar skoðunar, að miklu meiri líkur séu á árangri með því að koma á fót nýrri stofnun í þessu skyni en ef treysta ætti á þær lánastofnanir, sem nú eru starfandi, í þessu efni. En út af fyrir sig má segja, að ef maður hefði trú á því, að þessar lánastofnanir gætu sinnt þessu verkefni og væru líklegar til að sinna því, svo að viðunandi væri, þyrfti ekki sérstaka lagaheimild þeim til handa. Út af fyrir sig er það tekið réttilega fram í nál. hv. minni hl.

Rök okkar fyrir því, að þessum málum verði skynsamlegar skipað með því að koma á fót nýrri stofnun, sem þau hafi með höndum, eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi hníga að því þau rök, að okkar áliti, að Fjárfestingarfélagið er í nánum og beinum tengslum við samtök þeirra aðila, sem hitinn og þunginn hlýtur að hvíla á við þá aðlögun atvinnulífsins, sem EFTA-aðildin krefst.

Í öðru lagi má á það benda, að skortur er á hæfum starfskröftum til þess að leysa af hendi þau verkefni, sem hér er um að ræða, og má gera ráð fyrir því, að þeir starfskraftar, sem völ er á, mundu nýtast betur í einni stofnun en ef þeim væri dreift á milli margra aðila.

Þá má einnig geta þess, þó að vera megi og ég geti vel tekið undir það sem eðlilegt er, þar sem ég tilheyri hinni rosknari kynslóð, að ungu mennirnir geri kannske stundum of lítið úr hæfni og verðleikum okkar hinna eldri, en meira en efni kunna að standa til úr hæfni sinni, að hvað sem þessu líður, þá tel ég, að þegar um ný verkefni er að ræða, sem áður hefur ekki verið sinnt, sé það betri skipan mála að koma á fót nýjum stofnunum, sem gera má ráð fyrir að ungir menn, sem tækniþjálfun hafa í þeim verkefnum, sem um er að ræða, starfi við, heldur en að fela þessi sömu verkefni gömlum stofn-

unum, sem stjórnað er af rosknum mönnum, sem ekki hafa sinnt eða stjórnað slíkum málefnum áður. Þetta meira almenna atriði tel ég einnig, að mæli með því, að ef menn eru þeirrar skoðunar, að nauðsyn sé á að leysa þau viðfangsefni, sem hér er um að ræða, – og það kæmi mér einkennilega fyrir sjónir, ef menn væru ekki sammála um það, – þá sé það betri skipan mála að fela þau nýrri stofnun en að treysta á lausn þeirra af hálfu eldri stofnana, sem ekki hafa starfað á slíkum grundvelli, þó að æskilegt hefði verið í sjálfu sér. En það er nú einu sinni staðreynd, þó að það megi segja, að starfandi lánastofnanir hefðu átt að leysa þau viðfangsefni, sem upp eru talin í 1. gr. frv., að það hefur ekki verið gert þannig, að viðunandi megi teljast. En nú verður það meira aðkallandi en nokkru sinni áður, að þessi verkefni séu leyst.

Vandi okkar í sambandi við aðlögun að EFTA-aðildinni er þó ekki einungis fólginn í því að nýta betur þá fjármuni, sem til ráðstöfunar eru, heldur og ekki síður í því að auka það fjármagn, sem til ráðstöfunar er, fyrst og fremst með aukinni fjármagnsmyndun innanlands, en auk þess er að mínu áliti óhjákvæmilegt að leita á erlendan fjármagnsmarkað, ef lán eru þar fáanleg með hagkvæmum kjörum. Ekki skal ég að vísu gefa nein loforð um það, að samþykkt þessa frv. marki stórt spor í þá átt að útvega nýtt fjármagn, en þó eru til erlendar lánastofnanir, sem gera má ráð fyrir, að fúsari mundu að veita lán til Fjárfestingarfélagsins, ef því yrði komið á fót, en annarra innlendra stofnana. Má þar fyrst og fremst nefna International Finance Corp., sem er í nánum tengslum við Alþjóðabankann, og má í rauninni líta á stofnunina sem eins konar útibú frá honum. Hlutverk þessarar stofnunar er að efla einkarekstur í þeim löndum, þar sem hann á erfitt uppdráttar. Starfsemi stofnunarinnar hefur að vísu einkum verið í þróunarlöndunum, því að þar má segja, að skiljanlegar ástæður liggi fyrir því, að einkarekstur eigi þar sérstaklega erfitt uppdráttar. En einnig mun stofnunin þó hafa lánað löndum, sem ekki teljast til þróunarlanda, ef einkarekstur á þar erfitt uppdráttar af einhverjum orsökum, svo sem t. d. Finnlandi. Og vel að merkja er með einkarekstri hér ekki átt einvörðungu við rekstur á vegum einstaklinga, heldur einnig félaga, svo sem þegar um er að ræða hlutafélög, samvinnufélög eða önnur félög. Það fellur einnig undir einkarekstur. En á Íslandi á einkarekstur erfitt uppdráttar, þótt ekki væri nema vegna smæðar landsins, og ættu því lán á vegum þessarar stofnunar hingað að geta komið til greina.

Þetta frv. hefur verið gagnrýnt á þeim grundvelli, að gert er ráð fyrir tímabundnum skattfríðindum í 6. gr. frv. En þess ber þó að gæta í sambandi við það, að það er aðeins félagið, sem gert er ráð fyrir að verði skattfrjálst um árabil, en hins vegar greiða hluthafar auðvitað skatta af útborguðum arði eftir þeim reglum, sem um það gilda á hverjum tíma. Hér er því aðeins um það að ræða, að félagið fái eftirgjöf á tvísköttun, að því er útborgaðan arð snertir, og þurfi ekki að greiða skatta af því, sem lagt er í varasjóði. Verður að telja það sjálfsagðan hlut, ef á annað borð er litið svo á, að stofnunin hafi nauðsynlegu hlutverki að gegna, enda, eins og frv. ber með sér, eru þessi ákvæði tímabundin.

Niðurstaðan af því, sem ég hef nú sagt, hlýtur að vera sú, að Fjárfestingarfélagið geti átt mikilvægu hlutverki að gegna til lausnar þeim viðfangsefnum, sem við blasa í atvinnulífinu, ef vel tekst til um rekstur þess. Af hinu má þó ekki missa sjónar, að það, sem mestu máli skiptir fyrir lausn þeirra viðfangsefna, sem við blasa, er aukin fjármagnsmyndun í landinu, því að ef ekkert fjármagn myndast, verður heldur ekkert fjármagn til ráðstöfunar, og bollaleggingar um það, hvort það eigi að vera hið opinbera, einstaklingar eða félög, sem nýta eigi fjármagnið, mundu þá vera fánýtar. En grundvallarskilyrði aukinnar fjármagnsmyndunar er það, að takast megi að halda verðbólgunni í skefjum. Sparnaður einstaklinga er að jafnaði í þeirri mynd, að peningar eru lagðir fyrir, en fari peningagildið ört rýrnandi, vill enginn eiga peninga eða peningakröfur, og eyða menn þá peningunum frekar en að leggja þá fyrir. Að mínu áliti er bæði hér á hv. Alþ. og annars staðar, þar sem fjárhagsmálefnum þjóðarinnar er ráðið til lykta, einblínt allt of mikið á það, hvernig eigi að skipta kökunni, fremur en að leggja áherzlu á að skapa sem bezt skilyrði fyrir að stækka hana. Og ættu menn þó frekar að geta staðið saman um ráðstafanir, sem að því miða að stækka kökuna, því að það er mannlegt að deila, þegar til þess kemur að skipta kökunni. En þannig er það nú einu sinni, að yfirgnæfandi meiri hluti af tíma hv. Alþ. fer í það að deila um og ákvarða það, hvernig fjármununum skuli ráðstafað. Hitt ber sjaldan á góma, hvaða skynsamlegar leiðir lægju til þess að fá meiri fjármuni til ráðstöfunar.

Það má nú að vísu segja, að þessar hugleiðingar liggi utan þess málefnis, sem hér er til umræðu, en þessu má þó að mínu áliti ekki missa sjónar á, þegar vandamál í sambandi við fjárfestingu og fjármögnun eru til umræðu.

Frsm. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki hér á síðustu annríkisdögum hv. d. koma með neina doktorsritgerð um þetta frv. eins og hv. form. fjhn. las hér áðan, en örfá orð vildi ég þó segja um þetta mál fyrir hönd okkar þriggja fjhnm., er stöndum að sérstöku nál. á þskj. 586 og erum andvígir þessu frv., teljum enga ástæðu til þess, að það hljóti samþykki hæstv. Alþ. Ég vil að vísu strax taka fram, að ég get helzt tekið undir ýmislegt af því, sem hv. form. fjhn. sagði um þau vandamál, sem sköpuðust við EFTA-aðild okkar, m. a. að hún gerði kröfu til allt annarrar hagstjórnar en við höfum búið við hér á undanförnum árum og breytingar fyrirtækja, betri nýtingar fjármagns og annars slíks. Um þetta er ég honum alveg sammála og reyndar ýmislegt annað, sem hann sagði, en mér fannst lítið koma þessu sérstaka máli við, sem hér er til umræðu.

Ef við athugum þetta frv., eins og það liggur fyrir, er það ljóst í sambandi við 1. gr. frv., þar sem ákveðið er, hvert verksvið Fjárfestingarfélagsins eigi að vera, að þar eru engin þau ákvæði, sem á nokkurn hátt stangast á við íslenzk lög, og til þess þarf engar lagasetningar að setja af hálfu hv. Alþ., að það sé hverjum fullmyndugum fjárhagsaðila í landinu mögulegt og leyfilegt að stofna félag í þeim tilgangi, sem þar greinir. Í 1. gr. segir m. a., að verkefnin eigi að vera þau og tilgangi sínum

eigi félagið að ná með því að fjárfesta í fyrirtækjum, og er auðvitað um það að segja, að rétt til þess hafa allir, sem hafa fé og vilja verja því til fjárfestingar í fyrirtækjum, skv. íslenzkum lögum.

Í öðru lagi á verkefnið að vera að útvega lán, ábyrgjast lán og síðast en ekki sízt að veita lán til atvinnufyrirtækja, þó með þeim fyrirvara, sem enginn annar fjárfestingarsjóður í landinu hefur, að þar á aðeins að vera um að ræða að greiða fyrir fyrirtækjum, sem þetta Fjárfestingarfélag á hlut að eða beitir sér fyrir. Hér er engum blöðum um það að fletta, að eitt meginverkefni þessa Fjárfestingarfélags á að vera það að vera nýr fjárfestingarlánasjóður, en starfsemi hans á aðeins að binda við þau fyrirtæki, sem forgangsaðilarnir og þeir, sem því ráða, hafa velþóknun á.

Í þriðja lagi á hlutverk félagsins að vera það að taka þátt í rannsóknum á atvinnunýjungum og tilraunum með þær og annast tæknilega og viðskiptalega ráðgjafarþjónustu. Enginn bannar mönnum að bindast frjálsum samtökum, í hvaða formi sem er, til þess að vinna að slíku. En niðurstaðan er sú, að á öllum þeim sviðum, sem 1. gr. frv. fjallar um, er um að ræða verkefni, sem fjölmargir aðilar í landinu fást við, fleiri en ég er hér viðbúinn upp að telja. Þetta gera sjálfsagt margir þessir aðilar með ófullnægjandi hætti, eins og frsm. meiri hl. sagði, en samt er unnið að því, eftir því sem starfskraftar og fjármagn fást til þeirra hluta, sem þessum aðilum er ætlað að fást við.

Ég held, að það sé ekki vandamál, eins og hv. frsm. meiri hl. vildi vera láta, að sjóðirnir væru of margir í landinu, sem hefðu það verkefni með höndum að veita stofnlán, og vandinn sé ekki sá, að við höfum ekki nægilega margar úthlutunarnefndir og úthlutunaraðila til þess að dreifa því fjármagni, sem þjóðin hefur yfir að ráða í formi sjóða og í bankakerfinu. Ég held einmitt, að höfuðvandi okkar, til þess að betri nýting fáist á það fjármagn, sem þjóðin hefur yfir að ráða og fjárfestingarsjóðir hennar og lánakerfi hafa yfir að ráða, sé sá, að það sé í allt of margra höndum, þar sem það vill oftast nær verða, ef svo háttar málum, að hægri höndin veit ekki, hvað sú vinstri gerir. Mönnum er kannske hjálpað út í miðja ána og þeir svo skildir þar eftir. Það er byrjað á rekstri fyrirtækja, stórum sem smáum, án þess að í upphafi hafi á nokkurn fullnægjandi hátt verið séð fyrir fjármagnsþörf þeirra. Ég held einmitt, að stefnan í þessum málum ætti miklu frekar að vera sú, að einfalda allt lánakerfið og bankakerfið. Ég teldi það eina mestu framförina og kannske eitt af því, sem auðveldaði okkur að njóta EFTA-aðildarinnar sem skyldi, að hér væri settur á laggirnar einn fjárfestingarbanki, sem sameinaði innan sinna vébanda flesta eða jafnvel alla fjárfestingarsjóði, sem við höfum í landinu. Ég held þess vegna, að við séum síður en svo bættari með það, þó að við bætum einum nýjum fjárfestingarsjóði við og þegar þess er sérstaklega gætt, sem ég síðar skal aðeins koma nánar að, að höfuðfjármagnið, sem nýi fjárfestingarsjóðurinn á að hafa yfir að ráða, er tekið af öðrum vanmáttugum fjárfestingarsjóðum í landinu. Það er staðreynd, sem engum dylst, sem frv. les.

Varðandi rannsóknarstarfsemi atvinnuveganna, þá höfum við lögfest um það hér á Alþ. mjög mikið og flókið kerfi. Við höfum Rannsóknaráð og við höfum fjölda stofnana, sem eiga að þjóna hinum einstöku atvinnugreinum í þessum efnum. Við höfum Iðnaðarmálastofnun, sem á að vera ráðgjafi í fjárhagslegum og tæknilegum efnum, og við höfum fjölda annarra stofnana undir yfirumsjón Rannsóknaráðs til þess að annast leiðbeiningaþjónustu í sambandi við landbúnað, iðnað, sjávarútveg o. s. frv. Ætla ég ekki að þreyta menn á því að lesa upp nöfn allra þeirra stofnana, sem um það fjalla. En að þessu leyti er spurningin í sambandi við þetta frv. að mínu viti þessi: Eru þessi verkefni betur komin í höndum enn eins nýs aðila, eða styður hann örugglega það, sem fyrir er? Ég segi, að svarið við því gæti e. t. v. verið játandi, ef þeir aðilar, sem ætla sér fyrst og fremst að standa að þessu Fjárfestingarfélagi, kæmu með nýtt fjármagn, sem þeir hafa hingað til veitt í óarðbærari og ónytsamari hluti en þetta. En það er nú svo, að flestir þessir aðilar hafa ekki látið afskaplega mikið af því á undanförnum árum, að þeir væru aflögufærir. Mér sýnist helztu aðilarnir vera þeir, sem mest þurfa sjálfir á lánum að halda og fá í sinn hlut mjög verulegan, ef ekki einn stærsta hlutann af lánsfjármagni þjóðarinnar. Þeir eru þess vegna vissulega ekki neitt líklegir til þess að koma með eitthvað nýtt fé, sem þannig gæti verið stuðningur við þá starfsemi, sem fyrir er í landinu.

Eins og ég vék að áðan, þá er í 1. gr. frv. raunverulega ekki um að ræða nein laganýmæli, sem þörf er á að setja, vegna þess að allt, sem þar stendur, er hægt að framkvæma án þess. En laganýmælin, sem í þessu frv. felast, eru fyrst og fremst í 3. gr., þar sem ákveðnum aðilum, þ. e. a. s. Verzlunarráði, Félagi ísl. iðnrekenda og SÍS, er falin forsjá þessa félags og forganga, og í öðru lagi er það nýmæli og mjög athyglisvert, að það er ætlazt til þess, að félagið verði fyrst og fremst fjármagnað af einkabönkum, opinberum sjóðum og með almennu hlutafjárútboði, eins og segir þar. Og kem ég þá enn að því, sem ég sagði áðan, að ég sé ekki, að það geti verið nokkur bót að því, ef einhverjir opinberir sjóðir kynnu að fallast á það, – sem ég vil reyndar segja, að mér finnst ákaflega ólíklegt, að þeir muni gera í nokkrum verulegum mæli, – að fá enn einum nýjum aðila úthlutunarvaldið í hendur. Þá er ekki líklegt, að út úr þessu komi stórir hlutir, en þótt þeir kæmu, þá yrðu þeir eingöngu til þess að skerða það, sem þegar er fyrir, og þá lánastarfsemi, sem þegar er til í landinu.

Um almennt hlutafjárútboð vil ég segja það, að ég vil að vísu ekki líkja því við almennt hlutafjárútboð eins og var t. d. í sambandi við Almenna útgerðarfélagið hérna í fyrra. Ég vil ekki gera það. En mér finnst afar ólíklegt, að þetta fyrirtæki fengi það traust hjá almenningi, a. m. k. í fyrstu, að sparifjáreigendur yrðu mjög fúsir til að leggja í það fé. Til þess að það væri aðgengilegt eða líklegt, þá þyrfti þetta félag að sanna það með nokkurra ára reynslu a. m. k., að það væri gróðafélag, sem skilaði meiri arði en sparifjáreigendur gætu fengið með öðrum hætti. En ef út á þá braut væri farið, sem reyndar virðist ekki vera ólíklegt, sýnist mér hæpið, að þeim fallega tilgangi, sem lýst er í 1. gr., verði náð.

Þriðja nýmælið í þessu frv. er svo það, að þetta einstaka þriðjungaskiptahlutafélag, – ég verð nú að segja, að allur tilbúnaður í sambandi við þetta frv. minnir mig á helmingaskiptapólitíkina, sem rekin var hér á sam-

starfsárum Framsfl. og Sjálfstfl., – að þetta eina væntanlega gróðafélag í landinu á að njóta skattfrelsis um fjölda ára samkv. 6. gr. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það. En í fyrsta lagi sýnist mér, að öllum hljóti að vera auðsætt, að í því felst stórkostleg mismunun, sem aðrir fjármálaaðilar í landinu mundu illa þola og það ekki að ástæðulausu, og í raun og veru engin rök fyrir því, að slíkt skattfrelsi sé gefið, þar sem um er að ræða hlutafélag, sem reka á í gróðavænlegum tilgangi. Eina frambærilega röksemdin, sem fyrir því gæti verið að gera slíka stofnun eða hlutafélag eða hvað sem við viljum kalla það skattfrjálst, er það, að hér væri eingöngu um fjárfestingarsjóð að ræða og ekkert annað.

Ég vil svo segja það, og ég hygg, að það sé líka skoðun þeirra, sem standa að nál. með mér, fulltrúa Framsfl. í fjhn., að það er ekkert nema gott um það að segja, ef þessir aðilar geta frá sjálfum sér eða með erlendum og heilbrigðum lánum bætt um fyrir þeim stofnunum, sem vinna að þeim sömu verkefnum og félaginu er ætlað að starfa að. En þó teldi ég, að það fé væri miklu betur komið í því kerfi, sem við nú höfum og er, eins og frsm. meiri hl. viðurkenndi, að mörgu leyti vanmáttugt vegna skorts á, ég mundi nú segja fyrst og fremst fjármagni, en hann nefndi einnig skort á starfskröftum. Og þetta mundi tryggja það alveg sérstaklega, að rannsóknarstarfsemin í landinu yrði í höndum yngri manna en nú væri. Nú held ég, að það sé staðreynd, sem hv. frsm. er sjálfsagt þó miklu kunnugra en mér, að rannsóknarstarfsemin í landinu er yfirleitt í höndum yngstu kynslóðar vísindamanna okkar. Það eru ekki nein ellimörk á þeirri stétt. Forusta Rannsóknaráðs er í höndum ungs manns og rannsóknamennirnir í öllum þeim stofnunum, sem um rannsóknirnar fjalla, tilheyra yngstu kynslóðinni, þeirri yngstu kynslóð, sem komin er til starfa á þeim vettvangi. Það kann vel að vera, að ýmislegt af þeim verkefnum, sem um er fjallað í þessu frv., hafi, eins og frsm. meiri hl. orðaði það, ekki verið leyst viðunanlega, en þó er það mín bjargfasta skoðun, að hér verði ekki um það bætt, að hér sé fyrst og fremst um það að ræða að mynda nýja stofnun á kostnað þeirra, sem fyrir eru.

Eitt nefndi hann þó, sem ætti að benda til þess, að það væri auðveldara fyrir enn einn nýjan aðila að fást við þessi mál, og það væri það, að tiltekin erlend lán væru auðfengnari til þessa sjóðs en annarra. Ég verð að játa, að ég er ekki það fróður, að ég geti fullyrt um þetta, en alla vega sýnist mér, að séu þær erlendu lánastofnanir, sem hann nefndi, þeim fordómum haldnar, að þær vilji frekar lána einkafyrirtækjum en opinberum sjóðum eða opinberum stofnunum, sem ríkið stendur á bak við, þá mundi það þó vera auðvelt fyrir þá forgönguaðila, sem að þessu Fjárfestingarfélagi ætla að standa, að fá þau lán og nota þau, án þess að þeim væru um leið veitt stórkostleg fríðindi umfram alla aðra fjármálaaðila í þessu landi. Mín skoðun er sú, að í raun og veru hafi það sjaldnast eða ekki verið okkar stóri vandi í sambandi við fjármagnsskort í landinu, að við höfum ekki getað tekið nægilega mikið af erlendum lánum. Ég held, að vandi okkar í þeim efnum sé fyrst og fremst fólginn í því, að við höfum ekki notað þau erlendu lán sem skyldi. Þau hafa í stöðugt auknum mæli og sérstaklega undir forustu þeirrar ríkisstj., sem nú ríkir, verið notuð til þess að fjármagna ýmsar opinberar framkvæmdir, sem þjóðin hafði áður og lengst af fjármagnað með samtímatekjum, og það tel ég vera eins og vera ber, þegar um óarðbærar fjárfestingar er að ræða. En allt öðru máli gegnir, þegar um er að ræða fyrirtæki og sérstaklega gjaldeyrisaukandi fyrirtæki, sem skila arði sínum aftur í erlendum gjaldeyri. En núv. ríkisstj. hefur ekki takmarkað sig við það, nema síður væri. Lántökur og fyrirhugaðar lántökur til algerlega óarðbærra, en í mörgum tilfellum óhjákvæmilegra framkvæmda hafa verið fjármagnaðar með þeim hætti.

Ég er þess vegna á því, að það sé hvorki nú í dag né verði í nánustu framtíð okkar höfuðvandi að fá erlent fjármagn til landsins, hvorki sem lánsfjármagn né áhættufjármagn í þeim mæli, sem þjóðin telur heppilegt og eðlilegt. Ég held, að okkar vandi verði fyrst og fremst fólginn í því að nota það fjármagn, sem við getum fengið, með sem allra mestu skipulagi og sem allra mestu viti. En fleiri aðila til þess að taka slík lán, til þess að úthluta því fé, sem þjóðin hefur yfir að ráða, tel ég vera spor í algerlega öfuga átt við þau markmið, sem m. a. frsm. fjhn. nefndi í upphafi máls síns, þ. e. a. s. þá hagstjórn, sem okkur er nú brýn nauðsyn að taka upp og alveg sérstaklega eftir að EFTA-aðildin er orðin staðreynd.

Sveinn Guðmundsson: Herra forseti. Í nál. minni hl. fjhn., sem er prentað á þskj. 586, er talið, að ekkert hindri slíka félagsstofnun án sérstakrar lagasetningar. Því er til að svara, að samkv. þessu lagafrv. eru félaginu veitt meiri hlunnindi en venjulegu hlutafélagi. Einnig má benda á það, að aðaltilgangur félagsins er svo sérstæður, að ekki væri um annað að ræða en sérstaka lagasetningu.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði, að hlutverk félagsins væri raunverulega að vera nýr fjárfestingarsjóður. Lagafrv. þetta um Fjárfestingarfélagið er ekki langt, en tilgangur félagsins kemur þó greinilega fram. Í 1. gr. er tilgangurinn talinn upp og það er miklu meira en bara vera fjárfestingarsjóður. Félaginu er ætlað að vera frumkvöðull að stofnun og endurskipulagningu atvinnufyrirtækja. Því er ætlað að kaupa, eiga og selja hlutafé í atvinnufyrirtækjum. Því er ætlað að útvega, veita og ábyrgjast lán til atvinnufyrirtækja. Því er ætlað að taka þátt í rannsóknum og atvinnunýjungum. Því er m. a. ætlað að annast tæknilega og viðskiptalega ráðgjafarþjónustu. Tilgangurinn er því margþættur og mikilvægur til uppbyggingar íslenzku atvinnulífi.

Hv. 4. þm. Norðurl. e., talsmaður minni hl. fjhn., taldi ólíklegt, að opinberir sjóðir tækju sjálfviljugir þátt í starfsemi eða stofnun þessa félags. Í frv. er ekkert valdboðsákvæði um það, að stjórnendum sjóða sé skylt að leggja í félagið stofnfé. Þvert á móti. Í 4. gr. frv. stendur:

„Einkabönkum og opinberum sjóðum í landinu er heimilt að kaupa eða eiga hlutabréf í félaginu."

Þetta er aðeins heimildarákvæði, en ekki neitt valdboð. Ég get einmitt hugsað mér, að þessi hv. þm. yrði einn með þeim fyrstu, sem leituðu aðstoðar Fjárfestingarfélagsins til endurreisnar á einhverju atvinnufyr-

irtæki í hans kjördæmi. Slík þarfaverk þekkir þessi þm. betur en hann vill vera láta.

Frv. þetta var einnig borið hér fram á síðasta þingi, en fékk þá ekki fullnaðarafgreiðslu. Að þessu sinni er frv. borið fram nokkuð breytt, auk þess sem breyting var gerð á því í Nd., þannig að Sambandi ísl. samvinnufélaga var bætt inn sem forgangsaðila að stofnun félagsins ásamt Verzlunarráði og Félagi ísl. iðnrekenda.

Skortur á fjármagni til atvinnuuppbyggingar hér á landi hefur oft orsakað það, að fyrirtæki hafa byggzt upp stig af stigi, oftast af vanefnum, þannig að rekstrinn hefur orðið óhagkvæmur og oft riðið fyrirtækjum að fullu. Framkvæmdabankanum var ætlað að bæta úr þessu á sínum tíma, en hans dagar eru nú taldir, enda óvíst, hversu honum hefði tekizt að koma í stað þessa félagsskapar, sem hér er fyrirhugaður. Áhugi á þessum félagsskap, Fjárfestingarfélaginu, hefur sýnt sig vera mjög mikill bæði hjá verzlunarstéttinni og iðnrekendum og einnig hjá samvinnusamtökunum. Einnig er svo að sjá, sem fleiri aðilar hafi mikinn áhuga á þessu félagi.

Seint á árinu 1968 fór, að tilhlutan þeirra aðila, sem hafa stofnaðild að þessu félagi, framkvæmdastjóri Félags ísl. iðnrekenda til Norðurlandanna og kynnti sér þar starf slíkra félaga hjá nágrönnum okkar. Liggur eftir hann vönduð skýrsla, en þar kemur m. a. fram, að t. d. í Finnlandi hefur slíkt félag, Sponsor, sem er líka hlutafélag, haft verulega þýðingu, t. d. með stuðningi við iðnaðarfyrirtæki, sem lent hafa í fjárhagsörðugleikum, eða til stækkunar á fyrirtækjum vegna útflutnings að tilgangi. Einnig hefur það sýnt sig, að fyrirtæki í einkaeign, sem oft byggja starfsemi sína í byrjun á einum einstaklingi, þurfa margháttaðrar endurskipulagningar við, þegar slíks einstaklings nýtur ekki við lengur. Í slíkum tilvikum er Fjárfestingarfélagið einmitt réttur aðili til að grípa inn, en ógerlegt væri, að bein ríkisafskipti kæmu til. Einmitt af því að hér er um hlutafélagsform að ræða, einkarekstur, eru meiri líkur fyrir, að þetta félag nái lengra en t. d. Framkvæmdabankinn hefði náð á sínum tíma.

Samkv. 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að hlutafé félagsins sé ekki minna en 80 millj. kr. Einnig er félaginu ætlaður möguleiki til lántöku. Ekki er ólíklegt, að hægt væri að fá aukið fjármagn. Frsm. meiri hl. minntist hér á fjármögnunarfélagsskap, International Finance Corporation. Það eru líka fleiri alþjóðastofnanir, sem þetta félag gæti hugsanlega leitað til.

Ef þau áform, sem uppi eru með Fjárfestingarfélagið, rætast, er ekki ólíklegt, að stofnun þess yrði stórt spor í þá átt að bæta möguleika til innlends stórrekstrar á mörgum sviðum. Vel væri hugsanlegt, að þetta félag gæti verið aðili þess að hrinda af stað t. d. sjóefnavinnslu, olíuhreinsun, nýtingu á heita vatninu og mörgu öðru, sem okkur Íslendingum er nauðsynlegt að skoða nánar á næstunni með framkvæmdir í huga. Ég álít því hiklaust réttmætt að samþykkja lagafrv. það, sem hér liggur fyrir, um Fjárfestingarfélag Íslands h. f.

Kristján Thorlacius: Herra forseti. Frsm. minni hl. hefur gert grein fyrir afstöðu okkar, sem stöndum að áliti minni hl. hv. fjhn. En ég vildi taka hér til máls til þess að leggja áherzlu á andstöðuna gegn þessu máli. Hér er verið að stofna til einhvers konar samblands af banka og atvinnurekstrarfyrirtæki, sem á að hafa þann tilgang að koma á fót hlutafélögum, fjölga hlutabréfum í eldri hlutafélögum og selja hlutabréf.

Vafalaust væri unnt að stofna slíkt fyrirtæki sem hér er á ferðinni án lagasetningar þar um, en tilgangur þessa frv. er að veita þessu væntanlega fjárfestingarfélagi forréttindi umfram önnur atvinnurekstrarfyrirtæki í landinu. Samkv. 6. gr. frv. á að veita þessu hlutafélagi undanþágu frá greiðslu allra opinberra gjalda á sama hátt og ríkisbönkunum. Og samkv. 4. gr. er veitt heimild fyrir einkabanka og opinbera sjóði til að gerast aðilar að þessu fjárfestingarhlutafélagi. Slíkar undanþágur og aðstoð til þessa félags ná að mínum dómi engri átt.

Það kemur fram í grg. frv., að fyrirmyndin sé sótt til Norðurlanda. Það kom fram í umr. um málið í Nd., að þessi fjárfestingarfélög væru orðin allalgeng í Bandaríkjunum og þar stæðu harðar deilur um þessi félög. Það mun vera eitt af aðalverkefnum eins af aðstoðardómsmálaráðherrum Bandaríkjanna að kynna sér starfsemi þessara fyrirtækja þar í landi og sérstaklega þó að fylgjast með því, hvort þessi fjárfestingarfélög brjóta með starfsemi sinni í bága við löggjöf um hringa, sem þar er í gildi og allir þekkja deili á. Þeir, sem andvígir eru starfsemi þessara fjárfestingarfélaga í Bandaríkjunum, telja, að þau séu m. a. beinlínis stofnuð til þess að fara í kringum hringalögin.

Það er vafalaust ekki ágreiningsatriði, að okkur Íslendinga skortir tilfinnanlega aukið fjármagn í atvinnurekstur landsmanna. En okkur skortir áreiðanlega ekki fleiri aðila til að úthluta því fjármagni, sem fyrir hendi er. Í landinu eru starfandi sjö aðalbankar og sá áttundi mun bætast við, ef stjórnarfrv. um Alþýðubankann, sem nú liggur fyrir hv. Alþ., verður að lögum. 17 bankaútibú eru starfandi í Reykjavík og 36 utan Reykjavíkur. Fastir starfsmenn þessara banka eru liðlega 1070. Fyrir utan þennan fjölda banka eru svo 53 sparisjóðir starfandi og svo þar að auki fjárfestingarsjóðirnir, stofnlánasjóðir hinna einstöku atvinnugreina, sem munu vera, að ég hygg, 10 eða 11 talsins.

Hv. 12. þm. Reykv. sagði réttilega, að höfuðatriðið væri að fá aukna fjármuni til ráðstöfunar. En ég get því miður ekki séð, að miklar líkur séu til, að með stofnun slíks hlutafélags sem hér er gert ráð fyrir muni koma mikið af nýju fjármagni til atvinnuvega landsmanna.

Í frv., eins og það var upphaflega, var gert ráð fyrir því, að Verzlunarráð Íslands og Félag ísl. iðnrekenda hefðu forgöngu um stofnun Fjárfestingarfélags Íslands h. f. Við meðferð málsins í Nd. var þessu breytt þannig, að Samband ísl. samvinnufélaga skal vera þriðji aðilinn, sem forgöngu á að hafa um stofnun þessa hlutafélags. Nú hef ég hvergi séð það liggja fyrir hv. Alþ., hvort Samband ísl. samvinnufélaga er reiðubúið að taka að sér þetta hlutverk, en mér finnst satt að segja vera óhjákvæmilegt, að slík yfirlýsing liggi fyrir, áður en Alþ. afgreiðir þetta frv. Fjhn. Nd. sendi frv. til umsagnar Verzlunarráði Íslands og Félagi ísl. iðnrekenda og frá þeim aðilum bárust jákvæð svör, að því er þátttöku þeirra varðar í þessu væntanlega hlutafélagi, að ég hygg.

Í frv. er gert ráð fyrir, að Fjárfestingarfélaginu verði heimilt að vera frumkvöðull að stofnun, endurskipu-

lagningu og sameiningu atvinnufyrirtækja, með því að kaupa, eiga og selja hlutabréf í atvinnufyrirtækjum og skuldabréf þeirra; að útvega, veita og ábyrgjast lán til atvinnufyrirtækja, sem félagið tekur þátt í eða beitir sér fyrir. Hér er, eins og menn sjá, eingöngu gert ráð fyrir afskiptum þessa væntanlega félags af hlutafélögum og eingöngu lánafyrirgreiðslu til þeirra fyrirtækja, sem eru í hlutafélagsformi, ef ég skil frv. rétt. Eins og menn sjá, verður hér ekki um að ræða neina fjárhagslega fyrirgreiðslu til annarra fyrirtækja en hlutafélaga. Í frv. eru önnur rekstrarform ekki viðurkennd. Þar er samvinnufélagsformið t. d. ekki viðurkennt, enda er frv. samið af þeim aðilum, sem telja annað rekstrarform fyrirtækja heppilegra.

Menn hafa í umr. um þetta mál bent á hættu á því, að væntanleg fjárfestingarfélög mismuni aðilum í sambandi við fyrirgreiðslu. Ég vil vekja alveg sérstaka athygli á því, að frv. gerir beinlínis ráð fyrir slíkri mismunun milli fyrirtækja, eftir því hvaða rekstrarform er á atvinnufyrirtækjunum. Slíkur fjármálafélagsskapur hlýtur t. d. að vinna beinlínis gegn framgangi samvinnustefnunnar í landinu. Og ég hygg, að það hljóti að vera andstaða innan samvinnuhreyfingarinnar gegn því, að fjármagn verði lagt fram af samvinnuhreyfingunni sjálfri, sem á svo beinlínis að stefna gegn samvinnufélagsforminu í atvinnurekstri, hvort sem er í verzlun eða á öðrum sviðum. Ég sé því ekki betur en það hafi verið fullkomlega rökrétt hjá flm. þessa frv. að blanda ekki samvinnuhreyfingunni í þetta mál.

Þetta mál allt sýnist mér annars þannig vaxið, að ekki sé ástæða til að samþykkja þetta frv. Þetta hlutafélag, sem hér er verið að stofna til með sérstakri löggjöf, á að vera sambland af banka og atvinnurekstrarfyrirtæki. Það sýnist eiga að verða samsuða af einkafyrirtæki og hálfopinberu fyrirtæki, sem þó er bannað að stuðla að stofnun og veita stuðning atvinnufyrirtækjum, sem t. d. sveitarfélög stofna til, nema þau séu í hlutafélagaformi. Og þetta fyrirtæki á að vera undanþegið greiðslu opinberra gjalda á sama hátt og ríkisbankarnir. Samvinnuhreyfingunni er loks ætlað að leggja til starf og fjármagn til að koma þessu fyrirtæki á fót, en ef samvinnuhreyfingin ætlar sér að fá fjárhagslegan stuðning í gegnum þetta félag, verður að breyta samvinnufyrirtækjum í hlutafélög. Kaupfélag fær ekki stuðning, eftir því sem ég skil þetta mál, fyrir atbeina þessa félagsskapar, nema því verði hreinlega breytt í hlutafélag. Og ekki verður heldur stofnað til nýs atvinnurekstrar með samvinnusniði fyrir forgöngu eða með aðstoð Fjárfestingarfélagsins. Það sýnist einsýnt, að Alþ. á ekki að blanda samvinnuhreyfingunni í þetta mál á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir, a. m. k. ekki án yfirlýsingar frá þeim félagsskap um vilja hans í þessum efnum. Og allt þetta mál er þannig vaxið, að mér sýnist, að Alþingi ætti ekki að samþykkja þetta frv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður, en það eru aðeins örfáar athugasemdir, sem ég vil gera í tilefni af þeim ræðum, sem hér hafa verið fluttar af andstæðingum þessa frv.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. taldi, að óþarfi væri að koma hér á fót nýrri fjárfestingarstofnun, með tilliti til þess, hvað fjárfestingarstofnanir eru þegar margar. Það er út af fyrir sig rétt hjá honum, að nýtt fjármagn kemur ekki til sögunnar með því einu, að komið sé á fót nýrri fjárfestingarstofnun. Um það má auðvitað deila, hve mikið eigi að dreifa ákvörðunarréttinum í þessu sambandi. Vissulega er hægt að dreifa honum of mikið. Stofnanir, sem fjárfestingarlán veita og eru lítils megnugar, koma auðvitað ekki nema að takmörkuðu gagni, og má þá oft og tíðum færa rök að því, að rétt væri að sameina slíkar stofnanir, svo að þær hefðu meiri möguleika á að sinna þeim verkefnum, sem þeim eru ætluð. Á hinn bóginn get ég ekki tekið undir það sjónarmið hv. þm., að heppilegasta fyrirkomulagið væri það að koma á fót einni fjárfestingarstofnun, sem ætlað væri að taka allar ákvarðanir. Þó að hægt sé að dreifa völdunum í þessum efnum of mikið, þá er líka hægt að færa þau allt of mikið saman. Það er nú einu sinni þannig, að betur sjá augu en auga. Ég tel, að dreifing fjárfestingarvaldsins sé að vissu marki æskileg og nauðsynleg. Það þarf ekki að koma í veg fyrir almenna hagstjórn í fjárfestingarmálum í einni eða annarri mynd, þó að það séu fleiri aðilar, sem ákvarðanir taka um fjárfestingu. Þá er ekkert því til fyrirstöðu, að hægt sé að setja, ef stjórnvöldum sýnist það nauðsyn, almennar reglur, sem öllum aðilum er þá gert að fara eftir.

Þetta er ekki aðalatriðið í sambandi við það mál, sem hér er til umr., að mínu áliti, og má í fyrsta lagi á það benda, að það er ekki um það að ræða í þessu frv., þótt að lögum yrði, að þvinga þá aðila, sem gert er ráð fyrir að leggi fram fé til þessarar stofnunar, til slíks. Það er þeim algerlega frjálst, bæði forgangsaðilum, bönkum, opinberum sjóðum o. s. frv., sem heimilað er að leggja fram fjármuni. Það er því undir ákvörðunarvaldi þessara aðila komið, hvort þeir telja hagkvæmt að styðja þetta félag. Þar er ekki um neina þvingun að ræða. Aðalatriðið er það, að þeim verkefnum, sem þessu félagi eru falin skv. frv., hefur ekki verið sinnt af öðrum fjárfestingaraðilum, og að áliti okkar, sem styðjum þetta frv., er það líklegasta og fljótvirkasta leiðin til árangurs í þessu efni, að komið verði á fót nýrri stofnun, sem annast þau, vegna þess að meira aðkallandi er en áður hefur verið, að þessum verkefnum sé sinnt, og aðrar stofnanir hafa ekki sinnt þeim fullnægjandi.

Mér skildist, að við hv. 4. þm. Norðurl. e. værum sammála um, að ekki sé hægt að treysta því, að þessar stofnanir annist þau hlutverk, sem hér er um að ræða, og þess vegna verði að koma á fót nýrri stofnun, því að eins og á hefur verið bent, eru möguleikar á því að fá hingað í fyrsta lagi erlent fjármagn og í öðru lagi innlent fjármagn til þessarar starfsemi, sem annars mundi ef til vill ekki vera til ráðstöfunar, þó að reynslan ein fái auðvitað úr því skorið, að hve miklu leyti svo verður.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. taldi óþarfa að koma á fót nýrri stofnun til þess að tryggja starfskrafta ungra manna til þeirra hluta, sem hér væri um að ræða, og benti í því sambandi á Rannsóknaráð, forustu þess og starfskrafta. Nú er þar auðvitað um önnur mál að ræða og annars konar rannsóknarstarfsemi en gert er ráð fyrir, að einkum mundi eiga sér stað á vegum Fjárfestingarfélagsins. Það er út af fyrir sig rétt, að sú rannsóknarstarfsemi, sem hér er stunduð, er fyrst og fremst unnin af yngri mönnum. Þetta leiðir beinlínis af því, að

yngri mennirnir kunna betur til þeirra starfa, það verð ég að viðurkenna, þó að mér sé það e. t. v. ekki að öllu leyti ljúft. Það er nú einu sinni þannig, að yngri mennirnir kunna betur til þessara starfa en þeir eldri vegna þeirra stórfelldu framfara, sem orðið hafa í allri rannsóknarstarfsemi, bæði á sviði raunvísinda og á sviði efnahagsmála, á allra síðustu árum. Það eru aðeins yngri mennirnir, sem í mjög mörgum tilvikum hafa fullt vald yfir þeirri tækni sem til slíks þarf. En það er ekki þetta, sem að mínu áliti er aðalatriðið í þessu sambandi, heldur hitt, að ég dreg mjög í efa, að gamlar stofnanir, sem áratugum saman hafa hjakkað í sama fari með sína starfsemi, hafi skilning á nauðsyn þeirra verkefna, sem hér er um að ræða. Þetta finnst mér vera kjarni málsins, þegar taka á afstöðu til þess, hvort réttmætt sé að samþ. þetta frv.

Að öðru leyti sé ég ekki í sjálfu sér ástæðu til þess að gera frekari aths. við ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. Hann talaði um það, að okkur hefði ekki skort möguleika á því að fá erlent fjármagn. Við höfum að vísu oft haft minna af því á milli handa en við hefðum talið þörf fyrir, en hvað það atriði snertir, þá býst ég við, að við hv. þm. séum sammála um það, að þó að ekki hafi verið komizt hjá því að taka erlent lánsfé, þá sé það í rauninni neyðarúrræði, það æskilegasta væri að auka fjármagnsmyndunina innanlands, þannig að hægt væri að komast hjá því að auka mjög lántökur erlendis. En til þess að gera mætti sér góðar vonir í því efni, þyrfti verðlagsþróunin á næstu misserum að verða önnur en hún hefur verið, svo að af því leiðir, að við getum varla bandað hendinni á móti erlendu lánsfé í allra næstu framtíð, sem fáanlegt væri með góðum kjörum. En eins og bent hefur verið á, bæði af mér og hv. 7. þm. Reykv., skapar það að koma slíkri stofnun á fót vissa möguleika á því að fá erlend lán, því að sú stofnun, sem einkum hefur verið nefnd í þessu sambandi, International Finance Corporation, hefur nú einu sinni því hlutverki að gegna að efla einkarekstur í þeim löndum, þar sem hann á erfitt uppdráttar, og af þeim ástæðum má í samræmi við hlutverk stofnunarinnar einmitt gera ráð fyrir því, að hún sé fúsari til þess að lána slíku félagi heldur en opinberum aðilum, það síðara telur hún utan síns verkahrings.

Varðandi ræðu hv. 11. þm. Reykv. eru það aðeins tvö atriði, sem ég vildi leyfa mér að leiðrétta. Hann vitnar í Bandaríkin í þessu sambandi og segir, að þar í landi séu deilur um þau félög, sem þar gegna svipuðum hlutverkum, hvort starfsemi þeirra brjóti ekki á bága við löggjöf þar í landi, sem bannar myndun hringa o. s. frv. Ég rengi það ekki, að þarna muni vera rétt með farið hjá hv. þm. En mér finnst það óraunhæft að bera okkur saman við Bandaríkin í þessu efni, því að þeim verkefnum, sem gert er ráð fyrir, að þetta félag sinni hér, er þar á fullnægjandi hátt sinnt af öðrum aðilum. Einkafyrirtæki þar eru svo sterk, að þau hafa fullt fjárhagslegt bolmagn til þess að sinna sjálf þeim verkefnum, sem um er að ræða, svo að þar í landi er ekki sama þörf á því, að það opinbera styðji slíkan félagsskap, eins og hér mundi verða. Aftur á móti varðandi Norðurlöndin, sem hv. þm. minntist einnig á, þá er það svo, eftir því sem ég bezt veit, – og ég hef átt þess kost að kynna mér skýrslu Þorvarðar Alfonssonar, sem minnzt er á í grg. fyrir frv., – að þar þykir um þarflega starfsemi að ræða, sem í samræmi við þessa skýrslu, ekki sízt í Finnlandi, þykir rétt að efla með ráðum og dáð.

Ég get satt að segja ekki skilið það sjónarmið hv. þm., að samvinnufélögin yrðu útilokuð frá því að njóta stuðnings samkv. þessu frv. Það er að vísu talað þar um hlutafé og hlutafjárútboð, en ég get ekki skilið 1. gr. frv. öðruvísi en þannig, að sú fyrirgreiðsla, sem þarna er um að ræða, geti bæði komið til góða einstaklingsfyrirtækjum og einnig samvinnufélögum. Ég legg allt annan skilning í efni þessa frv. en hv. þm. Hitt er svo annað mál, að þegar um er að ræða nýjan og áhættusaman atvinnurekstur, þá er það auðvitað spurning, hvort samvinnufélagsskapurinn hentar. Það er ekkert í þessu frv. að mínu áliti, sem bannar það, að ef slík fyrirtæki eru stofnuð með samvinnusniði, þá geti þau notið fyrirgreiðslu eins og önnur.

En hitt er annað mál, að það er á sérstökum sviðum, eins og t. d. varðandi dreifingu nauðsynjavöru o. s. frv., sem samvinnuhreyfingin hefur sérstaklega haslað sér völl. Þegar um áhættusöm fyrirtæki er að ræða, hentar hlutafélagsformið yfirleitt betur til þess að safna til þeirra nauðsynlegu fjármagni. Ég veit ekki annað en þess séu a. m. k. mörg dæmi, að þegar samvinnuhreyfingin hér á landi, eða Samband ísl. samvinnufélaga, hefur lagt inn á þær brautir, hafi verið stofnuð félög í tengslum við samvinnuhreyfinguna, og þau hafi þá verið með hlutafélagsformi.

Kristján Thorlacius: Herra forseti. Ég þarf nú ekki miklu við það að bæta, sem ég sagði í umr. hér áðan, og ekki heldur miklu að svara af því, sem hv. 12. þm. Reykv. sagði hér um þau orð, sem ég viðhafði um samvinnuhreyfinguna. En ég vil enn vekja athygli á því, að frv. gerir ekki ráð fyrir samvinnufélagaformi í atvinnurekstri. Það má rétt vera og er vafalaust rétt, að það sé hvergi bannað í frv. að stofna til fyrirtækja með samvinnusniði. En tölul. í 1. gr. telja upp hlutverk félagsins á þann hátt, sbr. t. d. 2. lið, að félaginu er ætlað „að kaupa, eiga og selja hlutabréf í atvinnufyrirtækjum og skuldabréf þeirra." Og í 3. lið: „að greiða fyrir útgáfu hlutabréfa og skuldabréfa atvinnufyrirtækja með beinni eða óbeinni þátttöku í útboðum og annarri dreifingu á þeim." Í 4. lið: „að útvega, veita og ábyrgjast lán til atvinnufyrirtækja, sem félagið tekur þátt í eða beitir sér fyrir."

Í öllum þessum liðum er gert ráð fyrir hlutafélagaforminu einu saman. Að vísu er í 1. lið gert ráð fyrir því með almennari orðum, að félaginu sé heimilt „að vera frumkvöðull að stofnun, endurskipulagningu og sameiningu atvinnufyrirtækja". Í liðunum, sem á eftir koma, er svo gert ráð fyrir hlutafélagaforminu, en ekki öðrum formum.

Það má vel vera, að þetta sé misskilningur hjá mér, en ég get ekki skilið þetta frv. öðruvísi, enda hefur í öllum umr. um það komið fram, að hér sé um að ræða eins konar vísi að kauphöll, til þess að verzla með verðbréf, – hlutabréf í þessu tilfelli. Og ég fæ þess vegna ekki séð, að hv. þm. hafi á neinn hátt hrakið þau ummæli mín, að þessu Fjárfestingarfélagi er ekki ætlað skv. þessu frv. að vera til stuðnings samvinnufyrirtækjum.

Sveinn Guðmundsson: Herra forseti. Út af ummælum hv. 11. þm. Reykv. hér, bæði nú og í fyrri ræðu, vil ég upplýsa það, þó að ég sé kannske ekki rétti maðurinn í þessari hv. þd. til að upplýsa það, að Samband ísl. samvinnufélaga hefur samþykkt alveg skilyrðislaust að verða einn forgangsaðilinn að Fjárfestingarfélaginu ásamt Verzlunarráði Íslands og Félagi ísl. iðnrekenda.

Sami hv. þm. miklaði það fyrir sér, að hér væri eingöngu átt við hlutafélagsformið. Ég satt að segja get ekki stælt við hann um það, en í 1. gr. er alls staðar rætt um atvinnufyrirtæki. Atvinnufyrirtæki ná til samvinnufélaga og hvaða rekstrarforma sem er. Auk þess má bæta því við, að samvinnufélagsskapurinn á aragrúa af hlutafélögum í hinum ýmsu starfsgreinum, sem í mörgum tilfellum henta einmitt miklu betur en samvinnureksturinn, þar sem hver einstakur er kannske fullábyrgur fyrir áhættusömum rekstri.

Frsm. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Það var nú ekki margt, sem ég ætlaði að gera að umtalsefni, og ekki vil ég lengja umr., enda hefur ekkert það komið fram, sem breytt hefur skoðun minni á þessu máli, sem ég gerði grein fyrir í framsöguræðu minni fyrr í umr.

Hv. nm. í meiri hl. fjhn. hafa talað um það, að það mundi nú ekki verða mikil bót að því að setja meginið af fjárfestingarsjóðum landsins saman í einn banka, það leiddi af sér allt of mikið miðstjórnarvald. Það væri því miklu hentugra að dreifa valdinu á svona margar hendur. En ég álít, að málið standi þannig, að valdið í öllum þessum fjárfestingarsjóðum sé í raun og veru í höndum sömu aðilanna alls staðar, þ. e. a. s. fulltrúa pólitísku flokkanna. Það er mín skoðun, að það mætti gjarnan breytast og reynt yrði að finna á því önnur form. En það, sem er kannske aðalatriðið í þessum efnum, er það, að með því að hafa þennan fjölda af vanmáttugum stofnlánasjóðum er ekki hægt að fullnægja þörf atvinnuveganna fyrir stofnlán, jafnvel þó að samanlagt fé væri nægilegt.

Þá er bent á, að það þurfi nú ekki mikið að derra sig út af því, að það séu afnumin öll lög allra bankanna um það, að þeir megi ekki eiga hlut í hlutafélögum, því að þarna sé alls ekki verið að lögfesta það, að bankarnir séu skyldugir til þess. Ég segi nú bara, að fyrr hefði nú mátt rota en dauðrota, ef bankarnir hefðu verið skyldaðir til þess að leggja fram eitthvert ákveðið hlutafé í einkafyrirtæki þessara aðila, sem hér er um að ræða. En það getur auðvitað ekki dulizt neinum, að þetta er sett inn til þess að þrýsta á bankana og sjóðina til þess að láta fé af hendi til þessa nýja fyrirtækis, og þá með hliðsjón af því, að það verði sérstakir aðilar, sérstök fyrirtæki, verðug fyrirtæki, sem njóti þar góðs af, eins og kemur greinilega fram í frv., þar sem sagt er, að enga fyrirgreiðslu megi veita öðrum en þeim, sem Fjárfestingarfélagið, – þ. e. a. s. Verzlunarráðið, Félag ísl. iðnrekenda og Samband ísl. samvinnufélaga, – hefur velþóknun á. Allir aðilar í landinu aðrir, sem eiga við stofnfjárskort að stríða, eiga þarna enga hjálp að fá.

En það, sem kom mér nú sérstaklega til þess að standa hér upp aftur, var það, að mér sýnist, að hér hafi komið fram hjá hv. 11. þm. Reykv. alveg nýjar upplýsingar í þessu máli, sem kunni að breyta afstöðu manna til þess. Það hafði satt að segja farið fram hjá mér, að í þeim aragrúa af umsögnum, sem fylgja nál. meiri hl. fjhn. Nd. á þskj. 414, kemur engin umsögn frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, sem þó á að verða þriðjungsaðili að stofnun þessa nýja félags. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég vil frétta það öðruvísi en á skotspónum, áður en þetta frv. er afgr., að Samband ísl. samvinnufélaga hafi samþykkt það og að það liggi fyrir, að Sambandið vilji og ætli að verða aðili að þessu fyrirtæki. Ég er ekki að gera því skóna, að hv. þm. Sveinn Guðmundsson sé að skrökva því, að hann álíti, að þetta muni vera gert með góðum vilja Sambandsins, en það liggur ekkert óyggjandi fyrir hv. þd. um þetta atriði. Mér finnst þess vegna alveg full ástæða til þess, að a. m. k. á milli umr. geri fjhn. tilraun til þess að fá umsögn frá þessum aðila um málið og um væntanlega þátttöku hans, því að það finnst mér ekki vera neitt lítilsvert atriði.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:6 atkv.
2.–7. gr. samþ. með 11:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Í tilefni af því, að beint var til fjhn. vissum tilmælum frá hv. 4. þm. Norðurl. e. í lok 2. umr., og svo með tilliti til þess, að vefengdar voru upplýsingar, sem hv. 7. landsk. þm. gaf við umr. um afstöðu Sambands ísl. samvinnufélaga til Fjárfestingarfélagsins, vil ég leyfa mér að upplýsa það, að ég sneri mér fyrst til varaformanns stjórnar Sambands ísl. samvinnufélaga, og voru þar hæg heimatökin, vegna þess að hann er hér í næsta herbergi við okkur, en það er hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson. En hann tjáði mér og leyfði mér að hafa það eftir sér hér, að það hefði verið samkvæmt ósk stjórnar Sambands ísl. samvinnufélaga, að frv. var breytt þannig, að gert var ráð fyrir Sambandinu sem forgangsaðila. Um hitt kvaðst hann ekki mega fullyrða, hvort stjórnin hefði nú þegar tekið ákvörðun um aðild að Fjárfestingarfélaginu, en vísaði mér í því efni til framkvæmdastjóra Sambandsins, Erlends Einarssonar. Til hans hringdi ég svo í gærkvöld, og leyfði hann mér að hafa það eftir sér, að stjórnin hefði þegar samþ., að ef af stofnun félagsins yrði, þá yrði Samband ísl. samvinnufélaga þar meðal forgangsaðila.

Ég hygg, að þetta nægi til að sýna fram á það, að forustumenn Sambands ísl. samvinnufélaga líta öðrum augum á þetta frv. en fram kom hjá þeim hv. 11. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Norðurl. e.

Frsm. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hv. form. fjhn. fyrir að hafa gengið úr skugga um þetta aðalatriði, sem kom hér fram í gær. Það er út af fyrir sig alrangt hjá honum, að ég hafi vefengt það, sem hv. 7. landsk. þm. sagði um þetta mál. En hitt gat ekki farið fram hjá neinum af þeim fjölmörgu aðilum, sem þetta mál varðar, að það lágu fyrir umsagnir, líklega heill tugur umsagna, bæði frá hinum tveimur forgönguaðilunum og fjölda mörgum öðrum, en engin frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, svo að það þarf engan

að undra það, að við vildum fá með fullu upplýst, hver afstaða Sambandsins væri. Nú liggur það hins vegar greinilega fyrir og er ekkert frekar um það að segja.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BFB, JónÁ, JÞ, MJ, ÓB, ÓlJ, StG, SvG, AuA, OA, JR.

nei: BGuðbj, BJ, SEG, KTh, GilsG, KGuðj, PÞ, ÁB.

1 þm. (JÁH) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 703).

62. Almannatryggingar (frv. BGuðm).

Á 14. fundi í Sþ., 19. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar [94. mál] (þmfrv., A. 110).

Á 16. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Á þskj. 110 hef ég leyft mér að flytja smávægilega breytingu á lögum um almannatryggingar. Þetta er hvorki viðamikil breyting né líkleg til þess að hafa teljandi áhrif á útgjöld Tryggingastofnunarinnar, en eigi að síður tel ég mjög nauðsynlegt að gera þessa lagfæringu á lögunum.

16. gr. laganna heimilar tryggingaráði ýmiss konar úrskurði til hagsbóta fyrir fólk, sem lögin taka ekki beint til. Eitt af því, sem 16. gr. heimilar tryggingaráði að gera, er að úrskurða að greiða skuli einstæðum mæðrum, sem eru öryrkjar, barnalífeyri, þ. e. óafturkræfan barnalífeyri. Nú hefur það komið á daginn, að ef einstæð móðir, sem nýtur þessa barnalífeyris, andast, þá fellur þessi greiðsla niður. Þetta er bersýnilega ekki tilætlun löggjafans, og þess vegna flyt ég hér þá till., að inn í lögin verði tekin ákvæði um það, að þessi greiðsla geti haldið áfram, eins og sjálfsagt er, þó að móðirin andist.

Ég ætla, að það þurfi ekki mikinn rökstuðning fyrir því, hvað þetta er sjálfsagður hlutur, enda hefur Tryggingastofnunin sjálf fundið fyrir því, að þetta er mjög óeðlilegt, að það skuli ekki vera heimild til þess að halda slíkum greiðslum áfram.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, en legg til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn. Það munu vera fleiri smávægilegar brtt. við tryggingalögin, sem fyrir þessu þingi liggja, og eðlilegt að þessi breyting verði tekin inn, a. m. k. ef einhverjar breytingar verða gerðar á lögunum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 17. fundi í Nd., 24. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 31 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 22. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 110, n. 249).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er einnig um breyt. á l. um almannatryggingar. Flm. þess er hv. 11. landsk. þm. og er frv. um breyt. á 4. mgr. 16. gr. l., varðandi barnalífeyri með börnum einstæðra mæðra, ef móðirin er öryrki. Segir svo um þetta í grg. með frv.:

„Samkv. ákvæðum tryggingalaganna, 16. gr., hefur tryggingaráð heimild til að ákveða, að greiddur sé barnalífeyrir með börnum einstæðra mæðra, ef móðirin er öryrki. Hins vegar er talið, að lögin leyfi ekki að greiða barnalífeyrinn áfram, ef móðirin fellur frá. Með engu móti getur verið, að þetta sé tilætlun löggjafans. Það hlýtur að vera smíðagalli, sem laga þarf."

Heilbr.- og félmn. fékk einnig þetta frv. til athugunar og sendi það Tryggingastofnun ríkisins til umsagnar, og mælir Tryggingastofnunin með samþykkt þess og telur þá breytingu, sem hér er lagt til, að gerð verði, eðlilega. Heilbr.- og félmn. mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 42. fundi í Nd., 26. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 29. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 42. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 53. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 110, n. 649, 636).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Hér er um að ræða þmfrv., sem komið er frá Nd. og hefur verið samþ. þar ágreiningslaust. Samkv. tryggingalögunum, 16. gr., hefur tryggingaráð heimild til að ákveða, að greiddur sé barnalífeyrir með börnum einstæðra mæðra, ef móðirin er öryrki, en hins vegar er litið svo á, að lögin leyfi ekki að greiða barnalífeyrinn áfram, ef

móðirin fellur frá. Þetta hefur væntanlega ekki verið tilætlun löggjafans og verður að telja, að þetta sé smíðagalli á lögunum, sem verður að lagfæra, og það er einmitt það, sem gert er hér með þessu frv.

Þessu frv. var vísað til heilbr.- og félmn. Fyrir n. lágu meðmæli Tryggingastofnunar ríkisins með þessu frv. og n. mælir einnig með því, en þó hafa einstakir nm. áskilið sér rétt til þess að flytja brtt. við frv. og styðja brtt., er fram kynnu að koma, enda hafa tveir hv. nm. flutt hér brtt. við frv. á þskj. 636. Ég get aðeins getið þess, að það náðist ekki samstaða um það innan n. að flytja þessar brtt., og var sú hugmynd, sem kemur þar fram, borin óformlega undir Tryggingastofnunina. Fékk hún ekki meðmæli þar, en hins vegar er rétt að taka það fram, að þetta var ekki sent skriflega til Tryggingastofnunarinnar, þannig að um þessa brtt. liggja ekki fyrir nein skrifleg ummæli þaðan. Brtt. er um efni, sem er auðvitað úr tryggingalögunum, en er ekki skylt þessu sérstaka ákvæði, sem frv. fjallaði um upphaflega.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Við hv. 4. þm. Sunnl. flytjum brtt. við þetta frv., sem hér er til umr., og er hún á þskj. 636 og er við 12. gr. l. um almannatryggingar. En síðasta mgr. 12. gr. hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Nú andast maður, sem frestað hefur töku lífeyris fram yfir 67 ára aldur, og lætur eftir sig maka á lífi, og skal þá hinn eftirlifandi maki til viðbótar eigin ellilífeyri eiga rétt á þeirri hækkun, sem hinn látni átti rétt á, vegna frestunar, sem átt hafði sér stað eftir 1. janúar 1961."

Brtt. okkar er í því fólgin, að gera alla jafnréttháa gagnvart lögunum, hvort heldur þeir frestuðu töku ellilífeyris fyrir 1. jan. 1961 eða eftir þann tíma. Þessi breyting á lögunum mun ekki ná til margra, því að varla eru þeir margir nú á lífi, sem frestuðu töku ellilífeyris fyrir 1961. Ég sé heldur ekki, hvers vegna þeir aðilar eiga ekki að hafa sama rétt og hinir, sem fresta töku ellilífeyris eftir 1961. Þess ber líka að geta, að ellilífeyrir er nú ekki orðinn ýkjahár samanborið við þarfir hinna öldruðu, og hafa því máli verið gerð fyllilega skil hér í þessari hv. d. á yfirstandandi þingi, og skal ég því ekki koma nánar inn á það.

En ég vil benda á það í þessu sambandi, að á Alþ. í vetur er þegar búið að samþykkja þrjú frv. um breyt. á almannatryggingalögunum og þetta verður fjórða frv., sem verður samþ., – sem ég geri ráð fyrir, að verði, því að n. mælir öll með frv., enda þótt við flytjum hér brtt. tveir, sem erum í n. Og auk þess liggja fyrir hv. Alþ. fjögur frv. í viðbót um breyt. á almannatryggingalögunum og ein þáltill. um endurskoðun laganna, þannig að það virðist sem það séu býsna mörg atriði í þessari löggjöf, sem þurfi endurskoðunar við, og býst ég við, að þessi löggjöf verði endurskoðuð, áður en langir tímar líða.

Eigi að síður fannst okkur ástæða til þess nú að flytja þessa brtt. í von um það, að hv. þd. og hv. Alþ. samþykki þá till., og ef svo illa fer, að hún verði ekki samþykkt nú, að hún lægi þá fyrir til athugunar, þegar nánari endurskoðun laganna fer fram.

Ég ætla ekki að fjölyrða meira um þetta nú, en ég vænti þess, að hv. þdm. sé ljóst, við hvað er hér átt, þ. e. að allir eigi jafnan rétt, hvort heldur þeir hafa frestað töku ellilífeyris fyrir 1961 eða eftir þann tíma. Ég sé ekki ástæðu til að gera þarna upp á milli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 78. fundi í Ed., 25. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 636 felld með 9:9 atkv.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 713).

---

63. Gæðamat á æðardún.

Á 51. fundi í Nd., 2. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um gæðamat á æðardún [163. mál] (þmfrv., A. 326).

Á 54. og 55. fundi í Nd., 3. og 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., 9. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Í fjarveru 1. flm. þessa frv., sem nú er farinn af landi brott og tekinn við mikilvægum störfum fyrir Ísland á erlendri grund, þá mun ég fylgja þessu frv. úr hlaði með örfáum orðum.

Það er alkunna, að æðardúnn hefur frá fornu fari verið verðmæt vara, bæði á erlendum og innlendum markaði, en jafnframt staðreynd, að íslenzkur æðardúnn, sem boðinn hefur verið til sölu, er ekki allur jafngóður. Hann er misjafn að gæðum, þó að hann sé talinn í einum og sama verðflokki. Dúnninn er verðmæt vara, eins og ég sagði, enda hafa oft verið mynduð samtök til þess að auka framleiðslu á þessari vöru og bæta hana að gæðum. Slík samtök æðarvarpseigenda hafa yfirleitt staðið skamma stund, ekki átt sér langa lífdaga. Einna lengst mun hafa lifað Æðarvarpsræktarfélag Breiðafjarðar og Strandasýslu, sem stofnað var um 1880, og var aðalhvatamaður að því Pétur Eggerz í Akureyjum. En nú nýlega hefur vaknað mikill áhugi æðarvarpseigenda um gjörvallt land, og á s. l. hausti eða 29. nóvember var haldinn stofnfundur félags, sem hlaut nafnið Æðarræktarfélag Íslands. Félagið lýsti fyrstu verkefnum sínum í nokkrum orðum á þessa leið:

Í fyrsta lagi að reyna að vinna gegn flugvargi, sem jafnan herjar á æðarvörp. Í öðru lagi að auka þekkingu manna í þessum efnum. Og loks í þriðja lagi að óska þess, að Alþ. það, er nú situr, setji lög um gæðamat á æðardún, eða eins og sagði í bréfi frá Æðarræktarfélagi Íslands, sem prentað er sem fskj. með þessu frv.:

„Stofnfundur Æðarræktarfélags Íslands, haldinn í Bændahöllinni 29. nóv. 1969, skorar á Alþ. það, er nú situr, að setja þegar í stað lög um gæðamat á æðardún og skipa mann í þann starfa ekki síðar en á næsta vori og þá eftir ábendingu Búnaðarfélags Íslands."

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er samið með hliðsjón af öðrum lögum, sem gilda um svipuð efni, eins og t. d. lög um gærumat. Er þó haft í huga, að æðardúnn fellur ekki til nema á nokkrum svæðum á landinu. Þess vegna er ekki ástæða til að setja upp mjög flókið kerfi af þessu tilefni. Ég vil því benda á 5. gr., sem kveður á um það atriði, með hliðsjón af því, sem sagði í bréfi Æðarræktarfélagsins og ég las upp áðan. Þar er gert ráð fyrir því, að lögreglustjóri, sem yfirleitt skipar matsmenn í hinum ýmsu greinum, skipi og umrædda matsmenn eins og segir í 5. gr.:

„Lögreglustjóri skipar dúnmatsmenn á þeim stöðum, er landbrn. telur þörf á, að fengnum till. Búnaðarfélags Íslands."

Að öðru leyti hníga ákvæði þessa frv. mjög í átt til samræmingar við ákvæði laga um gærumat.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv., en legg til, að því verði vísað til hv. landbn. að umræðu lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til landbn. með 26 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 326, n. 479).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Landbn. þessarar hv.d. hefur athugað frv. þetta um gæðamat á æðardún. Engar reglur eru til, er kveða á um gæðamat æðardúns og flokkun í verðflokka. Slíkar reglur er talið aðkallandi að setja, eins og fram kemur í bréfi frá Æðarræktarfélagi Íslands, sem prentað er sem fskj. með grg. þessa frv. N. sendi frv. þetta til umsagnar Búnaðarþings og mælti þingið einróma með samþykkt þess. Slík er og niðurstaða n. Nefndin mælir einróma með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.–9. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 70. fundi í Nd., 9. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 67. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 77. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 16 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 326, n. 717).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Svo sem fram kemur í grg. fyrir frv. um gæðamat á æðardún, eru ekki fyrir hendi nein lagaákvæði um, að gæðamat skuli eiga sér stað á æðardún. Það er talið, að þessi verðmikla vara sé nú seld, hvort heldur er á erlendum eða innlendum markaði, í mjög misjöfnu ásigkomulagi. Dæmi munu einnig vera til þess, að íslenzkur æðardúnn, sem sendur hefur verið til sölu erlendis, hafi verið endursendur sem ósöluhæf vara.

Á s. l. hausti stofnuðu bændur, sem stunda æðarrækt, með sér félag, og á stofnfundi félagsins var þetta vandamál ítarlega tekið til umr. Það var skoðun manna, að til þess að hér yrði ráðin sú bót á, sem að haldi mætti koma, væri vart um annað að ræða en sett yrði löggjöf um gæðamat æðardúns. Í framhaldi af þeirri samþykkt Æðarræktarfélags Íslands er þetta frv. fram komið, og leggur landbn. einróma til, að frv. verði samþ. og því að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.–9. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 767).

---

64. Almannatryggingar (fyrra frv. SvJ o.fl.).

Á 24. fundi í Sþ., 16. des., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar [129. mál] (þmfrv., A. 183).

Á 36. fundi í Nd., 13. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sverrir Júlíusson): Herra forseti. Á þskj. 183 flyt ég ásamt hv. 4. þm. Vestf., 1. þm. Reykn. og 10. þm. Reykv. frv., sem felur í sér smábreytingu. Frv. er ekki mikið að vöxtum, eins og þm. sjá. Það felur í sér þá breytingu, að Tryggingastofnuninni er heimilt að greiða allt að 25% af lágmarksbótum til öryrkja, þegar þeir dvelja á spítölum eða dvalarheimilum, ef þeir eru algerlega tekjulausir. Í núgildandi lögum er heimild til þess að greiða 10%, en samkv. upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins, þá hefur greiðslan numið, eins og segir í grg., tæpum 1080 kr. á ársfjórðungi. En eftir þá breytingu, sem hér er lögð til, mundi þetta nema um 900 kr. á mánuði eða 2700 kr. á ársfjórðungi.

Það gera sér allir grein fyrir því, að þeir, sem eru algerlega tekjulausir, þurfa fleira með en greiddur sé dvalarkostnaður fyrir þá og húsnæði, fæði, meðul og þess háttar. Þeir eru samborgarar í félagslegu samfélagi, og hver skyni gædd lífvera þarf að hafa fleira en þetta. Þess vegna hefur mér fundizt, síðan minnzt var á þetta við mig á s. l. ári, að hér væri þörf á réttarbót, þó ekki sé langt farið í þessa átt. Það mun hafa verið þannig, að þegar öryrkjar fóru á spítala og ef þeir dvöldu þar lengur en einn mánuð, þá var öryrkjastyrkurinn, sem nam á árinu 1968 3 587 kr. á mánuði, tekinn af þeim nema þessi 10%, sem heimild var um í lögum. Þetta nær því einnig til þeirra, þótt þeir dvelji ekki ávallt á spítölum eða dvalarheimilum. Það er meining okkar flm., að það sé þannig í framkvæmd. Samkv. upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins nam þessi greiðsla á árinu 1969 um 4 millj. kr., svo að hér er um aukin útgjöld að ræða upp undir 10 millj., sem lagt er til með þessu frv.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fara lengra út í þetta mál. Mér finnst þetta liggja þannig fyrir, að það sé nauðsynlegt að verða við því að bæta stöðu þeirra, sem verst eru settir í þjóðfélaginu. Að vísu er það nokkuð gert og við státum af því, að hér sé velferðarþjóðfélag og almannatryggingarnar sjá fyrir miklu. En í samþykktum, sem öryrkjar hafa gert, voru að vísu nefnd fleiri atriði en þetta, en mér fannst, að þessi till. væri sanngjörn og því nauðsynlegt að kippa þessu í lag. Ég vonast til þess, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, afgreiði þetta.

Það vill nú þannig til, að á þessu þingi hafa verið bornar fram tvær aðrar brtt. við 56. gr. almannatryggingalaganna. Önnur var reifuð hér 27. okt., en hin 20. nóv., en þær hafa ekki komið frá n. enn þá. Ég var að hugleiða það að koma með brtt., ef þær hefðu komið fram. Sú n., sem fær þetta til athugunar, getur þá samið 56. gr. almannatryggingalaganna upp að nýju og tekið þetta þá inn í heildina, en ég legg áherzlu á það, að þetta sjónarmið, sem kemur hér fram í þessu frv., nái fram að ganga nú á þessu þingi.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 27 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 183, n. 652).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur fjallað um frv. þetta til l. um breyt. á l. nr. 40 frá 30. apríl 1963, um almannatryggingar. Frv. er þess efnis, að síðasti málsl. 56. gr. almannatryggingalaganna orðist svo:

„Ef hlutaðeigandi er algjörlega tekjulaus, er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 25% lágmarksbóta."

Hingað til hefur gilt sú regla, að þegar öryrki dvelur langdvölum á sjúkrahúsi eða dvalarheimili, þá hefur Tryggingastofnun ríkisins heimild til að greiða honum sjálfum allt að 10% lágmarksbóta. Hefur sú upphæð numið um 1080 kr. á ársfjórðungi, en með þessu frv. er gert ráð fyrir, að greiðslan hækki í um það bil 900 kr. á mánuði. Heilbr.- og félmn. hefur orðið sammála um að styðja samþykkt þessa frv., en einstakir nm. hafa þó áskilið sér rétt til þess að fylgja brtt., sem fram kynnu að verða bornar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 79. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. – Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 183, n. 752).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta er þmfrv., sem flutt var í Nd. og var þar afgr. shlj. Efni frv. er að hækka sérstakar greiðslur úr 10% í 25%, sem hafa átt sér stað, þegar öryrki dvelur langdvölum á sjúkrahúsi eða dvalarheimili, en þá hefur Tryggingastofnun ríkisins heimild til þess að greiða honum sjálfum allt að 10% lágmarksbóta, en með frv. er lagt til, að þetta hækki í 25%.

Þetta frv. var sent til umsagnar Tryggingastofnunar

ríkisins. Tryggingastofnunin sá nú bæði kost og löst á þessu frv. og gerði ábendingar um fleiri atriði, sem kæmi mjög til álita að breyta í sambandi við þessa reglu, en niðurstaðan varð sú í Nd., að n., sem hafði frv. þar til meðferðar, lagði til að frv. yrði samþ. óbreytt. Og svo var gert þar. Sama varð niðurstaðan í heilbr.- og félmn. Ed., sem fékk þetta mál til athugunar. N. leggur til, að frv. verði samþ., eins og það liggur fyrir og fram kemur á nál. á þskj. 752.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 787).

---

65. Tekjustofnar sveitarfélaga.

Á 44. fundi í Sþ., 10. apríl, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 frá 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga [209. mál] (þmfrv., A. 529).

Á 71., 72., 75. og 76. fundi í Nd., 13., 14. og 16. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 77. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Mál þetta á þskj. 529 er flutt að beiðni stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, eins og fram kemur í grg. frv. Um málið hafði áður verið fjallað á fulltrúaráðsfundi sveitarfélaganna og er alger samstaða um það.

Þær breytingar, sem hér er gert ráð fyrir að gera á tekjustofnalögunum, eru í fyrsta lagi það, að lögtaksréttur vegna aðstöðugjalds verði hliðstæður við það, sem hann er til útsvars. Það hefur reynt á það í dómi, að ef um séreign hjóna hefur verið að ræða, þá hefur lögtaksréttur vegna aðstöðugjalds ekki náð til séreignar, eins og er þó með útsvar, þó að um sameignarfyrirtæki sé að ræða. Þetta telja sveitarstjórnarmenn, að þurfi að vera skýrt og afdráttarlaust í lögunum.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því, að hækka gjald það, sem Jöfnunarsjóður greiðir til Sambands ísl. sveitarfélaga, úr ½% í 1%. Ástæðan til þess að farið er fram á þetta er í fyrsta lagi sú, að nú á síðari árum hafa ýmis landshlutasambönd orðið til á vegum sveitarfélaganna, og er ætlunin, að það gjald, sem sveitarfélögin greiða nú, 3 kr. af hverjum íbúa, gangi til þessara landshlutasambanda. En til þess að svo megi verða, þarf að auka tekjur Sambands ísl. sveitarfélaga a. m. k. til jafns við það eða rúmlega það, en þetta ½% gaf sambandinu 1 millj. 479 þús. kr. á s. l. ári.

Þá er gert ráð fyrir því í samræmi við þetta, að hluti sá, sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur til ráðstöfunar óskiptan af tekjum sínum, áður en farið er að skipta upp á milli sveitarfélaganna, verði hækkaður um 1% og verði hér eftir 4% í staðinn fyrir 3%.

Fjórða atriðið, sem hér er um að ræða, er að skiptaútsvör vegna búferlaflutninga verði lögð niður. Þetta atriði hefur valdið sveitarstjórnarmönnum nokkrum erfiðleikum og er ekki að þeirra dómi talið heppilegt til þess, að samstarf þeirra geti verið eins gott og æskilegt er, og sum sveitarfélög, eins og t. d. hér á Reykjanesinu, hafa tekið það upp að hætta að afgreiða skiptaútsvör innbyrðis. Þess vegna er nú lagt til, að hér verði það tekið upp í lög að hætta þessum greiðslum, en til þess að bæta þeim upp, sem fólksfækkun er hjá, verði Jöfnunarsjóði gert að skyldu að greiða þeim sveitarfélögum, sem fólki fækkar hjá, meðalútsvar fyrir hvern þegn, sem fækkar um í byggðarlaginu. Með þessu móti er þeim sveitarfélögum, sem fækkunin á sér stað í, tryggt að fá greiðslur vegna fækkunarinnar, vegna þess að Jöfnunarsjóður sér um greiðsluna, en nokkrar Hálfdánarheimtur hafa verið á því, þegar sveitarfélögin, sem tekið hafa við fólkinu, hafa átt að skila þessu til þeirra, sem misstu fólkið, og ekkert sveitarfélag hefur að sjálfsögðu greitt til hins sveitarfélagsins, nema það væri búið að innheimta hjá viðkomandi einstaklingi, sem flutti á milli sveitarfélaganna. Um þetta mál er samstaða hjá sveitarstjórnarmönnum. Það hefur áður verið rætt á þingi sveitarstjórnanna og er fram komið þar og svo afgr. hjá fulltrúaráði þeirra.

Í fimmta lagi er svo fjallað um það, að þegar ríkisskattanefnd hefur ákveðið skatthækkun vegna rannsóknar, þar sem í ljós hefur komið, að skattsvik hafa átt sér stað, þá hefur sá háttur verið á hafður, að ríkisskattanefnd hefur ákveðið fjárhæð tekjuskattsins, sem viðkomandi aðili átti að greiða til viðbótar vegna skattsvikanna, en aftur á móti hafa framtalsnefndir lagt tekjuútsvörin á vegna þessara breytinga. Hér er hins vegar gert ráð fyrir því, að ríkisskattanefnd verði falið að leggja á hvort tveggja í senn, tekjuskattinn og tekjuútsvarsviðbótina, sem leiddi af skattsvikunum. Það er gert ráð fyrir því, að það megi rannsaka skattframtöl 6 s. l. ára, og er það svipað og nú er gert. Breyt. er hins vegar fólgin í því, að ríkisskattanefnd mun einnig leggja á útsvarið eftir reglum þess byggðarlags, sem viðkomandi gjaldþegn á heima í, en framtalsnefnd mun ekki sjá um þann þáttinn.

Ég þarf ekki að segja fleiri orð um þetta frv. og vil endurtaka það, að það er samstaða um það hjá sveitarstjórnarmönnum. Ég treysti því, að hv. Alþ. geti afgr. þetta mál á þessu þingi, þó að seint sé.

Ég vil því leggja til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn., því þar munu tekjustofnalögin hafa verið til meðferðar.

Friðjón Þórðarson: Það eru aðeins örfá orð í framhaldi af ræðu framsögumanns. Það er sennilega rétt, að frv. þetta er nauðsynlegt. Það er nauðsynlegt, að það

nái fram að ganga, og um það er nokkurn veginn eining, en ég get ekki stillt mig um að benda á eitt í þessu sambandi. Ég tel, að ákvæði frv. gangi í mörgum atriðum of skammt. Það þarf að athuga lög um tekjustofna sveitarfélaga enn nánar, og gera á þeim meiri breytingar. Það hefur verið bent á ýmis atriði af reyndum og vönum sveitarstjórnarmönnum, t. d. að það sé nauðsynlegt að breyta ákvæðum um fasteignaskatt, þannig að sá tekjustofn standi undir þeim gjöldum, sem sveitarfélagið verður að inna af hendi og miðuð eru við fasteignir. Sennilega verður þetta nú líka athugað.

Þá er eitt atriði í þessu frv., sem fjallar um, að niður eigi að fella skiptingu útsvara. Ýmis smærri og fátækari sveitarfélög eru hrædd við þetta ákvæði, vegna þess að það bitnar náttúrlega sérstaklega á þeim sveitarfélögum, sem fólkið flytur burt úr. En vera má, að nýmæli frv., sem hv. frsm. vék að, vegi þarna upp á móti. Og við verðum að vona það.

Þá vil ég að lokum benda á atriði, sem er orðin knýjandi nauðsyn að athuga af meira raunsæi en gert hefur verið. Það er þegar jarðir fara í eyði í stórum stíl í einstökum sveitarfélögum eða eru keyptar upp af mönnum, sem búa utan sveitarfélagsins. Það getur tæpast gengið, að jafnvel beztu hlunnindajarðir sveitanna lendi í eigu utansveitarmanna, sem sveitin getur svo ekki náð gjöldum af, nema að mjög takmörkuðu leyti. Ég vil segja, að það er allt í lagi þó að menn kaupi jarðir, en þeir verða að greiða af þeim skatta og skyldur, þannig að það verði ekki ómögulegt fyrir þá, sem eftir búa í sveitinni, að búa áfram. Þetta er mikilvægt atriði, sem athuga þarf. Sennilega bíður það þó síns tíma, því að nauðsynlegt er, að þetta frv. út af fyrir sig nái fram að ganga á þessu þingi.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af ummælum hv. 4. þm. Vesturl. vil ég taka undir það með honum, að það er alveg rétt, að nauðsyn ber til að endurskoða tekjustofnalögin miklu frekar en hér er gert. Það varð hins vegar að ráði stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, að það yrði ekki gert að þessu sinni, m. a. vegna þess hvað þetta frv. er seint fram komið, og ekki var heldur samstaða um öll þau atriði, sem rædd voru. En upphaflega höfðu þeir ætlað sér að ganga lengra í þessum málum heldur en hér er gert. Það er hins vegar allra manna mál, að hér á þurfi að gera heildarendurskoðun, og það hefur dregizt lengur en ástæða væri til og ella hefði orðið, m. a. vegna þeirrar athugunar sem fór fram á því, hvort innheimta eigi skatta jafnharðan og tekna er aflað. Þau atriði, sem hv. 4. þm. Vesturl. drap á, mundu áreiðanlega verða athuguð við heildarathugun þessara mála og ber brýna nauðsyn til þess.

Í sambandi við hlunnindajarðirnar vil ég geta þess, að það munu vera nokkur ár síðan hér var á hv. Alþ. afgr. þáltill. þar um, og það er mikil nauðsyn að það mál verði einmitt tekið til sérstakrar athugunar, þegar tekjustofnar sveitarfélaga verða endurskoðaðir í heild, sem ég vona að verði sem fyrst.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 529, n. 643, 644).

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um breytingu á l. nr. 51 frá 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga, og er flutt skv. beiðni Sambands ísl. sveitarfélaga af þm. úr öllum flokkum. Heilbr.- og félmn. hefur fjallað um frv., og enda þótt viðurkennt sé, að þar séu ekki tekin til greina öll atriði, sem hreyfa þyrfti, til breytingar á þessum lögum, eins og ég benti á við 1. umr. málsins, þá er þó talið rétt, að frv. nái fram að ganga í þeirri mynd, sem það nú er. Hafa allir nm. orðið ásáttir um það. Jafnframt hafa nm. fallizt á að flytja eina brtt. við frv. Hún kemur fram á þskj. 644 og er við 7. gr., um að 30. gr., e-liðurinn, orðist svo:

„Sveitarfélag, þar sem útsvar er á lagt, hlýtur aldrei minna en ¼ hluta af útsvari, sem skipt er skv. d-lið 2, og eigi verður útsvari þá skipt, nema í hlut þess sveitarfélags, sem skiptikröfu gerir, komi a. m. k. kr. 75 000.00, þó má fjárhæðin lægri vera, ef hún eigi að síður nemur a. m. k. 5% af heildarútsvörum þess sveitarfélags, er kröfuna gerir. Tekjuútsvari aðila, sem jafnframt greiðir landsútsvar, skal ekki skipt.“ Brtt. þessi, sem er flutt að beiðni stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, eins og ég sagði, felur í sér hækkun á viðmiðunarfjárhæð í e-lið 30. gr. l. nr. 51 frá 1964 úr 25 000 kr. í 75 000 kr.

Með l. nr. 42 frá 30. apríl 1963 var tekin upp í lög um tekjustofna sveitarfélaga regla um skiptingu útsvara milli sveitarfélaga, þegar útsvarsgreiðandi rekur atvinnustöð í fleira en einu sveitarfélagi. Slík útsvarsskipti voru þó bundin þeim takmörkum, að í hlut þess sveitarfélags, sem skiptikröfu gerði, kæmu a. m. k. 25 000 kr. af útsvari gjaldanda. Þessi fjárhæð, 25 000 kr. hefur staðið óbreytt allt frá árinu 1963, þrátt fyrir verð- og launabreytingar á þessu tímabili. Virðist eðlilegt og sjálfsagt, að þessi viðmiðunarfjárhæð verði færð til samræmis við almennar launabreytingar á þessu árabili, svo upphaflegum tilgangi með téðri takmörkun verði haldið. Ella má búast við því, að kröfur sveitarfélaga á hendur öðrum um slík útsvarsskipti vaxi úr hömlu, ekki sízt milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, og gæti það leitt til mikils glundroða.

Ég læt þessi orð nægja með þessari brtt. og sé ekki ástæðu til að fjalla nánar um frv., enda hefur verið gerð grein fyrir því áður. Legg ég til, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 644 (ný 7. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
8.–9. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 681).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 79. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá því, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. – Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 16 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 681, n. 753).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Frv. þetta, sem er þmfrv., flutt af þm. úr 4 þfl. í hv. Nd. Alþ., fjallar um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, og er flutt að beiðni stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga. Í grg. fyrir frv. eru raktar þær breyt. frá núgildandi lögum, sem í því felast. Ég skal nú aðeins í stórum dráttum stikla á þeim.

Með 1. gr. er lagt til, að sú gagnkvæma ábyrgð, sem hjón bera samkvæmt 50. gr. tekjustofnalaganna á greiðslu útsvars, skuli einnig gilda um greiðslu aðstöðugjalds. Hefur verið talið, að svo væri, en eins og í grg. segir, hefur reynt á þetta í dómsmáli og niðurstaðan var sú, að það var talið skorta lagaheimild til þess að gera lögtak í séreign annars hjóna til tryggingar á aðstöðugjaldi vegna sameiginlegs fyrirtækis hjónanna.

Með 2. gr. er lagt til að það ½%, sem nú fellur til starfsemi Sambands ísl. sveitarfélaga, hækki í 1%. Sú heimild er í l. nr. 43 frá 1966, og er það ákvæði alveg samhljóða 2. gr. frv., nema hvað samkv. núgildandi lögum er það ½%, sem þannig á að fara til sérþarfa sambandsins.

Þá er með 3. gr. lagt til, að þarna komi nýr stafliður í 15. gr. tekjustofnalaganna þar sem heimilað er að greiða sérstakt framlag þeim sveitarfélögum, þar sem íbúum hefur fækkað næstliðið ár. Það er svo aftur samkvæmt 5. gr. frv. kveðið á um, hvernig þær greiðslur skuli reikna út, sem er í stuttu máli þannig, að það er reiknað út meðalútsvar á hvern íbúa í sveitarfélaginu, og þegar svo hefur fækkað þar, þá er þetta meðalútsvar margfaldað með tölu brottfluttra íbúa. Sú greiðsla gengur svo til sveitarfélagsins.

Þá er í 4. gr. lagt til, að í stað þeirra 3%, sem nú renna til þeirra þarfa, sem þar segir, verði þau hækkuð í 4%. Í grg. með frv. segir, að þetta fé, sem þarna er um að ræða, hafi aðallega gengið til þeirra sveitarfélaga, sem hafa notað útsvarsstigann með fullu lögleyfðu hámarksálagi, og þó hafi útsvarstekjurnar ekki nægt til að mæta eðlilegum útgjöldum sveitarfélagsins. Þar segir einnig, að á árinu 1969 hafi þessi 3% gefið 10.5 millj. kr., auk eftirstöðva frá fyrra ári. Einnig segir þar, að það sé ekki útlit fyrir, að 3% af tekjum jöfnunarsjóðs nægi til þessara aukaframlaga árið 1970, og því er lagt til, að þetta verði hækkað upp í 4%.

Þá er loks það ákvæði, sem er ekki hvað þýðingarminnst af þeim breyt., sem í frv. felast, en það er, að með því er lagt til að falli niður hin svonefndu skiptiútsvör. Í núgildandi lögum segir, að ef gjaldandi flyzt búferlum milli sveitarfélaga, þá skuli skipta útsvarinu milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við þann tíma, sem hann hefur átt búsetu í hvoru þeirra. Þessi mál hafa oft valdið miklum erfiðleikum og miklu þvargi, og það hefur sýnt sig, að það borgaði sig tæplega að standa í öllum þeim bréfaskriftum og þrasi, sem þessu fylgir, auk þess að niðurstöður fást oft ekki fyrr en seint og síðar meir. Það hefur m. a. leitt til þess, að sveitarfélögin hér í Reykjaneskjördæmi ásamt Reykjavíkurborg hafa t. d. gert með sér samkomulag um að fella niður skiptikröfur. Í frv. segir, að þrátt fyrir það, – og að sjálfsögðu hefur þessum málum fækkað gríðarlega við það, að þessi landshluti allur, ásamt höfuðborginni, hefur komið sér saman um að fella niður slíkar kröfur, – þá hafi samt á árinu 1968 verið kveðnir upp 1000 skiptiútsvarsúrskurðir. Og eins og í grg. segir hefur þó mörgum kröfum verið synjað, m. a. vegna þess að þær voru of seint fram komnar.

Nú varð nokkur breyt. á frv. í hv. Nd., að því er þetta ákvæði varðar, og er þá breyt. að finna á þskj. 681, eins og frv. er eftir 2. umr. í Nd. Það er sem sé ekki algjörlega sleppt öllum skiptiútsvörum, heldur segir þar: „Sveitarfélag, þar sem útsvar er á lagt, hlýtur aldrei minna en ¼ hluta af útsvari, sem skipt er samkvæmt d-lið 2, og eigi verður útsvari þá skipt, nema í hlut þess sveitarfél., sem skiptikröfu gerir, komi a. m. k. 75 þús. kr." Þetta þýðir auðvitað, að allur fjöldinn af skiptikröfum yrði með þessu úr sögunni. Það er sjálfsagt ekki nema lítill hluti af útsvörum, sem eru það há, að þetta nái til þeirra. Samt er sá varnagli sleginn við þessu, að upphæðin megi vera lægri, hún þurfi þó ekki að ná 75 þús. kr., ef hún eigi að síður nemi a. m. k. 5% af heildarútsvörum þess sveitarfélags, sem kröfuna gerir, og er það að sjálfsögðu gert til þess að fyrirbyggja það, að tekjumissir samkv. þessu verði tilfinnanlegur fyrir smærri sveitarfélög.

Það eru að sjálfsögðu mörg ákvæði tekjustofnalaganna, sem ástæða væri til að endurskoða og breyta, og það er vitað, að Samband ísl. sveitarfélaga hefur haft þar ýmis atriði til athugunar, en mun þó ekki hafa talið rétt á þessu stigi að setja fram till. um fleiri breytingar. Þessar breytingar allar eru þess háttar, að það má ætla, að samkomulag geti orðið um þær og málið fái þess vegna greiðan framgang. Einnig er á það að líta, að þegar horfið verður að staðgreiðslukerfinu, þá verður auðvitað nauðsynlegt að endurskoða algerlega tekjustofnalögin og þá að sjálfsögðu margt, sem m. a. hefur verið rætt hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga og komið þar til athugunar.

Eins og fram kemur í nál. á þskj. 753, hefur heilbr.- og félmn. athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
8.–9. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 788).

66. Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins (frv. MB o. fl.).

Á 24. fundi í Sþ., 16. des., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 74 28. maí 1969, um breyt. á l. nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins [130. mál] (þmfrv., A. 184).

Á 36. fundi í Nd., 13. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., 15. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Frv. það, sem ég flyt hér, ásamt 10. landsk. þm. og 10. þm. Reykv., er um breyt. á l. um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Eins og þdm. er í fersku minni, voru gerðir í febrúar á s. l. ári samningar á milli sjómanna og yfirmanna á bátaflotanum og útvegsmanna, og í miðlunartill., er sáttasemjari ríkisins lagði fram til lausnar kjaradeilu yfirmanna á bátaflotanum og útvegsmanna 12. febr. 1969 og voru lögfestar 18. febrúar sama ár, fólst að aflatryggingasjóður greiðir nú hluta af fæðiskostnaði lögskráningarskyldra sjómanna. Til þess að standa straum af þessum kostnaði hét ríkisstj. að hlutast til um, að lagt verði 1% almennt útflutningsgjald á fob-verðmæti fiskafurða, sem greitt er útflutningsgjald af. Þetta gjald var svo lögfest á s. l. vori og er greitt til áhafnadeildar aflatryggingasjóðs. Það er greitt með þeim hætti, að sjómenn á bátum, sem hafa lögskráningarskyldu, fá greitt ákveðið gjald á hvern úthaldsdag þessara skipa og þá eftir stærð skipa í tveimur flokkum, en áhafnir báta, sem ekki hafa lögskráningarskyldu, eða báta, sem eru undir 12 rúmlestum, fá ekkert upp í sinn fæðiskostnað, enda var ekki deilt í þessum samningum um kjör þeirra, svo að þeir urðu því eftir.

Með flutningi þessa frv. leggjum við til, að áhafnir báta innan 12 rúmlesta fái einnig greiðslu upp í fæðiskostnað sinn, eins og áhafnir skipa, sem hafa lögskráningarskyldu, og leggjum til, að 85 kr. verði greiddar á úthaldsdag og á hvern áhafnarmann eins og er á skipum innan við 120 rúmlestir. Jafnframt því teljum við rétt, að setja skyldur á útvegsmenn þessara minni báta, því það má segja að það sé tryggt, að öll skip, sem hafa lögskráningarskyldu, taki hina frjálsu slysatryggingu, sem svo er kölluð, fyrir sínar áhafnir, en því miður hefur verið mikill misbrestur á því, að eigendur hinna minni báta hafi tekið slíkar slysatryggingar, því að enginn opinber aðili hefur getað fylgzt með því, þar sem ekki hefur verið um lögskráningarskyldu að ræða. Nú kann einhver að spyrja, hvers vegna við flytjum þá ekki frv. um það að lækka lögskráningarskyldumarkið, sem væri einmitt æskilegast að gera. En við förum ekki þá leið, heldur þessa, að breyta lögum um aflatryggingasjóð, vegna þess að við teljum, að þó lögskráningarskyldan verði færð niður, þá muni verða misbrestur á því, að lögskráð verði á þessi minni skip, og því sé betra og skynsamlegra að sameina það, að menn fái fé úr þessum sameiginlega sjóði, en verði þá um leið að taka á sig ákveðnar skyldur í þessum efnum. Ég hygg, að með þessari aðferð sé langbezt tryggt, að þessar frjálsu tryggingar verði almennt teknar.

Enn fremur þykir okkur rétt að setja frekari skilyrði, eins og það að áhafnir þessara báta hafi fulla atvinnu af þessum störfum eigi skemmri tíma en 6 mánuði á ári, því að við ætlumst ekki til þess, að þeir, sem stunda veiðar á litlum bátum tiltölulega stuttan tíma og það oft meira sem sport heldur en aðalatvinnu, njóti þessa. Þess vegna setjum við þetta ákvæði inn í 1. gr. Frv. er flutt til þess að koma í veg fyrir, að það sé misræmi á milli báta, sem gerðir eru út á sömu veiðar á sama tímabili, þ. e. að áhafnir báta yfir 12 rúmlestir fái greiðslu upp í sinn fæðiskostnað, en á bátum, sem eru undir 12 lestum, þar fái áhöfnin enga greiðslu. Í einstaka verstöðvum við einstakar veiðar er hér um misræmi að ræða, sem hefur verið ákaflega illa séð og illa tekið af sjómönnum, en við teljum nú að sé leiðrétt, með því að samþ. þetta frv.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og sjútvn. að lokinni þessari umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Eðlilegt er, að leitazt sé við að bæta úr misrétti, en eins og kom fram hjá hv. flm. eru verulegir annmarkar á því, eins og löggjöf er nú og raunar framkvæmd einnig, að fylgjast með því, hversu langur útgerðartími þessara skipa er og hver raunverulegur mannafli stundi veiðarnar. Hann benti raunar á ráð og í frv. er bent á ráð, sem á að tryggja að misnotkun eigi sér þarna ekki stað. Spurningin er, hvort það er nógu haldgott. Ég hef ekki gert mér grein fyrir því, en n. athugar það að sjálfsögðu. En það, sem ég vildi fyrst og fremst benda á, er, að þetta fyrirkomulag um fæðisgreiðslur er í raun og veru hluti af samningum, sem gerðir voru á milli sjómanna og útvegsmanna í fyrra. Þó að ríkið væri þarna formlegur aðili, þá var þarna um að ræða raunverulegan hluta þeirra samninga, sem tókust. Og ef bæta á við nýjum skuldbindingum, hvort sem það er í þessu sambandi eða öðru, og legg ég áherzlu á það að gefnu tilefni, sem ég skal ekki fara frekar út í, þá þarf að sjá fyrir auknu fé í því skyni, því það var aldrei ætlunin og kom aldrei til greina af hálfu ríkisvaldsins, að ríkissjóður ætti að taka á sig verulegar eða ótakmarkaðar skuldbindingar í þessu. Það var gert ráð fyrir því, að þessi gjaldstofn stæði undir greiðslunum, og ef menn ætla að bæta á þann gjaldstofn, þá verður að sjá fyrir fé í því skyni. Þetta vil ég að liggi alveg ljóst fyrir, vegna þess að af hálfu ríkisvaldsins var í fyrra aldrei ráðgert, að þarna væri verið að taka greiðslur úr ríkissjóði sem nokkru

næmi. Þó að það kynni að verða þörf á því um sinn að mjög takmörkuðu leyti, vegna þess hversu seint þessi gjöld voru lögákveðin í fyrra, þá var þar um algerlega sérstakt tilvik að ræða.

Flm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það var aðeins út af aths. hæstv. forsrh., að ég vildi segja nokkur orð. – Í sambandi við greiðslu til áhafnadeildarinnar við aflatryggingasjóð er nú farið eftir lögskráningu eingöngu, en nú vitum við það, að þó að lögskráð sé á skip, hamlar veður oft veiðum langtímum saman, svo að lögskráningarskyldan og lögskráningin ein gildir í þeim efnum, enda eru menn þá ráðnir til þeirra starfa, þó að þeir kannske borði ekki um borð hvern dag. En í sambandi við þá breytingu, sem við leggjum til að gerð verði, tökum við í raun og veru upp enn þrengra skilyrði gagnvart hinum minni bátum, bátum neðan við lögskráningarskylduna, þar sem það er háð því, að trúnaðarmenn Fiskifélags Íslands staðfesti bæði úthaldsdagafjöldann og áhafnarstærð. Nú verður maður að ætla að trúnaðarmenn Fiskifélagsins staðfesti aldrei annað en það, sem er satt og rétt, og sömuleiðis hitt, að frv. gerir ráð fyrir, að þetta sé ákaflega takmarkaður fjöldi skipa, sem kemur til með að auka tiltölulega lítið útgjöld áhafnadeildar aflatryggingasjóðs, sérstaklega vegna þess að yfirleitt er útgerð báta af þessari stærð svo stuttan tíma af árinu, að þeir eru tiltölulega mjög fáir, sem eru gerðir út í 6 mánuði eða lengur. Yfirleitt eru þessir litlu bátar, 5–7 eða 8 tonna bátar, gerðir út yfir hásumarið og þá kannske 3–4 mánuði, og til þessa nær þetta frv. ekki.

Hins vegar má aftur segja, eins og ég nefndi áðan, að það sé auðvitað hróplegt misræmi, þegar bátar, sem eru gerðir út og menn hafa aðalstarf af, – þá verður mér hugsað til báta eins og t. d. rækjubáta bæði á Ísafirði, við Arnarfjörð, við Húnaflóa og víðar, sem eru gerðir út meginhluta vetrar, en eru gerðir út á handfæraveiðar yfir sumarmánuðina, – þessir bátar eru með það langan úthaldstíma, flestir hverjir með um 9 mánuði, sem eru einmitt þau takmörk, sem t. d. Vátryggingarsjóður setur um greiðslur af iðgjöldum skipanna, að ég tel, að ef báturinn er undir 12 tonnum, þá sé það auðvitað misrétti að áhafnir þess báts fái ekki upp í fæðiskostnað eins og áhafnir báta, sem eru yfir 12 rúmlestir. Það er einmitt þetta misræmi, sem við erum að reyna að leiðrétta og við teljum að kosti tiltölulega lítið. Hitt er svo alveg rétt og auðvitað þörf ábending hjá hæstv. forsrh., að það er aldrei hægt að segja um það fyrir fram, hvort þessar tekjur nægi til þess að standa undir tilteknum útgjöldum, en það, sem lagt var til grundvallar, þegar þessi löggjöf var sett í fyrravor, var 1% af fob-verði útfluttra sjávarafurða, sem þá var talið að mundi nægja til þess að inna þessar greiðslur af hendi. Úr því að það var talið nægja að setja 1% gjald á þá, tel ég, að það muni nægja eftir árið 1969, þegar varð töluverð aukning afla og það hefur komið meira í þennan sjóð heldur en reiknað var með. Það er hærra fiskverð og hærra afurðaverð, sem gerir það að verkum, að það á að koma meira inn í sjóðinn. En hitt er svo höfuðatriði málsins, að þeim, sem fiska á þessum bátum undir 12 rúmlestum, hefur verið gert að skyldu að greiða í þennan sjóð, eins og hinum, og það finnst mér vera höfuðatriði þessa máls og réttlæti, að þessi breyting sé gerð. Hitt er auðvitað alltaf erfitt að segja til um, hvort þessi tekjustofn nægi um langa framtíð, en þá er það auðvitað alltaf til athugunar að breyta þar um og auka fé, til þess að það hrökkvi fyrir útgjöldum úr þessum sjóði sem öðrum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 184, n. 566).

Frsm. (Sverrir Júlíusson): Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á l. um aflatryggingasjóð var vísað til sjútvn. hinn 15. jan. s. l. N. hefur athugað frv., en í því felst sú breyting, að áhafnadeild aflatryggingasjóðs verði gert skylt að greiða skipverjum á bátum undir 12 rúmlestum fæðispeninga.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að við samningana um áramótin 1968 og 1969 var samið um, að skipverjum skyldi greiddur ákveðinn hluti af fæðiskostnaði og tekna til þess aflað á sérstakan hátt, með því að leggja 1% útflutningsgjald á útfluttar sjávarafurðir. Samningar þessir náðu til sjómannafélaganna innan Alþýðusambandsins, þ. á m. Sjómannasambandsins og Farmannasambandsins annars vegar og Landssambands ísl. útvegsmanna hins vegar. Þessir samningar náðu aðeins til báta yfir 12 rúmlestum, en eins og gengið var frá lagasetningu í sambandi við málið, voru skipverjum greiddar 85 kr. fyrir hvern fæðisdag á bátum upp að 100 lestum, en 100 kr. á bátum yfir 100 lestum. En þetta frv., sem flutt er af hv. þm., Matthíasi Bjarnasyni, Sverri Júlíussyni og Pétri Sigurðssyni, felur í sér þá breytingu, að þetta gildi einnig um sjómenn á bátum undir 12 rúmlestum. Það er nú þannig, að útflutningsgjaldið, sem ég talaði um áðan, nær einnig til þess afla, sem þeir bátar fá, þótt þeir væru í upphaflega frv. undanskildir með fæðisgreiðslur, þar sem ekki er lögskráð á þá báta.

Ég sagði áðan, að sjútvn. hafi fengið þetta til athugunar, og leitaði hún umsagnar 4 aðila, eins og fram kemur á þskj. 566, þ. e. a. s. Fiskifélagsins, sem fer með stjórn aflatryggingasjóðs eða afgreiðslu hans, en fiskimálastjóri er formaður sjóðsins og jafnframt formaður og framkvæmdastjóri Fiskifélagsins. Fiskifélagið gaf ýmsar upplýsingar um stöðu sjóðsins, en tók ekki efnislega afstöðu til brtt. þessa frv. M. a. benti það á, að það mundi koma til með að vanta tekjur í áhafnadeildina, ef þessi viðbót yrði samþ. Í frv. er gert ráð fyrir, að þetta verði greitt allt frá 19. febr. 1969, eða frá þeim tíma er þessi skipan var upp tekin. Þeir telja að það muni geta kostað bæði þessi ár, 1969 og 1970, 9–10 millj. kr. aukningu á útgjöldum áhafnadeildarinnar, ef frv. verður samþ. En m. ö. o., við getum gengið út frá því, að þessi aukning geti numið allt að 5 millj. kr. á ári.

Umsögn Sjómannasambandsins er jákvæð, en þeir leggja til, að til viðbótar því, sem segir í frv. á þskj. 184, þá verði eigendur 12 rúmlesta báta og minni skyldaðir

til þess að kaupa líf- og örorkutryggingar, sem séu í samræmi við heildarkjarasamninga á milli sjómannasamtakanna og samtaka útvegsmanna.

Landssamband ísl. útvegsmanna fékk þetta einnig til umsagnar. Meiri hluti stjórnar þess mælti á móti samþykkt frv., og þó það komi ekki fram í bréfinu, þá get ég skýrt frá því, að aðalsjónarmiðið, er réð afstöðu þeirra, var, að smærri bátar taka frekar menn frá stærri bátunum, sem vissulega þarf að halda úti, og geta þess vegna stefnt útgerðarrekstri þeirra í hættu. En eins og ég sagði, voru um þetta skiptar skoðanir, en ég mæli eindregið með því, að þessi till., sem hér er fram borin, verði samþ., og vil einmitt benda á, að það, sem liggur til grundvallar, er í fyrsta lagi það, að þessir aðilar eru raunverulega skattlagðir eins og aðrir, og svo er einnig um það að ræða, að það er alltaf spurning um, hvar eigi að draga mörkin, þegar um slíkar lagasetningar sem þessa er að ræða.

Ég hef hér fyrir framan mig skýrslur frá 4 bátum. Einn þessara báta nær 12 lestum, á tímabilinu frá 19. febr. til 8. des. hefur honum verið haldið til veiða og sjóferðir eru 75. Þessi bátur á samkv. gildandi lögum að fá greiðslu. Svo kemur bátur, sem er 11.69 lestir. Honum er haldið til veiða á sama tíma. Hann hefur farið 96 sjóferðir, eða 21 sjóferð fleira en hinn, er ég áðan nefndi. Hann á engar bætur að fá, engar greiðslur í sambandi við þetta. Þriðja tilfellið er 10.2 lesta bátur. Þar er mjög svipaður úthaldstími. Hann byrjar aðeins fyrr og hans sjóferðir eru 82.

Nú er í frv. gert ráð fyrir því, að fæðiskostnaðargreiðsla fari eftir úthaldsdögum, og í frv. okkar þremenninganna var gert ráð fyrir, að það yrði nokkuð þrengra en hjá bátum yfir 12 rúmlestum. N. telur, að það sé fyrirbyggt að hinir svokölluðu sportfiskimenn geti fengið þessar greiðslur, heldur aðeins þeir, sem hafa atvinnu af þessu.

Hv. sjútvn. þessarar virðulegu d. hefur, eins og ég sagði áðan, athugað þetta mál mjög gaumgæfilega og leggur einróma til, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu, eins og segir á þskj. 566, með leyfi hæstv. forseta:

„Síðari hluti 1. gr. frv. á eftir orðunum „skemmri tíma en" orðist svo:

5 mánuði á ári og eigendur þessara báta tryggi áhafnir sínar sömu slysatryggingum svo og líf- og örorkutryggingum, sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna."

Þarna er bætt inn líf- og örorkutryggingum, sem eru 400 þús. kr. á ári. Þessi kvöð verður sett á, ef þeir eiga að njóta þessara réttinda. Einnig breytti n. því, að í staðinn fyrir 6 mánuði, sem frv. gerði ráð fyrir, sé miðað við 5 mánuði. Það, sem þar réð mestu um, er, að það eru einmitt bátar af þessari stærð, sem sækja sjó t. d. frá Austfjörðum og til Langaness á sumrin, og eru þá oft og iðulega tvo og jafnvel þrjá daga úti í einu. Til þess að tryggt sé, að þeir komi undir þessi ákvæði, þá var þessi breyting gerð. Það má segja, að þarna sé vissulega nokkur þrenging frá því, sem nú er, samkvæmt fyrri ákvæðum eða þeim lögum, sem í gildi eru, en það er gert til þess að það séu eingöngu þeir, sem hafa af þessu atvinnu, en ekki þeir sem hlaupa í þetta af nokkurri sportmennsku, sem njóta þessa.

Ég er því miður ekki með orðalagið á samningnum um líf- og örorkutryggingar, sem ég ætlaði þó að hafa hér við höndina, en hann er prentaður í samningi, sem gerður hefur verið milli þeirra aðila, sem ég hef rætt hér um, og ber að líta á það orðalag sem skilyrði fyrir því, að þessi greiðsla verði innt af hendi, ef brtt. sú, sem n. flytur, verður samþ. og nær fram að ganga.

Að síðustu vil ég segja, að þegar samið var um greiðslu fæðispeninga til áhafna, þá var ekki gert ráð fyrir því, að ríkissjóður þyrfti að greiða neitt í sambandi við það mál, heldur væri þetta eina prósent af útflutningsgjaldinu nægilegt til þeirra hluta. Það vita allir, að 1969 hófst vertíðin ekki á tilsettum tíma vegna deilu milli sjómanna og útvegsmanna, eða ekki fyrr en 19. febr., svo að þess vegna mun minni afli hafa komið á land heldur en ella hefði orðið og tekjur af þessu gjaldi árið 1969 urðu nokkuð lægri en þær hefðu þurft að vera. Nú liggur það ekki fyrir samkv. síðustu upplýsingum, sem ég hef fengið, hvað þetta eina prósent hefur gefið í tekjur, svo þess vegna er ekki hægt á þessari stundu að segja neitt ákveðið um það, hvort þessar tekjur muni hrökkva eða ekki. Þótt ríkissjóður hafi orðið að hlaupa undir bagga, með því að lána áhafnadeildinni, þá er það annars eðlis. En ég vil taka það fram, að það hefur ekki verið ætlazt til þess, að frá ríkinu kæmu peningar til þessara hluta, heldur væri þessi skattlagning látin duga.

Ég vildi taka þetta fram vegna þess, að ef það sýnir sig, að endurskoðunar þurfi við vegna þessa gjalds, þá getur það að sjálfsögðu komið til greina, en eins og ég hef þegar sagt, þá er ekki gert ráð fyrir því, að ríkið leggi sérstaklega í þessa deild aflatryggingasjóðs, þ. e. a. s. áhafnadeildina, heldur verði tekna aflað á þennan hátt og þá með breytingum til hækkunar, ef með þarf.

Herra forseti. Ég legg til fyrir hönd sjútvn., að brtt. á þskj. 566 verði samþ. og málinu síðan vísað til 3. umr.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Eins og hv. þdm. muna ef til vill, var ég andvígur þeirri lagasetningu, sem hér var samþ. á s. l. ári, þar sem tekið var upp það fyrirkomulag að stofna til þessarar svonefndu áhafnadeildar við aflatryggingasjóð og greiða úr þeirri deild tiltekinn hluta af fæðiskostnaði skipshafna. Ég benti þá sérstaklega á það, að eins og fyrirhugað væri að skipa þessum málum, þá mundi það fara þannig, að allir smábátar í landinu, sem eru orðnir æðimargir undir 12 rúmlestum að stærð, þeir féllu fyrir utan þennan lagaramma, en þó þannig, að þeir bátar væru skattlagðir til þessa kerfis, þótt þeir, sem á þeim störfuðu, gætu ekki notið hlunninda samkvæmt lögunum. Ég veit, að ýmsum hv. alþm. var ljóst, að þetta var mjög óæskilegt fyrirkomulag, og það hefur auðvitað komið í ljós, að þarna hefur skapazt mesta óréttlæti.

Það frv., sem hér liggur fyrir til umr., gerir ráð fyrir verulegri lagfæringu í þessum efnum, en þó er rétt að gera sér grein fyrir því, að því fer þó fjarri, að misréttið sé að fullu afnumið. Verði þetta frv. samþykkt, geta allflestir smærri bátar, sem eru þilfarsbátar, en þó undir 12 rúmlestum að stærð, komið hér til greina samkvæmt þessu fyrirkomulagi, en eitthvað af slíkum bátum, sem ekki hafa 5 mánaða úthald á ári, falla þó hér utan við og halda áfram að borga gjöld í sjóðinn án þess að geta

fengið bætur úr honum. Svo eru allir opnu smábátarnir í landinu, þeir halda áfram að vera skattlagðir í sjóðinn, en þeir, sem á þeim starfa, geta ekki fengið neinar greiðslur úr sjóðnum. Eins er það, að togararnir verða áfram skattlagðir í þennan sjóð, þó að fæðisgreiðslur þar séu samkvæmt allt öðrum reglum, og greiðslur úr þessum sjóði koma ekki til með að ganga til áhafna togaranna. Það er sem sagt ekkert um það að efast, að enn þá er eftir verulegt misrétti í þessu og hér er því um mjög ófullkomna leiðréttingu að ræða, en þó skref í rétta átt að mínum dómi.

Ég hef sem sagt verið með því að leggja til að gera þessa breyt. á lagaákvæðunum, sem sjútvn. Nd. hefur öll staðið að, af því ég tel, að hér sé um talsverða leiðréttingu að ræða, en því fer þó fjarri, að hér sé um fullkomið jafnrétti að ræða. Það er skoðun mín, að það beri að stefna að því að afnema aftur þessa áhafnadeild, og ég álít, að útgerðarmenn eigi sjálfir að semja um það á eðlilegan hátt við skipverja að greiða einhvern hluta eða allan hlutann af fæðiskostnaði, en það eigi ekki að greiða hann á þennan hátt, sem hér er gert ráð fyrir, þ. e. a. s. að leggja ákveðinn skatt á allan útfluttan fisk, leggja hann svo í einn sameiginlegan sjóð og greiða svo fæðiskostnaðinn úr þessum sameiginlega sjóði. Þetta greiðslufyrirkomulag er í eðli sínu óréttlátt og afskaplega erfitt í meðförum. Þetta kemur t. d. þannig út, að bátar, sem fiska mikið, eru látnir borga miklu meira í fæðiskostnað en aðrir. Ég er líka næstum viss um það, að afleiðingin verður sú, að ef menn venjast við þennan sameiginlega fæðiskostnaðarsjóð, þá vaxa kröfurnar til hans, og er þá ósköp hætt við því, að útgjöldin í þessum efnum fari vaxandi.

En sem sagt, ég stend **ásamt öðrum sjútvn.-mönnum** að því að gera þá leiðréttingu á lögunum, sem felst í þessu frv. og þeirri brtt., sem sjútvn. leggur hér fram, því ég tel, að hér sé um það að ræða að leiðrétta að nokkru það misrétti, sem þarna var, þó það fáist ekki full leiðrétting á því.

ATKVGR.
Brtt. 566 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 78. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 593, 594).

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Þetta frv., sem nú liggur fyrir til 3. umr., er um breyt. á l. um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins og efni þess er, að áhafnadeild sjóðsins skuli greiða eigendum fiskibáta með þilfari, sem ekki hafa lögskráningarskyldu, hluta af fæðiskostnaði sjómanna þeirra báta, en samkv. lögunum, eins og þau nú eru, fá útgerðarmenn slíkra báta, þ. e. a. s. þilfarsbáta undir 12 rúml., ekki slíka greiðslu úr sjóðnum. Það hefur verið á það bent þessu til rökstuðnings, að af afla þessara báta séu inntar af hendi greiðslur í sjóðinn og sé því eðlilegt, að til þessara báta komi einnig greiðslur úr honum með þeim skilyrðum, sem nánar eru tilgreind í 1. gr. frv.

Nú vil ég leyfa mér að benda á það, að töluvert er gert út hér á landi af opnum vélbátum og af afla þeirra er greitt gjald í sjóðinn, en þessari útgerð opinna vélbáta er ekki ætlað skv. frv. eins og það nú er að njóta hlunninda.

Brtt. *mín á þskj.* 594 er þess efnis, að ákvæði frv. nái einnig til hinna opnu vélbáta, sem stunda fiskveiðar. Vil ég freista þess að fá hv. d. til að fallast á þetta, sem mér virðist sanngirnismál.

Frsm. (Sverrir Júlíusson): Herra forseti. Vegna brtt. þeirrar, sem fyrir liggur á þskj. 594 frá hv. 1. þm. Norðurl. e., vil ég leyfa mér að taka fram, að ég sem einn af upphaflegum flm. þessa frv. og síðan frsm. sjútvn. get ekki fallizt á, að þessi breyting verði á gerð. Ég vil rifja upp, að það var einmitt í ársbyrjun 1969, sem samið var um það milli sjómannafélaganna og Landssambands ísl. útvegsmanna, að fæði skyldi greitt fyrir skipverja á bátum, og náði það eingöngu til báta yfir 12 lestum. Þetta frv. er búið að vera til athugunar hjá hv. sjútvn. nokkuð lengi, og í umsögn frá þessum aðilum er annar samningsaðilinn á móti þeirri breytingu, sem sjútvn. var sammála um að bera fram. Hinn aðilinn, sem er Sjómannasamband Íslands, vildi samþ. þessa breyt. með því, að til viðbótar við það, sem upphaflega var í frv., kæmi sú kvöð á eigendur þessara báta, að þeir auk slysatryggingar kaupi líf- og örorkutryggingu, eins og samið var um í heildarsamningum milli útvegsmanna og sjómanna, en um það segir í 18. og 19. gr. samninganna, og ætla ég að leyfa mér að lesa það hér upp:

„Útgerðarmaður tryggir á sinn kostnað hvern þann mann, er samningur þessi tekur til, samkv. hinum almennu skilmálum um atvinnuleysistryggingu, fyrir 400 þús. kr., miðað við dauða eða fulla örorku, sbr. framlögð tryggingaskírteini. Sérákvæði um fyrirvara á tryggingu yfirmanna í frítímum skal einnig ná til annarra skipverja. Upphæðin greiðist aðstandendum hlutaðeigandi skipverja, ef hann deyr, en honum sjálfum, ef hann verður óvinnufær að dómi læknis. Trygging þessi kemur að fullu til frádráttar slysa- og dánarbótakröfu á hendur útgerðinni.“ Enn fremur er 19. gr. um ábyrgðartryggingu, þar sem segir: „Útvegsmenn skuldbinda sig til þess að taka ábyrgðartryggingu, samkv. hinum almennu skilmálum fyrir ábyrgðartryggingu, fyrir allt að 1 millj. 250 þús. kr. fyrir hvert einstakt tjón með hámarksgreiðslu til hvers einstaklings allt að 500 þús. kr.“

Ég viðurkenni það sjónarmið, sem fram kemur hjá hv. þm., að það getur alltaf verið matsatriði, hvar á að draga línurnar, en í þessu tilfelli get ég ekki fallizt á, að það verði gengið lengra en frv. það, sem hér liggur fyrir til umr., gerir ráð fyrir með þeirri breyt., sem þegar er búið að samþ.

Ég vil leggja áherzlu á, að það er einmitt mjög miklum erfiðleikum bundið að fylgjast með öllum hreyfingum opnu vélbátanna, en eins og stendur í frv. þá skal þetta vera bundið við atvinnu manna, þ. e. að þeir stundi þessa atvinnu í 5 mánuði. Þetta er vissulega

nokkuð þröngt, en ef fara á að útvíkka það, þá mundi ég álíta, að þessu máli væri stefnt í hættu, en réttarbót er þetta fyrir þá, sem tileinka sér þessa atvinnu, þótt menn séu ósammála um það.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að brtt. á þskj. 594 verði felld, en frv. samþ. óbreytt.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að halda áfram rökræðum um þetta mál. Mér skilst á hv. frsm., að í sjútvn. hafi orðið einhvers konar samkomulag um afgr. málsins. Ég fæ ekki séð, að það geti talizt réttmætt, að útgerð opinna vélbáta verði sett hjá við setningu slíkra laga sem þessara, og ég held, að ef framfylgt er ákvæði því, sem mun vera í frv. um það, að bátar þurfi til þess að njóta þeirra hlunninda, sem hér er um að ræða, að hafa verið gerðir út a. m. k. 5 mánuði á ári, þá muni það ekki verða margir opnir vélbátar, sem geta notið þessara hlunninda, og því sé ekki um mjög mikið fjárhagsatriði að ræða, heldur öllu fremur jafnréttisákvæði.

Ef ætti að miða ákvæði laganna sérstaklega við opna vélbáta, ætti lágmarks-úthaldstíminn náttúrlega ekki að vera svona hár, því það er mjög mikið um það, a. m. k. á Norðurlandi, að þessir bátar séu ekki gerðir út svona lengi.

Ég vil sem sé aðeins vekja athygli á því, að eins og frv. er úr garði gert, þá er ekki líklegt, að hér sé um stórt fjárhagsatriði að ræða fyrir sjóðinn, heldur sé hér öllu fremur um jafnréttismál að ræða.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 79. fundi í Nd., 21. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 594 felld með 13:9 atkv.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 75. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá því, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 77. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 593, 735).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. þetta felur í sér breyt. á l. um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins þess efnis, að áhafnadeild aflatryggingasjóðs skuli greiða eigendum fiskibáta með þilfari, sem ekki hafa lögskráningarskyldu, hluta af fæðiskostnaði sjómanna þeirra báta, 85 kr. á úthaldsdag, þ. e. sömu upphæð og nú er greidd til minni fiskibátanna.

Svo sem kunnugt er, var við lausn samninga á bátaflotanum í byrjun árs 1969 um það samið, að aflatryggingasjóður skyldi greiða hluta af fæðiskostnaði lögskráðra sjómanna á bátaflotanum. Til þess að standa straum af þessum kostnaði, var ákveðið að leggja á 1% gjald af fob-verði útfluttra sjávarafurða, annarra en þeirra, sem koma frá hvalveiðistöðvum og selveiðum. Það má þá segja, að til áhafnadeildar greiði allir framleiðendur fiskafurða. En áhafnir báta, sem eru undir 12 smálestum, fá hins vegar engar greiðslur úr sjóðnum upp í fæðiskostnað. Að sjálfsögðu má um það deila, hvar mörkin skuli draga, en með þeim takmörkunum, sem þetta frv. kveður á um, varðandi þessa stærð báta, ætti að vera séð við því, að óeðlileg greiðsla til þátttöku í fæðiskostnaði eigi sér stað.

Þá hafa n. borizt erindi frá Landssambandi ísl. útvegsmanna og Sjómannasambandi Íslands, þar sem þeir aðilar skýra frá því, að samkomulag hafi orðið um það við samningsgerð fyrir síðustu vetrarvertíð, að báðir þessir aðilar beittu sér fyrir því, að upphæðir þær, sem áhafnadeildin greiðir til þátttöku í fæðiskostnaði, skuli breytast, eftir því sem fæðisvísitala framfærslukostnaðar breytist, miðað við 1. jan. 1970.

Sjútvn. telur rétt að verða við þessari ósk samningsaðila og hefur því leyft sér að bera fram á sérstöku þskj. brtt. við frv., sem felur í sér slíkt ákvæði. Ég tel ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta mál, en vænti þess, að till. sjútvn. verði samþ. og frv., þannig breyttu, vísað til 3. umr. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Brtt. 735 samþ. með 16 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 769).

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 89. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. – Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Þetta frv. hefur áður verið til meðferðar í hv. Nd. og var afgr. héðan til Ed. Í Ed. hefur verið gerð sú breyt. á frv., að aftan við 1. gr. hefur bætzt svo hljóðandi mgr.: „Fjárhæðir þær, sem fram koma í a- og b-lið 1. mgr. og í 2. mgr., skulu breytast í samræmi við fæðislið framfærsluvísitölu frá 1. janúar 1970."

Það er ljóst, að þessi breyting kemur til með að hafa í för með sér nokkra hækkun á útgjöldum áhafnadeildar hjá aflatryggingasjóði. Um þetta atriði mun hafa verið rætt í sambandi við þá sjómannasamninga, sem gerðir

voru um s. l. áramót, og komu þá fram óskir um það frá báðum samningsaðilum, að ákvæði eins og þetta yrði tekið upp í lögin. Sjútvn. hv. d. er sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. með þessari breyt., þ. e. a. s. óbreytt, eins og það er komið frá hv. Ed. N. er hins vegar ljóst, að síðar mun e. t. v. koma til þess, að auka þurfi tekjur þessa sjóðs, sem greiðir hluta af fæðiskostnaði sjómanna. Það munu þeir aðilar, sem stóðu að sjómannasamningunum um s. l. áramót, gera sér alveg ljóst. Sú viðbót tekna, sem þyrfti að afla sjóðnum, yrði þá að sjálfsögðu tekin af óskiptum afla, eins og gert er með það eina prósent, sem nú stendur undir útgjöldum sjóðsins.

Sjútvn. d. leggur sem sé til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Þegar þetta mál var til 3. umr. í hv. Nd., þá leyfði ég mér að flytja brtt. þess efnis, að opnir vélbátar yrðu ekki hafðir útundan í þessu frv. Þessi till. hlaut ekki samþykki hér í d. og hv. Ed. hefur ekki heldur talið sig eiga að taka þetta tillit til þeirra, sem minnstir eru fyrir sér í sjávarútveginum en greiða eigi að síður í sjóðinn. Nú geri ég ráð fyrir, að þetta frv. verði að lögum, og mun ekki endurtaka þessa till., því það er ekki heimilt, en ég vil beina því til hæstv. sjútvrh., ef hann væri hér viðstaddur, ella til einhvers annars hæstv. ráðh., að taka þetta mál til íhugunar milli þinga.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 791).

67. Sala Eystra-Stokkseyrarsels.

Á 31. fundi í Sþ., 21. jan., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Eystra-Stokkseyrarsel og hluta af Vestra-Stokkseyrarseli í Stokkseyrarhreppi [145. mál] (þmfrv., A. 242).

Á 37. fundi í Ed., 22. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Ed., 26. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv. það til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Eystra-Stokkseyrarsel og hluta af Vestra-Stokkseyrarseli, sem hér er til 1. umr.

Jarðir þær, sem hér er um að ræða, hafa verið í eyði um nokkurt skeið, en frú Anna Valdimarsdóttir, sem býr með börnum sínum ungum á eignarjörð sinni, Stekkum, hefur haft þær undir og nytjað þær hin síðari ár, enda liggja löndin vel við heimajörðinni. Þessi fjölskylda býr myndar búi og hefur með dugnaði og áhuga tekizt að koma upp byggingum og auka ræktun, svo að heimajörðin er helzt til þröng fyrir þann bústofn, sem svarar til húsakosts og ræktarlands. Hefur því komið í góðar þarfir að eiga þess kost að fá aukna bithaga í landi Stokkseyrarsels, enda allar framkvæmdir við það miðaðar, að sú skipan héldist.

Nú liggur það fyrir, að elzti sonur ekkjunnar er mjög hneigður til búskapar og dugandi maður í starfi, og hefur hún því hug á því, að tryggja frekar en orðið er rétt sinn til landsins, með því að festa kaup á því sér til öryggis og börnum sínum.

Þegar þetta mál er skoðað, er það að sjálfsögðu mikilvægt, að í heimabyggðinni sé sú ráðstöfun lands, sem hér er ráðgerð, talin eðlileg og að hinir kunnugustu menn sjái ekki á því annmarka. Í grg. með frv. er þess getið, að hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps hafi tjáð sig samþykka því, að frú Anna fengi jörðina keypta. En ég vil geta þess til skýringar, að Stokkseyrarsel er í Stokkseyrarhreppi. Nú hef ég fengið í hendur útdrátt úr fundargerðabók hreppsnefndar Stokkseyrarhrepps frá 1. nóv. 1969, og segir þar svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Hreppsnefndin samþ. samhljóða, að hreppurinn hafni forkaupsrétti sínum á Stokkseyrarseli, ef frú Anna Valdimarsdóttir gerist kaupandi að því."

Að mínu viti sýnir orðalag þessarar samþykktar það, að hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps telur þessa ráðstöfun jarðarinnar þá eðlilegustu og sjálfsögðustu. Þá vil ég og benda á umsögn hreppsnefndar Sandvíkurhrepps, sem prentuð er með frv. sem fylgiskjal. Ég tel, að það styðji líka þá skoðun, að þessi sala jarðarinnar sé til hagsbóta fyrir búrekstur í Stekkum og því sjálfsögð og eðlileg.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til, að fjölyrða frekar um þetta frv., en leyfi mér að leggja til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 242, n. 621).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Um það frv., sem hér liggur fyrir til 2. umr., þarf ég ekki að hafa ýkjamörg orð. Ég lýsti því þegar við 1. umr. hér í þessari hv. d., hver rök lágu til þess, að þetta frv. var fram borið. Landbn. hefur haft frv. til meðferðar og leitað umsagnar um það, bæði frá landnámsstjóra og jarðeignadeild ríkisins, og eru umsagnir beggja þeirra aðila jákvæðar. N. varð og sammála um að mæla með því við hv. d., að frv. yrði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 79. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 81. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 242, n. 757).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Þetta mál er komið frá Ed. og fékk þar venjulega athugun. Leitað var umsagna bæði Landnámsins og jarðeignadeildarinnar, og mæltu báðar þær stofnanir með því, að frv. yrði samþ., svo og hreppsnefnd viðkomandi byggðarlags. Landbn. mælir einhuga með því, að þetta frv. nái fram að ganga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 92. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 823).

---

68. Atvinnuleysistryggingar (frv. BJ).

Á 18. fundi í Sþ., 3. des., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar [109. mál] (þmfrv., A. 132).

Á 21. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 24. fundi í Ed., 10. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa langa framsögu fyrir þessu frv., sem ég flyt hér til breytinga á lögum um atvinnuleysistryggingar. Frv. felur í sér þrjár breytingar á lögunum og þær eru allar mjög skýrar og auðskildar, þannig að þær miða allar að því að bæta úr tilfinnanlegu misrétti, sem nú er á rétti til bóta, en engan veginn neina endurskoðun á lögunum. Það mun vera svo, að til er starfandi nefnd, sem hafði verið skipuð í febrúar s. l. að mig minnir, til þess að endurskoða lög um atvinnuleysistryggingar, og mun hún sjálfsagt einhvern tíma skila áliti, en það hefur nú verið reynslan um endurskoðun á þessum lögum, að heildarendurskoðun, sem átti upphaflega að fara fram lögum samkv. fyrir 1958, hefur ekki enn þá séð dagsins ljós. Það hefur því samt reynzt nauðsynlegt öðru hverju, eftir því sem vankantar á lögunum hafa komið fram, að gera á þeim nokkrar breytingar, og álít ég þessar breytingar, sem fjallað er um í þessu frv., svo brýnar, að ekki sé efni eða ástæða til að bíða eftir þeirri heildarendurskoðun, sem kannske má vænta á næsta ári og e. t. v. síðar.

Þessar breytingar, sem hér er lagt til, að gerðar séu, eru í fyrsta lagi þær, að allir meðlimir sama verkalýðsfélags njóti óskoraðs réttar án tillits til þess, hvar þeir eru búsettir á félagssvæðinu. Það kann nú reyndar einhverjum, sem lögunum eru lítið kunnugir, að þykja kynlegt, að svo skuli ekki vera, en því fer mjög fjarri. Svo að dæmi sé nefnt, skulum við taka Mosfellssveitina og Reykjavík. Það er auðvitað sama félagssvæði, verkamannafélagsins Dagsbrúnar, og þessir menn vinna yfirleitt á sama vinnustað. Til skamms tíma hefur það verið svo, að íbúar í Mosfellshreppi hafa ekki notið bóta. Þetta hefur að vísu verið leiðrétt nú samkv. þeirri gr. laganna, sem heimilar slíkar breytingar, en þetta sýnir aðeins, hversu lögunum er ábótavant í þessum efnum. En það voru miklu fleiri en Mosfellshreppurinn, sem lögin ná nú til, sem þarna er um að ræða. Þarna er yfirleitt um að ræða íbúa, er búa nærri svo að segja hverju einasta sjávarþorpi í landinu, sem hafa verið dæmdir frá bótarétti, vegna þess að þeir búa ekki í þorpinu sjálfu. Sjá náttúrlega allir, hvaða misrétti hér er um að ræða, þegar þess er gætt, að þetta fólk vinnur á sama vinnustað og er í flestum eða mörgum tilfellum gjaldskylt til sjóðsins.

Við skulum taka sem dæmi verkamann hér ofan af Kjalarnesinu eða úr Kjósinni, sem er félagi í Dagsbrún. Hann vinnur austur við Búrfell. Þar er borgað af honum fullt gjald til atvinnuleysistryggingasjóðs, og nú er honum sagt upp vinnunni ásamt félögum sínum í Dagsbrún. Þá nýtur hann engra bóta, meðan Dagsbrúnarmaðurinn, sem búsettur er í Reykjavík, nýtur fullra bóta. Sú þróun hefur líka verið nokkuð ör á síðustu árum, að félagssvæðin taka yfir stærra svæði en áður. Ég nefni þar dæmi frá minni heimabyggð við Eyjafjörð, þar sem má segja, að eitt félag almenns verkafólks nái yfir allt Eyjafjarðarsvæðið frá Ólafsfirði til Akureyrar, en á því svæði eru þorp, sem ekki ná íbúatölunni 300, a.m.k. þrjú slík, og engir verkamenn eða verkakonur á svæðinu njóta sama réttar og félagar þeirra í Ólafsfirði, Dalvík og Akur-

eyri. Skiptir þar engu, þó að þeir hafi mestalla sína vinnu á svæði, sem er gjaldskylt. Ég játa að vísu, að sú breyting, sem hér er lögð til, bætir ekki fullkomlega úr þessu misrétti, sem hér er um að ræða, því að auðvitað ræður þar hið takmarkaða frelsi. Ef fullt jafnrétti ætti að ríkja í þessum efnum, þyrftu atvinnuleysistryggingalögin að ná til allra verkamanna og verkakvenna í landinu. Hér er samt ekki gengið svo langt, heldur aðeins miðað við það, að þeir, sem eru í sama verkalýðsfélagi, njóti sama réttar, og atvinnurekendur hafa að sjálfsögðu sömu skyldu og viðkomandi sveitarfélög til þess að gjalda í sjóðinn.

Þessi breyting á sér nægileg rök, svo sem ég hef nú sagt, og vissulega hefur það ekki verið neitt skemmtilegt verk fyrir stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs nú undanfarna atvinnuleysisvetur að dæma þessa menn frá bótum.

Þá er í öðru lagi gert ráð fyrir þeirri efnisbreytingu í frv., að ráðh. geti ákveðið, að lögin taki til svæða, sem hafa innan við 300 íbúa, ef sveitarfélagið, sem í hlut á, mælir með því og verkalýðsfélagið á staðnum æskir þess. Eins og nú er háttað þarf hér einnig að koma til samþykki vinnuveitenda. Í langflestum tilfellum, þegar sveitarfélög og verkalýðsfélög hafa óskað eftir, hefur ekki verið fyrirstaða frá atvinnurekenda hálfu í þessum efnum. Þó eru á þessu undantekningar, og allstórt sjávarþorp á Vesturlandi kemst ekki undir þessar bætur, jafnvel þó að sveitarfélög hafi óskað eftir því, verkalýðsfélög sömuleiðis og hæstv. félmrh. sé því áreiðanlega fylgjandi. Þarna strandar aðeins á einum atvinnurekanda og hann heldur málinu í sjálfheldu til stórtjóns fyrir íbúa staðarins og sveitarfélagið, sem í hlut á. (Gripið fram í.) Ég álít, að það sé ærin trygging fyrir því, að hér sé ekki farið út í neina vitleysu, ef hreppsnefnd í sveitarfélaginu, verkalýðsfélagið á staðnum og ráðh. eru allir sammála um, að lögin eigi að taka til staðarins, og eigi þá ekki að koma til neitunarvald atvinnurekandans.

En tilefni eru að vísu að því að þessi brtt. er gerð. Þau eru að vísu ekki mörg, en þetta tilfelli, sem ég nefndi, er mjög bagalegt og þarf tafarlaust úr því að bæta. Þá hafa verið miklar deilur og mikil vandkvæði um bótarétt þeirra manna, sem öðrum þræði stunda sjávarútveg, en þarna er um að ræða trillumenn og að verulegu leyti einnig verkamenn. Þarna eru skilin nokkuð óglögg um það, hvort þeir stunda verkamannavinnu að meiri hluta og öðlast þá bótarétt, þegar þeir verða atvinnulausir um stund, eða hvort þeir að meiri hluta stunda sjósóknina, sem venjulegast er þá á litlu eigin fari. Það eru ófáar klaganir, sem hafa komið út af þessu, og stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs hefur ekki talið sér fært með hliðsjón af lögunum annað en dæma þessa menn frá bótum, ef það hefur ekki verið fullsannað, að þeir hafi að meiri hluta unnið verkamannavinnu. Nú er auðvitað sá hængur hér á, að þessir menn eru ekki gjaldskyldir til sjóðsins, þegar þeir eru með sinn smáatvinnurekstur, og ef á að veita þeim einhvern bótarétt sem verkamönnum, þá verða þeir gjaldskyldir, ef þeir stunda sinn smárekstur. Nú er það svo, að þessi hópur manna ber oft mjög skarðan hlut frá borði, og er jafnvel mjög algengt, að þeir séu tekjulægri en verkamenn almennt. Þeir geta ekki af eðlilegum ástæðum stundað atvinnu sína sem smáútvegsmenn nema einhvern hluta úr árinu eða þar fellur a. m. k. mikið úr. Það sjá t. d. allir, að fyrir Norðurlandi mun ekki vera auðvelt að stunda útgerð á opnum bátum yfir háveturinn, þó að það sé nú gert að nokkru leyti, og þess vegna er ekki annars úrkosta fyrir þessa menn heldur en að skipta starfshlut sínum milli þessara tveggja starfsgreina.

Ég held, að sú lausn á málinu, sem ég legg hér til, sé vel framkvæmanleg, þ. e. a. s. sú, að smáútvegsmennirnir, sem róa á eigin fari og eru að nokkru leyti verkamenn, greiði gjald til sjóðsins eins og þeir væru atvinnurekendur, þegar þeir stunda slíka vinnu, en njóti þá bóta til jafns við aðra verkamenn, þegar þeir eru atvinnulausir.

Þá er hér einnig lagt til, til að auðvelda framkvæmd á þessu, að hver róðrardagur sé reiknaður sem vinnudagur, þegar grundvöllurinn er ákveðinn.

Ég ætla, að þessi fáu orð, sem ég hef nú sagt um þessa þrjá tilfinnanlegu vankanta á lögunum, muni nægja til þess að menn skilji, hvað hér er um að ræða. Þetta er að vissu leyti stórt mál. Þetta tekur sennilega frekar til þúsunda heldur en hundraða af mönnum, sem með alveg óeðlilegum hætti hafa verið sviptir bótarétti, og ég hugsa, að ef löggjafinn hefði í upphafi skoðað þetta niður í kjölinn, þá hefði þetta ákvæði, sem fyrirbyggir svona misrétti, verið sett inn í lögin upphaflega.

Ég endurtek það svo, að þrátt fyrir það að starfandi sé endurskoðunarnefnd laganna, þá höfum við slæma reynslu af, hvað slíkar nefndir eru lengi að störfum, en málið hins vegar aðkallandi. Það varðar m. a. afkomu þessara manna nú á þessum vetri. Ég vona, að hv. þd. fallist á að samþykkja þessar breytingar, og ætti það ekki að þurfa að brjóta neitt í bága við það endurskoðunarstarf, sem nú er verið að vinna.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 132; n. 468).

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fara ýtarlega út í þetta mál. Því voru gerð skil við 1. umr. málsins og eru það reyndar ekki svo flókin efnisatriði, sem hér er um að ræða, að þess gerist þörf að hafa um það mörg orð. En í þessu frv. voru upphaflega þrjú efnisatriði:

Í fyrsta lagi, að sett yrði inn í lög um atvinnuleysistryggingar það ákvæði, að allir meðlimir sama verkalýðsfélags njóti óskoraðs réttar til atvinnuleysisbóta án tillits til þess, hvar þeir eru búsettir á viðkomandi félagssvæði. En gildandi lög tryggja þetta

ekki, þegar um er að ræða, að eitt verkalýðsfélag nær bæði yfir staði, sem telja yfir 300 íbúa í þéttbýli, og fámennari byggðarlög.

Í öðru lagi var svo um það að ræða, að tryggður yrði réttur smáútvegsmanna, sem eru að öðrum þræði verkamenn, en róa á eigin fari að nokkru leyti. En samkv. núgildandi ákvæðum laganna njóta þeir einskis bótaréttar, nema þeir vinni verkamannavinnu að meiri hluta. Þetta atriði hefur skapað mikil vandkvæði í sambandi við framkvæmd laganna, en hér er gert ráð fyrir, að þetta verði leyst með þeim hætti, að þessir menn verði gjaldskyldir, þegar þeir eru með eigin atvinnurekstur, en njóti hins vegar bóta, þegar þeir stunda verkamannavinnu.

Loks var svo í frv. upphaflega gert ráð fyrir þeirri breytingu, að ekki þyrfti að koma til samþykki atvinnurekenda, ef ráðh. notaði heimild, sem hann hefur til þess að láta lögin taka til svæða, sem hafa innan við 300 íbúa. Við nánari athugun og í samræmi við umsögn stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs varð niðurstaða n., að ekki væri ástæða til þess að gera þessa breytingu, og flytur n. á þskj. 468 till. um það, að þetta efnisatriði frv. verði tekið út, en frv. samþ. að öðru leyti.

N. leitaði umsagnar nokkurra aðila um þetta frv., og bárust umsagnir frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Alþýðusambandi Íslands og stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs. Vinnuveitendasamband Íslands lagðist ekki gegn málinu, en taldi hins vegar ekki óeðlilegt, að það yrði látið bíða allsherjar endurskoðunar, sem því miður virðist ekki ætla að ganga fram á þessu þingi, eða a. m. k. er ekki neitt, sem bendir til þess. Alþýðusamband Íslands mælti með frv. og stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs mælti eindregið með því með þeirri breytingu, sem n. nú flytur. Niðurstaðan varð sem sagt sú í n., að allir nm. voru sammála um að leggja til, að frv. yrði samþykkt.

ATKVGR.
Brtt. 468 samþ. með 13 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 475).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 68. fundi í Nd., s.d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 69. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Ed. og er flutt til breyt. á 4. gr. laga um atvinnuleysistryggingar. Lög um atvinnuleysistryggingar hafa verið svo til óbreytt hvað snertir ákvæði um réttindi og þau ákvæði, sem þetta frv. fjallar um, frá því að þau voru sett á árinu 1956. Á s. l. þingi var þó gerð allveruleg breyting á þessum lögum hvað snertir bótarétt atvinnulausra manna. Það hefur komið í ljós, að það er ýmislegt í þessum lögum, sem gjarnan mætti vera á annan veg. Reynsla af framkvæmd þeirra hefur fyrst og fremst orðið á s. l. 2 árum, þegar hér í fjölmenninu sérstaklega varð allverulegt atvinnuleysi og einnig í landshlutum, sem atvinnuleysi hefur ekki áður snert um árabil.

Ég ætla ekki að ræða almennt um lögin en vil aðeins geta þess, að þær breytingar, sem samþ. voru á þinginu í fyrra, voru undirbúnar af sérstakri nefnd, sem fékk það verkefni, að endurskoða lögin einmitt í ljósi þeirrar reynslu, sem á framkvæmd þeirra var komin. Þessi nefnd skilaði aðeins hluta af sínu verkefni í fyrra. Hún hefur nú í vetur haldið áfram störfum sínum. Það má kannske segja, að það sé viðkvæmari og vandasamari hluti laganna, sem hún hefur fjallað um nú í vetur, en engu að síður eru þó ýmis atriði, sem náðst hefur nokkurn veginn samkomulag um, að breytt verði. Þar á meðal er það ákvæði, sem hér um ræðir.

Í 1. gr. þessa frv. segir, að ákvæði laganna skuli taka til atvinnurekenda, verkalýðsfélaga og meðlima þeirra í kaupstöðum og kauptúnum með 300 íbúum og fleiri, svo og til atvinnurekenda og meðlima verkalýðsfélaga í kauptúnum, sem fámennari eru, ef þar er starfandi verkalýðsfélag, sem nær til kaupstaða eða kauptúna, sem telja 300 íbúa eða fleiri. Hér er verið að koma til móts við nokkurn vanda, sem orðið hefur á framkvæmd laganna. En að mínum dómi leysir þetta mjög lítinn hluta þess vanda, sem um er að ræða. Það er svo, að lögin taka nú til kaupstaða og kauptúna með 300 íbúum eða fleiri, og síðan geta kaupstaðir eða kauptún, sem fámennari eru, ef þau uppfylla viss skilyrði, fengið sérstakt leyfi ráðh. til þess, að lögin nái líka til þeirra. En vandinn, sem við hefur verið að etja, er sá, að hvort heldur sem um er að ræða kaupstaði, og þar með talin Reykjavík, eða kauptún með fleiri eða færri íbúa en 300, þá liggja yfirleitt sveitahreppar að þessum stöðum, þar sem er vinnandi fólk, fólk sem er í verkalýðsfélögunum í viðkomandi kaupstað eða kauptúni, en á engin réttindi nema því aðeins að atvinnurekendur á þessu svæði, viðkomandi sveitarstjórn og verkalýðsfélag hafi óskað eftir, að þau næðu einnig til þessara sveitahreppa. Ég gæti nefnt fjölmörg dæmi, þar sem þessi vandi hefur komið upp. Þetta frv. gerir aðeins ráð fyrir því að leysa þann vandann, sem snýr að því, að þetta skuli einnig ná til kauptúna, sem fámennari eru, ef þar er starfandi verkalýðsfélag, sem nær til kaupstaða eða kauptúna, sem telja 300 íbúa eða fleiri. Þetta leysir sem sagt ekki nema mjög lítinn hluta þess vandamáls, sem við er að eiga.

Sú nefnd, sem ég áðan gat um og hefur haft lögin til endurskoðunar í vetur, hefur gjarnan viljað líta nokkurn annan veg á þetta mál. Ekki vil ég þó fullyrða, að það sé fullt samkomulag um það að afnema þau mörk, sem eru í lögunum, með öllu og láta þau ná til allra, sem á annað borð vinna þau störf, sem tryggingarskyld eru; fá sem sagt að fella niður

þessar takmarkanir, sem í lögunum hafa verið. Þetta mundi að litlu leyti bæta um.

Ég vildi geta þessa, áður en þetta frv. fer til n., en að mínum dómi leysir þetta ekki nema sáralítið af þeim vanda, sem mér skilst raunar að hafi verið ætlunin að það ætti að leysa.

Um 2. gr. frv. vil ég út af fyrir sig ekki segja mikið, en bendi á það, að það eru ýmsar aðrar starfsgreinar, þar sem svipað er ástatt um menn og þá, sem stunda sjósókn á eigin fari hluta af árinu. Þessi nefnd, sem ég gat um, hefur einnig haft þetta mál til meðferðar, og gert sér sínar hugmyndir um lausn þess. Þær eru að ýmsu leyti svipaðar því sem hér um ræðir, en ekki er endanlega gengið frá því, og ekki heldur öðrum atriðum. Ég vildi gjarnan óska þess, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, kynnti sér betur þann vanda, sem við er að eiga, og þær hugsanlegu lausnir, sem að mínum dómi er í raun og veru samkomulag um, að gætu orðið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 70. fundi í Nd., 9. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 27 shlj. atkv.

Á 81. og 83. fundi í Nd., 24. og 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 85. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 475, n. 655, 706).

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. gerir ráð fyrir þremur breytingum á lögum um atvinnuleysistryggingar. Breytingarnar eru við 4. gr. gildandi laga og eru í fyrsta lagi um það, að meðlimir eins og sama verkalýðsfélags skuli allir njóta sama réttar, án tillits til þess, hvar þeir eru búsettir á félagssvæðinu. Þetta atriði varðar nokkuð mörg verkalýðsfélög hér á landi, einkanlega þau, sem á seinni árum hafa víkkað út félagssvæði sitt og ná yfir bæði kaupstaðabyggð og strjálbýli. En við það hefur það komið í ljós, að félagsmenn utan þéttbýlissvæðisins, þó að þeir séu í sama verkalýðsfélagi, hafa ekki orðið aðnjótandi allra sömu réttinda og þeir, sem í þéttbýlinu bjuggu. Þessu fyrsta ákvæði er ætlað að ráða bót á þessu, þannig að allir meðlimir sama stéttarfélags njóti sama réttar, án tillits til þess, hvar þeir eru búsettir á félagssvæðinu, og sýnist mér, að það sé nauðsynleg breyting.

Í öðru lagi er svo með þessu frv. lagt til, að ráðh. geti ákveðið, að lögin taki til svæða eða byggðarlaga, sem hafa innan við 300 íbúa. Það er að vísu heimilt nú í gildandi lögum, ef sveitarfélagið, sem í hlut á, mælir með því og verkalýðsfélagið á staðnum æskir þess, þó að atvinnurekendur hins vegar leggi ekki samþykki sitt á það. Þeir hafa nú í raun og veru, eins og lögin eru, neitunarvald um þetta, og þó að þeir hafi almennt fallizt á, að atvinnuleysistryggingarnar skyldu taka til byggðarlaga með færri en 300 íbúa, ef sveitarstjórn og verkalýðsfélög hafa óskað þess, eru þó til dæmi um það, að þeir hafi streitzt á móti og þannig í raun og veru beitt neitunarvaldi um þetta. Það er ekki gott, því það sviptir íbúana réttinum til að njóta atvinnuleysisbóta og í raun og veru atvinnureksturinn líka að fá fjármagn inn í byggðarlagið, sem oft hefur verið veitt, t. d. til hafna, í lánsformi og jafnvel til þess að treysta grundvöll atvinnulífsins.

Í þriðja lagi er svo fólgin breyting í 2. gr. þessa frv., um að tryggja þeim trillubátamönnum, smáútvegsmönnum, sem bæði stunda smábátaútgerð og róa á eigin fari og eru einnig verkamenn, þó að þeir stundi ekki verkamannavinnu að meiri hluta, rétt til að koma undir atvinnuleysistryggingarnar, enda er líka ákvæði í frv. um það, að þeir verði gjaldskyldir til atvinnuleysistrygginganna. Þegar frá því er gengið á þann hátt, þá sýnist ekki vera rétt að útiloka menn, sem ýmist eru vinnandi á sjó eða landi og gera það aðeins á eigin fari, og að þeim sé gert það að skyldu til þess að njóta réttindanna, að vera að meiri hluta verkamenn í landi. Þá kæmi það í ljós, að það yrðu að teljast agnúar á gildandi löggjöf. En við vitum, að það er mýmargt annað, sem þyrfti að breyta í atvinnuleysistryggingalögunum. Nú er nefnd að athuga lögin í heild, en þetta er vandasamt verk og endurskoðuninni hefur ekki verið lokið enn þá, og var þó gert ráð fyrir í upphafi, að lögin yrðu endurskoðuð eftir tveggja ára reynslu af þeim.

En þessi atriði held ég, að séu öll þannig vaxin, að enginn ágreiningur geti verið um þau, og mælir n. með því, að frv. verði samþ. Það hefur þegar hlotið samþykki hv. Ed.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég tel, að það frv., sem hér liggur fyrir, fjalli um mjög nauðsynlegt og aðkallandi mál og það þurfi að gera á lögum um atvinnuleysistryggingar þær breytingar, sem þessu frv. er ætlað að gera, sem lágmarksbreytingu, en mér sýnist orðalag það, sem er á 1. gr. frv., ekki duga til þess að ná því marki, sem flm. hefur sett sér í grg. frv. og að mínum dómi skiptir öllu máli að ná í þessu tilfelli.

Í grg. segir, að allir meðlimir sama verkalýðsfélags njóti óskoraðs réttar, án tillits til þess, hvar þeir eru búsettir á félagssvæði félagsins. Þetta er eitt höfuðatriðið, sem þarf að nást fram. En eins og 1. gr. frv. er orðuð, þá kemur í ljós, að hún nær ekki að tryggja þetta í framkvæmd. Í 1. gr. frv. segir:

„Ákvæði laga þessara taka til atvinnurekenda, verkalýðsfélaga og meðlima þeirra í kaupstöðum og kauptúnum með 300 íbúum eða fleiri, svo og til atvinnurekenda og meðlima verkalýðsfélaga í kauptúnum, sem fámennari eru, ef þar er starfandi verkalýðsfélag, sem nær til kaupstaða eða kauptúna, sem telja 300 íbúa eða fleiri."

Þetta er ljóst samkvæmt þessu orðalagi, að lögin eiga að ná til kaupstaða og kauptúna, sem eru fjölmennari en 300 íbúar, en nú er því bætt við, að þetta skuli einnig ná til meðlima verkalýðsfélaga í kauptúnum, sem fámennari eru, ef þar er starfandi

verkalýðsfélag, og þetta er algerlega bundið við kauptún. En það er einmitt um það að ræða í fjöldamörgum tilfellum, að starfandi eru verkalýðsfélög í kauptúnum eða kaupstöðum, sem einnig ná yfir aðliggjandi sveitir, og í þeim sveitarfélögum, — ekki þarf endilega að vera um kauptún að ræða, — eru oft og tíðum starfandi verkamenn, sem sækja vinnu til kaupstaðarins eða kauptúnsins. Það eru þeir, sem nú njóta ekki réttinda, samkvæmt atvinnuleysistryggingalögum.

Að mínum dómi er alveg nauðsynlegt, að haga þessari breytingu þannig, að það sé tryggt, að meðlimir verkalýðsfélaga, þó þeir búi í dreifbýli, þar sem ekki er um kauptún að ræða, eða í sveitum, geti notið réttinda þessarar löggjafar, enda er enginn vafi á því, að flm. frv. hefur ætlað sér að ná þessu fram, a. m. k. miðað við það orðalag, sem er að finna í grg. frv.

Ég tel því, að það þurfi að gera orðalagsbreytingu á 1. gr. frv. Það væri að vísu hægt að hafa þá orðalagsbreytingu á fleiri en einn veg, m. a. þannig, að orðalag gr. væri þrætt að mestu leyti að öðru en því, að þar sem orðalag gr. er nú bundið við kauptún, þar yrði almennt talað um sveitarfélag. En ég tel fyrir mitt leyti, að það sé rétt — miðað við þá reynslu, sem fengizt hefur — að orða þessa gr. á þann hátt, sem ég geri ráð fyrir í brtt., sem ég hef leyft mér að flytja við frv. og er á þskj. 706, en í þeirri brtt. geri ég ráð fyrir, að orðalagið verði þannig, að ákvæði þessara laga nái til allra sveitarfélaga í landinu þar sem starfandi eru verkalýðsfélög, svo þar fari ekkert á milli mála. Ég tel, að atvinnuleysistryggingalöggjöfin sé orðin svo þýðingarmikil tryggingalöggjöf, að það sé ekki lengur verjandi að skilja eftir fjölmenna starfshópa verkafólks, eftir því hvar það á heima á landinu, án þess að það njóti þeirra trygginga, sem löggjöfin fjallar annars um. Ég held því, að réttast sé að slá því föstu, eins og nú er komið, að þessar tryggingar nái til allra sveitarfélaga í landinu, skilyrðislaust, þar sem verkalýðsfélög starfa. Eigi að síður vil ég taka það fram, að það er höfuðatriði að mínum dómi, að fenginni reynslu, að ná þeim tilgangi, sem fram kemur í grg. þessa frv. að vakti fyrir flm., en það er að tryggja, að allir meðlimir sama verkalýðsfélags njóti réttinda laganna, hvar svo sem þeir búa á sínu félagssvæði. Það er grundvallaratriðið.

Ég vil nefna hér eitt dæmi til skýringar, og ég efast ekkert um, að það gætu aðrir þm. einnig nefnt frá þeim svæðum, sem þeir þekkja til. Í því byggðarlagi, sem ég á heima í, Neskaupstað, þar nær félagssvæði verkalýðsfélagsins ekki aðeins yfir kaupstaðinn, heldur nær það einnig yfir Norðfjarðarhrepp, sem liggur inn af kaupstaðnum í firðinum. Þar búa allmargir verkamenn, sem vinnu stunda, sumir algerlega úti í kaupstað og margir að mjög verulegu leyti. Þegar upp kom atvinnuleysi á þessum stað, þá kom það í ljós, að þeir sem heima áttu inni í sveitinni, nutu ekki réttinda samkvæmt atvinnuleysistryggingalöggjöfinni; þeir gátu ekki fengið atvinnuleysisbætur.

Þetta er vitanlega alveg óviðunandi ástand og það þarf að leiðrétta þetta, eins og flm. frv. gerir ráð fyrir. En eins og orðalagið er nú á gr., þá mundu íbúar í Norðfjarðarsveit ekki verða aðnjótandi bóta, alveg tvímælalaust ekki, því það mundi enginn maður reyna að halda því fram, að þar í sveitarfélaginu sé kauptún, en ákvæði frv. eru alveg greinilega þannig orðuð, að þau ná aðeins til kaupstaða og kauptúna, sem hafa yfir 300 íbúa, og auk þess til meðlima verkalýðsfélaga í kauptúnum, sem fámennari eru, ef þar er starfandi verkalýðsfélag, sem nær til kaupstaða eða kauptúna, sem telja 300 íbúa eða fleiri. Ég efast ekkert um, að þetta orðalag á við í ýmsum tilfellum, t. d. eins og með smæstu kauptúnin við Eyjafjörð, sem nú eru komin í verkalýðsfélagið á Akureyri. Þar mundi þetta orðalag nægja. En þetta nægir ekki í t. d. austfirzku byggðarlögunum, þar sem verkalýðsfélögin eru starfandi í kauptúnunum, en hafa einnig starfssvæði yfir nálægar sveitir. Og þessu er einnig svona háttað hér á Reykjavíkursvæðinu, þar er ekki í öllum tilfellum um að ræða kauptún eða íbúa kauptúna, og þess vegna þarf að gera á þessu breytingu.

Ég veitti því hér athygli við 1. umr. þessa máls, að hv. 2. landsk. þm., Eðvarð Sigurðsson, benti á, að það mundi þurfa að gera nokkra breytingu á orðalagi þessarar gr., ef það ætti að ná þeim tilgangi, sem að væri stefnt með frv. Því miður hefur heilbr.- og félmn. ekki gert það og er það eflaust vegna þess, að málið hefur ekki verið athugað nægilega. En ég vil leggja á það áherzlu fyrir mitt leyti, að þó ég flytji till. í þessa átt, þá vil ég vænta þess, að það megi takast að afgr. þetta mál með nauðsynlegri breytingu. Skal ég þá ekki hafa um þetta mál öllu fleiri orð, fyrst og fremst til þess að reyna að stuðla að því, að málið nái fram að ganga, en þá vitanlega með því orðalagi, sem nær þeim tilgangi, sem að er stefnt.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég held að aths. hv. 4. þm. Austf. byggist á misskilningi. Ég tel, að orðalagið, eins og það er í 1. gr. frv., nái til allra meðlima verkalýðsfélaga, sem eru þannig sett, að félagssvæðið nær bæði yfir kaupstað eða kauptún og sveitarbyggð. Frv. er einmitt ætlað að leiðrétta þetta, að því er snertir t.d. meðlimi Dagsbrúnar, sem hafa ekki notið atvinnuleysisbóta, er þeir bjuggu hér uppi á Kjósarsvæðinu. En verkalýðsfélagið Esja í Kjós var lagt undir Dagsbrúnarsvæðið fyrir nokkrum árum, og þetta misrétti hefur síðan átt sér stað fram að þessu. En eins og orðalagið er, þá tel ég, að það sé alveg ótvírætt, að það á að ná til meðlima verkalýðsfélaga í kauptúnum og kaupstöðum, sem fámennari eru, ef þar er starfandi verkalýðsfélag, og það á að ná til allra meðlimanna. **(LJós:** Já, í kauptúnum.) Nei, það félag, sem er í kauptúni eða kaupstað, á að ná til allra félaga þess félags. — Jú, jú, það er enginn vafi á því, að orðalagið, eins og það er, er einmitt miðað við að auðvelda það, að allir meðlimir sama verkalýðsfélags njóti sama réttar.

Ég mundi þess vegna vilja fara þess eindregið á leit við hv. flm. till. að taka hana aftur, því ég sé ekki annað en málinu sé stefnt í fullkomna tvísýnu, ef ekki algerlega um það séð, að það verði ekki samþykkt á þessu þingi, því þá yrði það að fara aftur til Ed., sem þegar hefur afgr. það. En orðalagið er þannig, að það er ætlazt til þess, að orðalag 1. gr. taki

til félaga, sem bæði ná yfir kauptún, eða kaupstaðar- og sveitarbyggð, eins og t. d. Esju, — þ. e. verkamannafélagið Dagsbrún nær yfir þéttbýlið hér á Reykjavíkursvæðinu og einnig upp í Kjós. Frv. er líka flutt með tilliti til félaganna við Eyjafjörð, sem eru bæði í kauptúnunum þar og Akureyrarkaupstað og út um sveitabyggðirnar. Ef verkalýðsfélag er á þessum stöðum, þá á rétturinn að ná til allra meðlima viðkomandi verkalýðsfélaga.

1. gr. er aðeins um réttinn í kauptúnunum. Ákvæði þessara laga taka til „atvinnurekenda, verkalýðsfélaga og meðlima þeirra í kaupstöðum og kauptúnum, með 300 íbúum eða fleiri, svo og til atvinnurekenda og meðlima verkalýðsfélaga", hvar sem þeir eru búsettir á félagssvæðinu, „í kauptúnum, sem fámennari eru, ef þar er starfandi verkalýðsfélag, sem nær til kaupstaða eða kauptúna, sem telja 300 íbúa eða fleiri", og þar með jafnvel til Reykjavíkur, — kaupstaða eða kauptúna, sem hafa fleiri en 300 íbúa. Það nær til allra á félagssvæðunum. Það er alveg greinilegt. Þetta er bara misskilningur á orðalagi frv. Það er flutt til þess að bæta úr þessu misrétti, að það séu ekki sumir réttlausir á félagssvæði Dagsbrúnar og sumir á félagssvæði verkalýðsfélaganna við Eyjafjörð og víðar, sem hafa á seinni árum stækkað félagssvæði sín. Og ég fullyrði það, að þessi ákvæði, eins og lögin eru orðuð nú, ná til allra meðlima þessara verkalýðsfélaga, hvort sem þeir eru búsettir utan þéttbýlis á félagssvæðinu eða innan. Það nær til allra meðlima þessara félaga, hvort sem þeir eru búsettir í bænum, kauptúninu eða í sveitabyggðinni, og þess vegna tel ég, að brtt. hv. þm. byggist á misskilningi og sé óþörf, en stofni hins vegar frv. í hættu, af því að nú er komið að síðustu dögum þingsins.

Ég endurtek því ósk mína til hans um það, að taka till. aftur, því ég held, að hennar sé ekki þörf, þó hann telji, að 1. gr. verði þannig skýrar orðuð.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Í frv. því, sem hér er til umr., um breyt. á atvinnuleysistryggingalöggjöfinni, felast tvær breytingar, en ekki þrjár. Það er um útvíkkun á því svæði, sem tryggingarnar eiga að taka til. Það er hins vegar óbreytt, eins og frv. kemur hingað til þessarar hv. d., ákvæðið varðandi breytingar, sem næðu til annarra staða, ef verkalýðsfélag og atvinnurekendur óska þess og hlutaðeigandi sveitarstjórn mælir með því. Það ákvæði er óbreytt, frá því sem er í lögunum núna. Síðan er breyt. í 2. gr. frv.

Við 1. umr. þessa máls í þessari hv. d. lét ég í ljós þá skoðun, að orðalag 1. gr. frv. næði ekki þeim tilgangi, sem flm. þessa frv. ætlast til og gerir grein fyrir í grg. frv. Ég fæ ekki séð, að þetta orðalag tryggi það, að allir félagsmenn verkalýðsfélaga fái notið þessara réttinda. Ég vakti athygli á þessu og bað hv. n. að taka málið til athugunar, svo þarna væru tekin af öll tvímæli. Ég gat þess einnig, að í þeirri nefnd, sem starfar að endurskoðun atvinnuleysistryggingaanna, hefði þetta mál komið á dagskrá og þar væru menn sammála um, — það er kannske fullmikið að segja alveg sammála, en sammála þó, — að svo framarlega sem svæðið yrði fært út, — sem ég trúi að meiri hl. sé fyrir í nefndinni, — þá verði það gert á annan hátt heldur en hér segir. Ég skýrði frá þessu og það hefði átt að vera innan handar fyrir þessa nefnd, að vinna málið þannig, að ekki væru um það deilur strax og búið væri að koma því hér frá Alþ., hvað í lögunum ætti að felast.

Eins og þetta hefur komið upp hér, og raunar víðar, þá gæti ég bezt trúað, að hjá framkvæmdaraðila laganna, þ. e. a. s. þessum sveitarfélögum o. fl. gæti komið til ágreinings, ef orðalagið er ekki skýrt.

Ég fæ ekki séð, að þetta nái í raun og veru þeim tilgangi, sem hv. flm. ætlast til, nema með breyttu orðalagi. Ég sé ekki annað en að það orðalag, sem er á brtt. hv. 4. þm. Austf., sé ákaflega einfalt og nái alveg þeim tilgangi, sem flm. frv. ætlast til, og ég er sammála um að þurfi að breyta lögunum á þann veg. Ég held, að það ætti ekki að þurfa að stofna framgangi málsins neitt í hættu, því þetta er ákaflega einfalt, og hv. Ed., sem ég skal ekki draga í efa að telur sig hafa verið að samþykkja einmitt það, sem nú stendur í brtt., lætur málið áreiðanlega ekki verða fyrir neinum töfum hvað afgreiðslu snertir. Ég veit ekki til hvaða aðila væri hér í raun og veru hægt að skírskota. Hæstv. félmrh., sem á að hafa þessi mál með höndum, er nú víst ekki viðstaddur, en hvort hæstv. forsrh. eða einhver annar hæstv. ráðh. vildi gefa þá yfirlýsingu hér um, sem dygði, veit ég ekki, en að öðrum kosti sé ég ekki, að málið nái tilgangi sínum.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil ekki trúa því, að það sé ekki hægt að koma þessu máli í gegnum þingið, þó gerð sé sú lagfæring á 1. gr., sem ég legg til og mundi tryggja þá framkvæmd í þessum efnum, sem gerð er grein fyrir í grg. frv., að hafi verið tilætlunin með flutningi frv. Það er þýðingarlaust að neita því, að orðalagið á 1. gr. núna útilokar alveg tvímælalaust þá, sem búa í dreifbýli eða í sveit. Það er alveg þýðingarlaust að neita því. Mér er það alveg ljóst, að sveitarstjórn, sem er óþæg í þessum efnum, getur neitað því samkvæmt orðanna hljóðan að eiga að borga til tryggingganna, og það getur vinnuveitandinn líka, vegna þess að sé gr. bara lesin, þá kemur þetta skýrt í ljós. Ég tók einmitt eftir því, þegar hv. 9. þm. Reykv. las hér yfir gr., að hann stiklaði yfir það orð, sem hér skiptir mestu máli. Ég skal nú lesa gr. hægt og rólega, þannig að hv. þm. geti fylgzt með. Í gr. segir nú:

„Ákvæði laga þessara taka til atvinnurekenda, verkalýðsfélaga og meðlima þeirra í kaupstöðum og kauptúnum með 300 íbúum eða fleiri, svo og til atvinnurekenda og meðlima verkalýðsfélaga í kauptúnum". Allra meðlimanna í kauptúnum stendur hér. Sumir búa ekki í kauptúnum. Það er því alveg þýðingarlaust að neita þessu. Það stendur hér alveg skýrum orðum, að þetta nær, auk þess sem áður er sagt, til meðlima verkalýðsfélaga í kauptúnum. En það stendur þannig af sér í mörgum tilfellum, að meðlimir verkalýðsfélaga búa ekki í kauptúnum, og það er einmitt í þeim tilvikum, fjöldamörgum tilvikum, að þeir eru nú sviptir þessum rétti.

Það er auðvitað alveg þýðingarlaust að vera að

karpa um atriði eins og þetta. Menn verða vitanlega að fallast á það, að orðin þýði það, sem almennt hefur verið talið að þau þýði. Hefði þarna t. d. staðið „og til atvinnurekenda og meðlima verkalýðsfélaga í sveitarfélögum, sem fámennari eru," hefði gegnt öðru máli, en það stendur bara „til meðlima verkalýðsfélaga í kauptúnum, sem fámennari eru, ef þar er starfandi verkalýðsfélag, sem nær til kaupstaða eða kauptúna, sem telja 300 íbúa eða fleiri." Hér er auðvitað um að ræða, hvort á að tryggja það, að allir meðlimir verkalýðsfélags, hvort sem þeir búa í kauptúni eða í dreifbýli, eigi að njóta réttinda l. Það er enginn vafi á því, að flm. frv. hefur ætlazt til þess að þessu marki yrði náð. Það kemur fram í grg. fyrir frv. En orðalagið er ekki þannig að þessu sé fullnægt, og því hefur verið á þetta bent. Ég álít, að hér sé um svo mikið réttlætismál að ræða, að ég vil taka það skýrt fram, að allir meðlimir verkalýðsfélaga, hvar svo sem þeir eru búsettir, eigi að njóta réttinda l., og það eigi aðeins að miða þetta við það, að það sé verkalýðsfélag starfandi í viðkomandi sveitarfélagi. Þau ein sveitarfélög, sem ekkert verkalýðsfélag nær til, verða þá fyrir utan. En þá hefur ráðh. sérstaka heimild til framkvæmda í þeim efnum.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, ég veit að í raun og veru erum við hv. 9. þm. Reykv. sammála um efni málsins, um það, hvaða marki eigi að ná, og ég vil treysta því, að þó mín brtt. verði samþ. og málið þannig leyst, þá verði reynt að greiða fyrir afgreiðslu málsins, svo að það fái afgreiðslu á þessu þingi, því að hér er um aðkallandi mál að ræða. Ég sé mér því ekki fært að taka aftur brtt. mína, því að ég get ekki séð annað en við sætum eftir í sömu vandræðunum og við erum nú með þá meðlimi verkalýðsfélaga, sem ekki búa í kauptúnum.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Mér varð það enn ljósara nú af seinni ræðu hv. 4. þm. Austf. heldur en af fyrri ræðu hans, að hann er að mæla fyrir miklu stórfelldari breytingu á atvinnuleysistryggingalöggjöfinni heldur en komið er í námunda við með þessu frv. Hann vill að atvinnuleysistryggingalöggjöfin nái yfir öll sveitarfélög á Íslandi og sé engin viðmiðun við bæi eða kauptún. En atvinnuleysistryggingalögin, eins og þau eru núna, skulu ná til allra kaupstaða og þau skulu ná til kauptúna með yfir 300 íbúa. En í frv. er fólgin heimild til að þau nái til fámennari kauptúna, — ekki sveitahreppa, — en til fámennari kauptúna, ef atvinnurekendurnir, sveitarfélagið og verkalýðsfélagið mæla með því. Slík kauptún hafa fallið undir atvinnuleysistryggingarnar, en önnur alls ekki, og þau hafa ekki verið tæk, ef atvinnurekendurnir hafa mælt í móti því. Þetta er ljóst.

Nú heldur hv. þm. því fram, að orðalag l. gr. nái ekki til íbúanna í Norðfjarðarhreppi, en ég held nú einmitt að þau geri það. Núna ná atvinnuleysistryggingarnar ekki til meðlima Dagsbrúnar, ef þeir eru búsettir utan Reykjavíkursvæðisins, kaupstaðarins Reykjavíkur. En með sínu orðalagi nær frv. til þeirra. Þá er bara spurt um eitt: Er hann meðlimur í verkalýðsfélagi? Ef maðurinn uppi í Kjós er meðlimur í verkalýðsfélagi, þá hefur hann réttinn. Frv. nær til meðlima verkalýðsfélaga í kauptúnum og þeim byggðarlögum, sem fámennari eru. Dagsbrún er sjálf í Reykjavík, en rétturinn á samkvæmt þessu að ná til allra meðlima Dagsbrúnar. Verkalýðsfélagið í Neskaupstað hefur hluta af sínu félagssvæði inni í Norðfjarðarhreppi. Ef maðurinn er í verkalýðsfélagi Neskaupstaðar og þó að hann sé í sveitabyggð, þá mun hann vera meðlimur verkalýðsfélags. Og lögin segja, að rétturinn skuli ná til meðlima verkalýðsfélaga. Þetta væri enn þá skýrara, ef þarna stæði „til allra meðlima verkalýðsfélaga." Félögin eru í kaupstað eða kauptúnabyggð, af því að lögin ná ekki til annarra staða en þeirra. En nú segir þetta frv., að rétturinn skuli ná til allra meðlima verkalýðsfélaga. (Gripið fram í.) Já, það stendur „meðlima verkalýðsfélaga." Það yrði bara spurt: Er hann meðlimur verkalýðsfélags eða ekki? Með þessu móti er einmitt ætlunin að ná til allra meðlima verkalýðsfélaga, þó þeir séu ekki sem einstaklingar búsettir í kaupstað eða kauptúni. En löggjöfin nær alveg ótvírætt ekki til annarra verkalýðsfélaga eða atvinnurekenda heldur en eru í kaupstöðum eða kauptúnum. Það er skyldutrygging í kauptúnum niður í 300 íbúa, en þá þurfa þessi þrjú atriði að koma til, ef kauptúnin eru fámennari. Þess vegna er þetta orðalag þarna sífellt um kaupstaði og kauptún. Það er átt við verkalýðsfélögin sjálf á þessum tryggingarskyldu stöðum, en frv. á að ná til allra meðlima þessara verkalýðsfélaga. Svo framarlega sem það upplýsist, að maðurinn úr dreifbýlisbyggðinni sé meðlimur verkalýðsfélags, þá er hann kominn undir atvinnuleysistryggingarnar.

Þetta er alveg öruggt, þetta hefur verið grandskoðað og yfirfarið, einmitt eftir að vafi þótti leika á þessu. Þegar málið var lagt fyrir þessa hv. d., þá var farið að athuga þetta orðalag. Niðurstaðan varð sú, að „kaupstaðir og kauptún" á við félögin sem þar eru staðsett, en frv. nær til allra meðlima þeirra, hvar sem þeir eru búsettir á félagssvæðinu. Það fullyrði ég, og þess vegna, ef hv. þm. er ekki jafnframt í leiðinni að reyna að færa allar sveitir á Íslandi undir atvinnuleysistryggingalöggjöfina, sem er miklu stórfelldari breyting en bara að tryggja meðlimina, sem eru í dreifbýlinu á félagssvæðunum, þá er brtt. hans óþörf, nema hann vilji hamra það í gegn að koma stórbreytingum fram, sem eru um allt annað heldur en þetta frv. nær til. Ég játa það, að það væri skýrara ef þarna stæði „og alla meðlimi verkalýðsfélaga," en þegar bara er sagt „meðlimi verkalýðsfélaga", þá hlýtur það að ná til þeirra allra. En verkalýðsfélögin sjálf verða að vera á tryggingarskyldu svæði, kaupstað eða kauptúni. Ég held, að þetta sé alveg öruggt og að brtt. sé þess vegna alveg óþörf. En málinu er stofnað í hættu og ég óska þess eindregið enn þá, að hv. þm. taki till. aftur, því réttur þeirra manna, sem við berum báðir fyrir brjósti, er tryggður með frv. eins og það er.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Það er ákaflega leiðinlegt að standa í svona deilum við menn, sem virðast vera alveg sammála um, hvað gera eigi. Það er aðeins ágreiningur um, hvort orðalagið á 1. mgr.

frv. núna nái þeim tilgangi, sem ætlazt er til. Ég fæ ekki séð að það geri það, og ég vil, með leyfi hæstv. forseta, enn lesa 1. gr. og bið menn um að gera það líka. Ég trúi því, að hv. alþm. vilji gjarnan fá þessa breytingu, en þá er spurningin sú, hvort þeir trúi því, að hún felist í þessu orðalagi, sem hér er:

„Ákvæði laga þessara taka til atvinnurekenda, verkalýðsfélaga og meðlima þeirra í kaupstöðum og kauptúnum með 300 íbúum eða fleiri, svo og til atvinnurekenda og meðlima verkalýðsfélaga í kauptúnum, sem fámennari eru, ef þar er starfandi verkalýðsfélag."

Ég sé ekki, að þetta nái til annarra en félagsmanna verkalýðsfélaga í kauptúnum. Ég sé ekki, að það sé hægt að lesa annað út úr þessu.

Hv. 9. þm. Reykv. telur, að í till. hv. 4. þm. Austf. felist allt annað, hann vilji teygja þetta yfir allar sveitir landsins. Sannleikurinn er sá, að ég álít að sú breyting, sem menn eigi að gera og felst auðvitað í hans till., sé sú, að lögin taki til allra félagsmanna verkalýðsfélaga, sem að sjálfsögðu eru öll í kauptúnum eða kaupstöðum. Það á að vera tilgangurinn, og þessir félagsmenn geta gjarnan verið búsettir í sveitum landsins. Við 1. umr. lagði ég áherzlu á, að vandamálið, sem hér væri við að etja, væri einmitt félagsmennirnir sem búsettir eru í sveitahreppunum, sem liggja upp af kauptúnum eða kaupstöðum. Þeir eru vandamálið, en ekki þeir, sem búa í kauptúnunum. Ég taldi upp nokkur dæmi þá, og ég gæti nefnt alveg óteljandi dæmi í viðbót, og ef það væri til leiðbeiningar fyrir hv. þm. um afstöðu þeirra, þá skal ég gjarnan gera það.

Dagsbrún er t. d. staðsett í Reykjavík, það er alveg rétt. Félagssvæði hennar er einnig Seltjarnarnes, Kópavogur og allt upp í Hvalfjarðarbotn. Allt þetta svæði fellur undir atvinnuleysistryggingarnar, ekki bara Reykjavík, heldur allt svæðið upp að mörkum Kjalarness. Mosfellssveitin er komin þar undir og að sjálfsögðu Kópavogur og Seltjarnarnes. En aftur á móti á svæðinu fyrir ofan Mosfellssveitina er ekkert þorp, ekkert kauptún. Og þetta svæði er þannig vaxið, að ég efast um, að það væri nokkur leið að fá það undir lögin eins og þau eru í dag.

Hér fyrir austan fjall eru óteljandi dæmi. Þar eru sveitahreppar, sem liggja að mörkum t. d. Stokkseyrar og Selfoss, og mikið vandamál hefur verið með einmitt af þessum sökum. Þetta eru einnig byggðarlögin hér austur með Suðurlandinu og á Austfjörðunum öllum. Þetta er einnig vandamál á Vestfjörðum og Norðurlandi öllu.

Það er þetta, sem er vandamálið, en ekki kauptúnin. Þau eru ekki vandamálið. Þetta benti ég á við 1. umr. málsins og taldi, að þetta orðalag leysti ekki þennan vanda. Það er ekki ætlazt til þess, að þetta nái til allra sveita landsins, nema þar séu starfandi verkalýðsfélög eða menn búsettir þar séu félagsmenn í verkalýðsfélögum, sem lögin ótvírætt taka til. Það er þetta, sem er verið að reyna að leysa.

Það eru enn þá til verkalýðsfélög, þó örfá, sem eru í sveitum, án þess að þau taki til kauptúna eða kaupstaða. Það er hægt að finna slík dæmi, en þau eru orðin mjög fá.

Með því orðalagi, sem er á brtt. hv. 4. þm. Austf., sé ég ekki annað en þetta, sem báðir og allir vilja keppa að, sé leyst.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég hef nú fátt nýtt um málið að segja. Ég hef þegar talað tvisvar og skal nú vera stuttorður. Ég held, að misskilningurinn, sem hér hefir verið á ferðinni, sé vegna þess, að tilvísunin til verkalýðsfélaga í kauptúnum vísar til þeirra sjálfra. Verkalýðsfélög skulu vera í kaupstað eða kauptúni, en réttindi laganna skulu ná til meðlima verkalýðsfélaga, hvar sem þeir eru búsettir.

Ég mundi vilja taka það til athugunar, til þess að taka af allan vafa, að flytja brtt. við 3. umr. um málið, ef það ekki teföist nú, og segja: „allra meðlima verkalýðsfélaga í kauptúnum og kaupstöðum". Þá væri þetta alveg óyggjandi, en þó held ég, að bara „meðlima verkalýðsfélaga" nægi, því að það eru auðvitað engir þar undanskildir. Ef maðurinn uppi í Kjós er í verkalýðsfélagi og ef maðurinn út frá Hveragerðisfélaginu er meðlimur verkalýðsfélags, þá nær rétturinn til þeirra, þó þeir búi utan kauptúnsins.

Ef till. hv. 4. þm. Austf. er um að láta réttinn ná til allra sveitarfélaga, og það fer langt út fyrir þann ramma, sem lögunum er markaður nú. Hins vegar væri mér mikil eftirsjá í því, ef frv. næði ekki fram að ganga og yrði núna stöðvað, vegna þess að það þyrfti að fara til Ed. aftur, því að það hlýtur að vera óskemmtilegt verk fyrir stjórn atvinnuleysistryggingganna að úrskurða þá verkamenn frá réttindum, sem stunda trillubátaútgerð og njóta því aðeins réttinda nú, að það sé úrskurðað, að þeir séu að meiri hluta verkamenn í landi. Ég sé ekki að það, að þeir bregða sér í trilluna sína hluta af árinu, eigi að svipta þá rétti. En í þessu stendur atvinnuleysistryggingastjórnin núna og það er ekki sízt vegna þess atriðis, sem frv. þarf að ná fram að ganga.

Hins vegar kom mér það mjög á óvart, að Eðvarð Sigurðsson, hv. 2. landsk. þm., skuli mæla á þann veg, sem hann gerir hér, því hann er búinn að mæla með þessu orðalagi frv. á þremur stöðum. Í fyrsta lagi í miðstjórn Alþýðusambandsins, en þar mælti hann með jákvæðri umsögn um frv., af því að það leysti vanda Dagsbrúnarmanna utan Reykjavíkurborgar og þar með vanda verkamanna utan kauptúnanna um allt land. Hann hefur einnig mælt með frv. svona orðuðu í framkvæmdastjórn Verkamannasambands Íslands. Og hann hefur í þriðja lagi mælt með frv. svona í stjórn atvinnuleysistrygginganna. Þess vegna kemur mér það ákaflega mikið á óvart, að hann skuli hér á síðustu stundu koma með allt annan skilning, mæla gegn frv. og segja, að það nái ekki þeim tilgangi, að allir Dagsbrúnarmenn falli undir þetta og þar með allir verkamenn utan kauptúnanna, ef félagið sjálft er á tryggingaskyldu svæði í kaupstað eða kauptúni.

En ég endurtek það, að frv. verður stofnað í hættu með þeirri víðtæku brtt., sem hv. 4. landsk. þm. flytur og áreiðanlega miðast við að láta þetta ná til allra sveitarfélaga, eins og hann sjálfur sagði. En ég mundi vilja taka það til athugunar að setja inn orðið „allra" fyrir 3. umr., ef menn gætu þá talið, að það næði til allra meðlima verkalýðsfélaganna í kaupstöðum og kaup-

túnum, því félögin sjálf verða að vera á tryggingarskyldu svæði.

Ég vona, að ég hafi ekki brotið af mér með of löngum ræðuhöldum.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það er nú komin hér upp deila um það, hvernig skilja beri þetta frv. Ég get nú fallizt á það með hv. 4. þm. Austf., að frv., eins og það er orðað nú, er kannske ekki nægilega skýrt. Hins vegar er augljóst eftir túlkun hv. 9. þm. Reykv., hvað á bak við liggur. Aftur á móti felli ég mig ekki við brtt. hv. 4. þm. Austf. vegna þess, að hún gengur augljóslega miklu lengra en eðlilegt er. Ég ætla því að leyfa mér að leggja fram skriflega brtt. við 1. gr., sem er umorðun á hluta af gr., þannig að það kemur skýrar í ljós, hvað við er átt. Ég ætla þá að leyfa mér að lesa þessa till., en samkv. henni mundi 1. gr. frv. þá verða þannig:

„Ákvæði laga þessara taka til atvinnurekenda, verkalýðsfélaga og meðlima þeirra í kaupstöðum og kauptúnum með 300 íbúum eða fleiri", – þetta er óbreytt, en síðan komi: „svo og til atvinnurekenda og meðlima verkalýðsfélaga, þótt búsettir séu í fámennari sveitarfélögum en hér greinir, enda séu hlutaðeigandi sveitarfélög á félagssvæði verkalýðsfélaga, sem ná til kaupstaða og kauptúna með 300 íbúa eða fleiri."

Ég held, að með þessu orðalagi sé það alveg skýrt, hvað við er átt, og vil ég leyfa mér að leggja till. fram.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 747) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég get lýst því yfir, að ég tel, að sú brtt., sem hér var nú borin fram af hv. 3. þm. Norðurl. e., mundi að mínum dómi fyllilega tryggja þann tilgang, sem vakti fyrir flm. frv., og mundi leysa aðalvandann að mínum dómi. Ég get því greitt þeirri till. atkv. út af fyrir sig, og það er einmitt í samræmi við það, sem ég sagði hér í upphafi míns máls.

Það var hægt að breyta þessari gr. á fleiri en einn veg. Það var í rauninni hægt að breyta henni á enn einfaldari hátt, með því aðeins að fella brott orðið „kauptún" og setja þar „sveitarfélag". En hvað um það. Það mundi ná þeim tilgangi, sem stefnt var að með frv., að samþykkja þessa breytingu, sem hv. þm. leggur hér til.

En brtt. mín var miðuð við það, að allir meðlimir verkalýðsfélaga í landinu yrðu aðnjótandi þessa réttar, sem felst í atvinnuleysistryggingunum. Ég er fyrir mitt leyti alveg sannfærður um, að það fær ekki staðizt lengur, að þar sem um er að ræða 100, 200 eða 250 manna þorp og þar sem fólk vinnur sem verkafólk, að þar sé hægt að halda þeim utan við þessa tryggingalöggjöf. Hún er orðin svo þýðingarmikil. Ég vil veita þeim þau réttindi, sem löggjöfin gerir ráð fyrir, og ég álít því, að það eigi að stíga þetta skref að fullu, og því miða ég mína brtt. við það.

Sú brtt., sem hv. 3. þm. Norðurl. e., Ingvar Gíslason, hefur hér flutt, mundi duga til þess að ná því marki, að meðlimir verkalýðsfélaga í kauptúnum og kaupstöðum, þó að þeir búi í dreifbýli, gætu orðið aðnjótandi réttinda laganna. Ég mundi alveg sætta mig við þá takmörkuðu breytingu, þó að ég álíti, að það eigi að stefna að því að ná því marki, sem felst í minni till., og það er sannarlega kominn tími til þess að mínum dómi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 88. fundi í Nd., 28. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 706 felld með 20:11 atkv.

– 747 felld með 18:16 atkv.

1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.

2.–3. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Eftir þær ítarlegu umr., sem urðu um þetta mál við 2. umr. málsins, sé ég nú ekki ástæðu til þess að fara efnislega út í þetta mál. Ég vil aðeins leyfa mér að kynna hér brtt., sem ég leyfi mér að flytja, ásamt þm. frá öllum þingflokkunum, þeim hv. þm. Þórarni Þórarinssyni, Unnari Stefánssyni, Eðvarð Sigurðssyni og Hannibal Valdimarssyni, þess efnis, að sú breyting verði gerð við 1. gr., að í stað orðsins „kauptúnum" komi: sveitarfélögum.

Ég held, að engum dyljist, sem hafa sett sig inn í þetta mál, að þarna er þó nokkuð komið til móts við réttlætismál, hafandi í huga, að miklir erfiðleikar munu skapast um leið og vissu réttlæti er fullnægt með ákvæði 2. gr. frv., en ég vil undirstrika það, verandi kjörinn af Alþingi í stjórn þessa sjóðs, að mikil vinna hefur verið lögð í það að undanförnu að endurskoða lög atvinnuleysistrygginganna, og á næsta hausti vænti ég þess, að fyrir Alþ. muni liggja nýtt frv. til l. um þessar mikilsverðu tryggingar, atvinnuleysistryggingarnar. En ég vænti þess jafnframt, að það verði ekki ágreiningur um þessa breytingu. Hins vegar gæti hún orðið nokkuð mótandi, þegar næsta þing kemur saman, um vilja Alþingis.

Ég vil leyfa mér að biðja hæstv. forseta, vegna þess að þessi brtt. er skriflega fram borin, að leita afbrigða um hana.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 782) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 782 samþ. með 26 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 87. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 790).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. – Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Í hv. Nd. hefur verið gerð ein orðalagsbreyting á 1. gr. þessa frv. Hún er, að í stað orðsins „kauptúnum" komi: sveitarfélögum.

Í hv. Nd. urðu nokkrar umr. um það, hvernig skilja bæri meiningu 1. gr. frv., og til þess að taka þar af allan vafa fluttu menn úr öllum flokkum brtt. um þessa umorðun. Þarna er ekki, eftir því sem málið er túlkað í grg. með frv. og hvernig ég sem flytjandi þess flutti það hér, um neinn meiningarmun að ræða, heldur eingöngu að hafa orðalagið svo skýrt, að ekki verði um villzt. Fjhn. þessarar hv. d. hefur rætt þessa breytingu og hún mælir einróma með því, að hún verði staðfest hér í þessari hv. deild.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 826).

69. Gjöld til holræsa og gangstétta á Akureyri.

Á 8. fundi í Sþ., 29. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 1917, um gjöld til holræsa og gangstétta á Akureyri [56. mál] (þmfrv., A. 61).

Á 9., 10. og 11. fundi í Nd., 3., 4. og 6. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 12. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Frv. þetta er alger hliðstæða við frv. það, sem ég mælti hér fyrir áðan, og vísa ég til þeirra orða minna þar.
Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 60. fundi í Nd., 16. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 61, n. 404).

Frsm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem fjallar um gjöld til holræsa og gangstétta á Akureyri, hefur legið fyrir heilbr.- og félmn. og hún afgr. það með svofelldu nál.:
N. hefur fjallað um frv. þetta og sent það til umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga. Mælir stjórn þess með samþykkt þess, en telur e. t. v. nauðsynlegt að setja nánari ákvæði um upphæð skattsins í frv., en frv. gerir hins vegar ráð fyrir að slíkt verði gert í reglugerð.
N. leggur til, að frv. verði samþykkt. Þrír nm., Jón Kjartansson, Hannibal Valdimarsson og Jónas Árnason, hafa gert fyrirvara á samþykkt sinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 62. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 63. fundi í Nd., 20. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 60. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 61. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 17 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 61, n. 793).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta tekur til breyt. á l. nr. 66 frá 1917, um gjöld til holræsa og gangstétta á Akureyri. Hér er um að ræða þmfrv., sem flutt var í Nd. og samþykkt þar shlj. að ég hygg.
Efni frv. er að breyta 2. gr. þessara laga frá 1917, þ. e. ákvæði um að kostnaður við holræsagerð í götum bæjarins, sömuleiðis við steinlímdar, hellulagðar og aðrar jafnvandaðar gangstéttir, greiðist úr bæjarsjóði. Í frv. er hér bætt við: „gerð varanlegs slitlags“, og í framhaldi af þessu segir í 2. gr. l. frá 1917, að bæjarstjórninni sé heimilt að leggja á holræsa- og gangstéttagjald, en hér er bætt við orðinu „gatnagerðarskatt“.
Bæjarstjórn Akureyrar leggur áherzlu á, að þetta frv. nái fram að ganga hér á Alþ., og einnig hefur þetta frv. verið sent til umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga, sem mælir með samþykkt þess, en stjórn sambandsins bendir á, að hún telur eðlilegt, ef þetta frv. verður að lögum, að þá verði ákvæði þess felld inn í lög um tekjustofna sveitarfélaga við heildarendurskoðun þeirra laga, ásamt öðrum hliðstæðum lögum um holræsa- og gangstéttagjöld.
Þessu frv. var vísað til heilbr.- og félmn. Nál. er því miður víst ekki komið fram enn þá, en menn voru þar sammála um að mæla með því, að þetta frv. yrði samþykkt. Einn nm., hv. 1. þm. Vesturl., var þó fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 839).

---

70. Almannatryggingar (síðara frv. SvJ o.fl.).

Á 25. fundi í Sþ., 17. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar [132. mál] (þmfrv., A. 193).

Á 36. fundi í Nd., 13. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sverrir Júlíusson): Herra forseti. Á þskj. 193 flyt ég ásamt 4. þm. Vestf. og 3. þm. Sunnl. frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar. Frv. þetta felur það í sér, að lagt er til, að ráðh. verði gefin heimild til þess að skylda útvegsmenn til að taka aukatryggingu vegna bóta á slysum og veikindum, sem sjómannalögin hafa lagt á útgerðarmenn.

Eins og segir í grg. frv., er aðdragandi þessa máls sá, að á þinginu 1962–1963 var samþ. breyting á sjómannalögum, sem fól það í sér, að slysa- og veikindabætur til skipverja voru hækkaðar verulega. Sú kvöð var sett á útvegsmenn, að ef um slys eða veikindi væri að ræða, ætti að greiða aflahlut til undirmanna á skipum í einn mánuð, í stað 7 daga áður, en til annarra yfirmanna en skipstjóra í tvo mánuði, í staðinn fyrir einn mánuð áður. En ákvæðið um skipstjóra, sem voru þrír mánuðir, hélzt óbreytt.

Það má segja, að lög þessi hafi verið verulega vel undirbúin, því að þau voru mjög lengi í endurskoðun. Þórður Eyjólfsson hæstaréttardómari endurskoðaði þessi lög, og þau munu hafa komið tvisvar eða þrisvar fyrir Alþ. án þess að fá afgreiðslu.

Það sýndi sig, ekki hvað sízt á uppgangsárunum, þegar aflahlutir voru mjög háir, að það var mjög tilfinnanlegt fyrir útgerðina að greiða þetta, og eru dæmi til þess á árunum 1964–1966, að það hafi skipt tugum eða jafnvel hundruðum þús. kr., sem varð að greiða til skipverja, sem urðu fyrir veikindum.

Það má nú segja, að það hafi verið ekki óeðlilegt, að komið var með breytingu á sjómannalögunum, en það er ekki það, sem hér er um að ræða, heldur er hér farið inn á aðra braut en áður hefur verið talað um, þ. e. að útgerðarmenn kaupi tryggingu hjá Tryggingastofnun ríkisins og henni verði falið að taka tryggingu vegna þessa.

Ég verð að skýra lítils háttar frá aðdraganda þess, að farið hefur verið inn á þessa braut. Útvegsmenn samþykktu á fundi eftir fund að óska eftir leiðréttingu eftir að þessi breyting var gerð, en hv. Alþ. mun hafa samþykkt hana að mjög lítt athuguðu máli, er mér alveg óhætt að segja, og hef ég þá í huga ummæli fyrrv. sjútvmrh. En hann flutti málið á sínum tíma og n. beggja deildanna munu ekki hafa athugað málið nægilega vel. Nú er það svo, að erfiðara er að fá leiðréttingu hér á hinu háa Alþ. heldur en menn kannske gera sér grein fyrir, ekki hvað sízt þegar álitið er, að verið sé að skerða rétt sjómanna eða launþega; sú hefur reyndin orðið á. Samtök útvegsmanna hafa hvað eftir annað, bæði í samningum og viðræðum við stjórnvöldin og þá sérstaklega fyrrv. sjútvmrh. og núv. sjútvmrh., gert tilraun til þess að fá leiðréttingu á þessu, því að það skal tekið fram, að þau ákvæði í sjómannalögum, sem gilda um fiskimennina, eru þau sömu og gilda um sjómenn á farskipum, en á farskipum er allt annar háttur á hafður. Nú er það þannig, að núv. sjútvmrh. sýndi þessu máli verulegan skilning, en sagði, að þessu yrði ekki breytt nema með samkomulagi við sjómannasamtökin. Ég hef tekið þátt í mjög mörgum fundum, þar sem þetta mál hefur verið rætt, bæði við fulltrúa Alþýðusambandsins, Sjómannasambandsins og Farmannasambandsins, en ekki hefur náðst samkomulag um það. Það skal líka tekið fram, að hv. forseti Sþ., formaður sjútvn. Nd., lagði sig fram á árunum 1966 og 1967 við það, að samkomulag næðist um þessi atriði, en það tókst ekki. Það má einnig minna á það, að á árunum 1966–1967 bárum við 4 þm. fram þáltill., þar sem farið var fram á, að sjómannalögin væru endurskoðuð og þetta væri fært til samræmis við greiðslur í svipuðum tilfellum. En sú till. sofnaði í hv. allshn. Sþ. Þess vegna hafa nú samtök útvegsmanna óskað eftir því tvo aðalfundi í röð, að flutt yrði frv., þar sem Tryggingastofnun ríkisins væri heimilað að taka þessa tryggingu að sér.

Hér er um það að ræða, að útvegurinn kaupi þessa tryggingu. Það liggur ekki fyrir nú, hvað þetta muni nema háum iðgjöldum, en það skal tekið fram í sambandi við þetta, að við Tryggingastofnun ríkisins hefur verið haft samband allt frá s. l. sumri, og þetta frv., sem hér liggur fyrir, var undirbúið og hefur það verið borið undir Tryggingastofnunina í sambandi við formið á því. Það skal ekki dulið hér, að Tryggingastofnun ríkisins telur það ekki hina réttu leið að fela Tryggingastofnuninni að taka þetta að sér. Telur hún, að réttara hefði verið að breyta sjómannalögunum. Þó að það hafi kannske ekki komið nógu skýrt fram í þessum málflutningi, þá tel ég, að eins og sakir standa sé þrautreynt, að það fáist ekki skynsamleg eða viðunandi lausn á sjómannalögunum til leiðréttingar á þessu. Þess vegna er farið inn á þá braut, sem hér er lagt til með þessu frv., þ. e. a. s. að ráðh. geti heimilað Tryggingastofnuninni að taka þessar tryggingar að sér.

Ég vona, að þetta mál verði skoðað rækilega af þeirri n., sem fær það til meðferðar. Mér er það ljóst, að þetta leggur kvaðir á útgerðina, en það má segja, að í þessu samábyrgðarþjóðfélagi, sem við lifum í, verði það ekki meira í heild en það kostar nokkra einstaklinga, sem hafa orðið og geta orðið fyrir þessu, eins og sjómanna-

lögin eru í dag. Þess vegna er það eins og ég sagði, að samtök útvegsmanna hafa óskað eftir því, að þetta frv. yrði fram borið, og ég vona, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, athugi það ítarlega og verði við þessari ósk, sem hér er fram komin.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara lengra út í þetta mál. Ég held, að greinarnar séu alveg skýrar og grg. skýri það, sem ósagt er.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.
Till. um að vísa frv. til sjútvn. felld með 12:10 atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 193, n. 672, 673).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. gerir ráð fyrir því, að útgerðarmönnum sé skylt að tryggja gegn aukagjaldi áhættu þá, sem þeim ber samkv. sjómannalögum, bæði að því er varðar slys og veikindi. Frv. gerir ráð fyrir, að þessa tryggingu sé hægt að taka hjá Tryggingastofnun ríkisins og henni verði gert að greiða í slysa- og veikindatilfellum sjómanna þær bætur, sem útgerðarmönnum er skylt að greiða, samkv. núgildandi sjómannalögum.

Heilbr.- og félmn. hefur haft þetta frv. til athugunar og leitað um það umsagna. Að vísu má segja, að umsögn Tryggingastofnunar ríkisins hafi verið fremur neikvæð, því stofnunin leggur til, að það sé ekki orðið við þessu frv. á þessu stigi, en hins vegar svarar Sjómannasamband Íslands umsögninni á þann veg, að það mælir með því, að frv. verði samþ., en þó með þeirri athugasemd, að niður falli orðin í 1. gr. „eða útgerðarmanni vegna hins slasaða", þannig að þær bætur, sem greiddar verða, skuli greiða hinum slasaða, en það fari ekki gegnum hendur útgerðarmannsins, heldur beint til hins slasaða. Sama er svo að segja í sambandi við sjúkrabæturnar í 3. gr.

N. er sammála um að leggja til, að þessi orð falli niður úr frv., en mælir með því að öðru leyti, að það verði samþ. N. telur, að hér sé stigið spor í rétta átt, því það sé meiri og betri trygging fyrir sjómanninn, sem verður fyrir slysum eða veikindum, að ganga til ákveðinnar stofnunar, eins og Tryggingastofnunar ríkisins, og svo jafnframt hitt, að skylda útgerðarmenn til þess að taka þessa tryggingu, en á því er auðvitað misbrestur nú í frjálsri tryggingu, að útgerðarmenn taki slíkar tryggingar. Ef slík trygging væri frjáls, þá mundu aðeins einstaka útgerðarmenn, og þá helzt þeir, sem yrðu fyrir áföllum, kaupa slíka tryggingu á frjálsum markaði, en hinir láta það vera. Það mundi hafa það í för með sér, að iðgjöldin yrðu mjög há á hinum frjálsa markaði, en með skyldutryggingu verður iðgjöldum auðvitað stillt í hóf, þegar útgerðarmenn allra skipa verða að taka slíkar tryggingar.

Við í heilbr.- og félmn. teljum, að hér sé hreyft merku máli, og því mælum við eindregið með því, að þetta frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem ég hef áður skýrt frá.

ATKVGR.
Brtt. 673,1 samþ. með 29 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 673,2 samþ. með 30 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 714).

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 80. fundi í Ed., 27. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 17 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 714, n. 794).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 40 frá 1963. Þetta er þmfrv., komið úr Nd. Þar var þetta frv. samþ. með lítils háttar breytingum.

Með endurskoðun og breytingum, sem gerðar voru á sjómannalögunum frá 1963, var allmjög aukinn réttur til handa sjómönnum til greiðslu úr hendi útgerðarmanna í slysa- og veikindatilfellum. Það er vegna þessara auknu greiðslna, sem útgerðarmenn telja æskilegt að geta tryggt sig hjá almannatryggingunum. Aðalefni þessa frv. mun vera að heimila slíkar tryggingar.

Samtök útvegsmanna hafa lagt mikla áherzlu á, að þetta frv. næði fram að ganga. Sömuleiðis hefur Sjómannasamband Íslands eindregið mælt með frv. Það lagði að vísu til, að gerðar yrðu á því dálitlar breytingar, og þær voru teknar til greina og gerðar í Nd. Hins vegar hefur Tryggingastofnun ríkisins lýst sig andvíga þessu frv.

Niðurstaðan í heilbr.- og félmn. Ed., sem fékk þetta mál til meðferðar, var sú að mæla með samþykkt frv., en einn hv. nm., l. þm. Vesturl., var þó fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 840).

---

71. Sala Fagraness í Öxnadalshreppi.

Á 65. fundi í Nd., 23. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að selja Gísla Jónssyni, bónda á Engimýri, eyðijörðina Fagranes í Öxnadalshreppi [188. mál] (þmfrv., A. 453).

Á 67. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér, ásamt hv. 9. landsk. þm. og hv. 11. landsk. þm., að flytja frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Gísla Jónssyni, bónda á Engimýri í Öxnadal, eyðijörðina Fagranes þar í hreppi.

Um ástæður þessa máls er það að segja, að Gísli Jónsson, bóndi á Engimýri í Öxnadal, sem einnig er eigandi þeirrar jarðar, hefur óskað eftir því að fá keypta af ríkinu eyðijörðina Fagranes. En þannig stendur á, að Fagranes er löngu komið í eyði, fyrir u. þ. b. 20 árum eða meira, og er næsta jörð við Engimýri, sem er góð bújörð og þar rekinn allmikill og góður búskapur. Bóndinn á Engimýri telur sig hafa þörf fyrir að fá aukið land, og þess vegna hefur hann augastað á því að kaupa Fagranesið. Þess má líka geta, að Engimýrarbændur, bæði sá bóndi, sem bjó áður á Engimýri og svo nú Gísli Jónsson, hafa nytjað þessa jörð nú í meira en 20 ár, þannig að það er út af fyrir sig ekki nýtt, að þeir falist eftir því að hafa nytjar þessarar jarðar, en ýmsir kostir fylgja því að bóndinn eigi jörðina.

Þess er líka vert að geta, eins og fram kemur í 1. gr., að til er heimild í lögum um sölu þessarar jarðar frá því 1950, en þá fékk þáverandi ábúandi, Rútur Þorsteinsson, heimild til þess að kaupa jörðina, eða réttara sagt, þá fékk ríkisstj. heimild til að selja Rúti Þorsteinssyni þessa jörð. En af kaupum varð ekki af ástæðum, sem ég kann ekki að greina frá. En nú er verið að ítreka þetta mál og þess óskað, að bóndinn á Engimýri fái Fagranesið keypt.

Oddviti Öxnadalshrepps, Sigurður Jónasson, hefur látið svo um mælt í símtali við mig, að hreppsnefnd Öxnadalshrepps sé því meðmælt, að þessi sala fari fram, og hefur lýst yfir, að hann muni votta það í bréfi, ef þess verði óskað.

Ég legg til, herra forseti, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og til landbn., og geri ráð fyrir, að n. taki þetta mál þeim tökum, sem venja er um jarðasölumál.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 453, n. 758).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Það þarf ekki langt mál um þetta frv. Það var heimilað með lögum fyrir nokkrum árum að selja þessa jörð öðrum manni, en sú heimild var aldrei notuð. Varðandi þetta frv. nú er það að segja, að fyrir liggja meðmæli frá Landnámi ríkisins og jarðeignadeild ríkisins og mjög ákveðin meðmæli frá hreppsnefnd Öxnadalshrepps um að heimila þessa sölu, og landbn. hefur athugað málið og sér enga ástæðu til að hindra, að það nái fram að ganga, og leggur því til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 86. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 87. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 453, n. 813).
Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Frv. þessu var vísað til landbn. eftir 1. umr. N. hefur ekki getað komið á formlegan fund, en við höfum talazt við og athugað frv. og þau gögn, sem því fylgja, og er n. sammála um að mæla með, að þetta frv. verði samþ. óbreytt. Málið er að því leyti til einfalt og ætti að vera fljótlegt að átta sig á því, því að í gildi eru lög, sem

heimila ríkisstj. að selja þessa ákveðnu jörð bóndanum á Engimýri, en sú heimild er bundin við nafn annars manns, sem þá var eigandi að Engimýri. Af einhverjum ástæðum varð ekki af því, að sá maður keypti eyðijörðina, en hinn nýi eigandi hefur óskað eftir að fá heimild til að fá hana keypta og er því þetta frv. flutt.

Sem sagt, nm. eru allir sammála um að mæla með því, að þessi heimild verði veitt bóndanum á Engimýri.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 842).

---

72. Félagsheimili.

Á 69. fundi í Ed., 14. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili [214. mál] (þmfrv., A. 553).

Á 71. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Þetta frv. er eins og það frv., sem hér var síðast til umr., flutt af menntmn. d. að beiðni hæstv. menntmrh., og hafa nm. óbundnar hendur um afstöðu til málsins.

Ég skal ekki hafa mörg orð um frv. Bæði er það, að hæstv. menntmrh. vék að efni þess allmikið nú fyrir stundu, í umr. um frv. til l. um skemmtanaskatt, og auk þess fylgir frv. grg., þar sem skýrt er frá, hvaða breytingar frá núgildandi lögum það hafi að geyma. Þetta frv. er, eins og það, sem seinast var hér til umr., flutt af n., og ég geri því ekki till. um, að því verði vísað til n., en það mun, eins og frv. til l. um skemmtanaskatt, verða tekið til ítarlegri athugunar í menntmn. á milli umr.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 553, 638).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Menntmn. hefur haft þetta frv. til athugunar milli umr. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um frv. Bæði er það, að efni þess var nokkuð rakið við 1. umr., og svo hefur það einnig nú á þessum þingfundi mjög komið til umr. í sambandi við frv. til l. um skemmtanaskatt. Ég skal láta nægja að gera aðeins grein fyrir tveimur brtt. á þskj. 638, sem menntmn. flytur við frv.

Fyrri brtt. er við 1. gr. frv., og er á þá leið, að niður falli orðin „og á þann hátt, sem ráðh. samþykkir“ í niðurlagi gr. Með síðustu mgr. þessarar frvgr. er kveðið svo á, að 10% af tekjum Félagsheimilasjóðs skuli renna í menningarsjóð félagsheimila. Úr þeim sjóði má svo veita styrk til menningarstarfsemi einstakra félagsheimila úti um landið, með því skilyrði, að hluti af aðgangseyri að samkomum félagsheimilisins renni í sérstakan menningarsjóð þess. Þennan sjóð á svo að varðveita heima í héraði og þar er það stjórn hlutaðeigandi félagsheimilis, sem varðveita skal sjóðinn, og honum verður eingöngu varið til menningarstarfsemi í því félagsheimili. Við töldum, að það ætti að nægja að hafa í lögunum ákvæði um það, að þessum sjóði, sem varðveittur er heima í héraði, skuli eingöngu varið til menningarstarfsemi í hlutaðeigandi félagsheimili og að ekki þyrfti að leita samþykkis ráðh. um það, á hvern hátt það yrði gert. Það virðist, að það ætti að vera hægt að trúa stjórnum félagsheimilanna fyrir því, að þessir sjóðir verði notaðir á þann hátt, sem lög mæla fyrir um.

Síðari brtt. er við 2. gr. frv. 2. mgr., en þar stendur í næstsíðustu línu: „Sé sótt um styrk úr menningarsjóði félagsheimila eða sérstökum deildum hans“. Við leggjum til, að niður falli orðin „eða sérstökum deildum hans“, og er það ákvæði satt að segja eftirlegukind frá því, sem frv. mun hafa verið í handriti, sem síðar hefur svo verið breytt, en láðst hefur að taka þetta út. Eins og þetta stendur þarna, þá getur maður eiginlega ekki fundið neina meiningu í því.

Þessar tvær brtt. eru fluttar af n. Menntmn. stendur öll að þeim, og ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um frv.

ATKVGR.
Brtt. 638,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 638,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 686).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 82. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 85. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Ed. og það er flutt ásamt frv. um

breyt. á l. um skemmtanaskatt, enda náskylt því máli, sem enn er til meðferðar í hv. Ed. Í því frv. er gert ráð fyrir lækkun skemmtanaskatts af kvikmyndasýningum úr 27% í 15%, en skemmtanaskattur gengur nú að 45% til Þjóðleikhúss, 45% til félagsheimila, en 10% til sinfóníuhljómsveitar.

Ef skatturinn lækkar úr 27% í 15%, þá gefur auga leið, að þeir þrír aðilar, sem notið hafa góðs af skemmtanaskatti, munu ekki geta fengið jafnmikið fé í tekjur af honum og þeir hafa fengið hingað til. Niðurstaðan varð sú að leggja til, að Félagsheimilasjóður haldi sínum tekjum nokkurn veginn óbreyttum og sinfóníuhljómsveitin haldi sínum tekjum í krónum talið nokkurn veginn óbreyttum, en hins vegar hætti Þjóðleikhúsið að njóta nokkurs styrks af skemmtanaskatti. Mun því ríkissjóður, ef þessi tvö frv. verða samþ., framvegis greiða allan kostnað af rekstri Þjóðleikhússins.

Í þessu frv. felst, að skemmtanaskattur skuli allur ganga til styrktar félagsheimilum og sinfóníuhljómsveit, þ. e. að 90% af skattinum skuli ganga til að styrkja byggingu félagsheimila, en 10% til sinfóníuhljómsveitar. Jafnframt er sú breyting gerð, að nokkuð hefur verið hert á ákvæðum varðandi byggingu félagsheimila og það gert að skyldu að bera byggingu nýs félagsheimilis undir menntmrn., þ. e. a. s. það á að samþykkja byggingu nýs félagsheimilis.

Enn fremur er það mjög mikilvægt nýmæli í þessu frv., að Félagsheimilasjóði er heimilað að gefa út skuldabréf með ríkisábyrgð til 15 ára til þess að greiða þann styrk, sem Félagsheimilasjóð hefur hingað til skort tekjur til þess að greiða. Ef þetta frv. verður samþ., má gera ráð fyrir því, verði heimildin að sjálfsögðu notuð, að aðstaða Félagsheimilasjóðs til þess að greiða þann styrk, sem honum er lögheimilaður, þ. e. 40% byggingarkostnaðar, muni stórum batna.

Þetta er meginatriði málsins, og leyfi ég mér, herra forseti, að óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn. að lokinni þessari umr.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara að tala langt mál um þetta frv. um breyt. á l. um félagsheimili, en vil víkja að þeim atriðum, sem hæstv. menntmrh. vék hér að, og þá sérstaklega að einu. Mér hefði fundizt eðlilegt, þó fyrr hefði verið, að tekin hefði verið upp sú regla að afgreiða byggingar félagsheimila með svipuðum hætti og skóla. Ég hefði talið það eðlilegt, að fjvn. hefði í sambandi við afgreiðslu fjárlaga einnig samþ. slíkar byggingar, eins og gert hefur verið með skólabyggingar. Núverandi fyrirkomulag hefur orðið til þess, að skuldir Félagsheimilasjóðs við félagsheimilin eru gífurlega miklar.

Nú er það samt svo, að miðað við ríkisútgjöldin er það ekki hærri fjárhæð en svo, að mér þykir rausn sú lítil að ætla að greiða þetta á 15 árum. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þetta hefur verið gert með því, að peningastofnanir og verzlanir heima fyrir hafa lánað til byggingar félagsheimila, vegna þess að áhugi hefur verið í byggðarlaginu fyrir því að koma þessu áfram. Þó ég meti það nokkurs að fá tryggingu fyrir því, að þetta verði greitt, svo sem gert er ráð fyrir í félagsheimilalögum, og einnig það, að af þessu verði greiddir vextir, sem er aðalatriðið í þessu, þá er hér um það langan tíma að ræða, að ég er undrandi yfir því, að það skuli þurfa hans með til þess að greiða ekki hærri fjárhæðir en þetta í einu, miðað við ríkisútgjöldin. Ég hefði talið, að 5 ár og í allra lengsta lagi 10 ár þyrfti til að greiða þessar skuldir. Ég verð því að segja það, að mér líkar sá þáttur þessa frv. ekki nógu vel, að það skuli þurfa svo langan tíma til þess að greiða þetta upp, þó ég meti það mikils, að af þessu eru greiddir vextir.

Ég hefði því viljað leyfa mér að fara fram á það við hv. menntmn., sem fær þetta mál til meðferðar, að hún tæki það til athugunar að stytta þennan tíma, a. m. k. svo að það yrði ekki lengra en 10 ár. Ég tel, að ekki hefði verið óeðlilegt þó ríkissjóður hefði lagt Félagsheimilasjóði til fjármuni til þess að leysa það af hendi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 30 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 686, n. 812).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Frv. um breyt. á l. um félagsheimili er nátengt frv. um skemmtanaskatt, sem hér var til afgreiðslu fyrr á þessum fundi, og þarf að fylgja því. Menntmn. hefur litið á frv. þetta og er sammála um að mæla með samþykkt þess. Nm. áskilja sér þó venjulegan fyrirvara um að flytja brtt. eða fylgja þeim, sem fram kunna að koma.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 95. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 96. fundi í Nd., 4. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 851).

---

73. Skemmtanaskattur.

Á 69. fundi í Ed., 14. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um skemmtanaskatt [215. mál] (þmfrv., A. 554).

Á 71. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Þetta frv. er flutt af menntmn. að beiðni hæstv. menntmrh. og hafa nm., eins og fram kemur í *aths.*, *óbundnar hendur um* afstöðu til málsins. Frv. felur í sér breytingar frá núgildandi lögum, bæði varðandi skattheimtuna sjálfa og ráðstöfun á því fé, sem innheimtist með skemmtanaskatti. Varðandi síðara atriðið, þá segir í 6. gr. frv., að skemmtanaskattur skuli renna í Félagsheimilasjóð, nema annars sé getið í lögum þessum. Í 7. gr. er hins vegar kveðið svo á, að af skemmtanaskatti skv. 2. gr. skuli 10% renna til Sinfóníuhljómsveitar Íslands, og skerðist þá upphæðin að sama skapi. Eins og menn vita, þá skiptist skemmtanaskattur nú að jöfnu milli Félagsheimilasjóðs og Þjóðleikhússins.

Varðandi skattheimtuna sjálfa er skattskylda færð út samkv. frv. og látin ná til allra staða á landinu, en hún nær skv. núgildandi lögum til kaupstaða með 1500 íbúa eða fleiri. Eins og segir í grg. með frv., leiðir af þessu að felld eru úr gildi lög nr. 34 frá 1918, en skv. þeim lögum er með reglugerðum, sem bæjarstjórnir eða hreppsnefndir semja og ráðherra staðfestir, heimilt að leggja skatt á skemmtanir, sem haldnar eru í sveitarfélaginu og aðgangur er seldur að, og rennur sá skattur í hlut aðeigandi sveitarsjóð. Með lögum frá 1927 voru ákvæði þessara laga frá 1918 *numin* úr gildi að því er varðar kaupstaði með 1500 íbúa eða fleiri. Nú hafa ýmis sveitarfélög notfært sér heimildina í lögunum frá 1918, sem nú er lagt til, að verði felld úr gildi, og segir um það í 2. málsgr. 6. gr. frv., að að því er taki til reglugerða fyrir bæjar- og sveitarfélög, sem hafa verið settar og staðfestar samkv. lögum frá 1918 og enn eru í gildi, þá skuli haldast réttur viðkomandi bæjar- og hreppsfélaga til að innheimta í sveitarsjóði skemmtanaskattinn, eins og í reglugerðunum greinir, og þá skuli skemmtanaskatturinn jafnframt skv. frv. lækka um þann hluta, sem *fellur til hrepps- eða bæjarfélags skv. reglugerð.*

Aðalbreytinguna, varðandi skattinn sjálfan, að ég ætla, a. m. k. hvað krónutöluna snertir, er að finna í ákvæðinu um kvikmyndasýningar. Skv. núgildandi lögum er greiddur 10% skattur af kvikmyndasýningum með heimild til 200% álags. Gjaldið mun nú vera innheimt með 27.5% af andvirði aðgöngumiða. Í frv. eru kvikmyndasýningar settar í sérstakan flokk, þ. e. a. s. 2. flokk í 2. gr. frv., og þar segir, að af þeim skuli greiðast 15% skemmtanaskattur. En 200% álagsheimildin fellur hins vegar niður. Þarna er því um að ræða verulega lækkun á skattheimtunni hjá kvikmyndahúsunum, en þau hafa, eins og menn vita, borið fyrir sig mjög slæma rekstrarafkomu undanfarið.

Þá er jafnframt í 3. málsgr. 6. gr. frv. felld niður undanþága frá greiðslu skemmtanaskatts, sem kvikmyndasýningar á vegum Sáttmálasjóðs og kvikmyndasýningar bæjarsjóða Akraness og Hafnarfjarðar hafa notið samkv. d-lið 3. gr. laga nr. 56 frá 1927, og einnig undanþágur, sem öðrum kvikmyndahúsum munu hafa verið veittar samkv. 2. málsgr. 3. gr. l. nr. 56 1927, sbr. l. nr. 24 1963. Enn fremur segir í þessari frvgr., að skemmtanaskattinn skuli ráðh. þó vera heimilt að endurgreiða þeim aðilum, sem að undanförnu hafa notið tekna vegna framangreindrar undanþágu, með þeim skilyrðum, að fé verði notað í því skyni, sem var ástæða undanþágunnar.

Þá er loks í 8. gr. frv. gerð sú breyting á því gjaldi, sem rennur í Menningarsjóð, að í stað þess að samkv. núgildandi lögum er það 1 króna af aðgöngumiðum að kvikmyndasýningum og 2 kr. af aðgöngumiðum að dansleikjum, – sem hefur reyndar staðið óbreytt í mörg ár, – þá er lagt til, að gjaldið miðist við andvirði aðgöngumiðanna og verði 1.5% af brúttóverði aðgöngumiða að kvikmyndasýningum og 2% af aðgöngumiðum að dansleikjum, og mun þá gjaldið að krónutölu haldast í hendur við verð aðgöngumiða, eins og það er á hverjum tíma.

N. hafa borizt nokkur gögn um það, hvaða áhrif frv. mundi hafa á upphæð þess skatts, sem innheimtur er, í nokkrum atriðum. Ég skal til glöggvunar fyrir hv. þdm. nefna hér nokkur af þessum atriðum.

Eins og menn sjá, þá er alls staðar í frv. miðað við brúttóverð miða í stað þess, að nú er skattheimtan miðuð við nettóverð. Um það, hvaða áhrif þessi breyting hefur, eru í þessum plöggum þær upplýsingar, að 10% af brúttóandvirði jafngildi 11.11% af nettóandvirði. Þetta gildir um 1. fl. í 2. gr. frv. Í 2. fl., þar sem um er að ræða 15% af brúttóandvirði, jafngildir það 17.64% af nettóandvirði. Þá er 3. fl., sem er með 20% af brúttóandvirði, en það mundi jafngilda 25% af nettóandvirði.

Þá eru hér loks nokkrar upplýsingar um áhrif skattbreytingarinnar á tekjur af skemmtanaskattinum og er þá í því, sem ég næst nefni, miðað við skemmtanaskatt, sem innheimtur hefur verið hér í Reykjavík. Er þá fyrst að nefna skemmtanir, sem falla undir 1. fl. Þar segir, að skemmtanaskattur af tónleikum í Rvík á s. l. ári, – þetta er allt miðað við innheimtan skatt á árinu 1969, – hafi numið tæplega 120 þús. kr., en af brúttóverði hefði hann orðið tæplega 106 800 kr. Þá er 2. fl., þ. e. skemmtanaskattur af kvikmyndasýningum 5 kvikmyndahúsa hér í Rvík á s. l. ári. Hann var tæplega 9 100 000 kr., en með 15% skatti, eins og frv. gerir ráð fyrir, hefði hann orðið 5 034 000 kr., og er þarna að sjálfsögðu um töluverða tekjurýrnun að ræða. Í 3. fl. eru dansleikir. Skemmtanaskattur af þeim í Rvík nam á árinu 2 100 000 kr. tæpum, en 20% af brúttóverði hefðu orðið 1 835 000 kr.

Um áhrif skattbreytinga skv. frv. á tekjur Menningarsjóðs segir, að innheimta menningarsjóðsgjalds af 5 skattskyldum kvikmyndahúsum í Rvík árið 1969 hafi orðið 481 þús. kr. Með 1.5% skattheimtu af brúttóverði, eins og frv. gerir ráð fyrir, hefði hún orðið 503 þús. kr. tæpar og munar því raunverulega sáralitlu þar.

Þetta var um menningarsjóðsgjaldið af kvikmyndahúsunum, en um menningarsjóðsgjald af dansleikjum í Rvík eru þær upplýsingar, að það hafi numið 168 þús. kr. tæpum á árinu, en 2% af brúttóverði hefðu hins vegar verið 185 þús. kr.

Þá segir einnig í þessum upplýsingum, að sinfóníuhljómsveitin fái nú 9.09% af skemmtanaskattinum, en sú prósenta verði að hækka í 12.74%, ef tekjur hljómsveitarinnar eiga ekki að lækka, vegna lækkunar á skatti af kvikmyndasýningum. Sinfóníuhljómsveitin hefur fengið 10% álag á skemmtanaskattinn og skv. því fengið greidd 9.09% af heildarskattinum.

Þá er vikið að því, að eins og áðurnefndar tölur bera með sér, lækki skattur þeirra kvikmyndahúsa, sem skatta hafa greitt að undanförnu, samkv. frv., en þar á móti kemur skattgreiðsla þeirra kvikmyndahúsa, sem skattfrjáls hafa verið, og mun láta nærri, segir í þessum upplýsingum, að þetta vegi hvort annað upp.

Um áhrif útfærslu skattskyldunnar til alls landsins, sem í frv. felst, er að sjálfsögðu erfitt að segja með nokkurri vissu og skal ég ekki hafa uppi neinar getgátur í þeim efnum.

Herra forseti. Þetta frv. er flutt af n. og ég geri því ekki till. um að vísa því til n., en vil þó taka það fram, að menntmn. mun að sjálfsögðu taka frv. til ítarlegri athugunar á milli umr.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil fyrst þakka hv. menntmn. fyrir að hafa tekið þetta frv. til flutnings. Þar sem það hefur verið undirbúið í menntmrn. og á sér nokkuð langan og vandasaman aðdraganda, gæti það verið gagnlegt, að ég léti því fylgja nokkur fleiri skýringarorð en fram komu í annars mjög glöggri framsöguræðu hv. form. menntmn.

Ástæða þess, að þetta frv. er flutt, er sú, að tilkoma sjónvarps á Íslandi hefur gjörbreytt rekstrargrundvelli íslenzkra kvikmyndahúsa, og mun mega fullyrða, að á s. l. ári hafi kvikmyndahús á Íslandi í heild verið rekin með tapi. Það er ekkert einsdæmi fyrir Ísland, að sjónvarp gjörbreyti allri aðstöðu kvikmyndahúsa. Þetta hefur gerzt í öllum löndum, þar sem um víðtækan kvikmyndahúsarekstur hefur verið að ræða. Víðast hvar hefur orðið verulegur samdráttur í rekstri kvikmyndahúsa, en þar sem ríkisvaldið hefur áður innheimt skemmtanaskatt, hefur hann ýmist verið lækkaður eða felldur alveg niður, eins og átt hefur sér stað í sumum nálægra landa.

Hins vegar var hér sérstakur vandi á höndum í þessu sambandi, vegna þess að skemmtanaskattur rennur hér ekki í ríkissjóð, eins og á sér víða stað, heldur stendur hann undir tekjuöflun í þágu mikilvægrar menningarstarfsemi. 45% skemmtanaskattsins hafa um langt skeið runnið til rekstrar Þjóðleikhússins, 45% til þess að styrkja byggingu félagsheimila og 10% til rekstrar sinfóníuhljómsveitar. Niðurfelling eða lækkun skemmtanaskattsins hefur því gjörbreytt allri fjárhagsaðstöðu þeirrar þrenns konar starfsemi, sem ég nú nefndi. Þar við bættist, að sérstakt vandamál var því samfara, að verulegur hluti kvikmyndahúsa hefur á undanförnum árum fengið undanþágu frá því að greiða skemmtanaskatt, þannig að nokkurt misrétti hafði skapazt innbyrðis í kvikmyndahúsastarfseminni. Undanþága kvikmyndahúsanna frá greiðslu skemmtanaskatts hefur þó í öllum tilfellum verið háð því, að kvikmyndahúsin skiluðu rekstrarhagnaði til ákveðinna menningarmála; til byggingar eða rekstrar elliheimila, reksturs sjúkrahúsa, til rekstrar tónlistarskóla, til eflingar bindindisstarfsemi o. fl. mætti þar til nefna. Ef þessum húsum hefði verið gert skylt að greiða skemmtanaskatt, án þess að gripið hefði verið til annarra ráðstafana, þá hefðu ýmsir mikilvægir menningaraðilar misst tekjur, sem þeir hafa haft um langt skeið undanfarið, og hefði það því getað orðið mjög til truflunar á þessum rekstri. Allt þetta hefur gert málið mjög vandasamt til úrlausnar, og hefur sú tillögugerð, sem nú er hér lögð fyrir hv. Ed., í raun og veru verið mjög langan tíma í smíðum.

Ég vona, að sú niðurstaða, sem birtist í þessu frv., þyki sanngjörn og skynsamleg og þó sérstaklega nauðsynleg, til þess að ekki verði óeðlileg truflun á rekstri kvikmyndahúsanna annars vegar, sem gegna mikilvægu menningarhlutverki á Íslandi, og hins vegar þeirra menningarstofnana, sem notið hafa góðs af því, að um það bil helmingur íslenzkra kvikmyndahúsa hefur verið undanþeginn greiðslu skemmtanaskatts.

Ég held, að gagnlegt sé, að ég geri grein fyrir niðurstöðu athugunar, sem gerð var hjá tollstjóraembættinu að beiðni menntmrn., þegar þetta frv. var í undirbúningi. Athugunin var gerð á s. l. vetri eða s. l. hausti á því, hver væri aðgangseyrir þeirra kvikmyndahúsa, sem greiddu skatt, á árinu 1968, þ. e. síðasta árinu, sem þá var hægt að fá fullkomnar tölur um, og hins vegar þeirra kvikmyndahúsa, sem ekki greiddu skatt. Á því ári, 1968, reyndist aðgangseyrir í þeim kvikmyndahúsum, sem greiða skatt, 39.6 millj. kr., en aðgangseyrir þeirra húsa, sem ekki greiddu skatt, reyndist 41.3 millj. kr. Greiddur aðgangseyrir í kvikmyndahúsum reyndist þess vegna á því ári samtals 80.9 millj. kr.

Af þessu sést það, sem ég gat lauslega um áðan, að árið 1968 var svo komið og hafði verið svo um allmörg ár, að meiri hluti íslenzkra kvikmyndahúsa var orðinn undanþeginn greiðslu skemmtanaskatts.

Skemmtanaskattur sá, sem greiddur var 1968, nam 10.9 millj. kr. Þar af komu 8.3 millj. kr. úr Reykjavík, en 2.6 millj. kr. frá stöðum utan Reykjavíkur, samtals 10.9 millj. kr. Undanþegnar skemmtanaskatti hafa svo verið allar skemmtanir, – þ. á m. kvikmyndasýningar, – í kaupstöðum eða í héruðum, sem hafa færri íbúa en 1500, þannig að skemmtanaskattur hefur aðeins verið greiddur í kaupstöðum, sem hafa yfir 1500 íbúa. Skemmtanahald á öllum öðrum stöðum í landinu hefur verið undanþegið öllum skemmtanaskatti.

Gerð var á því athugun hjá tollstjóra að beiðni menntmrn., hvað skemmtanaskattur gæti lækkað, ef þau kvikmyndahús, sem hafa verið undanþegin skemmtanaskatti, greiddu skattinn einnig. Niðurstaðan varð sú, að þá gæti skemmtanaskattur lækkað úr 27.5% í 13.5%. Ef hins vegar væri gert ráð fyrir því, að skemmtanaskattur væri einnig greiddur á þeim stöðum í landinu, sem hingað til hafa engan skemmtanaskatt greitt til ríkisins, þá kemur í ljós, að skemmtanaskatturinn gæti lækkað úr 27.5% í 11.9%.

Grundvallarhugsun þessa frv. er sú, að lækka skemmtanaskattinn með þeim hætti, að allir greiði skemmtanaskatt, einnig þau kvikmyndahús, sem undanþegin hafa verið honum og auk þess skemmtanahald á þeim stöðum, sem hingað til hafa verið skemmtanaskattfrjálsir, og að lækkun skemmtanaskattsins hjá öllum aðilum skuli vera svo mikil, að heildartekjur af skemmtanaskatti haldist nokkurn vegin óbreyttar frá því, sem verið hefur. Þannig er sú tala fundin, að lagt er til að skemmtanaskattur lækki úr 27.5% í 15%. – Einhver kann kannske að benda á það, að ég hafi sagt, að ef öll kvikmyndahús greiddu skatt, þá gæti hann lækkað í

13.5%, og ef skemmtanaskattur yrði greiddur um allt land af öllu skemmtanaskattskyldu skemmtanahaldi, þá gæti hann lækkað í 11.9%, en samt er hér lagt til, að skatturinn lækki ekki meir en í 15%. Það er af því, að skattstofninn hefur farið verulega minnkandi síðan 1968. Aðsókn að kvikmyndahúsunum hefur minnkað mjög verulega síðan þá, og talan 15% er áætlunartala, miðað við það, sem fróðustu menn telja að aðgangseyrir að kvikmyndahúsum muni reynast á árinu 1970. En þegar skattstofninn minnkar, þá þarf prósenttalan á skattstofninum auðvitað að vera örlítið hærri, til þess að tekjurnar haldist óbreyttar.

Nú er eðlilegt að menn spyrji: Er þá meiningin, að svipta þá menningaraðila, sem hingað til hafa notið góðs af skattfrelsi kvikmyndahúsanna, þeim tekjum, sem þeir hafa af þessu haft?

Svo er ekki. Hér var um einn mesta vandann að ræða í sambandi við samning þessa frv., en svo er ekki samkvæmt ákvæðum frv., því að tollstjóra er heimilað að endurgreiða þeim kvikmyndahúsum, sem hingað til hafa notið skattfrelsis, greiddan skemmtanaskatt með því skilyrði, að þau noti hinn endurgreidda skemmtanaskatt í þágu sama málefnis og þau fengu skattfríðindin upphaflega vegna. Ef í ljós kemur, að tap verður á rekstri slíkra kvikmyndahúsa, eftir að skemmtanaskattinum hefur verið skilað, þá verður hlutaðeigandi menningaraðili að sjálfsögðu að bera hallann. En því málefni, sem skattfríðindin voru upphaflega veitt út á, eru tryggðar sömu tekjur og það hefur haft fram að þessu.

En þá má spyrja: Minnka þá ekki um leið heildartekjur af skemmtanaskatti, þannig að Þjóðleikhús, félagsheimili og sinfóníuhljómsveit geta ekki fengið jafnmiklar tekjur og þau hafa áður fengið? Ef miðað er við árið 1968, sem er eina árið, sem öruggar tölur eru til um, þá hefðu 15% af öllum aðgangseyri gefið í skemmtanaskatt um 12 millj. kr., og þar af hefði hluti skattfrjálsu kvikmyndahúsanna verið rúmar 6 millj. kr. M. ö. o.: skattfrjálsu kvikmyndahúsin, sem nú eru, hefðu greitt skattinn 1968 og fengið hann svo endurgreiddan. Þá hefðu tekjur af skemmtanaskatti rýrnað um h. u. b. 6 millj. kr., þ. e. Þjóðleikhús, félagsheimili og sinfóníuhljómsveit hefðu fengið 6 millj. kr. minna en ella. Hvar á það að lenda samkv. frv.? Um þetta er von að menn spyrji, og er nauðsynlegt, að menn geri sér alveg skýra grein fyrir því, hvað efnislega felst í frv. um þetta atriði.

Frv. kveður svo á um, að tekjur af skemmtanaskatti skuli framvegis greiddar til Félagsheimilasjóðs og sinfóníuhljómsveitar, 90% til Félagsheimilasjóðs og 10% – óbreytt frá því sem nú er, – til sinfóníuhljómsveitar. Í þessu felst það, þó það sé ekki sagt beinum orðum, að Þjóðleikhúsið fær framvegis engar tekjur af skemmtanaskatti, ef frv. nær fram að ganga, og það jafngildir auðvitað því, að ríkissjóður tekur að sér að bæta Þjóðleikhúsinu upp tekjumissinn vegna samþykktar lagafrv.

Takið vel eftir því, að framvegis greiðir ríkissjóður allan kostnað við rekstur Þjóðleikhússins. Hann hefur á síðari árum greitt verulegan hluta af rekstrarkostnaði hússins, því að tekjur af skemmtanaskatti og aðgöngumiðum hafa alls ekki dugað til, en framvegis mun ríkissjóður, ef frv. fær framgang, greiða allan kostnað af rekstri Þjóðleikhússins.

Hins vegar er þessi skattprósenta miðuð við það, þ. e. a. s. ef Félagsheimilasjóður fær 90% og sinfóníuhljómsveit 10% af væntanlegum 15% skemmtanaskatti, að tekjur Félagsheimilasjóðs verða óbreyttar, eða líklega heldur meiri en þær hefðu orðið að óbreyttu kerfi, og tekjur sinfóníuhljómsveitar svo að segja þær sömu.

Breytingin, sem verður, er því fyrst og fremst sú, að ríkissjóður tekur að sér að standa undir hluta Þjóðleikhússins í skemmtanaskattinum, ef frv. nær fram að ganga, en Félagsheimilasjóði eru tryggð 90% af honum, í stað 75% áður, og sinfóníuhljómsveitinni 10%, sem þýðir, að Félagsheimilasjóður fær í reynd ívið meira samkv. þessari nýju skipun en hann mundi hafa fengið að öllu óðru óbreyttu. Þetta eru í raun og veru meginatriði frv., og ég tel brýna nauðsyn bera til þess, að frv. nái í aðalatriðum fram að ganga. Ef það nær ekki fram að ganga, þá má búast við því, að stórfelld truflun verði á rekstri íslenzkra kvikmyndahúsa.

Samþykkt frv. þýðir hins vegar ekki það, að hlutur Félagsheimilasjóðs eða sinfóníuhljómsveitar sé að nokkru skertur, – ég mundi heldur segja þvert á móti, – og ríkið stuðlar að því að leysa þann mikla vanda, sem hér er á ferðinni, þ. e. vanda kvikmyndahúsanna, vanda þeirra, sem notið hafa skattfrelsis kvikmyndahúsanna, og vanda Þjóðleikhússins, með því að taka að sér að greiða allan rekstrarkostnað Þjóðleikhússins.

Þá er og í því frv., sem er flutt jafnhliða þessu frv., og er í raun og veru eins konar hliðarfrv. við það, frv. um Félagsheimilasjóð, gert ráð fyrir alveg sérstökum ráðstöfunum til þess að leysa loksins þann mikla fjárhagsvanda, sem Félagsheimilasjóður er í vegna þess, að tekjur hans hafa ekki nægt til þess að standa undir æskilegum styrkveitingum til byggingar félagsheimila. Hugmyndin er að veita Félagsheimilasjóði heimild til að gefa út ríkistryggð skuldabréf til allt að 15 ára til þess að greiða með styrki, í trausti þess að bygging félagsheimila geti komið þessum skuldabréfum í peninga og greitt úr fjárhagsvandamálum sjóðsins.

Það væri kannske gagnlegt, herra forseti, að ég í lok þessa máls míns mætti leyfa mér að taka saman í örstutt mál helztu atriði beggja þessara frv., ef það mætti verða til glöggvunar, vegna þess að hér er óneitanlega um margslungið og talsvert flókið mál að ræða. En þessi meginatriði eru:

Í fyrsta lagi: Skemmtanaskattur af kvikmyndasýningum lækkar úr 27,5% í 15%.

Í öðru lagi: Skemmtanaskattur af öðrum skemmtunum helzt óbreyttur.

Í þriðja lagi: Einnar og tveggja krónu gjaldið til Menningarsjóðs breytist í hundraðstölugjald af núverandi aðgöngumiðaverði, þannig að krónutala þess breytist framvegis í samræmi við breytt aðgöngumiðaverð.

Í fjórða lagi: Skemmtanaskattur af kvikmyndasýningum greiðist af öllum kvikmyndasýningum, einnig af þeim, sem nú eru undanþegnar skemmtanaskatti. Tollstjóri skal hins vegar endurgreiða eigendum undanþágubíóanna skemmtanaskattinn með þeim skilmálum, að fé verði notað í því skyni, sem var ástæða undanþágunnar.

Í fimmta lagi: Skemmtanaskattur og menningarsjóðsgjald verði greitt alls staðar á landinu, þannig að niður verði felldar undanþágur vegna dreifbýlis.

Í sjötta lagi: Allar tekjur af skemmtanaskatti renni til Félagsheimilasjóðs og til sinfóníuhljómsveitar, en til hennar renni 10% skattsins.

Í sjöunda lagi: Lögum Félagsheimilasjóðs er breytt þannig, að leyfi menntmrh. þarf til að hefja byggingu nýs félagsheimilis, ef það á að njóta byggingarstyrks úr sjóðnum, enda þarf þá að samþykkja staðsetningu þess og teikningu.

Í áttunda lagi: Félagsheimilasjóður fær heimild til að gefa út skuldabréf til allt að 15 ára með venjulegum vöxtum til greiðslu á styrk til þeirra félagsheimila, sem byggingu er lokið á eða eru í byggingu. Menntmrn. gerir að fengnum till. stjórnar Félagsheimilasjóðs áætlun um, hvernig væntanlegum tekjum sjóðsins skuli skipt milli styrkja til félagsheimila og endurgreiðslna á skuldabréfunum ásamt vöxtum. Og skulu þó tekjur sjóðsins áætlaðar varlega. Heimild úr ríkissjóði á og við þessi skuldabréf.

Í níunda og síðasta lagi: 10% af tekjum Félagsheimilasjóðs skal verja í Menningarsjóð félagsheimila og skal honum varið til að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilunum. Menntmrh. ákveður fjárveitingu úr sjóðnum að fengnum till. stjórnar Félagsheimilasjóðs. Heimilt er að binda styrkveitinguna til menningarstarfsemi einstakra félagsheimila því skilyrði, að tiltekinn hluti af aðgangseyri renni í menningarsjóð félagsheimilisins og sé hann þá séreign þess og notaður í því skyni, sem menntmrh. samþykkir.

Að svo mæltu leyfi ég mér að endurtaka ósk mína um það, að hv. Alþ. sjái sér fært að afgreiða þetta frv., þar eð það er bjargföst skoðun mín, að með því muni miklu verða bjargað, sem annars væri í hættu, ef frv. yrði ekki samþ., og í því felist veruleg spor fram á við á mikilvægum sviðum.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki verða margorður, því í fyrsta lagi er þetta mál flutt af n. sem ég á sæti í og í öðru lagi hefur því verið lýst yfir, að n. muni taka frv. til athugunar milli umr. Ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var sú, að ég vildi beina til hæstv. menntmrh. einni eða tveimur spurningum, en hann mun nú ekki vera í húsinu, að því er mér var tjáð, þannig að einnig þess vegna mun ég stytta mál mitt mjög.

Í megindráttum tel ég að þetta frv. og þá jafnframt það frv., sem raunar fylgir frv. þessu, þ. e. frv. um breyt. á l. um félagsheimili, séu í meginatriðum til bóta og það hafi verið óhjákvæmilegt að gera einhverja breytingu að því er snertir skemmtanaskattinn og kvikmyndahúsin, til þess að ekki færi svo, að þessi tekjustofn til menningarstarfsemi, þ. e. skemmtanaskattur og miðagjald af kvikmyndahúsum, minnkaði enn við það að fleiri eða færri af þessum húsum yrði lokað. Það er enginn vafi á því, að í þessu frv. felst sú réttarbót fyrir kvikmyndahús, sem ætti að gera þeim kleift að starfa áfram. Ég hygg, að það sé hárrétt, að það hafi verið óumflýjanlegt að jafna þarna aðstöðu kvikmyndahúsanna, því það var orðið þannig, t. a. m. hér í Reykjavík og nágrenni, að um það bil helmingur húsanna hafði undanþágur frá skemmtanaskatti, og um það voru mörg dæmi að það, sem átti að renna til sérstakrar starfsemi, fór í sumum tilfellum beinlínis í reksturinn. Það var ófært og þurfti að leiðrétta, eins og gert er með þessu frv.

Það, sem ég ætlaði hins vegar að minnast á við hæstv. ráðh., hefði hann getað verið hér við umr., það voru mál Menningarsjóðs, en aðaltekjur hans hafa verið og eru miðagjald, fyrst og fremst gjald af kvikmyndahúsum en einnig miðagjald af dansleikjum. Það var ákveðið sem aðaltekjustofn Menningarsjóðs árið 1957 og var gjaldið þá ákveðið 1 kr. af bíómiðum og 2 kr. af aðgöngumiðum að dansleikjum. Þá var meðalverð aðgöngumiða að kvikmyndahúsum 17 kr. og þetta miðagjald var því ekki svo lítið, því 1 kr. gerði þá um 6% af þeirri upphæð. Síðan hefur þetta haldizt algerlega óbreytt. Það hefur verið innheimt samkvæmt lögunum frá 1957 1 kr. af hverjum bíómiða og 2 kr. af dansleikjamiðum, en nú er svo komið, að meðalverð aðgöngumiða er orðið um 70 kr., – það mun vera lagt til grundvallar í þessu frv., – og 1 kr. miðagjald er því komið niður í 1½%.

Á þessum árum hefur stjórn Menningarsjóðs, menntamálaráð, margsinnis snúið sér til menntmrh. og menntmrn. um vanda þessarar stofnunar, því það er ekki aðeins að þetta miðagjald, sem er aðaltekjustofninn og um leið sá, sem hefur þó verið öruggari en hinn, hafi numið aðeins 1 kr., eins og ég sagði, heldur hefur krónunum smátt og smátt fækkað, vegna þess að aðsókn að kvikmyndahúsum hefur óneitanlega minnkað. Þegar bezt lét árið 1965 og árin þar á undan og eftir, þá var þetta miðagjald samtals 3.3 millj. kr., en var komið niður í 2.3 millj. kr. á árinu 1969. Það hefur því lengi verið mikil þörf á því að dómi þeirra, sem hafa með málefni Menningarsjóðs að gera, að eitthvað væri gert til þess að leiðrétta hans hlut, því hann á að standa undir ýmissi menningarlegri starfsemi, en henni hefur ekki verið hægt að sinna nema að mjög takmörkuðu leyti vegna síminnkandi fjármagns, sem sjóðurinn hefur haft yfir að ráða. Hér er ekki aðeins um að ræða bókaútgáfu, eins og ýmsir virðast halda, því að Menningarsjóður stendur algerlega undir listaverkakaupum Listasafns ríkisins, og hversu mikið fjármagn fer til þeirra er algerlega undir því komið, hverjar heildartekjur Menningarsjóðs eru á hverju ári. Það er lögbundið, að til þessara nauðsynlegu listaverkakaupa skuli fara 1/6 hluti af brúttótekjum Menningarsjóðs ár hvert. Menningarsjóður verður lögum samkv. að standa undir ákveðnum fjárgreiðslum í Vísindasjóð. Hann á lögum samkv. að styrkja íslenzka tónlist og styrkja íslenzka kvikmyndagerð, sem vissulega væri ekki vanþörf á, en sjóðurinn hefur verið þess allsendis ómegnugur að inna þessi verkefni af hendi, svo að nokkur mynd væri á, alveg sérstaklega nú síðustu árin.

Það hefur verið svo, að ár eftir ár hefur verið leitað eftir því að fá þarna ráðna bót á, en það hefur verið við vissa erfiðleika að etja og ekki sízt, að rn. eða hæstv. menntmrh. hefur ekki talið fært, vegna hins erfiða fjárhags kvikmyndahúsanna, að breyta þessu krónugjaldi, fyrr en nú, að því er loksins breytt í prósentugjald, og fagna ég því vitanlega, að það skuli nú loksins vera gert.

En þetta er því miður það seint, að hlutur sjóðsins í miðaverðinu hefur fallið úr 6% niður í 1½%.

Ég ætlaði að spyrja hæstv. ráðh. um það, hvað væri fyrirhugað að gera í sambandi við þessi miklu vandamál Menningarsjóðs, sem honum eru mjög vel kunnug, því að stjórn sjóðsins hefur skrifað menntmrn. margsinnis um þennan vanda, og enn sem komið er hefur hæstv. ráðh. ekki séð sér fært að ráða þar aðra bót á heldur en þá, sem kemur fram í því, að krónugjaldinu er nú loksins breytt með þessu frv. í prósentugjald, en þá ætlazt til, að prósentan nú gefi það sama og krónan áður. Jafnframt hefur að vísu verið með stuðningi bæði fjmrn. og dómsmrn. gerð nokkur herferð í því að bæta innheimtu á hinum tveimur aðaltekjuliðum Menningarsjóðs, sem eru ýmsar sektir fyrir brot á áfengislögum, og standa vonir til, að það bæti eitthvað lítils háttar um, en þó engan veginn svo, að störf Menningarsjóðs geti verið með eðlilegum hætti miðað við þau verkefni, sem honum er lögum samkv. ætlað að inna af hendi. Þetta mál var rætt í menntamálaráði nú fyrir þremur dögum og þá var ákveðið að snúa sér til hv. menntmn. með þessi vandamál sjóðsins, og ég geri ráð fyrir, að það verði gert í sambandi við meðferð þessa máls.

Ég skal að lokum aðeins leggja áherzlu á það, að það er ætlun ráðamanna Menningarsjóðs, að ef einhver bót fæst á hans fjárhagsmálum með afgreiðslu þessa frv., þá geti sjóðurinn og hljóti hann að taka á ný upp þá starfsemi, sem hann hafði hafið með góðum árangri fyrir nokkrum árum, en það var einmitt að styrkja félagsheimili og ýmsa staði úti á landsbyggðinni með því að skipuleggja sérstakar menningarlegar dagskrár, sem þessir aðilar áttu kost á að fá með mjög hagkvæmu móti. Þar á ég við starfsemi, sem kölluð var „List um landið“ og fór vel af stað, en þeir aðilar, sem að henni stóðu, urðu því miður að hætta við vegna fjárskorts.

En sem sagt, þetta er mál, sem verður fjallað um í þeirri n., sem ég á sæti í, menntmn., og ég skal því ekki fara fleiri orðum um það á þessu stigi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 554, 637, 647).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Menntmn. hefur rætt þetta frv. á nokkrum fundum, síðan 1. umr. fór fram um málið. Á þessum fundum hafa mætt Þórður Eyjólfsson fyrrv. hæstaréttardómari, sem samdi frv., sá starfsmaður tollstjóraembættisins, sem hefur með innheimtu skemmtanaskatts að gera, og íþróttafulltrúi, en áður höfðu mætt á fundi hjá n. ráðuneytisstjórinn í menntmrn., ásamt fulltrúa þar, og þá mætti einnig fyrrnefndur starfsmaður tollstjóraembættisins.

Eins og áður hefur verið rakið og kemur einnig fram í grg. með frv., þá eru meginbreytingarnar samkv. þessu frv. frá því, sem nú gildir, þær, að kvikmyndasýningar eru settar í sérflokk með 15% skemmtanaskatt. Þá er gjaldskyldan færð út, þannig að skemmtanaskattskyldan nær nú skv. frv. til allra staða á landinu, en samkv. núgildandi lögum nær hún aðeins til kaupstaða með 1500 íbúa og þar yfir. Þá rennur samkv. frv. allur innheimtur skemmtanaskattur, að frádregnum innheimtulaunum og framlagi til sinfóníuhljómsveitar, í Félagsheimilasjóð, en samkv. núgildandi lögum skiptist skatturinn til helminga milli Félagsheimilasjóðs og Þjóðleikhússins. Þá er með frv. lagt til, að skattprósentan sé miðuð við brúttóverð miða, en nú er miðað við nettóverð. Þá eru felldar niður heimildir til 200% álags á skatt af kvikmyndasýningum og 20% álags á skatt af öðrum skattskyldum skemmtunum og einnig fellur niður 10% álag, sem nú rennur til sinfóníuhljómsveitarinnar, en hins vegar fær sinfóníuhljómsveitin samkv. frv. 10% af innheimtum skemmtanaskatti, þegar innheimtulaun hafa verið dregin frá. Þá er sú breyting á gjaldi til Menningarsjóðs, að í stað þess að það er nú föst krónutala, þ. e. a. s. 1 kr. af hverjum aðgöngumiða að kvikmyndasýningum og 2 kr. af dansleikjum, þá er með frv. lagt til, að menningarsjóðsgjaldið verði ákveðin prósenttala af andvirði aðgöngumiða, 1½% af miðum að kvikmyndasýningum og 2% af miðum að dansleikjum. Þessi prósenttala gefur í aðra hönd nokkuð svipað eða aðeins meira en einnar og tveggja krónu gjaldið, sem nú gildir.

N. leitaðist við að gera sér, a. m. k. að einhverju marki, grein fyrir því, hvaða áhrif breytingar á skatttheimtunni samkv. frv. hefðu annars vegar á heildarupphæð skemmtanaskattsins og hins vegar á rekstur þeirra skemmtistaða, sem nú eru undanþegnir skemmtanaskatti, og þá aðallega rekstur félagsheimilanna. Það er skemmst frá því að segja, að það er ekkert hægt að fullyrða um það, hver heildarskatturinn yrði eftir breytinguna. Skattur af kvikmyndasýningum lækkar verulega, og þó niður falli skattfrelsi vissra kvikmyndahúsa, sem hafa verið skattinum undanþegin, þá má búast við því, að sá skattur, sem þau samkv. frv. kæmu til með að greiða, rynni að verulegu eða mestu leyti aftur til þeirra stofnana eða í þarfir þeirra málefna, sem þessum húsum er ætlað að standa undir.

Spurningin er þá sú, hve mikið megi áætla, að útfærsla skattskyldunnar til alls landsins geti gefið í aðra hönd. Á svo naumum tíma sem n. hefur haft frv. til meðferðar hefur mjög takmarkaðar upplýsingar verið hægt að fá og það mundi áreiðanlega taka vikur, ef ekki mánuði, að safna slíkum upplýsingum, sem yrðu þó væntanlega alls ekki tæmandi. Ég skal þó nefna eina tölu, sem n. var látin í té frá tollstjóraembættinu, en þar segir, að í bréfi Efnahagsstofnunarinnar til menntmrn. frá því í október á fyrra ári séu m. a. þær upplýsingar, að brúttósala aðgöngumiða að kvikmyndasýningum á árinu 1968, á stöðum með 300–1500 íbúa, hafi numið 10 millj. 989 þús. kr., þ. e. a. s. tæpum 11 millj. kr. En í þessa skýrslu vantaði þó upplýsingar frá 10 stöðum, sem nánar eru tilgreindir. 15% skemmtanaskattur af þessum 11 millj. kr. mundi þá hafa orðið 1650 þús. kr. Lætur nærri, að það sé þriðjungur af því, sem 5 kvikmyndahús hér í Reykjavík hefðu greitt á árinu 1969 með sömu skattprósentu.

Það hefði vissulega verið æskilegt, að fyrir hefðu legið ítarlegri upplýsingar en raun er á um þau atriði, sem ég áður hef nefnt, en afgreiðsla frv. á þessu þingi væri þá útilokuð, ef slíkra upplýsinga ætti að bíða.

Á hitt verður og að líta, að það virðist sem það sé

alveg óumflýjanlegt, að leiðrétting fáist á skemmtanaskatti kvikmyndahúsanna, eins og rekstri þeirra er nú komið. Fimm kvikmyndahús hér í Reykjavík greiða nú u. þ. b. helming af öllum innheimtum skemmtanaskatti. Þetta er því langstærsti gjaldstofn skemmtanaskattsins, og ef ekki verður þegar eitthvað að gert, þá verður ekki betur séð en sá gjaldstofn sé í þann veginn að bresta.

Eins og ég áður sagði, reyndi n. að gera sér einhverja grein fyrir því, hvaða áhrif frv. – ef að lögum yrði – hefði á rekstur þeirra staða, sem nú eru ekki skattskyldir, og þá aðallega á rekstur félagsheimilanna. Íþróttafulltrúi mætti á fundi hjá n. og gaf okkur margar mjög athyglisverðar upplýsingar. Ég skal hér stikla á nokkru af því, sem hann lét okkur í té.

Félagsheimilin eru nú 136 á öllu landinu. Þau skiptast þannig á byggðarlög, að 98 eru í sveitum og kauptúnum, 7 eru í kaupstöðum. Þeir kaupstaðir eru: Sauðárkrókur, Ólafsfjörður, Húsavík, Neskaupstaður, Seyðisfjörður, Vestmannaeyjar og Kópavogur. – Af þessum 7 kaupstöðum eru 2, sem tvímælalaust eru skemmtanaskattsskyldir. Hinir munu ekki hafa greitt skemmtanaskatt vegna íbúaákvörðunar laganna, nema þá líklega Húsavík upp á síðkastið. – Þetta voru 7 félagsheimili í kaupstöðum. Þá eru 5 félagsheimili í dreifbýli, sem eru sameign skóla og félaga. Þá eru loks 26 félagsheimili, sem eru eign einstakra félaga, en yfirleitt hefur þar verið um minni háttar framkvæmdir að ræða. Af þessum 26 eru t. d. 11 skátaheimili, sem hafa hlotið styrki úr Félagsheimilasjóði, – 11 skátaheimili víðs vegar um landið, reyndar ekkert hér í Reykjavík.

Við sjáum af þessu, að sá helmingur af skemmtanaskattinum, sem skv. núgildandi lögum fellur í hlut Félagsheimilasjóðs og kemur nú frá kaupstöðum með 1500 íbúa eða fleiri, hann rennur að langsamlega mestu leyti til dreifbýlisins og annarra staða, sem engan skemmtanaskatt greiða. Í sambandi við þetta má aðeins minnast á, að staðir eins og t. d. Selfoss, sem mun hafa yfir 1500 íbúa, eru alls ekki skattskyldir, vegna þess að þeir eru ekki kaupstaðir.

Þá eru upplýsingar um styrkveitingar úr Félagsheimilasjóði og eru þær einnig frá íþróttafulltrúa og miðaðar við það, sem var í desember 1969. Þá voru það 75 félagsheimili, sem ekki höfðu fengið full 40% byggingarkostnaðar úr Félagsheimilasjóði, og til þess að svo gæti orðið, vantaði 56.4 millj. kr. Tekjur Félagsheimilasjóðs hafa frá upphafi, þ. e. a. s. frá árinu 1948 þar til í desember s. l., numið samtals 74 millj. kr. Þegar félagsheimilalögin voru sett, þá voru þau látin verka aftur fyrir sig, þannig að þau náðu til þeirra framkvæmda við félagsheimili, sem voru byrjaðar á árinu 1944, og heildarupphæð framkvæmda allt það tímabil og á öllum stöðum samanlagt er um 240 millj. kr.

Í þessu sambandi er bezt að minna á það, sem ég ætla að hafi komið fram við 1. umr. málsins, að skemmtanaskattur árið 1968, að frádregnum innheimtulaunum og framlagi til sinfóníuhljómsveitar, nam tæpum 14 millj. 730 þús. kr., sem skiptast svo til að jöfnu milli Félagsheimilasjóðs og Þjóðleikhússins.

Um rekstur félagsheimilanna sagði íþróttafulltrúi okkur, að í heild tekið væri hann ekkert vandamál. Smærri húsin eru mörg hver kannske nokkur þúsund kr. yfir eða undir því að í járnum standi, en annars eru nokkur áraskipti að og stærri heimilin, sum hver a. m. k., skila nokkrum ágóða, kannske rösklega 100 þús. kr., en önnur minna. En tæmandi upplýsingar gátum við að vísu ekki fengið eða réttara sagt, það hefði tekið þann tíma að útvega þær, að eftir því hefði ekki verið hægt að bíða.

Þegar ég segi, að íþróttafulltrúi hafi tjáð okkur, að rekstur félagsheimilanna væri ekki vandamál, þá er þar við að athuga, að þar er eingöngu talað um hreinan rekstur. Þá er ekki tekið neitt tillit til afskrifta. En langflest félagsheimilin eru með einhverjar skuldir, meiri eða minni, sum hver eru þó ekki með meiri skuldir en sem nemur því, er þau eiga eftir að fá úr Félagsheimilasjóði. En það er að sjálfsögðu vandamál á þessum stöðum að greiða vexti og afborganir af þessum skuldum. Á það jafnt við um þessar framkvæmdir og yfirleitt aðrar í þjóðfélaginu. Í frv., sem n. flytur einnig að beiðni hæstv. menntmrh., um breyt. á lögum um félagsheimili, sem er á dagskrá þessa fundar og kemur væntanlega til umr. hér síðar, er farið fram á heimild til handa Félagsheimilasjóði til að gefa út skuldabréf til þess að greiða fyrir félagsheimilunum. Ég held, að það sé ekki of mikil bjartsýni að líta svo á, bæði nú, þegar skemmtanaskatturinn á allur að renna í Félagsheimilasjóð og til kemur að auki útgáfa slíkra skuldabréfa, að þá ætti þarna að vera ráðin veruleg bót á erfiðleikum félagsheimilanna.

Ég hef þá, hv. forseti, gert nokkra grein fyrir þeim upplýsingum, sem n. hefur aflað sér milli umr., og athugunum hennar á frv. og vil að lokum segja það, að það yrði ekki lítil bót að því, ef þetta frv. yrði að lögum, að fá þá einföldun á öllum ákvæðum skemmtanaskattsins og innheimtu hans, sem frv. hefur að geyma, því að með öllum þeim breyt., sem orðnar eru á lögunum, er þetta satt að segja eins og hálfgerður frumskógur fyrir menn að fara í gegnum.

Ég skal þá víkja lítillega að brtt. þeirri, sem við 5 þm. úr menntmn. flytjum við frv. og eru á þskj. 637.

Fyrri brtt. við 6. gr. og er með henni mælzt til, að 2. mgr. þeirrar gr. falli niður. Í þessari mgr. frv. er gert ráð fyrir því, að sveitarfélög, sem þegar hafa fengið staðfestar reglugerðir skv. lögum frá 1918 og hafa þær enn þá í gildi, skuli áfram halda rétti til þess að innheimta gjald af skemmtunum, sem þau lög heimila. Með þessu frv. hefur verið lagt til, að þessi lög frá 1918 verði felld úr gildi. Með þeim lögum var bæjar- og sveitarstjórnum heimilað að leggja allt að 20% skatt á almenningsskemmtanir, sem aðgangur er seldur að. En álagning skattsins er háð því, að sveitarstjórn hafi samið reglugerð, sem hafi hlotið staðfestingu dómsmrh. Þessi lög frá 1918, náðu sem sé til allra sveitarfélaga í landinu. Með lögum um skemmtanaskatt og um þjóðleikhús frá 1927 var þessi heimild felld úr gildi, að því er varðaði kaupstaði með 1500 íbúum eða fleiri. Síðan var svo með lögum nr. 28 frá 1952 veitt almenn heimild sveitarstjórnum, hreppsnefndum og bæjarstjórnum til handa, án tillits til íbúafjölda, til að leggja sérstakt gjald á kvikmyndasýningar, allt að 10% af aðgangseyri að kvikmyndasýningum, að frádregnum skemmtanaskatti. Með þessum lögum var felld úr gildi heimild í lögunum frá 1918 um allt að 20% gjald að því er varðaði

kvikmyndasýningar. Þetta frv., sem hér er til umr., haggar í engu lögunum um gjald af kvikmyndasýningum frá 1952, og þau lög munu standa óbreytt þó að frv. verði að lögum og sveitarstjórnir þannig halda sinni heimild áfram til að leggja gjald á kvikmyndasýningar.

N. leitaðist við að gera sér grein fyrir því, hvaða tekjur sveitarfélögin kynnu að hafa haft samkv. lögunum frá 1918. Nú hafa verið gefnar út alls 45 reglugerðir skv. þeim lögum. Af þeim eru allmargar fallnar úr gildi, þ. e. a. s. reglugerðir, sem gefnar voru út fyrir kaupstaði með 1500 íbúum eða fleiri. Eins og ég áður sagði, voru þessi lög afnumin, að því er þessa kaupstaði snerti, með lögunum um skemmtanaskatt og Þjóðleikhús frá 1927.

Ég vil skýra frá því, að tollstjóraembættið var beðið um að útvega upplýsingar um það, eftir því sem unnt væri og tími ynnist til, hvað sveitarsjóðir samkv. reikningum sveitarfélaganna kynnu að hafa haft í tekjur af þessu gjaldi á skemmtanir. Eftir þeim upplýsingum, sem n. fékk, – en það voru athugaðir sveitarstjórnarreikningar frá sveitarfélögum, sem nú eru skemmtanaskattsfrjáls, og það var gert af Hagstofunni að beiðni tollstjóraembættisins, – þá virðist sem sveitarfélögin hafi lítið eða ekkert notfært sér þessa heimild í lögunum frá 1918. Þó getur maður látið sér detta það í hug, að reikningar einhverra sveitarfélaganna séu þannig úr garði gerðir, að þar komi ekki fram þessar tekjur af skemmtanahaldi, og mætti jafnvel hugsa sér, að þær rynnu beint til einhverra ákveðinna málefna og kæmu þá hvorki inn á gjaldabálkinn né tekjubálkinn í sjálfum sveitarstjórnarreikningunum.

Það eru hér upplýsingar, sem ef til vill er rétt að kynna fyrir hv. þm., reyndar eru þær sjálfsagt teknar af handahófi, en þar er um að ræða nokkra stærri staðina. Þar er t. d. fyrst nefndur Selfoss, og segir þar, að samkvæmt upplýsingum frá oddvita þar hafi enginn skattur verið innheimtur 1969. Segir hér: „Kvikmyndahúsið er eign hreppsfélagsins. Enginn skattur innheimtur 1969. 1968 innheimtur skattur 10%, ca. 20 000 kr.“ Þá er Raufarhöfn. Þaðan eru upplýsingar oddvita, en í þeim segir, að félagsheimilið sé í skuld við hreppinn og enginn skemmtanaskattur hafi verið innheimtur, síðan það var reist. Úr Neskaupstað eru aftur á móti upplýsingar frá skrifstofu bæjarfógetans, sem segir, að enginn skemmtanaskattur sé innheimtur. Í Stykkishólmi gefur sýsluskrifstofan þær upplýsingar, að enginn skemmtanaskattur sé innheimtur í Stykkishólmi, Ólafsvík, Hellissandi eða Grundarfirði. Sveitarfélögin eigi sjálf samkomuhúsin og síðast hafi verið innheimtur 10% skattur í Stykkishólmi 1967, en þá hafi samkomuhúsið þar verið í einkaeign. Þetta eru að vísu dæmi af handahófi og varlegt að draga af þeim neina allsherjar ályktun um notkun sveitarfélaganna á gjaldheimildinni í lögunum frá 1918.

Þegar nú er lagt til að fella úr gildi lögin frá 1918, þá virðist manni satt að segja óeðlilegt, að heimildir þeirra standi þó áfram, varðandi nokkur sveitarfélög, en önnur geti þar ekki komið til greina, þ. e. a. s. þau, sem ekki hafa fengið staðfestar reglugerðir. Það sýnist því fremur eðlilegt, að fella niður þessa mgr. Þar virðist varla vera um að ræða nokkurt fjárhagsatriði, sem einhverju nemur, fyrir sveitarfélögin. Ég býst við, að fleiri en ég muni líta svo á, að þó frv. yrði samþ. með þessari mgr., þá yrði það aldrei um langa framtíð, sem slík heimild til handa einstökum sveitarfélögum yrði látin standa, og væri þá hreinlegra að nema þetta ákvæði úr frv. nú þegar. – Eins og áður sagði, er fyrri liður brtt. okkar fimmmenninganna um það, að svo verði gert.

Síðari liður brtt. okkar er varðandi menningarsjóðsgjaldið, sem um ræðir í 8. gr. frv. Þarna kemur prósenta af seldum aðgöngumiðum í stað 1 og 2 kr. gjalds, sem er samkv. núgildandi lögum. Í n. var nokkuð rætt um menningarsjóðsgjaldið og í því sambandi um fjárþörf Menningarsjóðs. Ég sé, að hv. 5. þm. Reykn. hefur flutt hér brtt. við frv. einmitt varðandi þessa gr., og þar sem hann er svo nákunnugur öllum málefnum Menningarsjóðs og fjárþörf hans, þá geri ég ráð fyrir, að þegar hann gerir grein fyrir sinni brtt., þá muni koma fram allt það sem máli skiptir varðandi það atriði.

Það lágu hér fyrir nokkrar upplýsingar um menningarsjóðsgjaldið, sem ég ætla að hafi verið nokkuð skýrt frá við 1. umr. málsins, og sé ég þó hér á plöggum, að menningarsjóðsgjald er eingöngu innheimt í Reykjavík. Með útfærslu gjaldskyldunnar til alls landsins hljóta tekjur Menningarsjóðs eitthvað að aukast. Hversu mikið, er ákaflega erfitt um að segja, eins og um skemmtanaskattinn yfirleitt, en eftir þær umr., sem fram fóru í n., urðum við fimmmenningarnir, sem stöndum að brtt. á þskj. 637, sammála um, að rétt væri að flytja brtt. við 8. gr., um að 2% af brúttóverði aðgöngumiða að dansleikjum breyttist í 3%, sem mundi þá auka nokkuð tekjur Menningarsjóðs. Hins vegar hefur einn okkar flm. þessarar brtt., hv. 5. þm. Reykn., flutt brtt. um hækkun á prósentunni á kvikmyndahúsmiða og mun hann að sjálfsögðu gera grein fyrir henni hér á eftir.

Ég hef orðið nokkuð margorð um þetta frv. Ég taldi rétt, að þessar upplýsingar, sem ég hef rakið, kæmu fram. N. hefur varið allmiklum tíma til að kynna sér þetta frv. og, eins og ég áður sagði, leitazt við að gera sér grein fyrir áhrifum þeirra breytinga, sem samþykkt frv. mundi hafa í för með sér. Ég skal svo ekki fjölyrða að sinni um málið, nema þá tilefni gefist til síðar.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér um ræðir, frv. til l. um skemmtanaskatt, er óneitanlega snöggsoðið á ýmsa lund og virðist svo, að í ljós hafi komið, að undirbúningur þess hafi ekki mátt minni vera. Þetta kemur m. a. fram í því, hversu erfitt hefur reynzt að fá upplýsingar um ýmis atriði, sem þó skipta máli, og það kemur einnig fram í því, að hér er að mínum dómi eingöngu – og á það legg ég áherzlu – eingöngu verið að reyna að setja nýjar bætur á gamalt fat, sem er í rauninni fyrir löngu orðið úr sér gengið. Það hefði verið þörf á því fyrir löngu að gera um þessi mál öll nýja löggjöf og að ýmsu leyti út frá nýju sjónarmiði.

Ég held, að það sé enginn efi á því, að löggjöfin um skemmtanaskatt, a. m. k. allverulegur hluti hennar, þ. e. að því er tekur til kvikmyndahúsanna, hefur verið og er byggð á þeirri hugsun, að kvikmyndasýningar séu nánast dæmdar til að vera eins konar annars eða þriðja flokks skemmtanir, sem sjálfsagt sé að skattleggja, að vísu til stuðnings ýmsum góðum málefnum, en þó

býsna óskyldum kvikmyndahúsarekstri og kvikmyndagerð.

Ég skal ekki fara mjög langt út í þessa sálma. Ég viðurkenni, að það er í rauninni ógerningur að gera þær breytingar á þessu frv., sem nægðu til þess að fullnægja nútímakröfum að því er varðar löggjöf um og stuðning við kvikmyndarekstur með menningarlegu sniði og innlenda kvikmyndagerð, en á því er hin fyllsta þörf. Ég vildi aðeins, áður en ég færi að fjalla um einstök atriði þessa frv., leggja á það ríka áherzlu, að þrátt fyrir þær breytingar, sem hér er verið að gera og sumar eru að vísu, eins og hv. form. menntmn. lagði áherzlu á, til að einfalda dálítið þetta skattheimtukerfi og að því leyti alveg tvímælalaust til bóta, – þá er hér í heild verið að gera tiltölulega lítilfjörlegar breytingar á löggjöf, sem er fyrir löngu orðin gersamlega úrelt. Við þurfum ekki að leita nema til næstu nágranna okkar til þess að sjá, að um þessi mál öll, þ. e. kvikmyndasýningar, rekstur kvikmyndahúsa og stuðning við innlenda kvikmyndagerð, gildir heildarlöggjöf, sem hefur alveg tvímælalaust, t. a. m. í Danmörku og Svíþjóð, haft mjög veruleg áhrif í þá átt að bæta rekstur þessarar greinar og styrkja innlenda kvikmyndagerð mjög stórlega.

Áhugamenn um þessi mál, þeir menn, sem standa hér að Kvikmyndaklúbbnum h.f., hafa tekið saman mjög fróðlega greinargerð og sent menntmn. Ed., og hún fjallar einmitt um þessi atriði, sem ég hef nú vikið lauslega að. Því miður hefur þessi greinargerð og bréf, sem henni fylgir, komið það seint, að ekki hafa verið tök á að fjalla um málið í n., en ég vil ekki láta hjá líða að vekja athygli á því, að hér liggja fyrir að mínum dómi mjög fróðlegar upplýsingar um það, hvernig þessum málum öllum er háttað, ekki aðeins varðandi skemmtanaskatt, heldur fyrst og fremst varðandi kvikmyndahús og kvikmyndahúsarekstur. Það liggja hér fyrir upplýsingar um það, hvernig þessum málum er háttað í stórum dráttum í ýmsum Evrópulöndum og alveg sérstaklega hvernig Danir hafa mótað þessi mál hjá sér með löggjöf og að því að talið er, með mjög jákvæðum árangri.

Ég vil aðeins með leyfi hæstv. forseta, lesa hér tvo stutta kafla úr bréfi Kvikmyndaklúbbsins, sem er dags. 20. apríl s. l. Það var sent menntmn. beggja d. Alþ. í tilefni af þessu frv., en þar er fyrst og fremst fjallað um þessi mál á breiðari grundvelli en um er fjallað í frv. Í bréfinu segir m. a.:

„Á Íslandi hefur kvikmyndamálum aldrei verið mörkuð nein heildarstefna með löggjöf. En viðfangsefni slíkrar löggjafar mundu einkum vera þessi: a) rekstur kvikmyndahúsa, b) dreifing kvikmynda, erlendra og innlendra, c) innlend kvikmyndagerð, skipulag hennar og fjármögnun, d) kvikmyndasafn, e) fræðslumyndasafn."

Síðan er tekið fram í bréfinu, að um ekkert þessara atriða gildi viðhlítandi löggjöf, nema þá helzt um Fræðslumyndasafn ríkisins, lög frá 1961, sem margt gott megi um segja. Undir lok bréfsins komast þeir kvikmyndaklúbbsmenn svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrir því mælumst við til þess við hv. menntmn., að þær beiti sér fyrir því þegar í sambandi við afgreiðslu þessa frv., að hafinn sé umsvifalaust undirbúningur að sérstökum kvikmyndalögum fyrir Ísland, sem afgr. verði á næsta þingi. Einnig bendum við á það, að við þetta frv., sem væntanlega tekur lagagildi innan skamms, mætti vel auka ákvæðum um sjálfsagðar menningarskyldur kvikmyndahúsanna: a) einhvers konar lágmark um val mannsæmandi kvikmynda, b) verulegt eftirlit með efnisvali á barnasýningum og íslenzkt tal á allar barnamyndir, c) skyldu til að sýna íslenzkar aukamyndir, eitthvert lágmark sýningafjölda. Þá væri heldur engin goðgá að mynda af skemmtanaskatti bíóanna eða a. m. k. hluta hans fyrsta vísi að hérlendum kvikmyndasjóði."

Ég sé ástæðu til þess að vekja athygli á þessu erindi. Legg ég á það áherzlu, að ég tel, að hér sé hreyft mjög veigamiklu máli og sé orðin brýn þörf á að undirbúa heildarlöggjöf um þessi efni.

Eins og ég áðan sagði, þá sé ég, að þess eru ekki tök að bæta þannig um þetta frv., sem hér er flutt um skemmtanaskatt, að það geti á nokkurn hátt með einhverjum breytingum komið í staðinn fyrir heildarlöggjöf um öll þessi kvikmyndamál.

Það má segja, að það frv. um skemmtanaskatt, sem nú er flutt, hafi tvenns konar tilgang. Annars vegar hefur það þann tilgang að koma til móts við þau kvikmyndahús hér í þéttbýlinu, sem hafa borið sig illa að undanförnu og sýnt fram á það, að því er talið er með töluverðum rökum, að þau hafi nú um sinn verið rekin með tapi. Það er komið til móts við þessi hús á þann veg, að skemmtanaskattur á þau er lækkaður verulega, eða úr 27½% niður í 15%. Ég býst við, að það sé alveg rétt, að þau kvikmyndahús hér, sem hafa orðið að greiða þennan tiltölulega háa skemmtanaskatt og hafa jafnframt orðið að taka á sig mjög verulegar hækkanir á leigu fyrir kvikmyndir, m. a. og þó ekki síst vegna ítrekaðra gengisfellinga, hafi barizt í bökkum og jafnvel verið rekin með tapi síðustu árin, eftir að samkeppnin við sjónvarpið fór verulega að segja til sín. Það er einnig ljóst af tölum, að aðsókn að kvikmyndahúsum hefur minnkað mjög tilfinnanlega, eða að því er virðist um allt að þriðjung á örfáum árum. Hins vegar get ég ekki annað en látið í ljós þá skoðun, að bíóeigendur og bíóstjórar hér hafa staðið sig heldur slælega í því, er til þess tekur að mæta nýjum viðhorfum, mæta þeirri auknu samkeppni, sem þeir verða að horfast í augu við nú, eftir að sjónvarp er komið. Þá kemur maður enn að því, sem ég minntist á hér í upphafi þessa máls, að engin löggjöf er til um það, sem alls staðar virðist vera bundið með lögum í nálægum löndum, að þeir, sem reka kvikmyndahús, þurfi að uppfylla vissar lágmarksþekkingarkröfur áður en þeir fá slíkt leyfi. Um ekkert slíkt er hér að ræða, ekki einu sinni þótt svo sé, sem mun nú vera tiltölulega óvíða í nálægum löndum, að sömu aðilarnir, örfá kvikmyndahús hér í Reykjavík, flytja inn allar kvikmyndir, sem sýndar eru hér á landi. Það munu ekki vera nema aðeins örfá hús, sem það gera, nálega engin kvikmyndahús utan Reykjavíkur munu fást við slíkan innflutning. Þetta er eitt af því, sem tvímælalaust ætti að taka til athugunar, þegar heildarlöggjöf verður sett um kvikmyndahúsarekstur á Íslandi.

Það er t. d. býsna einkennilegt, sem upplýsingar hafa verið gefnar um nú nýlega, að af þeim kvikmyndum erlendum, sem sýndar voru hér á landi t. d. árið 1969,

eru rétt um 80% – ég endurtek: 80% af öllum þessum erlendu kvikmyndum eru bandarískar myndir. Þetta er nánast furðulegt, og hér hefur orðið afar einkennileg breyting á allra síðustu árum. Ég hygg, að ég fari rétt með, að fyrir kannske 15–20 árum hafi þessi hlutföll verið dálítið lík þessu. Þá var yfirgnæfandi meiri hluti allra kvikmynda hér bandarískur. Síðan breyttist þetta allverulega, þannig að bandarísku kvikmyndirnar munu hafa verið komnar niður undir helming, þegar bezt lét, að því er snertir sýningar á erlendum kvikmyndum. En nú er þetta orðið þannig á nýjan leik, að því er mér er tjáð, að það eru hvorki meira né minna en 80% af öllum kvikmyndum, sem hingað voru keyptar 1969, bandarísk framleiðsla. Og verður þó víst sízt sagt, að Bandaríkjamenn hafi á síðari árum staðið þjóða fremst að því er snertir gerð góðra kvikmynda, þó að jafnan framleiði þeir talsvert af góðum myndum af þeim mikla fjölda, sem þar er framleiddur, og með því mikla fjármagni, sem til þeirra hluta er varið. En hér er skýringin m. a. og kannski ekki hvað sízt sú, að þessir fáu aðilar, sem flytja hér inn kvikmyndir til sýningar, virðast margir hverjir hafa samningabundizt við bandaríska framleiðendur, sem hafa þann ágæta sið, að þeir selja þessa framleiðslu sína í kippum. Ef kvikmyndahús hefur áhuga á að sjá eina eða tvær myndir, sem þau álíta að séu góðar og æskilegar til sýningar, þá verða þau að sögn að gjöra svo vel að kaupa af þessum sama framleiðanda kannske 15–20 myndir af allt öðrum gæðaflokkum og þurfa þá að burðast við að sýna þær. Því miður verður það að segjast, að jafnvel þau kvikmyndahús, sem maður hefði e. t. v. vænzt af einhverrar forustu í menningarmálum, svo sem það kvikmyndahús, sem er eign og rekið af Háskóla Íslands, – og ég veit ekki betur en sprenglærðir prófessorar, ef ekki sjálfur hæstv. menntmrh., séu þar í stjórn, – hafi því miður ekki skorið sig úr og síður en svo sýnt betri myndir en önnur. Ég hygg að Háskólabíó eigi metið í fjölda bandarískra kvikmynda. Þær munu vera um eða yfir 90% af kvikmyndum, sem það sýnir.

Þetta er e. t. v. dæmi um það, að það dugar trúlega ekki að setja það í löggjöf, að menn verði að vera sprenglærðir til þess að stjórna kvikmyndahúsum. Þeir verða að kunna eitthvað til þeirra sérstöku mála, en það er ekki nóg, að þeir kunni einhverja aðra hluti og kunni þá e. t. v. vel. Það er enginn efi á því, að hér verður að koma til ný löggjöf, sem miðar m. a. að því, eftir því sem hægt er með löggjöf, að bæta um myndaval og að styðja innlenda kvikmyndagerð og þá alveg sérstaklega nú fyrst um sinn gerð hinna minni heimildakvikmynda og minni leikinna mynda einnig. Þetta hefur verið brýnt lengi og er nú enn þá brýnna en áður, eftir að sjónvarp er komið hér til sögunnar, því það vantar að sjálfsögðu gott eða sæmilegt sjónvarpsefni, sem ekki liggur laust fyrir og verður ekki komið hér upp nema með góðri skipulagningu og töluverðum tilkostnaði.

Það er nú svo í sambandi við þessi mál, og þá sérstaklega íslenzka kvikmyndagerð, að löggjöf hefur verið af heldur skornum skammti, þó ekki hafi algerlega skort löggjöf um það efni, t. d. eru bæði í lögunum um Menningarsjóð og í lögunum um Fræðslumyndasafn ríkisins ákvæði um það, að þessir aðilar megi og jafnvel eigi að styðja íslenzka kvikmyndagerð. En hér hefur fyrst og fremst skort fé til að vinna að þessum hlutum á þann veg, að einhver verulegur árangur gæti orðið af.

Ég taldi ástæðu til að fara nokkrum orðum um þetta sérstaka atriði, enda þótt ég, eins og ég áður sagði, hafi ekki séð mér fært að flytja brtt. við þetta frv., t. a. m. um stuðning við íslenzka kvikmyndagerð eða annað slíkt, sem er þó brýn þörf á.

Hitt meginatriði þessa frv., sem ég ætlaði að koma að, – það fyrra var ég búinn að nefna, en það var að bjarga, ef svo mætti segja, þeim kvikmyndahúsum, sem rekin hafa verið með tapi nú að undanförnu, – er að bæta hinn mjög svo slæma hag Félagsheimilasjóðs, sem ár eftir ár hefur verið að dragnast með sífellt lengri og lengri skuldahala, sem mun nú vera orðinn milli 50 og 60 millj. kr. Þessi breyting, að skemmtanaskatturinn á nú svo til allur að renna til Félagsheimilasjóðs og honum á sömuleiðis að vera heimilt að gefa út ríkisskuldabréf, verður væntanlega til þess, að eitthvað verður hægt að stytta þennan skuldahala. Ég vil lýsa því hér yfir sem minni skoðun, að ég tel, að það hefði átt og það eigi að leysa vandamál Félagsheimilasjóðs hreinlega á þann veg, að ríkissjóður leggi þar fram myndarlegt fjármagn eða hóflega upphæð árlega, til þess að sjóðurinn geti gegnt eðlilegu hlutverki sínu, en ekki eigi til frambúðar að hagnýta skemmtanaskattinn til þeirra hluta. Hins vegar treysti ég mér ekki til þess nú, eins og komið er, að gera till. um þessar breytingar, fyrr en þá er það yrði gert í samræmi við nýja löggjöf um kvikmyndamál á Íslandi.

Ég vil svo að lokum aðeins víkja nokkrum orðum að Menningarsjóði og því gjaldi, sem hann hefur notið, bæði nokkru gjaldi af kvikmyndahúsum, þ. e. a. s. þar hefur verið um að ræða 1 kr. af hverjum seldum bíómiða að öðrum sýningum en barnasýningum, og í öðru lagi hefur verið um að ræða 2 kr. gjald af dansleikjum. Það hefur farið svo um fjármál Menningarsjóðs, eins og sumra þeirra stofnana, sem hafa fengið tekjur bundnar við eitthvert ákveðið krónugjald eða fastagjald, að þessar tekjur hafa stórlega verið að rýrna að verðgildi á undanförnum árum. Síðar, þegar það bætist við, að aðaltekjustofninn, sá sem í nokkur ár reyndist einna traustastur og var langveigamestur, þ. e. a. s. þetta krónugjald af bíómiðum, fór einnig lækkandi í krónutölu, var ekki við góðu að búast. Þetta gjald, þ. e. a. s. bæði bíómiðagjaldið og dansleikjagjaldið, hefur nú á fjórum síðustu árum lækkað að krónutölu úr 3.3 millj. kr., sem það var hæst, niður í 2.2 millj. kr., eða um réttan þriðjung, og sér þá hver maður, hvernig komið er hag þeirrar stofnunar, sem á að hafa þennan tekjustofn sem aðalhaldreipi sitt. Ég skal taka fram, að Menningarsjóði er lögum samkvæmt gert að styrkja ýmsa aðila. Í fyrsta lagi á hann að leggja ákveðna fjárupphæð árlega til Vísindasjóðs. Í öðru lagi á hann að leggja 1/6 hluta af brúttótekjum sínum til listaverkakaupa handa Listasafni ríkisins. Sitthvað er það fleira, sem er hreinlega bundið með lögum. Síðan á hann, samkv. eigin reglum, m. a. að styrkja innlenda tónlist, innlenda myndlist og innlenda kvikmyndagerð, auk þess sem hann hefur staðið undir allmikilli bókaútgáfu, þ. á m. útgáfu fræðirita, sem aðrir aðilar hafa yfirleitt veigrað sér við að gefa út, sakir kostnaðar. Öll þessi starfsemi sjóðsins má nú heita gjörsamlega lömuð vegna fjárskorts.

Hæstv. menntmrh. og menntmrn. hafa lengi vitað að hverju fór í þessu efni og að stöðugt seig á ógæfuhliðina, og hæstv. menntmrh. hefur í rauninni fyllilega viðurkennt þörfina á að bæta þarna úr, m. a. með því, að fyrir rúmu ári var sett á laggirnar að hans frumkvæði sérstök nefnd þriggja ágætra manna til þess að fjalla um vanda þessarar ríkisstofnunar. Þar var einn fulltrúi frá menntmrn., annar frá fjmrn. og sá þriðji frá menntamálaráði, formaður þess. Þessi n. skilaði áliti fyrir næstum því ári, samróma áliti, og gerði þar ýmsar till., bæði aðaltill. og varatill., að ég hygg, um úrbætur á fjárhagsvanda Menningarsjóðs, en því miður hefur ekki verið talið fært af hálfu hæstv. ríkisstj. að sinna þessum till. enn. Ég var nú satt að segja að vænta þess, að í sambandi við afgreiðslu þessa máls yrði eitthvað verulega á þennan vanda Menningarsjóðs litið, en ég get ekki sagt annað en það, að ég hef þar orðið fyrir allverulegum vonbrigðum. Að vísu fæst það nú fram, sem hefði þurft að vera í löggjöfinni frá upphafi, úr því að gjald af bíómiðum var ákveðið sem aðaltekjustofn sjóðsins, að nú er því breytt úr krónugjaldi í prósentugjald. Má þá vænta þess, að það haldi héðan af hlutfalli sínu miðað við verðlag og dýrtíð í landinu, sem það hefur alls ekki gert sem bezt sést á því, að þegar þetta krónugjald var sett á 1957, var það rétt um 6% af verði bíómiðans, en er nú komið niður í 1½%.

Einnig er til bóta og ber sízt að vanmeta það, að meiri hl. menntmn. flytur þá brtt., að í stað 2% af aðgöngumiðum á dansleiki verði gjaldið til Menningarsjóðs 3%. Þetta nemur ekki ýkjamiklu, en gæti þó e. t. v. gefið Menningarsjóði 200–300 þús. kr., að því er ég áætla mjög lauslega.

En þetta er þó engan veginn neitt nálægt því að bæta Menningarsjóði þann gífurlega halla, sem hann hefur orðið fyrir í sambandi við alla verðbólguþróun á undanförnum árum, þar sem aðaltekjustofn hans hefur svo að segja brostið. Ég ræddi það í n., hvort nm. sæju sér ekki fært að hækka prósentugjaldið á bíómiðana, og menntamálaráð hafði komið þeim tilmælum á framfæri, að það yrði hækkað úr 1½% í 3%. Það var ekki talið fært og ekki heldur þó að minna væri, en ég hygg þó, að það sé svo, að einstakir nm. séu alveg óbundnir í sambandi við þetta mál.

Ég hef leyft mér, á þskj. 647, að flytja litla brtt. við frv., en hún er um það, að í stað þess að þetta bíómiðagjald til Menningarsjóðs er í frv. ákveðið 1.5%, þá komi 2%. Þetta er að vísu algjörlega ófullnægjandi fyrir sjóðinn, en væri þó nokkur bót. Það mundi bæta úr allra brýnustu þörf sjóðsins. Það er að vísu erfitt að reikna út, hvað það mundi gefa, en mér sýnist að það ætti ekki að gefa minna en hálfa millj. kr.

Ég skal svo að lokum geta þess, að örlitla viðbót fær Menningarsjóður í sambandi við það, að ákvæðið um að binda bæri skemmtanaskattinn og menningarsjóðsgjaldið við byggðarlög, kauptún og kaupstaði, með 1500 íbúa eða fleiri, fellur niður. Þó er mjög erfitt að gera sér grein fyrir, hvað það nemur miklu, þar sem upplýsingar eru af ákaflega skornum skammti.

Fjárþörf sjóðsins, til þess að hann beinlínis geti staðið nokkurn veginn undir brýnustu ætlunarverkum sínum, sem hann hefur haft með höndum undanfarin ár, er það mikil, að ég tel, að til þess að bæta úr til bráðabirgða sé bráðnauðsynlegt að fallast á þessa litlu hækkun á prósentutölunni einnig að því er varðar kvikmyndahúsin, þ. e. að í stað 1.5% komi 2%.

Herra forseti. Ég skal svo ekki hafa þessi orð öllu fleiri, en vil að lokum minna á það, sem ég sagði í upphafi, að þetta frv., eins og það er nú, getur ekki talizt annað en alger bráðabirgðalagfæring í sambandi við viss atriði, en ég legg á það áherzlu, að heldur fyrr en síðar og það raunar, ef vel ætti að vera, fyrir næsta Alþ. þyrfti að taka öll þessi kvikmyndahúsamál og þar með gjarnan skemmtanaskattinn til nýrrar yfirvegunar og líta þar á það, sem bezt hefur gefizt meðal nágrannaþjóða okkar. Undirbúa þarf heildarlöggjöf um þessi mál, sem gæti orðið til þess, að kvikmyndahúsarekstrurinn og þó sérstaklega innlend kvikmyndagerð ætti nokkra framtíð fyrir sér og gegndi menningarlegu hlutverki.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Á dagskrá þessa fundar eru tvö mál, sem standa í nánu sambandi hvort við annað. Annars vegar er frv. það, sem nú er til umr., um skemmtanaskatt, og hins vegar frv. um félagsheimili. Ég mun e. t. v. í þessum orðum, sem ég segi hér, víkja nokkuð að báðum þessum málum, vegna þess hve náið samband er þeirra á milli.

Þessi frv. eru flutt af menntmn. þessarar hv. d. að beiðni hæstv. menntmrh. Þau eru flutt með þeim fyrirvara, eins og algengt er, þegar málsmeðferð er á þessa lund, að nm. hafi óbundnar hendur um afgreiðslu frv. Þessi mál komu til n. mjög seint á þessu þingi, þannig að í rauninni eru ekki nema fáir dagar síðan n. fékk tök á að fara að fjalla um þau. Þó að n. hafi út af fyrir sig lagt alúð við að reyna að kynna sér efni þessara frv., þá er það skoðun mín, að það vanti mikið á, að henni hafi gefizt kostur á að brjóta þetta vandamál svo til mergjar sem vera þarf. Og það lítur út fyrir, að menntmrn. hafi þurft langan tíma til þess að móta þær till., sem fram eru settar í þessum frv. Nú er talið, að þessi frv. séu fram borin og að því stefnt að lögfesta þau nú á þessum fáu dögum, sem þingið á eftir að starfa, annars vegar vegna fjárhagsvandamála félagsheimilanna og hins vegar vegna fjárhagsvandamála kvikmyndahúsa.

Nú er það svo, að vissulega eiga félagsheimilin við allmikil fjárhagsvandamál að stríða, þar sem Félagsheimilasjóður hefur ekki sökum fjárskorts getað greitt það framlag, sem aðstandendur félagsheimilabygginga hafa vonazt eftir og raunar treyst á að þeir fengju. En þessi vandi er ekki nýtilkominn og ég held, að þó að málsmeðferð yrði sú, að löggjöf yrði ekki sett um þessi efni nú á þessum fáu dögum, sem eru eftir af þinginu, heldur yrði það látið bíða næsta hausts, þá mundi það ekki hafa nein úrslitaáhrif á afkomu eða hag félagsheimilanna. Þessi vandi hefur verið að skapast á mörgum undanförnum árum. Lög um félagsheimili eru frá 1947, þannig að það vantar lítið á, að þau séu orðin aldarfjórðungs gömul, og þessi fjárhagsvandi hefur orðið til smátt og smátt á þessum tíma. Hvort núgildandi ákvæði eru látin standa óbreytt fáum mánuðum lengur eða skemur, fæ ég ekki séð, eins og ég sagði áðan, að hafi úrslitaáhrif á afkomu eða fjárhagslega stöðu félagsheimilanna.

Segja má, að þessi fjárhagsvandræði félagsheimil-

anna séu nú fyrir hendi og hafi verið að aukast á undanförnum árum, vegna þess að framkvæmdir á þessu sviði hafi orðið of örar. Þess ber þó að gæta, þegar á þetta mál er litið, að í mjög mörgum byggðarlögum hefur verið alveg knýjandi þörf á því að koma upp þessum stofnunum, félagsheimilunum. Og við verðum varir við það á öðrum sviðum, þegar þörfin er afar brýn og knýjandi fyrir framfarir, þá fara menn að bjóða lánsfé til þess að hraða framkvæmdum, svo sem á sér stað um rafvæðingu sveitanna, svo að eitt dæmi sé nefnt. Ég held því, að bygging félagsheimilanna hafi verið í því horfi, sem raun er á, vegna þess að fólkið í byggðarlögunum taldi þessar framkvæmdir og þá aðstöðu, sem þær hafa veitt og veita til félagsstarfs, alveg ómissandi. Að vissu leyti má líka gleðjast yfir því í þjóðfélagi, þar sem verðbólgan vex ár frá ári, hve mikið hefur áunnizt í því að koma upp víða um land myndarlegum félagsheimilum, sem áreiðanlega fullnægja þörfum á þessu sviði um alllanga framtíð. Eigi að síður er það staðreynd, að þær vangreiðslur, sem átt hafa sér stað af hálfu Félagsheimilasjóðs sökum fjárskorts, valda vissulega erfiðleikum hjá mörgum félagsheimilum, og kemur þar m. a. til sú þunga vaxtabyrði, sem á þeim hvílir vegna lausaskulda, sem stofnað hefur verið til. Ég vil út af fyrir sig ekki gera lítið úr þessu.

Nú er talið, að það, sem knýr á um að samþykkja þessi frv., séu einnig vandamál kvikmyndahúsa, m. a. kvikmyndahúsa, sem bezta hafa aðstöðu hér á mesta þéttbýlissvæði landsins. Það er talið, að orsök þessara breytinga á rekstraraðstöðu kvikmyndahúsanna sé fyrst og fremst tilkoma sjónvarpsins. Nú felast í þessum frv. till. menntmrn. í þessu efni. Ekki er nema gott um það að segja, að slíkar till. komi fram. Þá fá menn málið til athugunar og í tillöguformi. En eigi að síður eru mörg atriði í þessu máli þannig, að hér er vissulega um álitamál að ræða, hvort ganga á lengra eða skemmra í einstökum atriðum. Það er því fyllsta ástæða til þess að mínum dómi, að hv. alþm. fái betra tóm til þess að glöggva sig á þeim efnisatriðum, sem í þessum málum eru fólgin, áður en til lögfestingar kemur. Og nú er talið, að stefnt sé að því af hálfu hæstv. ríkisstj. eða jafnvel að það sé ákveðið, að þinglausnir verði að þessu sinni eftir fáa daga eða helzt síðasta dag þessa mánaðar. Þá ber þetta allt að sama brunni, að á þeim fáu dögum, sem eftir eru af þinghaldi í þetta sinn, og einnig þegar tekið er tillit til þess málafjölda, sem fyrir liggur og þarf að afgreiða, þá er ekki hægt að ætlast til þess, að þm. geti virt fyrir sér, kannað til hlítar eða tekið afstöðu til allra þeirra atriða, sem í þessu máli eru fólgin. Þess vegna er það mín skoðun, að það væri eðlilegasta málsmeðferðin, þar sem þessi frv. eru þegar komin fram og menn hafa kynnt sér þau að nokkru, að ekki væri haldið lengra að þessu sinni, en afgreiðslu málsins frestað til næsta þings, sem á að hefjast í október n. k., þannig að það eru ekki nema nokkrir mánuðir þangað til.

Ég hef vikið að því, að í þessum frv. felast allmörg efnisatriði, sem að nokkru leyti eru nýmæli og að öðru leyti breytingar frá gildandi lögum. Ég skal nú drepa á helztu efnisatriðin, sem hér er um að ræða.

Samkv. frv. um skemmtanaskatt á að lækka skatt af kvikmyndasýningum úr 27.5%, sem gjaldið er raunverulega nú af andvirði miðanna, og í 15%. En miðað er við, að skattgjald af öðrum skemmtunum skili svipuðum tekjum og verið hefur.

Skattinn á nú samkv. frv. að innheimta af öllum kvikmyndahúsum, en að undanförnu hafa allmörg hús notið undanþágu um skattgjaldið. Þó á að haldast heimild til þess að endurgreiða skattinn þeim, sem áður hafa notið undanþágu, ef fénu er varið til menningar- eða mannúðarmála.

Gjaldskyldan samkv. frv. um skemmtanaskatt er færð mjög út eða aukin, þannig að verði þetta frv. lögfest, nær gjaldskyldan til alls landsins, en nær nú samkv. gildandi lögum til kaupstaða með 1500 íbúa og fleiri.

Samkv. lögum frá 1918 hefur sveitarfélögum verið heimilt að fá settar reglugerðir um að ákveða og innheimta skemmtanaskatt til sveitarsjóðs eða í þágu sveitarmálefna, og það hafa verið settar 45 reglugerðir samkv. þessum lögum frá 1918. Nú er gert ráð fyrir að afnema þessa heimild og fella lögin frá 1918 úr gildi.

Skatturinn, sem innheimtist samkv. ákvæðum þessa frv., ef að lögum verður, á að skiptast þannig, að 90% skattgjaldsins renni til félagsheimila, en 10% til sinfóníuhljómsveitar. Að undanförnu hafa 45% af skattgjaldinu runnið til Þjóðleikhússins, en sá hluti á nú að falla niður sem tekjur Þjóðleikhússins og þá á sjálfsagt að mæta þeim tekjumissi Þjóðleikhússins með auknum framlögum á fjárl. til þeirrar stofnunar.

Samkv. gildandi lögum hefur það verið svo, að íþróttanefnd og fræðslumálastjóri hafa í sameiningu haft vald til þess að ákveða, hvort hefja skuli byggingu félagsheimilis eða ekki. En hafi þessa tvo aðila greint á, hefur átt að skjóta þeim ágreiningi til menntmrh., og hefur hann þá fellt úrskurð um þetta atriði. Nú er stefnt að því að gera þá breytingu á þessu ákvæði, að leyfi menntmrh. þarf eftirleiðis, ef þetta frv. verður lögfest, til þess að hefja byggingu félagsheimilis.

Samkv. frv. því um félagsheimili, sem hér liggur fyrir og ég leyfi mér að víkja ofurlítið að í þessu sambandi, á að leysa skuldamál félagsheimilanna, sem eru í smíðum eða lokið er smíði á, en ekki hafa verið gerðir upp reikningar fyrir að fullu. Það á að leysa úr skuldamálum þessara félagsheimila á þann hátt að heimila Félagsheimilasjóði að gefa út skuldabréf til allt að 15 ára til greiðslu á þeim styrk, sem nú er vangreiddur til félagsheimila.

Þá er það nýmæli í þessu frv., að 10% af tekjum Félagsheimilasjóðs skuli renna í sérstaka deild í sjóðnum, menningarsjóð félagsheimila, og að fé úr þeirri deild verði einungis varið til þess að styðja menningarstarfsemi í félagsheimilunum.

Og loks er, eins og greinilega kom fram hjá hv. 5. þm. Reykn., sem hér talaði næst á undan mér, gerð breyting á því gjaldi, sem rennur til Menningarsjóðs og undanfarið hefur verið fast gjald, 1–2 kr. af aðgöngumiða. Nú á að breyta því gjaldi í prósentugjald.

Ég hef rakið þessi efnisatriði, til þess að það liggi ljóst fyrir, að það er ekki ofsagt, sem ég áðan sagði, að í þessum málum felast veigamiklar breytingar frá því, sem gilt hefur, og nýmæli, sem vissulega getur verið álitamál, hvort lögfesta á eða ekki, eða hvaða breyt-

ingar er ástæða til að gera á þeim till., sem hér eru bornar fram.

Ég vil þó taka fram, að ég lít þannig á, að eitt þessara atriða, sem ég hef minnzt á, sé varhugaverðast í þessum málum, en það er jafnframt að vissu leyti undirstöðuatriði beggja þessara frv., sem hér liggja fyrir. Það er þetta efnisatriði, að færa gjaldskylduna um skemmtanaskattinn út til alls landsins, án tillits til mannfjölda og annarrar aðstöðu í þeim byggðarlögum, þar sem skemmtanir eru haldnar. Undanfarið og um langan tíma, ég ætla allt frá 1927, hefur þessi gjaldskylda um skemmtanaskatt til ríkisins verið bundin við kaupstaði með 1500 íbúa eða fleiri. Þetta hefur vafalaust á sínum tíma verið sett í lög að vel athuguðu máli. Það er ákaflega mikill munur á því, hvað rekstrargrundvöllur kvikmyndahúss eða annars skemmtistaðar er betri og tryggari í byggðarlögum, þar sem fjölmenni er, heldur en í byggðarlögum, þar sem fámennt er. Hitt er svo annað mál, að öll byggðarlög eru að reyna að halda í horfinu að þessu leyti og halda uppi kvikmyndasýningum og öðrum skemmtunum, því það er álitið óhjákvæmilegt menningaratriði í hverju þorpi eða í hverju byggðarlagi, að völ sé á kvikmyndasýningum, þó að erfitt sé um reksturinn og mjög takmarkað, hvað hægt er til þess að kosta. Og það er sannast sagna, að þær upplýsingar, sem hv. formaður menntmn. vék að og hafði eftir íþróttafulltrúa og var vitanlega alveg rétt með farið, eftir því sem fram kom á nefndarfundi, eru að mínum dómi, – og ég tala þar sem maður utan af landsbyggðinni, sem nokkuð þekkir til mála, þar sem ekki er um fjölmenni að ræða, – ekki tæmandi eða segja ekki allt í þessu máli.

Nú er talið, að annað aðalatriðið, sem knýr á um að gera breytingar á þessum lögum, sé fjárhagsaðstaða kvikmyndahúsanna og það ekki sízt hér á mesta þéttbýlissvæði landsins. Eftir þeim upplýsingum, sem unnt hefur verið að afla á þessum fáu dögum, hygg ég, að þetta hafi við nokkur rök að styðjast. En hvað er það þá, sem veldur þessari breytingu, að kvikmyndahús, sem kannske fyrir fáum árum eða allt fram að þessu hafa skilað hagnaði, berjast nú í bökkum með rekstur sinn? Skýringin á þessu er fyrst og fremst talin vera sú, að kvikmyndahúsin eiga erfitt með samkeppni við sjónvarpið.

Nú er það svo, að sjónvarpið kom fyrst til nota hér í Reykjavík og í næsta nágrenni Reykjavíkur, þannig að það er lengri reynsla, – þó að hún sé raunar ekki löng enn þá, – fengin af þessari samkeppni hér á þéttbýlissvæðinu heldur en orðið er annars staðar á landinu. En nú er sjónvarpið góðu heilli sem óðast að færast út um landsbyggðina. Hvernig halda menn þá að áhrifin verði, þegar hin smáu, fjárhagslega veiku kvikmyndahús eiga að fara að keppa við sjónvarpið, þegar það kemur út í byggðarlögin? Hver verður þá rekstrargrundvöllur hinna smáu kvikmyndahúsa úti um landið?

Ég held, að hér sé mjög alvarlegt málefni til íhugunar, hvort það eigi að stefna að því fyrir áhrif löggjafarvaldsins að lama verulega eða jafnvel varanlega slíka starfsemi úti í fámenninu, með lagaákvæðum eins og þeim, að færa gjaldskyldu skemmtanaskattsins út yfir allt landið. Ég tel það styðja þá skoðun, að rétt sé að hraða ekki afgreiðslu þessa máls nú á þessum fáu dögum, sem þingið á eftir að standa, því að á næstu mánuðum hlýtur að fást meiri reynsla heldur en nú er fyrir hendi af því, hvaða áhrif sjónvarpið hefur á skemmtanahald úti í kaupstöðunum, kauptúnunum og sveitabyggðunum. Og það er rétt og skylt að það komi fram, að þær tölur, sem íþróttafulltrúinn gaf á nefndarfundi og vikið var að í ræðu form. menntmn. alveg réttilega, eru allar miðaðar við fyrri ár, 1968 og þar áður, þ. e. a. s. það er miðað við rekstrargrundvöllinn eins og hann var, áður en sjónvarpið kom til sögu eða var fært út yfir landsbyggðina.

Ég endurtek það, að þetta er í mínum huga eitt meginatriði þessa máls og ákvæði, sem ég álít varhugavert að samþykkja nú í skyndi, án þess að meiri reynsla og fyllri áætlanir séu fyrir hendi heldur en nú eru um þetta mál. Ég hef því hugsað mér ásamt hv. 11. þm. Reykv., Kristjáni Thorlacius, að bera hér fram brtt. við þetta frv. um skemmtanaskattinn, sem yrði þannig að 1. gr. frv. orðist svo:

„Í öllum sveitarfélögum landsins, sem hafa 1500 íbúa eða fleiri, skal greiða skatt samkv. lögum þessum, þegar aðganga er seld að skemmtunum fyrir almenning."

Í þessari brtt. felst það að halda sama marki um mannfjölda, þar sem gjaldskylda er um skemmtanaskatt til ríkisins, eins og verið hefur í lögum um fjöldamörg undanfarin ár. Það er raunar gerð breyting frá gildandi lögum, því þau binda þetta eingöngu við kaupstaði, en það finnst okkur, sem stöndum að þessari brtt., ekki eðlilegt, heldur eigi það blátt áfram að vera mannfjöldamarkið í sveitarfélagi, sem lagt er til grundvallar, en ekki það, hvort sveitarfélagið er kaupstaður eða kauptún. Ég mun svo, áður en ég lýk máli mínu, afhenda hæstv. forseta þessa till., en ætla að bæta fáum orðum við, áður en ég lýk máli mínu.

Það hefur verið vikið að því lauslega í þessum umr., að það sé eðlilegt og rök fyrir því að lögleiða gjaldskyldu um allt landið, vegna þess að samkv. þessum till., sem hér eru til umr. í frv.-formi, á meiri hlutinn af tekjum, sem af skemmtanaskatti fást, að renna til félagsheimilanna. Ég tel ekki rétt að ræða málið sérstaklega á þeim grundvelli. Skemmtanaskatturinn er almennt gjald, sem lagt er á af hálfu ríkisvaldsins, svipað og önnur almenn gjöld, sem í ríkissjóð falla. Því er náttúrlega ekki að neita, að um langt árabil rann skemmtanaskatturinn eingöngu til Þjóðleikhússins, allt frá 1927–1947. Það var gert til þess að gera þetta átak að koma upp þessari menningarstofnun. Þessi menningarstofnun er eign þjóðarinnar og hennar njóta vissulega allir landsmenn. Þó er ekki hægt að neita því, að íbúar þess sveitarfélags eða höfuðborgarinnar, þar sem þessi menningarstofnun er og starfar, hafa bezta aðstöðu til þess að njóta þess, sem þar fer fram. Ef ætti að fara að skoða þetta frá sjónarhóli einstakra sveitarfélaga, þá er það mestur ávinningur fyrir höfuðborgina, að slík menningarstofnun komst upp og starfar. Fólk víðs vegar að af landinu er langdvölum í þéttbýlinu við nám í skólum og því um líkt, þar sem ekki er völ á að njóta þeirrar menntunar, sem það sækist eftir, nema í tiltölulega fáum sveitarfélögum, og þá stendur þetta fólk að vissu leyti undir þeirri tekjuöflun, sem þarna fer fram.

Ég vil eiginlega ekki ótilneyddur ræða þessi mál á þessum grundvelli, þó ég hafi vikið að þessu með fáum orðum. Hér er um menningarmál að ræða. Það þarf að líta til allra manna í þessu efni. Það má segja, að það væri a. m. k. fræðilegur möguleiki að binda ekki framlagið til félagsheimilanna við þennan ákveðna skatt. Það er fræðilegur möguleiki að greiða í Félagsheimilasjóð framlag úr ríkissjóði, ef menn vildu frekar hafa þann hátt á.

En til viðbótar því, sem ég hef nú tekið fram til stuðnings þeirri skoðun minni, að eðlilegasta málsmeðferðin nú sé að láta afgreiðslu þessara frv. bíða til næsta þings, kemur það, sem hv. 5. þm. Reykn. ræddi um og færði rök fyrir í sinni ræðu, að jafnvel þó þessi frv. verði samþ., þá er þetta tæplega nema til bráðabirgða. Hér vantar kvikmyndalög eða heildarlöggjöf um kvikmyndir, og sumir þeir, sem kunnugir eru kvikmyndahúsarekstri og hafa áhuga á því máli, hafa gefið mjög skýrar bendingar í þeim efnum í erindi til menntmn. Hv. 5. þm. Reykn. gerði þennan þátt nokkuð að umtalsefni og las upp kafla úr þessu erindi, þannig að ég skal ekki fjölyrða um það.

Þá er rétt, að n. reyndi eftir beztu föngum, á þessum fáu dögum, sem hún hefur haft þetta mál til athugunar, að gera sér grein fyrir því, hvaða fjárhagsgrundvöllur lægi eiginlega á bak við þetta, eða á hvaða fjárhagsgrundvelli þetta skemmtanaskattsfrv. hvíldi. En ég verð að segja, að þrátt fyrir viðleitni í þessu efni tel ég vanta mjög mikið á, að fullkomnar eða fullnægjandi áætlanir um ýmsa þætti þessa máls séu nú fyrir hendi.

Það er, eins og kom fram í ræðu formanns menntmn., ekki fyllilega ljóst, hve mikið fé sveitarfélögin hafa innheimt samkvæmt þeim reglugerðum, sem þau hafa fengið settar. Þetta eru tæplega 40 sveitarfélög, sem nú innheimta þennan skatt. Og það liggja engar áætlanir fyrir um það, svo mér sé kunnugt, hvað ætla má, að þessi útfærsla á gjaldskyldunni gefi mikið í auknum tekjum. En með því að gera sér eitthvað nánari grein fyrir því heldur en nú virðast vera tök á, þá væri auðveldara að meta málið annars vegar út frá því, hver efling þetta væri Félagsheimilasjóði, og hins vegar skoða það frá þeim sjónarhóli, hve mikið skattgjald hér væri um að ræða frá hinum ýmsu stöðum. Það virðast engin tök á því að kanna þetta núna í skyndi.

Enn kemur það til viðbótar, að ýmsir aðilar, m. a. félagasamtök, sem beita sér fyrir skemmtanahaldi úti í héruðum landsins, hafa ekki fengið tækifæri til þess eða aðstöðu til þess að senda umsagnir eða láta í ljós, hvorki við n. né við þingið, álit sitt á þessu máli. En yrði málinu nú frestað, þá mundi vissulega gefast ráðrúm til þess að leita álits ýmissa félagasamtaka, ég nefni sem dæmi Ungmennafélag Íslands, og jafnvel sveitarfélaga. Ég vil því vænta þess, þó þessi umr. fari fram nú, að samkomulag kunni að takast um það, að málsmeðferð verði þannig í reynd, eins og ég hef leitazt við að færa rök fyrir að ég teldi skynsamlegt.

Ég viðurkenni þessa fjárhagserfiðleika félagsheimilanna, en þeir hafa ekki orðið til núna á síðustu vikum, og ég endurtek það, sem ég sagði í upphafi, að ég fæ ekki séð, að það ráði neinum úrslitum gagnvart þeim, hvort þetta mál er lögfest nú í lok apríl eða tekið upp aftur síðar á þessu ári, þá eftir nánari athugun og meiri undirbúning en nú hefur farið fram.

Ég hef vikið að því, að samkvæmt þessu frv. um skemmtanaskatt á að afnema lögin frá 1918, sem heimila sveitarfélögum að fá settar reglugerðir um að innheimta skemmtanaskatt í sveitarsjóð eða til sérstakra þarfa í sveitarfélagi. Hins vegar er gert ráð fyrir því í frv. að láta þær reglugerðir halda gildi sínu, sem áður hafa verið settar og skattar eru nú innheimtir eftir. Nú sé ég, að menn, sem mynda meiri hl. menntmn., leggja til í sérstakri brtt., að þessi heimild eða þessi réttur til að innheimta samkv. reglugerðum, sem í gildi eru nú, verði niður felldur. Það leiðir af því, sem fram hefur komið í mínu máli, að ég vil binda gjaldskyldu skemmtanaskatts til ríkisins við 1500 íbúa í sveitarfélagi eða fleiri, að ég get ekki fylgt þeirri brtt. að afnema þennan rétt, sem þegar er fyrir hendi. Það leiðir af því, að ef mín brtt. verður samþ., þá er það alls kostar eðlilegt, að þessi réttur haldist áfram. Þetta er efnislega á móti því, sem ég hef látið í ljós um skoðun mína á málinu.

Ég mun nú afhenda hæstv. forseta þessa brtt. Hún er skrifleg og of seint fram komin og ég vænti þess, að leitað verði afbrigða um hana, og hér er um svo veigamikið efnisatriði að ræða, að það hlýtur að hafa áhrif á afstöðu mína til málsins, hvort hún verður samþ. eða ekki.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 683) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Kristján Thorlacius: Herra forseti. Ég vildi mæla hér fyrir brtt., en áður en ég kem að því, vildi ég fara örfáum orðum um meðferð þessa máls.

Þetta frv., sem hér liggur til umr., er eitt þeirra mála, sem lagt er fyrir Alþ. af ríkisstj. á síðustu dögum þessa þings. Við athugun á þessu máli kemur í ljós, að frv. er ekki nægilega vel undirbúið. Mál þetta varðar t. d. mjög félagsheimili landsins og afkomu þeirra. Það er gert ráð fyrir, að vangreidd framlög Félagsheimilasjóðs til félagsheimila verði greidd með skuldabréfum, sem Félagsheimilasjóður greiði síðan vexti af og afborganir. Það má vel vera, að hér sé að einhverju leyti fundin lausn á því vandamáli, að Félagsheimilasjóður hefur ekki getað greitt framlög jafnóðum og byggingar hafa risið. Sjálfsagt er þetta til bóta fyrir einhverja þá aðila, sem þegar hafa reist félagsheimili eða eru að reisa félagsheimili. En um þetta mál hefði að mínum dómi átt að hafa samráð við t. d. stjórn Félagsheimilasjóðs. Samkvæmt upplýsingum, sem ég hef fengið, hefur þetta mál ekki verið rætt í stjórn Félagsheimilasjóðs. Það mun hafa borið á góma í íþróttanefnd, en Félagsheimilasjóður er, eins og kunnugt er, skipaður íþróttanefnd og til viðbótar fræðslumálastjóra. Þetta mál mun, eins og ég sagði, hafa borið á góma í íþróttanefnd, en samkvæmt upplýsingum eins af íþróttanefndarmönnum mun þar engin ályktun hafa verið gerð um þetta mál. Ég bendi á þetta til að sýna, hve ófullnægjandi undirbúning málið hefur fengið.

Menntmn. hefur beðið um ýmsar upplýsingar í

sambandi við þetta mál. T. d. hefur n. óskað eftir áætlun um, hvað sú breyting á skemmtanaskattinum, sem frv. gerir ráð fyrir, þýði tölulega. En slík áætlun hefur ekki legið fyrir. Það á samkvæmt frv. að lækka skemmtanaskatt á kvikmyndahúsum úr 27.5% niður í 15%. Í staðinn á að innheimta skemmtanaskatt hjá þeim, sem hingað til hafa verið skattfrjálsir. Um það, hvaða fjárhæð fæst inn frá þessum nýju aðilum, liggur engin áætlun fyrir.

Samkv. frv. á skemmtanaskatturinn að renna til Félagsheimilasjóðs og sinfóníuhljómsveitarinnar, þannig að 90% af honum renna til Félagsheimilasjóðs og 10% til sinfóníuhljómsveitar. Áður gekk skatturinn að hálfu til Þjóðleikhúss, og að hálfu til Félagsheimilasjóðs. En hvað kemur hlutur Félagsheimilasjóðs til með að vaxa mikið við þetta? Þeirri spurningu hefur ekki fengizt svarað, eða ekki fengizt nein áætlun um það frá hæstv. menntmrh.

Kvikmyndahúsin bera sig illa. Og mér skilst, að þetta frv. sé fyrst og fremst drifið áfram á síðustu dögum þingsins til þess að bjarga þeim. Það virðist hafa haft mikil áhrif á hæstv. menntmrh. að kvikmyndahúsin hóta lokun. Mér hefði fundizt eðlilegt, að einhver bráðabirgðalausn yrði fundin á vanda kvikmyndahúsanna fram til haustsins, en þá yrði þetta mál tekið fyrir á ný, og bæði hæstv. ráðh. og Alþ. gæfi sér þannig betri tíma til þess að afgr. þetta mál. Sumir þættir þess þurfa áreiðanlega mun betri athugunar við. Það er t. d. glöggt dæmi um það, hvað tími þingmanna og ráðh. er naumur vegna afgreiðslu margra mála nú á þessum síðustu dögum þingsins, að hæstv. menntmrh. hefur ekki haft aðstöðu til þess að vera við þessa umr. hér í dag. Tel ég það þó miður farið um slíkt mál sem hér er á ferðinni.

Ég vildi eindregið beina því til hæstv. menntmrh. og vona, að þeim tilmælum verði komið til hans, hvort hann vildi ekki athuga að fara þessa leið, sem ég gat um og hefur komið hér fram hjá fleiri ræðumönnum. Ég þykist vita, að þm. mundu verða til samkomulags um að reyna að finna einhverja lausn á þeim vanda, sem kvikmyndahúsin eiga í, ef samkomulag næðist um að málinu yrði frestað til haustsins til nánari athugunar. Ég vil vissulega taka undir það, sem fram hefur komið hjá öðrum þm., að þetta mál er það yfirgripsmikið, að það þarf mun betri athugun en n. og aðrir hv. þm. hafa haft aðstöðu til þess að gera.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um meðferð þessa máls, en vildi fara nokkrum orðum um brtt., sem við hv. 4. þm. Norðurl. e., Björn Jónsson, flytjum hér skriflega. Þessi brtt. er við 3. gr. frv., að aftan við h-lið komi nýr liður, i-liður, svo hljóðandi: „Allar fjáröflunarskemmtanir íþróttafélaga.“ Í þessari gr. frv. er upptalning á þeim skemmtunum, sem undanþegnar skuli vera skemmtanaskatti samkv. frv., og brtt. okkar er um að undanþiggja allar fjáröflunarskemmtanir íþróttafélaga skemmtanaskatti. Það fer ekki á milli mála og þarf ekki að hafa um það mörg orð, að íþróttafélögin eru mjög illa stödd fjárhagslega og eru í miklum vandræðum með tekjuöflunarmöguleika. Þetta stendur íþróttahreyfingunni og íþróttastarfseminni í landinu mjög fyrir þrifum. Við flm. þessarar brtt. teljum sjálfsagt að undanþiggja fjáröflunarskemmtanir íþróttafélaganna skemmtanaskatti og reyna með þeim hætti að létta fjárhagsbyrðar íþróttafélaganna og gera þeim auðveldara um starfsemi sína fjárhagslega. Ég veit, að ég þarf ekki að fjölyrða um þessa brtt., og skal ekki tefja hv. þd. með því að orðlengja um þetta, en vil mega vænta þess, að aðrir hv. þdm. séu okkur flm. þessarar brtt. sammála um hana.

Brtt. er skrifleg og of seint fram komin, og ég vil afhenda hæstv. forseta hana og vænti þess, að hann leiti afbrigða um hana.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 682) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Mér láðist að geta þess í fyrri ræðu minni, að menntmn. hefðu borizt tvö erindi, annars vegar frá Kvikmyndaklúbbnum. Ég sé ekki ástæðu til þess að gera því erindi ítarlegri skil heldur en hv. 5. þm. Reykn. gerði hér áðan í sinni ræðu.

Hitt erindið var ályktun aðalfundar Félags kvikmyndahúsaeigenda, þar sem það fer fram á, að Alþ. afnemi með öllu skemmtanaskatt af aðgöngumiðaverði kvikmyndahúsa. Ég skal reyndar lesa þessa ályktun, hún er stutt og er svo hljóðandi:

„Aðalfundur Félags kvikmyndahúsaeigenda, haldinn 10. apríl 1970, skorar á Alþ. að afnema með öllu skemmtanaskatt af aðgöngumiðaverði kvikmyndahúsanna, eins og gert hefur verið í öllum nágrannalöndum vorum. Fundurinn bendir hins vegar á, að ekki sé óeðlilegt, að 5–10% af verði aðgöngumiða sé lagt í sérstakan menningarsjóð til styrktar íslenzkri kvikmyndagerð og öðrum skyldum greinum.“

Hér hafa verið fluttar tvær skrifl. brtt. við frv. Fyrri brtt., sem er frá hv. 2. þm. Austf. og hv. 11. þm. Reykv., er um það, að frv. nái aðeins til staða, sem hafa 1500 íbúa eða fleiri. Ég get sagt það strax, að ég er andvíg þessari brtt. Með frv. er lagt til, að skemmtanaskattur renni nú allur í Félagsheimilasjóð, og þess fjár njóta fyrst og fremst staðir, sem hafa færri en 1500 íbúa. Mér finnst því ekki nema ofur eðlilegt og sanngjarnt, að þeir staðir taki að sínu leyti einhvern þátt í að byggja upp Félagsheimilasjóð. Það hefur verið talað um það og er sjálfsagt rétt, að það sé erfitt að láta skemmtanahald bera sig í dreifbýlinu. Það er hins vegar á það að líta, að það eru sjálfsagt líka í dreifbýlinu haldnar skemmtanir á öðrum stöðum en í félagsheimilunum. Þegar íþróttafulltrúi kom á fund hjá n., barst það í tal, að t. d. hérna í nágrannasveitum Reykjavíkur væri það oft svo, að hljómsveitirnar héðan úr höfuðborginni héldu skemmtanir í félagsheimilum og öðrum skemmtistöðum og leigðu aðeins húsin. Ég held, að út af fyrir sig hefði enginn séð neitt eftir því, þótt þessir aðilar greiddu skemmtanaskatt. Þetta mun að vísu hafa breytzt, eftir að félagsheimilin tóku sig saman um að útiloka að á þennan hátt væri stofnað til dansleikja. En eins og ég áður sagði, þá finnst mér ekki nema sanngjarnt, að þeir landshlutar, sem fyrst og fremst njóta Félagsheimilasjóðs, taki að einhverju leyti þátt í því að byggja hann upp. Það er vitað fyrir fram, að það kemur ekki nema lítill hluti af því, sem í Félagsheimilasjóð rennur, frá þessum stöðum á landinu. Hann verður

áreiðanlega enn um sinn, þó þessi breyting verði gerð á, að langsamlega mestu leyti byggður upp með skatti úr þéttbýlinu.

Hv. 2. þm. Austf. talaði um, að af sveitarfélögum, sem hafa fengið staðfestar reglugerðir með stoð í lögunum frá 1918, mundu vera tæplega 40, sem notfærðu sér þessa gjaldheimtu. En eins og ég áður sagði, hefur ekki verið unnt að fá tæmandi yfirlit um, hvernig og að hve miklu leyti heimildin er notuð, en ég held, að full ástæða sé til þess að álíta, að hún muni vera mjög lítið notuð. Ég skil það vel, að þegar hv. þm. er búinn að bera fram brtt. um það, að ákvæði frv. nái ekki til annarra staða en þeirra, sem hafa 1500 íbúa eða fleiri, þá vilji hann ekki láta afnema lögin frá 1918, – það er mjög rökrétt, – en hins vegar, ef brtt. yrði nú felld, þá liggur auðvitað ekkert fyrir um það, hvernig hann mundi bregðast við því að fella niður 2. málsgr. 6. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að sveitarfélög, sem hafa slíkar staðfestar reglugerðir, geti áfram haldið að leggja á gjald samkvæmt þeim eftir að þau lög, sem reglugerðirnar styðjast við, hafa verið úr gildi felld.

Þá hafa hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 11. þm. Reykv. flutt brtt. við 3. gr. frv. um, að allar fjáröflunarskemmtanir íþróttafélaga skuli vera undanþegnar skemmtanaskatti. Í 3. gr. er kveðið svo á, í f-lið, að íþróttasýningar skuli undanþegnar skatti, enda renni ágóðinn óskiptur til íþróttastarfsemi. Hins vegar nær sú undanþága ekki til allra skemmtana, sem íþróttafélögin halda. Ég er eftir atvikum einnig mótfallin þessari brtt. Það eru ýmis félög, sem halda skemmtanir, ekki undanþægar samkv. 3. gr., sem geta þó haft ýmis ágæt málefni á sinni dagskrá, en eiga ekki samkvæmt frv. að njóta skattfrelsis í þessu sambandi. Ég tel, þó að íþróttafélögin séu alls góðs makleg, að það sé ekki ástæða til þess að fella allar þeirra skemmtanir undir þessar undanþágur.

Þá er hér skrifleg brtt., – svo sú 3. bætist nú í hópinn, – sem ég ætla að leyfa mér að flytja. Hún er við 1. málsgr. 6. gr. frv. Mér hafði ekki verið það ljóst og ekki heldur öðrum í n., að í frv. um breytingu á félagsheimilalögum, sem hér er einnig á dagskrá og svo mjög er nátengt þessu frv., enda af sumum verið rætt eins mikið og það frv., sem nú er til umr., þar segir í 3. gr., að þegar lög þessi, þ. e. a. s. frv. um breyt. á félagsheimilalögum, hafi hlotið staðfestingu, þá eigi að fella meginmál þeirra ásamt 1. gr. laga nr. 47/1957 inn í lög nr. 77/1947, um félagsheimili, og gefa þau út svo breytt. Ef til þess kemur, að þetta frv. verði samþ. og texti þess verði felldur inn í lögin frá 1947, þá verða þau gefin út að nýju og þá mundi breytast ártal, dagsetning og númer. Þess vegna væri það óeðlilegt, ef í 1. málsgr. 6. gr. laga um skemmtanaskatt væri vitnað til laganna frá 1947, því það er ekki um að villast, hvert skemmtanaskatturinn á að renna. Hann á að renna í Félagsheimilasjóð, og það verður ekki misskilið, hvert honum er þá ætlað að fara. Þessi brtt., sem ég leyfi mér að flytja, er því svo hljóðandi: „Við 6. gr. Niður falli orðin „(sbr. lög nr. 77/1947)“ í 1. málsgr.“

Ég endurtek, það er óþarft að þetta standi þarna og yrði villandi, ef þessi frv. næðu samþykki. Þessi brtt. er skrifleg og of seint fram komin. Ég vil fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann leiti afbrigða um hana.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 684) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Það eru hér tvær skriflegar brtt. við frv., sem komið hafa fram við þessa umr., sem ég vil hér lítillega gera að umræðuefni.

Fyrri till. er frá hv. 2. þm. Austf. og hv. 11. þm. Reykv. og er nokkuð róttæk. Hún hljóðar þannig, að í öllum sveitarfélögum landsins, sem hafa 1500 íbúa eða fleiri, skuli greiða skatt samkvæmt lögum þessum, þegar aðgangur er seldur að skemmtunum fyrir almenning, eða m. ö. o., að í öllum sveitarfélögum landsins, sem hafa færri en 1500 íbúa, verði ekki greiddur skemmtanaskattur af skemmtunum, sem þar eru haldnar. Ég get viðurkennt sum af þeim sjónarmiðum, sem liggja á bak við þessa till., en ég get ekki greitt henni atkv. í því formi, sem hún liggur hér fyrir, til þess gengur hún of langt. Ég tel, að það væri ekkert óeðlilegur stuðningur við menningarlíf dreifbýlisins, að leggja ekki skemmtanaskatt á skemmtanir í sveitarfélögum með minna en 1500 íbúum, ef þær falla undir 1. og 2. flokk 2. gr. frv., þ. e. a. s. kvikmynda- og skuggamyndasýningar, hljómleika, söngskemmtanir, fyrirlestra, upplestra o. fl., sem þar er talið. Hins vegar tel ég alveg ástæðulaust að undanþiggja dansleikjahald í dreifbýlinu skemmtanaskatti, vegna þess að ég tel, að dansleikir, sem haldnir eru í dreifbýlinu, þurfi alls ekki að gefa neitt minna af sér heldur en dansleikir, sem haldnir eru í þéttbýli, og kannske eru nú fjölmennustu dansleikirnir í þessu landi einmitt haldnir úti í strjálbýlinu, ef svo má að orði komast. Ég mun því ekki styðja þessa brtt., eins og hún er, en ef fram kæmi ný till., sem takmarkaði þetta við 1. og 2. flokk 2. gr., þá mundi ég styðja hana.

Þá er hér einnig önnur skrifl. brtt., flutt af hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 11. þm. Reykv. Hún er við 3. gr. frv. og á þá lund, að allar fjáröflunarskemmtanir íþróttafélaga eigi að vera undanþegnar skemmtanaskatti. Ég tel íþróttafélögin alls góðs makleg, það vil ég undirstrika, en ég er afar hræddur um að svona ákvæði yrði misnotað. Margir aðilar, sem standa fyrir skemmtanahaldi hér í þessu landi, bæði í Reykjavík og annars staðar, mundu sækjast ákaflega mikið eftir því að fá nafn íþróttafélags á sitt skemmtanahald, til þess að slíkar skemmtanir yrðu undanþegnar skattinum, og sniðganga þannig lögin. Ég tel, að þarna sé svo mikil hætta á misnotkun, ef slík till. yrði samþ., að ég get ekki stutt hana, og tel, að aðstoða verði íþróttafélögin á annan hátt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 78. fundi í Ed., 25. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 683 felld með 10:7 atkv.

1. gr. samþ. með 10:6 atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 682 felld með 10:8 atkv.

3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

4.–5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 684 samþ. með 17 shlj. atkv.
– 637,1 samþ. með 11:5 atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 11:1 atkv.
Brtt. 647 felld með 7:6 atkv.
– 637,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
9.–10. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:3 atkv.

Á 79. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 702).

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að flytja hér við 3. umr. skriflega brtt. við þetta frv., sem hljóðar þannig:

„Aftan við 2. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi: Skemmtanir samkvæmt 1. og 2. flokki haldnar í sveitarfélögum með færri en 1500 íbúa eru eigi skattskyldar."

Við 2. umr. málsins lýsti ég þeim sjónarmiðum, sem liggja að baki þessari till., og ég tel mig ekki þurfa að hafa fleiri orð þar um. Ég vil leyfa mér að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða um hana.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 707) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hafði nú búizt við því, að 3. umr. þessa máls yrði ekki látin fara fram fyrr en eftir helgina. En úr því að hæstv. forseti ákveður, að hún fari fram nú, þá er það ekki ætlun mín að tefja málið, hvorki með langri ræðu né flóknum tillöguflutningi.

Ég gerði grein fyrir skoðun minni á þessu máli við 2. umr. og lagði þá sérstaklega áherzlu á það, að ég teldi varhugavert að ákveða nú skattskyldu um skemmtanaskatt á öllu landinu, án þess að nánari athugun færi fram. Í samræmi við þessa skoðun bar ég, ásamt hv. 11. þm. Reykv., fram brtt. við 1. gr. þessa frv., en hún var felld við atkvgr. eftir 2. umr. hér í þessari hv. deild.

Sú skoðun hafði komið fram í umr. í hv. menntmn., að vel kæmi til greina að gera nokkurn mun á skemmtunum, sem taldar eru í þeim 5 flokkum, sem í 2. gr. frv. getur, þannig að skemmtanir, sem taldar eru upp í 1. og 2. flokki nytu þeirrar sérstöðu að vera undanþegnar skattgjaldi í sveitarfélögum, þar sem íbúafjöldi væri innan við 1500, en í 1. flokki eru þessar skemmtanir: Hljómleikar og söngskemmtanir, sjónleikar, danssýningar, fyrirlestrar og upplestrar og loks hlutaveltur, í hverju skyni sem haldnar eru. Og í öðrum flokki eru kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

Ég hafði ætlað mér að freista þess nú við þessa umr. að koma fram breyt. á frv., sem fer í þá átt, að þessar skemmtanir, sem greindar eru í 1. og 2. flokki, nytu þeirrar sérstöðu um skattinnheimtu, sem ég hef nú bent á, og hef hér undir höndum till., sem fjallar um þetta efni. En nú hefur hv. samnefndarmaður minn í menntmn., hv. 3. landsk. þm., borið fram skriflega brtt. um sama efnisatriði, þó hún sé ofurlítið öðruvísi orðuð en mín.

Ég teldi nú eðlilegast, að umr. yrði frestað og að þessar till. yrðu athugaðar saman. Hins vegar skal ég ekki leggja kapp á það, ef forseti leggur áherzlu á að hraða málinu, og tel þá koma til athugunar, að ég dragi mína till. til baka. (Gripið fram í.) Ja, ég hafði gert hér till., sem við ætluðum að gerast flm. að, ég og hv. 11. þm. Reykv. (**Forseti:** Það mætti nú fresta umr. örstutta stund, ef menn vildu ræða saman um till.) Till. er þannig, að aftan við 1. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

„Í sveitarfélögum, sem hafa færri en 1500 íbúa, skal ekki innheimta skatt af verði aðgöngumiða að skemmtunum, sem taldar eru í 1. og 2. flokki."

Hún er stíluð annars staðar inn í frv. og öðruvísi orðuð, en fjallar um alveg sama efnisatriði. (**Forseti:** Þ. e. sama efnisatriði og brtt. 3. landsk. þm.)

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að ræða um efni þessa máls nú, en ég vildi skjóta því til hæstv. forseta, hvort það væri ekki rétt að fresta þessari 3. umr. fram yfir helgina. Það var bent á það við 2. umr. þessa máls, að það hefði fengið heldur flausturslega meðferð, og þar voru talin upp æðimörg atriði, sem ekki höfðu fengizt svör við, og einnig að það hefðu ekki verið til kvaddir þeir aðilar, sem þó hefði verið eðlilegt að ræða við. M. a. tók ég eftir því, að það hafði ekki verið rætt neitt við kvikmyndahúsaeigendur hér í Reykjavík, en það er vitað mál og því er lýst yfir, að þetta frv. sé fyrst og fremst flutt til þess að greiða fyrir þeim.

Þegar þess er gætt, að þessi kvikmyndahús, sem hafa þurft að greiða skemmtanaskatt, hafa að því er talið er verið rekin með umtalsverðu tapi á s. l. ári a. m. k., og þegar þess er gætt, að skattgjaldið af þeim á að lækka um 12½%, – en jafnframt verður að gæta þess, að þar frá verður í raun og veru að draga þá 4% hækkun söluskatts, sem orðið hefur, þannig að raunveruleg lækkun á skattgjaldi þessara fyrirtækja er nú ekki nema 8½%, – þá fyndist mér ekki úr vegi, einkanlega með tilliti til þeirrar ályktunar, sem þeir hafa sent frá sér og hér var lesin upp, þar sem þeir fóru fram á það, að skemmtanaskatturinn væri með öllu niður felldur, að kannað væri með viðræðum við þá, hvort þeir telja þetta nokkra lausn á sínum málum. Ef sú væri raunin á, að þeir teldu þetta alls enga lausn, er þá ástæða til þess að vera að sulla þessu máli hér í gegn með þeim hætti, sem hér er gert, á síðustu dögum þingsins og án þess að nokkur athugun fari fram á málinu? En eins og kom reyndar greinilega fram í þeirri ræðu, sem hæstv. menntmrh. hélt um þetta mál við 1. umr., þá eru æðimörg efnisatriði í þessu frv., sem full ástæða er til að velta fyrir sér. Hins vegar sér maður ekki beint aðra knýjandi ástæðu, sem færð hefur verið fram fyrir þeim

hraða, sem hafður er á málinu, heldur en þessa, að bjarga kvikmyndahúsunum úr sínum vandræðum. En ég get ekki betur séð en að forsendan fyrir þessu frv. væri eiginlega fallin, ef það kæmi nú á daginn, að þau teldu þetta enga lausn.

Ég held þess vegna, að þetta mál hefði ekki illt af því að vera athugað örlítið betur. Og í öllu falli finnst mér að það væru skynsamleg vinnubrögð, að forseti frestaði þessari umr. fram yfir helgina, þannig að n. gæfist nokkurt tóm til að athuga málið og til þess að bera sig saman við hæstv. menntmrh., en málið er flutt að hans beiðni. Hann hefur þó vegna anna annars staðar ekki getað verið viðstaddur umræður um málið í þessari hv. d., og það er þó lágmarkskrafa, sem gera verður til ráðh., að þeir fylgi málum sínum eftir með þeim hætti, að þeir séu viðstaddir í málstofunum, þegar umr. fara fram um þau.

Ég get tekið undir með hv. 2. þm. Austf., ég ætla ekki að fara að gera þetta að neinu kappsmáli, en ég vildi aðeins skjóta þessu til hæstv. forseta.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 708) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Hér hafa verið fluttar tvær skrifl. brtt., sem efnislega eru raunar samhljóða, um að undanþiggja skattskyldu af skemmtunum skv. 1. og 2. flokki 2. gr. frv. þá staði, sem hafa minna en 1500 íbúa. Ég skal strax lýsa þeirri afstöðu minni, að ég er andvíg þessum brtt. Ég hef áður við umr. um frv., eða réttara sagt við 2. umr., látið þess getið, þegar flutt hafði verið brtt. um að frv., ef að lögum yrði, yrði ekki látið ná til þessara staða, að þegar sú breyting væri lögð til með frv., að allur skemmtanaskatturinn að undanþegnum innheimtulaunum og framlagi til sinfóníuhljómsveitarinnar rynni í Félagsheimilasjóð, sem einmitt þessir staðir fyrst og fremst njóta, þá væri ekki nema eðlilegt og sanngjarnt, að þeir tækju einhvern þátt í að byggja upp Félagsheimilasjóðinn. Ég er sem sé andvíg þessum brtt.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. lét í ljós, að það væri æskilegt að umr. væri frestað til þess að fá fram, að mér skildist, álit kvikmyndahúsaeigendanna á ákvæðum frv., þ. e. hvort sú lækkun á sköttum af kvikmyndasýningum, sem þar hefur verið lögð til, mundi bjarga þeim út úr ógöngum. Ég fyrir mitt leyti get fallizt á það. Ég mun þá gera ráðstafanir til þess að nefndarfundur verði haldinn strax á mánudagsmorgun og umr. geti haldið áfram eftir hádegi.

En um það, sem hv. þm. sagði að öðru leyti um það, að frestað yrði umr. og málið skoðað betur vegna þess, sem fram hefur komið í umr., að það hefur verið takmarkað, hvaða upplýsingar hefur verið hægt að fá um einstök atriði, vil ég segja, að hv. þm. veit það og hv. þdm. allir, að slík frestun mundi bara þýða það, að frv. fengi ekki afgreiðslu á þessu þingi. Ég mun því sem nefndarform. eingöngu gera ráðstafanir til þess, að kvikmyndahúsaeigendur geti sent fulltrúa sinn á fund n., en að öðru leyti held ég, að við höfum fengið þær upplýsingar, sem unnt er að fá á þessu stigi.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði hér, að þetta mál er að ýmsu leyti illa undirbúið, og tel ég eiginlega furðu gegna, að slíkt mál skuli vera afgreitt að jafnlítilli athugun fenginni nú þessa síðustu annríkisdaga þingsins. Að mínu viti er málið ekki á nokkurn hátt svo aðkallandi, að það mætti ekki bíða næsta þings og þess, að ýmsir þættir yrðu skoðaðir betur og þá ekki sízt afstaða ýmissa aðila, sem þarna koma mjög við sögu. Það hefur komið fram, að það hefur ekki verið haft samband við kvikmyndahúsin hér í Reykjavík, sem mér skilst að sé höfuðtilgangur frv. að bjarga. En bjargar þetta þeim?

Kvikmyndahúsin hér hafa þegar fengið fullkomið frelsi til að selja aðgang á því verði, sem þau sjálf ákveða, og hafa þó á undanförnum árum kvartað talsvert undan því, að verðlagsákvæði um aðgöngumiðaverð væri þröngt. En mér sýnist líka, að ýmis ákvæði frv. muni beinlínis verka í þá átt að drepa algjörlega niður starfsemi sumra kvikmyndahúsa bæði hér í Reykjavík og eins úti á landi, þ. e. a. s. þeirra, sem hafa ekki þurft að greiða skemmtanaskatt.

Allt þetta held ég að þyrfti að athuga miklu betur og eins þá það, hvort sérstök ástæða er til þess að gerbreyta þessum lögum aðeins með tilliti til þess, að kvikmyndahúsin bera sig verr eftir að sjónvarpið kom til sögunnar. Ég er ekkert viss um, að það sé nauðsynlegt að starfrækja 10–15 kvikmyndahús hér á höfuðborgarsvæðinu, og það gilti einu og væri kannske hentugra fyrir þau sjálf og alla aðra aðila, að kvikmyndahúsunum fækkaði eitthvað. Það finnst mér eðlileg þróun, eftir að sjónvarpið er komið til sögunnar.

En ég veit nú ekki, hvort það breytir miklu um þetta mál, hvort því er frestað til mánudags. Annríki er mikið og það er varla von til þess, að öll sú athugun, sem ég tel að raunverulega þyrfti að fara fram í sambandi við þetta, væri framkvæmd á þeim tíma. Ég tel miklu æskilegra, að frv. væri með öllu frestað og það færi ekki til frekari umr. hér í þinginu.

Það sýnir svo allan undirbúning málsins sá aragrúi af brtt., sem hér hafa komið fram. Ég vil leyfa mér að bæta hér einni við. Hún kann að sýnast lítilfjörleg, en hún er við 2. gr., 3. flokk, og er um það, að síðari málsliður a-liðar í 3. flokki falli niður. En þar stendur: „Haldi félag dansleik og sé aðgangur ókeypis, er lögreglustjóra heimilt að ákveða skattinn.“ Með þessum orðum er opnuð leið til þess að heimta skemmtanaskatt af dansleikjum, jafnvel þótt þeir séu með öllu ókeypis, og tel ég það hæpið, sérstaklega þegar til þess er litið, að í sambandi við allt það skemmtanahald, sem talið er upp í 1. og 2. flokki, virðist ekki vera um að ræða neina skattgreiðslu ef aðgangur er ókeypis. Ég tel þess vegna ekki heldur ástæðu til að heimta skemmtanaskatt af dansleikjum, þar sem ókeypis aðgangur er. Nú er það svo í okkar fámenna landi og afskekktu byggðarlögum, að það tíðkast enn sums staðar og hefur gert frá upphafi, að það eru yfirleitt ekki haldnar neinar slíkar skemmtanir öðruvísi en að það sé ókeypis aðgangur fyrir alla staðarbúa. Ég þekki nokkra slíka staði, og ég held, að það þætti nokkuð kynlegt, ef allt í einu yrði tekið upp á

því að skattleggja skemmtanir, sem fólkið á þessum stöðum kemur upp, vinnur ókeypis að og selur engum manni aðgang að. Reyndar sýnist mér allt hlutarins eðli vera þannig, að þar sem um engar tekjur er að ræða, þar eigi ekki heldur að koma skattgreiðsla til.

Ég leyfi mér þess vegna að leggja fram þessa skriflegu brtt. og mun biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 709) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 80. fundi í Ed., 27. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Áður en hlé var gert á þessari umr., hafði komið fram ósk um það, að menntmn. fengi á sinn fund kvikmyndahúsaeigendur eða þeirra fulltrúa, til þess að upplýsa, hvaða áhrif þetta frv., ef að lögum verður, hefði á rekstur þeirra. N. hefur síðan orðið við þessari ósk og mætti stjórn kvikmyndahúsaeigenda á fundi hennar.

Það var leitað eftir upplýsingum um þetta atriði, sem ég áður nefndi, og hafði stjórnin þær ekki á hraðbergi fyrir öll kvikmyndahúsin, en hins vegar fengust upplýsingar um nokkur þeirra, og ef ég nefni þá fyrst skattfrjálsu kvikmyndahúsin, þá gaf stjórnin okkur þær upplýsingar, að t. d. Bæjarbíó í Hafnarfirði hefði verið á árinu 1967 með 800 þús. kr. halla. Árið 1968 var halli á rekstrinum 1.2 millj. Þá er það Háskólabíó. Þar stóð rekstur í járnum s. l. ár og eru þá inn í reksturinn teknar afskriftir, þ. e. vextir og afborganir, 1.5 millj. kr. Þeir gáfu okkur þær upplýsingar, að ef ákvæði þessa frv. hefðu þá verið komin til framkvæmda, þá hefði skattgreiðsla bíósins væntanlega u. þ. b. étið upp þessa hálfu öðru milljón, eða hreinn rekstur hefði komið nokkurn veginn slétt út, en þó líklega orðið einhver halli. Um önnur undanþágubíó hér í Reykjavík, Tónabíó og Laugarásbíó, töldu þessir aðilar sig ekki hafa í höndum upplýsingar. Um eitt af skattskyldu bíóunum, Gamla bíó, er það að segja, að hallinn, sem var á árinu 1969, hefði nokkurn veginn jafnazt eða horfið, ef beitt hefði verið skattlagningarákvæðum samkvæmt frv., og þó hefði væntanlega orðið einhver halli. Þessar upplýsingar hef ég hér með tíundað, og ég ætla, að það hafi ekki verið fleira beinlínis varðandi þetta, sem þeir létu okkur í té upplýsingar um, þ. e. stjórn Félags kvikmyndahúsaeigenda.

Fyrr við umr. lýsti ég afstöðu minni til tveggja brtt., sem fram voru komnar, þ. e. a. s. á þskj. 708, frá Páli Þorsteinssyni og Kristjáni Thorlacius, og á þskj. 707, frá Jóni Þorsteinssyni. Þá hefur komið fram frá Birni Jónssyni brtt. við 2. gr., þar sem lagt er til, að síðari málsliður a-liðar 3. flokks falli niður, en hann er svo hljóðandi:

„Haldi félag dansleik og sé aðgangur ókeypis, er lögreglustjóra heimilt að ákveða skattinn."

Þetta ákvæði er alveg samhljóða því, sem er í núgildandi lögum, og ég skal gefa þær upplýsingar, sem ég hef fengið hjá tollstjóraembættinu, að þetta er framkvæmt þannig, að á dansskemmtunum, þar sem ekki eru vínveitingar, er tekið visst gjald á klukkutíma. Þetta eru, ef ég man rétt, 100 kr. á klukkutímann. Þetta er ekki gjald sem neinu nemur. Á vínveitingastöðunum er aftur á móti tekið hið svokallaða rúllumiðagjald, 25 kr., sem menn kannast við. 8 kr. af því eru skemmtanaskattur, 2 kr. menningarsjóðsgjald, síðan renna 5 kr. af þessu gjaldi til viðkomandi húsa og 10 kr. eru fatageymslugjald.

Það er ekki ætlunin með þessu frv., að nein breyting verði á þessari gjaldheimtu. Vínveitingahúsin selja yfirleitt ekki aðgang að dansi og þau taka sitt fé inn með öðru móti, og ég held, að það sé engin goðgá, þó eitthvert gjald sé af þessu tekið með skemmtanaskatti. Ég vil því fyrir mitt leyti lýsa mig andvíga þessari brtt.

Ég held þá, að það sé ekki annað, sem ég hef um málið að segja.

ATKVGR.

Brtt. 708 samþ. með 10:8 atkv.

– 709 felld með 10:5 atkv.

– 707 tekin aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 11:7 atkv. og afgr. til Nd.

Á 88. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 732).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. – Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Ed., sem gerði smávægilegar formbreytingar á frv. eins og það var lagt fram, en engar efnisbreytingar.

Í þessu frv. felst það fyrst og fremst, að gert er ráð fyrir lækkun skemmtanaskatts af kvikmyndasýningum úr 27.5% í 15%. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að síðan sjónvarpssendingar hófust á Íslandi, hefur aðsókn að kvikmyndahúsum minnkað stórlega og nú mun vera svo komið, að óhætt er að fullyrða, að kvikmyndahúsarekstur á Íslandi er rekinn með tapi. Við svo búið getur að sjálfsögðu ekki staðið.

Skemmtanaskattur af kvikmyndahúsum, eins og annar skemmtanaskattur, hefur runnið til þriggja aðila. 45% hans hafa runnið til að greiða hallarekstur Þjóðleikhússins, 45% hafa runnið til að styrkja byggingu félagsheimila og 10% hafa runnið til að greiða hluta af hallarekstri sinfóníuhljómsveitarinnar. Ef skemmtanaskatturinn yrði lækkaður úr 27.5% í 15%, þá gefur auga leið, að endurskoða þarf fjáröflun til þeirra þriggja stofnana, sem notið hafa tekna af skemmtanaskatti. Í þessu sambandi er þess líka að geta, að um langt skeið hefur það tíðkazt, að ákveðin kvikmyndahús njóti undanþágu frá greiðslu skemmtanaskatts, og var þeim undanþágum fjölgað mjög verulega, þar til fyrir u. þ. b. 10 árum, að hætt var að veita nýjum kvikmyndahúsum undanþágu frá skemmtanaskatti. Til eru skýrslur um árið 1968. Aðgangseyrir kvikmyndahúsa, sem greiða skatt, nam þá 39.6 millj. kr., en aðgangseyrir kvikmyndahúsa, sem ekki greiða skatt, nam þá 41.3 millj. kr. M. ö. o.: það voru fleiri, sem sóttu þau

kvikmyndahús, sem ekki greiddu skatt, en þau, sem greiddu skatt. En aðgangseyririnn til kvikmyndahúsanna nam samtals 80.9 millj. kr.

Í þessu frv. felst það, að skemmtanaskatturinn skal, eins og ég gat um áðan, lækka úr 27.5% í 15%. Tekjur af skemmtanaskatti árið 1968 námu 10.9 millj. kr., en 15% skemmtanaskattur á því ári hefði numið 5.9 millj. kr. Gefur því auga leið, að gera verður sérstakar ráðstafanir til þess að bæta sérhverjum þeirra þriggja aðila, sem skemmtanaskatts hafa notið, tekjumissinn vegna þessarar lækkunar skemmtanaskattsins úr 27.5% í 15%. Niðurstaða ríkisstj. varð sú, að ríkissjóður skyldi framvegis, ef þetta frv. næði fram að ganga, taka að sér allan rekstur Þjóðleikhússins, þannig að Þjóðleikhúsið fengi framvegis engar tekjur af skemmtanaskatti. Tekjurnar skyldu fyrst og fremst renna í Félagsheimilasjóð, þ. e. a. s. 90% af tekjunum, en 10% af tekjunum skyldu renna eins og áður til sinfóníuhljómsveitarinnar.

Til þess að gera sér grein fyrir, hvaða breytingu þetta hefði haft í för með sér á árinu 1968, sem öruggar tölur eru til um, þá er þess að geta, að félagsheimilin fengu árið 1968 45% af 27.5% skatti, þ. e. a. s. 45% af 10.9 millj. eða 4.9 millj. kr. Félagsheimilin fengu því 1968 með því kerfi, sem gildir í dag, 4.9 millj. kr. Ef þetta frv. hefði verið orðið að lögum á því ári, þá hefðu félagsheimilin fengið 90% af 15% skatti, þ. e. a. s. 90% af 5.9 millj. kr. eða 5.3 millj. kr. Hin nýja skattprósenta hefur einmitt verið miðuð við þetta, að hvorki Félagsheimilasjóður né heldur sinfóníuhljómsveitin, sem áfram eiga að njóta góðs af skemmtanaskattinum, sköðuðust af, heldur að hagur þeirra batnaði lítið eitt. M. ö. o.: breytingin hefði að öllu óbreyttu haft í för með sér á s. l. ári hækkun á tekjum Félagsheimilasjóðs úr 4.9 millj. kr. í 5.3 millj. kr. Og gera má ráð fyrir, að líkt hlutfall gildi á þessu ári, þó að ekki séu til um það tölulegar upplýsingar. Sinfóníuhljómsveitin hefði fengið mjög svipaða upphæð, en ríkissjóður tekur að sér hlut Þjóðleikhússins og tekur þannig á sig þá heildartekjulækkun, sem af lækkun skemmtanaskattsins hlýzt.

Þá er í frv. gert ráð fyrir því, að skemmtanaskattur af öðrum skemmtunum haldist óbreyttur.

Í lögunum eru ákvæði um 1 kr. gjald á aðgöngumiða að kvikmyndahúsum og 2 kr. gjald á aðgöngumiða að dansleikjum, sem renna skuli í Menningarsjóð. Þessu gjaldi er nú breytt í hundraðshlutagjald af núgildandi aðgöngumiðaverði, þannig að krónutala þess breytist framvegis í samræmi við breytt aðgöngumiðaverð, en tekjur Menningarsjóðs hafa ekki aukizt af hækkuðu verði aðgöngumiða að kvikmyndahúsum eða að dansleikjum síðan þessi ákvæði voru tekin í lög.

Þá gerir frv. ráð fyrir því, að skemmtanaskattur af kvikmyndasýningum greiðist af öllum kvikmyndasýningum, þ. e. a. s. einnig þeim, sem nú eru undanþegnar skemmtanaskatti. Hins vegar er ákvæði um það í frv., að endurgreiða megi eigendum undanþágubíóanna skemmtanaskattinn með þeim skilmálum, að fé verði notað í því skyni, sem var ástæða undanþágunnar, þannig að ef rekstur þeirra kvikmyndahúsa, sem hér eiga hlut að máli, er með eðlilegum hætti, þá skaðast þau eða það málefni, sem þeim er ætlað að styðja, ekkert við samþykkt þessarar breytingar.

Þá gerir frv. ráð fyrir því, að skemmtanaskattur og menningarsjóðsgjald verði greitt alls staðar á landinu. En nú er sem kunnugt er ekki greiddur skemmtanaskattur til ríkisins á stöðum þar sem eru færri en 1500 íbúar.

Jafnframt þessu frv. var flutt frv. um breyt. á lögum um Félagsheimilasjóð, og gerði ég, ef ég man rétt, grein fyrir meginefni þess frv. í gær. Hér er í raun og veru um fylgifrv. þess að ræða. Þar er gert ráð fyrir að lögum um Félagsheimilasjóð verði breytt þannig, að leyfi menntmrh. þurfi til þess að hefja byggingu nýs félagsheimilis, ef það á að njóta byggingarstyrks frá sjóðnum, enda þurfi hann að staðfesta og samþykkja staðsetningu þess og teikningu. Miklu mikilvægara er þó hitt, að lögtekin eru sérstök ákvæði, til að greiða fyrir því, að Félagsheimilasjóður geti greitt þann hluta byggingarstyrks, sem enn er ógreiddur, til félagsheimila, sem ýmist er lokið eða eru í byggingu. Og það, sem gert er nú ráð fyrir, er það, að Félagsheimilasjóður fái heimild til að gefa út skuldabréf til allt að 15 ára með venjulegum vöxtum til greiðslu á styrk til þeirra félagsheimila, sem byggingu er lokið á eða eru í byggingu.

Gert er ráð fyrir að menntmrn. skuli að fenginni till. stjórnar Félagsheimilasjóðs gera áætlun um, hvernig væntanlegum tekjum sjóðsins skuli skipt milli félagsheimila og hversu þær skuli endurgreiða á skuldabréfum ásamt vöxtum, og skulu þá tekjur sjóðsins áætlaðar varlega. Það er gert ráð fyrir ríkisábyrgð á þessi skuldabréf, til þess að gera þau að gjaldmiðli til greiðslu á útistandandi skuldum þeirra félagsheimila, sem væntanlega munu fá þessi bréf frá Félagsheimilasjóði.

Að síðustu er þess að geta, að tekið er upp það nýmæli í frv., að 10% af tekjum Félagsheimilasjóðs skuli renna í Menningarsjóð félagsheimila og honum skuli varið til að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilunum, en verulega hefur þótt á það bresta, að öll sú starfsemi, sem þar hefur farið fram, sé með nægilega miklum menningarbrag. Ætti það að auðvelda mjög heilbrigða menningarstarfsemi í félagsheimilunum, ef heimilt er að nota 10% af tekjum Félagsheimilasjóðs til þessara þarfa, en á árinu 1968 hefði hér orðið um rúma hálfa millj. kr. að ræða miðað við það fyrirkomulag, sem nú er lagt til.

Með þessu móti vona ég, að mér hafi tekizt að skýra meginatriði þessara tveggja fylgifrv., sem hér er um að ræða, og vil leyfa mér, herra forseti, að óska þess, að eftir 1. umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil byrja mál mitt með því að lýsa undrun minni yfir því, hvernig staðið hefur verið að undirbúningi þessa máls. Þetta mál kemur til með að hafa meiri áhrif á skemmtanalíf og félagslíf almennings í landinu, a. m. k. úti í dreifbýlinu, heldur en undirbúningurinn gefur til kynna. Ég vil minna á það, að um áratuga skeið hafa það verið ungmennafélögin og æskulýðsfélög úti um landsbyggðina, sem hafa staðið fyrir samkomuhaldi þar. Það er því undrunarefni að enginn ungur maður skuli vera látinn koma nærri endurskoðun á þeirri löggjöf, sem til þess nær, heldur er þannig að málum staðið, að menntmrn. ákveður að fela fyrrv. hæstaréttardómara að semja frv. eftir sínni ósk. Þannig er frá þessu frv. gengið, að það var ekki fyrr en í framsöguræðu hv.

menntmrh., sem upplýsingar komu um, hvaða niðurstaða kann að verða af þeirri breytingu, sem hér er lögð til. Þó er frv. ekki víðtækara en svo, að dæmið er aðeins gert upp varðandi kvikmyndahúsin. Aðrar breytingar er ekki lagt til að gerðar verði á þessari löggjöf.

Ég álít, að það sé nauðsynlegt fyrir hv. alþm. að gera sér grein fyrir því, hvað mikið starf ungmenna- og æskulýðsfélögin í landinu hafa unnið fyrir þjóðfélagið með því að sjá um samkomuhald og beita sér fyrir félagsstarfsemi. Og ég vil líka leggja áherzlu á það, að þarna hefur verið mikil sjálfboðavinna unnin. Þetta hefði ekki verið framkvæmanlegt, ef það hefði átt að reikna hverja vinnustund, sem í þetta hefur farið. Þrátt fyrir þetta er fólkið ekki virt meira en svo, að það er ekki talað við einn einasta mann frá félagssamtökum ungmenna í landinu eða íþróttasamtökunum í sambandi við þetta mál, heldur ákveður menntmrn. að breyta þessu í skyndi og leggja svo fyrir hv. Alþ. frv., sem er þannig frá gengið, að það er ekki einu sinni í sjálfu frv. hægt að fá upplýsingar um, hvaða áhrif það kann að hafa. Þetta frv. er, eins og fleiri frv., lagt fram á síðustu dögum þingsins, svo að þm. gefst lítill tími til þess að skoða það eða leita álits hjá kjósendum sínum úti um landið, sem þetta mál varðar þó mikið. Ég vil því segja, að þetta eru vinnubrögð, sem ekki á að viðhafa, og hér er stærra mál á ferðinni en svo, að það eigi að ganga þannig að því. Hér er stórt mál á ferðinni. Það er ekkert smámál, hvort hægt er að halda uppi félagsstarfsemi og skemmtanahaldi úti um byggðir landsins. Og það er ekkert smámál, að þannig skuli búið að æsku landsins, að hv. Alþ. taki á þessu máli á þann hátt, að æskan er ekki virt viðlits.

Ég vil líka benda á það, að fari svo, að sá áhugi, sem æskan í landinu hefur sýnt með slíkum aðgerðum sem þessum eða öðrum álíka í sambandi við félagsstarf og skemmtanalíf, verði drepinn niður, hvað gerist þá? Það getur ekki gerzt annað en að þessi starfsemi færist meir og meir yfir á herðar þeirra, sem sjá um sveitarstjórnarmál og um leið yfir á herðar almennings í byggðarlögunum. Sveitarfélögin verða þá að reka félagsheimili og kvikmyndahús úti um landsbyggðina með því að láta borgarana almennt leggja þeim til fé. Ef við töpum alveg niður sjálfboðaliðavinnunni og hættum að nota okkur áhuga æskufólksins í landinu til þessarar starfsemi, hlýtur það að leiða til þess. Svo mikils virði hefur það starf verið, sem æskan í ungmennafélögunum og öðrum slíkum félögum hefur unnið í sambandi við skemmtanahald og félagslíf úti um landsbyggðina, að því verður ekki hægt að mæta með öðru en fjárframlögum frá byggðarlögunum.

Það, sem hér er að gerast, er það, að hér er verið að létta skemmtanaskatti af kvikmyndahúsum, vegna þess að rekstur þeirra er svo bágborinn, að þau hafa ekki getað borið sig. Nú þurfti í sjálfu sér ekki lagabreytingu til að gera þetta, því skemmtanaskatturinn, eins og hann er nú samkv. lögum, er innheimtur með 200% álagi. Ef hæstv. menntmrh. hefði ákveðið að fella niður álagið, þá væri hægt að breyta þessu. Þess vegna var hægt að leysa þann þáttinn án þess að fara inn á það, sem hér er verið að gera.

En svo er annað í þessu frv., sem hæstv. menntmrh. taldi að vísu í ræðu sinni hér áðan, að skipti ekki verulegu máli, en það er það, að nú á að innheimta skemmtanaskatt af öllu samkomuhaldi í landinu. Að vísu gerði hv. Ed. nokkrar umbætur á frv. frá því, sem það var af hendi hæstv. menntmrh., þó þær séu langt frá því að vera nægilegar. Hæstv. ráðh. segir og það er rétt, að kvikmyndahúsin geti ekki haldið uppi starfsemi sinni núna eftir tvær gengisbreytingar og eftir að sjónvarpið fór að starfa. En samt leggur hæstv. ráðh. fram frv., sem gerir ráð fyrir því, að kvikmyndahús, sem ekki hafa áður greitt þennan skatt, eigi nú að greiða 15% skatt. Í frv. var gert ráð fyrir því, að úti um landsbyggðina yrði greiddur 15% skattur af kvikmyndasýningum, sem ekki hafa verið skattlagðar til þessa. Heldur hæstv. menntmrh., að þessir aðilar séu frekar færir um að greiða skattinn en hinir, sem kvikmyndahúsin reka? Þessu var breytt í Ed., ekki fyrir áhrif hæstv. ráðh., heldur hv. þm.

En það er fleira, sem þarf að breyta í þessu frv. Hæstv. ráðh. gerir ráð fyrir því, að af skemmtanahaldi eigi að greiða 20% skemmtanaskatt. Ég hef fyrir mér tölur um það, hvernig samkomurnar skila sér yfirleitt fjárhagslega, þ. e. þær sem haldnar eru úti um landsbyggðina. Það er alls ekki nein almenn tekjuöflunarleið að halda samkomur hér á landi. Ég hef tölur úr tveimur byggðarlögum, aðrar eru úr minni heimabyggð, en hinar eru norðan úr landi. Þessir aðilar gera báðir ráð fyrir því, að meðalsamkoma hjá þeim sé með um 150 manns. Dæmið norðan úr landi, frá Hvammstanga, sýnir, að þeir héldu sex samkomur í félagsheimili sínu s. l. ár og í heild skiluðu þær 12000 kr. hagnaði. Í Borgarnesi er selt fyrir 200 kr. á mann. Hljómsveitin kostar minnst 15 þús. kr. 5000 kr. verða þeir að greiða fyrir bifreiðina, sem flytur hljómsveitina upp eftir. Þarna eru komin 20 þús. Þeir verða að borga lögreglu, því það er tilskilið af yfirvaldi þeirra, að þar skuli vera fjórir lögreglumenn, og þeir taka 6000 kr. í greiðslu. Af þeim borgar ríkissjóður 1000 kr. Þarna eru komin 25 þús. kr. í kostnað af þessari samkomu.

Því miður sé ég, að hæstv. dómsmrh. hefur nú gengið út úr þd., en ég hefði nú gjarnan viljað fá upplýsingar frá honum í sambandi við löggæzlu á samkomum, sem mér virðist að sé ekki alls staðar eins varið.

Nú er það svo, að ef við tökum þau gjöld, sem á að greiða af þessari miðasölu, þessum 30 þús. kr., þá eru það 20%, sem á að greiða í skemmtanaskatt, 11% í söluskatt, 8% STEF-gjald og svo er það 3% gjald í Menningarsjóð. Þá eru komin 42%, sem þarf að greiða í skatta af aðgöngumiðasölu upp á 30 þús. kr. Og ef ég tek saman þessa kostnaðarliði, sem hér eru taldir, hljómsveitina 20 þús., löggæzluna 5 þús., svo er þeim áskilið að hafa 2 dyraverði og verða að greiða þeim 2 þús. kr. og svo auk þess 12 600 kr. í skatta, þá er kostnaðurinn við þessa samkomu orðinn 39 600 kr. En aðgangseyririnn er aftur 30 þús. kr. Þá er eftir að greiða auglýsingar, þá á eftir að greiða húsaleigu og þá á eftir að greiða öðru fólki, sem við þessar samkomur vinnur. Þetta verður þá að gerast með þeirri sælgætissölu, sem samkomuhúsin hafa, og öðru slíku.

Telur hæstv. menntmrh., að það sé framkvæmanlegt af Alþ. að setja lög, sem þannig búa að samkomuhaldi í landinu? Það þýðir ekki að halda því fram, að það sé hægt að bjarga þessum málum með því að hækka að-

gangseyrinn að samkomunum, því það er farið að draga úr samkomuhaldinu vegna þess hve aðgangseyririnn er hár. Og það þýðir ekki heldur að halda því fram, að hér sé verið að fara með staðlausa stafi, vegna þess að það er algert lágmark að fá hljómsveit fyrir þetta gjald. Til þess að samkoma sem þessi standi undir sér, þarf hún að hafa um 250 samkomugesti. Og þó væru ekki eftir nema 3000 kr. upp í auglýsingar og vinnu annars starfsfólks en lögreglu og dyravarða og upp í húsaleiguna. Telja hv. alþm., að það sé hægt að nota samkomurnar sem aukinn tekjustofn?

Við skulum gera okkur grein fyrir því, að það er fullkomin þörf á því að halda uppi samkomuhaldi og skemmtanalífi úti um landsbyggðina. Og það er ekki sanngjarnt að meta á sömu vog byggðarlög, sem hafa ekki möguleika á nema 100–200 gestum á samkomur, og hinum, sem geta fyllt húsin kvöld eftir kvöld og hafa þar vínsölu, sem gefur aðaltekjurnar. Þetta er staðreynd, sem við verðum að gera okkur grein fyrir. Það er ekki verið að bjarga málefnum félagsheimilanna með þessu frv., heldur er verið að setja samkomuhaldið í landinu í algera sjálfheldu. Það er staðreynd, sem mun sýna sig síðar meir.

Ég sé, að hæstv. dómsmrh. er kominn, og mig langaði því til þess að spyrja hæstv. ráðh. um það, hvort hann getur svarað mér í sambandi við samkomur úti um landsbyggðina og tölu lögregluþjóna. Í byggðarlagi eins og í Borgarnesi er ekki hægt að fá að halda opinberlega auglýsta samkomu nema hafa 4 lögregluþjóna. Mér er aftur sagt, að á stöðum eins og hér austan fjalls séu á 1–2 hundruð manna samkomu ekki nema tveir lögregluþjónar. Það er áhugamál okkar þar efra að vita, hvort hæstv. ráðh. hefur nokkuð um þetta að segja og hver sé ástæðan fyrir þessum mun. Ég vil líka geta þess, að fyrir nokkrum árum greiddi ríkissjóður 25% af kostnaði við löggæzlu á slíkum samkomum, en nú greiðir hann aðeins 1000 kr., en lögreglan kostar 6 þús. kr. Það er því mikil breyting til hins verra fyrir samkomuhaldarann, og ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvort rn. fjallar nokkuð um þetta mál eða kann nokkuð að skipta sér af því.

Ég verð að segja það í sambandi við þetta frv., að auk þess sem þessi meginstefna, að fara að leggja skemmtanaskatt á allar samkomur, hvar sem er á landinu, er að minni hyggju rothögg á samkomuhald úti um landsbyggðina, og ég trúi því ekki, að hv. alþm. samþykki það, ef þeir hafa gert sér grein fyrir því. Þá vil ég líka segja það, að ég tel, að í lagafrv. eins og þessu sé heil grein af undanþágum, sem hæstv. ráðh. má veita, afskaplega óeðlileg og óæskileg í lagabálki.

Ég hefði talið, að það væri nauðsynlegt að endurskoða lög um félagsheimili og skemmtanaskatt með þeim hætti, að þeir væru kvaddir til, sem bezt þekkja inn á þessi mál, hafa kynnzt þeim af eigin raun og vita hvar skórinn kreppir. En að gera það á svo flausturslegan hátt sem hér er gert er alveg óafsakanlegt. Ég tel því að nauðsyn beri til, að hv. Nd. sameinist um það að fresta afgreiðslu þessa máls. Það ber brýna nauðsyn til þess, að þetta mál verði kynnt þeim, sem við þessi lög eiga að búa, og að stjórnvöld fái að heyra þeirra álit og þeirra sjónarmið í þessu máli. Svo mikils virði er skemmtana- og félagslíf í landinu öllu, að hv. Alþ. má ekkert gera í þá átt, sem getur torveldað framgang þess eða jafnvel riðið því að fullu.

Það er ekki hægt að halda því fram, að það sé hægt að breyta miklu í þeim gjaldaliðum, sem ég nefndi hér í sambandi við samkomuhaldið, og það er ekki heldur hægt að halda því fram, að samkomur séu ónauðsynlegar. Það vita allir, sem vilja skilja æskuna í landinu. En með því að fara inn á þá braut að ætla að innheimta skemmtanaskatt af hverri samkomu, sem haldin er í landinu, eins og er meginstefna þessa frv., þá er verið að drepa í dróma félags- og skemmtanalíf landsbyggðarinnar. Þess vegna endurtek ég það og treysti hv. dm. til þess að fylgja því eftir, að þetta mál bíði haustsins, enda er hægt að leysa það, sem leysa þarf. Það er hægt með því að lækka álagið eða fella niður álagið á skemmtanaskatt af bióunum. Á þann hátt er hægt að greiða úr fyrir þeim. Það er hægt að komast þannig niður fyrir þau 15%, sem hér er gert ráð fyrir, ef 200% álagið er fellt niður. Og fyrst ríkissjóður er undir það búinn að greiða kostnað við rekstur Þjóðleikhússins, hallarekstur þess að öllu leyti, þá getur hann gert það jafnt, þó að þessi lög hafi ekki tekið gildi, enda væri hægt að ganga frá þeim strax í haust, svo þau verði afgreidd fyrir áramót, ef unnið væri að málinu á skynsamlegan og eðlilegan hátt í sumar.

Og það er alveg óafsakanlegt, þegar æska, ungmennafélög og íþróttafélög þessa lands eru búin að halda uppi skemmtana- og félagslífi hér á landi í tugi ára, í um hálfa öld eða meira, að þá skuli þau ekki vera virt þess að gefa þeim eitt samtal til þess að fjalla um mál, sem hefur jafnmikil áhrif á starfsemi þeirra og þetta frv. hefur.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Eins og kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, 3. þm. Vesturl., þá er þetta frv. sýnilega samið í mikilli skyndingu. Síðan þetta mál kom fyrir Ed. hafa ýmsir af forráðamönnum ungmennasambandanna haft samband við mig og ég heyri, að það munu vera fleiri hv. þm., sem þeir hafa haft samband við.

Ég vil byrja á því að mælast til þess og spyrja hæstv. menntmrh. að því, hvort það sé ekki hugsanlegt að fresta þessu máli til haustsins, því það væri óþarfi fyrir okkur að vera að ræða þetta mikið núna, ef hann féllist á þá lausn málsins. Eins og kom fram í ræðu síðasta ræðumanns, þá er ekki hægt að sjá, að það sé knýjandi nauðsyn að koma þessu í gegn nú á þessu vori.

Einn af forráðamönnum kvikmyndahúsanna hefur haft samband við mig og sagt, að ef 200% gjaldið yrði lagt niður, þá mundi það verða ákaflega líkt gjald og þetta frv. felur í sér að eigi að greiða eftir að það yrði lögfest. Ef hæstv. ríkisstj. er svo tilbúin að taka á sig hallann af rekstri Þjóðleikhússins, þá get ég ekki séð, að það breyti neinu, þó að slík fjárhæð færi í Félagsheimilasjóð. Þess vegna er ég ekki farinn að sjá, að það sé nein nauðsyn á því að knýja þetta mál fram. Ég vil nú ekki ætla annað en það sé af ókunnugleika ráðh., að þetta frv. er þannig úr garði gert, sem raun ber vitni. En sannleikurinn er sá, að ef það verður lögfest, þá þýðir það í mörgum tilfellum samkomubann úti í hinni dreifðu byggð. Mér finnst það ekki forsvaranlegt að

lögfesta það öðruvísi en að ungmennasamböndin fái tækifæri til þess að tjá sig um málið.

Ég geri ráð fyrir, að hv. alþm. muni eftir því, hvernig ástandið hér í landinu var í samkomumálum, t. d. í útisamkomumálunum, fyrir u. þ. b. 10 árum. Hverjir hafa breytt þessu að miklu leyti, þannig að það er nú allt annað ástand? Er það löggæzlan? Nei, það eru fyrst og fremst þessi félagasamtök, sem nú á að fara að skattleggja og í raun og veru að eyðileggja alveg grundvöllinn undir þeirra starfsemi. Ég held, að þetta mál sé langtum stærra en hæstv. menntmrh. hefur gert sér grein fyrir, og ég vil ekki ætla annað en það stafi af því, að hann hefur ekki kynnt sér þetta mál nóg.

Ég sé ekki ástæðu til þess að flytja hér í þetta sinn langt mál, en ég vil minna á, í sambandi við það, sem síðasti ræðumaður sagði um löggæzluna og þann kostnað, sem félögin verða að standa undir af þeim ástæðum, að það hefur gjörbreyting átt sér stað frá því sem var fyrir nokkrum árum. Ég man eftir því, þegar ég stóð fyrir samkomum, fyrir svona 10–15 árum, að þá var greiðsla frá ríkinu 300 kr. fyrir fyrsta lögregluþjóninn, 150 kr. fyrir annan og þriðja, en ef það voru fleiri en þrír lögregluþjónar, þá tók það ekki þátt í kostnaði fram yfir það. Þá var gjaldið ekki nema um 400 kr. á hvern lögregluþjón. Enn í dag er þetta sama greiðslan frá ríkinu og þó er gjaldið orðið 1000–1100 kr. á hvern mann. Þetta er orðið vandamál fyrir þau félög, sem eru að reyna að halda uppi samkomum í landinu, og það er víða svo komið, að það verður halli af skemmtunum hvað eftir annað, þannig að það er tvísýnt, hvernig fer með kostnaðinn, hvort þær standa undir sér eða ekki, og um teljandi hagnað af þeim er yfirleitt ekki að ræða. Í ljósi þessa hljóta hv. þm. að sjá, hvernig mundi fara, ef þessi viðbótarskattur kæmi á þessa félagsstarfsemi í landinu.

Ég vil, áður en lengra er haldið, spyrja hæstv. menntmrh. að því, hvort það sé ekki hugsanlegt að fresta þessu máli til haustsins, þar sem það er ekki hægt að sjá, að það sé nein nauðsyn að knýja það fram nú, ef vilji væri fyrir hendi til að leita annarra ráða og a. m. k. að ræða við þá menn, sem eru forsvarsmenn æskulýðsfélaganna í landinu.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þær aðfinnslur, sem komið hafa fram gegn þeim tveimur frv., sem hér er um að ræða, eru mjög léttvægar og snerta eingöngu algjör aukaatriði málsins, en hafa að engu leyti snert kjarna þess. Það, sem hér er fyrst og fremst um að ræða, er það, að verið er að koma í veg fyrir, að u. þ. b. helmingur kvikmyndahúsa á Íslandi stöðvi rekstur sinn. Almenningur yrði þá framvegis að vera án þeirrar mikilvægu þjónustu, sem þau kvikmyndahús hafa látið í té. Þetta er mergur málsins. Ég hika ekki við að fullyrða, að ef þetta frv. hefði ekki verið flutt og ef ekki stæðu vonir til þess mjög eindregið, að þetta næði fram að ganga, þá mundi helmingi íslenzkra kvikmyndahúsa verða lokað um næstu mánaðamót. Ef einhverjum hv. þm. er sama þó þetta gerist, þá þeir um það. Það er sannarlega ekki í þágu íslenzks æskulýðs og þess hluta íslenzks almennings, sem metur þjónustu kvikmyndahúsanna mjög mikils og telur hana mjög mikilvæga fyrir sig, bæði sem skemmtiatriði og menningaratriði.

Þetta vandamál kvikmyndahúsanna er leyst hér í þessum frv. með þeim hætti, að ríkið lækkar skemmtanaskattinn til sín og tekur að sér að bæta einum þeirra aðila, sem notið hefur tekna af skemmtanaskatti, upp tekjumissinn, þ. e. Þjóðleikhúsinu. Þetta er kjarni málsins. Ekki hefur verið hreyft orði af hálfu þessara tveggja manna, sem talað hafa, gegn þessum megintilgangi málsins. Þeir hafa ekki heldur vikið að því, sem ég segi að sé næstmikilvægasta atriðið í málunum tveimur, það að nú er það heimilað, sem oft hefur verið á döfinni áður, en aldrei náðst nægilegt samkomulag um, að Félagsheimilasjóður megi gefa út skuldabréf með ríkisábyrgð til þess að greiða fram úr hinum alvarlegu skuldamálum félagsheimilanna. Þetta tel ég mikilvægasta atriði málsins. Hvorugur þessara þm. hefur nefnt þetta atriði, sem er þó aðalatriði málsins. Væntanlega af því að þeir gera sér grein fyrir því, að hér er þó í öllu falli um mjög mikilvægt framfaraspor að ræða. Það, sem ég tel, að væri þriðja aðalatriðið, er, að Félagsheimilasjóður er sjálfur efldur með þessu frv. Hann er efldur. Með þessari nýju skipan mun Félagsheimilasjóður fá meiri tekjur árlega en hann hefur fengið hingað til. Þetta vona ég, að enginn maður kæri sig um að gagnrýna. Þetta eru þrjú aðalatriði frv. Í þessu sambandi vil ég líka geta þess, að ákvæðin um menningarsjóð félagsheimilanna eru mjög til bóta.

Það, sem þessir hv. 2 þm. hafa hins vegar gert að umtalsefni, eru alger aukaatriði í þessu sambandi – alger aukaatriði. Það er rétt, að eins og frv. var lagt fram, var gert ráð fyrir því, að allir landsmenn sætu við sama borð að því er snerti greiðslu skemmtanaskatts af kvikmyndasýningum og dansleikjum. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé rétt, að allir menn eigi að greiða sama skemmtanaskatt, hvort sem þeir eru hér í Reykjavík eða norður í Eyjafirði, ef þeir fara í kvikmyndahús eða sækja dansleik, ekki hvað sízt, þegar skemmtanaskatturinn á að vera jafnlágur og hann nú er, þ. e. a. s. aðeins 15%. Hingað til hefur ríkt mikið misrétti í þessum efnum, sem hefur haft mjög óheilbrigðar félagslegar afleiðingar. Vegna þessa mismunandi skemmtanaskatts hafa staðir með færri en 1500 íbúa engan skemmtanaskatt greitt, en þar sem íbúar eru fleiri, hefur verið greiddur 27.5% skemmtanaskattur. Þetta hefur valdið því, að ekki er efnt til dansleikjahalds t. d. í Hafnarfirði, heldur byggð danshús í Garðahreppi, rétt fyrir utan landamæri Hafnarfjarðar. Ekki er heldur efnt til dansleikja á laugardagskvöldum á Akureyri, heldur byggð danshús, 2, 3 eða fleiri í Eyjafirði, rétt fyrir utan landamæri Akureyrar. M. ö. o.: skemmtanastarfsemi unglinganna hefur flutzt úr þéttbýlinu út í dreifbýlið, þar sem er sízt hollara, að hún fari fram. Þetta hefur jafnvel átt sér stað um kvikmyndasýningar, þó í miklu minna mæli.

Hitt er mér ljóst, að aðstaða til kvikmyndasýninga í miklu strjálbýli er erfið. Þegar um það var rætt í hv. Ed. að hafa mun á skemmtanaskatti af kvikmyndasýningum í þéttbýli og dreifbýli, miðað við íbúatölu, þá beitti ég mér ekki gegn því, að sú breyting yrði gerð, enda var hún gerð í Ed. En þetta tel ég frekar sem aukaatriði í sambandi við allt málið. Hinu var haldið, að menn

skyldu greiða sama skemmtanaskatt, þennan nýja 15% skemmtanaskatt, af dansleikjum, hvort sem dansleikurinn væri haldinn á Akureyri eða í samkomuhúsi rétt utan við bæjarmörk Akureyrar og hvort sem dansleikurinn er haldinn í Hafnarfirði eða í Garðahreppi, 5 mínútna akstur frá miðpunkti Hafnarfjarðar. Ég skil satt að segja ekki þær réttlætishugmyndir, sem því liggja að baki, að mönnum finnst rétt, að unglingur, sem sækir dansleik í Hafnarfirði, skuli greiða 15% skatt, en ef unglingurinn fer út í Garðahrepp, þá skuli engan skemmtanaskatt greiða af aðgangseyrinum að dansleiknum þar. Þetta er hugsunarháttur, sem mér er framandi, og ég hika ekki við að mæla með því, að frv. verði samþykkt óbreytt, eins og það hefur komið frá hv. Ed. að þessu leyti. Það eru auðvitað fáránlegustu öfgar að halda því fram, að 15% skemmtanaskattur af dansleik í Garðahreppi eða dansleik í Eyjafirði, í nágrenni Akureyrar, eyðileggi allt skemmtanahald á þessum stöðum. Þetta eru fáránlegustu öfgar. Sannleikurinn er sá, að það þarf ekki annað en að hlusta á útvarp og lesa dreifbýlisblöðin til þess að sjá það, að skemmtanahald í dreifbýli hefur blómgazt mjög á undanförnum árum, og fer sívaxandi ár frá ári. Það er alveg út í bláinn að halda því fram, að 15% skemmtanaskattur, til jafns við það, sem menn í þéttbýlinu verða að greiða, geti haft nokkur úrslitaáhrif á það, hvort efnt er þar til heilbrigðra skemmtana eða ekki.

Ég svara þeirri spurningu hv. þm. Stefáns Valgeirssonar algerlega neitandi, hvort til greina komi að fresta þessu frv. til hausts. Ef því verður frestað til haustsins, verður helmingi íslenzkra kvikmyndahúsa lokað í sumar, meðan á þeim fresti stendur.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, sem hér hafa farið fram. Ég tek undir það með hæstv. menntmrh., að meginatriði þessa frv., sem hér er til umr., og fylgifrv. þess um félagsheimili eru þær lagfæringar, sem gerðar eru vegna Félagsheimilasjóðs og heimildar til skuldabréfaútgáfu hans, og svo þær leiðréttingar, sem gerðar eru vegna reksturs kvikmyndahúsanna hér í þéttbýlinu.

Hins vegar hafði ég ætlað að mæla hér nokkur varnaðarorð vegna hinna miklu útgjalda, sem hlaðizt hafa á skemmtanahald í strjálbýli, með dálitið svipuðum hætti og hv. 3. þm. Vesturl. gerði hér áðan, þó að ég hefði e. t. v. ekki tekið að öllu leyti jafnsterkt til orða. Ég hef í mínum höndum upplýsingar um þau útgjöld, sem á skemmtanir leggjast, sem koma alveg heim við það, sem þessi hv. þm. rakti hér, og sé ég ekki ástæðu til þess að rengja þær, úr því að okkur tveimur þm. hafa borizt nokkurn veginn samhljóða upplýsingar um þetta efni. Það er því ljóst, að þarna er við vandamál að etja, sem ég vil vænta, að sú hv. n., sem þetta frv. fær til meðferðar, taki til gaumgæfilegrar athugunar.

Það eru ýmis fleiri atriði í þessu frv., sem ég hefði talið að ástæða væri til að athuga nánar, en ég skal samt ekki fara langt út í það. Ég vænti þess, að hv. menntmn. athugi þetta frv. vel. Í sambandi við skemmtanaskattinn af dansleikjum í 3. fl. 2. gr., þá skal af öllum skemmtunum þess flokks, sem eru dansskemmtanir, trúðleikasýningar og fjölleikasýningar, greiða 20% skemmtanaskatt af brúttóverði aðgöngumiða. Í 5. fl. er talað um þau veitinga- og samkomuhús, þar sem vínveitingar eru leyfðar. Þar sýnist mér, að sé harla lítið samræmi, því að í þessum húsum er ekki greiddur aðgangseyrir, a. m. k. ekki svo neinu nemi, enda er skatturinn í því formi, að hann skal lagður á hvern gest, sem aðgang fær að húsinu á því kvöldi, og er 10 kr. Eins og fram kom í ræðu hv. 3. þm. Vesturl., þá er algengast að verð aðgöngumiða að dansleikjum sé 200 kr. í þeim húsum, sem ekki hafa vínveitingaleyfi, þ. e. a. s. í nær öllum félagsheimilum og nær öllum samkomuhúsum úti um land. Það þýðir, að skemmtanaskattur af dansskemmtunum í þessum húsum er a. m. k. fjórum sinnum hærri en í þeim húsum þéttbýlisins, sem vínveitingaleyfi hafa. Þessu vildi ég vekja athygli á þegar við þessa 1. umr. frv., og ég vænti þess, að sú hv. n., sem fær frv. til meðferðar, taki þennan mismun til athugunar, eða geri sér a. m. k. grein fyrir því, í hverju það liggur að þessi munur er á hafður.

Ég skal ekki lengja þessar umr. Mér er það þó ljóst, að ég hefði óskað eftir, að þetta frv. fengi nánari athugun en vænta má, að það geti nú fengið á allra síðustu dögum þingsins. En ég treysti því, að hv. menntmn. taki það hlutverk sitt alvarlega, að skoða það til hlítar, og gangi ekki fram hjá því, sem hefur komið fram í ræðum okkar, nokkurra þm., og hafi hliðsjón af þeim miklu útgjöldum og þeim miklu erfiðleikum, sem því eru samfara að halda uppi skemmtanalífi úti í hinum strjálu byggðum landsins.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans, þó að það hryggi mig, að þau skyldu verða á þann veg, sem þau urðu. Hann sagði í sinni ræðu, að það mundu stöðvast öll kvikmyndahús, ef þetta frv. næði ekki fram að ganga. Ég stend nú í þeirri trú, að þetta 200% álag sé bara heimildarákvæði, sem hv. ráðh. getur breytt og notað, ef vilji er fyrir hendi. Ég hef haft samband við ráðamenn kvikmyndahúsanna, og þeir hafa upplýst mig um það, að það mundi verða ákaflega líkt gjaldinu, sem frv. felur í sér, ef að lögum verður, og ég sé þess vegna ekki að það séu nein rök fyrir því, að berja þetta fram nú á síðustu dögum þingsins.

Svo ég víki að skuldabréfunum. Hann minntist á það, að við hefðum aðeins rætt aukaatriðin í þessu sambandi, en ekki aðalatriðin. Þó að menn fái skuldabréf núna, þá er svo sem ekki mikið til að borga með. Ég sé ekki að það breyti neinu máli. Hæstv. ráðh. talar um, að það sé verið að efla Félagsheimilasjóðinn, en verði sú raunin á, sem ég er alveg viss um, að þetta þýði í mörgum tilfellum samkomubann í hinum dreifðu byggðum, þá þýðir lítið að efla Félagsheimilasjóðinn, ef grundvöllurinn fyrir félagslífinu í hinum dreifðu byggðum er þannig alveg úr sögunni.

Ráðh. var að minnast á 15% gjald. Hvaða 15% gjald er það? Kannske af danssamkomum? Ég hélt, að það væri 20% gjald, en ekki 15%. Ætlar hæstv. ráðh. að koma með brtt. um þetta gjald og hafa það aðeins 15%?

Ég heyrði engin frambærileg rök hjá ráðh. hér áðan fyrir því, að málið mætti ekki vel bíða haustsins. Ég held, að það væri ekki ráðlegt fyrir hæstv. ríkisstj. að knýja þetta mál fram nú, eins og allt er í pottinn búið,

og það er alveg áreiðanlegt, að það fer ekki umræðulaust hér í gegnum þessa deild.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég er satt að segja steinhissa á málflutningi hv. þm. Stefáns Valgeirssonar. Hann virðist halda, að það mundi gilda einu, þó að þessi tvö frv. yrðu látin bíða, en fellt yrði niður 200% álag á skemmtanaskatt, sem nú er heimild fyrir í lögum. Það er rétt, að 200% álagið gefur svipaðar tekjur og gert er ráð fyrir, að tekjur af skemmtanaskatti lækki samkv. þessu frv. Það er rétt athugað. En hann gleymir því algerlega, að þá væru í gildi eftir sem áður reglurnar um skiptingu skemmtanaskattsins, eða m. ö. o. lækkun skemmtanaskattsins miðað við töluna árið 1968 úr 10.9 millj. niður í 4.9 millj. kr., ætti að skiptast eins og önnur lagaákvæði segja nú til um: 45% í Félagsheimilasjóð, 45% í Þjóðleikhús og 10% í Sinfóníuhljómsveitina. Sú stofnun, sem hann ber aðallega fyrir brjósti, er Félagsheimilasjóðurinn. M. ö. o.: ef þetta eitt yrði gert, þ. e. frv. dregin til baka og álagið fellt niður, þá hefði það þýtt 1968, að tekjur Félagsheimilasjóðs af skemmtanaskatti hefðu lækkað úr því sem þær voru, 4.9 millj., í 2.7 millj. kr. Þetta er nú sú gáfulega niðurstaða af hugmyndum hans í ræðunni hér áðan. Þetta er auðvitað fáránlegt. Þess vegna var nauðsynlegt að gera miklu víðtækari breytingar á öllu lagakerfinu heldur en bara þær að lækka skemmtanaskatt af kvikmyndahúsunum. Nei, auðvitað þurfti að gera meira. Það er ekki nóg að lækka skemmtanaskattinn, heldur verður að endurskipta honum, endurskipta hinum lækkuðu tekjum, og það er það, sem er gert með öðrum lagaákvæðum í þessu frv. Þjóðleikhúsið skal framvegis ekkert fá, félagsheimilin skulu fá 90% í staðinn fyrir 45%, en sinfónían eftir sem áður 10%. Þetta er því alger endileysa hjá hv. þm., og þykir mér miður, að hann skuli gera sig sekan um jafnflónslegan málflutning og hér er um að ræða.

Sama gildir náttúrlega efnislega séð um hitt. – Ég bið afsökunar á því, að ég notaði sömu tölu um dansleikina og um kvikmyndahúsin, af því að ég var að tala um það sitt á hvað. Það er rétt, að það voru 15% á kvikmyndasýningum og 20% á dansleikjum. – Hitt er auðvitað fullkomin fjarstæða, að þau geti jafngilt samkomubanni, því þessi ákvæði snerta tiltölulega mjög fáa aðila. Mér er algerlega ljóst, að í minnstu sveitarfélögunum eru mikil vandkvæði á því að halda uppi hvers kyns samkomuhaldi. Manna síðastur skal ég vera til þess að draga úr þeim erfiðleikum, sem þar er um að ræða. Við það sjónarmið hefur verið gengið til móts með mínu samþykki í hv. Ed., að kvikmyndasýningarnar, sem eru mikilvægustu skemmtanirnar í minnstu héruðunum, skuli njóta sams konar undanþágu og þær hafa notið fram að þessu. En að því er snertir dansleiki, þá endurtek ég, að ég sé ekki ástæðu til þess að gera þann greinarmun á dansleikjahaldi í þéttbýli og í dreifbýli, sem hingað til hefur verið gerður, og tel það spor í réttlætisátt, að af öllum dansleikjum, hvar sem þeir eru haldnir í landinu, skuli greiða sama lága skemmtanaskattinn.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Út af því, sem hæstv. menntmrh. sagði hér um tekjurnar af skemmtanaskattinum, að það væri fráleitt að ætla sér að láta þetta mál bíða og hafa sömu skiptingu í lögunum og nú er, þá vil ég segja það, að ef unnið er að þessum málum af heilindum og það verður afgreitt í haust, þá hefur annað eins skeð áður í meðferð hæstv. ríkisstj. á málefnum eins og það, að Félagsheimilasjóður gæti notið teknanna frá því 1. maí og fram í október, þó að ekki væri búið að breyta lögunum. Það væri einmitt hægt, ef hæstv. ríkisstj. vildi, að láta þau verka þannig, að þessir mánuðir fylgdu með. Nú eru senn 4 mánuðir liðnir af þessu ári, og þess vegna sé ég ekki, að þetta væri vandamál, sem hæstv. menntmrh. ætti ekki að geta yfirstigið, ef hann á annað borð vildi vinna að málinu.

Ég vil líka segja í sambandi við það, sem hann sagði hér áðan um, að það væru ýmsir erfiðleikar á samkomuhaldi á hinum minni stöðum, – er þá ekki ástæða til, að hæstv. ráðh. kynni sér það mál hjá þeim, sem bezt þekkja? Er ekki of mikið flaustursverk að leggja einum fyrrv. hæstaréttardómara það verk í hendur að breyta þessu eftir hugdettu hæstv. ráðh. þann og þann daginn? Er hér ekki um stærra mál en svo að ræða? Á ekki æskan í landinu kröfu á því og félagsmálamennirnir í landinu, að þeir fái að láta til sín heyra í slíku máli sem þessu?

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri ekki ástæða til að fara að mismuna dansleikjum, eins og hann orðaði það. Ég kom hér með tvö dæmi áðan, sem sýndu tölur frá samkomum úti um landsbyggðina, þar sem ekki er hægt að koma öllu fleira að, eins og t. d. í samkomuhúsi okkar í Borgarnesi, og hv. 4. þm. Norðurl. v., Pálmi Jónsson, studdi það hér áðan og skýrði frá sömu niðurstöðu. Getur Alþ. gengið fram hjá því að taka tillit til staðreynda, eins og þeirra, sem þarna eru bornar fram?

Þetta mál er hið mesta flaustursmál. Það er ekki athugaður nema einn þáttur málsins; það er verið að breyta þessu til þess að lækka skattinn á kvikmyndahúsunum og ekkert hugsað um aðrar afleiðingar. Þess vegna legg ég enn á ný áherzlu á það, að hv. dm. kynni sér málið og geri sér grein fyrir, hvaða afleiðingar það getur haft, og taki tillit til þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 732, n. 810, 754, 755, 811).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Menntmn. hefur fjallað um frv. um skemmtanaskatt og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess, en með þrem breytingum, sem n. gerir till. um. Áður en ég lýsi þeim brtt., vil ég taka fram, að í n. var nokkuð rætt um íslenzka kvikmyndagerð, og getur n. þess í nál. sínu, að hún telji aðkallandi að styðja íslenzka kvikmyndagerð og nauðsyn að taka það mál til ítarlegrar athugunar til þess að finna því framtíðarskipun. Brtt., sem n. flytur og stendur öll að, eru þessar:

Fyrsta brtt. er við 1. gr. frv., eins og það kom frá Ed., og hljóðar svo: „Í stað orðanna „í 1. og 2. flokki" komi: í 1., 2. og 3. flokki." Þetta þýðir, að n. leggur til, að skemmtanaskattur skuli í sveitarfélögum, sem hafa færri en 1500 íbúa, ekki innheimtur af skemmtunum, sem eru í 3. flokki, eins og hann er talinn í upprunalegu þskj., en þar eru allar almennar skemmtanir, dansleikir, brúðuleiksýningar, fjölleikasýningar o. s. frv.

Önnur brtt., sem n. er sammála um að flytja, er við 3. gr. Í þeirri gr. eru taldar upp undanþágur frá öllum skemmtanaskatti. E-liður gr. er svo í upprunalega frv.: „Sýningar á íslenzkum kvikmyndum." Brtt. er á þá leið, að í staðinn fyrir þessi orð verði e-liður sem hér segir: „Sýningar á íslenzkum kvikmyndum og telst það sýning á íslenzkri kvikmynd, ef hún tekur a. m. k. helming venjulegs sýningartíma, þótt erlend kvikmynd sé sýnd með henni." Þetta þýðir, að íslenzkir kvikmyndagerðarmenn þurfa ekki að hafa efni í nema hálfa venjulega kvikmyndasýningu eða svo til þess að geta notið þeirra hlunninda, sem felast í 3. gr., og ætti þetta að reynast allmikill styrkur við kvikmyndagerð hér á landi, því sjaldan hefur hér verið ráðizt í að gera mjög langar kvikmyndir. Yfirleitt eru framleiddar hér stuttar myndir, sem ekki nægja til þess að fylla sýningartíma.

Þriðja brtt., sem n. er sammála um að leggja til, er við 6. gr. Til skamms tíma hafa sveitarfélög haft rétt til þess að leggja á, innan sinna marka, sérstakan skemmtanaskatt samkv. lögum frá 1918. Alls munu milli 40 og 50 sveitarfélög hafa á einhverju tímabili notfært sér þetta, þó að þau séu miklu færri nú í seinni tíð. Ed. samþykkti að fella niður úr 6. gr. málsgr., sem hefði framlengt rétt þeirra sveitarfélaga, sem hafa sett slíkar reglugerðir, og staðfest þær reglugerðir áfram. Við leggjum til, að þessi málsgr., sem var upphaflega 2. málsgr. 6. gr. í frv. en var felld niður í Ed., verði sett inn í frv. á nýjan leik, þannig að ekki verði breyting á því ástandi sem verið hefur og þau sveitarfélög, sem hafa notfært sér þessi lög og sett reglugerðir um sérstakan skemmtanaskatt á sínu svæði, geti haldið því áfram.

Þetta eru þær þrjár brtt., sem menntmn. leggur til og stendur öll að. Nm. áskilja sér rétt til þess að flytja frekari brtt. eða fylgja öðrum, er fram kynnu að koma.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Menntmn. hefur nú lokið athugun á tveimur frv., sem fyrir hana voru lögð, og hv. frsm. hefur nú gert grein fyrir störfum hennar. Það er ekki hægt að neita því, að þessi afgreiðsla á frv. báðum er ákaflega flaustursleg, og það er ekki nema skylt að óska þess eindregið, að svona vinnubrögð séu ekki viðhöfð, nema í ítrustu nauðsyn.

N. hafði fyrst í gærmorgun fund um þessi tvö mál. Þar komu fram ýmsar aths. við frv., sérstaklega annað þeirra, um skemmtanaskattinn, og ég held, að allir nm. hafi verið á því máli, að það þyrfti að breyta þeim, en þeirri athugun var alls ekki lokið, sem nm. höfðu þó óskað, og því síður að n. fengi nokkrar viðhlítandi upplýsingar um það, hvaða áhrif frv. hefðu þegar þau væru komin til framkvæmda. En um miðjan dag í dag, er allt í einu hafizt handa um að ljúka afgreiðslu frv. og að mér skilst í gegnum báðar d., því frv. þurfa að fara, a. m. k. annað þeirra, til hv. Ed. á ný. Nú á að ljúka afgreiðslu málanna á þessum næstsíðasta degi þingsins, sem gert er ráð fyrir og án þess að nm. og þá væntanlega þm. almennt hafi haft ráðrúm til þess að skoða málin nægilega.

Ég get nefnt aðeins örfá atriði, sem bar á góma og aths. hafa komið fram um í n., en ekki eru gerðar neinar brtt. um.

Í 2. gr. frv. um skemmtanaskattinn, 5. fl., er rætt um veitingahús og samkomuhús, þar sem vínveitingar eru og enginn skemmtanaskattur er greiddur. Það er öllum kunnugt, að hér í Reykjavík er heill hópur af slíkum samkomuhúsum. Þar fara fram dansskemmtanir hvert einasta kvöld, að ég ætla, eða því sem næst. Þar er enginn skemmtanaskattur greiddur, aðeins ómerkilegur aðgangseyrir, sem ég ætla að sé um 10 kr. Misræmið sést, þegar á þetta er litið annars vegar og hins vegar, að víða annars staðar, þar sem skemmtanir eru haldnar, hvort sem það er hér eða annars staðar á landinu, þar sem ekki eru vínveitingahús, þar þarf að greiða allháan skemmtanaskatt, eða samkvæmt frv. 20% skatt, ef um dansleik er að ræða, sem mundi í flestum tilvikum nema allt að 40–50 kr. á hvern mann, sem kemur á þessar samkomur. En hérna geta menn farið inn í danshúsin með því að greiða aðeins 10 kr. Svona ósamræmi þarf að leiðrétta, en það er ekkert ráðrúm til þess með svo miklum hraða sem þetta mál þurfti að hafa samkvæmt ósk hæstv. ríkisstj.

Það hefur verið gerð hér grein fyrir brtt. um kvikmyndahúsin, og skal ég ekkert fjölyrða um þær.

Þá bendi ég á eitt atriði í 5. gr. frv., sem ég kann ákaflega illa við, en er ekki nóg að lagfæra aðeins í þessu frv., því það þarf allsherjarathugun á því máli. Þessi 5. gr. er ósköp stuttorð: „Lögreglustjóri innheimtir skemmtanaskattinn og fær 2% í innheimtulaun. Setja skal nánari ákvæði um innheimtu með reglugerð." Þetta er sjálfsagt ekki stórt mál. En hvernig stendur á því, að það er verið að greiða embættismönnum innheimtulaun eða aukalaun fyrir störf, sem þeir vinna sem embættismenn? Þetta er ekkert sérstakt um lögreglustjóra, eða um þetta frv. og þennan skatt. Ég heyri sagt, að það séu greidd innheimtulaun af ýmsum ríkistekjum, en mér er ekki kunnugt um að það sé neitt samræmi í slíkum greiðslum. Ég hef litið svo á, að embættismenn eða opinberir starfsmenn eigi að hafa laun fyrir sín störf, fullkomin laun, en svo eigi að sleppa öllu af þessu tagi. Þetta minni ég aðeins á, af því að það kemur hér fyrir í þessu frv., en ekki af því, að ég sé að gera neinar kröfur um, að það sé verið að breyta þessu að þessu sinni.

Þá er í 9. gr. smávægilegt ákvæði, sem ég vil þó nefna, en þar stendur: „Gjalddagi skemmtanaskatts er næsti virkur dagur eftir skemmtunina." Það á ekki að bíða með að innheimta hann. Hvernig ætli þetta gangi, þegar verið er að halda samkomur víðsvegar um landið, kannske uppi í sveitum og hingað og þangað, og æðilangur vegurinn til innheimtumannsins? Næsta dag á að borga. Þetta er nefnilega óframkvæmanlegt í mörgum tilvikum, en samt stendur þetta svona. Þetta þyrfti að laga.

En það, sem mér finnst þó miklu alvarlegra, er í 2. málsgr. þessarar sömu gr.: „Eigandi húsnæðis þess, sem skemmtun er haldin í, ber ábyrgð á greiðslu skattsins." M. ö. o.: ef skatturinn er ekki greiddur á gjalddaga, þá

er hægt að ganga að eiganda hússins. Það er hægt að selja þessi samkomuhús, þó vanskilin séu alls ekki eiganda hússins að kenna, heldur þeim, sem halda viðkomandi skemmtanir.

Ég skal ekki telja fleira upp af því, sem athugavert er og engin tilraun er gerð til þess að leiðrétta af hálfu n. En ástæðan til þess, að n. hefur orðið sammála um afgreiðslu þessa máls, er eingöngu sú, að fallizt var á að breyta tveimur stórvægilegum atriðum í þessu frv. um skemmtanaskatt: Annars vegar að fella niður skattgreiðslu af dansleikjum, sýningum og öllum almennum skemmtunum, þar sem íbúar eru færri en 1500, en þetta átti þó allt að vera gjaldskylt samkv. frv., hversu fámenn sem héruðin eru, sem halda þessar samkomur. Þetta ákvæði hefði getað valdið því, að skemmtanahald hefði orðið útilokað víða einmitt af þessum ástæðum, þar sem þetta átti að ná til dansleikja og hvers konar annarra samkoma og skemmtana, hvort sem það var í fjölbýli eða dreifbýli. Meira að segja var frv. þannig úr garði gert, þegar það var fyrst lagt fram, að það átti að skattleggja samkomur í dreifbýlinu alveg eins og annars staðar. Allar tegundir skemmtana áttu að vera skemmtanaskattsskyldar. Ed. breytti þó frv. þannig, að 1. og 2. flokkur voru felldir undan, en það hefur nú náðst samkomulag í menntmn. þessarar hv. d. um að fella líka 3. flokk undan. Það er svo stórvægilegt atriði, að þetta samkomulag skyldi nást, að það er fyrst og fremst vegna þess að við höfum allir fallizt á að málið nái fram að ganga.

Hitt atriðið, sem varð til þess að samkomulag náðist, er það, sem hv. frsm. n. nefndi líka, að heimildir, sem eru enn í lögum fyrir einstök sveitarfélög til að skattleggja skemmtisamkomur í þágu sveitarfélagsins, verði ekki felldar niður. En hv. Ed. felldi þær niður. Nú eru það um 45 bæjarfélög eða sveitarfélög í landinu, sem hafa staðfestar reglugerðir um að mega skattleggja þannig skemmtanir, og þetta hefði allt fallið niður, ef frv. hefði verið samþ. eins og það kom frá hv. Ed. En þess ber að geta, að þó sveitarfélag skattleggi þannig samkomur, þá hækkar skatturinn ekkert við það, heldur dregst skattur sveitarfélags frá þeim skatti, sem ríkissjóður eða hið opinbera á að fá. Þessi heimild á því, eftir till. n., að haldast áfram: Sveitarfélögin, sem hafa þessar heimildir, halda þeim áfram.

Aðaltilgangurinn með breytingu á skemmtanaskattinum samkv. þessu frv. sýnist mér vera sá, að talið er nauðsynlegt að lækka skattinn á kvikmyndahúsum í Reykjavík, og mér þykir líklegt, að ef það hefði ekki komið til, þá hefðu þessi frv. ekki verið flutt. En því miður höfum við ekki fengið neinar upplýsingar um það, hvernig kvikmyndahúsarekstur gengur í Reykjavík. Við vitum ekkert um það. Upphaflega hugmyndin var að þessa tekjurýrnun hins opinbera, sem af lækkun skattsins leiddi, ætti að bæta upp með nýrri skattlagningu í dreifbýlinu, þar sem enginn skattur var áður. Þá sjá menn, hvort það hefði verið sanngjarnt að samþykkja frv. óbreytt. Nú hefur þetta fengizt leiðrétt sem betur fer og við getum því sætt okkur við það, að þetta mál nái fram að ganga, þó ég verði að endurtaka það, að undirbúningur málsins var lélegur, upplýsingarnar, sem lágu fyrir n., voru mjög takmarkaðar og það er flaustursverk á afgreiðslunni.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég vil mjög taka undir þá gagnrýni, sem fram kom hjá hv. þm., Sigurvin Einarssyni, á þeim vinnubrögðum, sem til er ætlazt að Alþ. hafi í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Þetta stjfrv. er lagt fram örfáum dögum áður en þingi á að ljúka, svo seint, að þess er ekki nokkur kostur að þm. fjalli um þetta frv. eins og vert væri. Á þeim eina raunverulega fundi, sem haldinn var í n. um þetta mál í gær, komu fram óskir um að fá að ræða við ýmsa aðila í sambandi við þetta mál, en þess gafst enginn kostur vegna þessa mjög óeðlilega hraða.

Nú er það svo, að þetta frv. er ekki til komið af neinum nýorðnum vanda. Það átti að vera hæstv. menntmrh. í lófa lagið að leggja þetta frv. fram miklu fyrr á þessu þingi. En eina ástæðan til þess að þetta frv. er flutt er vandi kvikmyndahúsanna í Reykjavík og nágrenni. Eins og allir vita, telja þau rekstur sinn afar lélegan eftir að sjónvarpið tók til starfa og hafa farið fram á það við hæstv. ríkisstj., að hún veiti þeim á þennan hátt efnahagslega aðstoð, og hæstv. ríkisstj. hefur orðið við þeirri beiðni með því að flytja þetta frv. En vandi kvikmyndahúsanna stafar sannarlega ekki af því einu, að þau hafa fengið þessa miklu samkeppni við sjónvarpið. Kvikmyndahúsin hér í Reykjavík og nágrenni hafa lengi verið ákaflega illa rekin, og ekki fylgt neinni raunverulegri menningarstefnu í starfsemi sinni, enda hefur hér á landi ekki verið til nein heildarlöggjöf um kvikmyndamál, eins og er í öllum löndunum umhverfis okkur. Þessum kvikmyndahússeigendum eru ekki lagðar neinar skyldur á herðar af opinberum aðilum. Þeir eru algerlega einráðir um það, hvernig þeir haga starfsemi sinni, og sú starfsemi hefur yfirleitt staðið á ákaflega lágu stigi, nema á einstökum stuttum tímabilum. Kvikmyndavalið hefur verið algerlega fráleitt, eins og marka má m. a. af því, að ég held, að á síðasta ári hafi 80% af kvikmyndunum verið bandarískar. Ég geri ekki ráð fyrir, að slíkt hlutfall sé finnanlegt í nokkru öðru landi. Þetta stafar auðvitað af því, að þeir, sem sjá um innflutning á kvikmyndum, hafa sín sérstöku viðskiptasambönd. Þarna er ekki um að ræða nein menningarleg sjónarmið eða nein sjónarmið, sem styðjast við kvikmyndalist.

Ég kvaddi mér hér hljóðs í sambandi við þetta mál vegna þess, að menntmn. barst merkilegt erindi í þessu sambandi frá kvikmyndaklúbbnum, sem starfar hér í Reykjavík og mér hefði fundizt að hv. form. n. hefði mátt gera grein fyrir. Þar lagði kvikmyndaklúbburinn fyrir okkur nokkrar staðreyndir um kvikmyndalöggjöf í nágrannalöndum okkar, um það, hvaða skyldur eru lagðar á kvikmyndahús og hvernig er varið skattlagningu á kvikmyndum og hvernig skatturinn er notaður. Þessu fylgdi bréf frá kvikmyndaklúbbnum, og ég vil, með leyfi forseta, lesa hluta úr því, svo hv. þm. fái hugmynd um þau sjónarmið, sem þar koma fram. Þar segir svo m. a.:

„Með hinu nýja frv. til laga um skemmtanaskatt, sem fram er borið vegna þeirra fjárhagsörðugleika, sem kvikmyndahús í eigu einkaaðila hafa talið sig eiga í af völdum ofangreindra skatta, hafa stjórnvöld viðurkennt, að sýningar á kvikmyndum fyrir almenning ættu nokkurn rétt á sér. Tilveruréttur kvikmyndahúsanna er viðurkenndur og eigendum þeirra forðað frá gjaldþroti

með vægari skattálagningu en tíðkazt hefur. Þessi stefnubreyting gagnvart kvikmyndahúsaeigendum leiðir hugann að því, hvort ekki sé rétt og tímabært að leggja þeim nokkrar skyldur á herðar, um leið og tilveruréttur þeirra er viðurkenndur og af þeim létt skattabyrðinni. Forsenda hinna háu skatta var sú, að þær kvikmyndir, sem húsin sýndu, væru eða mættu a. m. k. vera svo gjörsneyddar menningarlegu, listrænu og uppeldislegu gildi, að full ástæða væri til að leggja á þær hærri skatta en t. d. dansleiki og loddarasýningar. Þá virðist og einhlítt að gera þær kröfur til stjórnvalda, sem jafneindregið hafa tekið tillit til peningahagsmuna kvikmyndahúseigenda, að þau einnig taki með einhverjum hætti að sinna óskum þeirra, sem ástunda kvikmyndalist hérlendis eða leggja rækt við menningarsögulegar hliðar kvikmynda. Í því samhengi má benda á það, hversu nágrannaþjóðir okkar velflestar hafa grundvallað kvikmyndamál sín með allsherjarlöggjöf. Okkur væri það vandinn hægari að hlíta reynslu þessara þjóða, enda löngu tímabært að grundvalla kvikmyndamál okkar á menningarlegum og þjóðlegum grundvelli. Fyrir því mælumst við til þess við hæstv. menntmn., að þær beiti sér fyrir því nú þegar í sambandi við afgreiðslu þessa frv., að hafinn sé umsvifalaust undirbúningur að sérstökum kvikmyndalögum fyrir Ísland, sem afgr. verði á næsta þingi. Einnig bendum við á það, að strax í þetta frv., sem væntanlega tekur lagagildi innan skamms, mætti vel auka ákvæðum um sjálfsagðar menningarskyldur kvikmyndahúsanna:

a. Einhvers konar lágmark um val mannsæmandi kvikmynda. b. Verulegt eftirlit með efnisvali á barnasýningum og íslenzkt tal á allar barnamyndir. c. Skyldur til að sýna íslenzkar aukamyndir, eitthvert lágmark sýningarfjölda.

Þá væri heldur engin goðgá að mynda af skemmtanaskatti bíóanna eða a. m. k. hluta hans fyrsta vísi að hérlendum kvikmyndasjóði."

Þannig er komizt að orði í þessu bréfi. Þær hugmyndir, sem þarna koma fram, eru sannarlega vel þess virði að um þær hefði verið fjallað af fullri alvöru. En eins og ég lýsti áðan hefur ekkert ráðrúm gefizt til þess. Og auðvitað er það ekki vansalaust, að þannig haldi áfram.

Ég freistaði þess í n. að leggja þar fram tvær till., sem fólu í sér aðstoð við íslenzka kvikmyndagerð. Þar er um mikið stórmál að ræða, bæði til þess að leysa vanda kvikmyndahúsanna hér á landi og ekki síður í sambandi við tilkomu sjónvarpsins. Það gefur auga leið, að ef við ætlum að starfrækja menningarlegt sjónvarp á Íslandi, þá hlýtur undirstaðan að verða kvikmyndagerð hér á landi, og slík kvikmyndagerð sprettur ekki upp af sjálfu sér. Í öllum löndum, meira að segja stórveldum, þá tíðkast það að styrkja kvikmyndagerð og styrkja sérstaklega þá kvikmyndagerð, sem setur sér menningarleg takmörk. Þetta tíðkast á Norðurlöndum og þetta tíðkast einnig með stærri þjóðum. Bæði í Danmörku og í Svíþjóð er sá háttur á hafður, að sá skattur, sem innheimtur er í kvikmyndahúsum, rennur algerlega til þess að auka menningarlega kvikmyndastarfsemi og til þess að efla innlenda kvikmyndagerð.

Þær brtt., sem ég gerði grein fyrir í hv. menntmn., voru tvær. Í annan stað lagði ég til, að við þá undanþágu á skemmtanaskatti, sem þar er tilgreind og fjallar um sýningar á íslenzkum kvikmyndum, verði einnig bætt heimild til menntmrh. til að undanþiggja sýningar erlendra mynda með íslenzkri aukamynd, ef ráðuneytið metur aukamyndina verðuga slíks stuðnings. Þetta fannst mönnum ganga of langt, en um það tókst þó samkomulag í n. að flytja aðra brtt., sem frsm. menntmn. gerði grein fyrir áðan. Í því er vissulega fólgið nokkurt spor í þá átt, sem ég gerði þarna till. um.

Í hinn stað gerði ég grein fyrir annarri till. í n., sem ég vil leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta. Hún er svo hljóðandi:

„Á eftir 7. gr. frv. komi ný gr., er verður 8. gr., svo hljóðandi:

Skemmtanaskattur skv. 2. gr. 2. fl. (þ. e. a. s. skemmtanaskatturinn, sem innheimtur er af kvikmyndasýningum) renni til kvikmyndasjóðs, sem heyrir undir menntmrn. Í stjórn sjóðsins eiga sæti 5 menn, skipaðir af ráðh. til fjögurra ára í senn. Eftirtalin samtök tilnefna einn mann hvert í stjórn sjóðsins: samtök kvikmyndahúsaeigenda, samtök kvikmyndagerðarmanna, Bandalag íslenzkra listamanna og samtök kvikmyndaklúbba, en ráðh. skipar formann kvikmyndasjóðsins án tilnefningar. Á sama hátt skal skipa jafnmarga varamenn. Hlutverk sjóðsins er: a. Að styrkja og efla íslenzka kvikmyndagerð með beinum fjárstyrkjum, lánum, ábyrgðum og verðlaunum. b. Að koma á fót kvikmyndasafni, sem heimilt skal að sýna kvikmyndir sínar á sýningum, sem undanþegnar eru öllum opinberum gjöldum. c. Að verðlauna kvikmyndahús, sem fram úr skara við val á góðum erlendum og innlendum kvikmyndum, svo og barnamyndum til sýninga. d. Að stuðla á annan hátt að bættri kvikmyndamenningu. Menntmrh. skal setja reglugerð, sem kveður nánar á um starfsemi kvikmyndasjóðsins."

Með þessari till. var sem sé lagt til, að við tækjum upp þann hátt, sem upp hefur verið tekinn m. a. í Danmörku, Svíþjóð og í fleiri löndum, að skattur af kvikmyndasýningum yrði hagnýttur til þess að efla innlenda kvikmyndagerð og auka menningarlega kvikmyndastarfsemi í landinu.

Auðvitað var mér það ljóst, að hér er um að ræða svo stórt mál, að það er ekki hægt að ætlast til þess, hvorki að n. né Alþ. afgr. slíka till. á einum degi, eins og ætlazt er til að við afgr. þetta frv. Hins vegar kom það fram í n. að menn skildu vel það sjónarmið, sem í þessari till. felst, og varð um það samkomulag, að taka upp í nál. setningu þá, sem formaður n. gerði grein fyrir áðan, að n. teldi mikla nauðsyn að gera skipulegar ráðstafanir til þess að efla íslenzka kvikmyndalist. Ég lít á þá setningu sem fyrirheit um það, að n. muni í haust beita sér fyrir því, að sett verði sérstök löggjöf um það efni, og ég vil raunar beina því til hv. menntmrh., hvort ekki megi vænta þess, að hann muni einnig stuðla að því, að slík löggjöf verði sett.

Þetta er, eins og ég sagði áðan, mjög mikið og brýnt menningarmál og við getum ekki skotið okkur undan því að leysa það. Um þetta mál hefði verið hægt að fjalla miklu lengur, en ég skal gjarnan taka tillit til þess, að tími Alþ. er orðinn naumur. Ég hef ekki frekar en aðrir áhuga á því að lengja þinghaldið fram yfir það

sem orðið er, en ég taldi óhjákvæmilegt að gera grein fyrir því, að í sambandi við þetta frv. tel ég vanta algerlega þessa jákvæðu hlið málsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 95. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 96. fundi í Nd., 4. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 811,1 samþ. með 22:2 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 755 felld með 16:8 atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 754 felld með 17:14 atkv.
– 811,2 samþ. með 28:1 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
4.–5. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 811,3 samþ. með 24:1 atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
7.–10. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 848).

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 91. fundi í Ed., 4. maí, skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 92. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. – Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Vegna þess að þetta frv. er flutt af menntmn. þessarar hv. þd., þá þykir mér hlýða að gera með örfáum orðum grein fyrir þeim breytingum, sem frv. hefur tekið í meðförum Nd.

Í fyrsta lagi hefur það tekið þeirri breytingu, að í 2. mgr. 1. gr., eins og hún var eftir 3. umr. í Ed., á þskj. 732, hefur orðið sú breyting, að þar eru teknar með skemmtanir eftir 3. fl. 2. gr., en í þeim flokki eru dansleikir og aðrar tilgreindar skemmtanir. Sýnist með þessu vera búið að undanþiggja allt skemmtanahald í byggðarlögum með minna en 1500 íbúa skemmtanaskatti.

Þá hefur sú breyting orðið á 3. gr., e–lið, að þar er gerð nánari grein fyrir því, hvað er talin sýning á íslenzkri kvikmynd, þ. e. a. s. ef hún tekur a. m. k. helming venjulegs sýningartíma, þó að með henni kunni svo að vera sýnd erlend mynd.

Á 6. gr. hefur orðið sú breyting í meðförum þessarar hv. þd., að 2. mgr. hefur verið felld niður. Nú hefur sú mgr. verið tekin upp á ný í meðförum Nd. Ég er ekki alveg viss um, að það hafi legið alveg ljóst fyrir mönnum, hvað tilkoma þessarar mgr. hefur að þýða. Það hefði sjálfsagt þurft að athuga það mál nokkru betur, en á því eru að sjálfsögðu engin tök nú, því að öll frestun eða ítarlegri athugun á frv. mundi að öllum líkindum þýða það, að það fengi ekki afgreiðslu á þessu þingi.

Ég sé, að það hefur verið prentuð upp á þskj. 848 8. gr. frv. Ég sé satt að segja ekki hvers vegna. Mér sýnist hún vera alveg shlj. því, sem hún var fyrir þessa umr. í Nd. Þskj. 848, þ. e. a. s. frv., eins og það lá fyrir eftir umr. í Nd., var útbýtt nú rétt áðan, nýr fundur settur að loknum þeim fundi og því hefur þetta frv. ekki hlotið neina athugun menntmn. Komi hins vegar fram sérstök ósk um það, er sjálfsagt að biðja um smáfundarhlé til þess að n. geti þá athugað þessar breytingar. Ég hef ekki borið mig neitt saman við aðra nm., vegna þess að þskj. voru rétt að berast mér í hendur áðan.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 854).

Önnur mál.

I. Almennar stjórnmálaumræður.

Á 48. fundi í Sþ., 28. apríl, voru teknar á dagskrá:
Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumr.).

Forseti (BF): Umr. fer þannig fram í kvöld, að hver flokkur fær til umráða 40 mínútur, er skiptast jafnt í tvær umferðir. Röð flokkanna í báðum umferðum verður þessi: Samtök frjálslyndra og vinstri manna, Sjálfstæðisflokkur, Framsóknarflokkur, Alþýðubandalag og Alþýðuflokkur. Ræðumenn verða: fyrir Samtök frjálslyndra og vinstri manna: í fyrri umferð Björn Jónsson, í síðari umferð Hannibal Valdimarsson, fyrir Sjálfstfl.: í fyrri umferð Bjarni Benediktsson, í síðari umferð Gunnar Gíslason og Matthías Á. Mathiesen, fyrir Framsfl.: í fyrri umferð Ólafur Jóhannesson, í síðari umferð Ágúst Þorvaldsson og Ingvar Gíslason, fyrir Alþb.: í fyrri umferð Lúðvík Jósefsson, í síðari umferð Gils Guðmundsson, fyrir Alþfl.: í fyrri umferð Gylfi Þ. Gíslason, í síðari umferð Jón Þorsteinsson.

Hefst nú umr., og tekur fyrstur til máls hv. þm. Björn Jónsson og talar af hálfu Samtaka frjálslyndra og vinstri manna.

Björn Jónsson: Herra forseti. Heiðruðu tilheyrendur. Hin síðari árin hefur stöðugt magnazt óánægja og andúð á því flokkakerfi, sem ríkt hefur nærri að segja óbreytanlegt í landinu í 30 ár. Sterk og sívaxandi gagnrýni flestra þeirra, sem standa utan innsta hrings valdahópanna í flokkunum eða þeirra hópa, sem sækja persónulega hagsmuni til þjónustu við þá, hefur brotizt út með margvíslegum hætti. Kröfurnar um breytta starfsháttu flokkanna, fráhvarf frá alvöldu klíkuvaldi flokksforingja, aukið lýðræði innan þeirra, opnari starfsemi, opnun möguleika fyrir áhrifum óbreyttra liðsmanna á stefnumótun og val forystumanna, hafa risið æ hærra. Fleirum og fleirum er að verða ljóst, að samfara einræði fámennra valdahópa innan flokkanna hefur skapazt í milli þeirra óskráð, en augljóst samkomulag um varanlegt jafnvægi á öllum mikilvægum sviðum stjórnmálalegra valda, samábyrgð á stjórn og skipulagi peningamála og fjármála á fjölmörgum öðrum sviðum. Þjóðfélaginu hefur verið skipt í nær fastmótuð áhrifasvið flokkanna, sem hver fyrir sig unir í reynd eftir atvikum vel og hefur uppi sýndarmennsku eina til að breyta. Helmingaskiptastefnan illræmda frá samstjórnarárum Sjálfstfl. og Framsfl., sem enn er að vísu í fullu gildi, þegar svo ber undir og ný og gömul dæmi sanna, hefur verið útvíkkuð og Alþfl. og Alþb. hefur verið úthlutað sínum valdaskikum, Alþfl. að vísu sýnu stærri hlut vegna stjórnarsamvinnunnar, en Alþb. þeim mun smærri sem það, miðað við sitt sívaxandi fylgi, en vonlausar framtíðarhorfur, sættir sig eftir atvikum við. En sá, sem valdið hefur, skammtar og situr yfir ljónshlutnum, er Sjálfstfl. eða öllu heldur sá örfámenni valdahópur, sem þar ræður lögum og lofum. Með þeirri gömlu og nýju stjórnlist að deila og drottna og skammta hefur honum tekizt þrátt fyrir algert minnihlutafylgi meðal þjóðarinnar að halda hinum raunverulegu völdum á Íslandi nær óslitið frá stofnun lýðveldisins og nú alfarið í röskan tug ára.

Þegar til þessa er litið, getur það ekki verið neitt undrunarefni, heldur rakin afleiðing þjóðfélagslegra forsendna, að allir þeir, sem ekki vilja una slíku flokkakerfi, sem hér hefur ríkt, og því úrslitavaldi íhaldsaflanna, sem því hefur stýrt, freisti þess að ráðast að því sameiginlega vígi flokksræðisins, sem þetta kerfi hefur skapað, og það því fremur sem það hefur leitt til þess, að sá skoðanahópur, sem í raun er e. t. v. sá stærsti meðal þjóðarinnar, róttækir lýðræðisjafnaðarmenn á norræna vísu, hefur ekki um langa hríð átt sér neitt sameiginlegt stjórnmálalegt athvarf, heldur hefur neyðzt til að sundra atkv. sínum kosningar eftir kosningar á alla hina svokölluðu vinstri flokka og þannig orðið harla lítils megandi sem stjórnmálalegt áhrifavald. Rúm raunverulegs jafnaðarmannaflokks hefur staðið hér autt, og það er sú staðreynd öllu öðru fremur, sem skilið hefur þjóðfélagsþróunina hér á landi frá þeirri, sem orðið hefur öðrum Norðurlöndum svo happadrjúg, að til þeirra er jafnan vitnað, þegar rætt er um velferðarþjóðfélög, sem flestum eða öllum séu til fyrirmyndar og eftirbreytni.

Að ýmsum mikilsverðum atriðum, sem þetta varða, munum við talsmenn hins nýja stjórnmálaflokks, Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, víkja nánar síðar í þessum umr. og gera þeim frekari skil, en nú við upphaf þeirra skal það þegar vera ljóst, hver okkar meginmarkmið eru.

1) Að fella núverandi ríkisstj. og fá endi bundinn á þá óstjórn, vanstjórn og spillingu, sem ríkt hefur undir hennar forystu síðustu 11 árin, og verða það úrslitaafl, sem vonir gefur um að hér verði mynduð umbótasinnuð róttæk ríkisstj., er reynist fær um að tryggja þjóðinni nýja framfarasókn, batnandi lífskjör, félagslegt öryggi og blómlegt menningarlíf, sem öll efni standa til að hér

sé unnt að skapa, ef atorku þjóðarinnar er ekki haldið niðri af fargi úrelts flokkakerfis og samábyrgðar þess.

2) Að neyta alls þess valds og áhrifa, sem þjóðin vill veita okkur, til þess að sá draumur rætist, að hér myndist sem fyrst sameiginlegur flokkur jafnaðar- og samvinnumanna, sem á skömmum tíma gæti orðið voldugasta stjórnmálaaflið með þjóðinni og veitt henni forystu með svipuðum hætti og heilladrýgst hefur reynzt annars staðar á Norðurlöndum. Til þess að ná því marki munum við einskis láta ófreistað og enga persónulega eða flokkslega fordóma láta standa þar í vegi.

Þessi tvö meginmarkmið eru og verða leiðarljós flokks okkar og við þau er öll stefna okkar, eins og hún hefur verið mótuð með víðtækri þátttöku flokksmanna og síðar einróma samþykktum og ályktunum á stofnþingi, miðuð. En þá kunna menn að spyrja: Eru nokkur líkindi til þess, að nýjum flokki takist að valda þessu verkefni? Sýnist það ekki með öllu vonlaust verk að ráðast til atlögu við flokkakerfið, sem hefur hreiðrað svo um sig í fjármálakerfinu, í stjórn fjölmiðlunartækja þjóðarinnar, í atvinnulífinu, í flestum valdastofnunum þjóðfélagsins, að þeir telja sig nánast eiga, hver fyrir sig, sinn ákveðna hlut í kjósendafylginu og geti gengið að honum vísum í hverjum kosningum? Auðvitað treysta þeir svo vel á hina alkunnu flokkstryggð, sem því miður hefur oft reynzt raunverulegri sannfæringu yfirsterkari, þegar komið er að kjörborðinu.

Það skal játað, að það er ekki á mínu færi að fullsvara þessum eðlilegu spurningum. Það er á engra annarra færi en þeirra röskra hundrað þúsunda Íslendinga, sem ganga að kjörborðinu í borgar- og bæjarstjórnarkosningum í vor eða í síðasta lagi til alþingiskosninga að ári liðnu. Á hinn bóginn er það ljóst og hefur sannazt við allan undirbúning og framkvæmd flokksstofnunar okkar, að greinilegar blikur eru á lofti, sem boða uppgjör ótrúlega margra við hvort tveggja í senn, stjórnarfar og stjórnarstefnu síðasta áratugs og jafnframt við það flokkakerfi, sem hefur reynzt ófært um að breyta þar nokkru, sem sköpum skiptir, til betri vegar. Hitt er líka ljóst, að allir gömlu flokkarnir skjálfa af hræðslu við að þetta uppgjör, sem nú fer fram í hugum manna, leiti þeirrar einu útrásar, sem því er nú mögulegt, í ótvíræðu og miklu fylgi frjálslyndra og vinstri manna. Þrátt fyrir alla flokkstryggðina hefur það líka sannazt með eftirminnilegum hætti síðustu árin, að kjósendur geta tekið til sinna ráða ef þeim býður svo við að horfa. Flokksræðið er að vísu sterkt, en almáttugt er það ekki.

Hér verður fáu einu til skila haldið af því, sem máli skiptir við þau reikningsskil, sem nú er orðin þjóðarnauðsyn að fari fram við gömlu flokkana og valdhafana, sem formlegu ábyrgðina bera. Í huga okkar flokksmanna hlýtur þar að bera einna hæst öll viðskipti og viðskilnað flokkanna við launastéttirnar, fyrst og fremst við stéttir erfiðismanna á sjó og landi, allra hinna mörgu dugandi þegna, sem með hörðum höndum skapa þjóðinni tilverugrundvöll og lífsmöguleika, en einnig við aðrar launastéttir og þá alveg sérstaklega vísindamenn okkar, sem í stöðugt vaxandi mæli þurfa að vera beinir þátttakendur í atvinnu- og efnahagslífinu og standa í sem traustustum tengslum við framleiðslustéttirnar. Eftir eigin uppgjöri á kjaraþróun vinnustéttanna á viðreisnarárunum, frá 1960 og til þessa dags, standa leikar nú svo, að almennt neyzluvöruverðlag hefur rétt um það bil þrefaldazt, þ. e. a. s. verðbólguvöxtur orðið nálægt 20% á ári að meðaltali, sem mun vera nálægt heimsmeti, ef frá eru skilin ríki Suður-Ameríku. Á hinn bóginn hefur kaup verkamanna hækkað verulega minna á sama tímabili og hvergi nærri haldið í við óðaverðbólguna, einkanlega þegar þess er gætt, að þær neyzluvörur, sem hinir lægst launuðu kaupa og neyta hlutfallslega meira en aðrir, hafa jafnvel áttfaldazt meðan meðalhækkanir hafa þó haldizt innan þreföldunarmarkanna enn sem komið er. Töflur og tölur segja því hér ekki alla sögu, þótt til leiðbeiningar geti verið. Síðustu tvö árin hefur steininn tekið úr í þessum efnum, er kjör verkafólks hafa fyrir beinan tilverknað stjórnvalda verið rýrð um 20–25%, að mati verkalýðssamtakanna. Þessi þróun mála er afsökuð með því, að á árunum 1967 og 1968 hafi skollið yfir stórfelldur aflabrestur á síldveiðum og einnig verulegt verðfall útflutningsafurða, sem samanlagt hafi rýrt þjóðartekjur um nærfellt 16% á þessum tveimur árum. Samt verður sú staðreynd ekki umdeild, að þessi áfallaár, ef miðað er við hin einstæðu góðæri 1965 og 1966, skiluðu útflutningsverðmæti, sem árið 1967 nam 36.8% meira en árið 1961, þ. e. a. s. á öðru viðreisnarárinu, og árið 1968 21.8% meira en á því sama ári, og á kjaraskerðingarárinu mikla, 1969, varð útflutningsverðmætið 59.6 – nærri 60% meira en 1961, og hafði þá vaxið á einu ári um nær þriðjung eða um 31%. Við þetta má svo enn bæta, að fiskverð fer stórhækkandi á þessu ári, m. a. á Bandaríkjamarkaði, þar sem verðið er nú um 50% hærra miðað við fast gengi en það var árið 1966 eða 1967, þegar það komst einna lægst og því hátt í þrefalt að íslenzkri krónutölu vegna gengisfellingarinnar, sem þá var, – enda eru íslenzku söluhringarnir nú svo bjartsýnir á afkomu sína og gróða, að þeir hafa á prjónunum gífurlega fjárfestingu í fiskverksmiðjum í Bandaríkjunum. Á sama tíma búa íslenzkir launþegar við launakjör, sem versna með hverri viku, og eru alvarlega og sterklega aðvaraðir um að fara með gát í því reikningsuppgjöri sínu við atvinnurekendur, sem nú stendur fyrir dyrum.

Kjaraþróun síðasta áratugs á sér, að því er ég bezt veit, enga hliðstæðu meðal nokkurra velferðarríkja Vestur-Evrópu og þó allra sízt meðal bræðraþjóða okkar á Norðurlöndum, þar sem sterkir sósíalistískir flokkar og öflug verkalýðshreyfing ýmist ráða ferðinni eða veita borgaraflokkum í stjórnarforystu það aðhald sem dugar. Þar eru árvissar kjarabætur taldar álíka sjálfsagðar og kjaraskerðingar hér og hefur svo raunar verið nú um aldarfjórðungs skeið, eða allt frá stríðslokum. En hjá okkur má líka vissulega rekja söguna aftur í þann tíma og er þar skemmst frá að segja, að hún er næsta keimlík þeirri, sem sögð verður á síðasta áratug. Engum umtalsverðum lífskjarabótum, a. m. k. sem laun varða, sem enzt hafa til langframa, hefur verið komið fram allan þennan langa valdaferil ríkjandi flokkakerfis, og hefur þar ekki ýkjamiklu skipt hver hlutverkaskipting flokkanna er hverju sinni. Flokkakerfi undir forystu Sjálfstfl. hefur alltaf ráðið ferðinni er til lengdar lét.

Sjálfir eru þeir greinilega ánægðir með árangurinn. Í

höfuðmálgagni ríkisstj. gat m. a. að líta þau ummæli fyrir skömmu, að frábærlega vel hafi tekizt að ráða fram úr þeim gífurlegu vandamálum, sem að steðjuðu: annars vegar var vel stjórnað og réttar ákvarðanir teknar á hverjum tíma, og hins vegar sætti alþýða manna sig við skert kjör til þess að búa í haginn fyrir framtíðina. Og enn segir þar, að það sé því sannarlega ástæða til þess, að íslenzka þjóðin sé nú bjartsýn, þegar lífskjör fara batnandi á ný, þótt auðvitað verði að fara að öllu með gát til að fórna ekki því, sem áunnizt hefur. Þetta er dómur stjórnarflokkanna sjálfra um eigin verk og þarf naumast mörgum orðum um hann að fara.

Það er eitt atriði, sem ástæða er til að leiðrétta, – hitt er aðeins lýsing á því í hve óraunverulegum hugarheimi stjórnarherrarnir lifa, er þeir halda að nokkur maður taki mark á sjálfshælni þeirra, – og leiðréttingin er þessi: Hvorki alþýða manna né verkalýðshreyfingin sættir sig við kauplækkunarsamningana frá í fyrra. Þeir voru nauðungarsamningar, knúðir fram af atvinnurekendum og ríkisvaldi með svipu atvinnuleysisins, sem þá lamaði varnarmátt verkalýðsfélaganna og möguleika þeirra til að beita samtakamætti sínum. Áðan heyrðum við dóm stjórnarherranna. En hver er hinn dómurinn hlustandi góður? Ég veit ekki hvort þú ert verkamaður, sem verður að framfleyta fjölskyldu þinni á 3000 kr. vikukaupi eða á atvinnuleysisbótum, sjómaður, sem nú stendur í aðgerð á þilfari og minnist þess, að um þriðjungi verðmæta þinna var rænt af þér í kjölfar gengisfellingarinnar síðustu, eða hvort þú ert láglaunamaður í verzlunarstétt eða þjónustu ríkisins. Kannske ert þú húsmóðir og þarft að láta laun einhverra þessara manna endast fyrir matföngum, fatnaði á fjölskylduna, húsnæðiskostnaði, hitunarkostnaði og hvers konar sköttum og gjöldum, sem hverju heimili eru óhjákvæmileg, og stendur frammi fyrir því óleysanlega reikningsdæmi, hvernig takast megi að ná endum tekna og útgjalda saman. Fyrir þína hönd ætla ég nú að biðja hæstv. ráðh., Gylfa Þ. Gíslason, sem vafalaust talar hér á eftir, að tylla sér hjá þér í anda við eldhúsborðið, eins og hann var svo lítillátur að gera hér um árið, og reikna skilmerkilega fyrir þér dæmið, sem þú hefur enga möguleika á að láta ganga upp, þótt lífshamingja þín liggi við. En við ykkur öll vil ég segja: Eruð þið jafnánægð og ríkisstj. og jafnbjartsýn á áframhaldandi forsjá hennar? Og í annan stað: Hvað skuldið þið því flokkakerfi, sem mótað hefur öllu öðru fremur þau lífskjör, sem ykkur eru búin? Er sú þakkarskuld slík, að þið ætlið enn að henda atkv. ykkar á gömlu flokkana og tryggja áframhaldandi valdajafnvægi þeirra og hindra þar með, að nokkrar þær grundvallarbreytingar verði á meðferð íslenzkra efnahagsmála, sem gefa þér nokkra ástæðu til varanlegrar bjartsýni um afkomuöryggi og betri lífskjör? Viljið þið óbreytt ástand, óbreytt flokkakerfi, óbreytt launakjör?

Ríkisstj. og talsmenn hennar guma nú, er kosningar nálgast, mjög af því að nú sé bjart framundan vegna þess að vel hafi verið stjórnað og réttar ákvarðanir teknar á hverjum tíma, eins og þeir orða það, og því er ekki að leyna, að á næstunni verður lögð áherzla á að framkvæma ýmislegt hrafl af því, sem vanrækt hefur verið, og reynt með því að endurvekja glatað traust, eins og t. d. með því að kaupa sex togara í stað þeirra 20 eða 30, sem ýmist eru farnir í brotajárn eða fara þangað næstu 2–3 árin. En engum dylst þó, að undir yfirborðinu gróa enn og þróast allar þær meinsemdir, sem hrjáð hafa þjóðina á viðreisnartímanum. Ríkisbáknið heimtir nú til sín á níunda milljarð í sköttum og hvers konar gjöldum. Sú upphæð hefur nær tífaldazt meðan laun hafa þrefaldazt í bezta falli. Á þessu ári hefur verið bætt við þessa summu á annan milljarð króna. Á sama tíma verða skattar allra gróðafélaga, sem nema þó aðeins 1½% af heildarskattheimtu ríkisins, lækkaðir stórlega með nær einróma samþykki allra flokka nema okkar flokks. En söluskattur verður hins vegar hækkaður um 1000 millj. kr. Skuldasöfnun við útlönd vex óðfluga og árvisst og afborganir af þeim skuldum gleypa nú 1/4 til 1/5 hluta af verðmæti vöruútflutningsins. Í æ ríkari mæli er gefizt upp við að fjármagna óarðbærar en óhjákvæmilegar framkvæmdir með samtímatekjum, en ekki látið sitja við að takmarka þær byrðar, sem skuldunum fylgja, við gjaldeyris- og framleiðsluaukandi framkvæmdir, svo sem vera bæri. Þannig eru þyngdar byrðarnar á vinnustéttirnar, ekki aðeins í nútíð, heldur og um langa framtíð. Algert stjórnleysi í allri meðferð fjárfestingar- og lánamála hefur verið slíkt, að helzt má flokka undir fjárhættuspil, sem geta gefið tímabundinn vinning, þegar heppnin hefur verið með, en alltaf ótryggan hagnað og hreint tap fyrir þjóðina í heild, þegar til lengdar lætur.

Þessar eru m. a. skýringarnar á því, hve hlutur launamanna er og hefur verið svívirðilega smár og hve barátta verkalýðshreyfingarinnar hefur skilað óhugnanlega litlum árangri, þegar til lengdar hefur látið. En til þess eru engar líkur, að hér verði nein umskipti, nema síður væri, nema til komi gerbreyting á stjórnarfari, stjórnarstefnu og stjórnsýslu, umbylting hagkerfisins í þá átt, sem flokkur okkar hefur skilgreint í heild og einstökum atriðum skilmerkilega í stefnuskrá sinni, sem ég vil skora á menn að gaumgæfa fordómalaust og dæma síðan.

Þeir, sem nú eru haldnir óttablöndnustum kvíða við það uppgjör við gamla flokkakerfið, sem nú fer fram í hugum manna, segja, að við séum klofningsflokkur, sundrungarafl, jafnvel leiguþý stjórnarflokkanna. Í þeim talkór hefur Alþb. látið hæst, foringjar Þjóðviljaklíkunnar, þeir hinir sömu sem sögðust ætla að sameina alla íslenzka vinstri menn í Sameiningarflokki alþýðu 1938 og aftur í kosningasamtökum Alþb. 1956. Reyndust þeir ekki í bæði skiptin frábærir sameiningarmenn? Eða finnst mönnum kannske að saga þeirra sem sameiningarmanna sé orðin nógu löng, eða hvern mundi nú fýsa að gera þriðju tilraunina til sameiningar undir þeirra forystu, þegar svo er komið, að þeir hafa barið saman leifarnar af gamla Sósíalistaflokknum og standa með þær einar uppi? Á hinu leitinu stendur svo Alþfl., sem hefur fyrirgert öllum siðferðilegum rétti til að bera sér í munn orðið jafnaðarstefna eftir ellefu ára þjónustu við Sjálfstfl., þar sem engu stefnumáli jafnaðarmannaflokks hefur verið fram komið. Það eru þessir flokkar, sem hvor fyrir sig og báðir sameiginlega bera alla ábyrgð á sundrungu íslenzkra jafnaðarmanna og íslenzkra vinstri manna, ásamt Framsfl., og halda þar hver sínu striki, þrátt fyrir það að allur meginþorri fyrrverandi fylgjenda þeirra eru heiðarlegir jafnaðar-

og samvinnumenn, sem flest eiga sameiginlegt, en fátt ágreiningsefna annað en forystu, sem vitandi vits heldur við sundrunginni og heldur dauðahaldi í flokkakerfið, sem höfuðandstæðingurinn hefur skapað og stjórnað og þessir flokkar telja nú nánast heilagt og eilíft.

Liggur þá ekki spurningin um sameiningu jafnaðar- og samvinnumanna nokkuð ljós fyrir? Annars vegar hafa átzt við í þjóðfélaginu ríkisstjórnarflokkarnir, sem haldið hafa svo á flestum málum þjóðarinnar, að þeir menn eru vandfundnir, sem ráðslagi þeirra mæla bót. Hins vegar Alþb. og Framsfl., svo alls vesælir, að öllum er ljóst og líka þeim sjálfum, að þeir hafa enga möguleika á að fella þessa stjórnarsamvinnu, og þó stórum minni nú en í þremur eða fjórum misheppnuðum fyrri tilraunum í alþingiskosningum allt fram til 1959. Er ekki svo augljóst sem verða má, að öll von íslenzkrar alþýðustéttar, íslenzkra jafnaðarmanna, íslenzkra samvinnumanna er í því fólgin að veita Samtökum frjálslyndra og vinstri manna það brautargengi, sem til þarf, svo þau verði þess megnug að fella ríkisstj., rífa Alþfl. úr kyrkingarfaðmlögum Sjálfstfl., þrýsta Framsfl. til róttækrar vinstri stefnu, bjarga þeim lýðræðisjafnaðarmönnum, sem fylgt hafa hinu hrynjandi Alþb., og sameina öll þessi öfl í eina fylkingu undir merkjum jafnaðarstefnu, samvinnuhugsjónar og frjálshyggju?

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Rétt er að geta þess, að reynt var að ná samkomulagi um að breyta fyrirkomulagi þessara umræðna á þann veg, að eitt kvöld í sjónvarpi kæmi í stað tveggja í útvarpi. Ekki náðist samkomulag um þetta og verður þess vegna enn að halda hinum löngu úrelta hætti um eldhúsumræður.

Á landsstjórnarmönnum lendir stöðugt að leysa fjölda vandamála, sem að steðja, iðulega öllum að óvörum. Í daglegu þrasi og sviptibyljum líðandi stundar má þó aldrei missa sjónar á frambúðarstefnu, heldur verður að reyna að öðlast yfirsýn um hvað helzt megi verða til aukins öryggis og varanlegra umbóta alþjóð til heilla. Þótt hin hversdagslegu úrlausnarefni virðist á stundum smávægileg, þá er lausn þeirra oft miklum örðugleikum háð. Stjórnendum er oftast ætlað að leysa vanda, sem öðrum hefur reynzt torleystur. Því er ekki kyn, þó margt fari verr úr hendi en hugur manna stendur til.

Að sjálfsögðu má sitthvað finna að framkvæmdum þessarar ríkisstj. eins og allra annarra. Við hvorki erum né þykjumst vera alfullkomnir, heldur gerólíkir hinum, sem halda sig hafa fundið óskeikul ráð við öllum vanda. Engir gera meiri skaða en þeir, sem í slíkri villu vaða. Nægir þar að minna á hörmulega reynslu alls almennings af framkvæmd kommúnisma eða ómengaðs sósíalisma. Þetta gera flestir menntaðir menn sér nú ljóst. Þess vegna hafa jafnvel ungir öfgamenn í öðrum löndum horfið frá kommúnisma og til svokallaðrar „nýrrar vinstri stefnu". Er erfitt að átta sig á, hvað fyrir því fólki vakir, annað en að vera á móti öllu og öllum. Minnir sú kenning mjög á ástandið í Rússlandi um síðustu aldamót. Hinir ungu íslenzku öfgamenn, sem hertóku eitt sendiráð lands síns á dögunum og fylgdu því, að sögn sænskra blaða, fordæmi Eþíópíumanna, mega þó eiga það, að þeir segja óhikað hvað fyrir þeim vakir, þ. e. a. s. sósíalistísk bylting eða sams konar þjóðskipulag og Tékkar, ásamt með öðrum Austur-Evrópuþjóðum verða nú að þola. Annað mál er, hvort margir verða til þess að trúa því, að ættjörðin frelsist af þeim boðskap.

Ég ætla ekki að eltast við sparðatíning hv. stjórnarandstæðinga, svo sem þegar þeir ætla ríkisstj. að telja upp fyrir þá, hversu margar fastanefndir Alþ. séu eða skólanefndir og áfengisvarnanefndir um land allt. Smásmygli andstæðinganna, a. m. k. sumra, er með ólíkindum. E. t. v. sprettur hún af því, að þeir treysta sér ekki lengur til að bera brigður á, að okkur hefur tekizt betur, jafnvel mun betur en þeir og flestir aðrir gerðu ráð fyrir, að leysa hinn geigvænlega vanda, sem fyrir nokkrum missirum virtist kominn vel á veg með að umturna íslenzku þjóðfélagi. Á tveggja ára bili minnkuðu útflutningstekjur þjóðarinnar af óviðráðanlegum orsökum um nálega helming. Þetta voru meiri umskipti og sköpuðu meiri efnahagsvanda en Íslendingar höfðu áður lent í, frá því að atvinnuhættir hér komust í nútímahorf. Hlutlausir erlendir atvinnurekendur og óyggjandi skýrslur segja og, að sambærileg sveifla sé óþekkt á friðartímum hjá þjóðum með sæmilega þroskað efnahagskerfi. Flestum Íslendingum var ljóst að gegn þessum erfiðleikum voru góð ráð dýr. Ríkisstj. viðurkenndi, að svo mikið væri í húfi, að kanna bæri, hvort unnt mundi að koma á víðtæku samstarfi um nauðsynleg viðbrögð. Það var reynt haustið 1968, en tókst því miður ekki. Stjórnarandstæðingar á Alþ. fengust að vísu til langvarandi umræðna, en vildu drepa öllum raunhæfum úrræðum á dreif og voru ófáanlegir til þess að játa þeim sjálfsögðu búhyggindum, að óhjákvæmilegt væri að sníða sér stakk eftir vexti og viðurkenna þá skerðingu á lífskjörum þjóðarheildarinnar og þar með almennings, sem orðin var. Skerðingin var óviðráðanleg, og eins varð að gæta þess, að hún kæmi sem réttlátast niður og með þeim hætti að auðvelda sem mest afturbata. Í þessu skyni voru margar samfelldar aðgerðir óhjákvæmilegar, en allar gagnlegar. Í þessum vanda brugðust foringjar stjórnarandstöðuflokkanna hatrammlega og miklu verr en oddvitar verkalýðshreyfingarinnar, sem urðu að þola mörg frýjunarorð af því að þeir reyndust stjórnmálaforingjum sínum manndómsmeiri, – enda var nú svo að heyra á síðasta ræðumanni, að hann ætlaði ekki að brenna sig aftur á því soðinu.

Deila má um, hverjir hafa kveðið fastast að orði í köpuryrðunum um þá mannvonzku, sem kjaraskerðingin lýsti og fányti hennar: Þjóðviljinn eða Tíminn, Alþb.-menn eða framsóknarmenn. En eftir á segir Þórarinn Þórarinsson í Tímanum hinn 8. apríl á þessa leið:

„Batinn hafði náðst sökum þess, að alþýðustéttirnar höfðu sætt sig við kjaraskerðingu, aflabrögð orðið hagstæð og verðlag hækkað á útflutningsvörum."

Hinn málsskrafsmikli, mjög skrifandi, hv. 4. þm. Reykv., Þórarinn Þórarinsson, sér þessi sannindi helzt til seint. Sama má segja um sessunaut hans, hinn sjálfumglaða hv. 6. þm. Reykv., Magnús Kjartansson. Árum saman hafa þessir sálufélagar suðað um lök lífskjör og landflótta. Nú hefur hv. þm., Magnús Kjartansson,

flutt þáltill. um heimflutning Íslendinga frá Ástralíu, væntanlega ekki vegna vesældar hér, heldur velsældar miðað við almenningskjör í Ástralíu. Tíminn skrifar nú ekki einungis um ófarnað Íslendinga í Ástralíu, heldur segir einnig kjötkatla Svía ekki hafa reynzt eins saðningsmikla og af hafði verið látið. Aldinn þulur, vinur minn úr hópi stjórnarandstæðinga, hafði fáum dögum fyrir tillöguflutning Magnúsar Kjartanssonar komið til mín og sagt, að þótt ekki mætti hafa bágindi Ástralíufara að leiksoppi, þá væri fróðlegt að sjá, hvernig stjórnarandstæðingar brygðust við till. um heimflutning á þessu fólki. Þegar til kom, reyndi ekki á fylgi við till., annarra en Magnúsar Kjartanssonar sjálfs. Hann varð öðrum fljótari til að ómerkja margra ára málflutning sinn. En dýrkeyptur mundi áróður þeirra félaga verða íslenzka ríkinu, ef í það verður lagt að styrkja útflytjendurna til ferðalags um hálfan hnöttinn á ný, heim í sælureitinn, sem þeir létu ginna sig til að flýja, og mundi þó kostnaður ríkisins smáræði, miðað við armæðu útflytjendanna nú þegar. Enginn vandi er að vera vitur eftir á. Verra er þó að vita hið rétta, en hafa annaðhvort ekki haft vilja eða kjark til að framfylgja því, meðan á reyndi.

Verðlag og aukinn afli ráða miklu um afturbatann. En hvorugt hefði að gagni komið, ef ríkisstj. og flokkar hennar hefðu ekki skapað skilyrði fyrir honum. Engum blandast hugur um, að verulegur afturbati hefur orðið og við erum á réttri braut. Sjálfsagt er að allur almenningur njóti batans, eftir því sem efni standa til. En nú ríður á að villast hvorki af veginum né ætla, að menn séu lengra komnir en þeir í raun og veru eru. Fólkið lét ekki villa um fyrir sér, meðan hættan var geigvænlegust. Spurning er, hvort það kann síður fótum sínum forráð, þegar sæmilega horfir. Nú, fremur en nokkru sinni fyrr, mun ráðlegast að flýta sér hægt.

Þótt efnahagsörðugleikar undanfarinna ára hafi verið miklir og að flestu leyti erfiðari en aðrar ríkisstj. íslenzkar hafa þurft að glíma við, þá hefur ýmis önnur og ólík úrlausnarefni borið að á hennar valdadögum. Mörg þau, sem minni háttar voru, uxu hv. stjórnarandstæðingum samt svo í augum, að þeir töldu víst, að stjórnin yrði þeirra vegna að hrekjast frá og þar með fá þeim lykilinn að stjórnarráðinu, sem þeir öllu öðru fremur þrá og svífast fárra ráða til að hremma. Um þessar mundir þykjast þeir helzt fá þeirri sáru löngun fullnægt með því að magna ágreininginn innan ríkisstj. Auðvitað er ekki að undra þótt nokkur ágreiningur sé milli stjórnarflokkanna, þegar haft er í huga, hversu ólíkar grundvallarskoðanir þeirra eru. Einmitt vegna þessa grundvallarmunar hafa þeir öðru hvoru tekið stjórnarsamstarfið til endurskoðunar. Við sjálfstæðismenn könnuðum t. d. alla möguleika rækilega í viðræðum við flokkana haustið 1968. Þá kom glögglega í ljós, að skoðanaágreiningur við hina flokkana var mun meiri í þýðingarmestu málum en við Alþfl. Aukin höft og hömlur voru af hálfu stjórnarandstæðinga skilyrði þess, að þeir fengjust til að taka þátt í lausn vandamálanna. Við sjálfstæðismenn töldum það þvert á móti hafa úrslitaþýðingu, að hvorki væru sett ný innflutningshöft né hömlur á framkvæmdafrelsi í skjóli bráðabirgðaerfiðleika. Enda hefur nú tekizt að ráða bug á þeim örðugleikum að verulegu leyti, án þess að til slíkra neyðarúrræða hafi þurft að grípa. En ef svo hefði verið gert, skyldi enginn ætla, að ófagnaður hafta og hamla hefði verið úr sögunni með þessu bráðabirgðaástandi. Höftin eru þvert á móti, að skoðun hv. stjórnarandstæðinga, nauðsynlegt stjórnartæki, sem þeir sí og æ heimta að til sé gripið, þó að þeir reyni að fela fyrirætlanir sínar með síbreytilegum nafngiftum.

Hitt er rétt, að við sjálfstæðismenn höfum nú orðið að una annarri skipan verðlagsmála en við teljum skynsamlegt, hvort heldur frá sjónarmiði neytenda eða verzlunarstéttarinnar. Um skeið virtust horfur á, að þessu mætti fá breytt með samþykki meiri hl. á Alþ. Framsóknarmenn hétu líklegum stuðningi við slíka breytingu, og vitað var, að nokkur hluti Alþfl. mundi styðja hana, þrátt fyrir hatramma andstöðu sumra flokksmanna, sem þó sögðust sætta sig við, að atkv. á Alþ. væru látin skera úr. Þegar á reyndi var hin nýja skipan hins vegar felld fyrir atbeina þessara manna og með shlj. atkv. stjórnarandstæðinga, þ. á m. þeirra framsóknarmanna, sem höfðu látið á sér skilja, að þeir væru málinu fylgjandi. Skýringar þeirra á andstöðu sinni voru óhaldbærar í sjálfu sér og þar að auki ósannar. Þeir halda því t. d. fram, að ekki hafi verið leitað samkomulags við þá um málið. Slíks samkomulags var þvert á móti leitað með ýmsu móti, svo sem með þátttöku þeirra í mþn. og í samtölum, bæði innan þings og utan. Um skoðun þeirra, sem bezt þekkja til, á atferli Framsóknar, má skírskota til vitnisburðar Erlends Einarssonar, forstjóra SÍS, í Frjálsri verzlun nú ekki alls fyrir löngu. Sjálfstfl. er einn og óskiptur meðmæltur skipulagsbreytingu, sem í senn mundi bæta hag neytenda og tryggja frjálsa verzlun. Aðrir eru ýmist óskiptir eða svo margir á móti, að endist um sinn til að stöðva æskilega réttarbót. Þessum augljósu staðreyndum fá engir vafningar eða útúrsnúningar haggað. Og mikinn barnaskap þarf til að trúa því, að ég og samflokksmenn mínir látum hræða okkur frá þjóðnýtu samstarfi, þótt hvergi nærri gallalaust sé, með brigzlyrðum um að við stöndum ekki, eins og framsóknarmanna er háttur, í stöðugum illindum við samstarfsmenn okkar. Í núverandi stjórnarsamstarfi höfum við með þolinmæði þokað málum áfram í vitund þess, að til lengdar verður þeim mest ágengt í stjórnmálum, sem gera sér grein fyrir því, hvað hverju sinni er mögulegt, og einbeita sér að framkvæmd þess. Okkur hefur tekizt að skapa hér stöðugra stjórnarfar en áður þekktist og leysa þær þrautir, sem andstæðingarnir voru öruggir um, að okkur tækist ekki að leysa, og skutu sjálfum sér undan að fást við, nema með því að leggja illt til mála, – ekki alltaf allir, en allt of margir of oft. Sumum ofurhugum í Sjálfstfl. þykir við stundum beygja okkur um of í samstarfinu. En ætíð verður að setja það ofar, sem meira er um vert en minna, og skammt verður komizt, ef ekkert er gert nema það, sem allir halda, að vinsælt sé, eða telja harla gott við fyrstu sýn.

Að undanförnu hefur verið fjölyrt um till. um lífeyrissjóði í húsnæðismálafrv., er fyrir Alþ. liggur. Mikil óánægja spratt af því, að málið var ekki undirbúið betur með samningum við rétta aðila. Nú hefur verið bætt úr því og viðhlítandi samkomulag hefur náðst um framlög sjóðanna á þessu ári og athugun verið gerð á frambúðarþætti þeirra í lausn húsnæðismálanna. Ber

að þakka öllum þeim, er þar hafa lagt gott til mála. Jafnframt ber að minnast þess, að engin nýjung er, að lánakerfi húsnæðismála verði ekki tryggt, nema með atbeina lífeyrissjóðanna og samræmingu á störfum þeirra og lánastofnunar ríkisins. Slík ráðagerð var einmitt ein aðalforsenda júní- samkomulagsins við verkalýðinn 1964, þó að sumir hv. þm., sem þar áttu hlut að, sýnist nú hafa gleymt því. Hér er síður en svo um að ræða sérmál stjórnarflokkanna, annars eða beggja, heldur vanda, sem leysa þarf, en auðvitað æskilegt að leysa með sem allra víðtækustu samkomulagi.

Á sama veg og núv. ríkisstj. hefur tvímælalaust tekizt að ráða fram úr flestum aðsteðjandi vandamálum, eftir því sem efni stóðu til, hefur hún einnig ráðið algerri stefnubreytingu um uppbyggingu íslenzkra atvinnuvega. Þegar allmörgum árum áður en afturkippurinn varð, höfðum við lagt ríka áherzlu á nauðsyn þess að skjóta fleiri stoðum undir íslenzkt atvinnulíf. Stöðugum aðvörunum mínum var tekið með svívirðingum um að ég gerði mig sekan um vantrú á landið og landkosti og hafði ég það þó að aðalefni máls míns, að við yrðum að hagnýta öll gæði okkar elskaða, er erfiða lands, til að forðast stórhættulegar sveiflur og ofþyngja ekki nokkurri atvinnugrein. Og einmitt nokkrum mánuðum áður en efnahagsörðugleikarnir hófust, var á Alþ. háð hörð barátta um, hvort gera ætti Búrfellsvirkjun framkvæmanlega og tryggja atvinnu og efnahag með gerð álsamningsins. Þá skrifaði Þjóðviljinn sífellt um, að fyrirhuguð Búrfellsvirkjun væri tæknileg skyssa. Hv. þm. Sigurvin Einarsson var margmáll um, að álbræðslan mundi eitra svo loftið umhverfis sig, að óttast mætti, að Hafnarfjörður yrði hér um bil allur á hættusvæðinu. Hv. þm. Einar Olgeirsson kvað baráttuna gegn varnarsamningnum mundu reynast smáræði gegn mótstöðunni, sem hafin yrði gegn þessum framkvæmdum. Sá af þessum herrum, sem hófsamlegast tók til orða, Hannibal Valdimarsson, bar fram kröfu um, að þessu máli yrði nú vikið frá ákvörðun Alþ., en vísað til þjóðaratkvæðis, m. a. til þess að þjóðin væri spurð um það, hvort hún teldi ástandið í efnahags- og atvinnulífi þjóðarinnar nú vera slíkt, að við þyrftum þessara úrræða með, en í stað þeirra að snúa okkur að því að efla okkar „eðlilegu atvinnuvegi", eins og Hannibal sagði. Hann taldi þá auðheyrilega ekki eðlilegt, að við notuðum fossaafl til að útvega landsfólkinu meiri og öruggari atvinnu.

Hvernig væri nú komið, ef þessir menn hefðu þá fengið að ráða? Hvernig hefði þá tekizt að vinna bug á atvinnuleysi og hverjar væru nú framtíðarhorfur? Sjálfur tel ég framkvæmdirnar við Búrfell og við Straumsvík einungis upphaf þess, sem koma skal. Þær hafa þegar gert ómetanlegt gagn, en þó einungis lítið miðað við það, sem verða mun, ef haldið verður áfram á sömu braut. Hér er um að ræða nýtt landnám, ekki ómerkara en endursköpun sjávarútvegs og upphaf nýtingar nútímatækni á fyrstu áratugum þessarar aldar, sem var forsenda fullveldisins 1918.

Nú þurfum við bæði getu og vilja til þess að umgangast aðrar þjóðir á grundvelli jafnréttis og hafa við þær svipað samstarf eins og aðrar sjálfstæðar þjóðir telja sér lífsnauðsyn á okkar dögum. Aðild okkar að EFTA var þar eðlilegur áfangi og mun, ef vel tekst, gera okkur mögulegt að efla innlendan iðnað með öflun markaða erlendis. Ef slíkt tekst ekki, er auðvelt að hverfa úr þeim samtökum. En hingað til hafa Íslendingar hvergi reynzt eftirbátar annarra, ef þeir hafa búið við sömu skilyrði. Tal um aðild okkar að NORDEK var hins vegar alltaf óraunsætt og þó aldrei fremur en nú, þegar það samstarf sýnist með öllu úr sögunni, og dylst engum, hverjum er þar um að kenna. Samt þykir ekki hlýða að strá salti í sár með því að segja berum orðum, hver sökina eigi. En hlálegt er, að slíkir atburðir skuli gerast einmitt um sömu mundir og bæði innanlands og utan er hert á áróðri um það, að við Íslendingar höfum glatað sjálfstæði okkar með aðild að Atlantshafsbandalaginu og með vist erlends varnarliðs í landinu. Í stað þess er sagt, að við eigum að tryggja sjálfstæði okkar með vopnlausu hlutleysi. Hlutlausir eru Finnar og með engan erlendan her í landi. Engu að síður verða þeir að una erlendri íhlutun, slíkri sem við höfum aldrei þurft að reyna og óhugsanleg er af hálfu bandamanna okkar.

Því var fyrir skemmstu haldið fram á Alþingi, að leita bæri skoðunar sænskra sósíaldemókrata á því, hvort hér væri þörf á vörnum. Þess vegna er fróðlegt að kynnast því, sem Olof Palme, átrúnaðargoð allra vinstri manna hérlendis, sagði nýlega í London við brezka blaðamenn. Hann komst m. a. svo að orði:

„Pólitísk afstaða ýmissa Evrópuríkja, einnig hinna hlutlausu, markast svo til ævinlega af landfræðilegri og herfræðilegri stöðu þeirra og af sögulegri reynslu. Svíþjóð er hér engin undantekning. Hlutleysisstefna vor er gömul og stendur á föstum rótum í sögu vorri og er byggð á stöðu landsins í miðri Skandínavíu, milli austurs og vesturs. Það er staðreynd, að eftirtektarvert jafnvægi hefur ríkt í norðanverðri Evrópu síðan í ófriðarlok. Við höfum ástæðu til að telja, að þetta sé að þakka miklu jafnvægi í því stjórnmálakerfi, sem Norðurlöndin hafa mótað. Danmörk og Noregur hafa gengið í Atlantshafsbandalagið, Svíþjóð og Finnland eru hlutlaus. Finnland hefur raunar sérstök tengsl við sinn mikla nágranna. Í þessu kerfi felst veruleg innri rökvísi. Það hefur reynzt gagnsamlegt afl – element í stjórnmálakerfi álfunnar eftir ófriðinn. Hluta þess kerfis verður ekki breytt nema með því að setja allt jafnvægi þess í hættu. Hlutleysisstefnu slíka, sem vér höfum valið oss, verður að framkvæma af mikilli festu og samkvæmni. Það eitt nægir ekki, að standa utan við hernaðarsamninga. Hlutleysið verðum vér að gera trúverðugt með því að tryggja hervarnir vorar."

Þetta sagði Palme, og allt það, sem hann segir hér um hin Norðurlöndin, á því fremur við um Ísland, og er þá eftir að sjá, hvort sá, er lýsti eftir skoðun sænskra sósíaldemókrata, fylgir henni, þegar hún er fram komin!

Ég hef þá í örstuttu máli lýst helztu viðfangsefnum á liðnum og komandi árum. En hvort sem talað er lengur eða skemur, er ekki um það að villast, að núv. stjórn hefur rutt leið til varanlegra heilla með lausn aðsteðjandi vandamála og markað frambúðarstefnu af stórhug, viðsýni og raunsæi. – Góða nótt.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Allt okkar stjórnarkerfi þarf endurskoðunar við.

Það er víða pottur brotinn, bæði á lægri og æðri stigum og þá einnig hjá sjálfum toppmönnum valdakerfisins. Ég hef m. a. gagnrýnt harðlega óeðlileg aukastörf ráðherra. Það hefur að vísu lengi viðgengizt hér á landi, að ráðh. hefðu nokkur aukastörf á hendi, svo að hér er ekki við núv. ráðh. eina að sakast. En auðvitað eru fyrri fordæmi aldrei nein afsökun fyrir óviðeigandi og röngum starfsháttum. Samt hefur þessi ósiður færzt mjög í vöxt á undanförnum árum. Það nær auðvitað ekki nokkurri átt, að ráðh. sitji í sjóðsstjórnum og úthlutunarnefndum, sem þeir eiga svo yfir að segja og hafa eftirlit og umsjón með sem æðra stjórnvald. Slíkt brýtur í bága við allar grundvallarreglur um nútímahugmyndir um óvilhalla og sjálfstæða stjórnsýslu, enda munu slíkir stjórnarhættir ekki lengur tíðkast í nálægum löndum.

Hér hafa allir ráðh. nokkur aukastörf á hendi, að vísu misjafnlega mikil. Ég ætla ekki að tíunda þau hér, en það má t. d. nefna það, að nú sitja 3 ráðh. í atvinnumálanefnd ríkisins, 2 í stjórn framkvæmdasjóðs, 2 í stjórn atvinnujöfnunarsjóðs, 2 í orkuráði og 1 eða jafnvel 2 í bankaráði. Það sjá allir réttsýnir menn, að þetta nær ekki nokkurri átt. Hvernig eiga ráðh. að geta litið hlutlægt á þau mál, sem þeir hafa þannig fjallað um og tekið afstöðu til á lægra stjórnarstigi? Halda menn, að svona stjórnarhættir dragi ekki dilk á eftir sér í öllu stjórnarkerfinu? Vissulega gera þeir það og þar um sjást óræk merki. Ég er ekki að telja eftir þær tekjur, sem ráðh. kunna að hafa af þessum aukastörfum, enda veit ég ekkert um, hverjar þær eru. Það er ekki aðalatriðið. Mér dettur ekki í hug, að ráðh. séu að seilast til þessara aukastarfa af auragræðgi. Nei, það er annað, sem kemur til. Það er valdasýkin. Það er þessi óseðjandi löngun til þess að koma puttanum alls staðar að, þar sem um einhver áhrif, völd eða úthlutun fjár er að tefla.

Ég hef á þessu þingi flutt svohljóðandi þáltill. um þetta efni:

„Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að það telur óheppilegt og óviðeigandi, að ráðh. sitji í stjórnum eða stjórnsýslunefndum, sem lúta yfirstjórn eða eftirliti ríkisstj. eða einstakra ráðh."

Till. þessari var útbýtt 2. des. s. l. Hún hefur ekki enn fengizt tekin til umr. Það segir sína sögu.

Ofhleðsla starfa á einstaka menn er með réttu gagnrýnd. Þar er komið út í hreinar öfgar og reyndar í sumum tilfellum orðið augljóst hneyksli. Því má þó ekki blanda saman við setu ráðh. í sjóðsstjórnum og úthlutunarnefndum. Það er mál út af fyrir sig, en ráðh. vísa veginn með fordæmi sínu og bitlingasýki sumra lukkuriddara er orðin alvarleg meinsemd í íslenzku þjóðfélagi. Hana ber að fordæma, bæði í ríkiskerfinu og á öðrum sviðum. Óþarft er að ræða um, hver áhrif valdaflækjan hefur á afgreiðslu mála. Þar verður margur maðurinn sárfættur á langri leið til keisaranna í íslenzku valdakerfi. Það má heldur ekki gleyma öllum bakdyragreiðslunum til þeirra, sem eru í náðinni: ómældu eftirvinnunni, bílafríðindunum o. s. frv. Hér þarf að verða breyting á til batnaðar, en það eru ekki líkur til að hún komi frá þeim mönnum, sem höfuðábyrgð bera á þessu kerfi, þó að ekki vilji ég skrifa það allt á reikning núv. valdhafa.

Svo eru það allar nefndirnar. Það er nefnd á nefnd ofan og mönnum er vísað frá einni nefnd til annarrar. Nýlega var lögð fram fsp. á Alþ. um stjórnskipaðar og þingkjörnar nefndir, tölu þeirra, verkefni og laun. Þá gerðist spaugilegt atvik. Ráðh. stóð upp og lýsti yfir því, að þetta væri óframkvæmanlegt fyrir þinglok, það væri svo mikið verk og vandasamt. Manni skildist, að nefndir væru orðnar nær óteljandi, ráðh. óklárir á verkefnum þeirra og ekkert yfirlit til um, hvað þær kosta. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga hafa einnig óskað eftir talningu á nefndum. Í svari fjmrn., sem prentað er með ríkisreikningi fyrir 1968, segir svo m. a.:

„Talning er ekki til á nefndum, sem störfuðu á árinu 1968, en gerð var tilraun" — Takið eftir: Tilraun — „ á vegum fjárlaga- og hagsýslustofnunar síðari hluta sumars 1969 til að gera talningu af þessu tagi. Var þá leitað til allra ráðuneyta eftir upplýsingum um nefndir og ráð, eins og gert var í fsp., og má af svörunum ráða mjög greinilegan skoðanamun milli ráðuneyta um það, hvað teljast skuli starfsemi af þessu tagi og hvað ekki. Í önnum fjárlagaundirbúnings fyrir árið 1970 var þessu verki ekki lokið."

Þessi voru orð ráðuneytisins. Nú hefur forsrh. látið gera skyndikönnun á stjórnskipuðum og þingkjörnum nefndum. Við þá leit fundust 708 nefndir, en ráðh. undirstrikaði, að þetta væri aðeins bráðabirgðayfirlit og vel mætti vera, að fleiri kæmu til skila í eftirleit. Ekkert yfirlit hefur fengizt um kostnað við nefndirnar og afköstin liggja heldur ekki ljóst fyrir. Auðvitað eru margar nefndir sjálfsagðar og nauðsynlegar, en allir sjá af því, sem sagt var hér, í hvert óefni nefndafarganið er komið. Þannig hefur það farið í höndunum á mönnunum, sem ætluðu að fækka nefndunum, því það var þó eitt af viðreisnarloforðunum á sínum tíma. En e. t. v. hrökkva menn nú ekki við af þeirri ástæðu. Það er nú reglan, að framkvæmdin hefur orðið þveröfug við fyrirheitin.

Ég ætla ekki hér að fara að rifja upp allan loforðalistann, en vil aðeins minna á örfá atriði, sem ekki mega gleymast, enda eiga vanefndir þeirra ríkan þátt í þeirri þjóðfélagsmynd, sem blasir við í dag.

Númer eitt á loforðalistanum var stöðvun verðbólgunnar. Það var jafnvel sagt, að ef hún ekki tækist, væri allt annað unnið fyrir gýg. Staðreyndin er hins vegar sú, að verðbólgan hefur aldrei tekið önnur eins risaskref og síðasta áratug. Verðhækkanir á ýmsum nauðsynjum eru þar órækasta sönnunin. Frá 1. janúar 1960 hefur kaffi t. d. hækkað um 432%, strásykur um 299%, smjörlíki um 380%, franskbrauð um 285%, súpukjöt, þ. e. dilkakjöt, um 485%, ýsa slægð með haus 814%, vísitala byggingarkostnaðar hefur hækkað um 219%. Þessar örfáu tölur tala skýru máli um efndir stjórnarflokkanna á þessu höfuðloforði sínu. Og þær segja meira en mörg slagorð. Það skal og tekið fram, að þessar tölur, sem ég fór með, eru miðaðar við febrúarmánuð. Þær kunna því að vera eitthvað hærri nú.

Annað loforðið var það, að verðgildi krónunnar skyldi tryggt. Efndirnar eru fjórar gengisfellingar, þar af tvær á ellefu mánaða fresti, 1967 og 1968. En með þeim var verð á Bandaríkjadollar rúmlega tvöfaldað. Telja fróðir menn, að núverandi stjórn eigi heimsmet í gengislækkunum. Það þarf ekki að eyða orðum að því, hvernig þessar aðgerðir hafa leikið sparifjáreigendur,

bæði þá, sem voru að spara til að eignast íbúð eða koma á annan hátt undir sig fótunum, og hina, sem dregið höfðu eitthvað saman til elliáranna. Það er eiginlega kraftaverk, að hér skuli enn vera til fólk, sem sparar.

Stjórnin ætlaði að koma atvinnuvegunum á traustan og heilbrigðan grundvöll. Ekkert af viðreisnarloforðum hefur reynzt meira öfugmæli. Hvað eftir annað hafa höfuðatvinnuvegirnir verið reknir með stórfelldu tapi, það hefur verið vanrækt að endurnýja afkastamestu framleiðslutæki þjóðarinnar, togarana. Iðnaði hefur verið haldið í lánsfjárkreppu, staða landbúnaðarins hefur sjaldan verið veikari, atvinnuleysi og landflótti tvo seinustu vetur segja líka sína sögu, þó að nú sé bjartara fram undan vegna ágætra aflabragða. Sannleikurinn er sá, að eftir meira en 10 ára viðreisnarstjórn er uppbygging atvinnuveganna og efling atvinnulífsins brýnasta verkefnið, sem úrlausnar bíður.

Það átti að lækka skuldirnar við útlönd. Þær námu í upphafi viðreisnar um 5 milljörðum. Afborganir þeirra og vextir námu 1958 rúmum 8% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar. Sérfræðingar stjórnarinnar töldu þá, að efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar væri hætta búin af þessari greiðslubyrði. Þróunin hefur orðið sú, að á valdatíma stjórnarflokkanna hafa skuldirnar við útlönd meira en tvöfaldazt og eru nú skuldirnar hátt á 12. milljarð kr. Greiðslubyrðin var í fyrra um 15% af gjaldeyristekjunum, en nú þegja allir efnahagssérfræðingar. Sannleikurinn er sá, að núverandi valdamenn eiga öllum öðrum fremur skilið að kallast skuldakóngar. Þeir reyna alls staðar að slá lán og hugsa sem svo: Það kemur ekki að skuldadögunum fyrr en eftir minn dag, en það verða einhverjir einhvern tíma að borga öll þessi lán, því ættu menn ekki að gleyma.

Það átti að afnema beina skatta af venjulegum þurftartekjum. Það hefur ekki verið gert. Þvert á móti er nú svo komið, að skattabyrði almennings er orðin óhæfilega þung. Gildi persónufrádráttar hefur rýrnað vegna vaxandi verðbólgu og er hann nú vanreiknaður. Söluskatturinn hefur verið hækkaður í 11%. Aðflutningsgjöldin hafa verið jöfnuð út, en voru áður mishá eftir því, um hve nauðsynlegar vörur var að tefla. Skattaframkvæmdin er svo kapituli út af fyrir sig. Réttlætinu í þeim efnum kynnast menn, ef þeir lesa skatt- og útsvarsskrárnar. Þetta hefur og orðið úr skattaloforði stjórnarflokkanna.

Það átti að bæta kjör venjulegra launamanna. Þar eru staðreyndirnar þær, að launagreiðslur hér eru orðnar langtum lægri en í nálægum löndum. Á undanförnum árum hefur kaupmáttur launa á Íslandi farið minnkandi, og er það sennilega einsdæmi. Kaupmáttur vikukaups ófaglærðra verkamanna er í dag minni en þegar núv. ríkisstj. kom til valda. Þannig hefur verið staðið við loforðið um bætt kjör launamanna.

Það var lofað sparnaði í opinberum rekstri. Staðreyndin er hins vegar síhækkandi fjárlög með ári hverju.

Ég ætla ekki að dvelja lengur við loforðalista stjórnarflokkanna og vanefndir hans. Það er leiðindasaga, sem alþjóð ætti nú orðið að þekkja. En það, sem að mínum dómi er þó stærsti gallinn á núverandi valdamönnum, er handahófið, fálmið og fyrirhyggjuleysið. Þess vegna vorum við svo illa undir það búnir að mæta erfiðleikum, þegar harðnaði í ári. Það er ekki farið eftir neinum fyrir fram ákveðnum leiðarmerkjum, heldur látið reka fyrir veðri og vindi. Samkomulag virðist nánast um það eitt að sitja.

Um slík handahófsleg og tætingskennd vinnubrögð má nefna mörg nýleg dæmi. Það má t. d. nefna verðgæzlufrv. fræga, sem stjórnin flutti og rak á eftir með offorsi, þó að ekki ætti það að koma til framkvæmda fyrr en einhvern tíma á árinu 1971, en einn ráðh. varð svo til að fella. Það er einsdæmi, en ráðh. segja, að það geri ekkert til, stjórnin ætli ekki að segja af sér vegna svoleiðis smámuna.

Það má nefna húsnæðismálafrv., þar sem lífeyrissjóðum er gert að skyldu að afhenda fjórðung ráðstöfunartekna. Obbinn af sjálfstæðismönnum virðist því algerlega andvígur og raunar hefur því verið mótmælt úr öllum áttum af allra flokka mönnum. Er augljóst, að því hefur verið kastað fram í fljótræði. Í Morgunblaðinu 15. apríl segir m. a. svo um þetta mál:

„Áformið um þjóðnýtingu lífeyris- og eftirlaunasjóðanna að ¼ hluta til að fjármagna húsnæðismálin er andstætt grundvallarstefnu Sjálfstfl. og fráleitt í alla staði."

Og fyrirsögn þessarar Morgunblaðsgreinar var: „Í duftið að kröfu Alþfl."

Það má nefna skattamálafrv., sem fjmrh. biður nefnd að flytja, því að engin samstaða er um málið innan ríkisstj. Og sama er að segja um frv. um lífeyrissjóð bænda. Frv. er flutt af nefnd samkv. beiðni ráðh., sem lýsir því jafnframt yfir, að engin afstaða hafi verið tekin til þess innan ríkisstj.

Þannig mætti nefna mörg dæmi um ástand það, er nú ríkir á kærleiksheimili stjórnarinnar. Raunar sjá flestir nema ráðh. sjálfir, að botninn er dottinn úr núv. ríkisstj., en þeir vilja sitja, ganga með sams konar grillu og gamli, franski kóngurinn, sem sagði: „Ríkið, það er ég." Þeir halda, að þeir séu ómissandi, landinu verði ekki stjórnað án þeirra, þeir eigi stjórnarstólana, og þeir eru farnir að ímynda sér, að þeir og ríkið séu eitt og hið sama. Undir þessa meinloku er svo ýtt af launuðum loftungum, sem syngja ráðherrunum sætan söng. En auðvitað er þetta ímyndunarveiki á háu stigi. Hún birtist nú í ýmsu, sem frá ráðherrum kemur. Það var t. d. broslegt karlaraup, sem 19. apríl stóð í Morgunblaðspistlum þeim, sem kenndir eru við eða eignaðir forsrh. Þar sagði svo:

„Reynslan hefur nú skorið úr um það, að þeir, sem ábyrgð bera á stjórn landsmála síðustu árin, geta vel við unað, og enginn efi er á því, að dómur sögunnar mun verða sá," – já, takið eftir, – „að frábærlega vel hafi tekizt að ráða fram úr þeim gífurlegu vandamálum, sem að steðjuðu."

Ég held, að sá, sem þetta skrifar, sé haldinn hættulegri blindni og hugsi og álykti öðruvísi en annað fólk. Það er fáum hollt að fara of lengi með völd í senn. Það leiðir oftast til ofmetnaðar og spillingar í einni eða annarri mynd. Samfelld valdaaðstaða núverandi stjórnarflokka er þegar orðin of löng. Lýðræðinu er bezt borgið með því, að stjórnmálaflokkar skiptist á um það að fara með völdin. Það er bezta vörnin gegn stöðnun og öruggasta ráðið til að knýja á um framfarir og æskilega endurnýjun í þjóðlífinu.

Senn kemur að því, að fóstbræðrasögu Alþfl. og Sjálfstfl. ljúki. Þá hefst ný saga. Þá þarf að taka upp nýja stefnu og ný vinnubrögð. Þar mun Framsfl. koma við sögu. Við framsóknarmenn höfum ekki ráð á neinum töframeðulum og við lofum engu gulli og grænum skógum. Ég held, að það sé betra að hafa fyrirheitin heldur færri, en reyna að standa við þau þeim mun betur. Það eru hvort sem er verkin og framkvæmdirnar, sem skipta meira máli en falleg orð. En við framsóknarmenn viljum vissulega vinna að gagngerðri stefnubreytingu. Það þarf að ráða bót á því, sem miður hefur farið og við höfum gagnrýnt. Það þarf að hverfa frá handahófinu og tregðustefnunni. Við teljum, að hið opinbera eigi að hafa forystu um uppbyggingu nýs og betra þjóðfélags, – þjóðfélags, sem byggir á jafnrétti þjóðfélagsþegnanna, hvar sem þeir eru búsettir og hvar í stétt sem þeir standa, – þjóðfélags, sem stefnir að því að sætta fjármagn og vinnuafl, tryggja réttláta skiptingu þjóðarteknanna. Það þarf að hefja framsókn og framfarastefnu á fjölmörgum sviðum þjóðlífsins. Við viljum beita okkur fyrir slíkri vakningar- og framfarastefnu. Það er margt, sem er ógert, og margt, sem kallar að.

En við vitum og viðurkennum, að það er ekki hægt að gera allt í einu, og það er ekki hægt að gera allt fyrir alla. Þess vegna verður að velja það úr, sem fyrir á að ganga og nauðsynlegast er og þjóðarheildinni fyrir bestu. Þess vegna leggur Framsfl. áherzlu á nauðsyn ítarlegrar áætlunargerðar um atvinnuþróunina. Það verður að einbeita fjárhagslegri getu þjóðarinnar að uppbyggingu fjölbreytts og gróskumikils atvinnulífs. Atvinnuleysi má ekki þola. Það verður að tryggja atvinnuöryggi í öllum byggðarlögum landsins. Það verður að leggja ríka áherzlu á að efla jafnvægi á milli landshluta. Það verður að hafa í huga við ráðstöfun ríkisfjármuna á komandi árum. Það verður að sýna meiri ráðdeild í ríkisbúskapnum en nú hefur verið gert um sinn.

Framsfl. leggur áherzlu á nauðsyn þess að vera vel á verði um verndun og eflingu menningarlegs, efnalegs og stjórnarfarslegs sjálfstæðis þjóðarinnar. Hann vill vinna að efnalegu sjálfstæði sem allra flestra einstaklinga á grundvelli einkaframtaks og samvinnu. Hann vill stuðla að sem mestu félagslegu öryggi og góðri og jafnri aðstöðu fyrir alla til menntunar. Við framsóknarmenn teljum, að breyta þurfi um stefnu í atvinnumálum, menningarmálum, skattamálum, samgöngumálum og kjaramálum, svo að nefndir séu nokkrir þeir málaflokkar, sem nú skipta hvað mestu máli. Stefnu sína í þeim málaflokkum hafa framsóknarmenn mótað í samþykktum sínum og með tillöguflutningi á Alþ. Hér er þess ekki kostur að rekja þær till. Ég vil hvetja alla til að kynna sér frv. og þáltill. okkar framsóknarmanna um þessi efni. Þeim munum við hrinda í framkvæmd, þegar við fáum aðstöðu til.

Vegna EFTA-aðildar verður nú þegar og á næstunni að gera sérstakar ráðstafanir til að bæta samkeppnisaðstöðu iðnaðarins. Án þess eru engar líkur til þess að EFTA-aðild verði okkur að gagni. Við framsóknarmenn höfum bent á aðgerðir í þá átt og flutt um þær sumar hverjar sérstakar till. Við framsóknarmenn töldum inngöngu í EFTA ekki tímabæra einmitt af því fyrst og fremst, að vanrækt hafði verið að gera þessar ráðstafanir. Nauðsynlegt er á næstunni að hefja stórsókn í markaðsmálum. Markaðskönnun og markaðsleit þarf að stórefla. Þar þurfa útflytjendur og hið opinbera að taka höndum saman. Við framsóknarmenn höfum á þessu þingi flutt þáltill. um undirbúning löggjafar um útflutningsráð. Er vonandi, að sú hugmynd komist í framkvæmd.

Sá pólitíski atburður, sem væntanlega vekur mesta athygli á næstunni, eru þær bæjar- og hreppsnefndarkosningar, sem fram eiga að fara síðasta dag maímánaðar. Á öllum hinum stærri stöðum eru þær pólitískar. Úrslit þeirra geta skipt miklu um pólitíska framvindu í landinu. Þær geta sýnt, hversu pólitísk viðhorf eru að breytast. Þetta er auðvitað öllum ljóst og þess vegna verða þær sóttar af kappi. En stjórnarflokkarnir segja, að ekki megi blanda landsmálum inn í þessar kosningar, þar sé ekki kosið um stjórnarstefnuna o. s. frv. Þess vegna eiga ráðherrarnir að vera í felum í þessum kosningum. Þeir mega ekki láta sjá sig, á þá og þeirra stefnu má ekki minnast. Ekkert sýnir betur uppgjöf og óvinsældir núv. ríkisstj. en einmitt þetta. Halda menn, að ráðherrunum og stjórnarstefnunni hefði ekki verið hampað í þessum kosningum, ef frambjóðendur stjórnarflokkanna hefðu talið það vænlegt málstað sínum til framdráttar? En það mun ekki takast að fela ráðherrana og þeirra mistök í þessum kosningum. Þeir verða miskunnarlaust dregnir fram í dagsljósið. Það er barnaskapur að ætla að reyna að telja mönnum trú um það, að ráðandi landsmálastefna skipti engu fyrir málefni bæjanna. Sannleikurinn er sá, að stjórnarstefnan endurspeglast í ástandi bæjarfélaganna, t. d. í atvinnumálum, þó að stjórnir bæjarfélaganna bregðist þar við með mismunandi hætti. Bæjarstjórnir þurfa svo margt til ríkisvaldsins að sækja og samvinna þessara aðila er svo margháttuð, að það skiptir meginmáli um hag og framkvæmdir bæjarfélaganna, hvaða stefnu er fylgt í stjórnarráðinu. Jafnvíst er og hitt, að tap stjórnarflokkanna í þessum bæjarstjórnarkosningum mun hafa sín áhrif á stjórnarsamstarfið. Það ættu allir að hafa hugfast. Þess vegna hljóta landsmálin og stjórnarstefnan að koma við sögu í þessum sveitarstjórnarkosningum, og þess vegna verða ráðherrarnir þar á forsíðu, hvernig svo sem reynt verður að breiða yfir þá.

Þessu þingi er senn að ljúka. Það hefur ekki verið sérlega tilþrifamikið, að mér finnst. Skal ég þó engu spá um það, hver eftirmæli þess verða í sögunni. Sennilega verður ákvörðunin um EFTA-aðild talin mikilsverðasta mál þess. Með því var óneitanlega stigið stórt spor. Hvort sú ákvörðun verður til góðs eða ills, er að mínu mati undir því komið, hvernig á verður haldið í framkvæmdinni. Nú ríður á því, að aðlögunartíminn sé réttilega notaður og nauðsynlegar ráðstafanir gerðar undandráttarlaust. Við framsóknarmennirnir munum styðja allar skynsamlegar ráðstafanir í þá átt.

Það er ýmislegt, sem betur mætti fara í störfum Alþ. að mínum dómi. Starfshættir þess eru sumir úreltir og starfsaðstaða þm. er ekki sem skyldi. Ég hef eins og fleiri gagnrýnt sitthvað í vinnubrögðum Alþ. Þá gagnrýni ætla ég ekki að endurtaka hér, en ég vil segja það, að ég er reiðubúinn til viðræðna og samstarfs um nauðsynlega endurskoðun á starfsháttum Alþ., enda verði við okkur talað sem jafningja, en ekki með

„ordrum“ ofan úr stjórnarráði. Við, sem erum í þessu húsi, deilum oft hart, en við skulum aldrei gleyma hlutverki Alþ. og sögu. Það má aldrei gleymast, að Alþ. er sú stofnun, sem á að skipa öndvegi í okkar þjóðfélagi. Það er hyrningarsteinn okkar þjóðskipulags. Þess vegna ber okkur alþm. hverjum og einum að gera veg þess sem mestan og standa vörð um virðingu þess og reisn. En þjóðin má heldur aldrei gleyma, hvað hún hefur átt í Alþ. og hvað hún á í Alþingi. – Góða nótt.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Áformað er, að Alþingi ljúki störfum eftir nokkra daga. Nú hafa því allar meiri háttar till. ríkisstj. komið fram á þessu þingi og afstaða hennar til þeirra vandamála, sem við er að fást, liggur fyrir. Það er ekki ófróðlegt að virða fyrir sér starfshætti ríkisstj., eins og þeir birtast hér á Alþ., í ýmsum málum og bera þá saman við það, hvað gert er í þeim stórmálum, sem þjóðina varða mestu. Hver man ekki allan þann bægslagang, sem gekk á í vetur út af Kvennaskólamálinu svonefnda? Það var eins og öll velferð í skólamálum væri við það bundin að veita Kvennaskólanum í Reykjavík réttindi til að útskrifa stúdenta. Allir þm. Sjálfstfl. í Nd. Alþ. urðu að fylgja frv., sumir þó greinilega nauðugir. Flestir þm. Framsóknar dönsuðu einnig með og héldu, að þeir gætu unnið einhver atkv. með stuðningi við málið. Og auðvitað var Hannibal harðastur allra og krafðist þriðja menntaskólans í Reykjavík, við Tjörnina, auk annarra þriggja skóla í Reykjavík, sem réttindi hafa til að útskrifa stúdenta. Þannig áttu stúdentaskólarnir í Reykjavík að vera sex. Ríkisstj. og stuðningsmenn hennar í þessu máli tóku ekkert tillit til afstöðu þekktustu skólamanna í landinu, sem lögðust gegn samþykki frv. Málið var rekið í gegnum Nd. Alþ. af miklum ákafa. Síðan hefur málið legið í Ed., þar til nú fyrir fáum dögum. En þá bregður svo við, að einn ráðh., Magnús Jónsson fjmrh., snýst gegn frv. og eina konan á Alþ., Auður Auðuns, snýst einnig gegn því og reyndar fleiri sjálfstæðismenn, og í gær var frv. fellt í Ed. Alþ. og er nú úr sögunni.

Eftir gauraganginn, sem fylgdi Kvennaskólamálinu kom svo hið fræga verðgæzlufrv. ríkisstj. Samkv. því átti í rauninni að leggja niður allt verðlagseftirlit í landinu og afnema allar hömlur á álagningu. En í staðinn átti að hafa eftirlit með auðhringamyndun í landinu. Fyrir málinu talaði Gylfi Þ. Gíslason viðskmrh. og taldi, að hér væri á ferðinni eitt merkilegasta framfaramál, sem lagt hefði verið fyrir Alþ. Ljóst var, að þetta mál var mál Sjálfstfl. og kaupmannasamtakanna í landinu. En svo gerist það, að einn af ráðh., sem staðið hafði að flutningi frv., snýst á sveif með stjórnarandstöðunni og fellir frv. Þó að hér hafi verið um stórmál að ræða, mál, sem Sjálfstfl. hafði opinberlega lofað kaupmannasamtökunum í landinu að gera allt sitt til að koma fram, þá sögðu ráðh. flokksins, strax og málið hafði verið fellt, að það gerði ekkert til, þó að svona hefði farið. Samstarfið í ríkisstj. væri jafngott eftir sem áður og mundi halda áfram. Viðskmrh. Gylfi Þ. Gíslason sagði, að í þessu máli hefði afturhaldið sigrað, og átti þar sérstaklega við Eggert G. Þorsteinsson, sem ásamt öðrum felldi þetta frv. Slíku tali formanns Alþfl. svaraði síðan Benedikt Gröndal daginn eftir í Alþýðublaðinu og sagði, að frv. hefði verið ómengað heildsalafrv., sem stefnt hefði að því að láta almenning borga hærra vöruverð.

Síðasta dæmið, sem ég skal nefna um þessi merkilegu viðreisnarvinnubrögð á Alþ., er svo frv. ríkisstj. um húsnæðismál. Aðalefni frv. er að skylda alla lífeyrissjóði í landinu til að leggja fram ¼ af ráðstöfunarfé sínu til byggingarsjóðs ríkisins. Strax og frv. kom fram, snerust aðalblöð Sjálfstfl. gegn ákvæðum þessa stjfrv. og fljótlega mótmæltu svo að segja allir forsvarsmenn lífeyrissjóðanna í landinu frv. Frv. þetta hafði þó verið undirbúið í nokkur ár, fyrst af húsnæðismálastjórn, síðan af sérstakri undirnefnd og svo af flokkanefnd stjórnarflokkanna, en nú er allt í óvissu um afgreiðslu þessa stjfrv. Þingið bíður, enginn veit, hvað á að gera við gripinn, og allar líkur eru til þess, að frv. verði látið liggja. Þannig birtist ráðleysi ríkisstj. og hringlandaháttur í hverju málinu af öðru hér á Alþingi.

Hver er svo stefna ríkisstj. í þeim stórmálum, sem mestu varða? Eftir ½ mánuð renna út nær allir kjarasamningar verkafólks í landinu. Hvað gerist þá? Taka þá við verkföll og framleiðslustöðvanir eða verður samið um hækkun launa? Hver er afstaða ríkisstj. til þessara mála? Hvaða stefnu hefur hún markað til að greiða fyrir samningum? Eða hefur hún kannske enga stefnu, en lætur bara reka á reiðanum þangað til allt er komið í harðan hnút?

Eins og öllum er kunnugt, hefur orðið gífurleg breyting í kaupgjalds- og kjaramálum undanfarin 2–3 ár. Árin 1967 og 1968 minnkaði síldaraflinn verulega og um leið féll verð á ýmsum þýðingarmiklum útflutningsvörum landsmanna. Þeir erfiðleikar, sem þessu fylgdu, bitnuðu auðvitað strax á vinnandi fólki í landinu, eins og jafnan þegar slík áföll verða. Kaup sjómanna, sem miðað er við aflahlut, minnkaði að sjálfsögðu með minni fiskafla og lækkandi fiskverði. Atvinna verkafólks, sem vann við aflann í landi, minnkaði einnig og yfirvinna og aukagreiðslur hurfu að mestu úr sögunni. En til viðbótar við þessi áföll, sem dundu á sjómönnum og verkafólki, knúði ríkisstj. fram breytt hlutaskipti sjómönnum í óhag, lagði á nýjar, stórfelldar álögur og felldi gengi krónunnar tvívegis. Vísitölubætur á laun voru ýmist felldar niður eða takmarkaðar verulega. Afleiðingarnar af þessari stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum, frá haustinu 1967 til þessa dags, hafa orðið þær, að kaupmáttur launa hefur minnkað gífurlega. Staðreyndin, sem launafólk í landinu stendur frammi fyrir í dag, er sú, að kaupmáttur launa hefur minnkað gífurlega. Staðreyndin, sem launafólk í landinu stendur frammi fyrir í dag, er sú, að kaupmáttur umsamins kaups er nú 16–30% minni en hann var haustið 1967. Hin raunverulega kjaraskerðing er þó meiri hjá flestum launamönnum, vegna þess að vinna hefur minnkað, yfirvinna er minni og ýmsir hafa hreinlega orðið atvinnulausir.

Ríkisstj. hefur reynt að afsaka þetta mikla kauprán með því, að ytri erfiðleikar, sem skullu á þjóðarbúinu, hafi gert þessar ráðstafanir nauðsynlegar. Sú afsökun fær ekki staðizt. Byrðarnar voru allar lagðar á launafólk. Á sama tíma og launin voru lækkuð, hækkuðu útgjöld ríkisins, án þess að um auknar verklegar framkvæmdir væri að ræða. Ríkiseyðslan jókst, milliliðirnir

í landinu voru ekki látnir leggja fram einn einasta eyri, til þess að mæta erfiðleikunum. Verzlunin lagði ekkert fram, bankar lögðu ekkert fram, vátryggingarfélög lögðu ekkert fram, kaupsýslumenn ekkert og eignamenn í landinu ekkert. Þessir aðilar héldu áfram að græða og sumir þeirra græddu meira en nokkru sinni.

En nú hafa aftur orðið miklar breytingar í efnahagsmálum, allt vegna hagstæðra áhrifa erlendis frá. Árið 1969 jókst fiskaflinn um 11% að magni og verðmæti útflutningsins hækkaði um 24%. Gjaldeyrissjóður Seðlabankans jókst um 1800 millj. kr. og innstæðuaukning í bönkum varð yfir 2000 millj. kr. Verðlag á útflutningsvörum fór stórhækkandi og sala afurðanna gekk mjög vel. Og í ár hafa ytri skilyrði í efnahagskerfinu enn stórbatnað. Fiskaflinn hefur aukizt mikið frá því, sem áður var, og verð á öllum helztu útflutningsvörum þjóðarinnar er nú eins hátt og hærra en það hefur hæst orðið áður. Batinn í efnahagskerfinu, sem orðið hefur á s. l. ári og á þessu ári, stendur ekki í neinu sambandi við efnahagsstefnu ríkisstj. Hér er um að ræða afleiðingar af stórhækkuðu markaðsverði erlendis og af því, að fiskiskipaflotanum hefur nú verið snúið að öðrum veiðum en síldveiðum. Undirstaðan að þessari velgengni eru gjöful fiskimið, harðduglegir sjómenn og verkafólk, sem leggur nótt við dag til að koma aflanum í verð á meðan aflahrotan gengur yfir. Það er broslegt að heyra ráðh. og efnahagssérfræðinga þeirra hæla sér af batanum í efnahagskerfinu, því auðvitað vita allir, að ef minna hefði fiskazt og verðið erlendis hefði ekki hækkað, þá sæti hér allt fast í samdráttarpólitík ríkisstj. EFTA-stefnan hefur engu bjargað og kísilgúr og alúmín skipta sáralitlu í framleiðslu þjóðarinnar.

Hinar breyttu aðstæður í efnahagsmálum styðja að sjálfsögðu kröfur launafólks um hækkað kaup. Launin voru lækkuð vegna ytri erfiðleika, að sagt var, því hljóta þau nú að eiga að hækka og það mikið vegna sérstaklega hagstæðra ytri skilyrða.

En hver er þá afstaða ríkisstj. til málefna launafólks nú? Nokkur þýðingarmikil mál, sem varða hagsmuni launafólks, hafa legið fyrir þinginu. Eitt þeirra er um breytingar á skattalöggjöfinni. Sú staðreynd liggur fyrir, að á undanförnum 10 árum hefur tekju- og eignarskattur einstaklinga til ríkisins hækkað úr um 70 millj. kr. á ári í um 700 millj. kr. á ári. Þessir skattar hafa hækkað sérstaklega á síðustu árum, þó að verðgildi tekna hafi þá einkum farið lækkandi. Skattar fyrirtækja og atvinnurekenda hafa hins vegar verið nær óbreyttir að upphæð í 10 ár, og eru nú aðeins um 80 millj. kr. á öllu landinu. Ríkisstj. leggur nú til, að skattar fyrirtækja og atvinnurekenda verði lækkaðir, m. a. með auknum afskriftum, t. d. á verzlunar- og skrifstofuhúsnæði. Hún leggst hins vegar gegn því, að nokkur lækkun verði samþ. á sköttum almennings, og afskriftir mega ekki hækka af íbúðarhúsnæði, eins og t. d. af verzlunarhúsnæði. Nýlega felldi allt stjórnarliðið á Alþ. till. frá okkur Alþb.-mönnum um hækkun á persónufrádrætti til skatts. En sá frádráttur hefur ekki hækkað á undanförnum árum nema að litlu leyti, samanborið við hækkandi verðlag. Þessi afstaða ríkisstj. sýnir vel hug hennar til launafólks.

Fyrir þessu þingi var frv. frá ríkisstj. um að ellilaun og hliðstæðar tryggingabætur skyldu hækkuð um 5.2%. Upplýsingar lágu fyrir, sem sýndu, að ellilaun þurftu að hækka um minnst 16% til þess að þau héldu sama kaupmætti og áður hafði verið, og þó enn meir, ef miðað er við kaup á matvörum einvörðungu. Stjórnarandstaðan flutti till. um, að ellilaunin yrðu hækkuð um 15%. Sú till. var felld af öllu ríkisstjórnarliðinu á Alþ. og þar með öllum þingmönnum Alþfl. Afstaðan í þessu máli sýnir greinilega viðhorf ríkisstj. til kjaramála láglaunafólks og þeirra, sem við knöppust kjör búa.

Í vetur var söluskatturinn hækkaður um 3½% og er nú orðinn 11%. Hækkunin nemur um 900 millj. kr. á ári. Um leið var samþykkt nokkur lækkun á tollum í ýmsum greinum og var talið, að tollalækkunin gæti numið 400–500 millj. kr. á ári. Við Alþb.-menn fluttum till. um, að verðlagsyfirvöld skyldu hlutast til um að tollalækkunin kæmi örugglega fram í lækkuðu vöruverði, en lenti ekki í vösum milliliða. Till. okkar var felld, svo milliliðirnir gætu óáreittir ákveðið sjálfir, hvort þeir tækju tollalækkunina til sín eða lækkuðu vöruverðið. Öll sýna þessi dæmi einkar skýrt afstöðu ríkisstj. til málefna launafólks. Sá bati, sem nú hefur orðið í efnahagsmálum, hefur orðið þrátt fyrir stefnu ríkisstj., en ekki vegna hennar.

Hver hefði staðan verið í atvinnumálum þjóðarinnar hefði verið farið að ráðum okkar Alþb.-manna og okkar till. samþykktar? Þá væru nú komnir í togaraflota landsmanna 15 nýir skuttogarar, sem lagt hefðu í þjóðarbúið 1000 millj. kr., til viðbótar öðrum afla. Þá hefði verið byggður hér upp nýtízku fiskiðnaður, miðaður við að fullvinna sem mest af sjávaraflanum. Þá hefði verið komið á fót fyrir forgöngu ríkisins öflugri sölustofnun til þess að vinna nýja markaði fyrir fullvinnsluvörur úr innlendum hráefnum. Þá hefði verið unnið að framkvæmdum í landinu eftir áætlun og þannig sparaðar hundruð millj. kr., sem nú tapast í skipulagslausri fjárfestingu. Þá hefði verið unnið að uppbyggingu atvinnulífsins um allt land með hagsmuni þjóðarheildarinnar fyrir augum. Og í skjóli slíkrar stefnu hefði iðnaður landsmanna átt að eflast á eðlilegan hátt og vera áfram í höndum landsmanna sjálfra.

Nú eru almennar bæjar- og sveitarstjórnarkosningar framundan. Þær kosningar eru ekkert einangrað fyrirbæri. Þær eru í beinu og órjúfanlegu samhengi við þjóðmálabaráttuna í heild. Staða sveitarfélaganna til þróttmikilla framkvæmda fer eftir því, hvernig til tekst með stjórnina á þjóðarbúinu. Stefna ríkisstj. getur ráðið úrslitum um það, hvort samdráttur og kreppa er í atvinnumálum eða gróska og framfarir, hvort laun fara hækkandi eða lækkandi, hvort dýrtíð vex eða verðlagi sé haldið í skefjum. Í bæjarstjórnarkosningunum verður því ekki kosið um málefni bæjar- og sveitarfélaga í þrengri merkingu einvörðungu. Í þeim kosningum verður einnig valið á milli stjórnmálaflokka, á milli stefnu flokkanna. Það verður á óbeinan hátt tekin afstaða til þýðingarmestu mála, sem um er deilt í þjóðmálabaráttunni. Í kosningunum í maílok verður tekizt á um kjaramál launafólks.

Haldi stjórnarflokkarnir öllu sínu í kosningunum, telja þeir sér óhætt að halda áfram launalækkunarpólitík sinni. Þá verða umsamdar launabætur gerðar að engu á nokkrum mánuðum. Haldi þeir sama fylgi og áður, munu þeir áfram neita launafólki um alla leið-

réttingu á skattalögunum, en halda áfram að lækka skattana á milliliðum og atvinnurekendum. Haldi þeir völdum sínum áfram, munu þeir neita sanngjörnum hækkunum á elli- og örorkulaunum.

Þau vandamál, sem nú eru alvarlegust í íslenzkum efnahagsmálum, eru launa- og kjaramál vinnandi fólks. Sú staðreynd, að raunveruleg launakjör flestra launamanna í landinu skuli hafa lækkað um 20–30% á s. l. 3 árum, er óhugnanleg. En nú vill svo til, að einmitt í maímánuði, sama mánuði og á að kjósa, renna samningar verkalýðsfélaganna út. Í maímánuði á því launafólk leikinn. Nú er það það, sem getur ráðið úrslitum. Nú spyrja ráðh. hver annan óttaslegnir: Hvað gerir verkalýðurinn í maímánuði? Hvað gerir allt launafólk? Ráðh. vona, að hægt verði að láta launafólk kjósa sömu flokkana og áður, rétt eins og ekkert hafi í skorizt. Þeir munu eins og áður treysta á áróðursmaskínur sínar. Þeir ráða yfir stærstu blöðunum. Þeir munu smeygja sér inn í sjónvarp og útvarp með skýringar sínar og leiðréttingar í áróðursskyni. Þeir munu afsaka kaupránið með hjali um óviðráðanlegar aðstæður. Þeir munu lofa einhverri lítils háttar kauphækkun, kannske meira seinna. Þeir munu segja, eins og forsrh. sagði: „Nú er bezt að flýta sér hægt.“ Og auðvitað skammar ríkisstjórnarliðið vonda kommúnista, kennir þeim um allt illt og ber þeim á brýn ábyrgðarleysi í launakröfum. Þannig verður söngurinn, þannig hefur hann alltaf verið. En nú er spurningin mikla sú: Hvað gerir launafólkið, sem er 70% af þjóðinni? Áttar það sig á samhengi hlutanna? Getur launafólkið staðið saman og knúið fram rétt sinn? Eða tekst íhaldinu í Reykjavík t. d. að láta kosningarnar þar snúast um Geir borgarstjóra, rétt eins og Reykvíkingum sé óviðkomandi ástandið í atvinnumálum og kauplækkunarstefna ríkisstj.? Lætur launafólkið í Reykjavík blekkja sig til þess að kjósa Sjálfstfl., flokkinn, sem ber ábyrgðina á kauplækkunarstefnunni, dýrtíðarflóðinu, síminnkandi útgerð í Reykjavík og eyðingu togaraflotans? Eða stendur launafólkið saman og tryggir sinn rétt?

Á næstunni mun mjög reyna á stéttarlega samstöðu vinnandi fólks í landinu. Þá mun reyna á samstöðu verkamanna um allt land, á samstöðu sjómanna, á samstöðu iðnverkafólks og iðnaðarmanna, á samstöðu bænda, menntamanna, ungra námsmanna og allra launamanna. Eini stjórnmálaflokkurinn, sem þessar stéttir geta treyst á í harðri kjarabaráttu sinni, er Alþb. Það er langöflugasti verkalýðsflokkurinn, og í fremstu röðum þess eru aðalforystumenn stærstu og sterkustu verkalýðsfélaganna í landinu.

Andstæðingar okkar Alþb.-manna reyna að gera mikið úr klofningi í okkar röðum. Sannleikurinn er sá, að þeir tveir af fyrri félögum okkar, sem gengið hafa úr þingflokknum og reyna nú að byggja utan um sig flokk, hafa engar teljandi undirtektir fengið. Það er því blátt áfram broslegt að heyra Björn Jónsson í þessum umr. tala um nýja flokkinn þeirra Hannibals. Verkefni þeirra segir Björn vera, að þeir þurfi að stofna flokk til að vinna á móti flokkum, að þeir þurfi að sprengja samtök vinstri manna til þess að sameina vinstri menn. Og svo segja þeir félagar, að allir gömlu flokkarnir skjálfi af ótta við nýja flokkinn þeirra. Sannleikurinn er sá, að þessi nýi flokkur þeirra hefur aðeins megnað að bjóða fram á fjórum stöðum á landinu til komandi kosninga, en Alþb. býður fram á um 40 stöðum. Sá litli hópur, sem setzt hefur að í hinu gamla Sósíalistafélagi í Reykjavík, hefur ekki teljandi fylgi heldur. Og meiri hluti þess hóps mun aldrei hafa verið í Alþb.

Sá árangur, sem Alþb. nær í komandi kosningum, mun skera úr um það, hvað stjórnarflokkarnir gera í launa- og kjaramálum almennings á næstu mánuðum, og ósigur ríkisstjórnarflokkanna og sigur Alþb. mun þýða hækkað kaup, bætt lífskjör og breytta stjórnarstefnu. – Góða nótt.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Maður er nefndur Herbert Marcuse. Hann er Þjóðverji, en háskólakennari í heimspeki vestur í Kaliforníu. Verk hans hafa notið lítillar hylli meðal fræðimanna, og þess vegna hefur hann leitað sér að öðrum lesendahópi og fundið hann, þar sem er örlítill hluti stúdenta í Ameríku og V.-Evrópu. Bækurnar, sem hann ætlar þessum lesendum sínum, eru skrifaðar í ofsatrúarstíl. Í þeim ræðst hann gegn skipulegu þjóðfélagi og telur lög og rétt andstætt mannlegu eðli. Í því skyni að brjóta lög og rétt á bak aftur prédikar hann hvers konar ofbeldisaðgerðir. Á friðsamlegum mótmælafundum og mótmælagöngum hefur hann megnustu lítilsvirðingu. Meginátherzlu leggur hann á storkun við réttvísina, – með umferðartruflunum, innrásum í opinberar byggingar, truflun á kennslu í skólum, – allt í því skyni að lenda í áflogum við lögregluþjóna. Sérstaka áherzlu leggur hann á, að blöð, útvarp og sjónvarp fái sem gleggsta vitneskju um allar aðgerðir og einkum þó um áflogin við lögregluna. Ef einhver áflogaseggurinn hlýtur skrámu, ber að ota henni að sjónvarpsskerminum. Ef einhvers staðar er vitað um einhverja óánægju, ber að lýsa yfir stuðningi við hina óánægðu og egna þá til einhvers konar ofbeldisaðgerða. Allri óánægju ber að veita í einn farveg og virkja hana í þágu byltingar gegn þjóðskipulaginu. Hann telur fráleitt, að t. d. stúdentar berjist fyrir aukinni fjárhagsaðstoð sér til handa, nema því aðeins að óskir þeirra séu smávægilegur liður í baráttu fyrir byltingu og stjórnleysi.

Lítill hluti stúdenta í Ameríku og Evrópu hefur reynzt móttækilegur fyrir þennan hugmyndavaðal prófessors Marcuse. En þótt hópurinn sé ekki stór, hefur honum með dyggilegri aðstoð blaða, útvarps og sjónvarps tekizt að vekja á sér miklu meiri athygli en efni standa til. Þessar kenningar, ef kenningar skyldi kalla, eru sumpart í ætt við kommúnisma, en minna þó mest á stjórnleysisstefnu. Þær hafa engin áhrif haft í stjórnmálum V.-Evrópu og Ameríku, nema þá helzt þau að styrkja þau öfl í þjóðfélaginu, sem skortir umburðarlyndi gagnvart unglingum og nýjum sjónarmiðum og krefjast þyngri refsinga en tíðkazt hafa á síðustu tímum. Sem dæmi má nefna, að uppþot stúdenta í París vorið 1968 hafði þær afleiðingar einar að tryggja völd De Gaulle hershöfðingja og þar með afturhaldssömustu ríkisstj. í evrópsku lýðræðisríki.

Fjölmiðlunartækin hafa orðið til þess, að örlítill hópur íslenzks æskufólks hefur tekið að herma eftir áflogaseggjum úti í heimi, og þó fyrst og fremst félagar í Æskulýðsfylkingu kommúnista og örfáir öfgamenn

aðrir. Þessu fólki finnst það vera hafið yfir lög og rétt. Það megi brjóta lög, þótt aðrir megi það ekki. Það sé að berjast fyrir betra þjóðskipulagi. Ef ellefu drukknir unglingar réðust inn í íslenzkt sendiráð erlendis eftir dansleik, telur þetta fólk, að þeim ætti að sjálfsögðu að refsa og þá ætti að dæma. En ef ellefu stúdentar gerðu hið sama í því skyni að mótmæla EFTA og NATO og vekja athygli á nauðsyn sósíalistískrar byltingar, þá er ekkert við það að athuga. Þeir eru ekki aðeins saklausir og glæpsamlegt að refsa þeim, heldur má ekki einu sinni segja frá því, hverjir þetta gerðu. Hins vegar eiga fjölmiðlar að skýra sem greinilegast frá atburðunum, annars mega starfsmenn blaða, útvarps og sjónvarps eiga von á innrásum á vinnustaði sína. Ef hópur eyfirzkra bænda ryddist inn á bæjarskrifstofurnar á Akureyri, ræki starfsfólkið út og settist þar um öll gólf, telur þetta fólk, að auðvitað ætti að refsa þeim harðlega. En ef hópur skólakrakka ræðst inn í rn., truflar þar störf og kemur í veg fyrir, að þeir, sem þangað eiga erindi, komist leiðar sinnar, þá er allt í himnalagi. Innrásin á ekkert skylt við lögbrot, því að unglingarnir eru að mótmæla kúgun valdastéttarinnar. Og ef lögregluþjónar neyðast til þess að bera unglingana út, af því að þeir neita að bera fyrir sig fæturna, þá er lögreglan sek um valdníðslu og svívirðilegt ofbeldi. Lögregluna ber að kæra fyrir sérhverja smáskrámu, sem hún kann að veita. Hitt er sjálfsagt, að stelpugopar veiti lögregluþjónum áverka með kjafti og klóm. Stelpurnar hafa nefnilega heilagan málstað, og þess vegna er glæpur að hindra aðgerðir þeirra, hvað þá að refsa fyrir þær.

Mörgum mun þykja undarlegt, að fólk, sem komið er í framhaldsskóla, að ég ekki tali um háskóla, skuli geta aðhyllzt jafnfáránlegar skoðanir og haft svo brenglaða dómgreind. En sannleikurinn er sá, að hér er alls ekki um skoðanir að ræða. Þessi afstaða unglinganna á ekkert skylt við vitsmunalíf, hún er skyldust umbrotum sálarlífsins á gelgjuskeiði. Það er sem betur fer sjaldgæft, að erfiðleikar unglinga á gelgjuskeiði verði að þjóðfélagslegu vandamáli. Þó getur það vel gerzt. Unglingar hafa valdið slíkum spjöllum á Þingvöllum og víðar í drykkjuæði og uppþotaseggirnir raska vinnufriði í þjóðfélaginu. Að sjálfsögðu verður að koma í veg fyrir slíkt með einhverjum ráðum.

En ég mundi ekki gera þetta að umtalsefni hér á Alþ., ef ég teldi þennan fámenna unglingahóp algerlega einangraðan í þjóðfélaginu. Málgögn fjögurra stjórnmálaflokka af fimm, sem fulltrúa eiga á Alþ., hafa fordæmt athafnir stúdentanna 11 í Stokkhólmi. Afstaða þeirra er ugglaust hin sama til ólátanna í menntmrn., og þó er afstaða Tímans í morgun ekki ótvíræð. En málgagn Alþb., Þjóðviljinn, hefur ekki sagt eitt aukatekið orð til fordæmingar á þessum tiltektum. Þjóðviljinn birtir langlokugreinar eftir forsprakka ólátaseggjanna með sýnilegri velþóknun. Og enginn þm. Alþb. hefur séð ástæðu til þess að láta í ljós andúð á tiltækinu í umr. hér á Alþ. Er hægt að skilja þetta öðruvísi en þannig, að þeir hafi ekkert við þetta að athuga?

Íslenzkur almenningur ætti að gefa þessu gaum. Sumir leiðtogar Alþb. hafa stundum gefið í skyn, að eiginlega væri flokkur þeirra vaxinn upp úr kommúnisma, sem hafi einlægt skipt um nafn, þeir væru eiginlega ósköp saklausir vinstri jafnaðarmenn og einlægir lýðræðissinnar. En slík orð eru næsta marklaus. Hitt ber miklu haldbetra vitni um afstöðu þeirra, hvernig þeir bregðast við atburðum eins og áflogum unglinganna við lögregluna, og þar er ekki um að villast. Halldór Laxness lét að því liggja í sjónvarpsviðtali á dögunum, að fyrrverandi samherjar hans meðal íslenzkra kommúnista hefðu staðnað á þroskaferli sínum. Þeir hefðu engu gleymt og ekkert lært frá því á unglingsárum sínum, frá því að þeir voru að slást við lögregluna á háskólaárum sínum í stað þess að taka próf. Viðbrögð þeirra við óspektunum í Stokkhólmi og Reykjavík virðast óneitanlega staðfesta þetta.

Unglingar, sem stofna til óspekta og öskra heimskuleg slagorð í stað þess að fylkja sér um nýjustu poppstjörnuna eða stytta og síkka pils sín eftir auglýsingum tízkufrömuðanna, eru næsta meinlaust fyrirbæri. Hitt er öllu alvarlegra umhugsunarefni, að á Íslandi skuli heill stjórnmálaflokkur vera á gelgjuskeiði og málgagn hans engan skilning hafa á grundvallarsjónarmiðum lýðræðis.

Þá ætla ég að snúa mér að þingmáli, sem mikla athygli vakti fyrir skömmu, verðgæzlufrv. og örlögum þess. Ég geri það af því, að meðferð þess í þinginu varpar á vissan hátt sams konar ljósi á Framsfl. og afstaða leiðtoga Alþb. til óeirðanna í Stokkhólmi og hér í Reykjavík varpar á Alþb.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að frá 1927 og til 1959, eða í meira en 31 ár, hafði Framsfl. mjög mikil áhrif í íslenzkum stjórnmálum og var þá lengst af í ríkisstj. Höfuðeinkenni stefnunnar í efnahagsmálum á öllu þessu tímabili voru innflutnings- og gjaldeyrishöft. Þegar innflutningurinn er takmarkaður með höftum og framboð erlendrar vöru er ekki nægjanlegt til þess að mæta eftirspurn innanlands, þá er nauðsynlegt að hafa eftirlit með verðlagi, til þess að umframeftirspurnin leiði ekki til óeðlilegra verðhækkana. Meðan innflutnings- og gjaldeyrishöftunum var beitt í nálægum löndum á stríðsárunum og fyrstu árin eftir stríð, var þar einnig um verðlagseftirlit að ræða. En þegar innflutnings- og gjaldeyrishöft voru afnumin í þessum löndum, voru bein verðlagsákvæði í formi reglna um hámarksálagningu eða hámarksverð afnumin, en hins vegar víðast hvar tekið upp eftirlit með samkeppnishömlum og hringamyndun til þess að koma í veg fyrir óeðlilega verðmyndun, og er þá gripið í taumana, ef um slíkt er að ræða. Í Bretlandi t. d. er ríkisstj. nú að koma fram slíkri löggjöf.

Við Íslendingar urðum fyrir meira en 10 árum á eftir nágrannaþjóðum okkar í því að afnema gjaldeyris- og innflutningshöft. Það var gert, þegar Framsfl. varð áhrifalaus í stjórn landsins. En við afnámum ekki verðlagsákvæðin samtímis, eins og aðrar þjóðir höfðu gert. Sjálfstfl. var að vísu algerlega fylgjandi því, og framsóknarmenn tóku að gagnrýna verðlagsákvæði í vaxandi mæli. Framsfl. virtist í raun og veru vera andsnúnari verðlagsákvæðum en höftunum. Vitað var, að Alþb. var andvígt afnámi verðlagsákvæða. En í Alþfl. sýndist mönnum sitt hvað. Ýmsir vildu fylgja fram sömu stefnu og jafnaðarmenn í nálægum löndum hafa fylgt og láta setja löggjöf um samkeppnishömlur og hringamyndun, halda jafnframt heimild til almenns verðlagseftirlits, þannig að hægt væri að grípa í taum-

ana, ef um óeðlilega verðmyndun væri að ræða, en hverfa smám saman frá því að treysta á ákvæði um hámarksálagningu og hámarksverð til þess að halda verðlagi í skefjum, enda hafi reynslan sýnt, að skaðleg áhrif slíks kerfis eru til lengdar meiri en gagnleg áhrif þess. Ýmsir töldu hins vegar of áhættusamt að hverfa frá þessu kerfi og vildu halda því. Samkomulag varð þó um að skipa nefnd, sem skyldi semja frv. að nýrri löggjöf um verðgæzlu og samkeppnishömlur. Vann hún ágætt verk með aðstoð erlends sérfræðings. Í n. áttu sæti fulltrúar stjórnmálaflokka og ýmissa hagsmunasamtaka. Fulltrúi Sjálfstfl. í n. var fylgjandi frv. Fulltrúi Framsfl. var því einnig fylgjandi, þótt hann skrifaði ekki undir nál. vegna fjarveru. En fulltrúar Alþfl. og Alþb. voru því andvígir. Þegar frv. var rætt í þingflokki Alþfl., reyndust 6 þm. því fylgjandi, en 3 andvígir. Það var því uppástunga mín innan Alþfl., að við skyldum reyna að binda enda á langt deilumál með því að hafa þetta mál ekki flokksmál, að flokkurinn tæki m. ö. o. ekki afstöðu til þess sem slíks, heldur greiddi hver þm. atkv. eins og honum sýndist. Þessi till. mín var síðan samþ. með miklum meiri hl. í miðstjórn Alþfl. Ég tilkynnti félögum mínum í ríkisstj. um þetta. Það var þannig augljóst, að úrslit málsins mundu velta á því, hver afstaða framsóknarmanna yrði.

Ég er þeirrar skoðunar, að jafnnauðsynleg og verðlagsákvæði eru, þegar beitt er innflutnings- og gjaldeyrishöftum, þá séu þau skaðleg, þegar innflutningur er að mestu leyti frjáls. Menn eru áreiðanlega ekki búnir að gleyma öllum hrakspám, þegar verið var að gera innflutninginn frjálsan. Engin þeirra hefur rætzt. Hið sama gildir um verðlagsákvæðin, enda gæti varla verið, að allar nálægar þjóðir hefðu afnumið hjá sér sams konar fyrirkomulag og það, sem hér gildir, ef það afnám væri þjóðhættulegt. Hitt er annað mál, að mér hefur aldrei komið til hugar, að öll verðlagsákvæði væru afnumin allt í einu. Slíkt þarf að gera smám saman og fylgjast nákvæmlega með þróuninni. Af þessum sökum hafði ég auðvitað mikinn áhuga á því, að verðgæzlufrv. næði fram að ganga. Ég taldi mig hafa örugga vissu um, að það hefði fylgi meiri hl. þm. Fulltrúi frá Framsfl. í n. átti einnig sæti á þingi sem varamaður, en hann hafði, meðan á nefndarstörfum stóð, verið fylgjandi frv. Nokkrir þm. Framsfl. höfðu á fundi í Framsóknarfélaginu lýst fylgi sínu við meginstefnu frv. Þm. úr Framsfl. höfðu á síðasta þingi gagnrýnt ríkisstj. fyrir það, hversu undirbúningur frv. tæki langan tíma, og krafizt upplýsinga um, hvenær það yrði lagt fyrir. Forstjóri Sambands ísl. samvinnufélaga var í n. og var fylgjandi frv., og vitað var, að kaupfélög landsins voru yfirleitt mjög fylgjandi þeirri stefnu, sem í því fólst. Ég hefði búizt við því, að einhver ágreiningur yrði um málið innan þingflokks Framsfl. Mér skilst, að þar séu menn nú orðið varla sammála um nokkurn skapaðan hlut. En ég þóttist þó viss um, að þar hlytu að vera a. m. k. 3, sem fylgdu samvizku sinni í atkvgr. um málið, þannig að það næði fram að ganga.

Framsóknarmenn hafa talað um það eins og einhverja fjarstæðu, að við í ríkisstj. skyldum hafa treyst á atkv. framsóknarmanna með málinu, og jafnframt, að undarlegt sé, að við skyldum þá aldrei hafa talað við þá um málið. Við vorum búnir að tala við þá, með því að gefa þeim kost á að eiga fulltrúa í n., sem samdi frv. Hann var frv. fylgjandi. Þegar framsóknarmenn lýsa furðu sinni á því, að ríkisstj. skuli hafa treyst því, eins og þeir segja, að Framsfl. eða einhver hluti hans styddi stjórnarfrv. og það næði þannig fram að ganga, þá lýsir þetta svo dæmalausum hugsunarhætti, að á honum verður að vekja sérstaka athygli.

Það var einmitt þetta atriði, sem olli því, að ég kaus að gera þetta mál sérstaklega að umræðuefni. Fyrir Framsfl. skiptir m. ö. o. engu máli, hvort mál er gott eða vont, hvort frv. stefnir í rétta átt eða ranga. Afstaða hans fer ekki eftir því. Afstaða hans mótast af hinu, að andstæðingurinn flytur málið. Flokkurinn er á móti öllu því, sem kemur frá andstæðingi, hvort sem hann hefur rétt fyrir sér eða rangt. Í þessu máli er sannað, að nokkur hluti þm. Framsfl. var fylgjandi meginstefnu frv. Samt gerði þingflokkurinn ályktun um, að hann skyldi allur greiða atkv. gegn því og fella það, án þess að bera fram nokkra brtt. Efni málsins skipti m. ö. o. engu máli fyrir Framsfl. Skoðanir einstakra þm. fá ekki að koma fram. Ofstæki nokkurra misviturra forustumanna fær því ráðið, að ímyndaður möguleiki á því að koma illu af stað á milli stjórnarflokkanna er talinn þyngri á metaskálunum en rétt mál, sem meiri hl. þm. er raunverulega fylgjandi.

En auðvitað tókst Framsfl. ekki að koma neinu illu af stað milli stjórnarflokkanna. Hafi mál þetta haft nokkur áhrif í herbúðum okkar, hafa áhrifin verið þau ein, að sú skoðun hefur styrkzt, að Framsfl. sé aldrei treystandi, hann sé ósamvinnuhæfur. Fyrir 10–15 árum þekkti ég mun betur til í Framsfl. en ég geri nú. Ég hika ekki við að fullyrða, að meðan Hermann Jónasson var formaður Framsfl., hefði jafnraunalegur skrípaleikur og átti sér stað í Framsfl. í sambandi við verðgæzlufrv. aldrei átt sér stað. Forusta Framsfl. er komin í hendur manna, sem ráða ekki við nokkurt vandamál. Það er undantekning, að þeir taki skynsamlega afstöðu til máls. Það er ekki aðeins, að þeir hafi ekkert lært af þróun síðasta áratugs, aðhyllist úreltar kenningar á flestum sviðum og séu í raun og veru mesti afturhaldsflokkur landsins, heldur er ekki einu sinni heildarsvipur á íhaldsseminni. Stefnan er eins tækifærissinnuð og hugsanlegt er, ekki aðeins já – já í dag og nei – nei á morgun, heldur stundum bæði já–já og nei–nei í sama málinu. Það hlýtur að vera þeim, sem unna íslenzku lýðræði, áhyggjuefni, að þannig skuli vera komið fyrir forustumönnum næststærsta flokks þjóðarinnar.

Góðir áheyrendur. Að síðustu langar mig til þess að fara nokkrum orðum um stjórnmálaástandið almennt. Það, sem nú er athyglisverðast í íslenzkum stjórnmálum, er, að stærri stjórnarandstöðuflokkurinn, Framsfl., lýtur stefnulausri og tækifærissinnaðri forustu og minni stjórnarandstöðuflokkurinn, Alþb., sem einu sinni átti að sameina íslenzka alþýðu, er þríklofinn. Enginn veit, hversu mikið fylgi hvert flokksbrot hefur. En allir hljóta að sjá, að ekkert þeirra getur nú haft nokkur áhrif í íslenzkum stjórnmálum. Sú hreyfing, sem hófst með stofnun Kommúnistaflokks Íslands 1930, komst inn á Alþ. 1934 og náði verulegum áhrifum, þegar honum tókst að kljúfa Alþfl. 1938, og hefur haldið þeim áhrifum þangað til nú, – þessi hreyfing er nú sundruð og dæmd til algers áhrifaleysis. Alþfl. hefur staðið af sér

þrjár klofningstilraunir: þegar kommúnistar klufu hann 1930, þegar Héðinn Valdimarsson klauf hann 1938 og þegar Hannibal Valdimarsson klauf hann 1956. Það er áreiðanlega engin tilviljun, að klofningsmennirnir skuli nú sjálfir vera klofnir í þrennt.

En Alþfl. hefur alltaf reynzt trúr grundvallarstefnu sinni og tekizt að vinna þjóðinni meira gagn en klofningsmönnunum hefur nokkru sinni tekizt. Alþfl. er nú samhentari en nokkru sinni fyrr. Hann hefur verið að auka fylgi sitt í síðustu kosningum. Hann bætti við sig sæti í síðustu borgarstjórnarkosningum í Reykjavík, og ári síðar vann hann einn mesta kosningasigur í sögu sinni. Í síðustu alþingiskosningum bætti hann við sig hér í Reykjavík hvorki meira né minna en 20% atkv. frá borgarstjórnarkosningunum áður, og þingmannatala flokksins jókst. Alþfl. var þá næststærsti flokkurinn í Rvík. Meðan Alþb. er í upplausn, er Alþfl. í sókn. Þeirri sókn mun Alþfl. halda áfram. Barátta hans mun ekki byggjast á lýðskrumi. Barátta hans mun ekki byggjast á óraunhæfum loforðum. Hann mun verða ábyrgur í afstöðu sinni og heiðarlegur í málflutningi sínum. Hann mun vinna að því að bæta þjóðfélagið og gera það réttlátara. Hann mun beita áhrifum sínum til þess, að aukin framleiðsluafköst og hækkað verðlag erlendis verði vinnandi fólki til hagsbóta. Hann vill bæta afkomu þess og auka öryggi þess. Hann veit, að Íslendingar vilja, að stjórn landsins sé í höndum ábyrgra og heiðarlegra manna, sem hugsa um það eitt að vinna störf sín af vandvirkni og efla stöðugar framfarir. Við þeim óskum góðra Íslendinga vill Alþfl. verða. – Góða nótt.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur nær og fjær. Gleðilegt sumar. Það er orðið býsna langt síðan ég hef átt þess kost að ræða stjórnmál við hlustendur ríkisútvarpsins. Á þessu kjörtímabili hefur það ekki gerzt fyrr en nú, og fyrir kosningarnar 1967 var löglegur framboðslisti minn beittur því siðlausa ofbeldi að samsæri stjórnmálaflokkanna allra, að hann var útilokaður með öllu frá því að túlka málstað sinn, bæði í útvarpi og sjónvarpi. Þannig var ég þá að mestu málfrelsi sviptur. Auðvitað gat þetta því aðeins gerzt, að ríkisútvarpið er undir daglegri stjórn pólitískra ritstjóra flokkanna og æðstu yfirstjórn flokkspólitísks ráðh. Það er snjallt uppátæki, – finnst ykkur það ekki, góðir hlustendur? – að setja sjálfa áróðursmeistara stjórnmálaflokkanna til þess að stjórna óhlutdrægu ríkisútvarpi. Þannig er í rauninni andlegt frelsi á Íslandi keyrt undir einvaldskerfi gömlu stjórnmálaflokkanna. En þetta samsæri flokkanna gegn löglegum framboðslista mistókst. Kjósendurnir, fólkið sjálft, risu upp gegn flokksræðinu og lömuðu það og sögðu stutt og laggott: *Hingað og ekki lengra. Og þess vegna er ég nú hér og* hef málfrelsi frá ræðustól Alþingis. En því minni ég á þennan atburð, að hann hefur haft víðtækar pólitískar afleiðingar.

Í fyrstu héldu samsærisflokkarnir áfram ofbeldisstefnu sinni, svo sem ekkert væri, þrátt fyrir áminningu kjósendanna. Og þeir stóðu allir að lagasetningu, sem svipti minni hl. flokks þeim sjálfsagða, lýðræðislega rétti að mega leggja einnig sín sjónarmið undir dóm kjósenda með viðurkenndu framboði í kosningum. Og þessu ótuktarverki komu þeir fram. En þá var líka mælirinn fullur, svo að út af flóði. Það var unga fólkið, sem reis upp gegn flokksræðinu undir forustu ungs sjálfstæðismanns, sem nú er látinn. Unga fólkið fordæmdi hið blinda flokksræði, heimtaði opnun flokkskerfanna og slökun á alræði flokksstjórna. Þetta fékk slíkan hljómgrunn, að nokkurn geig setti að valdaklíkum flokkanna í bili. Heitið var bót og betrun. Komið skyldi til móts við kröfur unga fólksins. Valdauppbygging flokkanna skyldi vera lýðræðislegri. Upp skyldu t. d. teknar skoðanakannanir og prófkosningar o. s. frv., o. s. frv. Spurningin er bara sú, hvort þetta sé nokkuð nema yfirborðsaðgerð til að slá ryki í augu unga fólksins og leiða það af í bili, og hræddur er ég um, að svo sé.

Og svo fóru fram forsetakosningar. Þá var enn ljósara en áður, hvílík hyldýpisgjá hafði myndazt milli stjórnmálaflokkanna gömlu og fólksins sjálfs. Fólkið hafði uppgötvað, að flokksræðið var ekki almáttugt. Fólkið gat haft fyrirmæli valdaklíkna flokkanna að engu og farið sínu fram, ef því sýndist svo. Valdið var fólksins, aðeins ef það hafði andlegt þrek til að beita því. Og þannig er það í sérhverju lýðræðislandi.

Af einhverri tilviljun rakst ég á ritstjórnargrein í tímaritinu Stefni, sem Samband ungra sjálfstæðismanna gefur út. Þar er ritað um ólgu þá, sem þessar tvennar kosningar, I–lista-kosningarnar og forsetakosningarnar, hafi vakið. Síðan segir í forustugreininni: „Sagt hefur verið, að ríkjandi endurskoðunarstefna hafi myndazt upp úr þeirri riðlun, sem varð vegna forsetakosninganna. Án þess að metast frekar um upphaf þessarar breytingar, sem e. t. v. telst af sumum vafasamur heiður, má fullyrða, að hún myndaðist að sjálfsögðu meðal fólksins sjálfs, og mætti þá öllu helzt rekja það til framboðs og fylgis I–listans í síðustu alþingiskosningum.“ Þessi niðurstaða Stefnisritstjórans, hygg ég, að sé nokkuð nærri hinu rétta.

En þegar rætt er um I–lista-framboðið og þýðingu þess fyrir þróun íslenzkra stjórnmála á þessu tímabili, kemur fleira inn í myndina. Hið ódrengilega kommúnistíska upphlaup og einhliða kommúnistavirki í Rvík vorið 1967 framkallaði I–lista-framboðið sem andsvar. Með því var komið í veg fyrir, að Alþb. gamla klofnaði þá. Því bættist hálft fjórða þús. atkvæða, tveir uppbótarþingmenn umfram það, sem listi Magnúsar Kjartanssonar hefði getað dregið að landi. Ingi R. Helgason lögfræðingur og klofningslið hans, sem afneitaði I–listanum sem lista Alþb., kom ekki vilja sínum og lögleysum fram. Alþb. í heild hefði aldrei fengið slíkt atkvæðamagn í Rvík sem það fékk í kosningunum 1967. Klofningi var afstýrt í bili, en þó aðeins frestað. Kommúnistar í Alþb. vildu ekki lengur una því að vera í samstarfsbandalagi með vinstri jafnaðarmönnum. Þeir voru staðráðnir í því að stofna sinn eigin flokk, flokk við sitt hæfi. Raunar hefðu þeir átt að geta horfið á ný til síns fyrri flokks, Sósíalistafl., en ekki var það þó þeirra ráð. Hann var víst orðinn of rúmur og í honum ýmis öfl og einstaklingar, sem ekki nutu lengur hylli hinna nýju valdamanna sósíalista. Nýjan flokk varð því að stofna, og með áfergju og ofsa strokuhestsins var stefnt að stofnfundi nýs flokks. Fram að þeim degi var Alþýðubandalagið gamla óklofið. Á seinustu stundu

gerði ég það eitt að tilkynna bréflega, að ég segði af mér formennsku í Alþb. og kæmi ekki nálægt hinni nýju flokksstofnun, ætti þangað ekkert erindi. Þarna var svo Sósfl. einnig lagður niður, þó að það tækist ekki betur en svo, að meginkjarni hans, Sósíalistafélag Reykjavíkur og Kvenfélag sósíalista í Rvík, hefur ekki tekið mark á dánartilkynningunni og starfar nú á landsmælikvarða sem viðurkenndur kommúnistaflokkur.

Þó að mér hafi verið brigzlað um klofningu Alþb. gamla, er staðreyndin sú, eins og af framansögðu er ljóst, að þar kom ég hvergi nærri. Alþb. gamla var klofið á stofnþingi hins nýja flokks, liðað þar í sundur, samstarfið við vinstri jafnaðarmenn endanlega afþakkað og engu skeytt, þótt fjöldamargir af ágætustu liðsmönnum Sósfl. gamla yrðu utan hins nýja flokks. Auk þess var svo viss armur Sósfl., Sósíalistafélag Reykjavíkur, hreinlega eftir skilinn, svo sem fyrr er sagt.

Hitt er svo annað mál, að þetta kommúnistíska uppgjör var orðið fyllilega tímabært. Kommúnistar vissu, að við vinstri jafnaðarmenn yrðum aldrei nothæfir starfskraftar í kommúnistaflokki, og á hinn bóginn vorum við eftir 12 ára þæfing við þá löngu orðnir sannfærðir um, að hinn rúmgóði og víðsýni jafnaðarmannaflokkur, sem okkur hafði dreymt um árið 1956 og næstu árin á eftir, að Alþb. væri vísir og upphaf að, yrði aldrei byggður upp með sannfærðum kommúnistum í fylkingarbrjósti, þeir ættu að vera sér á skipi, enda lét ég það oft í ljós opinberlega. Kommúnistar eru alltaf kommúnistar. Þeir eru og verða einræðissinnar, sem aðeins beita lýðræðislegum vinnubrögðum sem yfirskini. Ég fagna því að hafa átt þátt í því uppgjöri við kommúnista, sem þegar er orðið. Það verk verður metið að verðugu, þótt seinna verði. Hér eru nú tvö stríðandi kommúnistaflokksbrot, og ætti öllum að vera ljóst, að undir þeirra flokksmerki á enginn karl eða kona nokkurt erindi, nema þau aðhyllist kommúnistíska lífsskoðun.

Ég get ekki trúað því, að illa fengið nafn Alþb. gamla á hinn nýja kommúnistaflokk villi nokkrum manni sýn. Og þó er aldrei að vita, því að í þeim tilgangi var það valið, sem yfirbreiðsla var það hugsað. Sami er tilgangurinn með því að skipa Ragnar Arnalds, Öddu Báru og Guðjón Jónsson til aðalforustu hins nýja flokks, en hola Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni, Magnúsi Kjartanssyni og Lúðvík Jósefssyni ásamt fjöldamörgum þjóðkunnum, ef ekki heimskunnum kommúnistaleiðtogum, langt á bak við. Þeir eru ekki einu sinni hafðir í framkvæmdastjórn flokksins, svo vandlega á að fela þá. En hver skyldi samt láta sér detta í hug, að þar sem þessir herrar hafa valið sér pólitískt húsaskjól, sé lýðræðislegur jafnaðarmannaflokkur á ferðinni? Ég held, að þeir verði fáir. En það er hins vegar satt sagt, að þegar bréf eru rituð á enska tungu í austurveg og þar dregið sérstaklega fram til sanninda-merkis um, að Alþb. nýja sé hinn eini sanni og rétti kommúnistaflokkur á Íslandi, að hjá því gegni Mr. Olgeirsson, Mr. Bjarnason, Mr. Kjartansson og Mr. Jósefsson trúnaðarstörfum austur á við, þarf ekki að fela þá. Já, gott er að hafa tungur tvær og tala sitt með hvorri, en hversu traustvekjandi það er, það er svo allt annað mál. En víst eru það að mínu mati pólitísk tíðindi, að samstarfsheild vinstri jafnaðarmanna og Sósfl., þ. e. a. s. Alþb. gamla, sem starfaði í 12 ár, hefur verið leyst upp, Sameiningarflokkur alþýðu, Sósfl., sem stofnaður var 1938 og starfaði að nafninu til í 30 ár, hefur verið formlega lagður niður og hluti hans, Sósíalistafélag Reykjavíkur, tekið upp flokksmerki hans á ný, og loks: nýr kommúnistaflokkur hefur verið stofnaður, en sá ekki heiðarlegri eða mannborulegri en það, að rétt innræti sitt reynir hann að dylja undir nafni hins gamla Alþb. Þetta og nákvæmlega þetta er það, sem gerzt hefur, og hefur margt af því verið úr lagi fært og rangtúlkað í blöðum fram til þessa.

Það er fyrst nálega ári eftir að þessir atburðir gerðust, að Samtök frjálslyndra og vinstri manna eru stofnuð, og koma þau því á engan hátt við þá sögu, hvernig Alþb. gamla var liðað í sundur af kommúnistum. Stofnþing hins nýja flokks, sem hlaut nafnið Samtök frjálslyndra og vinstri manna, var haldið um miðjan nóvember s. l., og sátu þar 104 fulltrúar úr öllum landshlutum. Þar var kjörin 100 manna flokksstjórn og 11 manna framkvæmdastjórn, flokkslög samþykkt og ýtarleg stjórnmálayfirlýsing, sem skýrir tilverurétt flokksins, grundvallarstefnu hans og markmið varðandi nærtækustu verkefni íslenzkra stjórnmála. Flokkurinn reisir stefnu sína og starfsháttu á grunni lýðræðislegrar jafnaðarstefnu, samvinnuskipulagi og frjálshyggju. Á þeim stutta tíma, sem liðinn er frá stofnun hans, hefur verið kappsamlega unnið að því að móta skipulag flokksins. Erum við, eins og að líkum lætur, aðeins örskammt á veg komnir í því verki. Og þó að Lúðvík Jósefsson væri hér áðan að reyna að gera lítið úr þátttöku okkar í sveitarstjórnarkosningunum í vor, mun það flestum hafa komið á óvart, að hinn ungi flokkur hefur þegar birt sjálfstæð framboð í komandi sveitarstjórnarkosningum í þremur stærstu kaupstöðum landsins, Reykjavík, Kópavogskaupstað og á Akureyri, og hefur það vakið landsathygli, að efstu sæti frjálslyndra bæði í Reykjavík og í Kópavogskaupstað skipa konur, hæfar, félagsvanar og félagsþroskaðar konur. Slíkt er óþekkt áður hjá gömlu flokkunum. Á nokkrum öðrum stöðum hafa Samtök frjálslyndra og vinstri manna einnig sjálfstætt framboð. Og auk þess eiga þau aðild að og sums staðar forustu fyrir blönduðum framboðum í mörgum kaupstöðum og kauptúnum landsins. En hitt er rétt, að okkar samtök kærðu sig ekki um að kljúfa vinstrisinnað fólk niður í örsmáar eindir í hinum ýmsu kauptúnum landsins og létu af þeim ástæðum vera að berjast alls staðar fyrir sjálfstæðum framboðum.

Ég sendi frambjóðendum samtakanna og stuðningsmönnum um land allt beztu baráttukveðjur og óska þeim góðs gengis í kosningunum. Það er eindregin skoðun mín og sannfæring, að það sé rangt að velja sveitarstjórnarmenn eftir markaskrá flokkanna á landsmælikvarða, það rétta sé að styðja þá frambjóðendur til setu og starfa í sveitarstjórn, sem kjósandinn treystir bezt til að fara með sín mál af heiðarleika, framsækni og hyggindum. Þau sjónarmið hvetja kjósendur til að hafa í heiðri að leggja alla flokksfjötra til hliðar þegar þeir standa í kjörklefanum 31. maí n. k.

1. maí, alþjóðlegur hátíðis-, kröfu- og baráttudagur verkalýðsins fer nú í hönd. Fyrir nokkru kallaði miðstjórn Alþýðusambandsins saman ráðstefnu með full-

trúum landssamtakanna innan Alþýðusambands Íslands til þess að ræða viðhorf samtakanna til komandi kjarasamninga. Beindi ráðstefnan því eindregið til aðila félaganna að hafa lokið mótun krafna sinna helst ekki síðar en um þessi mánaðamót. Hvernig svo sem að samningum verður staðið, þótti rétt að mynda samráðsnefnd, sem skipuð verði tveim fulltrúum frá hverju landssambandi og fulltrúum frá miðstjórn Alþýðusambands Íslands. Verður hlutverk hennar einkum það að samræma kröfur og móta heildarstefnu, en ekki að fara með samningana sjálfa. Algjör einhugur ríkti á ráðstefnunni um það, að nú hefði skapazt traustur grundvöllur fyrir mjög verulegum og raunhæfum kjarabótum.

Það er naumast ofsagt, að illt árferði, slappt og fyrirhyggjulítið stjórnarfar hafði fyrir hálfu öðru ári eða svo skapað almennt neyðarástand í landinu. Gengi krónunnar hafði verið skorið niður í fjórða sinn á skömmum tíma, dýrtíðin geisaði meira en nokkru sinni og almennt atvinnuleysi herjaði. Þá hömruðu atvinnurekendur og ríkisvald sameiginlega á því, að nú yrði að fella niður allar verðlagsbætur á kaup. Í þeim löngu og ströngu samningum, sem hófust haustið 1968 og stóðu linnulaust í allan fyrravetur, var baráttan tvíþætt. Krafizt var skjótra og virkra aðgerða til útrýmingar atvinnuleysi og í annan stað, að fullar vísitölubætur yrðu áfram greiddar á kaupið. Þótt okkur fyndist seint og silalega til dyra gengið varðandi úrbætur í atvinnumálum, var reynslan sú, að samningarnir, sem tókust, áttu víða þátt í að koma hjólum atvinnulífsins í gang á ný og bægja vofu atvinnuleysisins frá margra dyrum. En þegar frá leið, kom batnandi árferði þar enn til hjálpar. En í launamálunum tókst með engu móti að halda í horfinu. Við neyddumst til að semja um skertar vísitölubætur á kaupið. Með þeirri gífurlegu verðhækkun, sem orðið hefur á liðnu ári á öllum sviðum, hafa launastéttirnar því orðið fyrir slíkri kjaraskerðingu, að nærri stappar nú fullu neyðarástandi um afkomu láglaunafólks. Það er því augljóst mál, að óbreyttu kaupi getur verkalýðshreyfingin ekki unað stundu lengur en til loka samningstímans núna í miðjum næsta mánuði.

Það er líka af mörgum ástæðum þjóðarnauðsyn, að launakjörin verði bætt hið bráðasta. Ósamræmi það, sem orðið er vegna gengisfellinganna milli launa hér á landi og í nágrannalöndunum, er þjóðinni stórhættulegt og hefur þegar leitt til landflótta, sem við verðum, hvað sem það kostar, að stöðva.

Verkalýðshreyfingin styður þá staðhæfingu gildum efnahagslegum rökum, að langvarandi láglaunatímabil sé bókstaflega háskalegt allri atvinnu- og efnahagsþróun þjóðfélagsins. Ætti kaupsýslustéttin ekki hvað sízt að þekkja sinn vitjunartíma í þessu efni og styðja verkalýðshreyfinguna með ráðum og dáð til bættrar efnahagslegrar afkomu fjöldans.

Kröfur verkalýðsfélaganna eru nú að koma fram. Ég veit með vissu, að fyrstu tvær kröfurnar verða verulegar grunnkaupshækkanir, sennilega 20–25%, og fullar vísitölubætur á kaup. Með tilliti til stórhækkaðra þjóðartekna, aukinnar framleiðslu, hagstæðrar verðlagsþróunar á heimsmarkaði og stórbættrar afkomu atvinnuveganna eru þetta allt saman raunhæfar kröfur. Jafnframt launakröfunum munu verða bornar fram kröfur um útrýmingu alls atvinnuleysis, þ. e. a. s. um fulla atvinnu handa öllum. Það er staðreynd, að atvinnuleysið sem herjað hefur s. l. tvö ár, hefur skaðað þjóðfélagið um milljarða króna í minnkaðri framleiðslu og rýrt bein verkalaun um hundruð milljóna upphæðir. Og það versta er, að þetta eru allt saman sjálfskaparvíti. Það eru afleiðingar vanmats stjórnarvalda á þýðingu framleiðsluatvinnuveganna í þjóðarbúskapnum. Böl atvinnuleysis er blátt áfram sök sinnulausrar og íhaldssamrar ríkisstj. Það eitt, þótt ekkert annað kæmi til, ætti að vera nóg henni til óhelgi, nóg til þess að steypa henni af stóli. Ég veit, að fram koma kröfur um styttingu vinnuvikunnar. Krafa tímans í öllum menningarlöndum er 40 stunda vinnuvika framkvæmd á 5 dögum. Sú hlýtur einnig að verða okkar krafa, því að menningarþjóð viljum við þó sannarlega heita og engra eftirbátur vera. Lengt orlof verður vafalaust ein þeirra krafna, sem fram koma. Árið 1964 var 21 dags orlof verkamanna lögfest hér á landi, þ. e. a. s. 1¾ dags fyrir hvern mánuð unninn. Orlofsfé var jafnframt ákveðið 7%. Þetta var allt í fullu samræmi við það, sem þá gilti um orlof á Norðurlöndum. En síðan þetta var, hafa öll nágrannalönd okkar lengt orlof verkamanna. Þau, sem skemmst hafa gengið í því, hafa nú 24 daga orlof eða 2 daga fyrir hvern unninn mánuð, en hin, sem í fararbroddi eru, hafa nú lögfest hjá sér 4 vikna orlof verkafólks. Hér höfum við því dregizt aftur úr og þurfum úr að bæta. Á þessu þingi bar ég fram frv. til l. um sjálfsagða lengingu orlofs úr 21 degi í 24 daga og hækkun orlofsfjár úr 7% í 8%, en auðvitað náði það ekki fram að ganga. Þá er ég þess fullviss, að þar sem svo langt er síðan einstök verkalýðsfélög hafa farið sjálf með samninga sína, þá hljóta að vera samansöfnuð fjöldamörg staðbundin atriði, sem félögin telja sig nú verða að knýja fram til nauðsynlegrar lagfæringar. Auðvitað geta svo komið fram frá verkalýðsfélögum fjöldamargar kröfur aðrar en þær, sem ég nú hef nefnt. Og á þeim kröfutímum sem við nú lifum, þegar unglingaskólakrakkar leggja undir sig stjórnarráðið og stúdentar hernema sendiráð Íslands erlendis, mætti það furðu gegna, ef sjálfar framleiðslustéttirnar, sem öllum öðrum fremur bera ofurþunga þjóðfélagsbáknsins á herðum sér, létu ekki til sín heyra og hefðu ýmsar kröfur að gera til stjórnvalda og samfélags, enda hlýtur það svo að vera.

En hverjar sem kröfurnar verða í einstökum atriðum og hvaða baráttuaðferðum sem beitt verður til að knýja þær fram, er það víst, að Alþýðusamband Íslands mun leggja höfuðáherzlu á, að allt verði gert, sem unnt er, til að tryggja varanleik þeirra kjarabóta, sem um semst. Launahækkun nú má ekki hleypa út í almennt vöruverðlag. Stjórnarvöldunum ber að gera ráðstafanir til varðveizlu kaupmáttar launanna, með því m. a. að lækka eða að halda niðri verðlagi á helztu framleiðslunauðsynjum, eins og húsnæði og landbúnaðarvörum, og umfram allt með því að halda innan hóflegra marka sköttum á lágum tekjum og meðaltekjum. Það er mörkuð stefna Alþýðusambands Íslands, að taka þurfi upp áætlunargerð um stórfellda framleiðsluaukningu í útflutningsatvinnuvegunum, sérstaklega með fullnýtingu á vinnslu sjávarafurða, og samræmda heildarstjórn atvinnuuppbyggingar, peningamála og verð-

myndunar, og þá ekki síður hitt, að samhliða áætlun um aukna framleiðslu og aukningu gjaldeyristekna ber að stefna að áætlunargerð um árvissar kjarabætur launastéttanna. Án þess að þetta sé gert, fæst engin vitglóra í þróun launamála né íslenzkra atvinnu- og efnahagsmála yfirleitt. Ég heiti á verkalýðshreyfinguna um land allt að þjappa sér saman til órofa samstöðu um réttlátar kröfur. Það er almennur þjóðarvilji, að launastéttirnar fái hlut sinn réttan á þessu vori.

Herra forseti. Ég lýk nú máli mínu og vík aftur að sveitarstjórnarkosningunum. Ný samtök bjóða fram nýja menn. Þeir flytja ný viðhorf og hreint loft inn í sveitarstjórnirnar. Þeim fylgir nýr andblær og hreyfing og hressileiki. Þeir eru líklegastir til að hreinsa til í gömlum hreiðrum gömlu flokkanna, og er þess víða hin fyllsta þörf. Fái Samtök frjálslyndra og vinstri manna kjörna bæjarfulltrúa í öllum stærstu kaupstöðum landsins nú í þessum sínum fyrstu kosningum, sem ég fastlega trúi, er það svo afdráttarlaust lífsvottorð, að ekki verður í efa dregið. Verður þá haldið áfram af auknum þrótti að skipuleggja samtökin um land allt, að tefla harðsnúnu liði fram til framboðs í öllum kjördæmum landsins í alþingiskosningunum á komandi ári. – Góða nótt.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Því hefur oft verið haldið fram af forsvarsmönnum núverandi stjórnarandstöðu, að þeir efnahagslegu örðugleikar, sem þjóðin átti við að glíma á árunum 1967 og 1968, ættu rætur sínar að rekja fyrst og fremst til rangrar stjórnarstefnu. Naumast er hægt að segja, að þeir, sem láta sér slíkar fullyrðingar um munn fara, beri mikla virðingu fyrir dómgreind fólksins í landinu. Eða halda þessir menn í raun og sannleika, að hægt sé að telja nokkrum manni trú um, að það hafi óveruleg áhrif á efnahagslega afkomu einstaklinga og þjóðarheildar, þegar verðmæti útflutningsframleiðslunnar lækkar um rúman helming, eins og það gerði á þessum árum? Halda þeir að slík áföll og tekjumissir hljóti ekki að leiða til kjaraskerðingar og versnandi afkomu hvers og eins? Segja má, að það geti verið réttmætt ásökunarefni á hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokka hennar, að kúfurinn af ágóða hinna góðu ára var ekki tekinn í ríkara mæli en gert var og geymdur til hinna lakari og ekki látinn renna út í þjóðlífið jafnóðum og hann myndaðist. Lítið hefur þó farið fyrir tillögum af hálfu stjórnarandstöðunnar í þessa átt. Það er öðru nær. Hverskonar kröfugerð á hendur ríki og atvinnuvegum hefur allajafna verið uppistaðan í öllum málatilbúnaði stjórnarandstöðunnar á undanförnum árum. Lítið var gert úr því, að þjóðin safnaði gildum gjaldeyrisvarasjóði, og ákvörðunin um bindingu hluta sparifjárins í Seðlabankanum hefur legið undir stöðugri gagnrýni. En þetta hvort tveggja ásamt hinum stórfelldu framkvæmdum og uppbyggingu og hvers konar tækjakaupum, sem áttu sér stað á velgengnisárunum, leiddi til þess, að þjóðin var miklu betur undir það búin að mæta áföllum áranna 1967 og 1968 en ella og axla þær byrðar, sem óhjákvæmileg kjaraskerðing hafði í för með sér.

Stjórnarandstaðan hefur stundum undan því kvartað, að henni væri óhægt um tillögugerð til úrbóta aðsteðjandi vandamálum, vegna þess að hún hefði ekki aðgang að þeim gögnum og upplýsingum, sem nauðsynlegt er að kynna sér, ef brjóta á málin til mergjar. Árið 1968 var stjórnarandstöðunni gefinn kostur á að fylgjast með öllum undirbúningsviðræðum um lausn örðugleikanna í efnahagslífinu og ekkert fyrir henni dulið í þeim efnum. Engin samstaða náðist milli ríkisstj. og stjórnarandstöðunnar um lausn vandamálanna, enda var þess vart að vænta, þar sem stjórnarandstaðan hafði lítið annað til málanna að leggja en kröfuna um það, að ríkisstj. segði af sér. Að þeirri kröfu var ekki gengið, enda að mínum dómi mjög misráðið, ef orðið hefði verið við þeirri kröfu. Íslenzka þjóðin þurfti annars við á haustdögum 1968 en að henni yrði att út í harðvítuga kosningabaráttu og afsögn ríkisstj. Það hefði að minni hyggju verið hrein brigðmæli við meiri hl. kjósenda í landinu. Í kosningunum 1967 héldu stjórnarflokkarnir meiri hl. sínum og fengu þar með skýlaust umboð til þess að fara með stjórn í landinu þetta kjörtímabil. Með kosningaúrslitunum 1967 lýsti meiri hl. þjóðarinnar yfir því, að hún treysti núv. ríkisstj. og stjórnarflokkum til þess að ganga til fangs við aðsteðjandi vandamál og leysa þau. Því trausti var ekki brugðizt. Gengisfellingin 1968 var vissulega harkaleg aðgerð, en þegar að grandskoðuðu máli var sýnt, að ekki var um aðrar haldbetri leiðir að velja, þá ákvað ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar að fara þessa leið, taka á sig ábyrgðina af henni og þá óánægju, sem gengisbreytingin hlaut að valda meðal alls þorra þjóðarinnar. Það, sem síðar hefur gerzt, sýnir, svo ekki verður um deilt, að gengisbreytingin hefur haft hagstæð áhrif á þjóðarbúskapinn. Hún efldi framkvæmda- og framfaravilja, stuðlaði að aukinni framleiðslu, hún bætti viðskiptajöfnuðinn og hún stöðvaði rýrnun gjaldeyrisforðans. Þessi hagstæðu áhrif efnahagsaðgerðanna og nú að auki mikil og aukin aflabrögð og hagstætt verð á útflutningsframleiðslunni stuðla að því, að við getum litið bjartari augum til komandi tíma. Nú standa til þess ríkar vonir, að kjör fólksins fari á ný batnandi, ekki sízt ef öll þjóðin fæst til að sameinast um það að láta ekki ávinninginn brenna upp í vaxandi dýrtíð og verðbólgu, eins og svo oft hefur gerzt á mörgum undanförnum árum og áratugum.

Aðild okkar að Fríverzlunarsamtökum Evrópu, EFTA, sem samþykkt var á þessu þingi, og nú er komin til framkvæmda, hlýtur líka að krefjast þess, að allt verði gert sem unnt er til þess að halda verðbólgunni niðri. Ein meginundirstaðan undir því, að okkur farnist vel í þessu samstarfi og höfum af því þann hag, sem að er stefnt, er að minni hyggju sú, að verðlagsþróunin hér á landi sé í sem nánustu samræmi við þróun verðlagsmála í öðrum aðildarríkjum. Um það leyti sem þáltill. um aðild okkar að EFTA var til lokaafgreiðslu hér í þinginu, kom Stéttarsamband bænda saman til aukafundar hér í Rvík. Aðalverkefni þess fundar var að móta afstöðu bændasamtakanna til EFTA-aðildar. Fundurinn samþykkti með miklum meiri hl. atkv., að það væri íslenzkum landbúnaði síður en svo til hagsbóta, að Ísland gerðist aðili að Fríverzlunarsamtökunum. Nú tekur stofnsamningur Fríverzlunarsamtakanna ekki til landbúnaðarafurða og má því segja, að aðild okkar að EFTA hafi ekki jafnmikið gildi fyrir land-

búnaðinn og hún hefur fyrir iðnaðinn. Þess ber þó að gæta í þessu sambandi, að hér á landi er vaknaður mikill áhugi á því að fullvinna vörur úr ull og gærum í landinu sjálfu, í stað þess að flytja þetta sérstæða og góða hráefni óunnið úr landi, svo sem gert hefur verið í stórum stíl. Stórar og mikilvirkar sútunarverksmiðjur eru nú í smíðum í landinu og munu taka til starfa innan skamms, og væntanlega verður þess ekki langt að bíða, að við vinnum allar okkar gærur innanlands. Þessi iðnaður byggist að sjálfsögðu, sem allur annar iðnaður, á því, að markaður sé fyrir hendi, og það hlýtur að vera okkur til hagsbóta, að við getum selt þessar vörur til EFTA-landanna tollfrjálsar. Í beinu sambandi við aðild okkar að EFTA tókst að ná samkomulagi við hin Norðurlandaríkin, að þau keyptu af okkur nokkurt magn af dilkakjöti, á þessu ári 1700 tonn. Sala á dilkakjöti til þessara landa er okkur hagkvæm, vegna þess að markaðsverð á kjöti í þessum löndum er miklum mun hærra og hagstæðara en t. d. á Bretlandseyjum. Svíar hafa þegar keypt af okkur 500 tonn og Norðmenn 600 tonn, hvort tveggja án þess að til innflutningsgjalda komi. Mjög gott verð fæst fyrir dilkakjöt í Svíþjóð, eða hærra verð en er á innanlandsmarkaði, og höfum við ekki áður átt að fagna slíkum viðskiptakjörum fyrir þessa framleiðslu okkar. Ætla má, að afnám innflutningsgjalda af þessari kjötsölu til Svíþjóðar og Noregs geti gefið okkur í aðra hönd á þessu ári milli 30 og 40 millj. kr. Það má finna minna grand í mat sínum. Mér er ekki grunlaust um, að það hafi verið framsóknarandi, sem sveif yfir vötnunum á aðurnefndum Stéttarsambandsfundi, enda ber ályktun fundarins þess ljós merki. Reynslan verður að sjálfsögðu að skera úr um það, hvern hagnað við höfum af aðild okkar að EFTA. Verði hún okkur til hagsbóta, svo sem allir góðir menn vona og vilja vinna að, þá nýtur landbúnaðurinn, svo sem atvinnuvegir okkar allir, góðs að þessari aðild.

Undanfarin ár hafa reynzt íslenzkum landbúnaði á margan hátt mjög örðug. Þar hefur mestu valdið erfitt árferði. Í kjölfar kólnandi veðráttu hefur fylgt grasbrestur og kal í ræktunarlöndum. Gífurlegir óþurrkar um mikinn hluta landsins í fyrrasumar hafa valdið bændastéttinni stórkostlegu tjóni. Svo sem skylt var, hefur hið opinbera beitt sér fyrir aðstoð við bændur vegna þessara áfalla. Frá því í fyrrahaust er búið að veita bændum svonefnd harðærislán að upphæð 77.5 millj. kr. til hey- og fóðurbætiskaupa. 5.3 millj. kr. hafa verið greiddar í óafturkræfum flutningastyrk á fóðri, og eru þó ekki öll kurl komin þar til grafar. Lánin eru greidd í gegnum Bjargráðasjóð Íslands, en að tilstuðlan ríkisstj. hefur sjóðnum verið gert fært að sinna þessu hlutverki með lánum úr bankakerfinu. Lánin úr Bjargráðasjóði eru til 7 ára, vaxtalaus, afborgunarlaus tvö fyrstu árin, en eiga svo að greiðast á næstu 5 árum með jöfnum afborgunum.

Á Alþingi í fyrra voru samþ. lög um heimild fyrir veðdeild Búnaðarbankans til útgáfu skuldabréfa til breytinga á lausaskuldum bænda í föst lán. Þessi löggjöf hefur verið gagnrýnd, einkum af framsóknarmönnum, og talin koma bændum að litlu haldi. Ég held samt, að í þessari gagnrýni þeirra fylgi ekki hugur máli, því þeir virðast hafa séð eftir þessari afstöðu sinni og hafa að undanförnu óskað eftir því, að umsóknarfrestur um þessi lán yrði framlengdur. Þessi lán eru til 20 ára, vextir eru að vísu nokkuð háir, en ég er sannfærður um, að það er hagstætt fyrir bændur að geta breytt víxla- og verzlunarskuldum sínum í föst lán með þessum hætti. Nú hefur veðdeild Búnaðarbankans afgreitt 550 lausaskuldalán, að upphæð 91.5 millj. kr. Þá hefur stjórn Búnaðarbankans ákveðið að hækka lán stofnlánadeildar til íbúðarhúsabygginga í sveitum þannig, að þau verði 450 þús. kr. til þeirra, sem hefja byggingu á þessu ári, 400 þús. kr. til þeirra, sem hófu byggingar á árinu 1969, en hafa ekki fengið lokalán. Ennfremur að þeir, sem fengu fullnaðarlán 1969, fái viðbótarlán að upphæð 50 þús. kr. Hér er um verulega hækkun að ræða á íbúðarhúsalánunum og þessi lán eru ekki vísitölutryggð. Hinn óafturkræfi styrkur til íbúðarhúsa í sveitum, sem veittur er á vegum nýbýlastjórnar, hefur verið undanfarin ár 60 þús. kr. Athugað mun verða, hvort ekki reynist unnt að hækka þennan styrk.

Því verður ekki neitað, að gengisfellingin kom illa við bændur. En það hefði einnig komið hart niður á landbúnaðinum sem öðrum atvinnuvegum hefðu efnahagsaðgerðirnar 1968 ekki verið gerðar. Mikilsverðast af öllu fyrir landbúnaðinn er næg og góð atvinna í landinu og að neytendurnir hafi næg peningaráð til þess að kaupa landbúnaðarframleiðsluna. Það bendir allt til þess, að bændur fái fullt grundvallarverð fyrir mjólkurframleiðsluna á s. l. ári. Þeir munu fá 156 millj. kr. meira útborgað fyrir mjólkina árið 1969 heldur en þeir fengu 1968, þrátt fyrir þann samdrátt, sem varð í mjólkurframleiðslunni á s. l. ári. Þá hækkun má rekja til gengisbreytingarinnar og kemur hún upp í þann kostnaðarauka, sem varð á rekstri búanna vegna gengisbreytingarinnar.

Nú er ákveðið, að þeir sveitabæir, þar sem vegalengd á milli bæja er ekki lengri en 1½ km, fái rafmagn á þessu ári og því næsta. Hér er um að ræða um 288 býli. Fjármagn til þessara framkvæmda er tryggt, 62 millj. kr. á þessu ári. Hefur aldrei áður verið veitt svo mikið fé á einu ári til dreifingar raforku um sveitirnar. Þessari ákvörðun ber að fagna, en jafnframt verður að vinna vel að því að ljúka rafvæðingunni á sem skemmstum tíma, svo allir fái notið þeirra þæginda og nytja, sem raforkan veitir.

Nú á þessu vori mun verða ráðizt í stækkun áburðarverksmiðjunnar, og er þess að vænta, að sú breyting á starfsháttum verksmiðjunnar verði til þess, að bændur fái þaðan betri áburð en þeir hafa fengið á undanförnum árum.

Ég sé, að sá stutti tími, sem mér var ætlaður í þessum umr., er þrotinn. Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að allt sé fullkomið, sem hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkar hafa gert á undanförnum árum. Enginn er alvitur og margt orkar tvímælis þegar gert er. En það tel ég mestan styrk núverandi ríkisstj., að hún hefur ekki gefizt upp og lagt árar í bát, þegar á hefur gefið. Hún hefur ráðizt til atlögu við vandamálin og leyst þau. Og það er ætlan mín, að 7. áratugur þessarar aldar skilji eftir sig þau eftirmæli, að þá hafi orðið hin merkustu tímamót í sögu þessarar þjóðar á sviði atvinnulífs og uppbyggingar. Sá stórhugur, sem ríkt hefur með þjóðinni á þessum áratug, mun áreiðanlega ávaxtast í efnahagslegum vexti og aukinni hagsæld þjóðarinnar allrar.

Ég lýk máli mínu með því að óska landsmönnum öllum til sjávar og sveita góðs og gifturíks sumars. – Góða nótt.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þegar hagstæðir atburðir gerast rétt í hlaðvarpanum, lítum við á þá sem sjálfsagða hluti, en gerist minnisstæð atvik í fjarska, finnst okkur mun meira til þeirra koma og okkur dreymir þá stundum um, að slíkir atburðir gerist í návist okkar. Árið 1969 er tvímælalaust merkilegt tímamótaár í sögu þjóðar okkar, enda þótt flestum okkar finnist þeir merkilegu atburðir, sem þá gerðust, sjálfsagðir, svo sjálfsagðir, að menn gleyma jafnvel hverjir voru með og hverjir voru á móti, og menn eru undrandi, þegar rifjað er upp, að ekki voru allir sammála. Álbræðslan í Straumsvík og Búrfellsvirkjun tóku til starfa. Fyrsta jökulfallvatn hér á landi var beizlað til raforkuframleiðslu og fyrsta stóriðjufyrirtækið á þessu sviði hóf framleiðslu sína. Þar með er fyrsta áfanganum náð í uppbyggingu nýrrar mikilvægrar útflutningsgreinar, er byggir á orkuforða landsmanna. Alþingi Íslendinga samþykkti á s. l. ári inngöngu Íslands í Fríverzlunarbandalag Evrópu, sem gefur Íslendingum tækifæri til þess að byggja upp útflutning iðnaðarvarnings, sem fær tollfrjálsan aðgang að um það bil 100 millj. manna markaði. Þessir atburðir marka án nokkurs vafa þáttaskil í atvinnusögu Íslendinga, en grundvallarmarkmið stóriðju og EFTA-aðildar eru hin sömu: að bæta lífskjör og atvinnuöryggi landsmanna með því að skapa nýjar og hagkvæmar útflutningsatvinnugreinar við hlið sjávarútvegsins, sem verið hefur svo til eini útflutningsatvinnuvegur okkar Íslendinga frá öndverðu. Hér er um að ræða árangur af jákvæðri stefnu og starfi þeirra stjórnmálaflokka, sem skipa meiri hl. Alþ. og staðið hafa að ríkisstjórnum þeim, sem starfað hafa s. l. 10 ár undir forsæti formanna Sjálfstfl., þeirra Ólafs Thors og dr. Bjarna Benediktssonar, en svo langt og stöðugt stjórnarsamstarf er einstakt fyrirbrigði í íslenzkri stjórnmálasögu.

Í upphafi þessa stjórnarsamstarfs var mörkuð sú stefna, sem skapað hefur þá möguleika, sem nú blasa við og eiga óefað eftir að hafa hagstæð áhrif á lífskjör okkar Íslendinga um ókomna framtíð. Það efnahagsáfall, sem þjóðarbúið varð fyrir 1967 og 1968, minnti okkur óþyrmilega á, hvílíkt öryggisleysi það er hjá einni þjóð að eiga afkomu sína út á við undir einni framleiðsluatvinnugrein. Þá fengum við og bezt staðfest, að við höfðum lagt inn á réttar brautir til þess að mæta efnahagsáföllum án stórkostlegra afleiðinga. En það er ekki nóg að auka hagnýtingu auðlinda landsins, að stofna til nýrra atvinnufyrirtækja, að afla nýrra markaða, ef ekki er grundvöllur fyrir atvinnureksturinn í landinu til að blómgast og dafna, vegna þess að fyrirtækjum er ekki af hálfu skattheimtu ríkisins gert kleift að fjármagnast, m. a. vegna þess að einstaklingar hafa ekki áhuga á að leggja fé sitt til atvinnurekstrar miðað við óbreytt skattalög.

Það hefur verið á það bent, hvað mjög það hefur háð atvinnurekstrinum í landinu, hversu lítið eigið fjármagn atvinnufyrirtækjanna hefur verið, og það oft og tíðum talið meginorsök lélegs árangurs í rekstri fyrirtækjanna. Með breytingu þeirri, sem gerð var á skatta- og tekjustofnalögunum 1962, var stigið rétt spor í þá átt að efla atvinnulífið. En það sýnir sig, þegar á móti blæs, að betur má gera. Fjárhagslega sterk og vel rekin fyrirtæki verða ævinlega grundvöllur að blómlegu atvinnulífi.

Á Alþ. hafa þessi mál verið á dagskrá að undanförnu. Á síðasta þingi vakti ég athygli á máli þessu með flutningi frv., þar sem lagt var til, að hlutur hlutafjáreigenda yrði bættur og reynt þar með að örva einstaklinga til þess að fjárfesta í atvinnurekstrinum. Um sama leyti fól hæstv. fjmrh., Magnús Jónsson, sérstakri embættismannanefnd að vinna að till. um breytingu á skatta- og tekjustofnalöggjöfinni vegna væntanlegrar aðildar Íslands að EFTA. Var nefnd þessari falið að gera brtt. við nefnda löggjöf í þá átt, að fyrirtækjum væri gert kleift að fjármagnast með eðlilegum hætti og hlutur hlutafjáreigenda yrði bættur með tilliti til sparifjár.

Frv. til l. um breyt. á skatta- og tekjustofnalögum hefur nú verið lagt fyrir Alþ. Hér er um að ræða, eins og kemur fram í grg. með frv., till., sem fást að áliti nefndarinnar eingöngu við hluta af þeim atriðum, sem nauðsyn ber til að marka afstöðu til á þessu sviði, og eru því fyrsta skrefið í endurskoðun á skatta- og tekjustofnalögum. Í frv. þessu felast fjölmörg nýmæli og till. um svo veigamiklar breytingar á þessum málum varðandi fjármögnun og rekstur fyrirtækja svo og aðstöðubreytingu hlutafjáreigenda, að eðlilegt þótti að leggja frv. fram nú á þessu þingi til að kynna þm. málið svo og öðrum, sem hagsmuna hafa að gæta, og gera ekki ráð fyrir afgreiðslu málsins fyrr en á næsta þingi að öðru leyti en bráðabirgðaákvæði varðandi fyrningar, sem ætlað er að komi til framkvæmda við álagningu fyrir tekjuárið 1969.

Þannig er nú unnið að því að tryggja íslenzkum atvinnurekstri samkeppnisaðstöðu við EFTA-löndin skattalega séð, svo og tryggja æskilega fjármögnun fyrirtækjanna og glæða áhuga einstaklinga fyrir fjárfestingu í atvinnurekstri. Þá mun iðnþróunarsjóðurinn, sem nú hefur tekið til starfa, tvímælalaust veita iðnfyrirtækjum mikla aðstoð við endurskipulagningu vegna þeirra breyttu aðstæðna, sem innganga í EFTA hefur í för með sér fyrir íslenzkan iðnað. Fyrir tveim dögum voru samþ. lög á Alþ. um Fjárfestingarfélag Íslands h. f. Er hér um að ræða merkilega nýjung, sem Verzlunarráð Íslands og Félag ísl. iðnrekenda hafa beitt sér fyrir og hv. varaþm. Norðurl. v., Eyjólfur Konráð Jónsson, hefur gerzt talsmaður fyrir hér á hv. Alþ. Hlutverk Fjárfestingarfélagsins verður að efla íslenzkan atvinnurekstur og örva til þátttöku í honum með því að fjárfesta í atvinnufyrirtækjum og veita þeim fjárhagslega fyrirgreiðslu og beita sér fyrir nýjungum í atvinnumálum. Skatta- og tekjustofnalagabreyting sú, sem fyrirhuguð er, svo og stofnun þessa félags mun tvímælalaust verða til þess að örva mjög fjármögnun atvinnurekstrar og gera atvinnulíf okkar fjölskrúðugra.

Mér hefur orðið tíðrætt um þær breytingar, sem nú eiga sér stað og munu eiga sér stað í íslenzku atvinnulífi á næstunni, leiðir, sem farnar hafa verið til þess að skapa meira jafnvægi í íslenzku atvinnulífi og þá um leið reyna að fyrirbyggja svo sem mögulegt er stórar sveiflur í efnahagslífi Íslendinga. En hvað þá um höfuðútflutningsatvinnuveg okkar? Hefur ekkert verið

hugað að eflingu sjávarútvegsins? Þegar við höfum eldhúsdag hér á Alþ., er komið að lokum vertíðar, mjög aflasællrar vertíðar, sem færir okkur heim sanninn um það, að sé fisk úr sjó að fá, höfum við dugmikið fólk til þess að sækja aflann og verka. Við höfum gætt þess að eiga ávallt vel búin tæki til þess að ná í aflann og vinna hann. Ég hirði ekki um að telja upp skipafjölda né mannafjölda skipastólsins né gera samanburð, ekki heldur að gera grein fyrir afkastagetu fiskverkunarstöðva og frystihúsa. Staðreyndin talar sínu máli. Hefði ekki verið sköpuð aðstaða til að sækja allan þennan afla, væri hann ekki á land kominn. Hefði ekki verið sköpuð aðstaða í landi til verðmætaaukningar aflans, væri aflinn ekki orðinn það útflutningsverðmæti sem raun ber vitni.

Einn þáttur sjávarútvegsins hefur þó dregizt aftur úr um stund, en það er togaraútgerð. Kemur hér til breyting, sem hefur orðið á tilkostnaði þessa atvinnurekstrar. Vel má vera, að sá dráttur sé ekki eins óhagstæður og hann virðist vegna mikilla breytinga, sem orðið hafa á þessum atvinnutækjum s. l. ár. Í dag voru samþ. á Alþ. lög um kaup á 6 skuttogurum. Er gert ráð fyrir nokkurri fyrirgreiðslu hins opinbera. Ég er þeirrar skoðunar, að sú aðstoð muni ekki duga til að skapa þann rekstrargrundvöll, sem nauðsynlegur er, ef við á annað borð ætlum að viðhalda togaraútgerð. Ég vil í þessu sambandi benda á, að allar þjóðir innan Efnahagsbandalags Evrópu, sem togaraútgerð stunda, munu greiða með einu eða öðru móti niður stofnkostnað togaraútgerðarinnar að einhverju leyti. Við megum ekki gleyma því, að við höfum gengið á hlut togaraútgerðarinnar, fyrst með mismunum á fiskverði, síðan með aðstöðumismun á fiskimiðum í landhelgi. Þrátt fyrir látlausa gagnrýni stjórnarandstöðunnar hefur lítið sem ekkert jákvætt frá þeim komið, eins og við höfum heyrt í kvöld. Allt það jákvæða í þjóðfélaginu á sér stað að þeirra dómi þrátt fyrir slæma stjórn, en það, sem miður hefur farið í þjóðfélaginu, ber að kenna ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar. En hvernig hafa hv. þm. stjórnarandstöðunnar staðið að afgreiðslu þeirra vandasömu stórmála, sem Alþ. hefur fjallað um? Þeir hafa ýmist verið á móti málum eða lagt til, að málum yrði frestað. Þeir hafa hvorki haft kjark né dug til þess að takast á við vandann og engar umtalsverðar till. haft fram að færa. Rétt er þó að geta þess vegna ummæla hv. 4. þm. Austf., Lúðvíks Jósefssonar, hér í kvöld, að hann flutti brtt. við frv. um kaup á skuttogurum og lagði til, að keyptir yrðu 12 togarar í staðinn fyrir 6. Ég var hissa, að þessi hv. þm. skyldi ekki leggja til, að keyptir yrðu 15 togarar. Sérstaklega er honum þessi tala minnistæð og geðfelld, eins og fram kom í kvöld, frá því að hann sem sjútvmrh. vinstri stjórnarinnar lofaði þjóðinni því, að smíðaðir yrðu 15 nýir togarar. Hv. 4. þm. Austf., þá sem sjútvmrh., stóð ekki við þessi loforð sín, en í kvöld treysti hann á, að þetta væri gleymt, og nú sagði hann, að ef Alþb. hefði ráðið, þá væru 15 nýir skuttogarar komnir til landsins. Trúi hver sem trúa vill.

Góðir hlustendur. Síðasti áratugurinn sýnir okkur, hversu þýðingarmikið það er, að stjórnarforustan sé í höndum manna, sem gera sér grein fyrir þeim margvíslegu viðfangsefnum, sem við er að glíma í samfélagi manna, og hvernig bregðast skal við vandanum af raunsæi, þegar hann ber að höndum. Þá gerist það, sem nú gerist í íslenzku þjóðlífi. Upp úr öldudal efnahagsörðugleika stefnum við fram til aukinna lífskjara, fram til betra lífs. Það er og verður stefna sjálfstæðismanna hvar sem þeir stjórna. – Góða nótt.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Heiðruðu áheyrendur. Formaður Alþfl., Gylfi Þ. Gíslason ráðherra, var að reyna að læða þeirri skröksögu í eyru hlustenda, að í Framsfl. væri hver höndin upp á móti annarri. Þá væri nú munur í Alþfl. Hann er svo samhentur, Alþfl., að ráðh. flokksins drepur frv., sem hann með öðrum ráðh. hefur lagt fram. Slíkt er mjög nýstárleg samheldni. Hún er orðin þrúguð, þjóðin, ef ekki hefur verið hlegið við útvarpstækin, þegar þessi samlíking og saga ráðh. kom hér áðan.

Þegar horft er yfir íslenzkt þjóðlíf eftir rúmlega áratugs valdaferil þeirrar stjórnar, sem hér situr, og þessi þingmeirihl., er hana styður, – en þessi valdasamsteypa kenndi sig upphaflega við viðreisn, kallaði sig viðreisnarstjórn, en er nú hætt af skiljanlegum ástæðum að nefna það nafn, – þá kemur ýmislegt fróðlegt og athyglisvert í ljós af pólitískum verkum stjórnarinnar, þó að ég hafi ekki tíma til að nefna nema fátt eitt hér í stuttri ræðu. Meginhluta þessa valdatíma hefur verið gott árferði og aflabrögð meiri en áður eru dæmi um. Skylt er þó að geta áranna 1967–1968, en þá féll verð sjávarafurða erlendis og síldarafli brást, en slíkt hefur oft áður borið við. Segja má, þegar litið er yfir þetta 10–12 ára tímabil, að afrakstur af auðlindum þjóðarinnar til lands og sjávar hafi verið miklu meiri en áður. Þó hafa á þessum árum verið gerðar fjórar gengisfellingar hver annarri stærri. Til marks um það, hversu hrikalegar þessar gengisfellingar hafa verið, er það, að 1958 var verð eins Bandaríkjadollars 16.32 kr., en nú er verð dollarsins komið yfir 88 kr. Þessi lækkun á gengi íslenzku krónunnar miðað við Bandaríkjadollar er um 440%. Skyldi nokkur maður vita dæmi um slíka meðferð gjaldmiðils annars staðar í heiminum?

Þetta er fyrsta myndin, sem við blasir, þegar litið er yfir þjóðlífssviðið að liðnum rúmlega áratugs valdaferli þeirrar stjórnar, sem gaf sjálfri sér nafnið viðreisnarstjórn. En það gerði hún í sama tilgangi og þeim, sem vakti fyrir Eiríki rauða, þegar hann gaf hinu gróðursnauða og snævi þakta heimskautslandi nafnið Grænland til þess að menn fýsti fremur þangað að flytja. Hið falska græna viðreisnarnafn ríkisstj. átti að hæna menn að hennar flokkum, en nú sjá væntanlega flestir, þegar 10 ára reynsla liggur fyrir, að ekki er nóg að ganga undir fínu nafni. Mönnum er vonandi farið að skiljast, að hin óða verðbólga, sem hér hefur geisað þennan síðasta áratug, og þær firnaháu skuldir, sem safnazt hafa við aðrar þjóðir, eru ekki sízt afleiðing hinnar glæfralegu meðferðar á gjaldmiðli þjóðarinnar.

Hvernig er svo staða atvinnuveganna eftir allt saman? Ég rifja aðeins örfá atriði upp. Bændum hefur fækkað um mörg hundruð. Sjávarútvegur berst í bökkum þrátt fyrir góðan afla. Togaraútgerð hefur dregizt saman um rúmlega helming. Á síðasta ári fækkaði skipum landsmanna og smálestatala skipastólsins lækkaði. Iðnaðurinn er í klípu og þúsundir manna hafa, samkv. tölum um skráningu atvinnu-

lausra, orðið að draga fram lífið á atvinnuleysisstyrk. Vinnuafl þessa fólks hefur því ekki getað komið að notum fyrir þjóðfélagið og er það tjón ómetið. Þá má ekki gleyma því, sem sorglegast er í sambandi við þessi mál, en það er, að yfir 1800 manns fóru af landi burt á s. l. ári, margir að því er virðist fyrir fullt og allt. Flest er þetta fólk á bezta starfsaldri. Þetta er mikil blóðtaka lítilli þjóð. Fleira mætti nefna, sem kemur inn í þjóðlífsmyndina, sem er viðreisnarstjórninni ekki til vegsauka.

Það er eðlilegt, að menn spyrji, hvernig á því standi, að svona skuli hafa farið í höndum þessara manna, sem setið hafa við stjórnvölinn á þjóðarskútunni. Ekki er það af því, að þeir séu illviljaðir, og ekki er það heldur af því, að þá skorti þekkingu og vitsmuni. Nei, annarra skýringa verður að leita, og skýringin er nokkuð auðsæ. Þetta hefur farið svona af því, að valdhafarnir eru haldnir trú á svokallað „lögmál efnahagslífsins." Fyrir því lögmáli telja þeir sig eiga og verða að beygja sig. Það er þeirra trú. Gagnvart náttúruöflunum reyna menn að brynja sig svo vel sem þeir geta og hefur talsvert áunnizt. En valdhafarnir á Íslandi eru svo mjög haldnir trú á eitthvert lögmál, sem gilda á í efnahagslífinu, að þeir vilja ekki reyna að stjórna í andstöðu við þetta ímyndaða lögmál. Þeir telja gengisfellingar eins sjálfsagðar og fellibylji, sem rífa veiku trén upp með rótum og feykja þeim til jarðar. Þjóðin hefur nú reynsluna af því í rúman áratug, hvernig það er að verða að hlíta leiðsögn og stjórn þeirra, sem slíkri trú eru haldnir. Mér dettur ekki annað í hug en að játa, að baráttan við verðbólgu er mjög erfið, en í þeirri baráttu er til mikils að vinna að draga úr og tefja ferð hennar og hver smásigur, sem vinnst, er betri en enginn sigur. Reynslan hefur sýnt það hér, að hinar stórtæku gengisfellingar og háu vextir hafa verkað eins og olía á verðbólgubálið. Flestar þjóðir vilja mikið á sig leggja til að bjarga gjaldeyri sínum frá falli, þegar hann kemst í hættu. En hér hefur fjórum sinnum á 10 árum verið leitað undan straumnum, en ekki á móti, og alþýða manna hefur orðið að taka á sig hverja kjaraskerðinguna á fætur annarri af þeim sökum. Hvað skyldu t. d. margir fjölskyldufeður vera búnir að missa íbúðir sínar og aðrar eignir á nauðungaruppboðum síðustu árin vegna þessara kjaraskerðinga, sem af gengisfellingunum hafa leitt? Aftur hafa þeir vaxið að sama skapi, sem ráð hafa átt á fjármagni og þessar eignir hafa keypt. Þetta er í samræmi við peningalögmálið, sem ríkisstj. trúir á.

Þetta er sú þróun, sem við framsóknarmenn viljum stöðva og teljum hægt að stöðva, ef vilji er fyrir hendi hjá stjórnvöldum. Við teljum, að framar öllu beri að styðja og efla undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar og hjálpa nýjum atvinnugreinum að þróast og ná fótfestu. Ríkisvaldið þarf að styðja að eðlilegri dreifingu atvinnutækja um byggðarlög landsins og veita fjármagni til þeirra með sanngjörnum hætti. Þannig verður bezt lögð undirstaða að fjárhagslegri velmegun lands og lýðs. Það er talið, að Íslendingar séu meðal þeirra þjóða, sem hæstar eru að þjóðartekjum miðað við mannfjölda. Sé það rétt, ættu þeir að geta búið við traustan efnahag og almenna velmegun. Það fer hins vegar ekki fram hjá þeim, sem sjáandi eru, að lífskjör fólks hér á landi eru mjög misjöfn og margir eru blátækir. Í landi, sem hefur háar þjóðartekjur miðað við mannfjölda og engan herkostnað, þar hlýtur að vera hægt að útvega öllum atvinnu, útrýma fátækt og veita þeim, sem vilja menntast, allgóða aðstöðu til þess. Þetta krefst þess að vísu, að stjórnað sé með slíkt markmið fyrir augum, að föstu skipulagi sé komið á í þjóðarbúskapnum og náð verði sem víðtækustu samstarfi stjórnmálaflokka um löggjafarmál, er taka til þessara höfuðviðfangsefna.

Ég vil þá víkja nokkrum orðum að landbúnaðarmálum, en sá þáttur í þjóðarbúskapnum er mjög þýðingarmikill. Í fyrsta lagi fæðir landbúnaðurinn þjóðina að miklu leyti. Í öðru lagi veitir hann á milli 10 og 20% þjóðarinnar atvinnu, fyrir utan alla þá vinnu, sem hann skapar við verzlun og dreifingu landbúnaðarvara. Þá er einnig mikill iðnaður í sambandi við landbúnaðarvörur og fer vaxandi. Hvernig er nú skilningur valdhafanna gagnvart þörfum þessa elzta atvinnuvegar? Ég nefni nokkur dæmi: Bændur eru látnir borga sérstakan skatt af hinu lága kaupi sínu í lánasjóðinn. Bændur verða að borga miklu hærri vexti af fjárfestingarlánum sínum heldur en stéttarbræður þeirra í nálægum löndum og lánin eru til miklu skemmri tíma en annars staðar þekkist. Bændur hér eiga engan fastan aðgang að rekstrarlánum. Afurðalán til bænda hér standa næstum í stað að krónutölu, þó að verðbólgan vaxi með hverju ári og þótt framleiðslan hafi aukizt að magni. Hér verða bændur að bíða eftir afurðaverðinu eða hluta af því mánuðum og missirum saman, öfugt við það, sem er í nálægum löndum, þar sem meginhluti verðsins er greiddur við afhendingu framleiðslunnar. Þá bætist það og við, að hér eru rekstrarvörur bænda, eins og t. d. áburðurinn, skattlagðar eins og um lúxusvörur væri að ræða. Má þar nefna, að söluskatturinn af rafmagninu, sem Áburðarverksmiðjan notar, hækkaði verð Kjarnans nú í vor um 170 kr. á hvert tonn, sem þýðir fleiri millj. kr. útgjöld fyrir bændastéttina í heild. Hvað þýðir svo þetta í verðbólgumálunum? Það þýðir, að verð landbúnaðarvara verður að hækka. Það leiðir svo aftur af sér bæði minnkandi neyzlu þessarar hollu fæðu og nýtt og nýtt launaskrið. Síðan getur svo farið við minnkandi neyzlu landbúnaðarvara, að birgðir hlaðist upp. Það getur orsakað, að bændur fái ekki það verð, sem þeir eiga að fá. Ég nefni sem dæmi, að við söluskattshækkunina í vetur minnkaði sala bæði á ostum og smjöri. Á sama tíma og þetta gerist, er hafin í landinu framleiðsla á gervivörum til að keppa við framleiðslu bænda og ryðja henni til hliðar, meðan valdhafar halda enn að sér höndum. Þannig leiðir hvað af öðru og dýrtíðar- og skattahækkunarspólurnar snúast með meiri og meiri hraða. Þessi frammistaða í málum bænda leiðir af sér fækkun þeirra, og þeir, sem gefast upp við búskapinn, bætast í hóp þeirra í bæjum og þorpum, sem þurfa á atvinnu að halda.

Bændum hefur á síðustu árum fækkað um nokkur hundruð. Þó mun stefnan vera sú hjá stjórninni, að þeim fækki enn örar á næstu árum, því að samkv. áætlun eða spá Efnahagsstofnunarinnar er gert ráð fyrir, að bændur verði ekki nema 3700 árið 1980. En nú eru þeir taldir vera um 5000. Þó er því spáð, að þjóðinni muni fjölga um 50 þús. á sama tíma. Bændur eru samkv. opinberum skýrslum alltaf tekjulægstir allra starfs-

stétta í landinu, og auk þess búa margir þeirra við minni þægindi en fólk í þéttbýli. Ég dáist að seiglu og þrautseigju þess bændafólks, sem bíður og vonar, að sú langþráða stund renni upp, að rafmagnið verði leitt í bæi þess til að veita orku, ljós og yl, en sér þó enn engin merki um, að slíkir draumar geti rætzt í bráð. Nú má ekki lengur bíða með að taka lokasprettinn og ljúka því, sem eftir er. Það hljóta allir að skilja, að óvissan fyrir þá, sem bíða, er orðin óþolandi. Það er mín skoðun, að á öllum byggilegum stöðum landsins eigi að vera aðgangur að rafmagni frá samveitum. Það má eiginlega með sanni segja, að slíkt sé jafnnauðsynlegt fyrir nútímamanninn eins og að hafa vatn og andrúmsloft. Ég álít, að ekki sé meira eftir að gera í þessu efni en svo, að það sé vel hægt fjárhagslega að ljúka því á 3–4 árum, og það verði að gera það.

Minn tími hér í þessum umr. mun nú senn liðinn. Ég vil að lokum segja við þjóðina, að hún má ekki gleyma því, að þótt stundum geti orðið hart árferði hér, þá eigum við gott land, sem áreiðanlega getur veitt öllum landsins börnum allgóð lífskjör, ef fast er sótt til fanga hvort sem er til lands eða sjávar. Þjóðin verður auðvitað að gera miklar kröfur til sjálfrar sín, öðru vísi vegnar engri þjóð vel. Hún verður líka að vera ströng við þá, sem hún felur völdin, hverjir sem þeir eru, og heimta það, að heilbrigð skynsemi ráði gerðum valdhafanna og umhyggja fyrir allra hagsæld. Þjóðin verður að byggja landið allt og leiðarstjarna valdhafanna verður að vera sú, að hagsæld þegnanna sé sem jöfnust. Það er léleg búmennska að misfóðra hjörðina, ofala suma, en hálfsvelta aðra. Slíkt getur endað á sama hátt og í draumi Faraós, þegar mögru kýrnar tóku sig til og átu þær feitu.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Góðir hlustendur, nær og fjær.

Fyrir nokkrum árum varð ég samferða málhressum sjálfstæðismanni í flugvél milli landsfjórðunga. Hann fór að spjalla við mig um íslenzk stjórnmál og sagði á þeim kost og löst. Þetta var á þeim tíma, þegar allt lék í lyndi, á síldarárunum eftir 1960. Þessi ágæti sjálfstæðismaður kvaðst vera sammála mörgu í gagnrýni stjórnarandstöðunnar og hans von væri, að ríkisstjórnin sæi að sér áður en langt um liði, því annars mundi illa fara um það er lyki. „Það mundi illa fara fyrir þjóðinni", sagði hann, en svo bætti hann við eftir dálitla umhugsun: „Og þó, þið eruð svo helvíti linir. Hann Bjarni hlustar ekki á rök, hann skilur ekkert nema hörkuna." Þetta þótti mér allútþrykkilegt orðalag um sjálfan forsrh. landsins og tók það tæpast trúanlegt. En oft hafa þessi orð komið mér í hug síðan og margt var það í ræðu forsrh. hér fyrr í kvöld, sem minnti á þá ásökun viðmælanda míns, að ráðh. hlustaði ekki á rök. Hann sagði m. a., að stjórnarandstæðingar hefðu viljað drepa öllum úrræðum í vandamálum þjóðarinnar á dreif, þegar kreppan gekk yfir þjóðina á árunum 1967–1968. Einnig kallaði forsrh. málflutning stjórnarandstöðunnar sparðatíning, sem ekki væri svara verður. Auðvitað meinar forsrh. þetta ekki, og hann getur ekki ætlazt til, að neinn taki mark á slíku tali.

Menntmrh. flutti enn einu sinni þá tegund ræðu, sem kölluð hefur verið „framsóknarræðan", og er að efni til heldur illa orðaðar skammir en á lítið skylt við venjulegan rökrænan málflutning, sem almennt er reiknað með af vörum ráðh.

Ég vil sérstaklega bjóða hlustendum mínum, landsmönnum öllum til sjávar og sveita, gleðilegt sumar. Öll íslenzka þjóðin á mikið undir afla sumarsins. Enn er sumarið aðal bjargræðistími íslenzku þjóðarinnar, þrátt fyrir breytta atvinnuhætti. Það eru ekki bændur einir, sem eiga sitt undir sumarafkomunni, heldur einnig þorri sjómanna, verkamanna og iðnaðarmanna, að ógleymdum hinum fjölmenna hópi námsmanna, sem háður er sumaratvinnunni sinni, svo að hún ræður úrslitum um það, hvort þeim sé fjárhagslega kleift að stunda nám eða ekki. Þannig fléttast hagsmunir manna saman, þannig er þjóðfélagskerfið ein órjúfandi heild. M. a. af þeirri ástæðu hlýtur það að vera hið eina rétta markmið skynsamlegrar stjórnarstefnu, að taka tillit til heildarinnar. Stjórna þannig, að jafnvægi ríki milli hagsmunaaflanna í þjóðfélaginu, milli stétta og starfshópa og á milli atvinnugreina, í stað óhæfilegrar togstreitu og árekstra.

Ekki verður því með rökum andmælt, að á árabilinu 1960–1970 veittust íslenzku þjóðinni margvísleg tækifæri til að byggja atvinnulífið upp til frambúðar og efla og þróa aðra þætti þjóðarbúskaparins, fyrst og fremst á sviði félags- og menningarmála. Eigi að síður verða eftirmæli þessa árabils þau, að þá hafi stjórnendur landsins gefizt upp við að stjórna, en látið reka á reiðanum. Í stað þess að hagnýta hin gullnu tækifæri góðærisins, glopruðu þeir þeim niður eins og óvitar, sem ekki kunna með verðmæti að fara. Þess vegna var þjóðin óviðbúin að mæta kreppunni, sem dundi með ofurþunga á henni, skömmu eftir kosningar 1967. Því miður tókst ríkisstjórninni að leyna þjóðina því, sem var í vændum, þrátt fyrir viðvaranir stjórnarandstöðunnar þá og síðar. Ríkisstjórnin er kunn að því á undanförnum árum að skella skollaeyrum við réttmætum og rökstuddum till. og ábendingum stjórnarandstöðunnar á Alþ., enda kallar forsrh. málflutning stjórnarandstæðinga sparðatíning og öðrum slíkum ónefnum. Barátta okkar framsóknarmanna fyrir endurbótum á flestum grundvallarþáttum nútímaþjóðfélags hefur næsta lítinn árangur borið. Till. okkar um skipulega uppbyggingu atvinnulífsins hefur ekki verið sinnt svo að gagn sé að, hvað þá að sinnt hafi verið till. okkar um rækilega endurskoðun stefnunnar í menntamálum og félagsmálum og öðru því, sem snertir velferðarmál borgaranna. Ríkisstjórnin hefur ekki hlustað á rökstuddan málflutning og lýðræðislegan málatilbúnað.

Því miður hefur það komið í ljós hin síðari ár víðast hvar í heiminum, að lýðræðislegar baráttuaðferðir, rökræður og rökstuddar till. eiga örðugt uppdráttar, jafnvel í hópi þjóða, sem vilja telja sig í hópi verndara lýðræðis og frjálsrar skoðanamyndunar. Valdhafar eru hættir að hlusta á rökræður, þeir virðast skilja betur hrottaskap og ofbeldi. Fjölmiðlarnir, ekki sízt sjónvarp, hvar sem er í heiminum sperra þá fyrst eyrun þegar ofbeldisaðgerðum í einni eða annarri mynd er beitt, enda í senn ákaflega myndrænt og dramatískt. Þetta er ekki sagt að tilefnislausu. Það er vissulega íhugunarefni og áhyggjuefni, hversu ofbeldi og þvingunaraðgerðir sækja á í heiminum, sem aðferð til þess að ná eyrum

fréttamiðlara og valdamanna, sem eru hættir að hlusta á rökræður.

Ég sé ekki betur en að sama þróunin sé að gerast hér á landi. Um það bera nýliðnir viðburðir meðal annars gleggst vitni. Að vísu mun meiri hluti Íslendinga fordæma ofbeldisaðgerðir, en ætli flestum sé samt ekki hollast að skoða þessa atburði í réttu ljósi. Við lifum á miklum umbrotatímum. Það fer ólga um heiminn. Öldur hennar munu einnig skella á ströndum þessa lands og hafa gert það. Ýmislegt bendir til, að ráðamenn núverandi ríkisstjórnar á Íslandi séu fúsari til viðræðu við uppþotsmenn en að hlusta á hófsamlegan málflutning þeirra, sem enn virða leikreglur lýðræðis og viðtekna umgengnishætti siðaðs fólks. Þótt Gylfi Þ. Gíslason hafi talað digurbarkalega hér í kvöld um öfgamenn og uppivöðsluseggi, þá er það staðreynd, að hann hefur átt annríkt síðustu daga í viðtölum og fyrirferðarmiklum bréfaskriftum og skeytasendingum við öfgamenn út um allar jarðir. En hann hefur tæplega anzað þm., sem árum saman hafa hvatt til þess að taka námsstyrkjakerfið m. a. til endurskoðunar og færa það til nútímahorfs.

Ég minnist líka viðbragða menntmrh. og prófessora háskólans s. l. sumar, þegar deilan stóð um takmörkun aðgangs að læknadeildinni. Skipulagðar mótmælaaðgerðir og vel auglýstar þvingunaraðgerðir gegn menntmrh. persónulega báru meiri árangur til endurskipulagningar háskólanáms en margra ára orðræður samkvæmt þingsköpum Alþ. Árangurinn var m. a. sá, að sérstök háskólanefnd, sem lítið eða ekkert hafði aðhafzt árum saman, skilaði á skammri stundu athyglisverðu áliti um þróun og eflingu háskólans næstu 10 árin. Ríkisstj. hefur í vetur hátíðlega lofað að beita sér fyrir framkvæmd þeirrar áætlunar, sem þar er fyrirhuguð. Þá vantaði ekki viljann. Þá vantaði ekki peningana. Menntmrh. ætti því ekki að láta líta svo út, sem hann hafi þvingunaraðgerðir mannsafnaðar að engu.

En málefni háskólans er ekki hið eina sem þarfnast endurskoðunar og úrbóta. Menntamál þjóðarinnar í heild þarfnast gagngerðrar endurskoðunar við. Ekki er sízt þörf á að jafna námsaðstöðu eftir búsetu í landinu og eftir efnahag fólksins. Tryggingamálin standa ekki með neinum blóma um þessar mundir. Einkum eru málefni aldraða fólksins stórlega vanrækt. Húsnæðismálin eru nú með þeim hætti, að ríkisstjórnin hefur algerlega gefizt upp við að setja sér nútímaleg markmið í þeim efnum, það sannast bezt á húsnæðismálafrv., sem nú liggur fyrir Alþ. og enginn veit hver afdrif fær. Heilbrigðismál og læknisþjónusta á Íslandi eru í niðurníðslu. Læknadeild Háskóla Íslands er aðallega notuð til þess að framleiða ódýrt sérmenntað vinnuafl handa Skandínövum og Ameríkönum, en almenningur í landinu, sem verður að borga brúsann, er svikinn um eðlileg viðskipti við lækna. Óumflýjanlegar rafvæðingarframkvæmdir í sveitum landsins og í þágu vaxandi iðnaðar sitja á hakanum, á meðan raforkuyfirvöldin bollaleggja um að byggja Assuan-stíflu austur í Fljótsdal árið 2000.

Almenningur í landinu spyr, hvað til þurfi til þess að komast í kallfæri við ríkisstj. Reynslan sýnir, að hún hlustar ekki á rök og hófsaman málflutning. Hins vegar dekrar hún við þá, sem gefa henni utan undir. Og ef það er aðferðin til þess að fá Bjarna Benediktsson og Gylfa Þ. Gíslason til að hlusta á réttmætar ábendingar í framfaramálum, þá kann að vera, að þeirri aðferð aukist fylgi, hvort sem mér persónulega eða hæstv. ráðh. líkar betur eða verr.

Við skulum þó vona, að til þess þurfi ekki að koma. Við skulum vona, að lýðræðið standi enn föstum fótum í landinu. Við skulum vona, að Alþ. fái að njóta þeirrar virðingar, sem því ber, en þá verða ráðamennirnir, meirihlutamennirnir að muna það, að lýðræðið er ekki einkaeign meirihlutans, minni hlutinn verður líka að fá að njóta sín ef lýðræðið á að dafna, ekki sízt þegar svo háttar, að sami meirihluti fer óvenjulega lengi með völdin.

Ég býð hlustendum góðar nætur.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Í nóvembermánuði s. l. gat ríkisstj. okkar haldið upp á 10 ára afmæli sitt. Er það óvenjulangur aldur ríkisstj. í lýðræðislandi. Lengst af hefur stjórnarsamvinnan verið ákaflega snurðulítil og stjórnarliðið býsna samhent, eins og Bjarni Benediktsson forsrh. lagði áherzlu á í ræðu sinni hér í kvöld. Þessu skal ekki neitað. Undanfarna mánuði hefur þetta þó verið að breytast, og nú er svo komið, að stjórnarherrarnir dunda við það að fella eða stöðva stjórnarfrv. hver fyrir öðrum. Sambúðarvandamál stjórnarflokkanna gerast nú æ fleiri, ákvarðanirnar slappari, stefnan reikulli. Það dylst víst engum, að hér er komið að lokum stjórnartímabils, sem í upphafi var kennt við viðreisn. Hér er ekki tóm til að gera rækilega úttekt á þessum 10 ára stjórnarferli, hverju lofað var og hverjar efndirnar urðu. En hér þarf ekki heldur mörg orð um að hafa. Naumast þarf annað en að minna á helztu stefnuskráratriðin, sem fram voru sett fyrir 10 árum, til þess að allir geri sér ljóst, að framkvæmdin hefur hrapallega mistekizt.

Það átti að stöðva verðbólguna. Það átti að tryggja verðgildi krónunnar. Það átti að draga úr skuldasöfnun erlendis. Það átti að minnka óþarfa eyðslu. Það átti að fækka ráðum og nefndum. Það átti að hætta skattpíningu. Það átti að endurnýja og auka atvinnutæki og efla atvinnuvegina. Það átti að bæta lífskjör almennings.

Hér skal einungis vikið að síðast nefnda atriðinu, hvernig gengið hefur að bæta lífskjörin. Kunnugt er, að síðustu 10 árin hafa verið mesti framfaratími í flestum Evrópulöndum. Aldrei hafa orðið stórstígari verklegar framfarir né félagslegar umbætur á Norðurlöndum. Á menntunarkerfi landanna hafa orðið stórbreytingar, svo að byltingu er líkast. Þjóðirnar hafa aukið framleiðsluna ár frá ári og endurskipulagt atvinnuvegina. Í kjölfar þessa hafa lífskjörin farið mjög batnandi í öllum nálægum löndum. Víða, svo sem á Norðurlöndum, eru lífskjörin nú talin 30–50% betri en þau voru fyrir 10 árum. M. ö. o.: kaupmáttur launa hefur hækkað sem þessu svarar, miðað við verðlag.

Ísland er hér undantekning. Hér er kaupmáttur launa verkamanns til stórra muna lægri árið 1970 en hann var árið 1959, miðað við vísitölu kaupgjalds annars vegar en vísitölu verðlags hins vegar. Mun láta nærri, að kaupmáttur tímakaups Dagsbrúnarmanns hafi lækkað um rúm 20% síðan 1959. Þetta eru furðu-

legar tölur, en þær eru eigi að síður sannar og bera stjórnarstefnunni næsta ófagurt vitni.

Talsmenn ríkisstj. munu segja: Árin 1967 og 1968 voru erfið ár. Þá brugðust síldveiðar, þá lækkaði fiskverð. En 8 af 10 stjórnarárum þessarar ríkisstj. hafa ýmist verið góð ár eða ágæt, bæði að því er aflabrögð og afurðaverð snertir. Núverandi ríkisstj. hefur fengið upp í hendurnar einstakt tækifæri til að treysta og efla atvinnuvegi þjóðarinnar og gera þeim kleift að standa undir bættum lífskjörum almennings, mikilli sókn á sviði félags- og menningarmála og fjölþættum umbótum á ýmsum öðrum vettvangi. En í stað þess var skipulegri stefnu í efnahags- og atvinnumálum hafnað, blind gróðasjónarmið fengu að segja til um það, hvert fjármagnið rann og hvert vinnuaflið leitaði. Frelsi auðmagnsins fékk að vera einrátt með þeim afleiðingum, sem við blasa. Laun hins vinnandi manns eru hér þriðjungi til helmingi lægri en í nálægum löndum. Á sama 10–11 ára tímabilinu, sem þau hafa vaxið þar að raungildi um 30–50 hundraðshluta, hafa þau rýrnað hér um yfir 20%. Á undanförnum árum hefur alþýða þessa lands orðið að heyja látlausa varnarbaráttu gegn sameinuðu valdi atvinnurekenda og stjórnvalda, enda raunin orðið sú, að verkalýðnum hefur hvergi nærri tekizt að halda í horfinu. Hvenær, sem vanda bar að höndum í atvinnulífinu, þótti sjálfsagt að skerða kaupið. Kaupgjaldið var eini kostnaðarliðurinn, sem að dómi stjórnvalda og atvinnurekenda var hægt að lækka. Á 10 ára valdaferli núverandi ríkisstj. hefur dunið yfir hver kjaraskerðingin á fætur annarri í formi gengislækkana, verðhækkana og skertrar vísitölu. Og að þrýsta kaupgjaldinu niður með einhverjum ráðum hefur alla tíð verið æðsta boðorð núverandi valdhafa og helzta hagstjórnartæki þeirra. Nú er líka svo komið, að almennur launamaður á Íslandi býr, eins og ég áðan sagði, við þriðjungi til helmingi lægri rauntekjur en stéttarbræður hans annars staðar á Norðurlöndum.

Svo fast hefur sorfið að íslenzkum námsmönnum, einkum þeim, sem verða að sækja menntun sína til annarra landa, að sumir hafa þegar orðið að hætta við nám og aðrir sjá hið sama blasa við. Þetta þarf engan að undra, þegar þess er gætt, að tvær stórfelldar gengisfellingar með árs millibili hækkuðu erlendan námskostnað um meira en helming, á sama tíma sem atvinnumöguleikar námsmanna versnuðu og tekjur aðstandenda þeirra margra rýrnuðu stórlega. Sú ömurlega mynd blasir nú við að nýju, að háskólanám er að verða forréttindi efnafólks. Þetta eru ekki ýkjur, þetta eru blákaldar staðreyndir, sem engar vífilengjur, ekkert innantómt gaspur fær dulið. Hugleiðingar hæstv. menntmrh. í ræðu hans hér áðan um kenningar Herberts Marcuse og bollaleggingar hans um Alþb. í þessu sambandi breyta hér engu um. Annars verður það að segjast, að stöðugur órói og margvíslegar uppákomur undanfarinna missira á vettvangi fræðslu- og skólamála þyrftu að verða Alþ. og ríkisstj. alvarleg áminning. Þessi mál eru öll í deiglunni og miklum breytingum háð. Þau eru viðkvæm og vandmeðfarin, og sízt má kasta höndunum til þeirra. Þar duga ekki til frambúðar sífelldar hraðsaumaðar bráðabirgðalausnir á elleftu stundu. Gylfi Þ. Gíslason, hæstv. ráðh., sem fer með þessi ákaflega mikilvægu mál og hefur gert það lengi, er hæfileikamaður, en hann hefur mörgu að sinna. Í menntmrn. segist hann mjög sjaldan koma, og er að eigin sögn ákaflega hissa, þegar einhverjum dettur í hug, að hann sé þar að finna. Hann er viðskmrh., og í því ráðuneyti er hans skrifstofa. Hann er alþm., hann er form. stjórnmálaflokks, hann er form. þingfl. Ég held, að reynslan hafi nógsamlega sýnt, að nú á tímum er ekki hægt að gegna embætti menntmrh. í hjáverkum.

Það leikur naumast á tveim tungum, að aðstæður til að knýja fram kjarabætur eru verkafólki og öðrum launþegum hagstæðari nú en verið hefur um hríð. Fiskafli hefur aukizt, verðlag á útflutningsafurðum hækkað stórlega og afkoma þjóðarbúsins batnað mjög, þrátt fyrir óbreytta og ógæfulega stjórnarstefnu. Það er líka orðin knýjandi nauðsyn, að kaup hækki til mikilla muna og endir verði bundinn á það sjálfvirka kauplækkunarkerfi, sem núverandi kjarasamningar hafa orðið í reynd. Hækkun kaupgjalds og kaupgetu almennings er brýn nauðsyn þjóðarbúinu sjálfu og atvinnuvegunum ekki sízt, m. a. til þess að stöðva fólksflótta úr íslenzku atvinnulífi til annarra landa. Því aðeins tekst að halda hér uppi eðlilegu þjóðlífi, sem á sér þróunarmöguleika, að allur almenningur búi við lífskjör, sem séu í nokkru samræmi við kjörin í nálægum löndum.

Þegar verkalýður landsins og aðrar launastéttir búa sig nú undir það að berjast fyrir hækkuðu kaupi og bættum kjörum, þurfa þær jafnframt að læra af biturri reynslu undanfarinna ára. Hin pólitíska barátta er ekki síður mikilvæg. Á þeim vettvangi er einnig barizt um kaup og kjör hins vinnandi manns. Þar er tekizt á um það, hvort halda eigi áfram þeirri háskalegu stefnu að láta launastéttirnar bera kostnaðinn af viðreisnaróstjórninni. Á því leikur ekki nokkur vafi, að í þeirri kjarabaráttu, sem nú er framundan, setur launafólk fyrst og fremst traust sitt á Alþb.-menn í verkalýðsfélögunum. Það treystir því, að þeir hafi forustu um að samstilla alla krafta til átaka. Alveg án tillits til stjórnmálaskoðana ætlast fólkið til þess, að hinir róttæku menn í verkalýðshreyfingunni, Alþb.-mennirnir, stjórni faglegu kjarabaráttunni og leiði hana til sigurs. Og það munu þeir líka gera. En kjarabarátta er jafnframt og ekki síður háð á sviði stjórnmálanna. Einnig á þeim vettvangi eiga launastéttirnar nú sterkan leik: að fylkja sér um Alþb., efla það og breyta á þann hátt valdahlutföllunum í þjóðfélaginu sér í hag. Jafnhliða kjarabaráttunni í vor eða í kjölfar hennar fara fram bæjar- og sveitarstjórnarkosningar og alþingiskosningar ekki síðar en á næsta vori. Í þessum tvennum kosningum gefst launastéttunum tækifæri til að stórefla flokk sinn, Alþb., eina vinstri flokkinn, sem nokkurs er megnugur, eina flokkinn, sem íhalds- og afturhaldsöflin hræðast. Takist Alþb. að treysta vígstöðu sína í sveitarstjórnarkosningunum í vor, getur það unnið stórsigur í alþingiskosningunum að ári. Slíkur sigur einn tryggir það, að ávinningur kjarabaráttunnar í vor verði ekki fyrr en varir að engu gerður.

Fyrir kemur, að fáein orð, sem einhver lætur falla líkt og af tilviljun, séu eins og svipleiftur, er sýni kjarna stórmáls í réttu og skæru ljósi. Slík orð voru sögð, þegar fulltrúi norsku sendinefndarinnar á þingi Sameinuðu þjóðanna kom á fund Íslendinga og bað þá að standa

með Norðmönnum og fleiri þjóðum að flutningi tiltekins máls. „Ég skal láta þess getið", bætti hann við, „að Bandaríkin hafa þegar heitið málinu stuðningi." Hér var ekki af neinni illkvittni mælt í garð Íslendinga, en Norðmaðurinn var raunsær, og reynslan hafði kennt honum, að rökræður hrukku of skammt til að móta afstöðu íslenzkra ráðamanna til utanríkis- og alþjóðamála. Þar var hitt þungvægara: hvað vilja Bandaríki Norður-Ameríku? Þessi hlýðniafstaða íslenzkra ráðamanna gagnvart Bandaríkjunum kemur þráfaldlega fram á þingi Sameinuðu þjóðanna, á þingi Evrópuráðsins, í NATO og víða annars staðar. Í umr. á Alþ. um utanríkismál í síðasta mánuði nefndi ég ýmis dæmi þessa, dæmi, sem ekki hefur verið reynt að andmæla með rökum. Enda þótt kalda stríðið sé nú fyrir löngu úr sögunni, sem betur fer, og æ fleiri Evrópuþjóðir séu að brjótast úr þeirri hugmyndafræðilegu og herfræðilegu spennitreyju, sem þær voru hnepptar í, eru þess sorglega lítil merki, að íslenzkir ráðamenn geti nokkru gleymt eða nokkuð lært í þessum efnum.

Við Alþb.-menn höfum kostað kapps um að knýja fram umr. og endurmat á íslenzkri utanríkisstefnu, þeirri stefnu, sem hefur að hornsteinum aðild að hernaðarbandalagi og bandaríska hersetu. Bæði á síðasta þingi og á öllu þessu þingi, síðan snemma í nóvember, hefur legið fyrir þáltill. okkar um úrsögn úr NATO og uppsögn herstöðvasamningsins. En þessi stórmál hafa ekki fengizt tekin fyrir til afgreiðslu. Hér á Alþ. ríkir meðal stjórnarliða undarleg tregða til að taka þátt í málefnalegum rökræðum um stefnuna í utanríkis- og sjálfstæðismálum. Að vísu hefur núverandi utanrrh. gert hér þá bragarbót að flytja þinginu skýrslu um þessi mál einu sinni á ári, og þingforseti heimilað umr. um hana. Þetta er að vísu framför frá því sem áður var, þar eð fyrirrennari núverandi hæstv. utanrrh. virtist líta á utanríkismálin sem alger einkamál sín og geymdi upplýsingar um þau, með leyfi að segja, í rassvasanum. En tregðan til rökræðna er vissulega fyrir hendi. Því er líkast, að fylgjendur hernámsins beri kvíðboga fyrir því, að almennar umr. fái æ fleiri til að hugsa þessi mál og endurmeta afstöðu sína. Það, sem þeir óttast, er ekki hvað sízt, að andstaða ungs fólks gegn hersetunni eigi eftir að eflast og magnast svo, að við ekkert verði ráðið. Þessarar andstöðu gætir í síauknum mæli. Hún lýsir sér í vaxandi þrótti og sóknarþunga Alþb. Hún kemur einnig fram innan hernámsflokkanna sjálfra, þar sem ný kynslóð er að taka upp baráttuna gegn herstöðvastefnunni.

Á síðasta ári voru 20 ár liðin frá því að NATO var stofnað. Héðan af er hverju aðildarríki innan NATO heimilt að segja sig úr bandalaginu með einhliða ákvörðun sinni. Um þetta vilja íslenzkir NATO-sinnar sem allra minnst ræða. Þeir telja hagkvæmast, að á það sé litið sem sjálfsagðan hlut, eins konar náttúrulögmál, að við verðum áfram í hernaðarbandalagi. Svipuð eru viðhorf ráðamanna til herstöðvamálsins. Þeir eru ófáanlegir til að endurskoða afstöðu sína til þess.

Í næsta mánuði eru 30 ár síðan erlendur her steig hér fyrst á land, og 19 ár síðan hernámsflokkarnir kölluðu bandaríska herliðið hingað á nýjan leik. Meira en annar hver núlifandi Íslendingur er fæddur í hernumdu landi. Og það er síður en svo, að af hálfu íslenzkra valdhafa sé á þessu fyrirhuguð nokkur breyting. Enda þótt Bandaríkin kunni á næstunni að fækka herstöðvum sínum í Evrópu, virðist ljóst, að núverandi ráðamenn á Íslandi ætli þeim að vera hér áfram og hreiðra um sig til frambúðar. Ekki alls fyrir löngu var frá því skýrt, að síðustu þrjú árin hefði bandaríska herstjórnin hér látið reisa 300 nýjar íbúðir á Keflavíkurflugvelli. Á flugvellinum er áformað eða verið að reisa gagnfræðaskóla, stórt sjúkrahús, verzlunarmiðstöð og birgðageymslur fyrir tugi eða hundruð millj. kr. Frá þessu hefur verið skýrt opinberlega. Það virðist því ekkert fararsnið á bandaríska herliðinu á Miðnesheiði. Um sjálfar hernaðarframkvæmdirnar og hernaðartækin þar suður frá fréttist minna, og er þó víst, að öll önnur umsvif og mannvirkjagerð er einungis til orðið þeirra vegna.

Við Alþb.-menn höfum oft spurt, bæði utan þings og innan, hvaða drápstæki og hernaðarvopn séu á Keflavíkurflugvelli. Við höfum aldrei fengið skýr svör, stundum lítið annað en vífilengjur.

Mér hefur ekki úr minni liðið atburður, sem gerðist fyrir rúmu ári og vakti þá heimsathygli. Ein þeirra 2–3 þús. herstöðva, sem Bandaríkjamenn hafa komið sér upp víðs vegar um heim, er á japönsku eyjunni Okinawa á Kyrrahafi. Þar gerðust þau tíðindi, að hópur hermanna veiktist af eiturgasi, sem lekið hafði úr einum af geymum hernámsliðsins. Við rannsókn kom í ljós, að án vitundar japanskra yfirvalda geymdu Bandaríkjamenn í þessari herstöð einni slíkar birgðir af taugagasi, að drepa mátti með tugi eða hundruð milljóna manna. Og þess konar eiturefni reyndust ekki aðeins vera á Okinawa, heldur í fjölmörgum herstöðvum Bandaríkjamanna í Asíu. Alkunnugt er, að í hinni hryllilegu styrjöld í Víetnam hafa Bandaríkjamenn notað hvers konar eiturefni til að eyða jafnt mannlífi sem dýralífi og gróðri, til að eitra og menga láð, loft og lög. Með tilliti til þessarar vitneskju, að ógleymdri þeirri staðreynd, hverju Bandaríkjamenn hafa haldið leyndu um fyrirgreind efni fyrir samherjum sínum í öðrum löndum, hlýtur maður að spyrja: Eru slík eiturefni geymd víðar í bandarískum herstöðvum en frá hefur verið skýrt? Hvaða hernaðar- og drápstæki eru varðveitt í herstöðinni á Miðnesheiði? Ég veit það ekki. Íslenzkir ráðherrar vita það ekki heldur. En eitt er víst. Langvarandi nábýli við herstöð fylgir margvíslegur háski, ekki sízt andleg ólyfjan.

Við lifum á tímum, þegar mannkynið býr yfir þeirri eyðingartækni, sem nægir til að tortíma öllu lífi á jörðunni. Sú staðreynd ætti að vera hverjum manni ljós, að friðsamleg sambúð þjóða, sem búa við ólík hagkerfi, er ekki aðeins möguleg, heldur er hún óhjákvæmileg, eigi heimurinn ekki að brenna í Surtarloga kjarnorkustyrjaldar. Því verður að stefna að því, að herstöðvar verði lagðar niður stig af stigi, kjarnorkuvopnum útrýmt og þjóðir heims feti þannig hina torsóttu leið til allsherjarafvopnunar. Þetta er sú hugsjón, sem Íslendingum ber að styðja með utanríkisstefnu sinni og afstöðu til erlendra herstöðva í austri og vestri. Ég tel, að nú megi sjá þess ýmis merki, að hin unga kynslóð á Íslandi, sem er að láta æ meira til sín taka, hafi bæði þrek og manndóm til að lyfta íslenzkri þjóðmálabaráttu á annað þrep en verið hefur um hríð.

Alþb. er ungur flokkur og enn í mótun. Alþb. er það

pólitíska tæki, sem alþýða landsins getur hagnýtt sér og mun hagnýta sér í baráttunni fyrir bættum lífskjörum, fyrir auknum áhrifum hins vinnandi manns á gang þjóðmála. Alþb. er sá stjórnmálavettvangur, þar sem ungt og róttækt fólk getur og mun sameinast til að hefja hátt á loft kröfuna um brottför hers og afnám herstöðva. Alþb. er baráttuflokkur íslenzkra vinstri manna og sósíalista. Við bæjar- og sveitarstjórnarkosningarnar í lok maímánaðar býður Alþb. fram eða stendur að framboði í öllum kaupstöðum landsins og fjölmörgum sveitarfélögum. Með framboðunum hefur Alþb. þegar sýnt, að það er hinn eini róttæki fjöldaflokkur á Íslandi í dag.

Ég er þess fullviss, að alþýða landsins og unga kynslóðin muni í sameiningu tryggja það, að Alþb. verði að kosningum loknum fært um að heyja sigursæla baráttu fyrir málefnum fólksins, fyrir hækkuðu kaupi, fyrir fullri atvinnu, fyrir lausn undan oki herbandalags og hersetu. – Góða nótt.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Margir stjórnmálaatburðir hafa gerzt hér á landi á því ári, sem liðið er frá því að þjóðin hlustaði síðast á eldhúsdagsumr. frá Alþ. Þar ber hæst kjarasamningagerðina 19. maí í fyrra, inngöngu Íslands í Fríverzlunarbandalagið, stofnun nýs stjórnmálaflokks, mikinn árangur í baráttunni gegn atvinnuleysinu, örlög verðgæzlufrv., fyrirhugaðar endurbætur á húsnæðismálalöggjöfinni og ofbeldisaðgerðir námsmannahópa, bæði heima og erlendis.

Það er eðlilegt, að stúdentar og aðrir námsmenn sækist eftir bættum kjörum, auknum námslánum og hærri styrkjum. Um þetta á að geta ríkt samstaða meðal þeirra. Á hinn bóginn er það jafneðlilegt, að námsmenn eins og aðrar stéttir þjóðfélagsins greini á um stjórnmálastefnur og hafi skiptar skoðanir, t. d. á utanríkismálum og varnarmálum. Stúdentarnir virðast ekki skilja það jafn vel og verkamenn, að það er óhyggilegt að blanda um of saman faglegri kjarabaráttu og stjórnmálabaráttu, en alla baráttu, um hvað svo sem hún snýst, verður í lýðræðisþjóðfélagi að heyja á grundvelli laga og réttar, en ekki með ofbeldi. Þjóðfélagið getur ekki komið til móts við neinar kröfur, sem studdar eru með ofbeldisaðgerðum og eignaspjöllum, því með slíkri undanlátssemi væri þjóðfélagið að bjóða ofbeldinu heim og veikja eigin grundvöll. En friðsamlega fram bornum kröfum verður þjóðfélagið að sinna, eftir því sem efni standa til. Að hinu leytinu má ekki sýna ofbeldisseggjunum neina linkind. Þeir eru ábyrgir gerða sinna og allir skulu jafnir fyrir lögum, hver sem í hlut á.

Það vekur eftirtekt, að æskulýðsfylking kommúnista er orðin eins konar fyrirgreiðslustofnun fyrir alls konar upphlaupalýð. Fylkingin skipuleggur hvers konar upphlaup og mótmælaaðgerðir, hvar sem unnt er að koma slíku við, en þjóðviljinn reynir að bera blak af ósómanum. Mikill meiri hluti íslenzkra námsmanna veit, hvers eðlis þessi starfsemi kommúnista er, og skilur, að hún þjónar ekki góðum málstað.

Ég skal ekki hér gera umr. og ádeilur stjórnarandstæðinga sérstaklega að umræðuefni, en ég verð þó að segja, að þegar maður hlustar á lýsingar stjórnarandstæðinga á efnahagsástandinu nú og efnahagsástandinu áður, á kaupmætti launa, kjaraskerðingu, skattpíningu og öðru slíku, sem þeir ræða gjarnan um, þá verður manni að hugsa, að ef einhver sannleikur væri í slíkum málflutningi, þá sé hann raunverulega yfirlýsing um það, að kjósendurnir í landinu séu hrein flón að hafa þrívegis kosið slíka stjórn yfir sig. Sannleikurinn er sá, að fólkið þekkir staðreyndirnar og svona málflutningur dugar ekki.

Það er einmitt þessi trú stjórnarandstæðinganna á dómgreindarleysi kjósendanna, sem veldur gengisleysi þeirra. Þetta virðast stjórnarandstæðingar enn ekki skilja. Ég tek sem dæmi það, sem Gils Guðmundsson sagði í ræðu sinni áðan, að háskólanám væri að verða sérréttindi efnafólks. Þó vita allir, sem vilja vita, að stúdentum hefur aldrei fjölgað eins mikið með þjóð vorri og einmitt síðasta áratuginn.

Það er nú sýnt, að efnahagsaðgerðir ríkisstj. hafa borið ávöxt og bætt hag þjóðarinnar, þótt allur vandi sé ekki leystur til frambúðar. Þennan árangur ber m. a. að þakka þeirri ábyrgð og framsýni, sem verkalýðshreyfingin sýndi við gerð kjarasamninga í marz 1968 og í maímánuði 1969. Þegar verst gegndi haustið 1968, kröfðust framsóknarmenn þingrofs og nýrra kosninga, töldu ríkisstj. ekki færa um að vinna bug á örðugleikunum, til þess þyrfti nýtt þing og nýja ríkisstj. Þessar kröfur eru nú hljóðnaðar. Enn sem fyrr sækist þó form. Framsfl. eftir lyklinum að stjórnarráðinu, en fer nú hægar í sakirnar en áður, og treystir aðallega á bæjarstjórnarkosningarnar í þeim efnum.

Enginn neitar því, og þá allra sízt Alþfl., að efnahagsáföllin hafa leitt til kjaraskerðingar fyrir alla þjóðina. Vegna batnandi efnahags þjóðarinnar, hlýtur tími bættra lífskjara einstaklinganna að vera á næsta leiti. Þessar kjarabætur munu að meginstefnu koma fram í þeim heildarsamningum, sem nú eru framundan, milli verkalýðsfélaganna og vinnuveitenda. Þrátt fyrir traustari efnahagsgrundvöll er þó aðilum vinnumarkaðarins og ríkisstj. mikill vandi á höndum í sambandi við þessa samningsgerð. Hann felst í því, að bæta þarf kjör launþega, án þess að ný verðbólgualda rísi. Það er sérstaklega mikilvægt að geta haldið verðbólgunni í skefjum nú þegar við erum orðnir aðilar að EFTA, því ef svo fer, að verðbólga vex hér hraðar en í öðrum ríkjum Fríverzlunarbandalagsins, þá er samkeppnisaðstaða okkar í hættu og þar með sá ávinningur, sem við teljum okkur geta hlotið af aðildinni. Þennan vanda tekst þó vonandi að leysa með einbeittum vilja og gagnkvæmum skilningi, og vantreysti ég engum í þeim efnum fyrirfram, þó kosningaskjálfta sé nú víða farið að gæta.

Kjaraskerðing undanfarinna ára hefur auðvitað bitnað á fleirum en launþegum. Hún hefur t. d. einnig bitnað á bótaþegum almannatryggginganna. Alþfl. hefur verið gagnrýndur fyrir það, hversu lítið bæturnar hafa hækkað að undanförnu. Það er vissulega rétt að beina þessari gagnrýni fremur að Alþfl. heldur en Sjálfstfl., þar sem Alþfl. telur sig hafa ríkari skyldum að gegna í þessu efni. Sú regla hefur verið notuð að láta hækkun bótanna fylgja þeirri hækkun, sem átt hefur sér stað á kaupgjaldi láglaunafólks. Af þessu hlýtur að leiða, að væntanlegar kauphækkanir hafa einnig í för

með sér hækkun á bótum almannatrygginganna. Um úrbætur á þessu sviði, eins og svo mörgum öðrum, er ekki aðalatriðið að samþ. hækkunartill. á Alþ., heldur hitt að skapa þann efnahagsgrundvöll, sem gerir það fært að hrinda hlutunum í framkvæmd, en á þeim vettvangi hefur stjórnarandstaðan iðulega brugðizt.

Alþfl. hefur lengi haft áhuga á því að gera mikilvægar endurbætur á húsnæðismálalöggjöfinni. Þetta verk hefur lengi dregizt úr hömlu, og því var sannarlega mál til komið, þegar ríkisstj. í upphafi þessa mánaðar lagði fram húsnæðismálafrv. sitt, sem mikill styr hefur staðið um. Einkum hafa framsóknarmenn gert harða hríð að þessu frv. og rangtúlkað það á ýmsa vegu. Ljóst er, að framsóknarmenn leggja hér meiri áherzlu á að reyna að klekkja á ríkisstj. heldur en að styðja gott málefni. Í frv. er kveðið svo á, að 25% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna í landinu skuli varið til kaupa á skuldabréfum húsnæðismálastjórnar. Í staðinn fá sjóðfélagar lífeyrissjóðanna óskert húsnæðismálalán, og er þar um mikla réttarbót þeim til handa að ræða, því að óbreyttum reglum getur húsnæðismálastjórn skert lánið til þeirra að sínum geðþótta. Þetta ákvæði frv. hefur verið nefnt eignaupptaka, frelsisskerðing, hneyksli og öðrum áþekkum nöfnum. Þessi öfgakenndi áróður á þó ekki við nein rök að styðjast. Ýmis dæmi um hliðstæða lagasetningu eru fyrir hendi. Árið 1964 voru samþ. á Alþ. af öllum flokkum lagaákvæði þess efnis að skylda líftryggingafélögin í landinu til þess að verja 25% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á íbúðarlánabréfum Húsnæðismálastofnunar ríkisins. Þá er öllum kunnugt um lagaákvæði um skyldusparnað, sem allir flokkar hafa staðið að, þess efnis að skylda ungt fólk í landinu til þess að leggja fyrir um 10 ára skeið 15% af kaupi sínu í þágu húsnæðislánakerfisins. Þetta var gert án þess að spyrja unga fólkið, hvort því líkaði betur eða verr, og ég man ekki eftir að hafa heyrt þetta gagnrýnt af hálfu þeirra manna, sem mesta umhyggju bera nú fyrir eignarréttinum. Einnig má benda á sem hliðstæðu lagaákvæði, er heimila Seðlabankanum að binda hluta af innstæðufé í einkabönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum kaupfélaga. Sannleikurinn er sá, að húsnæðismálafrv. stefnir að því að gera lánakerfið einfaldara, gagnstætt því, sem gildir á vettvangi lífeyrissjóðanna, þar sem flækjurnar aukast sífellt. Fjöldi lífeyrissjóðanna í landinu nálgast nú senn hundraðið og þeim er væntanlega stjórnað af 400–500 manna hópi, í stað þess að komast mætti af með einn lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn, sem 3 menn stjórnuðu.

Það er auðsætt, hvað sem nú verður gert, að ekki er unnt að láta forráðamenn lífeyrissjóðanna til frambúðar valsa með mörg hundruð milljónir króna á ári, án þess að þjóðfélagið hafi einhver afskipti af því, í hvaða farveg þetta fjármagn rennur. Sízt ættu þeir, sem aðhyllast skipulagshyggju, að vera slíkri ráðstöfun andvígir. Sem fordæmi má einnig benda á, að löggjafarvaldið ráðstafar verulegum hluta af fé Atvinnuleysistryggingasjóðs til húsnæðismála, og er það þó sjóður, sem verkalýðsfélögin í landinu líta á sem eins konar sameign sína.

Auk annarra kosta, mundi bindingin á 25% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna þýða aukið heildarfjármagn til húsbygginga. Það sést bezt á því, að lífeyrissjóðirnir hafa undir höndum stórar fúlgur, sem eigi er varið til húsbyggingalána sjóðsfélaganna, enda er það eftirtektarvert, hve lífeyrissjóðirnir hafa látið hjá líða að hækka íbúðarbyggingalán sín á undanförnum árum.

Lítið fer fyrir því, að gagnrýnendur húsnæðismálafrv. beri sjálfir fram nýjar og betri till. um fjármögnun íbúðalánakerfisins. Framsóknarmenn í Ed. báru í vetur fram frv., þar sem gerð er till. um fjáröflunarleið á þá lund, að Byggingarsjóður ríkisins gefi út og selji skuldabréf, er njóti sérstakra skattfríðinda. Kaupendum bréfanna skal, á því ári sem kaup fara fram, heimilt að draga andvirði bréfanna frá tekjum sínum og njóta þannig mikils frádráttar gagnvart útsvari og tekjuskatti. Allar slíkar till. ber að athuga gaumgæfilega að mínum dómi. En þessi till. framsóknarmanna hefur greinilega tvo mikla ókosti. Annars vegar er alveg óvíst, hversu mikið fjármagn fengist á þennan hátt, og hins vegar er alveg ljóst, að ef bréf þessi seldust vel, þá mundu tekjur sveitarfélaga og ríkisins af útsvörum og tekjuskatti rýrna til muna.

Í húsnæðismálafrv. felast mestar endurbætur á löggjöfinni um verkamannabústaði. Það er varlega áætlað, að af samþykkt frv. mundi leiða, að bygging verkamannabústaða úti um landsbyggðina mundi fimmfaldast á næstu árum, samanborið við íbúafjölda í verkamannabústöðum, sem byggðir hafa verið árlega að undanförnu. Vextir af lánum úr Byggingarsjóði verkamanna verða einungis 2% og réttur Seðlabankans til að ákveða vaxtafjárhæðina er felldur niður. Samkvæmt frv. er skylt að veita heildarlán út á íbúðir í verkamannabústöðum, er nema 80% af kostnaðarverði, en samkvæmt gildandi lögum er lánamarkið einungis heimildarákvæði. Fjárframlög ríkis og sveitarfélaga til verkamannabústaða eru stóraukin. Byggingarfélög verkamanna eru lögð niður sem byggingaraðilar. Ástæðan er sú, að þessi félög hafa víða verið of veikburða, og það er ekki heldur sannngjarnt að grundvalla úthlutun íbúða til láglaunafólks á því, hversu lengi menn hafa verið félagar í byggingarfélagi. Í stað byggingarfélaga verkamanna koma annars vegar sveitarfélögin og hins vegar sérstakar stjórnir verkamannabústaða í hverju sveitarfélagi, sem aðild á að kerfinu. Þær verða skipaðar fulltrúum sveitarfélaganna, húsnæðismálastjórnar og verkalýðsfélaga. Þá er þess að geta, að lán til verkamannabústaða, sem nú eru í smíðum, verða samkvæmt frv. hækkuð um 200 þús. kr. á íbúð.

Meðal margra nýmæla frv. eru rýmkaðar lánsheimildir til leiguíbúðabygginga, sem stúdentar gætu m. a. notið góðs af við byggingu hjónagarðs.

Húsnæðismálafrv. hefur orðið fyrir töfum hér á Alþ. Ég treysti ríkisstj. til að fylgja málinu fast eftir, svo eðlileg endurskoðun frv. geti sem fyrst farið fram í þn. Mótblásturinn gegn frv. er að minni hyggju aðallega runninn undan rifjum sérhyggjumanna, er vanmeta það félagslega vandamál, sem hér þarf að leysa.

Á yfirstandandi þingi hefur skattamálið nokkuð borið á góma, þó engin stórtíðindi hafi gerzt í þeim efnum. Lögð var fram ítarleg skýrsla frá n., sem athugaði staðgreiðslukerfi skatta. Það er mín skoðun, að staðgreiðslukerfið sé ekki nándar nærri eins ákjósanlegt fyrir launþega og margir halda. Höfuðáherzluna ber að leggja á einföldun skattakerfisins, t. d. með því að

sameina tekjuskatt og útsvar í einn skatt, sömuleiðis eignarskatt og eignarútsvar. Ýmiss konar gjöld á atvinnurekstur má líka sameina í eitt gjald. Með þessu móti vinnst margt, m. a. betra eftirlit. Það er fyrst, þegar þetta er komið í kring, sem tímabært er að hugsa um staðgreiðslukerfið. Skattseðlarnir í dag eru vottorð um flækjustefnuna í þjóðfélaginu. Mér voru það vonbrigði þegar fyrir skömmu var flutt á Alþ. frv. um skattalagabreytingar, er áttu að létta undir með atvinnurekstrinum vegna EFTA-aðildarinnar. Þetta frv. var gagnsýrt af nýjum skattaflækjum. Við þurfum að greiða úr flækjunum og gera hlutina einfaldari, en þá þurfum við einnig að hafa kjark til að standa af okkur mótblástur ýmiss konar sérhagsmunahópa með þröngan sjóndeildarhring.

Á s. l. hausti var stofnaður nýr stjórnmálaflokkur, sem tekur nú í fyrsta skipti þátt í eldhúsumr. frá Alþ. Þó að flokkurinn sé nýr, þá eru aðalforingjar hans, Hannibal Valdimarsson og Björn Jónsson, gamalreyndir stjórnmálamenn. Það er sannarlega ánægjulegt, að þessir mætu menn skuli hættir öllu samstarfi við kommúnista. Hitt harma ég, að þeir skyldu fremur velja þann kost að stofna nýjan stjórnmálaflokk heldur en að ganga í Alþfl. Sennilega hafa þeir gert þetta af því, að þeir vilja ekki vera í flokki, sem vinnur með íhaldinu. Þessi afstaða þeirra er þó ekki á nægilegum rökum reist að mínum dómi. Þeir hafa sjálfir þegið stuðning sjálfstæðismanna til þess að komast í æðstu trúnaðarstöður innan verkalýðshreyfingarinnar. Hitt skiptir þó meira máli, að innan Alþfl. er hverjum og einum frjálst að berjast fyrir því, að núverandi stjórnarsamstarfi verði slitið. Það er að sjálfsögðu ekkert stefnuskráratriði hjá Alþfl. að vinna með einhverjum tilteknum stjórnmálaflokki, og samstarf hans við aðra flokka markast af því, hvaða málum hann hefur tök á að koma fram. Ef Hannibal og Björn hefðu gengið í Alþfl., þá hefði aðstaða flokksins eflzt til þess að koma fram áhugamálum sínum, bæði á meðan núverandi stjórnarsamstarf varir og síðar. En hætt er við, að stofnun hins nýja flokks verði íhaldsöflunum í landinu til framdráttar, þó að ekki sé til þess ætlazt. Á hinn bóginn er ljóst, að eigi gætir fullrar einingar í hinum nýja flokki, þar sem Norðlendingar í flokknum eru vinstri sinnaðir, en Sunnlendingarnir frjálslyndir.

Mikill glundroði er nú ríkjandi á vinstri vettvangi íslenzkra stjórnmála. Ég hef þá trú, að allir lýðræðissinnaðir jafnaðarmenn á Íslandi geti starfað saman í einum flokki og að sá mikli glundroði, sem nú er uppi, sé aðeins lokaþátturinn í beisku reynsluskeiði fortíðarinnar, en jafnframt undanfari þeirrar traustu einingar, sem framtíðin þarf að bera í skauti sínu. – Góða nótt.

Umr. frestað.

Á 50. fundi í Sþ., 29. apríl, var fram haldið almennum stjórnmálaumræðum (útvarpsumr.).

Forseti (BF): Umr. fer þannig fram í kvöld, að hver flokkur fær 40 mínútna ræðutíma, sem skiptist í 3 umferðir, 15 mínútur í 1. umferð, 15 mínútur í 2. umferð og 10 mínútur í 3. umferð. Röð flokkanna í öllum umferðum verður þannig: Alþb., Sjálfstfl., Alþfl., Samtök frjálslyndra og vinstri manna, Framsfl. Ræðumenn verða: fyrir Alþb.: í fyrstu umferð Eðvarð Sigurðsson, í annarri umferð Geir Gunnarsson, í þriðju umferð Magnús Kjartansson, fyrir Sjálfstfl.: í fyrstu umferð Magnús Jónsson, í annarri umferð Ingólfur Jónsson, í þriðju umferð Jóhann Hafstein, fyrir Alþfl.: í fyrstu umferð Birgir Finnsson, í annarri umferð Unnar Stefánsson, í þriðju umferð Benedikt Gröndal, fyrir Samtök frjálslyndra og vinstri manna: í fyrstu umferð Hannibal Valdimarsson, í annarri umferð Björn Jónsson, í þriðju umferð Hannibal Valdimarsson, fyrir Framsfl.: í fyrstu umferð Eysteinn Jónsson, í annarri umferð Þórarinn Þórarinsson og í þriðju umferð Halldór E. Sigurðsson.

Hefst nú umr., og tekur fyrstur til máls Eðvarð Sigurðsson og talar af hálfu Alþb.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Verkalýðshreyfingin er nú sem óðast að undirbúa nýja kaupgjaldsbaráttu til að rétta hlut verkafólks eftir hina miklu kjaraskerðingu síðustu ára. Fyrir tilstilli ríkisstj. og meiri hl. Alþ. hefur kaupmáttur launanna verið lækkaður stórlega. Vegna aðgerða sinna í þessum efnum eiga stjórnarflokkarnir, og þó sér í lagi ríkisstj., skilið þunga áfellisdóma frá launafólki og þá ekki sízt hinum lægst launuðu. Helzta stjórnunartæki núverandi ríkisstj. í efnahagsmálum þjóðarinnar hefur verið gengisfelling. Gengisfelling er stórvirk aðferð til að hafa áhrif á tekjuskiptinguna og tilfærslu fjármuna í þjóðfélaginu, sem ávallt kemur harðast niður á þeim, er sízt skyldi, þeim, er minnst mega sín. Á valdatíma ríkisstj., sem nú er orðinn heill áratugur, hefur gengi krónunnar verið fellt fjórum sinnum. Við allar þessar gengisfellingar var það fyrsta boðorðið og talið skipta öllu máli, að verðhækkunum af völdum gengisfellinganna væri bótalaust velt yfir á almenning, og ekki skirrzt við að setja ofbeldislög gagnvart verkalýðshreyfingunni til að ná því marki. Því hefur óspart verið haldið að fólki, að síðustu gengisfellingarnar hafi verið nauðsynlegar vegna áfalla, sem þjóðarbúið varð fyrir sökum aflabrests og verðfalls á útflutningsafurðum. Stjórnarherrarnir hafa hins vegar ekki orð á því, að næstu árin á undan voru ein mestu velgengnisár, sem hér hafa komið, sökum mikils afla og góðra viðskiptakjara. Það ber ekki vott um, að hyggilega hafi verið stjórnað, að strax og nokkuð bjátar á skuli gripið til jafnafdrifaríkra ráðstafana í efnahagsmálum og síðustu gengisfellingarnar voru. Þar var ekki fyrningabúskapur, ekki borð fyrir báru. Með tveim síðustu gengisfellingum var erlendur gjaldeyrir tvöfaldaður í verði miðað við Bandaríkjadollar og miklar verðhækkanir fylgdu í kjölfarið. Þær nema nú um 50% samkvæmt vísitölu. Þessar verðhækkanir átti alþýða manna að bera bótalaust. Með lögum var verðtrygging launanna afnumin.

Þegar síðasta gengisfellingin og sú mesta var framkvæmd, haustið 1968, hafði atvinnuleysið þegar skollið á og verkafólkið orðið fyrir miklum kjaraskerðingum af þess völdum og vegna minni yfirvinnu hjá þeim, sem vinnu höfðu. En kjaraskerðingin skyldi verða enn stórkostlegri. Engar verðlagsuppbætur átti að greiða á kaupið og launin því lækkuð stórlega miðað við vöruverð. Svo kaldrifjuð kjaraskerðingarstefna gagnvart láglaunafólki mun algert einsdæmi í okkar heimshluta.

Og að þessu stóðu allir þm. stjórnarflokkanna. Alþfl., sem kallar sig verkalýðsflokk, má sannarlega blygðast sín fyrir slíka framkomu.

Verkalýðshreyfingunni tókst með samningunum í marz 1968 og í maí 1969 að forða launþegum frá verstu áföllunum af þessari kjaraskerðingarstefnu ríkisstj. og atvinnurekenda. En skerðingin hefur þó orðið mikil. Og þessa kjaraskerðingu vill verkalýðshreyfingin nú fá bætta með hækkuðum launum. Nú verður ekki við borið neinu hallæri. Á síðasta ári varð aflamagnið 11% meira en árið á undan og aflaverðmætið fjórðungi hærra. Einni allra beztu vetrarvertíð, sem hér hefur komið, er nú að ljúka, og verð á flestum útflutningsvörum okkar það hæsta, sem þekkzt hefur.

Verkalýðsfélögin eru nú að setja fram kröfur sínar um nýja samninga. Verkamannafélagið Dagsbrún hefur mótað sínar kröfur. Aðalefni þeirra er, að kaupið hækki um 25% frá því, sem það er í dag. Það kaup verði síðan gert að grunnkaupi og kaupgreiðsluvísitala sett á hundrað. Nauðsynlegar leiðréttingar verði gerðar á reglum um verðlagsuppbætur á kaup til tryggingar kaupmætti þess. Fyrstu kauptaxtar félagsins verði felldir niður og einnig sérstakur eftirvinnutaxti, sem nú er með um 40% álagi á dagvinnukaup, en allt yfirvinnukaup verði greitt með 80% álagi á dagvinnukaup, en það er sama álag og næturvinnan er nú greidd með.

Ég hef hér nefnt höfuðkröfur Dagsbrúnar varðandi kauphækkun, og svipaðar verða kröfur annarra almennra verkalýðsfélaga, en mörg önnur atriði í samningum verkamanna- og verkakvennafélaganna verða nú til endurskoðunar, þar sem engin breyting hefur orðið á þeim s. l. 4 ár, nema að því er varðar vísitölu á kaupið. Til kunna að vera þeir, sem finnst þetta háar kröfur, en þeir hinir sömu ættu að gera sér grein fyrir, hvert kaup verkamanna og annars láglaunafólks er í dag. Samkvæmt 2. taxta Dagsbrúnar, sem nú má telja almennt kaup verkamanna, er vikukaupið 2820 kr. og mánaðarkaupið 12 241 kr. Lægsti taxtinn nær hins vegar ekki 12 þús. kr. á mánuði. Ef orðið yrði við helztu kröfum félagsins, mundi þessi taxti hækka um tæp 29% og vikukaupið verða 3634 kr. eða 15 777 kr. á mánuði. Af þessu sést, að það er ekki verið að fara fram á hátt kaup, og þeir, sem hugsa sér að standa gegn því, að það nái fram að ganga, ættu sjálfir að reyna að leysa það vandasama dæmi, hvernig meðalfjölskylda á að lifa sómasamlega af þessu kaupi, hvað þá heldur lægra, eins og dýrtíð er nú háttað.

Fólk með lágar tekjur notar stærri hluta þeirra til kaupa á matvörum en aðrir gera. Það er því rétt að athuga, hvernig kaupmátturinn hefur breytzt gagnvart þessum vörum. Samkvæmt vísitölu Hagstofunnar hefur breytingin orðið þessi: Matvörur, sem kostuðu 100 kr. í sept. 1967, þ. e. fyrir gengisfellingarnar, kostuðu í febr. s. l. 170 kr. og hafa sjálfsagt hækkað síðan. Kaup, sem var 100 kr. í sept. 1967 og fengið hefur hæstu verðlagsuppbót, er nú í aprílmánuði 135 kr., eða hefur hækkað aðeins um helming þess, sem matvörur hafa hækkað. Þetta kaup þarf nú að hækka um 26%, til þess að kaupmáttur þess verði hinn sami gagnvart matvörum og hann var í sept. 1967. Þess skal getið, að matvörur hafa hækkað langmest alls þess, sem vísitalan mælir. – Það er sannarlega ljót saga, að Alþfl. skuli hafa staðið að þessari óheillaþróun í samvinnu við Sjálfstfl.

Jafnhliða þeirri þróun í launamálum, sem ég hef hér lýst, hafa beinir skattar sífellt farið hækkandi á launafólki. Eitt af loforðum ríkisstj. í upphafi valdaferils hennar var að afnema beina skatta af þurftartekjum. Reyndin hefur orðið sú, að beinir skattar af þurftarlaunum hafa hækkað hlutfallslega hin síðari ár. Skattvísitölunni hefur verið haldið mikið til óbreyttri, þannig að persónufrádráttur hefur ekki verið í neinu samræmi við aukningu dýrtíðarinnar. Þegar þessi mál voru rædd hér á Alþ. á s. l. hausti, hafði fjmrh. þá afsökun fyrir því, að skattvísitölu hefði ekki verið breytt, að ríkissjóður hefði þurft á þessum skatttekjum að halda og hækkun skattvísitölu hefði haft í för með sér hækkun annarra skatta, svo sem söluskatts. Nú flytur ríkisstj. hins vegar frv. um lækkun skatta á fyrirtækjum í formi hækkaðra afskrifta. Og ekkert er minnzt á, að bæta þurfi tekjumissinn. Það er ekki sama hver í hlut á. En eitt er víst, að almenningur verður látinn borga. Þetta skeður á sama tíma og tekjuskattur á einstaklingum hefur margfaldazt að krónutölu, en staðið í stað á fyrirtækjum og félögum. Skattaívilnun til fyrirtækja er nú rökstudd með því, að samræma þurfi skattgreiðslu þeirra við það, sem er í öðrum EFTA-löndum. En enginn samanburður liggur fyrir, hvernig þeim málum er háttað.

Ég hef hér rætt um mál, sem almenningi eru nú efst í huga, launamálin. Sjálfsagt verður því haldið fram, eins og venja er, að atvinnureksturinn þoli ekki þessar kauphækkanir. „Flýtum okkur hægt", sagði hæstv. forsrh. í gærkvöldi. Svar verkafólksins er: Við þolum ekki lengur þetta lága kaup. Því má heldur ekki gleyma, að kaupgjaldsbarátta verkalýðshreyfingarinnar er eitt sterkasta framvinduafl í þjóðfélaginu. Kaupgjaldsbaráttan knýr atvinnurekendur til hagkvæmari rekstrar, meiri tækni og betri stjórnunar á fyrirtækjum sínum til að halda gróðanum. Íslenzkir atvinnurekendur hafa þó langt um of flúið frá vandanum á náðir verðbólgugróðans, en ættu nú að láta því lokið. Ríkisvaldið ætti að stuðla að því með því að hleypa kauphækkunum ekki út í verðlagið.

Kjaraskerðingunum og láglaunatímabilinu verður að ljúka. Það er þjóðfélagsleg nauðsyn. Ég efast ekki um, að verkalýðshreyfingin muni nú hafa afl og aðstöðu til þess að knýja fram kauphækkanir. En það er ekki nóg. Það þarf einnig að gæta fengins fjár og það er máske vandinn meiri. Öll kjaraskerðingin nú er verk stjórnmálamanna á Alþ. og ríkisstj., manna, sem launafólk hefur kosið. En það er einnig á þess valdi að svipta þá völdum. Það verður hægt í síðasta lagi að ári liðnu. En við sveitarstjórnarkosningarnar, síðasta dag maímánaðar, er tækifæri til þess að gefa stjórnarflokkunum þá pólitísku ráðningu, sem dygði til að tryggja ávinninga kaupgjaldsbaráttunnar. En þetta gerist því aðeins, að launafólk fylki sér um Alþb., eina aflið í íslenzkum stjórnmálum, sem stjórnarflokkarnir óttast. Þeir óttast ekki flokksbrot Hannibals Valdimarssonar, sem nú er forseti Alþýðusambandsins fyrir náð Sjálfstfl. og með atkvæðum hans. Þeir vita líka, hvar þeir hafa Framsfl., ef helmingaskiptareglan væri í boði.

1. maí rennur upp að einum degi liðnum. Sá dagur verður nú fyrst og fremst helgaður kröfum verkalýðs-

félaganna í launamálunum. Ég hvet alla félagsmenn verkalýðshreyfingarinnar og alla velunnara hennar til öflugrar þátttöku í fundarhöldum og kröfugöngum 1. maí, hvar sem er á landinu og þá ekki síst hér í Reykjavík. Gerum 1. maí að öflugum baráttudegi fyrir faglegum kröfum okkar. Gerum 31. maí að sigurdegi alþýðunnar, með því að kjósa Alþb.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Pólitískar orrahríðar úr sölum Alþ., sem þjóðin enn einu sinni fær að heyra í kvöld og ég heyrði í gærkvöld, eru ekki í miklu samræmi við kröfur tímans um upplýsingaþjónustu fyrir almenning og því miður ekki í þeim stíl, að líklegt sé til að auka virðingu Alþ. En um það tjóar ekki að fást úr því að samkomulag fékkst ekki um nýtt form þessara umr., enda má af þeim draga nokkra lærdóma, ef menn nenna að leggja við eyrun. Það eitt var sameiginlegt í ræðum stjórnarandstæðinga í gærkvöld og mun án efa einnig verða í kvöld, að það sé þjóðinni öllu öðru nauðsynlegra að koma núv. ríkisstj. frá völdum, en síðan upphófust innbyrðis ásakanir um það, hvernig þessi eða hinn flokkurinn eða flokksbrotið hefði spillt árangrinum af hinni þjóðnýtu sókn gegn ríkisstj. Formaður Alþb. reyndi að hugga sig við óeiningu í ríkisstj. um afstöðu til mála á Alþ., en eftirtekja leitar að ágreiningsefnum var hörmulega rýr, aðeins tvö mál eftir 10 ára samstarf, og annað þeirra kvennaskólafrv., sem alls ekki er flokkspólitískt mál. Stjórnarandstæðingamegin eru hins vegar vaxandi illindi og nýir og nýir flokkar, sem nánast berast á banaspjót. Slíku tætingsliði á þjóðin að fela forustu sinna mála. Á nýafstaðinni flokksstjórnarsamkundu Framsfl. varð formaður flokksins fyrir verulegum aðfinnslum fyrir slappa forustu. Síðan hefur hv. þm. Ólafur Jóhannesson, sem annars er hið mesta prúðmenni og friðsemdarmaður, tekið upp alveg nýjan málflutning, sem einkennist af stóryrðum og hávaða. Ræða hans í gærkvöld var algert met í þessu efni og fær hann hér eftir varla ákúrur frá ofsamönnum í flokki sínum fyrir að hafa ekki tileinkað sér hreinræktaðan Framsóknarstíl. Óneitanlega var dálítið broslegt að heyra hneykslunaryrði formanns Framsfl. um hinar óteljandi nefndir og ráð, sem öllu væru að tortíma, því að enginn flokkur hefur verið elskari að nefndakerfi en Framsfl., enda engir afkastameiri í tillöguflutningi á Alþ. um nýjar og nýjar nefndir en framsóknarþm. Nefndir og ráð eru ekki fleiri nú en áður og auðvitað hrein rangfærsla að halda því fram, að fjmrn. telji ekki hægt að koma tölu á nefndirnar. Hitt er rétt, að það geti orkað tvímælis í ýmsum tilfellum, hvað eigi að kalla nefnd, t. d. þegar tveimur mönnum er falið að semja frv. eða fulltrúum úr ýmsum stjórnardeildum er falið sameiginlega að athuga mál, oftast án sérstakrar greiðslu, og fleiri vafaatriði má nefna. Þetta benti rn. á í svari sínu við fyrirspurn yfirskoðunarmanna um tölu nefnda á árinu 1968. Í þetta vitnaði formaður Framsfl. og taldi furðu mikla, en honum láðist að vitna til svara yfirskoðunarmanna, sem algerlega fallast á skoðun rn. Auðvitað eru nefndir engin sönnun um skipulagsleysi í stjórnkerfi, heldur geta þær miklu frekar bent til þess, að unnið sé að mörgum verkefnum. Það væri fróðlegt að vita, hvaða nefndir þeir framsóknarmenn vildu leggja niður. E. t. v. skólanefndir og áfengisvarnanefndir, sem eru um ⅓ af öllum nefndum?

Annað dæmi um spillinguna í þjóðfélaginu voru nefndastörf ráðh. Vel má fallast á þá skoðun, að ráðh. eigi yfirleitt ekki að sitja í nefndum og ráðum. En að það stafi af valdasýki og leiði til spillingar, er vægast sagt ósæmileg fullyrðing af ábyrgum flokksleiðtoga, og að þetta þekkist ekki í öðrum löndum, er ekki rétt. Dæmið, sem hann valdi, um þrjá ráðh. í atvinnumálanefnd ríkisins er mjög óheppilegt, því sú nefnd er einmitt sett á laggirnar sem tengiliður á milli verkalýðssamtaka, vinnuveitenda og ríkisstj. og mundi alls ekki nást tilætlaður árangur af því samstarfi, nema ráðh. eigi sjálfir sæti í nefndinni.

Um bílamál ríkisins hafa verið settar fastar reglur, sem ekki tókst í stjórnartíð framsóknarmanna, og mjög jákvæður árangur hefur náðst í endurskipulagningu margra þátta stjórnsýslunnar nú á síðustu árum, með tilkomu fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar og aukinni samvinnu, sem komið hefur verið á við fjvn. Alþ. Ég hygg því, að sjaldan hafi verið minni ástæður en nú að breiða sig út yfir spillingu í stjórnsýslukerfinu, þótt enn megi auðvitað margt bæta.

Formaður Framsfl. kvað flokk sinn ekki hafa talið tímabært að ganga í EFTA. Flokkurinn taldi á sínum tíma ekki heldur tímabært að virkja Þjórsá til stóriðju. Samtímis ásaka þessir menn ríkisstj. um þreytu og framtaksleysi, en geta þó ekki sjálfir myndað sér skoðun um mikilvægustu mál eða vilja láta þau bíða. Sér er nú hver framsóknin. Hvar værum við stödd og hvernig hefði atvinnuástandið verið síðustu tvö árin, ef ekki hefði verið brotin á bak aftur hin þröngsýna andstaða gegn stóriðjuframkvæmdum, og hver væri framtíð okkar í landinu, ef við hefðum ekki haft þor til að ganga í EFTA og hefja alhliða iðnvæðingu, í stað þess að reyna að lifa og framleiða fyrir okkur sjálf, 200 þús. hræður, í skjóli hárra tollmúra? Iðnrekendur sjálfir hafa hér sýnt þann manndóm og kjark, sem hina pólitísku foringja í stjórnarandstöðunni skortir. Málið hefur líka vissulega verið undirbúið með nauðsynlegum hraða, bæði varðandi tollamál iðnaðarins, lánsfjáröflun til nýrrar iðnvæðingar og eflingar eldri fyrirtækja, með útflutningslánasjóði og tryggingum útflutningslána, og loks með undirbúningi víðtækra skattalagaumbóta til eflingar atvinnurekstri, allt á nokkrum mánuðum. Strax má líka sjá ýmsum sviðum fjörkipp í iðnaðinum, og það var alröng staðhæfing hjá hv. þm. Ágústi Þorvaldssyni, að um samdrátt sé að ræða hjá iðnaðinum.

Þeirri firru hefur enn verið haldið fram í þessum umr., að ríkisstj. hafi látið togaraflotann grotna niður. Á tímum bátagjaldeyriskerfisins var verr búið að togurum en bátum. En á síðustu árum hefur ríkissjóður veitt togurunum verulega rekstrarstyrki til að tryggja útgerð þeira. Því miður hefur togarana skort nauðsynlegan rekstrargrundvöll, en það hefur aldrei skort á eðlilega fyrirgreiðslu af hálfu stjórnvalda til kaupa á nýjum togurum. Togaraútgerðarmenn hafa hins vegar af skiljanlegum ástæðum ekki talið sér fært að standa undir sífelldum hallarekstri, og útgerð annarra skipa hefur verið miklum mun arðvænlegri. Meira að segja hv. þm. Lúðvík Jósefsson gafst upp á að reka togara í Neskaupstað. Stjórnvöld eiga enga sök á þessari þróun.

Nú hefur, m. a. vegna aðgerða stjórnvalda og nýrrar tækni, verið talið gerlegt að ráðast í kaup nokkurra nýtízku togara með verulegri fyrirgreiðslu ríkisins, og er þó því miður síður en svo, að kaupendur standi í biðröðum. Hér er um mikla nauðsyn að ræða, en sjálfsagt að fara að öllu með gát. Yfirboðstillögur stjórnarandstæðinga um kaup á 15 eða 20 togurum nú þegar eru óraunhæfar. Það er rétt, að stuðla þarf að kaupum nokkurra skuttogara, sem einstök byggðarlög hafa sýnt áhuga á að eignast. Hefur þegar verið gert ráð fyrir lánsfjáröflun í þessu skyni og er í athugun, hvort frekari fyrirgreiðsla ríkisins þurfi til að koma. En óraunhæf yfirboð stjórnarandstæðinga leysa ekki þessi vandamál fremur en önnur.

Síðasta dæmið af því tagi er till. um að hækka lántöku til sveitarafvæðingarinnar, eftir að ríkisstj. hefur ákveðið lántöku til að ljúka lagningu allra dreifiveitna að 1,5 km meðalfjarlægð á milli bæja á þessu ári og því næsta, og engin von er til þess, að hægt sé að vinna í ár fyrir hærri upphæð en þær 60 millj. kr., sem til ráðstöfunar eru og er miklu hærri fjárhæð en nokkru sinni hefur verið unnið fyrir á einu ári. Svona málatilbúnaður er ekki traustvekjandi.

Bæði formaður Framsfl. og Alþb. töluðu í gærkvöld um hina gífurlegu skuldasöfnun erlendis, sem manni skildist að tefldi þjóðinni í stórhættu. Vissulega er skuldasöfnun erlendis varasöm, ef hún stuðlar ekki að aukinni gjaldeyrisöflun. En þá er hún ekki aðeins eðlileg, heldur sjálfsögð. Við hinar tvær gengisbreytingar hafa erlendar skuldir um það bil tvöfaldazt að krónutölu, en auðvitað er fullkomin rangfærsla að halda því fram, að skuldirnar hafi fyrir þá sök hækkað, því útflutningsverðmætin í krónum hafa vitanlega hækkað að sama skapi. Þá er það og veigamikil staðreynd, að síðustu árin hefur öll hin erlenda skuldaaukning verið í sambandi við framkvæmdir, sem tryggja auknar gjaldeyristekjur á komandi árum, og eru því ekki neinn baggi á hinar venjulegu gjaldeyristekjur. Svo að segja öll hin erlendu lán eru föst lán, en í lok valdaferils vinstri stjórnarinnar voru geigvænlegar lausaskuldir, sem var eitt af fyrstu verkefnum núverandi stjórnar að losna við. Það er auðvitað ekkert að undra, þó að hlutfall erlendra lána af gjaldeyristekjum verði hátt, þegar útflutningstekjur lækka allt í einu um helming, en það hlutfall breytist fljótt við aukna gjaldeyrisöflun. Hv. þm. Ólafur Jóhannesson sagði, að þjóðin hefði verið illa undir áföllin búin. Hvernig halda menn að undirbúningurinn hefði verið, ef ekki hefði verið fylgt þeirri stefnu í peningamálum, að bankarnir ættu myndarlegan gjaldeyrisvarasjóð, þegar óhöppin dundu yfir? Sú stefna hefur beinlínis gert þjóðinni mögulegt að komast yfir viðskiptaörðugleikana, án nýs haftakerfis og jafnvel vöruskömmtunar. Hvar hefðum við verið stödd, ef fylgt hefði verið leiðsögn fjármálaspekinga stjórnarandstöðunnar um að eyða öllum gjaldeyri jafnóðum? Ég er ekki heldur vonlaus um, að ýmsir forustumenn stjórnarandstöðunnar hafi lært nokkuð af þessari reynslu, því fátítt er nú í málflutningi þeirra að heyra ásakanir á ríkisstj. fyrir að halda áfram þeirri stefnu að byggja upp gjaldeyrisvarasjóð, þótt hv. þm. Ágúst Þorvaldsson talaði að vísu í gærkvöld af lítilli virðingu um þá menn, sem vildu fylgja föstum lögmálum í peninga- og efnahagsmálum, eina ráðið væri bara að efla atvinnuvegina. En hvernig það mátti verða með allt fjármálakerfið í ólestri, láðist honum að vísu að gera grein fyrir. Við erum að vísu lítil efnahagsheild, og því miður verka allar breytingar í framleiðslu- og efnahagsþróuninni meira á efnahagskerfið hér en í hinum stærri löndum. En það er auðvitað fjarri öllu lagi að halda því fram, að hér gildi ekki í meginatriðum sömu efnahagslögmál og í öðrum löndum með frjálst hagkerfi.

Það var ekki heldur rétt hjá hv. þm. Lúðvík Jósefssyni að verðhrun og aflabrestur hefðu strax skollið yfir almenning í versnandi lífskjörum. Einmitt vegna góðrar afkomu ríkissjóðs á árinu 1966 var hægt, með fjárgreiðslum úr ríkissjóði, að halda niðri verðlagi til hausts 1967. Því miður leiddi þetta að lokum til skuldasöfnunar hjá ríkissjóði, sem er hluti af þeim rekstrarhalla ríkissjóðs, sem orðið hefur síðustu þrjú árin.

Hv. þm. Lúðvík Jósefsson deildi á ríkisstj. fyrir skattheimtu og aukin útgjöld ríkissjóðs síðustu árin. Það er ekki rétt, að almennir skattar hafi verið hækkaðir þessi ár, ef frá er talið, að skattvísitala hefur ekki að fullu fylgt kaupgjaldsvísitölu síðustu tvö árin, og hefur hún þó hækkað um 40%. Útgjöld ríkissjóðs hafa óhjákvæmilega aukizt verulega, bæði vegna þess að þrátt fyrir efnahagsáföll hefur þjónusta ríkisins við borgarana ekki verið skert, laun hafa hækkað allverulega og tryggingabætur, og loks hefur verið reynt að halda uppi opinberum framkvæmdum, svo sem frekast hefur verið auðið, til þess að forðast atvinnuleysi. Svo tæpt hefur hins vegar verið teflt með tekjuöflun, að 600 millj. kr. skuld hefur myndazt við Seðlabankann á síðustu 3 árum. Við þetta má svo bæta, að á hverju þingi hafa stjórnarandstæðingar flutt margar till. um ný stórfelld útgjöld úr ríkissjóði. Nú staðhæfa stjórnarandstæðingar, að batinn í efnahagslífinu sé á engan hátt ríkisstj. og stuðningsliði hennar að þakka, heldur góðu árferði. Hins vegar áttu áföllin síðustu árin að mestu að vera ríkisstjórnarinnar sök. Vitanlega á árferði og aflabrögð og verðlag stærstan þáttinn í bæði áföllunum og batanum. En þó hefðu áföllin getað orðið miklu þungbærari og batinn komið síðar, ef ekki hefðu komið til réttar aðgerðir stjórnvalda.

Haustið 1968 vildu stjórnarandstæðingar, í viðræðum um vandamálið þá, ekki fallast á gengisbreytingu, og hlytu þeir því að hafa valið haftakerfið, ásamt stórfelldu uppbótakerfi, ef þeir hefðu þá fengið að ráða. Ég efast um, að margir séu finnanlegir nú, sem ekki játa, að ríkisstj. valdi þá réttu leiðina, sem bætt hefur úr efnahagsvandanum mun fyrr en ella. Haftakerfið hlyti að hafa leitt til stórfelldra vandræða, sem ekki hefði verið auðvelt að komast út úr.

Hv. þm. Ingvar Gíslason fræddi okkur á því í gærkvöld, að sjálfstæðismaður, sem hann fór með í flugvél fyrir mörgum árum, hefði talið stjórnarandstöðuna of lina. Margt hefur rangar verið sagt. En harka er ekki nóg, ef menn vita ekki hvað þeir vilja, utan það að komast í ráðherrastól. Kosningar eftir kosningar ættu að hafa sannfært stjórnarandstæðinga og þá ekki sízt framsóknarmenn um það, að þjóðin hugsar meira en þeir álíta. Menn vilja stefnumörkun, en ekki óljóst hugtakaþrugl, eins og „hina leiðina", skipulagshyggju eða eitthvað annað, sem aldrei er hægt að fá útskýrt hvað raunverulega merkir.

Umbótaviljinn á öllum sviðum, sem þeir stjórnar-

andstæðingar töluðu svo fjálglega um í gærkvöld, er auðvitað gífurlegur. En gallinn er bara sá, að þessi vilji gufar ótrúlega fljótt upp, þegar þeir eru sjálfir við stjórn. Skyldi enginn hafa brosað í gærkvöld, þegar hv. þm. Ingvar Gíslason sagði ríkisstj. hafa gefizt upp við að stjórna? Hvaða forsrh. var það, sem síðast gafst upp við að stjórna þessu landi, eftir að hafa komið þjóðfélaginu fram á hengiflug óðaverðbólgu, svo sem hann lýsti sjálfur, og það á góðæristímum? Annars vöktu mesta athygli bollaleggingar þessa hv. þm. um að atferli kommúnistiskra uppþotsmanna í Svíþjóð gæti orðið fordæmi í stjórnmálabaráttu hér heima.

Hv. þm. Lúðvík Jósefsson spurðist fyrir um það í gærkvöld, hver væri stefna ríkisstj. í kjaramálum. Stefna ríkisstj. er og hefur verið sú, að launþegar eigi að bera það úr býtum, sem atvinnureksturinn getur frekast risið undir, en leggur áherzlu á þá staðreynd, að blómlegir atvinnuvegir eru undirstaða góðra lífskjara, og séu lagðar á atvinnufyrirtækin of þungar byrðar, þá geti það leitt til stöðnunar, en ekki til kjarabóta. Á sama hátt sem almenn kjaraskerðing var óumflýjanleg meðan illa áraði, – einmitt af því að gróða velmegunaráranna hafði jafnóðum verið úthlutað í hærri launum, svo sem Eðvarð Sigurðsson gat um áðan, – þá ber að sjálfsögðu, að bæta úr þeirri kjaraskerðingu, strax og aðstæður leyfa. Í sambandi við þessa kjaraskerðingu er þó ástæða til að mótmæla þeim endurteknu staðhæfingum, að raunkjör almennings hafi ekki batnað síðan 1958. Óvefengjanlegar samanburðartölur sýna, að kaupmáttur atvinnutekna hefur vaxið um 37% frá 1. nóv. 1958 til 1. nóv. 1969. Verkalýðsforystan hefur á síðustu árum sýnt verulegan skilning á hinum efnahagslegu staðreyndum og það veltur á óendanlega miklu, að sá skilningur sé til staðar nú, að kjarabótakröfurnar verði innan þeirra marka, að ekki lamist sá margvíslegi vísir til nýs framtaks og atvinnuuppbyggingar, sem víða verður vart síðustu mánuðina, ekki til þess að einhverjir atvinnurekendur geti auðgazt óeðlilega, heldur til þess að hægt sé að skapa þann lífsþrótt í íslenzkt atvinnulíf, að böl atvinnuleysisins hverfi og áfram sé hægt að stefna öruggum skrefum til betri lífskjara. Fjöldi fólks býr við kjör, sem mikil nauðsyn er að bæta, en það verður að gerast með raunhæfum aðgerðum. Það er hins vegar sanngirniskrafa launþega, að öllum tiltækum ráðum sé beitt til þess að skipuleggja starfsemi fyrirtækja svo vel sem auðið er, þannig að þau skili sem mestum arði og geti því risið undir hærra kaupgjaldi. Starf hagræðingarráðunauta á vegum bæði verkalýðssamtaka og vinnuveitenda er hið mikilvægasta í þessu sambandi. Þess verður líka vart, að vaxandi skilningur sé hjá atvinnurekendum á hagræðingu og skipulagningu í rekstri, og í æ ríkari mæli ráða fyrirtækin til sín rekstrarfróða menn. Hér stefnir því í rétta átt og varðar miklu, að með samhug sé að unnið. Samstarf ríkisstj. verkalýðssamtaka og vinnuveitenda í kjaramálum og eflingu atvinnurekstrar síðustu árin er tvímælalaust rétt spor til lausnar því mikilvæga viðfangsefni að sætta fjármagn og vinnu og leggja grundvöll raunhæfra kjarabóta.

Það er engum efa bundið, að bjart er framundan, ef rétt er á haldið. Stéttafriður og stéttasamstarf er það, sem þjóðinni ríður nú mest á í nýrri framfarasókn eftir áföll síðustu ára. Án samheldinnar og víðsýnnar stjórnarforystu verður vandinn ekki heldur leystur, og hver getur veitt þá stjórnarforystu nema núverandi stjórnarflokkar? Svari hver fyrir sig að þessum umr. loknum.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Starfshættir Alþingis hafa talsvert verið ræddir að undanförnu, og er ekki um það deilt, að í því efni er tímabært orðið, að gerðar verði ýmsar breytingar. Nokkur skoðanamunur varðandi það, hversu víðtækar slíkar breytingar skuli vera, er þó bersýnilega ríkjandi, og er það í sjálfu sér ekki óeðlilegt. Þannig hefur t. d. ekki tekizt að afgr. á þessu þingi frv. til l. um breytingar á þingsköpum Alþ., og hefur það frv. þó áður dagað uppi í þinginu. Það var á sínum tíma samið af mþn., sem skipuð var fulltrúum allra flokka. Ég tel, að í ýmsum efnum hafi þetta frv. horft til bóta, svo sem að því er varðar útvarp frá Alþ. og fyrirspurnir í Sþ., þótt þar hafi verið um málamiðlanir að ræða, sem ekki fullnægðu óskum allra varðandi þetta tvennt. Hlýt ég því að harma, hve treglega gengur að koma þessu máli fram.

En örlög þingskapafrv. sýna glöggt, að umtalsverðar breytingar á starfsháttum Alþ. geta ekki átt sér stað nema með víðtæku samkomulagi allra flokka. Hver flokkur um sig hefur í þessu tilliti raunverulegt neitunarvald, og gerir þetta það að verkum, að meiri háttar breytingar á starfsháttum Alþ. hljóta að verða mjög hægfara.

Fyrir mitt leyti er ég samþykkur því, að stefnt sé að sem allra víðtækustu samkomulagi flokkanna í þessu efni. Þegar um er að ræða þær leikreglur, sem allir verða að starfa eftir á þessum vettvangi, verður ekki annar háttur á hafður, svo að vel fari. Þess vegna fagna ég þeirri yfirlýsingu, sem Ólafur Jóhannesson gaf hér í gærkvöld, er hann ræddi þetta mál. En hann var sá eini af form. þingflokkanna, sem vildi fallast á að hafa annan hátt á þessum eldhúsdagsumr. heldur en þann úrelta hátt, sem nú er á þeim hafður. Batnandi mönnum er bezt að lifa. En Alþ. má þó ekki taka sér svo langan tíma til þess að endurskoða starfshætti sína, að þeir verði gamaldags og úreltir, og hafi lamandi áhrif á afgreiðslu mála.

Að sjálfsögðu er það fleira en sjálf þingsköpin, sem endurskoða þarf, varðandi starfshætti Alþ. Þeim er m. a. stakkur skorinn af húsnæði þingsins, skiptingu þess í deildir og þeirri aðstoð, sem þm. eiga kost á við þingstörfin. Úr öllu þessu þarf að bæta. Þinghúsið er of lítið, og hefur orðið að grípa til þess ráðs að bæta nokkuð úr brýnustu húsnæðisþörf Alþ. með því að taka húsnæði á leigu. Deildaskiptingin er úrelt og þýðingarlaus og getur á stundum orðið til þess að hindra framgang góðra mála. Við byggingu nýs þinghúss þarf þess vegna að gera ráð fyrir því, að Alþ. starfi framvegis í einni málstofu. Þá verður ekki miklu lengur undan því vikizt að gefa þm. kost á meiri aðstoð við þingstörfin en nú tíðkast. Varðandi starfsaðstöðuna hefur Alþ. sparað við sjálft sig í lengstu lög, og hið sama hefur verið gert varðandi Stjórnarráð Íslands, sem einnig býr við ófullnægjandi starfsaðstöðu, að 26 árum liðnum frá stofnun lýðveldisins. Þetta sýnir m. a., að frá því að Ísland endurheimti frelsi sitt til fulls, hafa aðrar þarfir en þær, sem ég hef nú rætt, verið látnar sitja í fyrirrúmi, þegar

um það hefur verið að ræða að beina því takmarkaða fjármagni, sem þjóðin hefur yfir að ráða, í ákveðna farvegi.

Uppbygging atvinnuveganna, aukin framlög til félagsmála og almannatrygginga, bygging vega, skóla, sjúkrahúsa, íbúðarhúsa, raforkuvera og annað það, sem stuðlar að bættum lífskjörum, hefur verið látið sitja í fyrirrúmi fyrir öðru. Þessa staðreynd finnst mér, að þeir hagsmunahópar ættu að íhuga vel, sem mestar kröfur gera um þessar mundir um aukna fjármuni sér til handa úr sameiginlegum sjóði þjóðarinnar. T. d. væri hollt fyrir forystumenn námsmanna, að þeir gerðu sér þessa staðreynd ljósa, áður en þeir gera fleiri tilraunir til þess að framfylgja kröfum sínum um aukna námsaðstoð með alls konar fáránlegum uppátækjum eða jafnvel með ofbeldisverkum. Kröfur þeirra er ekki hægt að meta án tillits til réttmætra krafna annarra, og eiga þar hlut að máli ýmsir aðilar í þjóðfélaginu, sem með réttu gætu bent á, að þeir séu verr settir en námsmenn. Um þessar mundir er t. d. nauðsynlegt, að laun hækki mjög almennt. Einnig þarf að stórauka ýmsar greinar almannatrygginga, svo sem ellilaun, örorkubætur og mæðralaun. Þörf námsmanna fyrir aukna aðstoð er þannig ekkert einangrað fyrirbæri. Þeir hafa, eins og aðrir, óhjákvæmilega orðið að búa við lakari kjör um skeið, vegna erfiðleikaáranna 1967–1968. En úrlausn allra fjárhagslegra vandamála okkar takmarkast m. a. af smæð þjóðarinnar, og er ekki nema eðlilegt, að ýmsar aðrar þjóðir, sem eru ýmist stærri eða margfalt ríkari en við, nema hvort tveggja sé, geti í ýmsum greinum, svo sem á sviði mennta- og félagsmála, veitt þegnum sínum meira en íslenzka ríkið getur gert. Samanburður á Íslendingum annars vegar og stærstu eða ríkustu þjóðum heims hins vegar, er þess vegna alls ekki réttmætur, þegar þessi mál eru skoðuð. Séu Íslendingar aftur á móti bornir saman við aðrar álíka fjölmennar þjóðir og að öðru leyti sambærilegar, þá verður þeirra hlutur áreiðanlega mjög góður í þessum efnum.

Margir ræðumenn hafa í þessum umr. gert uppátæki og ofbeldisverk fámennra hópa námsmanna í sendiráðinu í Stokkhólmi og í menntmrn. að umtalsefni. Fer það ekki milli mála, að þetta tvennt hefur gert málstað námsmanna meira ógagn en gagn. Þó furðaði mig á þeirri afstöðu, sem Ingvar Gíslason tók hér í gærkvöld til þessara atburða. Það virðist ekki þurfa að skafa þann hinn mikla friðsemdar- og dáindismann lengi, til þess að í ljós komi skyldleiki hans við stjórnleysingja. Ég skal fúslega taka undir það, að meira þurfi að gera fyrir námsmenn en nú er gert, en kröfur þeirra verður að vega og meta, m. a. með samanburði við það, sem gert er meðal annarra þjóða, sem sambærilegastar eru við Íslendinga.

Fleira þarf einnig að upplýsa í þessu sambandi. Mér liggur t. d. forvitni á að vita, hvort námslaun eru veitt án allra skilyrða, þar sem þau tíðkast. Eru þau veitt ân tillits til námsárangurs, eða eru þau eingöngu veitt sérstöku úrvali nemenda? Eru þau veitt kvaðalaust, eða þarf viðkomandi námslaunaþegi að skuldbinda sig til sérstakra starfa um lengri eða skemmri tíma að námi loknu? Fróðlegt væri að fá ótvíræða vitneskju um þessi atriði í sambandi við þá athugun, sem vissulega þarf að gera á þeirri aðstoð, sem íslenzkum námsmönnum er veitt. Engum, sem til þekkir, þarf að blandast hugur um að bæta þurfi kjör íslenzkra námsmanna. Allir þeir, sem taka vilja á málefnum námsmanna af skilningi og velvild, hljóta samt að harma þá atburði, sem gerðust á dögunum í íslenzka sendiráðinu í Stokkhólmi og menntmrn. við Hverfisgötu. Þetta hvort tveggja hefur vakið reiðiöldu meðal almennings, sem fær ekki skilið og vill ekki sætta sig við, að öfgamenn og stjórnleysingjar geti ráðið ferðinni fyrir allan þorra íslenzkra námsmanna. Menn spyrja að vonum, hvers sé að vænta í framtíðinni af menntamönnum okkar, sem vissulega eiga að erfa landið og taka við forystu í þjóðfélaginu, fyrst þeir hlíta annarri eins forystu og þeirri, sem raun ber vitni. Þetta er mjög alvarlegt mál fyrir námsmenn sem heild, ef samtök þeirra gera ekki í alla staði hreint fyrir sínum dyrum og fordæma ofbeldisverkin afdráttarlaust, jafnframt því sem þau losa sig við áhrif upphlaupalýðsins. Ofbeldisverkin í Stokkhólmi og í menntmrn. brjóta í bága við hefðbundinn og rótgróinn skilning Íslendinga á friðhelgi. Þjóðin hefur frá fornu fari skilið og tileinkað sér nauðsyn þess að halda friðinn innbyrðis og út á við. Hið litla og veikbyggða þjóðfélag Íslendinga mundi fljótlega hrynja til grunna, ef þessi skilningur væri ekki fyrir hendi.

Allir virðast nú sammála um, að mjög verulegur afturbati hafi átt sér stað í efnahagslífi þjóðarinnar eftir þá erfiðleika, sem sköpuðust vegna verðhruns og aflabrests, er einkum varð á árunum 1967–68. Eins og jafnan áður vilja stjórnarandstæðingar ekki viðurkenna, að viðbrögð stjórnarinnar og meiri hl. þingsins gegn þessum gífurlega vanda hafi átt neinn þátt í afturbatanum. Þessi afstaða stjórnarandstöðunnar byggist vitanlega á því, að sjálfa skorti hana bæði úrræði, samheldni og manndóm, til þess að fást við vandann. Neikvætt nöldur hennar nú breytir heldur engu um það, að aukinn afli og hækkað verðlag á útflutningsafurðum hefðu ekki út af fyrir sig dugað til þess að koma okkur út úr kreppunni, ef ekki hefðu verið gerðar þær ráðstafanir í efnahagsmálum, sem gerðar voru af stjórnarflokkunum. Bættur hagur þjóðarinnar nú er vitanlega árangur af hvoru tveggja: aðgerðunum í efnahagsmálum og batnandi árferði og viðskiptakjörum. Þessum árangri hljóta allir góðviljaðir menn að fagna, og á miklu veltur, að hann sé hagnýttur á þann hátt, að hann veiti þjóðinni raunverulega bætt lífskjör.

Kröfur hafa verið settar fram um mikla kauphækkun og er það að vonum. En kauphækkanir einar eru ekki einhlítar. Fyrir því er margföld reynsla, einkum þegar svo er um hnútana búið, að kauphækkana gætir fljótt í verðlagi brýnustu lífsnauðsynja. Þá eru kjarabætur áður en varir að engu gerðar. Ég hjó eftir því í gær, að Hannibal Valdimarsson, forseti Alþýðusambands Íslands, varaði við þessari hættu, og hið sama gerði raunar Eðvarð Sigurðsson, form. Dagsbrúnar, hér áðan. En ég saknaði þess hins vegar í ræðum þeirra, að þeir bentu á raunhæf úrræði til þess að fyrirbyggja þessa hættu. Þeir mæltu t. d. ekki með því, að horfið yrði frá vísitölubindingu kaups eða að rofin yrðu tengslin milli afurðaverðs bænda og hækkandi launa. Þetta eru hvort tveggja miklir áhrifavaldar á gang dýrtíðarmálanna og áreiðanlega svo erfiðir úrlausnar, að

bezt er að flýta sér hægt, eins og hæstv. forsrh. orðaði það hér í gærkvöldi. Hinn mikli vandi, sem við þarf að glíma, er að finna þá lausn þessara mála, sem færir þjóðinni varanlegastar kjarabætur. Reynslan sýnir okkur, að sjávaraflinn er svipull, og þess vegna þarf að renna fleiri stoðum undir atvinnu- og efnahagslíf landsmanna. Að því er m. a. stefnt með aðildinni að EFTA. Afgreiðsla hennar er eitt af merkustu málum þessa þings. Með EFTA-aðildinni eru opnaðir ýmsir góðir möguleikar, og reynir nú á það, hvort þeir verða hagnýttir sem skyldi. Möguleikarnir eru aðallega fólgnir í auknum útflutningi iðnaðarvarnings til EFTA-landanna, en framleiðsla hans og sala verður að byggjast á því, að verðlag hér á landi sé sæmilega stöðugt eða útreiknanlegt fyrir fram. Þetta veldur því, að mjög er æskilegt, að nýir samningar um kaup og kjör verði gerðir til alllangs tíma, þannig að unnt verði að hafa fullt gagn af EFTA-aðildinni í þessu tilliti.

Stjórnarandstaðan hefur haldið því á lofti í þessum umr., að kaupmáttur bóta almannatrygginga hafi minnkað frá því, er hann var hæstur, en það var hann á árinu 1967. Hefur í þessu sambandi verið rætt um 16.2% lækkun eða 12.8% lækkun, eftir því hvort miðað er við neyzluvöruverðlag eða framfærslukostnað. Hins hefur aftur á móti ekki verið getið í þessu sambandi, að þrátt fyrir umrædda lækkun kaupmáttar tryggingabótanna frá 1967, þegar hann var hæstur, hefur kaupmáttur þeirra í heild síðasta áratug hækkað verulega, jafnvel þótt miðað sé við neyzluvöruverðlagið. Tryggingabætur voru um skeið verðtryggðar eftir sömu reglum og giltu um verðlagsuppbót á laun, sbr. lög nr. 63 1964. Þetta samband milli tryggingabóta og launa var rofið í árslok 1967, en síðan hækkuðu bætur almannatrygginga tvívegis með lögum, eftir að verkalýðsfélög og vinnuveitendur gerðu með sér samninga, 18. marz 1968 og 19. maí s. l. Nam hækkun bótanna meira en þeirri verðlagsuppbót, sem hæst var greidd skv. nefndum samningum. Ég rek þetta ekki hér af því, að ég sé mótfallinn því, að tryggingabætur hækki meira. Ég hef reyndar áður tekið fram, að ég tel nauðsynlegt, að þær verði hækkaðar frá því, sem nú er. Þótt svo sé, þarf það ekki að liggja í þagnargildi, að á s. l. 10 árum hafa verið stigin stærri spor í tryggingamálum en á mörgum áratugum þar á undan. Þm. Alþfl. ganga út frá því, að bætur almannatrygginga í heild verði teknar til rækilegrar endurskoðunar og að við hækkun þeirra verði höfð hliðsjón af þeirri framvindu kjaramálanna, sem fram undan er á næstunni.

Togaraútgerð hefur lengi verið í öldudal, og ekki verið sérlega arðbær. Hefur ástandið verið þannig, að lítill áhugi hefur verið fyrir endurnýjun eða stækkun togaraflotans, og mikill samdráttur hefur átt sér stað í togaraútgerðinni, þrátt fyrir mikla fjárhagslega aðstoð, sem hún hefur fengið. Þessi þróun mála hér á sér hliðstæður erlendis, t.d. í Bretlandi og V.-Þýzkalandi, en í báðum þessum löndum hefur togaraútgerð um langt skeið verið rekin með miklum styrkjum. Hér á landi hafa á undanförnum árum verið keypt eða byggð mörg skip annarra tegunda, þannig að skortur veiðitækja hefur ekki valdið neinum samdrætti í útgerð, þrátt fyrir kyrkinginn í togaraútgerðinni. Man ég ekki betur en að úr sumum byggðarlögum, t. d. Norðfirði, hafi togari beinlínis verið seldur, til þess að unnt væri að kaupa þangað síldveiðiskip í staðinn. Upp á síðkastið hefur hagur togaraútgerðar hér á landi hins vegar vænkazt til muna, og nú er á ný vaknaður áhugi á að endurnýja togaraflotann. Hefur Alþingi nú afgreitt frv., sem heimilar ríkisstj. að láta smíða sex 1000 lesta skuttogara, og selja þá með góðum kjörum einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum. Lögin eru heimildarlög og mun enn þá ekki fullvíst, hvort kaupendur fáist að öllum 6 skipunum. Mál þetta hefur hlotið rækilegan undirbúning og er nú svo langt komið, að smíði skipanna hefur verið boðin út. Við meðferð málsins í sjútvn. lögðu þeir Lúðvík Jósefsson og Jón Skaftason til, að heimilt yrði að láta smíða allt að tólf 1000–1200 rúmlesta togara í stað sex. Enn fremur vildu þeir, að ríkisstj. beitti sér fyrir smíði allt að átta skuttogara, 500–700 rúmlesta, og loks átti ríkið að ábyrgjast allt að 90% af kostnaðarverði verksmiðjutogara fyrir Úthaf h/f. Það átti m. ö. o. að kaupa samtals 21 skip skv. þeirra till. Það má margt segja um slíkan tillöguflutning sem þennan. Ef til vill ber hann vott um meira traust á hæstv. ríkisstj. en við höfum í stjórnarliðinu. Við teljum ekkert unnið við það að fá ríkisstj. heimildir, sem fyrir fram er vitað að verða ekki notaðar. Við vitum um áhuga á nokkrum stöðum fyrir kaupum á 500–700 lesta skuttogurum, og er það mál nú í athugun. Er hér um 4 eða 5 staði að ræða, þar sem talið er, að slík skip mundu henta mjög vel til hráefnisöflunar fyrir fiskvinnslustöðvar í landi. Hefur því verið lýst yfir hér á Alþingi, síðast áðan af hæstv. fjmrh., að ríkisstj. mundi greiða fyrir kaupum á þeim skipum, eftir því sem með þarf, þegar nauðsynlegum undirbúningsathugunum á kostnaði við kaup þeirra og rekstur er lokið. Mun þá gefast nægur tími til þess að afla nauðsynlegra lagaheimilda, sem byggist á raunhæfu mati og vönduðum undirbúningi.

Víðar hefur rofað til um þessar mundir annars staðar en í togaramálunum, og vonandi verður áframhald á afturbatanum í atvinnulífinu á því sumri, sem nú er nýbyrjað. Kjósendur ganga að kjörborði í lok maímánaðar til þess að velja nýjar sveitarstjórnir. Leyfi ég mér að hvetja þá til þess að fylkja sér um Alþfl., alls staðar þar sem hann hefur menn í kjöri. Flokkurinn hefur á liðnum áratug og reyndar alltaf, þegar hann hefur haft aðstöðu til, veitt sveitarstjórnarmálefnum brautargengi. Minni ég í því sambandi á, að tekjustofnar sveitarfélaga hafa verið endurskoðaðir í tíð núverandi stjórnarsamstarfs og sveitarfélögum verið fenginn hluti af söluskatti og landsútsvör. Með endurskoðun hafnarlaga, skólakostnaðarlaga og laga um löggæzlu hefur þátttaka ríkisins í kostnaði vegna þessara þýðingarmiklu málaflokka verið stórlega aukin, og loks vil ég minna á, að framlög ríkisins til skólamála og heilbrigðismála hafa aldrei verið meiri en þau eru nú. Þessir málaflokkar allir hafa mikla þýðingu fyrir sveitarfélögin og fólkið, sem í þeim býr. Þessum málaflokkum er vel borgið í höndum Alþfl.-manna. Þess vegna hvet ég til þess, að Alþfl. verði fengin aukin áhrif í kosningum til sveitarstjórna í lok maímánaðar.

Góðir áheyrendur. Ég þakka ykkur áheyrnina og óska landsmönnum öllum gleðilegs og farsæls sumars.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Góðir hlust-

endur. Út af hinu langa máli hæstv. menntmrh., Gylfa Þ. Gíslasonar, í umr. í gærkvöldi um mál námsmannanna, vil ég taka þetta fram: Mér er ljóst, að við enga þegna þjóðfélagsins hafa ókjör fjögurra gengisfellinga, og þar með í raun og veru sjálf stjórnarstefnan núverandi, komið harðar en við námsmennina, einkanlega þá, sem nám stunda erlendis. Þeir hafa því áreiðanlega orðið að heyja langa og harða baráttu, sumir máske örvæntingarfulla baráttu fyrir því að geta haldið áfram námi og afstýra því að bíða varanlegt skipbrot. Ég veit, að þeir eru lengi og af mikilli þolinmæði búnir að knýja á og biðja um leiðréttingar hjá ríkisvaldinu. Oft og lengi hafa þeir farið bónleiðir til búðar. Hinum bráðlátari hefur jafnan fundizt, að þeir væru hunzaðir, og þegar svo var komið, var auðveldara fyrir öfgaöflin að leiða baráttuna út á villigötur ærsla, ofbeldisaðgerða og byltingartilburða, sem stórlega hafa spillt fyrir málstað námsmannanna hjá almenningsálitinu. En þetta má með engu móti leiða athyglina frá vandamálinu sjálfu. Því segi ég, að svo miklu leyti sem barátta námsmannanna innanlands og erlendis er kjarabarátta og jafnréttisbarátta, hefur verkalýðshreyfingin og Samtök frjálslyndra og vinstri manna dýpstu samúð og algjöra samstöðu með námsmönnunum og mun styðja málstað þeirra eftir beztu getu. En með tilvísun til reynslu verkalýðshreyfingarinnar af baráttuaðferðum ýmiss konar, vil ég líka bæta því við, að þar hafa seiglutökin, þolinmæði og úthald dugað bezt. Kjarabarátta er látlaust strit fyrir málefnunum sjálfum, eins og Jón heitinn Baldvinsson orðaði það. En upphlaup og ærsl borga sig ekki. Þá aðferð hafa öfgaöfl innan verkalýðshreyfingarinnar stundum áður fyrr prófað, og sú aðferð skilaði ekki árangri. Þetta er okkar dýrmæta reynsla og læt ég svo útrætt um það mál.

Eitt ágætt dæmi um drengskap og siðgæði í opinberu lífi á Íslandi má sækja til hins óhlutdræga ríkisútvarps undir stjórn áróðursmeistara flokkanna, ritstjóranna. Þeir hafa komið sér saman um að láta útvarpið lesa yfir landslýðnum forystugreinar sínar í dagblöðum, á hverjum morgni 6 daga vikunnar. Þessa aðstöðu hafa nú allir flokkarnir nema Samtök frjálslyndra og vinstri manna. Nú hafa það lengstum verið óskráð drengskaparlög að hafa ekki ærumeiðandi ummæli um fjarstadda, – baktal eða rógur heitir það á íslenzku máli, – en slík drengskaparlög gilda þó ekki í hinu óhlutdræga ríkisútvarpi. Þar samrýmist það bæði reglunum um óhlutdrægni og drengskaparreglunum að ausa fjarstadda auri. Það er hvorki rógur, baktal né ranglæti þar, og svo er það svo ódýrt, „billegt", flutt á ríkisins kostnað.

Iðulega fá menn með morgunkaffinu svæsnustu ádeilugreinar á Samtök frjálslyndra og vinstri manna og persónulega á þm. Björn Jónsson og Hannibal Valdimarsson. Þennan drengskap iðkar Magnús Kjartansson alveg sérstaklega, en ekki hefur ritstjóri Alþýðublaðsins heldur getað staðizt þá freistingu. Sem dæmi um þessa rógsiðju má nefna síendurteknar tilraunir Magnúsar Kjartanssonar til þess að hverfa frá sannleika til lygi, varðandi söluskattinn. Skv. sannleikstúlkun Magnúsar skal Hannibal Valdimarsson öllum öðrum fremur bera ábyrgð á honum, og hefur hann stundum kallað söluskattinn Hannibalsskattinn. Greiddi þá Hannibal ekki atkv. með frv. á einhverju stigi þess? Nei, ekki var svo. Var hann ekkert viðriðinn flutning frv.? Nei, ekki heldur það, þetta var stjórnarfrv. Strax við 1. umr. málsins andmælti Hannibal frv. harðlega í snarpri ræðu og lýsti yfir fullri andstöðu við það. Þá studdi Hannibal allar till., sem gengu í þá átt að takmarka álagningu söluskattsins, undanþiggja almennar neyzluvörur og þjónustu álagningu hans. Og einnig studdi hann tillögur um ráðstafanir til betri innheimtu hans. Og enn, Hannibal greiddi atkv. gegn söluskattsfrv. í heild að viðhöfðu nafnakalli, en samt á hann að bera ábyrgð á söluskattinum, skv. leiðaraskrifum Þjóðviljans. Þetta fær inni í ríkisútvarpinu! Við 3. umr. gerði Hannibal svo lokatilraun til þess að lækka skattinn og bar fram till. um, að hann yrði lækkaður úr 11% í 9½%, en það hefði þýtt lækkun hans um hundruð millj. kr. En hvað gerðist þá? Þá gekk Lúðvík Jósefsson til ræðustóls og lýsti því yfir, að hann og þeir Alþb.-menn mundu sitja hjá við atkvgr. um till., og svo gerðu þeir. Fer þetta ekkert á milli mála, því nafnakall var viðhaft við atkvgr. um till. Þannig birtist þeirra vilji til að létta skattabyrðina á almenningi, og mun þeirra skömm að minni hyggju nokkuð lengi uppi. Það skal fram tekið, að í þetta sinn sátu framsóknarmenn ekki hjá, heldur greiddu till. Hannibals atkv., eins og sjálfsagt var. En nú segir Magnús Kjartansson, að það sé vegna stuðnings Hannibals við EFTA, sem hann ber ábyrgð á söluskattinum. Athugum þá þau sannindi. Er það ekki öllum augljóst, að um það átti ríkisstj. algjörlega frjálst val, hvernig hún aflaði ríkissjóði tekna í stað þeirrar lækkunar tolla, sem leiddi af inngöngunni í EFTA? Hún valdi söluskattsleiðina og ber því ein ábyrgð á því vali. Undir umr. spurði Hannibal Magnús Jónsson fjmrh. að því, hvort ríkisstj. hefði verið nokkrum skuldbindingum háð EFTA-löndunum um að leggja á söluskatt. Svar ráðh. var skýrt og afdráttarlaust: Nei, auðvitað ekki. Þar með brast boginn í höndum Lúðvíks og Magnúsar í rógburðarherferðinni gegn Hannibal. Í þetta sinn brást þeim bogalistin í því að hverfa frá sannleika til lygi.

Leiðtogar Alþfl. bera stundum harm sinn á torg í heyranda hljóði út af því, að vondir menn hafi oftar en einu sinni klofið flokkinn. Eru þá oftast nefndir tveir höfuðskálkar, þeir Héðinn Valdimarsson og Hannibal Valdimarsson. Þennan söng upphóf hæstv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, líka hér í gærkvöld. En hvernig var það annars með þessa úthrópuðu klofningsmenn Alþfl.? Hlupu þeir sjálfir brott úr flokknum? Var þeim ekki af löglegri flokksstjórn vikið úr flokknum? Það er eins og mig minni það nú, svo var það a. m. k. að því er mig varðar. Fyrir þetta hef ég aldrei áfellzt Alþfl. Hann vildi ótruflaður af öllu og öllum fá að taka sína hægri beygju, og þar sem ég var ekki á þeim buxunum að lalla með, var mér eðlilega sagt upp vistinni eftir 27 ára þjónustu á þeim bæ, því auðvitað átti flokksstjórnin, en ekki einstaklingurinn, að ráða stefnunni. Og svo var haldið til hægri, komið við hjá Framsókn, – ég á við „hræðslubandalagið" – en síðan var riðið í hlað hjá íhaldinu. Frá því eru liðin nærri 11 ár, og sjást þess engin merki, að þeirri heimsókn sé að ljúka. Samt er nú svo komið, að til eru þeir Alþfl.-menn, sem farnir eru að ókyrrast úr af samruna Alþfl. og Sjálfstfl. og tjá sig um það

opinberlega. Þannig kom það fram í sjónvarpsviðtali hér í vetur við Stefán Jóhann Stefánsson, fyrrv. form. Alþfl. og forsrh. Íslands, að hann harmaði, hve langt Alþfl. væri kominn til hægri. Taldi Stefán flokkinn hafa borið mikið af leið og kvað hann mikla afturför hjá Alþfl. varðandi beitingu sósíaldemókratískra úrræða við stjórn landsins. Þessi ummæli Stefáns Jóhanns vöktu að vonum alþjóðarathygli og eru allt of sönn, því miður.

Í marz í vetur fékk ungur menntamaður við Uppsalaháskóla, Alþfl.-maður, birta stóra grein í sjálfu Alþýðublaðinu. Var Alþfl. þar sagt rækilega til syndanna fyrir íhaldsþjónkun hans í meira en áratug. Ungi maðurinn taldi lítið samræmi vera milli stefnuskrár og framkvæmdrar stefnu Alþfl. Síðan sagði hann orðrétt:

„Mesta ósamkvæmni Alþfl. felst að sjálfsögðu í 10 ára stjórnarsamstarfi hans við sjálfstæðismenn. Ég dreg enga dul á, að ég er andstæðingur viðreisnarstjórnarinnar, ekki fyrst og fremst vegna þess, að ég vilji fordæma allar gerðir hennar, heldur vegna þess, að enginn hugsjónalegur grundvöllur er fyrir samstarfi jafnaðarmanna og íhaldsmanna í ríkisstj." Síðan fullyrðir hann í greininni: „Alþfl. hefur í rauninni ekki komið fram neinum af sínum stefnumálum. Við erum ekki hænufeti nær takmarki okkar eftir 10 ára samstarf. Alþfl. hefur í rauninni aðeins eitt mál á stefnuskrá sinni: að koma á lýðræðislegum sósíalisma, og ekkert er slíkum málstað hættulegra en stjórnarsamstarf við íhaldsflokk. Vera má, að hægt sé að hækka almannatryggingar um nokkur hundruð krónur í slíku samstarfi, en það er hégómi, sem ekkert dregur, og engan veginn má kaupa það því verði, að flokkurinn teygist æ lengra og lengra til hægri. Ljóst er, að þátttaka Alþfl. í ríkisstj. stendur beinlínis í vegi fyrir sameiningu jafnaðarmanna í einn flokk, því að leiðin til sósíalismans liggur ekki um bæjarhlað íhaldsins."

Ég fæ ekki betur séð en þetta sé hárrétt lokaályktun hjá hinum unga Alþfl.-manni, og hin sama varð niðurstaðan hjá Jóni Þorsteinssyni alþm. í gær, þegar hann ræddi hér fyrir hönd Alþfl. og sagði, að samstarfið við íhaldið hefði valdið því, að þm. Björn Jónsson og Hannibal Valdimarsson hefðu ekki náð samstöðu með Alþfl. og hefðu heldur kosið það úrræði að stofna til nýs flokks.

Þetta er hárrétt. Viðræður okkar við Alþfl. strönduðu einmitt á þessu. Hér áður fyrr fór Alþfl. oftar en einu sinni úr ríkisstj., þó að stjórnarsamstarf þætti þá mikilsvert, þegar málin þóttu rekast á vilja verkalýðshreyfingarinnar og hagsmuni flokksins. En nú er setið sem fastast, og líklega eru ráðherrarnir orðnir fastir við stólana sína.

En hvenær halda menn, að forysta Alþfl. taki sinnaskiptum og hverfi frá kjötkötlunum hjá Sjálfstfl.? Halda menn, að hann taki saman pjönkur sínar og hverfi frá allri íhaldssamvinnu og gerist stríðandi Alþfl. á ný, ef hann heldur fylgi sínu eða eykur það í næstu kosningum? Nei, svo barnalegur getur enginn verið. Auðvitað er einasta vonin til þess, að Alþfl. hverfi aftur til síns fyrra hlutverks, að hann verði fyrir miklu áfalli í næstu kosningum. Þá og því aðeins er nokkur von til þess, að Gylfi Þ. Gíslason vakni upp við vondan draum einn morguninn og athugi eitthvað sinn gang, standi frammi fyrir spurningunni: Hvers vegna varð Alþfl. fyrir fylgishruni? Þá gæti ef til vill hvarflað að honum, að hann yrði líklega að breyta eitthvað til. Einasta leiðin til þess að toga Alþfl. aftur á rétta braut er sú, að kjósendurnir refsi honum fyrir íhaldsþjónkun hans og segi honum þannig til vegar.

Það er fyrst, þegar þetta hefur gerzt, sem það kemur í ljós, að flokkur okkar, Samtök frjálslyndra og vinstri manna, er annars eðlis en gömlu flokkarnir. Hann er ekkert takmark í sjálfu sér. Verður þetta ljósast með beinni tilvitnun í stjórnmálayfirlýsingu hans, en þar segir orðrétt:

„Samtökin telja það mál mála, að sem fyrst takist að sameina alla íslenzka jafnaðarmenn og samvinnumenn í einum sterkum og vaxandi stjórnmálaflokki, sem reynzt geti hæfur til að taka forystu fyrir sóknaröflum þjóðfélagsins. Samtökin lýsa því yfir, að þau eru reiðubúin til að athuga gaumgæfilega alla möguleika, sem skapast kunna til skipulagslegrar sameiningar jafnaðarmanna og samvinnumanna í einum flokki, sem á skömmu tímabili gæti orðið sterkasta stjórnmálaaflið með þjóðinni."

Lengi hefur öllu heiðarlegu fólki blöskrað sú spilling, sem hér á landi ríkir í embættaveitingum. Þar ræður flokksþjónkun úrslitum, en hæfni og menntun skipta oft engu máli. Nýlega sá ég í blaði ráðizt með hárbeittu skopi á þetta fyrirbæri. Í blaðinu stóð: „Ef leikari og búfræðingur sæktu um starf búfjárræktarráðunautar, fengi leikarinn auðvitað stöðuna, ef hans flokkur ætti að úthluta embættinu. En ef svo yrðu stjórnarskipti og sömu menn kepptu um stöðu leiklistarráðgjafa, þá fengi búfræðingurinn stöðuna, stöðu leikarans, enda væru þá hans flokksmenn komnir til valda." Þannig ná armar flokksræðisins til allra sviða þjóðlífsins, eða svo sagði blaðið. Og viti menn: Nokkrum dögum seinna staðfesti veruleikinn þessi orð blaðsins. Um forstjórastöðu Tryggingastofnunar ríkisins sóttu tryggingafræðingur, sem verið hafði hægri hönd forstjórans á annan áratug, og svo efnafræðingur af réttum flokkslit, og auðvitað kom tryggingafræðingurinn ekki til greina. Efnafræðingurinn var flokksbróðir ráðherrans, sem veitingarvaldið hafði, og því varð efnafræðingurinn auðvitað forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins. Þannig yfirgengur stundum veruleikinn skáldskapinn. Og hver er skýringin á þessu? Hvort sem menn trúa því eða ekki, er þetta samkv. ákvæði í flokkslögum Alþfl. En þar segir: „Lög Alþfl. 1. kafli. Stefnumið og starfsaðferðir...IV, 1. Að stuðla að því, hvar sem við verður komið, að kosnir séu til opinberra starfa aðeins þeir menn, sem eru flokksbundnir Alþfl.-menn. Á þetta jafnt við störf í þágu þjóðfélagsins, bæjarfélaga, verkalýðsfélaga og mikilvægra félagasamtaka, t. d. verkalýðsfélaga og annarra launþegasamtaka." Það er sem sé stefnumál Alþfl., að veita eingöngu Alþfl.-mönnum embætti, og við það er staðið betur en margt annað.

Ég þakka áheyrnina. Verið þið sæl. Ég kem aftur í kvöld.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Auðheyrt var í gærkvöld, að viðskmrh. sveið sárt undan því, að afstaða framsóknarmanna til verðgæzlufrv. fletti ofan af óheilindum stjórnarflokkanna.

Verðgæzlufrv. ríkisstj. var algert sýndarmál af hennar hendi, m. a. vegna þess að það átti ekki að öðlast gildi fyrr en að áliðnu ári 1971, en því ákvæði bætti stjórnin inn í frv. Einn af ráðh. var svo látinn drepa frv., en sjálfur hrósaði viðskmrh. sér af því í gærkvöld í útvarpinu, að hann hefði lagt til í flokki sínum, að menn skyldu skiptast um frv., og bruggaði því þannig banaráðið sjálfur, sínu eigin frv. Frv. átti að vera sjónhverfingaspil sjálfstæðismanna til að róa einhverja, en hluti af Alþfl. átti að hrósa sér af því að vera á móti. Það sýnir svo pólitískt siðferðismat ráðh., að hann skuli telja sér ávinning í því að draga athygli manna að þessum ósköpum.

Framsóknarmenn eru fylgjandi frjálsri verðmyndun, en hún er ekki framkvæmanleg, nema skynsamlegri efnahagsmálastefnu sé fylgt og skilyrði þannig til þess. Það væri t. d. fullkomið ábyrgðarleysi að samþykkja algert álagningarfrelsi, en banna með lögum verðlagsuppbætur á laun. Það kom að sjálfsögðu ekki til mála í þingflokki framsóknarmanna að styðja þetta sjónhverfingabrall ríkisstj. með verðlagsmálin, en flokkurinn staðfesti stefnu sína í þeim málum á miðstjórnarfundinum um daginn á þá lund, sem ég rifjaði upp rétt í þessu. Til þess að flóðlýsa svo í lokin heilindin í þessu máli má minna á, að viðskmrh. hefur verðlagsákvæðin í hendi sér gegnum oddamann sinn í verðlagsnefnd, eins og lögin eru núna, og verðlagsákvæðin, sem gilda, eru raunverulega ákveðin af honum og forsrh., eins og annað, sem verulegu máli skiptir.

Af og til í vetur hafa stjórnarsamsteypumenn minnzt á afstöðu framsóknarmanna til EFTA og fært þar margt úr lagi. Ég vil hér fara um hana nokkrum orðum.

Á árunum 1960–1962 var farið að ræða um Efnahagsbandalag Evrópu og síðan um EFTA. Framsfl. mótaði fljótt afstöðu sína til bandalaganna þannig, að Íslendingar gætu alls ekki gengið í Efnahagsbandalagið, ekki gengið undir Rómarsamninginn né annan hliðstæðan. Á hinn bóginn yrðum við að búa okkur undir vaxandi fríverzlun. Þetta yrði þó því aðeins hægt, að íslenzkt atvinnulíf, og þó einkum iðnaður og sjávarútvegur, yrði fært um að heyja samkeppni á innlendum og erlendum vettvangi við atvinnufyrirtæki annarra þjóða.

Strax á Alþ. 1960 flutti Framsfl. till. um, að mörkuð yrði iðnþróunarstefna og iðnaðurinn efldur á þeim grundvelli. Síðan hefur flokkurinn flutt fjölda mála í sömu stefnu, en engu verið anzað. Og þegar EFTA-nefndin skilaði áliti í fyrra kom í ljós, að nálega allt var ógert, sem gera þurfti, til þess að búa íslenzkt atvinnulíf undir þá fríverzlun og harðnandi samkeppni, sem EFTA-aðild hefur í för með sér, og við sama stóð í vetur.

Afstaða Framsfl. í EFTA-málum nú var eðlileg í framhaldi af stefnu hans frá upphafi í málum þessum. Flokkurinn lagði til, að við þessar aðstæður yrði því frestað að taka afstöðu til EFTA-aðildar, en það tekið fram yfir að gera lífsnauðsynlegar ráðstafanir í málefnum atvinnuveganna, sem sé tekin upp skýr og afdráttarlaus stefna í iðnþróunarmálum, en slíkt er alger forsenda þess, að smáþjóð af okkar tagi geti haft von um að þrífast við þau skilyrði, sem EFTA-aðild mótar.

Þessa afstöðu sína setti Framsfl. fram í dagskrártill. við lokameðferð málsins á Alþ. og þegar flokkurinn hafði það gert og þar með allt, sem í hans valdi stóð til að fá þá afgreiðslu á málinu, sem hann áleit skynsamlegasta, þá sáu þm. flokksins ekki ástæðu til þess að taka frekar þátt í atkvgr. um málið, enda gat það engin áhrif haft á úrslit þess. En úrslitin réðust í raun og veru endanlega með atkvgr. um dagskrártill. Framsfl.

Með þessum hætti var myndin skýrust af því, hvað Framsfl. vildi, sem sé að setja það á oddinn að búa þjóðina undir fríverzlun og fá heppilega samninga, en ekki andstaða við EFTA-tengsl, ef hyggilega væri um búið.

Núv. stjórnarsamsteypa hefur verið 11 ár við völdin. Þetta tímabil hefur verið, þegar á heildina er litið, langmesta uppgripatímabil í sögu þjóðarinnar og viðskiptakjör við önnur lönd þau beztu, sem þekkzt hafa, og það svo framúrskarandi, að þegar talað var um verðfall og jafnvel verðhrun 1968, jöfnuðust viðskiptakjörin á við það, sem bezt tíðkaðist fyrir 1960, og þegar talað var um aflabrest þá, var heildaraflinn í meðallagi miðaður við það, sem lengstum tíðkaðist, þótt síldina vantaði að mestu, en hana hafði vantað alveg í 10 ár fyrir 1960. Þessi 11 ár eru langmestu framfaraár allra nálægra þjóða í efnahagslegu tilliti og það svo, að sums staðar má nálega kalla byltingu.

En hvað hefur gerzt hér? Við höfum búið við bullandi verðbólgu og gengishrun. Óðaverðbólgan og óttinn við næstu gengislækkun hafa verið látin og eru látin stjórna fjárfestingunni, því það hefur ofan á annað verið liður í stjórnarstefnunni að stjórna ekki fjárfestingarmálum og hafa ekki forystu um uppbyggingu atvinnulífsins, eins og áður hafði þó tíðkazt hér. Stjórnleysisstefnan var tekin í stað forystustefnu þeirrar, sem áður var fylgt, en árangur hennar hafði orðið sá, að í lok tíunda síldarleysisársins í röð, 1958, höfðu hér allir verk að vinna og vantaði fólk, og kaupmáttur launa var meiri en hann er nú.

Óðaverðbólgan hefur stjórnað fjárfestingunni þannig í umboði ríkisstj., að tilfinnanlegur skortur er á framleiðslu- og atvinnutækjum, verulegt atvinnuleysi hefur haldið innreið sína víða, nema stórfelldar aflahrotur komi til um stundarsakir og nú kosningaframkvæmdir sums staðar. Landið er hlaðið skuldum, togaraflotinn hefur verið látinn grotna niður. Iðnaðaruppbyggingin hefur sáralítil orðið, þegar álverksmiðja útlendinga er frá talin, á sama tíma sem iðnaði annarra þjóða hefur fleygt fram. Í skólamálum, heilbrigðismálum og öðrum þjónustumálum höfum við dregizt aftur úr. Kaupmáttur kaupgjalds og launa er minni nú, þ. e. a. s. kaupgjald raunverulega lægra hér nú en fyrir 12 árum, en í nálægum löndum hafa lífskjör almennings batnað jafnt og þétt með vaxandi þjóðarframleiðslu.

Sú stjórnarstefna, sem hér hefur verið fylgt, er líka algert einsdæmi, miðað við þau lönd a. m. k., sem menn vilja bera sig saman við. Þar er hvergi neina hliðstæðu að finna. Þessi úrelta stefna, sem enn er fylgt, er í því fólgin að reyna að halda jafnvægi í þjóðarbúskapnum neikvæðu leiðina, með því að takmarka sem mest peningamagn í umferð, draga úr lánsfjármagninu, hækka látlaust álögurnar, til þess að draga úr kaupmættinum, og bæta síðan við gengislækkunum eftir þörfum til þess að „bjarga“, eins og það heitir á þeirra máli, bíta svo

höfuðið af skömminni með því að dást að því, hvað gengislækkanirnar hafi borið glæsilegan árangur.

Menn máttu í gærkvöld enn einu sinni hlusta á forsrh. dást að því, hve vel hefði tekizt, þegar svo rækilega var komið í strand undir hans stjórn, að hann beitti sér fyrir gengishruni tvívegis á einu ári. Hvað má segja um raunsæi og skilning þeirra manna, sem hrósa sér af öðru eins og þessu? Er ráðh. svo blindur, að hann geri sér ekki grein fyrir því, að gengishrun af þvílíkri stærð sem hér varð, eftir mörg toppár í röð, er gleggsti vottur, sem verða má, um skipbrot stjórnarinnar? En þetta var þó aðeins einn snúningur svikamyllunnar, sem þeir halda gangandi, en þjóðin sýpur seyðið af. Hún er nálega orðin að viðundri í hópi nágranna sinna með hin vel heppnuðu gengishrun forsrh., lækkandi kaupgjald, dynjandi óðaverðbólgu, landflótta og ört vaxandi skuldasúpu út á við – og þetta á sama tíma sem aðrir rífa sig áfram óðfluga.

Það er ekki seinna vænna að gera sér grein fyrir því, að alger stefnubreyting verður að eiga sér stað. Eða telur nokkur hugsandi maður, að þjóðin geti búið farsællega í EFTA með þessu lagi? Það mætti líka spyrja að því og væri engin goðgá, hvort menn telji núv. ríkisstj. líklega til þess að hafa forystu fyrir þeirri stefnubreytingu, þ. á m. þeirri atvinnubyltingu, sem hér þarf að verða, ef vel á að fara? Sannarlega benda þau vettlingatök, sem enn hafa verið viðhöfð í málefnum iðnaðarins t. d., jafnvel eftir að við komum í EFTA, hvað þá áður, ekki til þess. Skyldu margir álíta, að þessi ríkisstj. geti haft forystu fyrir þeirri byltingu, sem hér þarf að verða í sjávarútvegi og fiskiðnaði í þá átt, að gæði og fullvinnsla komi til í vaxandi mæli? Þar er þó um lífshagsmunamál að ræða, sjálfan sjávarútveginn, sem verður að vera kjarninn í velmegun landsmanna. Og hvað um traustið á forystu þeirra í menntamálunum? Svona mætti halda áfram að spyrja.

Menn mega ekki láta mistökin draga úr sér kjarkinn, en gera sér grein fyrir því, að skilyrði skortir hér ekki til þess, að menn geti lifað góðu lífi og komið sér upp þeim atvinnurekstri, sem til þess þarf. Það sýnir m. a. sú staðreynd, að fyrir 11 árum var hér ekkert atvinnuleysi til og kaupgjald var hærra en nú, og voru þó ytri skilyrði lakari þá. En forystustefna byggð á skipulagshyggju verður þá að taka við af því úrræðaleysi, sem allt of lengi hefur einkennt stjórnarfarið. Skynsamlegur áætlunarbúskapur verður að koma til framkvæmda, til þess að þær framkvæmdir komist á oddinn, í stað þess að sitja á hakanum, sem þýðingarmestar eru til eflingar atvinnulífinu, ásamt þeim þjónustuframkvæmdum, sem mestu skipta.

Það má ekki viðurkenna það né þola það, að málefnum landsins sé stjórnað frá því sjónarmiði, að Íslendingar séu orðnir svo margir, að fyrir þá finnist ekki verkefni í landinu, og dugmiklu fólki sé sá kostur vænstur að hypja sig úr landi til þess að vinna fyrir sér. Þjóðinni vegnar ekki sízt eftir því, hvernig til tekst að búa í haginn með þeim framkvæmdum, sem í er lagt. Þess vegna verður að raða þeim eftir þörfum þjóðarinnar. Mistakist fjárfestingin, grefst undan afkomunni með flughraða, um það er reynslan ólygnust núna eftir þetta tímabil.

Snúa verður við blaðinu í lánamálum og taka hæfilegt tillit til þess, hve mikið peningamagn verður að vera í umferð, til þess að atvinnufyrirtækin hafi lífsnauðsynlegt rekstrarfé í stað þess að herða að lánastarfsemi með formúlum gerðum af handahófi, sem banna nálega allar bjargir í atvinnurekstrinum. Seðlabankinn verður að leggja fé inn í útlánakerfið, í stað þess að draga fé út úr því. Sterk og samræmd stjórn verður að komast á lánastarfsemina, svo aukið peningamagn nýtist til að auka framleiðsluna, auka atvinnuna, rífa upp fyrirtækin og gera þeim kleift að standast þá síharðnandi erlenda samkeppni innanlands sem utan, sem fram undan er. Þetta er enn meiri nauðsyn nú, vegna EFTA, en nokkru sinni áður.

Það verður hiklaust að styðja íslenzkan atvinnurekstur og íslenzkt framtak, og þótt einhver erlendur atvinnurekstur komi til í landinu, þá jafngildir hann aldrei íslenzkum að notagildi fyrir þjóðina, og engin dvergþjóð fær staðizt, sem treystir að mestu á forsjá og framtak útlendinga. Það verður því að vera grundvöllur nýrrar stefnu, að íslenzkum atvinnufyrirtækjum sé gert fært að keppa við erlend. En það geta þau ekki, nema þau búi við hliðstæð skilyrði og þau erlendu í öllum meginatriðum. Þetta tekur til skatta, tolla, stofnlána, rekstrarlána, vaxtakjara, tæknimenntunar starfsfólks og alls aðbúnaðar í þjóðfélaginu af hendi hins opinbera. Þetta sýnir, að hafi verið nauðsyn á stefnubreytingu og bættum aðbúnaði fyrirtækja fyrir EFTA-aðild, eins og Framsfl. hamraði á, þá er það orðin lífsnauðsyn nú, þegar við erum komin í EFTA.

Því fer fjarri, að kákráðstafanir þær, sem stjórnin hefur beitt sér fyrir á þessu ári, beri þess vott, að hún hafi skilning á þessu eða getu til rösklegra framkvæmda. Enda er þar hver höndin uppi á móti annarri, þegar til á að taka, og kveður svo rammt að þessu, að ráðh. fella jafnvel frv. sjálfrar ríkisstj. Um suma þætti, eins og skattamál félaga, getur ríkisstj. ekki einu sinni staðið saman að flutningi frv., hvað þá meir. Í húsnæðismálum verður kák eitt vegna þreytu og óeiningar í stjórnarliðinu.

Menn ættu að gera sér ljóst, að ríkisstj. hefur setið of lengi, ber þess merki og nær sér tæpast úr þessu. Ellefu ára lota þessarar stjórnarsamsteypu er þegar orðin of löng. Að dómi framsóknarmanna hefur ætíð verið rangt stefnt og nú upp á síðkastið bætast við vonbrigðin, sárindin og þreytan, sem átakanlega segja til sín í vinnubrögðunum, eins og rakið hefur verið af stjórnarandstæðingum í þessum umr. Þetta finna menn í stjórnarflokkunum, þótt ekkert sé viðurkennt á yfirborðinu.

Í allri þeirri tröllauknu flækju nýrra stofnana utan yfir þær, sem fyrir voru, sem ríkisstj. hefur ofið utan um sig á þessum 11 árum, er fólgin mikil hindrun á eðlilegri framþróun. Við þetta ryðgaða bákn streitast framfaramenn landsins, yngri og eldri, með málefni sín, unz menn verða hópum saman að gefast upp. Það verður að ná þessari kergjulegu tregðu, sem nú mætir mönnum í nálega hverri átt, út úr stjórnarkerfinu og gera kerfið hvetjandi, í stað þess, að nú er það letjandi. Í staðinn fyrir þetta endalausa, lamandi áróðursmálæði, sem ríkisstj. notar og lætur nota í stað raunhæfra framkvæmda, – en það eru hennar steinar fyrir brauð – verða að koma myndarleg átök, sem efla framtak

landsmanna, ekki sízt unga fólksins í námi og starfi. Til þess að þetta komist í framkvæmd, þurfa ný öfl að koma til, nýir, óþreyttir menn, sem endurskoða stjórnarkerfið frá rótum og gæða það nýju lífi.

Okkur er sagt, að ráðherrar hafi nú ákveðið, að Alþ. skuli hætta næstu daga og alþm. fara heim frá öllum þeim aragrúa merkra nauðsynjamála, sem fyrir liggja og sum hafa ekki einu sinni fengizt tekin á dagskrá vikum og jafnvel mánuðum saman. Síðan ætla þeir að stjórna með brbl. fram á haustið, nálega hálft árið. Þetta er ein af aðferðum ráðlítillar ríkisstj., sem orðin er hrædd við Alþ. og hefur misst tökin á löggjafarstarfinu, eins og dæmin sýna ljóst síðustu vikurnar. Sýnir þetta enn með öðru að breyta þarf til. Engir geta þó bót á ráðið nema kjósendurnir. Þeir ættu að byrja á því verki núna í kosningunum í vor, þar sem tækifæri gefast til þess í bæjar– og sveitarstjórnakosningunum. Þurfa menn víst ekki að hafa hlustað lengi á þessar umr. til þess að ganga úr skugga um, að aðeins ein leið er fær til þess að knýja fram breytingar, sem sé sú að styðja Framsfl. – Góða nótt.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Enginn, sem þarf að sjá heimili farborða, hefur komizt hjá því að finna, hvernig peningarnir hafa með ári hverju enzt verr og verr til heimilisrekstrarins. Enda þótt launin hækki að krónutölu, fer sífellt stærri hluti þeirra til kaupa á hinum allra brýnustu daglegu nauðsynjavörum, og því stærri sem fjölskyldan er, þeim mun meir hafa aukizt erfiðleikarnir að láta launin endast til nokkurs annars en allra óhjákvæmilegustu og óbrotnustu lífsnauðsynja. Hins vegar hafa aðrir hlutir ekki hækkað í verði að sama skapi. Kaupgildi krónunnar hefur jafnvel aukizt gagnvart ýmsum ónauðsynlegri vörum, en þess njóta fyrst og fremst aðrir en þeir, sem berjast við að láta launin endast fyrir matvörum, húsnæði og sköttum. Minni hækkun ónauðsynlegri vara hefur á hinn bóginn þau áhrif, að vísitala hækkar ekki í sama mæli og brýnustu nauðsynjavörur, og vísitölubætur á laun verða þeim mun minni.

Hvernig stendur nú á þessari þróun? Hafa kaupmenn tekið sig saman um að velja úr matvörurnar og hækka þær sérstaklega, langt fram yfir allt annað? Ekki liggur hundurinn þar grafinn. Þessi þróun er afleiðing af markvissri stefnu stjórnarvaldanna s. l. áratug, yfirveguð ákvörðun Sjálfstfl. og Alþfl. Þessi stefna hefur verið framkvæmd með því að skattleggja landsmenn í ríkissjóð á allt annan veg en áður var gert. Fram að tíma viðreisnarstjórnarinnar voru aðaltekjur ríkissjóðs tollatekjur, en tekjuöflun með tollum var hagað á þann veg, að hann var svo til enginn á nauðsynjavörum, en þeim mun hærri sem varan var talin fjær því að vera nauðsynjavara og óhjákvæmileg dagleg neyzluvara heimilanna. Söluskattur var þá aðeins tekinn af innflutningi, en alls enginn af innlendum neyzluvörum. Á árinu 1959 námu tollar 450 millj. kr., en söluskattur af innflutningi 151 millj. kr.

Með tilkomu viðreisnarstjórnarinnar var farið inn á nýjar brautir í þessum efnum. Almennur söluskattur var lagður á alla smásöluverzlun og þar með á allar brýnustu matvörur, þó var mjólk og neyzluvatn allra náðarsamlegast undanskilið með sérstökum ákvæðum. Þegar viðreisnarstjórnin innleiddi söluskatt í smásölu, nam hann fyrst 3%, en svo dyggilega hefur þessi stefna verið rekin, sem hafin var 1960 með gjörbyltingu í innheimtuaðferðum ríkisins, að hann er nú kominn upp í 11%. Hér er um að ræða grundvallarbreytingu á skattheimtukerfinu, sem bitnar harðast á barnafjölskyldum og elli- og örorkulífeyrisþegum og öðrum þeim, sem nota meginhluta launa sinna til kaupa á brýnustu matvörum, sem nú eru skattlagðar í stórauknum mæli.

Tölulega sést þessi breyting sem heild, ef borin er saman hlutdeild einstakra aðalskattstofna ríkissjóðs í heildarsummu þeirra, þ. e. í fyrsta lagi tekju- og eignarskatts, í öðru lagi tolla og í þriðja lagi söluskatts. Árið 1959 nam tekju- og eignarskattur 145 millj. kr., en árið 1970 911 millj. kr., nam áður 19.4% af heildarsummu þessara þriggja skattstofna, en nú 15.8%. Árið 1959 námu tollar 450 millj. kr., nú 2305 millj. kr., áður 60.3% af heildarsummunni, nú 40%. Árið 1959 nam söluskattur 151 millj. kr., nú 2545 millj., áður 20.3% af heildarsummu þessara þriggja skattstofna, nú 44.2%. Hlutfallstalan hefur hækkað um 117.7% og er þá á það að líta, að áður var söluskattur einungis á innflutningi og því enginn á innlendri matvöru, en er nú 11% á öllum vörum nema mjólk og fiski. Áður var söluskattur einn þriðji hluti af tollaupphæðinni, nú er hann 250 millj. kr. hærri en tollarnir.

Ef sleppt er hugleiðingum um tölulega heildarhækkun þessara skattstofna úr 746 millj. kr. árið 1959 í 5761 millj. kr. árið 1970, – nærri áttföldun, þegar laun hafa um það bil þrefaldazt, – er rétt að huga að því, hver ætti að vera upphæð einstakra skattstofna í dag. Ef heildarupphæðin er sú sama nú en hlutföllin hin sömu og 1959, kemur í ljós, að tekju- og eignarskattur ættu að vera 1118 millj. kr. í stað 911, þar munar 207 millj. kr. Tollar ættu að vera 3474 millj. í stað 2305 millj. kr., þar munar 1169 millj. kr. Og söluskattur ætti að vera 1169 millj., en er 2595 millj. kr., þar munar 1376 millj. kr. M. ö. o.: mismunurinn á hlutfallslegri stærð þessara einstöku skattstofna nú og 1959 svarar til þess, að af heildarupphæðinni sé söluskattur 1376 millj. kr. hærri en hann væri, ef hlutfallið væri óbreytt frá 1959. Hér er um að ræða upphæð, sem nemur 34–35 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu á þessu ári, upphæð, sem færð hefur verið yfir á söluskatt, en það er skattur, sem hvert mannsbarn verður að játa, að er ósanngjarnasta tegund skattheimtunnar, vegna þess að hún bitnar á þegnunum í beinu hlutfalli við fjölskyldustærð og leggst að öðru leyti þyngst á þá, sem nota tekjur sínar að mestu leyti í brýnustu lífsnauðsynjar, þ. e. barnafjölskyldur og elli- og örorkulífeyrisþega.

Þessi stefna ríkisstjórnarflokkanna hefur raskað svo aðstöðu þeirra, sem við erfiðust kjör lifa, að í dag búum við, að því er varðar tilhögun um álögur á þegnana, í allt öðru þjóðfélagi en fyrir áratug. Með afleiðingunum af þessari stefnu eru barnafjölskyldur og elli- og örorkulífeyrisþegar að uppskera það þjóðfélagslega réttlæti, sem Alþfl. hefur verið að sá til með þjónustu sinni við íhaldið í rúman áratug. Og þið skuluð ekki halda, hlustendur góðir, að hér hafi Sjálfstfl. og Alþfl. náð endanlegu markmiði. Nei, þessi braut er ekki til enda gengin. Söluskatturinn hækkaði í vetur úr 7.5% í 11%,

þegar verið var að mæta afleiðingunum af fyrsta áfanga af efnahagsráðstöfununum vegna inngöngu í EFTA. Verði þeim mætt á sama hátt í þeim áföngum, sem eftir eru, eins og allt bendir til að gert verði, þá hækkar söluskatturinn upp í 20%.

Fram að þessu hafa fjölskyldur í ríkum mæli mætt kjaraskerðingunni, verðhækkuninni á matvælum, með því að færa neyzlu sína í einstökum atriðum yfir í ódýrari vöruflokka, t. d. keypt jurtasmjörlíki í stað smjörs, svo að niðurgreiðslur ríkisins á smjöri, 100 kr. á kg, koma nú í sífellt meira mæli aðeins í hlut hinna efnameiri. Smjörsalan mun t. d. hafa minnkað um fjórðung frá 1. okt. s. l. haust þar til 1. apríl s. l., miðað við sömu mánuði árið áður. Það stafar sannarlega ekki af því, að fólk hafi orðið illan bifur á smjöri, það mega hæstv. ráðh. vita. En hvað eiga barnafjölskyldur og elli- og örorkulífeyrisþegar að gera, þegar peningarnir renna eins og sandur um greiparnar, þegar kaupa þarf brýnustu nauðþurftir? Það eru hins vegar takmörk fyrir því, hversu lengi er hægt að mæta stöðugum verðhækkunum matvæla með þessum hætti, að kaupa ódýrari og lakari vörutegundir, og hver verða viðbrögðin, þegar næsti áfangi söluskattshækkunar verður lögfestur? Það þrengist sífellt um möguleika í þessu efni.

Þegar athugað er verðlag einstakra matvöruflokka, sem eru aðalliðirnir í daglegum innkaupum almennings, kemur bezt í ljós, við hvaða afleiðingar viðreisnarstefnunnar launþegar þurfa daglega að kljást. Síðan 1957 hefur tímakaup um það bil þrefaldazt, og á sama tíma hefur verðið á mjólk um það bil fjórfaldazt, á súpukjöti nær fimmfaldazt, á nýjum fiski rúmlega áttfaldazt, á kaffi rúmlega sexfaldazt, á hveiti nær áttfaldazt, á hrísgrjónum um það bil nífaldazt, á smjörlíki nær tífaldazt og á kartöflum rúmlega fjórtánfaldazt. Launin hafa hins vegar um það bil þrefaldazt, eins og ég áður sagði. Þetta er m. a. afleiðingin af þeirri stefnu ríkisstj. að færa skattheimtuna í sívaxandi mæli í það horf að gera nauðsynlegustu matvæli að skattstofni. – Mér kemur í hug kaupmaður, sem verzlaði með matvörur, og var spurður að því, hvort hann hefði ekki hug á að verzla fremur með aðrar vörur. „Nei“, sagði hann, „það er öruggast að vera í matvörunum. Þær verður fólk alltaf að kaupa.“ – Hér eru ríkisstjórnarflokkarnir á sama máli. Í sambandi við skattheimtuna er öruggast að vera í matvörunni. Þar sleppur enginn.

Þegar verið var að innleiða þessa stefnu Sjálfstfl. og Alþfl. með lögfestingu 3% söluskatts í smásölu, fylgdu þær yfirlýsingar, að hlutur þeirra, sem verst eru settir og afleiðingarnar bitnuðu harkalegast á, yrði bættur með myndarlegum fjölskyldubótum og elli- og örorkulífeyri. Við þann áfanga, sem 11% söluskatturinn er, var sá hlutur þessa fólks á þann veg, sem nú skal greina, og er þá reiknað með nýjustu hækkunum bótanna: Elli- og örorkulífeyrir fyrir einn mánuð dugði við 3% söluskattsáfangann fyrir 326.6 kg af nýjum fiski, en við 11% áfangann, þ. e. a. s. í dag, fyrir 138.4 kg. Af súpukjöti fengust þá fyrir ellistyrkinn 53.1 kg, nú 30 kg, af nýmjólk 334 lítrar, nú 263 lítrar, af saltfiski 149.9 kg, nú 78.6 kg, af smjörlíki 87.2 kg, nú 60.2 kg, af kaffi 24.4 kg, nú 20 kg, af kartöflum 208.6 kg, nú 188.7 kg. Kaupmáttur bótanna gagnvart þeim vörum, sem þær eru fyrst og fremst notaðar til kaupa á, hefur hríðfallið með ári hverju undanfarið. Sama er að segja um fjölskyldubæturnar, sem ætlaðar eru barnafjölskyldum til að mæta vöruverðshækkunum. Þær hafa þó hrapað enn meir. Við 3% söluskattshækkunina dugðu eins mánaðar fjölskyldubætur með fjórum börnum fyrir 257.4 kg af nýjum fiski, nú fyrir 62.4 kg. Af súpukjöti fengust 38.4 kg, nú 13.9 kg. Af nýmjólk fengust 241.2 lítrar, nú 122.1 lítri. Af saltfiski fengust 108.2 kg, nú 36.4 kg. Af smjörlíki fengust 63 kg, nú 29.2 kg. Og af kartöflum fengust 511.7 kg, nú 87.3 kg.

Skattheimtustefna Alþfl. og íhaldsins, sem rekin er undir kjörorði kaupmannsins: „Það er öruggast að vera í matvörunni“, kemur sér vel fyrir ríkiskassann varðandi ellistyrkinn og fjölskyldubæturnar. Með þessari tilhögun er nefnilega hægt að ná verulegum hluta bótanna aftur inn í ríkissjóð. Hvar sem húsmóðir eða ellilífeyrisþegi kaupa svo mikið sem eitt smjörlíkisstykki í búð, þá er Magnús þar kominn með baukinn sinn og í hann verður að láta 11%. Með síhækkandi söluskatti fara fjölskyldubæturnar og ellistyrkurinn í jafnvaxandi mæli beint í ríkissjóð. Þar við bætist, að fjölskyldubæturnar, sem að nafninu til a. m. k. eru ætlaðar til að mæta verðhækkunum á nauðsynjavörum, hirða sum bæjarfélögin að verulegu leyti með því að leggja á þær útsvar. Samkvæmt lögum er þó heimilt að undanþiggja þær útsvarsálagningu. Í þeim bæjarfélögum, þar sem þeir fara með stjórn, sem hugsa meir um hag annarra en þeirra, sem dýrtíðin þjarmar mest að, fara jafnvel 20–30% bótanna beint í bæjarsjóð. Þetta gerist t. d. í mínum heimabæ, þar sem bæjarstjórnarmeirihlutinn hefur ásamt Alþfl. fellt till. Alþb. um að undanþiggja fjölskyldubætur útsvarsálagningu, á sama hátt og gert er t. d. í Kópavogi og Neskaupstað. Þannig hefur stjórnarstefnan leikið þá, sem nota meginhluta tekna sinna í brýnustu lífsnauðsynjar. Þeir hafa orðið verst úti, og einnig þannig er komið kaupmætti tryggingabótanna.

Margir Alþfl.-menn, sem fordæma stjórnleysið í innflutnings- og fjárfestingarmálum, athafnaleysið í málum togaraútgerðarinnar, óheft umsvif gróðaaflanna og aðra þætti stjórnarstefnunnar, telja sér trú um, að umhyggja Alþfl. fyrir almannatryggingum og hlutverk hans að auka þær og bæta réttlæti rúmlega 10 ára íhaldsþjónustu og þátttöku í öllum hervirkjum viðreisnarinnar. Þegar þeir kanna nú árangurinn í málefnum almannatrygginganna og leita þar afreka Alþfl., koma þeir þar að tómum kofunum. Og hver er þá réttlætingin fyrir íhaldsþjónkuninni á öllum öðrum sviðum, þegar staðreyndin er sú, að þessi þjónusta við íhaldið nær einnig til trygginganna?

Það er ljóst, að stefna ríkisstjórnarflokkanna í skattheimtu- og verðlagsmálum hefur bitnað harðast á bótaþegum, barnafjölskyldum og elli- og örorkulífeyrisþegum. Það er eftirtektarvert og ætti að vera þeim lærdómsríkt, sem kosið hafa Alþfl. til þessa vegna umhyggju hans fyrir almannatryggingum, að þegar ein stærsta árásin á afkomu bótaþega var gerð með hækkun söluskatts úr 7.5% í 11%, fékkst ekki einn einasti Alþfl.-þm. til að samþ. eyris meiri hækkun til ellilífeyris en 6.20 kr. á dag. Þetta var mat Sjálfstfl. og Alþfl. á því, hver skyldi vera hlutur þeirra, sem erfiðast eiga í þjóðfélaginu, á sama tíma og hér stóð yfir mesta og gjöfulasta vertíð, sem þessi þjóð hefur nokkru sinni

notið og sjáanlegt er að stóreykur tekjur ríkissjóðs fram yfir það, sem áætlað var, þegar fjárl. voru samþykkt. Þótt ekki væri hægt að samþykkja á Alþ. meiri hækkun til ellilífeyrisþega en 6.20 kr. á dag og ekki þætti heldur unnt að samþ. aukinn skattfrádrátt einstæðra foreldra, þá var samt talið jafnsjálfsagt að veita fyrirtækjum alveg ný hlunnindi í skattamálum á þann veg að auka fyrningu til frádráttar skattskyldum tekjum.

Þó væri rangt að segja, að Alþfl. hafi ekki sýnt áhuga á málefnum almannatrygginga um þær mundir sem hann ásamt íhaldinu skammtaði gamalmennum 6 kr. á dag upp í verðhækkanirnar. Sá áhugi beindist að vísu ekki að auðum pyngjum þessa fólks, en hann beindist þeim mun fastar að auðum stól forstjóra almannatrygginga, og þótt áhyggjur bótaþega um afkomu sína kunni enn að vera til staðar, þrátt fyrir að heilar 6 kr. hafi bætzt í pyngjuna á dag í öllum verðhækkununum, þá mun áhyggjum Alþfl. út af þessum auða stól hjá almannatryggingunum nú hins vegar, guði sé lof, hafa af þeim létt. Það hafa þá kannske ekki allir orðið fyrir vonbrigðum með almannatryggingarnar á þessu vori. En velkist einhver Alþfl.-maður enn í vafa um, hvert sé hlutverk flokksins í ríkisstj. með íhaldinu í rúman áratug og hverra hagsmuna hans sé þar að gæta, þá ætti sá hinn sami að hlusta grannt eftir, þegar birtar eru opinberar tilkynningar um stöðuveitingar hjá ríkinu, þá kynni hann að fá svar við þeirri spurningu.

Góðir hlustendur. Sú skattheimtuaðferð, sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa innleitt á undanförnum árum, að ná stærri og stærri hluta ríkisteknanna með sköttum á nauðsynjavörur, er ríkur þáttur í versnandi afkomu þeirra, sem verða að nota meginhluta tekna sinna til kaupa á brýnustu lífsnauðsynjum. Það ætti því að vera ljóst hverjum þeim launþega, sem geldur þessarar vísvitandi stefnu, að kjarabaráttan er tvíþætt, annars vegar stéttabarátta verkalýðsfélaganna fyrir hækkuðu kaupi og hins vegar átökin um stjórnarstefnuna í landinu í því skyni að koma í veg fyrir, að launabaráttan verði að engu gerð með aðferðum eins og þeim, sem ég hef hér verið að lýsa og stjórnarflokkarnir beita. Bæjarstjórnarkosningarnar, sem fara fram um land allt í maílok, eru mikilsverður þáttur í baráttu fyrir bættum kjörum. Baráttan í bæjarstjórnarkosningunum hvarvetna um landið er því á hverjum stað, auk deilna um bæjarmál, þáttur í þeirri heildarbaráttu, sem alþýða manna um land allt er nú að heyja fyrir hækkuðu kaupi og bættum stjórnarháttum í landinu. Úrslit bæjarstjórnarkosninganna munu hafa afdrifarík áhrif á það, hvern sigur almenningi auðnast að vinna að ári, þegar úrslitaátök um stjórnarstefnuna í landinu fara fram. Ríkisstjórnarflokkarnir verða því að bíða ósigur í bæjarstjórnarkosningunum sem víðast í landinu, og sigurinn þarf jafnframt að falla í hlut Alþb., þess eina flokks, sem nú og í framtíðinni er fær um að vera forystuafl verkalýðsstéttarinnar í landinu á stjórnmálasviðinu. – Góða nótt.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það er orðin föst venja, að svokallaðar eldhúsdagsumr. fari fram rétt fyrir þinglok. Stjórnarandstaðan notar þá tækifærið og eys úr skálum reiði sinnar, eins og heyra mátti í gærkvöld og aftur nú í kvöld. Gremja og biturleiki hreiðrar um sig meðal stjórnarandstöðunnar, villir henni sýn og kemur í veg fyrir, að hún greini rétt frá röngu. Er raunalegt að þetta skuli koma fyrir tiltölulega gætna menn og ráðsetta, sem oft vilja hafa það sem sannara reynist. Sem betur fer láta hlustendur yfirleitt ekki blekkjast af áróðri og fullyrðingum, sem ekki hafa við rök að styðjast. Árangur stjórnarandstöðunnar af þessum umr. mun verða eins og venjulega, mjög lítill.

Framsóknarmenn tala við ýmis tækifæri um landbúnaðarmál, þótt það sé nú sjaldnar en áður. Hugur þeirra hefur í seinni tíð beinzt að því, sem þeir telja mikilvægara, þ. e. að taka þátt í kapphlaupi Alþb.-manna um hvers konar kröfugerð og yfirboð. Þarf ekki annað en að fletta þskj., sem fyrir liggja frá síðari þingum, og líta í þingtíðindin til að sannfærast um þetta. Hafa margir gætnir menn, sem fylgt hafa Framsfl. að málum, áhyggjur af ábyrgðarleysinu og stefnuleysinu, sem flokkurinn sýnir.

Framsóknarmenn segja, að landbúnaðurinn hafi átt dýrðardaga, þegar þeir fóru með mál landbúnaðarins í ríkisstj. Þeir segja fleira. Eysteinn Jónsson sagði hér áðan: „Allir höfðu verk að vinna 1958.“ En fáir hafa gleymt því, að vegna óðaverðbólgu voru útgerðin og aðrir atvinnuvegir komnir í strand á nóvemberdögum 1958. Þess vegna hrökkluðust vinstri stjórnin frá völdum. Framsóknarmenn höfðu lengi farið með landbúnaðarmálin, áður en þeir gáfust upp við að stjórna þeim ásamt öðrum málum 1958.

Benda má á margt, sem vissulega er til viðvörunar í nútíð og framtíð á þeim valdaferli. Hlutur bænda var oft fyrir borð borinn. Þeir höfðu sérstöðu að því leyti, að afurðaverðinu var haldið niðri, sérstaklega í tíð vinstri stjórnarinnar. Í ársbyrjun 1960 voru útflutningsbætur á búvöru lögfestar, og var það einn þátturinn í því að leiðrétta þær skekkjur, sem framsóknarmenn höfðu innleitt. Einnig var verðgrundvöllur búvöru leiðréttur með þeim árangri, að bændur náðu jafnréttisgrundvelli við launþega árið 1965. Ef kólnandi og versnandi tíðarfar hefði ekki komið til síðustu 3–4 árin, væri hagur bændastéttarinnar nú mjög góður. Vegna bættrar aðstöðu, réttlátara búverðs, aukinnar ræktunar og tækni hefur landbúnaðinum tekizt að standa af sér áfallalítið óþurrka, kal og aðra erfiðleika síðustu árin. En til marks um það, að hagur landbúnaðarins fari batnandi á ný, eru auknar tekjur ársins 1969. Á síðustu 10 árum hefur framleiðsla búvöru aukizt mjög mikið. Ræktun hefur aldrei verið eins mikil og á þessu tímabili. Bændum hefur fækkað nokkuð, en þær jarðir, sem farið hafa í eyði, eru nýttar að fullu. Jarðir, sem eru sæmilega í sveit settar og hafa nægilegt land, byggjast strax og þær koma úr ábúð. Fyrir stuttu var auglýst ein jörð til ábúðar, og þótt komið væri að vordögum komu margir umsækjendur til að líta á jörðina til ábúðar. Þannig hefur áhugi manna fyrir landbúnaði farið vaxandi í seinni tíð, og hefur áróður framsóknarmanna um samdrátt í landbúnaðinum því ekki við rök að styðjast.

Þegar talað er um, að rekstrarvörur landbúnaðarins séu dýrar, þ. á m. áburður, er rétt að geta þess, að rekstrarvörurnar eru tollfrjálsar. Áburðarverksmiðjan er skattlaus. Fóðurbætisverð hefur aldrei verið eins hagstætt og það er nú, miðað við afurðaverð. Tollar af búvélum eru mun lægri nú en þeir voru í stjórnartíð

Framsóknar. Fullyrðingar framsóknarmanna um afurðalánin eru fjarstæðukenndar. Þeir halda því fram, að afurðalánin hafi verið óbreytt í 10 ár, sbr. fullyrðingarnar í gærkvöld og við mörg önnur tækifæri. Rekstrar- og afurðalánin hafa stórhækkað, eins og flestir ættu að vita. Afurðalán út á dilkinn voru á s. l. hausti nærri 1200 kr., en fyrir 10 árum 230 kr. Lán út á mjólkurafurðir hafa verið hækkuð í samræmi við þetta. En framsóknarmenn þreytast ekki á að fullyrða, að lánin hafi staðið óbreytt í 10 ár.

Þá ræða framsóknarmenn mikið um skuldasöfnun bænda og erfiðleika bændastéttarinnar. Ég vil ekki gera lítið úr þeim erfiðleikum, sem ýmsir hafa við að stríða, en í heild eru skuldir bænda ekki miklar, miðað við þær framkvæmdir, sem gerðar hafa verið. Í árslok 1967 voru meðalskuldir bænda yfir landið allt 262 þús. kr., og miðað við brúttóeign 1 480 000 kr. Þetta er tekið úr skýrslu, sem samin var af sérstakri n., sem gerði athugun á stöðu landbúnaðarins og efnahag bændastéttarinnar. Skilvísi við Búnaðarbankann hefur aldrei verið betri en við síðustu áramót. Lán við Stofnlánadeild landbúnaðarins og veðdeild Búnaðarbankans eru stærsti hluti af skuldum bænda. Það verður því að telja nokkurn mælikvarða á greiðslugetu þeirra, hvernig skilvísi þeirra er við Búnaðarbankann. Ákveðið er að taka til athugunar, hvort möguleiki er á að létta undir með þeim, sem verst eru settir, og er nú unnið að grg. um það í Búnaðarbankanum.

Nútímalandbúnað þarf að reka á vísindalegum grundvelli. Þess vegna er menntun bændaefna nauðsynleg. Fyrir áratug var lítil aðsókn að bændaskólunum. Þá var talað um það í alvöru, að nægilegt væri að hafa einn bændaskóla, miðað við aðsóknina, sem að skólunum var, Hvanneyrarskóli hafði að jafnaði 60 nemendur, en Hólaskóli nálægt 20. Trú ungra manna á landbúnaðinum eftir framsóknarstjórnina var ekki meiri en það, að einn bændaskóli virtist nægja um það leyti. Nú hefur þetta breytzt. Engum dettur lengur í hug, að nægilegt sé að hafa einn bændaskóla í landinu, auk Garðyrkjuskóla ríkisins. Garðyrkjuskólinn er byggður upp frá grunni og getur hann tekið 30 nemendur. Verið er að endurbyggja Hvanneyrarskólann, sem mun taka 100 nemendur. Miklar byggingarframkvæmdir og lagfæringar hafa einnig átt sér stað á Hólum. Á þessu ári eru 40 nemendur á Hólum og 90 á Hvanneyri, og hefur þó ekki tekizt að taka allar umsóknir til greina. Lög um bændaskóla á Suðurlandi eru frá 1945. Meðan þeir skólar, sem fyrir eru, voru ekki fullsetnir, var ekki grundvöllur fyrir nýjum skólum. Nú er kominn tími til þess að hefjast handa við undirbúning og byggingu þriðja bændaskólans, þrátt fyrir hina miklu stækkun Hvanneyrarskólans. Bændur þurfa að búa sig undir lífsstarfið með því að sækja bændaskóla og læra almenna búfræði. Aðrir, sem verða ráðunautar, rannsóknarmenn og kennarar, þurfa að vera í framhaldsdeild Hvanneyrarskólans. Þegar námi er lokið þar, er æskilegt að fara eitt til tvö ár til framhaldsnáms erlendis. Með þetta í huga hefur ríkisstj. ákveðið, að nemendur úr framhaldsdeild Hvanneyrarskólans njóti sambærilegrar fyrirgreiðslu og aðrir íslenzkir námsmenn erlendis. Fram að þessu hefur sú fyrirgreiðsla verið bundin að mestu við framhaldsnám stúdenta.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna eru mjög mikilvægar og nauðsynlegar. Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur nú fengið bætta aðstöðu, aukið húsnæði og rannsóknartæki. Eru því miklar vonir bundnar við þá stofnun, sem hafa mundi þá samband við ráðunauta, tilraunastöðvar og bændur um land allt. Fjárframlög eru aukin með ári hverju til rannsóknastarfseminnar. Rannsóknastofnun landbúnaðarins fær á þessu ári um 25 millj. kr. til starfsemi sinnar, en hafði aðeins 4 millj. kr. fyrir einum áratug.

Fjármagn hefur verið tryggt til stækkunar Áburðarverksmiðjunnar. Verður öll áburðarframleiðslan 75–80 þús. smálestir árlega. Framleiddur verður algildur blandaður áburður, kornaður Kjarni og kalísaltpétur.

Á þessu þingi hafa verið samþykkt lög um dýralækna, sem miða að því að auka þá þjónustu, sem dýralæknar geta veitt. Eru lögin til mikilla hagsbóta fyrir landbúnaðinn.

Lög um lax- og silungsveiði voru samþykkt á Alþ. í dag. Lögin miða að því að auðvelda fiskrækt og stefna að því, að ár og stöðuvötn verði fyllt af nytjafiski. Stofnaður verður Fiskræktarsjóður, sem kemur til með að standa undir kostnaði við tilraunir, rekstur eldisstöðva, gerð mannvirkja og annað fiskrækt viðkomandi. Eru miklar vonir bundnar við þessi nýju lög.

Nýlokið er við að semja frv. um lífeyrissjóð fyrir bændur. Hefur frv. verið lagt fram á Alþ., en bíður afgreiðslu til haustsins. Með frv. er gert ráð fyrir, að lífeyrissjóður bænda taki til starfa 1. janúar 1971.

Almannatryggingar voru settar í því skyni að fyrirbyggja allar tegundir skorts. Það var vel hugsað og tryggingakerfið hefur vissulega veitt ómetanlega hjálp. Það hefur eigi að síður komið í ljós, að ellilífeyrir er of lágur og eðlilegt er að bæta þar um með greiðslum úr lífeyrissjóðum. Þess vegna þurfa allir landsmenn að eiga aðgang að lífeyrissjóði. Öryrkjar, sem fá jafnháar greiðslur og ellilífeyrinum nemur, þurfa einnig á því að halda að fá viðbótargreiðslur. Sjálfsagt má benda á fleiri tryggingaþega, sem þannig stendur á um.

Til þess að geta haldið uppi öflugu tryggingakerfi og opinberum framkvæmdum þurfa atvinnuvegirnir að geta starfað með blóma. Atvinnuvegirnir hafa oft og tíðum verið reknir með halla, og má minna á verðfallið, sem varð á útflutningsvörunni 1967 og 1968, og aflatregðuna, sem varð því samfara. Það var mikið áfall fyrir þjóðarbúskapinn að missa á tveimur árum nær helming útflutningsteknanna. Þá var þjóðin að glíma við verstu efnahagsörðugleika, sem nokkur þjóð hefur átt við að stríða á friðartímum. Sá prúði maður, Eðvarð Sigurðsson, var óvenjulega ófyrirleitinn hér í kvöld. Hann sagði, að stjórnarliðið bæri ábyrgð á tekjumissi almennings, þegar útflutningstekjurnar lækkuðu um helming vegna aflatregðu og verðlækkunar á útflutningsvörunni. Með þessum ummælum gerði hv. þm. ræðu sína marklausa. Það var mikil hjálp í því, að þjóðin hafði safnað gjaldeyrisvarasjóði, meðan sæmilega áraði, en það, sem mestu máli skipti, var, að ríkisstj. beitti sér fyrir nauðsynlegum aðgerðum til þess að mæta erfiðleikunum og sigrast á þeim. Gjaldeyrisvarasjóðurinn eyddist til þess, af eðlilegum ástæðum, að koma í veg fyrir að almenningur fyndi eins tilfinnanlega

til örðugleikanna og orðið hefði, ef varasjóðurinn hefði ekki verið fyrir hendi. Almenningur tók ráðstöfunum ríkisstj. skynsamlega og gerði sér fulla grein fyrir nauðsyn þeirra. Stjórnarandstaðan á Alþ. hafði lítið fyrir sitt erfiði, sem var fólgið í því að gera lítið úr erfiðleikunum og telja launþegum trú um, að ekki væri nauðsynlegt að stilla kröfum í hóf og gera sérstakar ráðstafanir í efnahagsmálum. Ýmsir gera sér grein fyrir því, hversu þýðingarmikið það er fyrir velferð þjóðarinnar í nútíð og framtíð, að við erfiðleikunum var brugðizt af manndómi og festu. Flestir, sem um þessi mál hugsa, vita, að illa hefði farið, ef ríkisstj. hefði flúið af hólmi, þegar mest reið á, í stað þess að gera viðeigandi ráðstafanir.

Sem betur fer er nú erfiðleikatíminn liðinn. Nýr gjaldeyrisvarasjóður hefur myndazt og er nú orðinn 2500 millj. kr. Atvinna hefur aukizt. Atvinnuleysi verður útrýmt. Þeir, sem fóru af landi burt í atvinnuleit, munu flestir koma heim aftur reynslunni ríkari. En sumir þeirra hafa ekki farareyri. Er nú komin fram till. á Alþ. um að veita aðstoð við heimflutninginn.

Núverandi ríkisstj. hefur unnið að því að skapa traustan grundvöll fyrir fjölþættu atvinnulífi. Atvinnujöfnunarsjóður er stórt spor í þá átt. Verkefni sjóðsins er að lána fé til atvinnuuppbyggingar um land allt. Megintekjur atvinnujöfnunarsjóðs koma frá álverksmiðjunni og geta orðið árlega um 100 millj. kr. – Stjórnarandstæðingar segjast vilja uppbyggingu atvinnulífsins, en þeir sáu sér ekki fært að styðja stórvirkjun í Þjórsá og álverksmiðjuna í Straumsvík. – Þá er iðnþróunarsjóðurinn, 1250 millj. kr., sem einnig verður notaður til atvinnuuppbyggingar. Iðnþróunarsjóðurinn er til kominn vegna EFTA-aðildar Íslands. Ekki sáu stjórnarandstæðingar sér fært að greiða atkvæði með því, frekar en mörgu öðru, sem til hagsbóta og uppbyggingar horfir. Er það út af fyrir sig mikil raunasaga, að annar stærsti stjórnmálaflokkur landsins situr ýmist hjá eða greiðir atkvæði á móti mikilvægum hagsmunamálum þjóðarinnar. Frv. um Fjárfestingarfélag Íslands hefur nýlega orðið að lögum. Hlutverk þess er að lána til atvinnuuppbyggingar og stuðla að auknum framkvæmdum í landinu. Þessar þrjár stofnanir munu verða mikill aflgjafi í íslenzku atvinnulífi. Með tilkomu þeirra ásamt öðrum lánastofnunum er fenginn möguleiki til stóraukinnar uppbyggingar atvinnulífsins og útrýmingar atvinnuleysis í landinu.

Þeir, sem skoða málin í réttu ljósi, munu sannfærast um, að rétt er stefnt í efnahags- og atvinnumálum. Nú ríður á að halda í horfinu og eyðileggja ekki það, sem áunnizt hefur.

Í næsta mánuði renna út kaup- og kjarasamningar. Ríður mikið á, að vel takist um lausn þeirra og ekki verði stofnað til verkfalla og vandræða, eins og oft hefur átt sér stað. Hagur þjóðarbúsins hefur batnað og þjóðartekjurnar aukizt. Það er því ekkert efamál, að almenningur á að njóta þess. Nú er tækifæri til þess að fá raunhæfar kjarabætur. En til þess að svo megi verða, þarf að reikna út, hversu miklar kauphækkanir atvinnuvegirnir geta tekið á sig. Dagsbrún og fleiri verkalýðsfélög hafa gert kröfu um 25% kauphækkun. Hér skal enginn dómur á það lagður, hvað sanngjarnt er í þessu efni eða hversu miklar kauphækkanir efnahagskerfið þolir. Það er hagur launþega og alls almennings, að ekki verði gengið lengra í kröfum á hendur atvinnuvegunum en gjaldgeta þeirra leyfir. Kjarabæturnar verða ekki raunhæfari, þótt kauphækkunin verði mikil í krónum, ef atvinnuvegirnir verða reknir með halla og ríkissjóður þarf með einum eða öðrum hætti að leggja þeim til fé. Þá er hætt við, að mestur hluti kauphækkananna verði aftur tekinn af almenningi í einu eða öðru formi, eins og gert var á mjög áberandi hátt, þegar hinir svokölluðu verkalýðsflokkar og Framsfl. voru saman í ríkisstj. Farsæla lausn í kaupgjaldsmálunum mætti fá með því að skipa hlutlausan dóm, sem báðir aðilar, vinnuveitendur og launþegar, kæmu sér saman um að tilnefna í og hétu því fyrir fram að hlíta úrskurði hans. Dómurinn þarf að vera þannig skipaður, að hann megi njóta fyllsta trausts bæði launþega og vinnuveitenda, líkt og Hæstiréttur Íslands. Með þessu móti væri nokkurn veginn öruggt, að þær kauphækkanir, sem launþegar fengju, mættu vera raunverulegar kjarabætur og til þess að auka kaupmátt teknanna. Það er auðvitað reikningsdæmi, sem nauðsynlegt er að reiknað sé rétt, hversu mikil kauphækkunin má vera, án þess að til þess komi, að atvinnuvegirnir leiti á náðir ríkisstj. eftir styrkjum, sem síðar kalla eftir skattlagningu á almenning.

Ef þjóðin ber gæfu til þess að leysa kaupgjaldsmálin báðum í hag með eðlilegum hætti, þá er enginn vafi á, að lífskjörin munu batna mikið á þessu ári. Kaupmáttur launanna mun aukast og þjóðin í heild njóta þess, að árferði hefur batnað. Við skulum vona, að vel og farsællega verði að því unnið að leysa vandann með hagsmuni allrar þjóðarinnar fyrir augum. Þarf þá engu að kvíða um framtíðina. – Góða nótt.

Unnar Stefánsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Í skólamálum höfum við dregizt aftur úr, sagði Eysteinn Jónsson hér rétt áðan. Svo mörg voru þau orð. Hvað á fyrrv. formaður Framsfl. við með þessum ummælum? Lítum yfir stjórnartíð núv. ríkisstj. og lítum á þetta nokkru nánar, í ljósi þeirra talna, sem fyrir liggja. Undanfarin tíu ár hefur verðmæti þjóðarframleiðslu Íslendinga aukizt úr 7300 millj. kr. árið 1959 í 33400 millj. kr. s. l. ár, árið 1969. Þetta er aukning um 360%. Á sama tíma hafa útgjöld þjóðarinnar til menntunarmála aukizt úr 250 millj. kr. 1959 í um 1750 millj. kr. árið 1969. Þetta er aukning um 600%. Þessar vaxtartölur segja þrennt: Verðhækkanir, sem orðið hafa á tímabilinu, raunveruleg framleiðsluaukning á hvert mannsbarn og fjölgun vinnandi manna. Þær segja því ekki annað en að sívaxandi hluta af þjóðartekjum landsmanna hafi verið varið til menntunarmála.

Lítum á málið frá annarri hlið. Að meðaltali voru ráðstöfunartekjur á hvern Íslending um 30% hærri árið 1969 en 1959, og er þá búið að taka fullt tillit til verðbreytinga. Á sama hátt reiknað voru útgjöld á hvert mannsbarn til menntamála um 100% hærri 1969 en 1959. Raunverulegar tekjur á mann hækkuðu um tæpan þriðjung, en útgjöld til menntamála tvöfölduðust. Svo kemur fyrrv. form. Framsfl., Eysteinn Jónsson, og segir, að í skólamálum höfum við dregizt aftur úr. Ég læt hlustendum eftir að dæma slíkan málflutning.

Gils Guðmundsson minntist í gær á störf Gylfa Þ.

Gíslasonar menntmrh. Hann viðurkenndi, að menntmrh. sé hæfileikamaður, en sagði, að enginn gæti haft störf menntmrh. í hjáverkum. Sönnun þess, að Gylfi hefði menntmrh.-störfin í hjáverkum, var þá sú, að skrifstofa hans væri í viðskmrn., en ekki í menntmrn. Ef Gylfi hefði skrifstofu sína í menntmrn., mætti með sama hætti segja, að hann hefði embætti viðskmrh. í hjáverkum. Sannleikurinn er sá, að allir ráðh., nema forsrh., stjórna tveimur rn. Allir vita, að enginn meðalmaður gæti gert það, sem Gylfi hefur afkastað sem menntmrh. í hjáverkum, svo sem áðurgreindar tölur bera ljósast vitni um. Enda er nú sagan vafalaust að fella þann dóm, að hann sé dugmesti menntmrh., sem þjóðin hefur átt.

Ég ætlaði ekki að taka þátt í umr. um dægurmál af þessu tagi, sem hér gafst tilefni til. Ég ætlaði að vekja athygli hlustenda á nokkrum málum, sem ég tel framtíðarmál. Meðal þeirra er frv., sem nú er væntanlega afgr. og lætur ekki mikið yfir sér, um sameiningu sveitarfélaga. Með samþykkt þess mun Alþ. í fyrsta skipti marka stefnu af hálfu hins opinbera að því er varðar umdæmastærð sveitarfélaganna í landinu. Sem sé er í stuttu máli um það að ræða, að ríkisvaldið hlutist til um, í samráði við sveitarstjórnir og samtök þeirra, að umdæmastærðin, að félagsheildir fólks í landinu verði miðaðar við þarfir og aðstæður okkar tíma. Hrepparnir eru elztu félagsmálastofnanir í landinu, eldri en sjálft Alþ., og standa því traustum fótum sem hornsteinar okkar þjóðskipulags. En við því er tæpast að búast, að forfeður okkar á 10. og 11. öld hefðu haft þá framsýni til að bera, að þeir gætu séð fyrir þarfir okkar tíma hvað snertir samgöngur og aðra samfélagshætti. Ég tel engan vafa á því, að þegar fram líða stundir, muni íbúar hinna ýmsu byggðarlaga telja, að þeim muni skapast betri lífsstaða með því að skipa sér saman í fjárhagslega stærri og sterkari félagsheildir til lausnar á þeim mikilsverðu málum, sem nú eru fram undan víðast hvar um landið. Það var ánægjulegt, að fulltrúar allra flokka í félmn. Nd. mæltu einróma með því, að frv. yrði að lögum.

Mörg mál, sem þetta þing hefur fjallað um, stuðla einmitt að því, að sveitarstjórnir fá meiri og stærri verkefni en áður hefur verið. Þó hygg ég, að í framtíðinni muni þetta frv. leiða til allvíðtækra breytinga á stjórnskipulagi okkar úti um byggðir landsins. Skilyrði munu nú skapast til að mynda öflugri héraðsstjórnir með myndun landshlutasamtaka, sem fengju smám saman í hendur aukið framkvæmdavald og gerð landshlutaáætlana, – sem þegar eru hafnar með gerð Vestfjarðaáætlunar og Norðurlandsáætlunar, þar sem heimamenn munu hafa það hlutverk að leysa úr læðingi þau öfl, sem orðið gætu viðkomandi byggðarlögum til styrktar og eflingar í atvinnumálum og menningarmálum. Í annan stað mundi skapast grundvöllur til að taka til heildarendurskoðunar alla núverandi verkefnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaganna. Það lætur að líkum, að sárafámenn sveitarfélög geta naumast tekið aukin og vandasöm verkefni í sínar hendur.

Ríkisstj. hefur nú óskað eftir því, að upp verði tekin slík endurskoðun á verkefnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Ég tel, að slík endurskoðun eigi að leiða af sér, að sveitarfélögin fái í hendur aukna tekjustofna, meira svigrúm í framkvæmdum, til þess að heimafólk sjálft fái auknu hlutverki að gegna í atvinnu- og fræðslumálum og öðrum málefnum landsins.

Sem dæmi um mál, þar sem sveitarstjórnum eru lögð aukin verkefni á herðar, vil ég nefna nokkur mál frá þessu þingi. Nú er verið að afgr. frv. til l. um húsnæðismál. Aðstoð við sveitarfélög vegna togarakaupa. Ný hafnalög voru sett fyrir nokkrum árum og er nú unnið skipulega að hafnarframkvæmdum á meira en 30 stöðum á landinu, þar sem meira en 100 millj. kr. er varið til hafnarmála. Ný skólakostnaðarlög gera einfaldari samskipti ríkis og sveitarfélaga um meðferð allra fræðslumála. Þannig eru nú í smíðum 94 skólar, sem sveitarfélög og ríki standa sameiginlega að, og til þeirra framkvæmda mun varið yfir 200 millj. kr. á þessu ári. Nýju skólakostnaðarlögin gefa sveitunum enn fremur tækifæri, sem þær höfðu ekki áður, til þess að stórauka kennslu án aukinna útgjalda, með því að allur kennslukostnaður er nú greiddur af ríkissjóði innan sanngjarnra heildarmarka. Skólakostnaðarlögin stuðla einnig að aukinni samvinnu sveitarfélaga um sameiginleg fræðslumál. Í þeim tilvikum greiðir ríkissjóður t. d. heimavistir að fullu. Drepa má einnig á vegalög, en samkv. þeim hafa sveitarfélög fengið hlutdeild í vegasjóði, sem numið hefur um 250 millj. kr., aðeins sex árum frá því að vegalög tóku gildi. Með því að nefna þetta vil ég vekja athygli á aukinni tillitssemi stjórnvalda við hlutverk sveitarfélaganna í landinu, og í þeim efnum má enn fremur geta þess, að hlutdeild sveitarfélaga í jöfnunarsjóði mun á þessu ári nema 360 millj. kr.

Ég skal víkja nánar að frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Húsnæðismálastjórn er nú heimilt að veita þeim sveitarfélögum, sem byggja íbúðir og selja einstaklingum, lán meðan á byggingu stendur, enn fremur lán til byggingar leiguhúsnæðis í kaupstöðum, kauptúnum og öðrum skipulagsskyldum stöðum. Þá greiðir ríkissjóður jafnhátt framlag móti framlagi sveitarfélaga til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði. Þá er í frv. fólgin stórfelld efling á verkamannabústaðakerfinu og sveitarstjórnum falið frumkvæði að byggingu verkamannabústaða. Sveitarstjórnir skulu ákveða framlög til 4 ára í senn og framlög sveitarfélaganna skulu vera frá 200–400 kr. á hvern íbúa, og svo greiðir ríkissjóður jafnháa upphæð á móti til sveitarfélagsins. Kerfi þetta yrði í framkvæmd þannig, að sá, sem byggir samkvæmt þessum ákvæðum, fær tvö lán: Lán úr byggingarsjóði ríkisins með venjulegum kjörum og lán frá byggingarsjóði verkamanna til 42 ára með 2% ársvöxtum. Sjálfur leggur íbúðareigandinn fram 20% byggingarkostnaðarins. Sé miðað við 100 m^2 íbúð, sem kostar 1200 þús. kr., yrði fjármögnun hennar með þeim hætti, að væntanlegur kaupandi greiddi 240 þús. kr., lán frá byggingarsjóði ríkisins næmi 600 þús. kr. og lán frá byggingarsjóði verkamanna 360 þús. kr. Ég vek athygli á því, að hin nýju lög, sem væntanlega verða samþ. á þessu þingi, veita möguleika á því, að allar sveitarstjórnir í þéttbýlisstöðum, kaupstöðum og kauptúnum geti veitt væntanlegum íbúðareigendum hin sömu kjör eða betri kjör en íbúðarbyggjendur í Breiðholti í Reykjavík nutu á seinasta ári samkvæmt þeim reglum, sem framkvæmdanefnd byggingaráætlunarinnar gat þar boðið.

Þá vil ég enn vekja athygli á því, að nú verður húsnæðismálastjórn í fyrsta skipti veitt heimild til að veita lán til kaupa á eldri íbúðum. Þetta tel ég mikilsvert ákvæði. Það greiðir fyrir íbúðaskiptum og ætti að stuðla að hagkvæmari nýtingu íbúðarhúsnæðis, þegar til lengdar lætur. Sérstaklega er þetta atriði mikilsvert, ef horfið yrði að því ráði, eftir að nýtt fasteignamat öðlast gildi seinna á þessu ári, að hækka fasteignaskatta, sem ég held, að muni hafa hagstæð áhrif fjárhagslega og færa skattheimtu í réttlátara horf frá því sem verið hefur.

Herra forseti. Tveir málaflokkar varða mestu um framtíð okkar þjóðfélags á næstu árum. Annars vegar skipan efnahagsmála og hins vegar utanríkismál okkar.

Það málefni, sem þetta löggjafarþing hefur afgr. og marka mun dýpst áhrif á okkar þjóðfélag, er aðild okkar að Fríverzlunarbandalagi Evrópu. Hún kallar á vakningu landsmanna um eflingu atvinnulífs og framleiðslustarfsemi til útflutnings. Iðnframleiðslan jókst á seinasta ári um 8%, og búizt er við, að útflutningur tvöfaldist á þessu ári, eins og hann gerði á seinasta ári. Það er höfuðnauðsyn, að menn sameinist um það átak, sem gera þarf í atvinnumálum og efnahagsmálum á næstu árum, í framhaldi af aðild okkar að Fríverzlunarbandalaginu, og geri allt, sem í valdi stjórnvalda stendur, til þess að efla atvinnulífið, byggja hér ný iðnfyrirtæki, laða hingað fjármagn til þróttmikillar framleiðslustarfsemi í þjóðfélaginu.

Gils Guðmundsson ræddi í gær um utanríkismálin og ræddi um tregðu stjórnarsinna til rökræðna um þau efni. Það væri skemmtilegt að ræða við þann mann og kommúnista um utanríkismál, en ég hefði haldið, og það mundu fleiri hyggja, að hafi einhverjir menn ástæðu til að vera tregir til rökræðna um utanríkismál um þessar mundir, þá væru það einmitt kommúnistar. Atlantshafsbandalagið er varnarbandalag og hefur náð tilætluðum árangri á þeim tíma, sem það hefur starfað, að tryggja frið í Evrópu og viðhalda friði. Mikill meiri hluti íslenzku þjóðarinnar stendur samhuga að því, að Íslendingar haldi áfram aðild sinni að Atlantshafsbandalaginu. Það var stofnað á sínum tíma til varnar útþenslustefnu Sovétríkjanna og jafnframt í framhaldi atburða, sem áttu sér stað í Tékkóslóvakíu, og maður skyldi halda, að kommúnistar hefðu ekki sérstakan áhuga á að draga það land fram í dagsljósið núna, eftir þá atburði, sem þar hafa gerzt nýlega. Sannleikurinn er sá, að Sovétríkin hafa, þrátt fyrir það að Vesturveldin hafa lagt sig í líma við seinustu árin og mánuðina að draga úr spennu í alþjóðamálum, aukið herskipaflota sinn, t. d. á hafinu hér í kringum Ísland, með stórkostlegustu heræfingum frá stríðslokum hér í Atlantshafi, umhverfis Færeyjar og nálægt Íslandsströndum. Sovétríkin eiga núna um 400 kafbáta, 7–8 sinnum fleiri en Þjóðverjar áttu við upphaf seinustu styrjaldar, og þessi floti er á sífelldum ferðum, einmitt hér á norðanverðu Atlantshafi, kringum land okkar. Það er þessi aðstaða, sem gerir það að verkum, að Atlantshafsbandalagið þarf að starfa áfram svo sem verið hefur. Þrátt fyrir þessa stefnu Sovétríkjanna hafa vestrænir leiðtogar undir forystu Willy Brandts, kanzlara í Þýzkalandi, leitazt við að taka upp viðræður til þess að útrýma þeirri tortryggni, sem er undirstaða allra vær-inga, milli austurs og vesturs. Um þessar mundir er einmitt utanrrh. okkar staddur í einu A.-Evrópuríkjanna til þess m. a. að stuðla að bættri sambúð austurs og vesturs. Ég hygg, að mikill hluti þjóðarinnar geti tekið undir þau meginatriði í utanríkisstefnu Íslendinga, sem Emil Jónsson utanrrh. lýsti hér á Alþ. í skýrslu um utanríkismál. En hún er fólgin í öflugu samstarfi við Norðurlöndin, þátttöku í Atlantshafsbandalaginu, þátttöku í Sameinuðu þjóðunum og vinsamlegri sambúð við allar þjóðir.

Gils Guðmundsson ræddi í gær um hlýðnisafstöðu við Bandaríkin og benti á seinasta þing Sameinuðu þjóðanna því til sönnunar. Til þess gefst ekki færi hér að ræða nánar þau brigzl, sem kommúnistar hafa verið að halda á lofti um hlýðnisafstöðu Íslendinga við Bandaríkin. Hvað snertir seinasta allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna, þá væri fróðlegt að geta þess að lokum, að í þeim efnum hygg ég, að því hafi verið alveg öfugt farið. Það var einmitt fulltrúi Bandaríkjanna, ambassador þeirra, sem veitti Íslandi öflugan stuðning þann 10. nóv. s. l., þegar rætt var um okkar brýnasta hagsmunamál, sem utanrrh. og Íslendingar hafa verið að vinna að sleitulaust, þó ekki hafi hátt farið, á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og víðar á seinustu árum. Í þeim efnum standa Íslendingar sem forysturíki smáríkjanna andspænis vissri hættu, sem okkur stafar af samdrætti Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um mörkun stefnu um nýtingu landgrunns og landhelgismála.

Góðir hlustendur. Tíma mínum er lokið. Fram undan er sumar. Við búum núna við bata í efnahagsmálum. Sá bati er vissulega stjórnvöldum að þakka að nokkru leyti, en ekki að öllu leyti. Að verulegu leyti er hann að þakka því trausti, sem íslenzkur almenningur hefur sýnt stjórnvöldum, sleitulausu striti, sem nú hefur leitt til þess, að þjóðin hefur unnið sig út úr erfiðleikunum með aukinni framleiðslu og mikilli árgæzku til lands og sjávar. Launþegar og aðrir landsmenn verða að geta treyst því, að þeir fái í sinn hlut réttmætan skerf af aukningu þjóðarteknanna. Í trausti þess, að svo verði og þjóðin öll fái notið batnandi hags af okkar bættu aðstæðum og betri afkomu, óska ég öllum gleðilegs sumars.

Björn Jónsson: Herra forseti. Heiðruðu tilheyrendur. Sakarefni þeirra Alþb.-manna á hendur flokki okkar, Samtökum frjálslyndra og vinstri manna, geta stundum tekið á sig ærið broslegar myndir. Annars vegar erum við Hannibal Valdimarsson t. d. æðioft taldir hinir verstu skúrkar og verkalýðssvikarar og bornir brigzlum fyrir afstöðu okkar til mála. Hins vegar er fullyrt, að stefnan sé hin sama, og skælt yfir því, að við skulum ekki fylla flokk þeirra. Sakarefnin verða líka stundum kátleg, þegar saman er borið sumt af því, sem þessir menn hafa talið heilög baráttumál, en verða allt í einu hartnær glæpamál, þegar við ljáum þeim lið, eins og t. d. þegar við höfðum lýst yfir fylgi okkar við þjóðaratkvæði um NATO, sem þá var talið sanna, að við værum örgustu hernámssinnar, þótt stefnuskrá okkar tæki af allan vafa um fulla andstöðu við öll hernaðarbandalög.

Fyrir fáum árum töldu þessir menn sig hafa unnið hið frægasta afrek í frelsisbaráttu þjóðarinnar með því að fá nokkur þúsund nöfn undir þessa hina sömu kröfu.

En við erum líka andstæðingar Varsjárbandalagsins og það gerir gæfumuninn.

Hið sanna er auðvitað, að í milli okkar og foringja Alþb. er grundvallarágreiningur, bæði um baráttuaðferðir, málefni og markmið, ágreiningur sem öllum sköpum skiptir. Þeir stefna að alræðissósíalisma af því tagi, sem krefst slíks miðstjórnarvalds, að það leiðir rakleitt til afnáms lýðræðis, þingræðis og mannhelgi. Við byggjum hins vegar á jafnaðarstefnu og frjálshyggju, sem hafnar allsherjar þjóðnýtingu jafnt sem stjórnlausri auðhyggju og vill að öll rekstrarform búi við sem sambærilegust skilyrði, svo að glöggt megi sannast, hvað bezt hentar í hverri grein.

Alþb.-menn, sem hér hafa talað, allt frá Eðvarð Sigurðssyni og niður í forstjórann Gils Guðmundsson, voru að reyna hér bæði í gærkvöldi og nú í kvöld að eyrnamarka sér faglega baráttu verkalýðssamtakanna. Verri ógreiði væri henni ekki gerður en ef slíkt tækist, ekki sízt þegar allt veltur á því, að þar standi allir saman, maður við mann, hvar sem þeir eru í flokki staddir. En þetta er hin yfirlýsta stefna Alþb. í framkvæmd, að einoka verkalýðshreyfinguna, gera hana að þjóni flokksins og flokkshagsmuna. Við viljum hins vegar, að verkalýðshreyfingin sé og verði algjörlega sjálfstætt og myndugt þjóðfélagsafl, sem ákveði starf sitt og stefnu á grundvelli stéttarhagsmuna einna, en hafni forsjá pólitískra flokka. Nauðsyn þessa skilur verkalýðshreyfingin nú æ betur og hefur því í heild hafnað raunverulegri forsjá Magnúsar Kjartanssonar, Lúðvíks Jósefssonar og þeirra, m. a. á síðasta Alþýðusambandsþingi.

Þannig mætti lengi telja málefni, sem skera úr um það, að við eigum enga flokkslega samleið með hópnum, sem ræður Alþb. Um þann fríða flokk mætti tilfæra ummæli Lúðvíks Jósefssonar frá síðasta þingi Sósíalistaflokksins, að engum þeim vinstri samtökum yrði treyst eða trúað, sem hefðu Brynjólf Bjarnason innanborðs. En sérstaka nauðsyn þykir nú bera til að setja nafn einmitt þessa manns á borgarstjórnarlista Alþb. í höfuðborginni, og á hann þó sízt verri eftirmæli skilið en önnur þau pólitísku gamalmenni, sem nú stjórna Alþb. Dylst mönnum þá öllu lengur, hvaða lið þar fer, sem Alþb. skartar sínu nafni?

Þegar kenningunni um málefnalega samstöðu er ýtt til hliðar, en hin gagnstæða tekin upp úr skúffunni hjá Alþb., verður afstaða okkar Hannibals Valdimarssonar til EFTA-málsins oftast fyrst fyrir, og vil ég víkja að því stórmáli með nokkrum orðum. Í því máli taldi flokkur okkar, sem aðrir, það sína fyrstu og einu skyldu að meta það út frá frambúðarhagsmunum þjóðarinnar og íslenzkra vinnustétta og í annan stað út frá framtíðarstöðu okkar í samfélagi þjóðanna, stjórnmálalegri og menningarlegri. Og niðurstaða okkar varð þessi og er þessi: Í fyrsta lagi: Markmið íslenzkrar efnahagsstefnu, þó ekki sé litið lengra en til næstu 15 ára, hlýtur að verða það að sjá a. m. k. 25 þús. ungs fólks, sem við vitum að þá kemur á vinnumarkaðinn, fyrir fullri atvinnu, og í annan stað að tryggja þeim sem öðrum lífskjör, sem haldi okkur til jafnræðis við grannþjóðirnar.

Frumskilyrði þess, að þessum markmiðum verði náð, er, að okkur takist að framkvæma iðnbyltingu á nútíma tæknivísu. Kemur þar margt til, m. a. það, að öll reynsla annarra þjóða sannar, að einungis iðnþróaðar þjóðir geta veitt þegnum sínum félagslegt öryggi og góð lífskjör. Þess vegna er stefnan sú, að iðnaðarþjóðfélagið verði óhjákvæmileg nútíma- og framtíðarnauðsyn. Iðnaðarþjóðfélag verður hins vegar ekki byggt upp með því að framleiða fyrir innlendan markað einan og með því að gjalda háa tolla af útflutningi, meðan samkeppnisþjóðirnar flytja tollfrjálst á sömu markaði. Ef þeirri stefnu yrði fylgt að ráði þeirra, sem barizt hafa gegn EFTA-aðild, yrði afleiðingin hátt verðlag, léleg lífskjör og atvinnuleysi. Er það kannske þeirra raunverulega stefna?

Ef menn viðurkenna þau markmið, sem ég hef nefnt, stendur valið um það, hvaða efnahagssamfélög okkur er hagkvæmast að skipta við og samræmast bezt hugmyndum okkar um stjórnmálalega og menningarlega samvinnu við aðrar þjóðir. Í okkar huga er það val næsta einfalt. Við erum norræn þjóð, við erum Vestur-Evrópuþjóð, og það viljum við vera. Viðskiptaleg einangrunarstefna mundi óhjákvæmilega leiða til meiri eða minni slita þeirrar menningarlegu og félagslegu samvinnu, sem við viljum ástunda við hin Norðurlöndin. Hún mundi leiða til þess, að við smáir og fáir yrðum teygðir og togaðir milli stórveldablokkanna í austri og vestri. Hvor blokkin sem þar yrði yfirsterkari, yrði afleiðingin jafnógeðfelld þorra Íslendinga og að auki óefaður háski fyrir þjóðina, ekki aðeins efnalega, heldur einnig menningarlega og stjórnmálalega. Val okkar á EFTA, sem helzta efnahagslega samvinnuvettvangi, er einnig auðvelt að því leyti, að því fylgja engar þær skuldbindingar, sem ekki samrýmast fullkomlega stjórnmálalegum sjálfsákvörðunarrétti okkar og fullveldi, gagnstætt þeim sem aðild að EBE hefði í för með sér og útilokar þar hugsanlega þátttöku okkar.

Að síðustu nefni ég þann þátt þessa máls, sem áður er að vísu óbeint rakinn, en hlýtur að skipta höfuðmáli frá sjónarmiði verkalýðsstéttarinnar. Hvaða áhrif hefur aðildin á launakjör almennings í næstu framtíð og til langframa? Hvað er hæft í þeirri meginröksemd þeirra Alþb.-manna, að EFTA-aðild þýði og byggist á því, að hér ríki það, sem þeir nefna langvarandi láglaunatímabil vinnustéttanna? Þessi röksemd er studd þeirri fullyrðingu, að íslenzkur iðnaður sé og verði svo vanþróaður, að samkeppnisaðstaða okkar mundi nánast engin, ef kaupgjald væri hér hækkað til samræmis við það, sem gerist t. d. á Norðurlöndum. Þetta er þá eftir allt saman trú þessara manna, sem alltaf taka munninn fullan um fullvinnslu íslenzkra hráefna og iðnþróunarstefnu, á hæfni og atorku þjóðar sinnar. Þetta er trú þeirra manna, sem við hvert tækifæri taka munninn fullan og hrópa: Burt með atvinnuleysið! Atvinnuleysið verður aldrei þolað! – en afneita síðan í reynd þeim óhjákvæmilegu aðgerðum, sem gera þarf til að þessari sjálfsögðu mannréttindakröfu verði fullnægt. Tiltækar upplýsingar sanna, að vinnulaunakostnaður iðnfyrirtækja flestallra EFTA-ríkja, þ. á m. allra Norðurlanda, er nú í dag stórfellt hærri en hér á landi, í Svíþjóð a. m. k. 80% hærri, í Noregi og Danmörku 40 eða 50% hærri a. m. k. Gefur það ekki hverju sjáandi auga leið, að þegar jafnræði ríkir á samkeppnissviðinu, keppt er á sömu mörkuðum, er það einn allra veigamesti stuðn-

ingur við kröfu íslenzku verkalýðshreyfingarinnar um, að einnig hér gildi svipuð launakjör.

Í byrjun er efnalegur ávinningur að EFTA-aðild fyrst og fremst bundinn sterkum líkum eða vissu um hækkað verð á fiski og fiskafurðum og rýmri og betri mörkuðum fyrir landbúnaðarvörur, sem sérstaklega hefur verið samið um. Hið fyrrnefnda mun þegar í kjarasamningum verkalýðshreyfingarinnar næstu daga og vikur reynast rök og stuðningur við verkalýðssamtökin og baráttu þeirra fyrir mannsæmandi launakjörum. Með því að afneita þessum staðreyndum mega allir sjá, að þeir, sem það gera, eru í raun að leggjast hart á sveif með andstæðingum verkalýðshreyfingarinnar og styrkja þá í baráttunni gegn réttmætum kröfum hennar.

Því hefur verið skrökvað, að við Hannibal Valdimarsson og flokkur okkar teldum EFTA-aðild einhverja töfraformúlu, sem allan efnahagsvanda leysti. Þetta er fjær sannleikanum en tali taki. Þvert á móti höfum við ávallt lagt á það höfuðáherzlu, að aðildin opnaði okkur möguleika til heilbrigðari efnahagsþróunar en sú einangrunarstefna, sem ósannindamennirnir eru talsmenn fyrir. En hins vegar höfum við sagt, að ef þeir möguleikar ættu að nýtast, svo að um munaði, þyrfti hér að koma til gjörbreytt efnahagsstefna, umbylting hagkerfisins, í fullri andstöðu við gjaldþrota-, vanstjórnar- og verðbólgustefnu núv. ríkisstj. Við treystum ekki núv. ríkisstj. til að uppfylla þau grundvallarskilyrði, sem uppfylla þarf, til þess að EFTA-aðild nái tilgangi sínum, né til að veita þá forsjá af ríkisvaldsins hálfu, sem hér þarf að koma til við framkvæmd skipulegrar iðnþróunarstefnu. Hana teljum við verða að byggjast m. a. á hömlun verðbólgu og langtímasamningum við verkalýðssamtökin um öruggar og árvissar kjarabætur, heildarstjórn á fjárfestingu, m. a. með algerri endurskipulagningu allra fjárfestingarsjóða og bankakerfisins, stórfellt aukinni vísindastarfsemi í þágu atvinnuveganna, að arðsemisjónarmið fyrirtækja, sem þjóðarheildarinnar, ráði allri dreifingu fjármagns og að allt stjórnsýslu- og skattkerfið verði endurskoðað og endurbyggt frá rótum. Ekkert þessara atriða né fjölda annarra, sem stefna þarf að, samrýmist núverandi stjórnarstefnu. Og vissulega er það svo, að skuggi viðreisnarstjórnarinnar hvílir yfir hinni mikilvægu ákvörðun um aðild að EFTA. En hins ber þó að geta, að samningarnir tryggja okkur 4 ára óbreytta tollvernd frá því, sem nú er, og síðan 6 ára aðlögunartíma til viðbótar með dreifingu þeirrar, sem þá stendur eftir.

Að ári liðnu, í síðasta lagi, fær þjóðin tækifæri til þess að fella þessa stjórn og ákveða þá stefnu, sem ríkja á meginhluta aðlögunartímabilsins, sem okkar bíður, og jafnframt hverjum hún vill fela að framfylgja þeirri stefnu. Allar röksemdir flokkanna, sem annaðhvort voru andvígir EFTA-aðild eða vildu fresta henni vegna andstöðu við núverandi ríkisstj., lýsa þess vegna aðeins uppgjöf þeirra, kjarkleysi og vonleysi. Okkar flokkur hefur hins vegar skoðað þetta stóra mál á forsendum málsins sjálfs, sem öllum ættu að liggja ljósar fyrir við rólega íhugun, og við óttumst sannarlega ekki dóm þjóðarinnar fyrir þá skyldugu afstöðu okkar við framtíðarhagsmuni þjóðarinnar og vinnustétta hennar.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh., Bjarni Benediktsson, og hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, ræddu í gærkvöld um hið svokallaða verðgæzlumál. Báðir þóttust þeir vera mjög mótfallnir verðlagshöftum og vilja koma þessum málum í svipað horf og annars staðar á Norðurlöndum. Ég held satt að segja, að ég hafi ekki heyrt meiri óheilindi á Alþ. Þeir forsrh. og viðskmrh. þurfa ekki annað en að leggja það fyrir fulltrúa ríkisstj. í verðlagsnefndinni að breyta framkvæmd verðlagsmálanna á þann hátt, sem þeir telja æskilegt, og þá verður það gert, alveg eins og á árunum 1964–1966. Það er ekkert lagaákvæði til, sem hindrar þá í að gera þessa breytingu. Þá skortir ekki neitt til þess nema viljann og trú á frjálsa verslun. Sannleikurinn er sá, að öll þau verðlagsákvæði, sem eru í gildi í dag og gera Ísland að mesta haftalandi V.-Evrópu, eru í reynd ákveðin með samþykki Gylfa Þ. Gíslasonar, sem vafalaust hefur haft full samráð við Bjarna Benediktsson um þau efni. Verðlagshöftin, sem gilda á Íslandi nú, eru verðlagshöft þeirra Gylfa og Bjarna.

Hæstv. forsrh. lét svo um mælt í gærkvöld, að hin langa seta ríkisstj. hefði tryggt stöðugt stjórnarfar. Ekkert sýnir betur en þessi ummæli, hvað ráðherrann er illa að sér í efnahagsmálum. Bezti mælikvarðinn á það, hvort stjórnarfarið er stöðugt í reynd eða ekki, er verðgildi peninganna. Stöðugt peningagildi er bezta merkið um stöðugt stjórnarfar. Hér hefur krónan verið felld fjórum sinnum á áratug, og er ekki hægt að finna neitt hliðstætt dæmi í Evrópu. Ísland hefur í reynd búið við óstöðugasta stjórnarfar allra Evrópulanda á þessum tíma, þótt sömu aðalmennirnir, þeir forsrh. og efnahagsmálarh., hafi setið í stjórnarstólunum allan þennan tíma.

Gylfi Þ. Gíslason flutti hér ræðu í gærkvöld, sem var barmafull af ofstæki. Hann veittist m. a. harðlega að ungmennum þeim, sem settust að í sendiráðinu í Stokkhólmi og menntmrn. Ég harma þessi verk, en tel þau litlu verri en þau, er menn á aldri okkar Gylfa Þ. Gíslasonar reyna að nota þau til að koma af stað æsingaöldu, sem skyggir á allt annað. Öðruvísi fórst líka Gylfa Þ. Gíslasyni, þegar hann var ungur og afsakaði grjótkast á Alþingishúsið, sem var framið í stundaræsingi hinnar pólitísku baráttu. Við skulum réttilega harma slík verk og vara við þeim, en ekki gera það að máli málanna, þó ungmennum verði einstöku sinnum slíkur fótaskortur. Hins vegar get ég vel skilið stjórnmálamenn, sem ekki hafa góða samvizku, að þeir vilji nota slíka atburði til að láta þjóðmálaumræður snúast um annað en eigin verk.

Ofstækið í ræðu hæstv. viðskmrh. varð þó fyrst áberandi, þegar hann fór að tala um Framsfl. Þá greip hann til gömlu ræðunnar, sem hann er búinn að flytja með litlum breytingum í meira en aldarfjórðung. Fyrstu 15 árin var sú ræða tileinkuð Sjálfstfl. Honum var þá lýst sem miklum afturhaldsflokki, er notaði aðstöðu sína purkunarlaust í þágu gróðalýðs og braskara. Íslenzkur almenningur yrði því að skilja, að áhrifum Sjálfstfl. yrði að ljúka. Þessa ræðu flutti hæstv. viðskmrh. t. d. mjög kröftuglega fyrri hluta árs 1958, en þá um haustið urðu skyndileg veðrabrigði. Alþfl. óttaðist þá, að hann væri að hrökklast úr ríkisstj. og mundi ekki

eiga þangað afturkvæmt. Þá var það, að Sjálfstfl. bauð fram faðm sinn, og sá, sem var fyrstur til að falla í hann, var Gylfi Þ. Gíslason. Síðan hefur hann oft lýst því, að þegar Sjálfstfl. og Alþfl. fóru að ræða saman 1958, hafi komið í ljós, að þeim bæri eiginlega ekki neitt á milli um lausn hinna helztu efnahagsmála. Alþfl. var allt í einu orðinn skoðanafélagi braskaraflokksins, sem Gylfi Þ. Gíslason fordæmdi mest áður. Þetta samstarf hefur nú haldizt í nær 12 ár og allan þann tíma hefur hæstv. viðskmrh. helgað Framsfl. ræðuna, sem hann tileinkaði Sjálfstfl. áður. Þau ræðuhöld munu þó ekki breyta neinu um það, að komist Gylfi Þ. Gíslason aftur á pólitíska vonarvöl, mundi hann ganga jafnfúslega til samstarfs við Framsfl., ef hann ætti þess kost, og hann gekk til samstarfs við Sjálfstfl. 1958. Gylfi Þ. Gíslason er nefnilega mesta snælda íslenzkra stjórnmála og skoðanir hans fara mest eftir því, hvernig hann getur tryggt sér og flokki sínum þátttöku hverju sinni.

Athygli manna um þessar mundir hlýtur mjög að beinast að þeim kjarasamningum, sem senn hefjast með viðræðum milli verkalýðsfélaganna og atvinnurekenda. Það ætti að vera öllum augljóst, að launþegar verða nú að fá verulegar kjarabætur. Gylfi Þ. Gíslason hefur játað á Alþ., að kjör almennings hafi versnað um allt að því 20% síðan 1967. Á sama tíma hefur kaupmáttur launa aukizt mjög verulega í nágrannalöndum okkar. Það er því ekki undarlegt, að verkalýðsfélögin krefjist nú verulegra kjarabóta, þar sem árferði fer nú mjög batnandi.

En kjarabætur má veita á ýmsan hátt. Það er hægt með beinum kauphækkunum, með lækkun á sköttum o.fl. Við framsóknarmenn höfum lagt til á þessu þingi, að söluskattur yrði ekki látinn ná til ýmissa brýnustu nauðsynjavara, og að frádráttur í útsvars- og tekjuálagningu yrði aukinn verulega, með því að láta skattvísitöluna fylgja framfærsluvísitölu. Hvort tveggja hefði orðið veruleg kjarabót, sem ekki hefði leitt til vísitöluhækkana á kaupgjaldi og verðlagi. Báðum þessum tillögum okkar hafa stjórnarflokkarnir hafnað og þá jafnframt svikið það gamla kosningaloforð sitt, að ekki ætti að skattleggja almennar launatekjur. Afleiðingin af þessu atferli stjórnarflokkanna verður sú, að skattar hækka og dýrtíð eykst, og verkalýðsfélögin verða við kaupsamningana í vor að fá fram meiri kauphækkun en ella.

Íslenzkt stjórnarfar einkennist um þessar mundir meira af því en nokkru öðru, að ríkisstj. er orðin gömul, þreytt og sundurþykk. Hún er orðin ófær um að stjórna, en vill samt endilega hanga í valdasessi. Stjórnarsamstarfið minnir orðið um margt á heimili í upplausn. Það er ekki til lengur neitt sérstakt húsbóndavald, heimilisfólkið orðið þreytt og leitt, og gengur því illa að leysa nokkurt meiri háttar verkefni. Hið eina, sem fullt samkomulag er enn um, er, að þrátt fyrir allt skuli þó ekki leysa heimilið upp, heldur sitja meðan sætt er.

Afleiðingin af þessu ástandi á stjórnarheimilinu birtist einna greinilegast á tvennan hátt: Annars vegar dregst lausn stórmála á langinn vegna úrræðaleysis, sinnuleysis og ósamkomulags. Þannig hefur endurnýjun togaraflotans dregizt ár eftir ár af þessum ástæðum, og þegar loks er hafizt handa, fæðist ófullkomin bráðabirgðalausn. Sama gildir um endurnýjun hinna minni fiskiskipa. Stjórnin hefur lengi lofað endurskoðun á skattamálum fyrirtækja, en í stað þess að þar bóli á nokkurri lausn, bætast árlega við margir nýir skattar, og loks þegar fjmrh. hefur lokið endurskoðun á einum þætti skattanna, tekjuskattinum, er Alþfl. ekki undir það búinn að taka afstöðu á yfirstandandi þingi og málið verður því að daga uppi. Stjórnin hefur einnig lofað að koma verðgæzlumálunum í svipað horf og í nágrannalöndunum, en þegar hún loks, eftir miklar vangaveltur, sendir frá sér frv. um þetta efni, er það bæði flaustурslegt og illa unnið. Úr því mátti að sönnu bæta á þinginu, en áður en það væri reynt, var málið fellt af einum ráðherranum, enda þótt um stjfrv. væri að ræða.

Húsnæðismálin eru enn ömurlegra dæmi þess, hvernig ríkisstj. hefur dregið stórmál á langinn, misseri eftir misseri, og loks, er hún hyggst leysa það, er lausnin fólgin í stórfelldri, ranglátri þjóðnýtingu, sem hún gefst upp við að framkvæma, sökum almennrar andstöðu í landinu. Þannig mætti halda áfram að rekja dæmi, sem sýna það hversu fullkomlega ríkisstj. er orðin óhæf til að leysa hin stærstu mál, sökum dæmafás úrræðaleysis og ósamkomulags.

Þetta er ekki nema önnur meginafleiðingin, sem hlýzt af ástandinu á stjórnarheimilinu. Hin er sú, að ráðherrarnir hafa yfirleitt gefizt upp við að stjórna, sökum þeirrar stöðnunar og værðar sem hlýzt af langri stjórnarsetu. Völdin hafa því dregizt í hendur embættismanna og sífjölgandi nefnda, sem ekki bera neina stjórnarfarslega ábyrgð. Eins og oft vill verða hjá þreyttum valdamönnum, hefur ríkisstj. lagt oftrú á fáa útvalda gæðinga og lagt sívaxandi völd í hendur þeirra. Gleggsta dæmið um þetta er stjórn efnahagsmálanna. Þar hefur forsrh. lagt blindan átrúnað á aðra, sökum þess að hann vantreystir réttilega sjálfum sér í þessum efnum. Fyrst og fremst hefur hann lagt trú sína á efnahagsmálarh. sinn, Gylfa Þ. Gíslason, en Gylfi síðan á efnahagsmálaráðgjafa sína og þó fyrst og fremst á fulltrúa Alþfl. í Seðlabankanum, Jóhannes Nordal. Engin nefnd, sem fjallar um efnahagsmál eða atvinnumál, þykir nú vel skipuð nema Jóhannes Nordal eigi sæti í henni. Þessi ofsatrúnaður á einstaka menn veldur því m. a., að þeir verða ofhlaðnir störfum, meðan starfskraftar annarra engu síður hæfra manna eru vannýttir. Jafnframt veldur þetta því, að ráðherrarnir verða eins konar fangar í sínu eigin kerfi. Það verða þeir, sem láta stjórna sér, í stað þess að stjórna sjálfir. Bak við ráðherrana eru komnir huldumenn, sem stjórna raunverulega, en þurfa þó enga persónulega ábyrgð að bera og sleppa oftast við alla gagnrýni. Þetta hefur jafnan þótt einn meginágalli stjórna, sem lengi fara með völd. Þegar þreyta og værð sækir valdamennina heim, búa þeir sér til kerfi alls konar ráða, nefnda og stofnana og verða svo fangar þess, áður en þeir gera sér sjálfir grein fyrir því.

Þetta er í dag eitt höfuðeinkenni stjórnarfarsins á Íslandi. Stjórn, sem ætlaði að afnema nefndir, hefur búið til svo margar nefndir, að hún getur ekki lengur talið þær. Stjórn, sem ætlaði að draga úr skriffinnsku og gera stjórnarkerfið einfaldara, er stöðugt að bæta við nýjum og nýjum skriffinnskustofnunum. Kerfið verður flóknara og skriffinnskan meiri með ári hverju.

Glöggt dæmi um þetta er að finna á yfirstandandi Alþ. Unnið hefur verið að því að auka lánveitingar til iðnaðarins. Fyrir eru margar lánastofnanir, sem annast þessa fyrirgreiðslu nú, eins og t. d. viðskiptabankarnir, Iðnlánasjóður, Seðlabankinn og svo ýmsir sérlánasjóðir. Eðlilegt hefði verið, að einhverjir þessara aðila hefðu verið látnir taka að sér hinar nýju lánveitingar. Í stað þess eru búnar til þrjár nýjar stofnanir með tilheyrandi stjórnum til að annast þær, þ. e. Iðnþróunarsjóður, Útflutningslánasjóður og ábyrgðardeild útflutningslána. Þannig verða iðnrekendur eftirleiðis að sækja undir þremur fleiri lánastofnanir en áður.

Eins og oft hefur verið vikið að, bíða íslenzku þjóðarinnar mörg stór verkefni á komandi árum. Að mínum dómi eru fá verkefni stærri en að draga úr því mikla skriffinnskukerfi, sem hér hefur skapazt á síðari árum, að fækka bönkum og lánastofnunum, að færa saman ýmsar stofnanir, sem nú eru að dútla við sama verkefnið, að fækka skattstofnunum, sem valda nú óhemjulegri skriffinnsku, og reyna á allan hugsanlegan hátt að gera ríkiskerfið ódýrara og einfaldara. Ef þjóðinni auðnast ekki að breyta hér um stefnu og vinnubrögð, er voðinn vís. Skriffinnskan verður þá svo þungur baggi á þjóðinni, að hún fær ekki undir honum risið. Að mínum dómi er hér um að ræða eitt allra stærsta hagsmunamál og sjálfstæðismál þjóðarinnar. Það liggur í augum uppi, að sú stjórn, sem mest allra stjórna hefur aukið skriffinnskukerfið, er allra stjórna ófærust til að hefjast handa um þá byltingu, sem þar þarf að eiga sér stað. Það er jafnaugljóst, að sú stjórn, sem mistekizt hefur að finna lausn á málum eins og endurnýjun togaraflotans, uppbyggingu húsnæðislánakerfisins, eðlilegri skipan verðgæzlumálanna og nýskipan skólamálanna, svo að fá dæmi séu nefnd, er alveg ófær til að fást við þann margvíslega vanda, sem þjóðarinnar bíður á áttunda áratug aldarinnar. Þau mál verða ekki leyst af þreyttum mönnum og þreyttum flokkum, værugjörnum og úrræðasnauðum. Íslendingar verða eins og aðrar lýðræðisþjóðir að læra þá meginreglu, að það er ekki heppilegt að búa lengi við sömu stjórnina, hvort heldur þar er um stjórn eins flokks eða sambræðslustjórn að ræða. Með nýjum stjórnum og nýjum stjórnarflokkum gerist alltaf einhver gagnleg breyting. Gömlum og úreltum venjum og vinnubrögðum er vikið til hliðar og ný tekin upp. Allir þeir Íslendingar, sem með sanngirni og raunsæi hugsa þessi mál, hljóta við nánari athugun að sannfærast um, að það er komið að þeim tímamótum, þegar óhjákvæmilegt er að skipta um stjórn, þannig að nýir menn og ný sjónarmið fái að móta nauðsynlegar breytingar á vinnubrögðum og stjórnarstefnu.

Af hálfu stjórnarflokkanna er um þessar mundir glaðzt yfir því, að klofningur hefur orðið í Alþb., þannig að gamlir fylgismenn þess sækja nú fram í þrennu lagi. Þessi klofningur breytir þó raunar litlu. Það hefur verið öllum ljóst, síðan Framsfl. hóf að efla fylgi sitt í bæjunum, að undir merkjum hans hlyti frjálslynt og umbótasinnað fólk í sveit og við sjó að sækja fram í sívaxandi fylkingu. Í seinustu bæjar- og sveitarstjórnarkosningum náði Framsfl. því marki að verða annar stærsti flokkurinn í kaupstöðum og kauptúnum. Þennan sess mun hann tryggja sér enn betur í bæjar- og sveitarstjórnarkosningunum í vor. Fleira frjálslynt og umbótasinnað fólk mun þá fylkja sér undir merki hans en nokkru sinni fyrr í bæjar- og sveitarstjórnarkosningum. Það mun ekki aðeins hafa heppileg áhrif á stjórn sveitar- og borgarmála, heldur einnig stuðla að þeirri nauðsynlegu breytingu, sem óhjákvæmilega þarf að verða á stjórn landsins. – Ég þakka þeim sem hlýddu. Góða nótt.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þessu pólitíska stórviðri á Alþingi Íslendinga fer nú að slota. Eitt fróðlegasta einkenni þessara umræðna hefur verið daufur og þreklaus málflutningur stjórnarflokkanna. Fulltrúar þeirra hafa með ræðum sínum staðfest þá staðreynd, sem blasað hefur við okkur þingmönnum í allan vetur, að núverandi ráðh. eru, auk alls annars, áhugalausir, trúlausir, leiðir á verkefnum sínum og hver á öðrum, langþreyttir menn og sjálfum sér sundurþykkir. Þegar þeir skyggnast til framtíðarinnar, sjá þeir aðeins eina vonarglætu: Klofningsframboð Hannibals Valdimarssonar og Björns Jónssonar og þess örlitla hóps, sem ranglega kennir sig við Sósíalistafélag Reykjavíkur. Fögnuður stjórnarflokkanna yfir þessum framboðum er mjög órækur vitnisburður um þá atburði, sem hér eru að gerast. Hafi einhver verið í vafa, veit hann nú, hverjum verið er að þjóna.

Raunar hafa þeir Hannibal og Björn ekki farið neitt dult með það í þessum umræðum, að þeir vita fullvel, til hvers ætlazt er af þeim. Ræður þeirra hafa nær einvörðungu verið ofstækisfullar árásir á Alþb., ásamt persónulegu níði. M. a. hafa þeir gripið óspart til þeirrar kommúnistagrýlu, sem löngum var beitt af alefli gegn þeim sjálfum. Það heitir að „kyssa á vöndinn".

Að öðru leyti hefur Björn Jónsson haft stór orð um það, að þeir tvímenningarnir ætluðu að kollvarpa ríkjandi valdakerfi á Íslandi og blása fersku lofti í stjórnmálabaráttuna. Þeir Hannibal og Björn eru sannarlega engir ferskir nýliðar í íslenzkum stjórnmálum, heldur útsmognir atvinnupólitíkusar, sem hafa lagt á það sérstaka áherzlu, að komast inn í valdakerfið, safna nefndum og ráðum, einkanlega þeim sem úthluta fjármunum. Það fer heldur ekki neitt dult, að hinn svokallaði flokkur þeirra á einvörðungu að vera tæki í persónulegri framastreitu. Björn Jónsson sagði, að þeir vildu vera úrslitaafl við myndun nýrrar ríkisstjórnar eftir næstu kosningar, og sú lýsing hitti beint í mark. Áform þeirra eru einmitt við það bundin, að þeim takist persónulega að halda sér inni á þingi, en að stjórnarflokkarnir missi meiri hluta sinn, og að þá verði þeir hjálpargagn Sjálfstfl. og Alþfl. til að halda stjórninni áfram og komast yfir ráðherrastól. Að þessu hafa þeir unnið leynt og ljóst um langt skeið.

Þeir lýstu mikilli samúð með gengislækkun ríkisstj. 1968. Hannibal Valdimarsson kallaði hana „blóðgjöf" og sagði, að ekki mætti spilla árangri hennar með kauphækkunum. Þeir hafa staðið að því sjálfvirka kauplækkunarkerfi, sem nú hefur tvívegis verið samið um, enda urðu þeir forseti og varaforseti Alþýðusambandsins með beinum samningum við æðstu ráðamenn Sjálfstfl. og Alþfl. Þegar verðtrygging launa var afnumin með lögum, sagði Hannibal Valdimarsson ekki aukatekið orð hér á þingi, og hvarf úr þingsalnum, áður

en greidd voru atkv. Þegar þeir stofnuðu tvímenningshlutafélag sitt, lýstu þeir yfir því, að þeir væru hlutlausir í afstöðunni til Atlantshafsbandalagsins, svo að það mál þyrfti ekki að torvelda nánari sambúð síðar. Í vetur voru þeir enn hrifnari af EFTA og innrás erlends fjármagns en stjórnarflokkarnir. Björn Jónsson talaði um það fyrirheitna land eins og forkláraður Ástralíuagent, og fengu menn smjörþef af þeirri lýsingu í ræðu hans hér áðan. Og þeir vildu gjarnan kaupa inngönguna því verði að hækka söluskattinn um allt að 1000 millj. kr. á ári. Þegar gengið var í EFTA, var vitað, að hækkun á söluskatti var hluti af aðgangseyrinum, og þeir Hannibal og Björn geta ekki umflúið þá ábyrgð, enda viðurkenndi Hannibal Valdimarsson áðan, að hann hefði sjálfur lagt til, að söluskattur hækkaði úr 7½% upp í 9½%, en sú hækkun nemur um 500–600 millj. kr. á ári. Þess má geta, að söluskattshækkun sú, sem nú er komin til framkvæmda, er aðeins byrjunin. Þegar þessari þróun er lokið, verður söluskatturinn kominn upp í 20%. Allt er þetta í augljósu samhengi. Hér er sannarlega ekki um að ræða hreina og skýra hugsjónabaráttu og ekki einu sinni ágreining milli vinstri manna, heldur þá einkahagsmunastreitu, sem allt of mikið einkennir íslenzk stjórnmál, þegar þau eru hvað lágkúrulegust.

Ég notaði áðan orðið Ástralíuagent. Eitt það ömurlegasta, sem gerzt hefur hér á landi síðustu árin, hefur verið landflóttinn. Brottflutningur hundraða manna til frambúðardvalar hinum megin á hnettinum fyrir tilstilli Ástralíuagenta, sem greiddu mönnum farareyri. Þessi landflótti var ekki aðeins afleiðing af atvinnuleysi þúsunda manna og stórskertum lífskjörum, þeim ömurlegu aðstæðum, sem viðreisnarstefnan leiddi yfir launafólk. Hún var einnig til marks um andlega uppgjöf. Þetta fólk var fórnardýr þess áróðurs stjórnarflokkanna, að Íslendingar væru þess ómegnugir að tryggja sjálfir blómlegt þjóðlíf í landi sínu. Við verðum að treysta á forsjá útlendinga á æ fleiri sviðum.

Bjarni Benediktsson sagði hér í gær, að ég hefði hvatt þetta fólk til brottfarar. Sannleikurinn er sá, að ég hef skrifað margar forystugreinar í Þjóðviljann, þar sem ég hef skorað á fólk að hverfa ekki af landi brott, heldur takast á við erfiðleikana hér heima og hnekkja þeirri stjórnarstefnu, sem leiddi atvinnuleysi og skort yfir launafólk. En því miður höfðu orð mín og annarra ekki nægileg áhrif. Vonleysisandinn frá viðreisnarstefnunni varð yfirsterkari hjá hundruðum manna. Hitt verð ég að játa, að nú eftir á, þegar hluti af þessu fólki sér, að það hefur tekið ranga ákvörðun, þegar það á í þrengingum og sáru hugarstríði í fjarlægu landi, m. a. barnafjölskyldur, þá hélt ég í einfeldni minni, að við alþm. gætum komið okkur saman um að rétta þeim hjálparhönd, sem vildu hverfa heim aftur, og það þyrfti þó ekki að vera deilumál. Ég flutti áreitnislausa till. um það efni og átti sannarlega ekki von á því, að forsrh. Íslands mundi hafa neyð þessa fólks í flimtingum, tala um það kaldrifjuðum orðum með háðsglott á vör. En nú þekki ég þennan hæstv. ráðh. svolítið betur en áður og það gera fleiri. Gylfi Þ. Gíslason má hins vegar eiga það, að hann er ekki kaldrifjaður. Hann hefur verið í skoplegu uppnámi síðustu dagana og ekki getað fundið nægilega stór orð til þess að hrakyrða ungt fólk, sem ekki hefur farið að settum reglum við að vekja athygli á mjög örlagaríkum efnahagsvandamálum sínum, vandamálum, sem skera úr um framtíð og lífshamingju hundraða æskumanna. Slíkt hið sama gerði Birgir Finnsson áðan, þannig að árásirnar á unga fólkið virðast eiga að vera kjarni í stefnu Alþfl.

Þegar ég heyrði Gylfa Þ. Gíslason flytja þessa fordæmingarræðu sína hér í gær, minntist ég annarrar ræðu, sem þessi sami maður flutti hér í salnum fyrir 21 ári. Þá höfðu orðið stórfelldustu átök, sem gerzt hafa hér á landi á þessari öld, vegna þess að miklum meiri hluta Íslendinga fannst þjóðarmetnaður sinn særður með inngöngunni í Atlantshafsbandalagið. Og Morgunblaðið hrópaði þá hástöfum um kommúnistíska byltingu. En Gylfi var þá á annarri skoðun en nú. Hann stóð með hinum svokölluðu byltingarmönnum. Hann var samherji minn og annarra, sem tóku þátt í mótmælunum. Hann fordæmdi aðgerðir lögreglunnar og aftók með öllu, að menn yrðu ofsóttir fyrir mótmæli sín.

Hann er hins vegar ekki samur maður lengur. Hann hefur glatað hugsjónum sínum, jafnt um íslenzkan sósíalisma sem sjálfstæði Íslands. Hann hefur engan skilning á ungu fólki. Hann er orðinn ómengaður íhaldsmaður. Og einmitt þess vegna er honum um megn að leysa vandamál nemendanna, eins og ólgan í menntamálum hefur nú sannað í meira en ár. Ráðh. sagði, að við Alþb.-menn hefðum ekki fordæmt þá atburði, sem gerzt hafa að undanförnu. Þetta er ekki heldur rétt. Ég lýsti yfir því hér á þingi fyrir 10 dögum, að ég fordæmdi það ástand, sem leiddi til slíkra atburða, og ég fordæmdi þá menn, sem ábyrgð bæru á því, að framhaldsmenntun væri í vaxandi mæli að verða forréttindi hinna auðugu. Það er ekki neinn Herbert Marcuse og ekki nein æskulýðsfylking, sem veldur ólgunni meðal unga fólksins, heldur Gylfi Þ. Gíslason sjálfur með þröngsýnum sjónarmiðum sínum og skilningsleysi á viðhorfi unga fólksins.

Á laugardaginn var flutti ég ásamt Þórarni Þórarinssyni till. um að styrkja lánasjóð námsmanna svo, að hann gæti fullnægt allri lánaþörf frá og með árinu 1974. Viðbrögð Bjarna Benediktssonar og Gylfa Þ. Gíslasonar urðu þau að banna forseta að taka málið til umr. Mér þætti fróðlegt, ef Benedikt Gröndal, einn af forsetum Nd., skýrði frá því hér á eftir, hvort það bann á að standa til þingloka. Þá spurningu ber ég fram í nafni þúsunda heimila, sem sent hafa unglinga til framhaldsnáms.

Það hefði verið ástæða til að gera margt fleira að umtalsefni úr þessum umr. En ég verð að viðurkenna, að ég hef næsta takmarkaðan áhuga á þessu sérkennilega pólitíska framhaldsleikriti, sem útvarpað er yfir þjóðina. Ég hef miklu meiri áhuga á hinu, sem menn segja og gera utan þingsalanna næstu vikurnar, því að nú er fram undan eitt af þeim sjaldgæfu tímabilum, þegar fólkið í landinu, kjósendurnir sjálfir fara með völdin og taka ákvarðanir, en þurfa ekki að láta sér nægja að heyra óminn af orðræðum okkar bak við hina bergmálslausu múra Alþingishússins.

Kjarasamningar þeir, sem nú eru fram undan, og sveitarstjórnarkosningarnar, geta gerbreytt stjórnmálaþróuninni á skömmum tíma. Kjarasamningarnir eru ekki aðeins mikilvægir vegna þess, að þeir geta tryggt þúsundum einstaklinga og fjölskyldna bætt kjör. Þeir

snerta einnig það grundvallaratriði í stjórnmálaátökum síðustu ára, hvort Ísland á að vera varanlegt láglaunasvæði, eins og stjórnarflokkarnir stefna að, og kalla nú því nafni „að flýta sér hægt". Það er mikið ánægjuefni, að verkalýðsfélögin eru nú staðráðin í því að snúa vörn í sókn. Það kemur m. a. fram í því, að félögin ætla nú sjálf að fara með samninga sína, án þess að lúta forsjá forseta og varaforseta Alþýðusambandsins.

En auðvitað verður þessi barátta vandasöm og reynir á órofa samheldni launamanna og skilning á eðlilegu samhengi í þjóðfélaginu. Í því sambandi er ástæða til að beina athyglinni að Framsfl. Tíminn hefur tekið mjög undir kröfur verkalýðssamtakanna og ber að fagna því. En atvinnufyrirtæki samvinnuhreyfingarinnar og Framsfl. eru á sama tíma í innilegustu faðmlögum við Vinnuveitendasamband Íslands, og ýmis fyrirtæki bænda hafa verið innlimuð í þau íhaldssamtök gegn vilja eigenda sinna. Ef fyrirtæki þau, sem Framsókn ræður yfir, ganga tafarlaust til samninga við verkalýðsfélögin, í samræmi við þá stefnu, sem Tíminn hefur boðað, nær launafólk skjótlega rétti sínum án þeirra kostnaðarsömu átaka, sem annars kunna að vera fram undan. Framkoma þessara fyrirtækja verður úrslitadómur um heilindi Framsfl. og afstöðu launamanna til þess flokks. Ég vil skora á Halldór E. Sigurðsson, sem talar hér á eftir og er einn af aðalleiðtogum Framsóknar, að skýra frá því, hvort ekki megi vænta þess, að fyrirtæki Framsóknar gangi til tafarlausra samninga, í samræmi við stefnu Tímans, og tryggi þannig sem skjótastan árangur í þessum mikilvægu átökum.

Kjarasamningarnir haldast einnig í hendur við sveitarstjórnarkosningarnar, og menn veita því athygli, hvar á listum forystumenn verkalýðssamtakanna er að finna og á hvaða listum konur ganga til stjórnmálabaráttunnar til jafns við karla. En umfram allt vil ég biðja menn að minnast þess, að sveitarstjórnarkosningarnar skera einnig úr um framtíð ríkisstj. Þessi stjórn er orðin svo völt og sjálfri sér sundurþykk, að hún mun gefast upp, ef stjórnarflokkarnir fá alvarlega áminningu í kosningunum og Alþb. styrkir stöðu sína að sama skapi. Kjósendur eiga þess kost eftir mánuð að losna við ríkisstj. Bjarna Benediktssonar og Gylfa Þ. Gíslasonar úr stjórnarráðinu. Þess vegna beinist athyglin næstu vikurnar að því, sem gerist utan þingsalanna, þar sem launafólkið, yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar, hefur valdið. Ég óska landsmönnum til hamingju með þau tækifæri og býð góða nótt.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Góðir hlustendur. Fundið hefur það verið ríkisstj. til foráttu, að hún hafi verið of lengi við völd. Ekki eru það ávirðingar í sjálfu sér, nema síður sé. Þegar árferðið var gott og mikill vöxtur í þjóðarbúskap, var það látið heita svo af stjórnarandstæðingum, að landsmenn byggju við almenna velmegun þrátt fyrir duglitla ríkisstj. Þegar áföll dundu yfir til sjós og lands, voru þau talin ríkisstj. að kenna. Landflótti til Ástralíu hefur verið talinn ríkisstj. að kenna. Nú sagði Magnús Kjartansson hér rétt áðan: Fólkið tók ranga ákvörðun. Það er gott, þegar menn sjá að sér. Skyldi önnur þjóð í raun og veru hafa orðið fyrir hliðstæðum áföllum og þessi litla þjóð við svipaðar kringumstæður. Um helmingur af tekjuöflun þjóðarinnar af útflutningi rann út í sandinn á einum þrem árum. Vissulega gátu menn ekki borið óskertan hlut frá borði, en var slíkt ríkisstj. að kenna? Já, segja sumir. Hún felldi gengi krónunnar þrisvar sinnum á tveimur árum. Gengisfellingarnar voru afleiðing áfallanna, en ekki meinfýsni ríkisstj. Hver einstaklingur og stétt geldur þess, þegar afrakstur þjóðarbúsins minnkar stórlega. Á ríkisstj. hvílir sá vandi að gera að hennar dómi viðeigandi ráðstafanir til þess að mæta aðsteðjandi vanda og komast upp úr öldudalnum. Svokölluð uppbótaleið gat verið úrræði, hafa sumir stjórnarandstæðingar sagt. Henni hefði fylgt 1000 millj. kr. skattlagning á allan almenning. Hún hefði auk þess lagt iðnaðinn að velli í samkeppni við erlendan iðnvarning.

Ágúst Þorvaldsson talaði um fjórar hrikalegar gengisbreytingar og glæfralega meðferð á gjaldeyri. Má ég minna stjórnarandstæðinga á, að gengisbreytingin 1960 var afleiðing þess, að moka þurfti flórinn eftir vinstri stjórnina. Enginn vissi þá, hvert gengi krónunnar var í raun og veru. Það voru útflutningsbætur, yfirfærslubætur, sérstakt gengi fyrir innflutning og gjaldeyrisyfirfærslur, 155% álag þar, 170% álag hér og 180% álag annars staðar. Allar tegundir þessa fargans skiptu tugum og þýddu, að gengi krónunnar var 35—40% lægra með þessum útreikningi. Hins vegar var það alkunna, að Bandaríkjadollar var á tíma vinstri stjórnarinnar seldur á svörtum markaði fyrir um og yfir 60 kr. Og það er meira en 100% hækkun erlends gjaldeyris frá því, sem hann þá var skráður. Gjaldeyrissjóðir voru tæmdir, lánstraustið þrotið, betligöngur stjórnarliðsins þá til NATO-ríkja voru helzta úrræðið, en árangurslítið, utan niðurlægingarinnar, sem því fylgdi. Þetta var þó á tímum mestu veiðiuppgripa. Þetta þrotabú fölsunar og úrræðaleysis var gert upp. Gengisfellingin 1960 var því skilgetið afkvæmi núv. stjórnarandstæðinga, og þeim heiður, sem heiður ber.

Mér þykja smjaðurskennd ummæli þm. út af ofbeldisaðgerðum ekki stórmannleg í þessum umr. Ingvar Gíslason flutti í gærkvöld ræðu, sem að því hneig efnislega að hvetja til ofbeldis. Hann segir á þessa leið:

„Stúdentar og aðrir hafa beitt ofbeldi. Ég er á móti ofbeldi, en ríkisstj. á ekki betra skilið."

Hvílík karlmennska og einurð. Í ríkisútvarpi og blöðum hef ég heyrt ávæning af mótmælum stúdenta erlendis vegna ummæla minna á Alþ. um innrásina í sendiráðið í Stokkhólmi. Ég vil gjarnan, að allur almenningur megi heyra, hvað ég sagði, og ekki væri mér á móti skapi, að stúdentum bærist orðrétt til eyrna það, sem þeir telja sig hafa verið að mótmæla. Ég sagði um innrás ellefumenninganna í sendiráð Íslands í Stokkhólmi eftirfarandi, orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Mér er nær að halda, að það muni margur maðurinn á Íslandi í dag vera þeirrar skoðunar, að slíkir atburðir ættu að leiða til endurskoðunar á því, sem greitt er íslenzkum námsmönnum erlendis í styrki og lán, sem þannig hegða sér. Þetta er eðlilegt hugarfar hjá fólki. Ég held þess vegna, að slíkt eins og þetta sé því miður mjög líklegt til þess fremur að spilla almenningsáliti á því, hve mikið á að gera fyrir slíka námsmenn erlendis, eins og þeir atburðir bera vitni um, sem hér eru að eiga sér stað. Hitt er annað mál, að það hefur engin áhrif á alþm., og þeir munu í sínum fjárveitingum og styrk-

veitingum til námsmannanna sýna fullt umburðarlyndi þessum ungu mönnum, sem þarna eiga hlut að máli. En því miður held ég, að þeim hafi missýnzt, að þeir, sem þarna áttu hlut að máli, hafi því miður gripið til ráða, sem óvænlegust voru til þess að skapa þeim meiri byr í seglin um fjárveitingar og lán frá íslenzka ríkinu."

Ríkisstj. átti langvarandi viðræður við stjórnarandstæðinga um úrlausnarefnið, þegar verst lét 1968. Jafnan var á huldu, hvað fyrir þeim vakti. Sú saga er kunn. Talað var um „hina leiðina" eða þriðju leiðina, án þess að nokkur væri nær, við hvað væri átt. Nú er talað um nýtt heildarskipulag, þ. e. ný höft og hömlur. Þetta er nýjasti boðskapur núv. formanns Framsfl., sem virðist ekki rata „hina leiðina" fremur en margir aðrir.

Þegar undan lét vegna algers aflabrests á síldveiðum, erlendir markaðir lokuðust og mikið verðfall á öðrum, fylgdi atvinnuleysi í kjölfarið. Ríkisstj. hafði um það samvinnu við fulltrúa verkalýðs, launþega og vinnuveitenda að gera víðtækar ráðstafanir til þess að mæta þessum vágesti. Atvinnumálanefndir voru settar á laggirnar og ríkisstj. beitti sér fyrir fjáröflun til úrbóta. Því miður er nú á það að líta, að svo óhönduglega hefur til tekizt, að hér mun halda áfram að vera skráð atvinnuleysi, enda þótt atvinna sé næg sem stendur, nema víðtækar og heilbrigðar leiðréttingar séu gerðar á skráningarreglum. Veit ég, að um þetta þarf ég ekki að deila við hv. stjórnarandstæðinga. Þeir viðurkenna það sjálfir.

Á 2–3 áfallaárum vorum við að byggja upp stórvirkjanir og stóriðju í landinu. Enginn þarf að gjalda stjórnarandstæðingum þakkir fyrir slíkt framtak, né þann mikla ávinning, sem leitt hefur og leiða mun af. Um næstu helgi verður stórvirkjunin í Þjórsá, Búrfellsvirkjun, vígð og samtímis álverið í Straumsvík. Um leið liggja fyrir tillögugerðir að nýjum frv. til l. um auknar og fleiri aðgerðir á sama sviði, um nýjar virkjanir í Tungnaá, við Sigöldu og Hrauneyjafoss, enda þótt hv. Alþ. hafi ekki enn verið sýnd þessi áform, en að því mun koma innan skamms.

Lagt hefur verið fram á Alþ. frv. til l. um olíuhreinsunarstöð á Íslandi. Er þar gerð ítarleg grein fyrir undirbúningi málsins og færðar að því sterkar líkur, að hér gæti verið um mikilvæga framkvæmd að ræða, bæði í sjálfu sér, frá þjóðhagslegu sjónarmiði, og í tengslum við annan efnaiðnað í landinu. Gert er ráð fyrir framhaldsathugun málsins af hálfu iðnmrn., en að afgreiðsla málsins komi til kasta Alþ. strax og það kemur saman að nýju á næsta hausti. Veigamiklar rannsóknir og allfjárfrekar aðgerðir hafa verið og eru framkvæmdar á Reykjanesi til undirbúnings sjóefnavinnslu. Kísilgúrverksmiðja við Mývatn hefur verið tvöfölduð og áætlað, að hún eigi nú að geta náð 24000 tonna ársafköstum, en hrein gjaldeyrisöflun af þessu fyrirtæki samsvarar þá gjaldeyristekjum fjölda togara.

Lúðvík Jósefsson sagði í þessum umr.: „Það munar ekkert um ál og kísilgúr." Þessi hv. þm. var broslegur. Hann sagði: „Ef ég væri ráðh., væri hér heill floti stórra nýtízku skuttogara." Nú væri betra að tala varlega. Í Þjóðviljanum 18. febr. 1958, þegar Lúðvík var ráðh., stóð eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og skýrt var frá í síðasta blaði, er nú farin utan nefnd á vegum Lúðvíks Jósefssonar sjútvmrh. til þess að ganga frá samningum um smíði stóru togaranna, sem ríkisstj. hét að kaupa, en öllum hinum fjölþætta undirbúningi þeirra samninga er lokið fyrir nokkru."

Þetta stóð þá. Það kann að vera gott að vera gleiður í eldhúsumr. En þjóðina munar um margt meira en slíkan stóran togaraflota, sem aldrei var á sjó settur. Þessi hv. þm. gæti reynzt góður liðsforingi á loforðaflota.

Við höfum sagt okkur í viðskiptasamfélag við Norðurlöndin og félagsríki þeirra í Fríverzlunarsamtökum Evrópu. Enginn getur með sanni sagt, að hér á landi hafi orðið stöðnun, þrátt fyrir geysilega örðugleika um tíma. Gerð hefur verið grein fyrir því af Seðlabanka Íslands og fleiri aðilum, að á s. l. ári hafi verið mikill hagvöxtur á flestum sviðum, sem beri þess vitni, að aðgerðir stjórnvalda til nýrrar viðréttingar hafi borið tilætlaðan árangur. Einstaklingar, atvinnufyrirtæki og margs konar hagsmunasamtök hafa sýnt skilning, vilja og hugvitssemi til þess að aðlagast nýjum viðhorfum, nýjum aflabrögðum og úrvinnsluaðferðum, og nýjar atvinnugreinar hafa skotið rótum. Til þessa hafa stjórnarandstæðingar reyndar óspart vitnað í þessum umr., þegar þeir tala um möguleika og nauðsyn kjarabóta öllum almenningi til handa.

Þegar þjóðarhagur batnar, eiga kjör almennings að batna. En fráleitar eru þær staðhæfingar, sem við höfum heyrt hér frá stjórnarandstæðingum um minnkandi kaupmátt atvinnutekna, þegar litið er til síðasta áratugs eða um það bil. Gils Guðmundsson taldi í gær, að í nágrannalöndum okkar hefði kaupmáttur hækkað um 30–50% síðasta áratug, en minnkaði á sama tíma á Íslandi um 20%. Eysteinn Jónsson var hér einnig áðan að tala um minnkandi kaupmátt síðasta áratug, en hér á landi hefur kaupmáttur atvinnutekna aukizt um 37% á síðasta áratug og líka frá árinu 1958. Það liggja fyrir um það óyggjandi upplýsingar í skýrslu til hagráðs, um ástand og horfur í efnahagsmálum í apríl 1970 frá Efnahagsstofnun Íslands, sem hagráð fær nú til meðferðar. Þetta geta allir þm. kynnt sér. Þess vegna er það laukrétt, sem hæstv. fjmrh. staðhæfði áðan í þessu sambandi. Og niðurstöður kjaranefndar um kauptaxta styðja þessar niðurstöður. Það er hins vegar á það að líta, að það var mikil kjaraskerðing, sem varð í kjölfar áfallanna. En þegar á heildina er litið og til síðasta áratugsins, þá var um að ræða um 37% aukningu á kaupmætti atvinnuteknanna.

Nú smíðum við okkar eigin fiskiskip. Á döfinni er sala fiskiskipa til annarra landa. Farskip höfum við byggt í landinu. Lágmarkspörf er að efla veiðarfæraiðnað. Atvinnuleysið kenndi þjóðinni að meta þá miklu möguleika á atvinnuöryggi, sem fólgið er í iðnþróun í landinu. Það er unnið að iðnvæðingaráformum. Það verður leitað nýrra tæknimöguleika og lagt kapp á markaðskannanir erlendis. Útflutningsmiðstöð iðnaðar er í undirbúningi. Afgreidd hafa verið á Alþ. lög um Útflutningslánasjóð til útflutningslána á íslenzkum iðnvarningi og samkeppnislána vegna aðflutts iðnvarnings. Einnig hefur Alþ. afgreitt lög um tryggingadeild útflutningslána. Útflutningsskrifstofa Félags ísl. iðnrekenda hefur starfað með góðum árangri og verið studd með fjárframlögum úr ríkissjóði. Iðnþróunarsjóður hefur tekið til starfa og hefur þegar veitt Iðn-

lánasjóði 50 millj. kr. lán umfram hans eigið ráðstöfunarfé, sem nú í ár er meira en áður eða nokkuð á annað hundrað millj. kr. Framkvæmdastjórn Iðnþróunarsjóðs á að undirbúa till. um lánveitingar á næsta fundi Iðnþróunarsjóðs í júnímánuði, allt að 50 millj. kr. Útflutningssjóðnum hafa verið veittar 50 millj. kr. að láni. Aflað hefur verið upplýsinga frá tilteknum aðilum um ráðagerðir um aukningu iðnaðarvöruútflutnings á þessu ári, og gert er ráð fyrir, að hann muni nema um 100%. Löggjöf um Útflutningslánasjóð og tryggingasjóð útflutningslána er eftir vandlega athugun sniðin eftir sambærilegu kerfi, er þróazt hefur hjá nágrannaþjóðum okkar, Vestur-Evrópuþjóðum og víðar. Nú kemur hv. þm. Þórarinn Þórarinsson og telur, að kerfið beri vott um þreytu íslenzkra ráðh.

Gert er ráð fyrir, að útflutningur á áli vaxi úr 519 millj. kr. árið 1969 í 1950 millj. kr. árið 1970. Um fjórðungur af verðmæti útflutts áls er talið innlend verðmætasköpun eða um 660 millj. kr. þetta ár. Fullbyggð verður álbræðslan þó ekki fyrr en á árinu 1972. Aukning iðnaðarframleiðslunnar árið 1969 er talin um 8–9%. Hún verður meiri í ár og er þó álið ekki meðtalið. Framlag iðnaðarins til þjóðartekna hefur aukizt meir s. l. ár en meðaltal framlags allra annarra atvinnugreina.

Eysteinn Jónsson talaði hér áðan um vettlingatök í málefnum iðnaðarins. Það er leitt, að þessi gamli pólitíski baráttumaður skuli vera hættur að fylgjast með því, sem er að gerast í atvinnulífinu á Íslandi. Veit hann ekki heldur, að framleiðsluaukning í iðnaði var 31% frá árinu 1960–1966. Hann talaði um sáralitla uppbyggingu í iðnaðinum. Maður skyldi þó ætla, að hann vissi um hina stórkostlegu iðnaðaruppbyggingu fyrirtækja Sambands ísl. samvinnufélaga á Akureyri. Ég hygg, að gallinn sé sá, að þessi hv. þm. hafi ekki farið á iðnsýningar, sem hér hafa verið haldnar að undanförnu, – minni ég sérstaklega á iðnsýninguna 1966, á marghátta iðnkynningu, sem hér hefur átt sér stað að undanförnu, – og þess vegna ekki fylgzt með þeirri þróun í iðnaðarframleiðslu, sem átt hefur sér stað, og ekki lagt sig niður við að reyna að gera sér nokkra grein fyrir þeirri miklu uppbyggingu, sem hér er á ferðinni. Og 8–9% framleiðsluaukning í einni atvinnugrein er meiri en í flestum nágrannalöndum okkar, að ég hygg.

Viðskiptalífið í heild og þar með talin verðlagsmál þurfa að komast í heilbrigt horf. Við sjálfstæðismenn urðum fyrir vonbrigðum vegna afgreiðslu verðgæzlufrv. á þessu þingi. En haldið verður áfram þeirri baráttu, sem bæði er til hags neytendum og kaupsýslustétt og almenningi öllum. Sú barátta endar með sigri.

Kosningar fara í hönd, að vísu ekki alþingiskosningar, en e. t. v. ekki áhrifaminni. Ég leyfi mér að ljúka máli mínu með ósk til allra þeirra, sem snúið hafa bökum saman í Sjálfstfl., að sækja fram til nýrra sigra stefnu okkar, sem verða mun þjóðinni í heild til mestrar farsældar. – Góða nótt.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Góðir hlustendur. Í þessum umr. hefur hvað eftir annað verið ráðizt beint eða óbeint á ríkisútvarpið, sem nú er vafalaust sterkasta fjölmiðlunartæki þjóðarinnar. Sumir telja útvarp og sjónvarp um of opið fyrir róttækum öflum. Aðrir telja ríkisútvarpið handbendi ríkisstj., enda séu vondir ritstjórar og áróðursmenn flokkanna þar við stjórn. Lengst í þessu hefur Hannibal Valdimarsson gengið, sem hefur í ræðum sínum í þessum umr. reynt að gera sig að píslarvotti. Hann telur, að hann hafi ekki fengið að koma fram í útvarpsumr., og bendir á það, að leiðarar í blaði hans séu ekki lesnir eins og leiðarar dagblaðanna. Út af þessu tel ég rétt að skýra frá því, að s. l. þriðjudag flutti ég, formaður útvarpsráðs, till. í útvarpsráði til þess að rétta hlut Hannibals og flokks hans og líka Sósíalistafélags Reykjavíkur í þessu efni. Ég ætla að lesa þessa stuttu till. Hún hljóðar svo: „Útvarpsráð samþ. að til kosninga verði lesinn útdráttur úr ritstjórnargreinum aðalmálgagna þeirra framboðslista í Reykjavík, sem ekki eru studdir af dagblöðum.“ Meðferð till. er ekki lokið, en ég hef vissu fyrir því, að hún verði samþ.

En svona er nú lífið. Sömu dagana og ég stend í því að reyna að rétta hlut minna pólitísku andstæðinga í útvarpsráði, þá fæ ég sem þakkir frá Hannibal Valdimarssyni það, að hann eys yfir mig og ráðið svívirðingum hér í áheyrn alþjóðar í útvarpið. Ég á kröfu á því, að hann biðjist afsökunar á þessu og taki þessar árásir sínar til baka. Hann hefur tækifæri til þess hér á eftir, og ég vona, að hann sýni það í verki, að hann metur einhvers orðið drengskap, sem honum er svo mjög tamt í munni. Það er raunar athyglisvert, að í þessum umr. skuli þessi maður, sem er að reyna að telja þjóðinni trú um, að hann fái ekki að koma skoðunum sínum á framfæri, fá að tala þrisvar. Hann talar einn þrisvar hér í yfir 40 mínútur, meðan við hinir erum að dunda með eina og eina ræðu á 10–15 mínútum. Ég vil líka benda á það, að fáir Íslendingar hafa komið eins oft fram í fréttum hljóðvarps og sjónvarps, í samtalsþáttum og í umræðum, eins og Hannibal Valdimarsson. Flokkur hans var tekinn með í EFTA-umr., sem útvarpið sá um sjálft án samráðs við flokkana. Hann hefur því ekki yfir neinu að kvarta í þessum efnum, nema síður sé. Ég vil taka það fram, að ég hef einnig flutt í útvarpsráði till. um lestur úr vikublöðum og öðrum blöðum, ekki sízt utan Reykjavíkur, og vænti ég þess, að hún muni einnig á sínum tíma ná afgreiðslu.

Það er ekki óeðlilegt, að stofnun eins og hljóðvarp og sjónvarp verði fyrir gagnrýni, en sú gagnrýni, sem fram hefur komið bæði frá hægri flokkum og vinstri flokkum undanfarin missiri, kann að gefa til kynna, að stofnunin sé e. t. v. í heild nokkuð nálægt því að fara bil beggja, eins og lög mæla fyrir. Það finnst mér gagnrýni úr báðum áttum bera vott um.

Hannibal réðst harkalega á sína gömlu félaga og stuðningsmenn úr Alþfl., m. a. fyrir það, að við höfum um nokkurt árabil haft samstarf við Sjálfstfl. í ríkisstj. En skyldi það nú vera mjög fjarri Hannibal sjálfum að eiga eitthvert samstarf við Sjálfstfl.? Ætli hann hafi ekki makkað eitthvað við íhaldið, – svo ég noti orðalag, sem er honum kært, – til þess að fá það til þess að kjósa hann sem forseta Alþýðusambandsins? Ætli hann hafi ekki makkað eitthvað við íhaldið til þess að fá peninga úr ríkissjóði í blað sitt, eina vikublaðið á landinu, sem fær þá aðstoð? Ætli þeir Hannibal og Björn hafi ekki makkað eitthvað við íhaldið til að koma Birni inn í atvinnumálanefnd ríkisins og fá þar með aðgang að úthlutun á miklu fé? Ég held, að hann ætti að spara sér

stóru orðin, þegar hann ræðir um Alþfl. í þessum efnum.

Það er ekkert einkennilegt í mínum augum, þó ungir sjálfstæðismenn falsi lög Alþfl., þegar illa liggur á þeim í okkar garð. En mér þykir það skrambi hart, þegar fyrrv. formaður Alþfl., Hannibal Valdimarsson, kemur fram fyrir alþjóð til þess að falsa lög þessa flokks vísvitandi. Það stendur í lögum Alþfl., að flokkurinn eigi að vinna að því, að kosnir séu til opinberra starfa Alþýðuflokksmenn, og að reyna að vinna að kosningu manna er allt annað heldur en að skipa í embætti. Það er lágkúrulegt að blanda þessu tvennu saman.

Leiðinlegast af öllu þótti mér þó að heyra hina persónulegu árás Hannibals á Sigurð Ingimundarson, gamlan starfs- og baráttufélaga. Sigurður hefur frá bernsku tekið þátt í félagsmálastarfi og er nákunnugur tryggingamálum og þörfum íslenzkrar alþýðu á því sviði. Ég vil minna á það, að tryggingaráð taldi hann, eins og hina tvo umsækjendurna, vera alveg fullfæran til starfsins með ályktun sinni, og ég vil spyrja Hannibal Valdimarsson, hvort hann telji að Haraldur Guðmundsson hefði verið ófær um að vera forstjóri tryggginganna, af því að hann hafði ekki sérmenntun til þess. Hefur Hannibal Valdimarsson ekki lært það enn þá á sínum langa stjórnmálaferli, að stundum verður að meta félagslega reynslu og félagslega forystu til jafns við hina faglegu þekkingu, og það á ekki sízt við í málum, sem hafa eðli tryggingamálanna. Ég vísa því algerlega á bug þeirri persónulegu, óverðugu árás á Sigurð Ingimundarson fjarstaddan, sem Hannibal leyfði sér að gera hér áðan.

Eitt furðulegasta atvik í þessum umr. er hin margumrædda yfirlýsing Ingvars Gíslasonar í gærkvöld um, að það dygði ekkert minna en uppþot til að fá Gylfa Þ. Gíslason til að hlusta á mál manna, og var mál Ingvars óbein hvatning til óspekta, eins og margoft hefur verið bent á. Sem dæmi um það, að Gylfi hafi hlustað og fylgzt með málefnum námsmanna, áður en til uppþota kom, vil ég minna á þá staðreynd, að á árabilinu frá 1966–1970 jókst ráðstöfunarfé námslánasjóðs úr 21 millj. kr. í 86 millj. kr. Það er erfitt nokkurs staðar í íslenzkum fjármálum og íslenzku þjóðlífi, íslenzku opinberu lífi, að finna aðra eins aukningu á fjárveitingum til eins máls, enda þótt stúdentunum, sem njóta þess, hafi fjölgað mikið á þessu tímabili. Og Gylfi Þ. Gíslason hefur marglýst yfir því, að það sé ósk hans, von og trú, að þessari þróun verði haldið áfram. Þessi stórkostlega aukning, meira en fjórföldun á fjórum árum, á þessum fjármunum til námsmanna hefur orðið án þess, að Magnús Kjartansson eða sálufélagar hans hafi komið þar nokkurs staðar nærri, og mun geta haldið áfram, hvað sem þeim og yfirboðstillögum þeirra líður.

Ég get nefnt Ingvari Gíslasyni annað dæmi um það, að ekki þarf uppþot til að hreyfa Gylfa, því yfirleitt hefur verið kvartað undan því, að það væri helzt til mikil hreyfing á honum, en ekki of lítil. Hann hefur t. d. sent því þingi, sem nú er langt liðið, a. m. k. 10 frv. um menntamál og mörg þeirra eru veigamiklir lagabálkar og þurfti engin uppþot til að ýta við þeim aðgerðum. Mörg þessi mál hafa verið vandlega undirbúin í langan tíma, áður en þau hafa verið lögð hér fram. Það þurfa sýnilega að verða einhverjar róstur í huga þessa unga framsóknarmanns til þess að hann átti sig á hinu sanna og geri sig ekki aftur sekan um svo ábyrgðarlaust fleipur sem hann gerði í gærkvöld.

Lúðvík Jósefsson gerði sér að vanda tíðrætt um sjávarútveg og togarakaup í gær og vantaði ekki kokhreystina. Lúðvík var einu sinni sjútvmrh., eins og minnt hefur verið á, og var þá mjög vinsæll meðal útgerðarmanna, en hélt niðri hluta sjómanna með því að hafa tvöfalt fiskverð, og auðvitað var skiptaverðið jafnan miklu lægra. Dulbúnar gengislækkanir voru nefnilega sú stefna, sem Lúðvík og flokksfélagar hans framkvæmdu á þeim árum. Ég veit ekki, hvort þær dulbúnu eru skárri en þær, sem eru ekki dulbúnar. Lúðvík sagði, að hefði Alþb. ráðið undanfarin ár, hefðu komið til landsins 15 skuttogarar. Hann keypti engan togara stærri en 250 lestir, þegar hann var ráðh., en strax og hann var farinn, tók Emil Jónsson sig til og keypti 5 stærstu togara, sem Íslendingar hafa átt. Það er því von, að Lúðvík gorti af því, sem hann hefði gert, ef hann hefði haft völdin.

Lúðvík sagði í ræðu sinni, að afkoma þjóðarinnar væri nú batnandi, af því að bátarnir hefðu snúið sér frá síldveiðum að öðrum veiðum. Hvaða bátar, Lúðvík? Hvaða bátar? Ætli maðurinn hafi ekki átt við eitthvað af þessum 315 fiskibátum, sem íslenzka þjóðin eignaðist í stjórnartíð Emils Jónssonar og Eggerts G. Þorsteinssonar á árunum 1960–1968? 315 nýir fiskibátar, 4 togveiðibátar og fimm togarar eru sá floti, sem keyptur var á þessu árabili, samkvæmt opinberum skýrslum, og ég hygg, að þetta sé mesta aukning fiskiflotans, sem nokkru sinni hefur átt sér stað.

Herra forseti. Það er vor í lofti, afli er mikill, afkoma þjóðarinnar fer batnandi. Allt er þetta gleðiefni. En við skulum minnast þess, að við höfum áður siglt upp úr öldudal, en gleymt því að haga seglum með gætni. Nú skulum við reyna að halda svo á málum okkar, að ávinningur verði traustur og varanlegur, en leiði ekki til nýrra vandræða eftir skamma stund. En þrátt fyrir þessi varnaðarorð, sem eiga jafnt erindi til allra landsmanna, þá vil ég nú hiklaust lýsa þeirri skoðun minni, að launþegar verði að fá verulegar kjarabætur á næstu vikum. Láglaunafólkið, sérstaklega þeir, sem misst hafa eftirvinnuna, eða jafnvel alla vinnu, hefur borið þungann af þeirri kreppu, sem er að líða hjá. Þetta fólk verður nú að fá eins væna kjarabót og framast er unnt að veita því, í kaupi, sköttum og á annan hátt. Um leið er að sjálfsögðu óhjákvæmileg mikil hækkun ellilauna og annarra tryggingabóta. Við skulum ekki taka alvarlega tal manna eins og Geirs Gunnarssonar. Það er lítill vandi að flytja till. um hækkanir, en meiri vandi að útvega fjármunina. Stjórnarandstæðingar geta flutt till., en stjórnarsinnar verða að útvega fjármunina. Við skulum minnast þess, að í tíð vinstri stjórnarinnar fékkst engin meiri háttar breyting á tryggingakerfinu fram.

Ríkisstj. hefur, allt síðan gengi krónunnar var lækkað, gert margvíslegar ráðstafanir til að styrkja hag atvinnufyrirtækja, nú síðast með því að breyta sköttum þeirra til samræmis við það, sem keppinautar í öðrum EFTA-löndum búa við. Af þessum sökum eiga fyrirtækin að standa vel að vígi og geta tekið mannlega undir óskir launþega, og það sem meira er, fyrirtækin verða að losa sig við þennan gamla og úrelta hugsun-

arhátt, að þau geti velt kauphækkunum jafnóðum út í verðlagið. Þetta er e. t. v. nauðsynlegast af öllu. Kjarabætur launþeganna verða að byggjast á bættri aðstöðu fyrirtækjanna, aukinni tækni og betri stjórnun. Það er svo margt að breytast þessi árin, en ef við gætum hætt að velta öllum kauphækkunum jafnóðum út í verðlagið, væri mikið unnið í baráttunni við verðbólguna. Sú leið er ein fær að því marki, sem þjóðin hefur sett sér með aðildinni að EFTA, sem sé að lífskjör Íslendinga verði með tímanum jafngóð og jafnörugg og þau, sem önnur EFTA-lönd, svo sem hin Norðurlöndin, búa við. Það er nauðsynlegt, að atvinnufyrirtækin lifi góðu lífi, en við skulum samt aldrei gleyma því, að endanlegt takmark allrar efnahagsstarfsemi og stjórnmálastarfsemi er að fólkið í landinu lifi góðu lífi. Það takmark er kjarninn í stefnu Alþfl.

Sveitarstjórnarkosningar eru nú fram undan, nýir flokkar hafa komið fram, t. d. hér í Reykjavík, og er gert mikið veður út af því, hve góðir og ferskir þeir séu, en gömlu flokkarnir vondir og spilltir. Við nánari athugun kemur í ljós, að leiðtogar nýju flokkanna eru yfirleitt gamlir stjórnmálamenn, eins og Steingrímur Aðalsteinsson, Hannibal Valdimarsson og Björn Jónsson. Hins vegar er áberandi í fari sumra gömlu flokkanna, og þá ekki síst Alþfl., hve þar er mikið af nýjum og ungum mönnum í framboði til æðstu trúnaðarstarfa. Kjósendur geta því að þessu sinni valið á milli nýrra flokka undir forystu gamalla og gatslitinna stjórnmálamanna, eða gamalla flokka, þar sem ný kynslóð er að taka við stjórnartaumum, þar sem nýir menn eru í fylkingarbrjósti með nýjar hugmyndir.

Alþfl. hefur verið í sókn á undanförnum árum og í undanförnum kosningum, af því að hann hefur lengi verið ábyrgur flokkur, sem hefur náð árangri. Það er ekki tilviljun, að stjórnarandstæðingar hafa ráðizt svo mjög á flokkinn og forystumenn hans sem þeir hafa gert í gær og í kvöld. Stjórnarástand í landinu er nú þannig, að vænlegast er að efla Alþfl. enn. Hann einn getur tryggt þjóðinni það bezta úr jafnaðarstefnunni, sem svo margir segjast vilja fylgja. Alþfl. hefur með hófsemd og hugsjónum dregið fram það bezta í samstarfi við aðra og þannig komið miklu fram. Eflið farsælan flokk, eflið Alþfl. – Góða nótt.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Upphafskaflinn í ræðu Magnúsar Kjartanssonar, um ávirðingar ríkisstj., var hvorki mergjaður né magnaður. Hann var stuttur. En hann hafði snör handtök um að lyfta lokinu af sorptunnu þeirri, sem kennd er við Austra. Og hélt ég þó, að honum mundi endast smekkvísi til að opna það ílát ekki hér í sölum Alþingis. En sú von brást. Flestar þeirra svívirðinga, sem þm. viðhafði um okkur Björn Jónsson, minntu mig ónotalega á söguna af kunnum stjórnmálamanni, sem var að segja ákveðna sögu, en sneri staðreyndunum algerlega við. Þá greip hlustandinn fram í og sagði: „Nei, þetta var nú þveröfugt við það, sem þú sagðir.“ Svaraði þá stjórnmálamaðurinn: „Já, ég vissi það nú, en ég kærði mig bara ekki um að hafa það nákvæmara.“ Þannig var með Magnús Kjartansson. Hann vissi vel, að hann var að skrökva, að hann var að snúa staðreyndum við. Annars var Magnús Kjartansson, gagnstætt við Lúðvík Jósefsson í gærkvöld, ekki svartsýnn á gengi flokks okkar. Hann sá í iljar okkar Björns upp í ráðherrastólana. En honum til huggunar get ég sagt það, að þangað stefnum við ekki. Ráðherradómur er okkur Birni Jónssyni ekkert keppikefli. Að lokum vil ég segja það, að kjörorð okkar um að vilja verða úrslitaafl í íslenzkum stjórnmálum er sama kjörorðið og Alþb. gamla hafði í kosningunum 1956, þegar það vann sinn mikla kosningasigur, og þá hampaði Magnús Kjartansson þessu kjörorði mjög í Þjóðviljanum.

Mig tekur sárt, hvað hann Benedikt Gröndal var ofsalega reiður áðan. Hann var svo reiður út af því, að ég hafði talað um, að ríkisútvarpið gætti ekki hlutleysis og væri undir stjórn áróðursmeistara flokkanna, sem er satt, ritstjóranna. En honum skýrði hér frá því, að hann hefði staðið á undanförnum dögum í baráttu til þess að fá hlut minn réttan og míns flokks. Því í ósköpunum sagði þessi maður mér ekki frá þessari baráttu sinni, svo að ég hefði getað strikað út úr ræðu minni þau ummæli, að ég væri þarna rangindum beittur? Hann bað mig um, þar sem ég ætti nú tækifæri til þess, að þakka honum fyrir þessa baráttu, þegar ég kæmi hérna í ræðustólinn. Ég bið hann að hafa biðlund, ég ætla að þakka honum fyrir, þegar hann er búinn að heyja baráttuna til enda og fá hlut minn og míns flokks réttan. Ég vona að hann hafi biðlund til þess.

Þá sagði hann í reiði sinni, að ég hefði ráðizt á Sigurð Ingimundarson áðan, gamlan baráttufélaga minn. Hvers konar bull er þetta? Er það sök Sigurðar Ingimundarsonar, að ráðh. hafa misbeitt veitingarvaldinu? Nei, það er sök viðkomandi ráðh. og ríkisstj., en ekki Sigurðar Ingimundarsonar. Svona bulli vísa ég heim til föðurhúsanna.

Herra forseti. Þessu næst vil ég víkja að nokkrum málum hér á Alþ., sem mér finnst vera táknræn fyrir stjórnarflokkana. Ég nefni þá fyrst frv. um verðgæzlu og eftirlit með hringamyndun, heildsalafrv., eins og það hefur réttilega verið kallað. Þetta frv. var augljóslega aðaláhugamál Sjálfstfl. En það var hins vegar flutt af formanni Alþfl. fyrir hönd stjórnarinnar, og þannig var þetta mál stjórnarinnar sameiginlega. Og hvert var efni frv.? Það var það að binda endi á seinustu leifar verðlagseftirlits, að heimta verzluninni frjálsa álagningu. Við vitum það fullvel, að það hefði þýtt hækkaða álagningu, hækkað vöruverð. Og auðvitað hefði það komið á almenning að borga nokkrum hundruðum millj. kr. meira fyrir nauðsynjar sínar, ef frv. hefði náð fram að ganga. Það hefði þýtt tilfinnanlegar verðhækkanir, já, verðhækkunaröldu. Ég er viss um það. Þetta mál flutti ríkisstj. En svo sá hún fram á óvinsældir þess og þá var gripið til þess einstæða óyndisúrræðis að láta einn af flm. frv., þ. e. einn af ráðh., fella það og koma því þannig út úr heiminum. Það er sögulegur atburður.

Í tilefni af þessu máli sagði varaformaður Alþfl., Benedikt Gröndal, að vegna hins langa stjórnarsamstarfs væru ýmsir farnir að draga þá ályktun, að enginn munur væri lengur á Alþfl. og Sjálfstfl. Ég segi: Bragð er að þá barnið finnur. Og það var einnig í sambandi við þetta frv., sem varaformaður Alþfl. sagði, að hagur þeirra, sem minnst hefðu í þjóðfélaginu, hefði ekki batnað, rétt er það, og stjórnin yrði nú að gera betur

vegna almannatryggínganna og létta byrðar hinna launalægstu. Það er krafa Alþfl., sagði sá góði maður. Jú, jú, en skömmu síðar felldi Alþfl. ásamt Sjálfstfl. till. um að hækka ellilífeyri og örorkubætur um 15%, en samþykktu að hafa það 5.2%. Það þótti Alþfl. mátulegt. Ekki sást nú þar mikill munur á Alþfl. og Sjálfstfl. Enn gerðist það, að fram var borin till. um að hækka persónufrádrátt láglaunafólks. Hiklaust felldi Alþfl. hana ásamt Sjálfstfl. Er ekki von að menn séu farnir að spyrja: Hvar er Alþfl.?

Og enn eitt undrunarefnið: Emil Jónsson leggur fram frv. um húsnæðismál. Þar er lagt til að leggja niður byggingarfélög verkamanna og fela hlutverk þeirra misjafnlega afturhaldssömum sveitarstjórnum. Ég spyr enn: Hvað er eiginlega orðið af Alþfl.? Annað var þó enn verra. Lagt var til í þessu frv. að taka fjórðu hverja krónu af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða, án þess að kannað væri fyrst, hvort það stæðist vegna eignarréttarákvæða stjórnarskrárinnar, né heldur, hvort tryggingafræðilegur grundvöllur lífeyrissjóðanna þyldi slíka blóðtöku. Á þennan hátt átti líka að seilast ofan í lífeyrissjóði verkalýðsfélaganna, sem verið var að stofna um þessar mundir, samkvæmt samkomulagi við atvinnurekendur fyrir tæpu ári. Þetta frv. Alþfl. og ríkisstj. vakti fordæmingaröldu, sem leiddi til þess, að frv. hefur ekki séð dagsins ljós síðan, þar til í dag. Lengi vel var útlit fyrir, að einnig þessu afkvæmi sínu yrði stjórnin sjálf að fyrirfara. En nú hefur hún tekið þann skynsamlega kost að hverfa frá árásinni á lífeyrissjóðina, a. m. k. í bili, og fella niður úr frv. það ákvæði, sem var bein árás á lífeyrissjóðina. Það er í sjálfu sér góðra gjalda vert, en lengi mun samt verða minnzt tilræðis ríkisstj. við lífeyrissjóðina.

Mér virðist það vera svipað á Alþ. enn, eins og verið hefur á undanförnum árum, að það heyri til hreinna undantekninga, að mál, sem stjórnarandstæðingar bera fram, fái undanbragðalausa afgreiðslu á Alþ. Sem dæmi má nefna, að ég flutti í þingbyrjun frv. til l. um að jafna aðstöðu skólafólks, sem sækja verður nám fjarri heimilum sínum. Strax kom í ljós, að málið naut eindregins stuðnings allra flokka á Alþ., a. m. k. ruku málpípur allra flokka strax upp og viðurkenndu þetta sem stórmál. Bráð nauðsyn væri að jafna hinn mikla fjárhagslega aðstöðumun, ef svo ætti ekki að fara, að menntun yrði forréttindi efnaðra nemenda einna. Ekki vakti málið minni athygli utan þings. Um það luku allir upp einum munni, að þetta væru orð í tíma töluð. Menntmrh. sagði, að málið hefði verið rannsakað af rn. og það væri skýrsla til um það, sem sé allt í lagi. Fékk þá málið ekki fulla afgreiðslu á Alþ. á næstu dögum eða vikum? Nei, ekki aldeilis. Það hefur legið í nefnd síðan og liggur þar enn, og þar á að drepa sjálft málið. En hér var um svo vinsælt og nauðsynlegt mál að ræða, að ekki var á það hættandi að sinna því engu. Þess vegna voru teknar 10 millj. kr. á fjárl. þessa árs í þessu skyni, og skal það viðurkennt, að það er strax betra en ekki. Þar með er vandinn viðurkenndur, og byrjunarskref stigið til lausnar honum. En þingleg afgreiðsla er þetta ekki á þingmáli.

Ég tel nauðsynlegt að taka það fram, að þegar Magnús Kjartansson, Ingi R. Helgason og þeirra sálufélagar voru í óða önn við þann starfa á sínum tíma að lima Alþb. gamla í sundur, þá buðum við Björn Jónsson Lúðvík Jósefssyni að vinna með honum að því að endurskipuleggja vinstri hreyfingu í landinu. Þessu tók hann líklega í orði, en hafðist ekkert að. Í sama mund báru þeir Magnús Torfi Ólafsson og Karl Guðjónsson fram tillögu í framkvæmdastjórn Alþb., sem gekk mjög í sömu átt. En till. þeirra voru felldar af kommúnistaliðinu, Þjóðviljaklíkunni. Magnús og kompaní vildu halda gamla flokkskerfinu við í lengstu lög og mynda kommúnistaflokk við sitt hæfi, og svo gerðu þeir.

Það er búið að fullreyna samstarf innan núverandi flokkakerfis á vinstra kanti stjórnmálanna, og það hefur ekki tekizt og tekst ekki. Þess vegna verður nýtt afl að koma til. Til þess að takist að skapa slíkt afl, er einasta leiðin sú, að Samtök frjálslyndra og vinstri manna eflist mjög. Kjósendur geta einir myndað þetta afl með því að taka til sömu ráða og kjósendur gerðu í I-lista kosningunum og í forsetakjörinu. Því vil ég undirstrika það, sem Björn Jónsson sagði í gærkvöld. Til þess að það nái saman, sem saman á í íslenzkum stjórnmálum, þarf og verður að sundra núverandi flokkakerfi. Og það getur aðeins gerzt með eflingu Samtaka frjálslyndra og vinstri manna.

Þeir Lúðvík Jósefsson og Magnús Kjartansson hafa í þessum umr. talað fjálglega um sameiningarhlutverk Alþb. nýja. Út af því vil ég segja þetta við þá Lúðvík og Magnús: Þeir standa nú á rjúkandi rústum flokks, sem hét Sameiningarflokkur alþýðu, Sósíalistaflokkurinn, og þessar rústir eru svo sannarlega þeirra eigið verk, öllum öðrum fremur. Samstarf við þá og þeirra líka hefur verið reynt fyrr og síðar og gefizt öllum illa. Allir vita, að þessir menn sameina ekki eitt eða neitt. Enginn flokkur vill hafa samvinnu við þá. Öllum er ljóst, að þeir eru úr leik.

Að lokum þetta: Tökum höndum saman um það um endilangt Ísland að setja brotasilfur vinstri flokkanna í sameiginlega deiglu lýðræðislegs sósíalisma, samvinnuhugsjónar og frjálshyggju, og steypum úr því volduga vinstri hreyfingu, er taki að sér hiklausa forystu fyrir sóknaröflum þjóðfélagsins.

Þá vík ég að kosningahríðinni, sem fram undan er í sveitarstjórnarmálunum, og segi: Góðir samherjar. Gangið heilir hildar til og komið heilir hildi frá. – Góða nótt.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Út af því, sem Benedikt Gröndal sagði í sambandi við ræðu Ingvars Gíslasonar, vil ég segja þetta: Það, sem skiptir mestu máli, er að leysa verkefnin eins og þau eru á hverjum tíma. Það er ekki ábyrgðarlaust fleipur, þó að á það sé bent, að slíkt skorti í sambandi við námsmenn nú. Ingvar Gíslason beitti við það réttum rökum við stjórnvöld. Þannig á að vinna að verkefnunum og þannig eiga stjórnvöld að meta þá að verðleikum, sem benda þeim á verkefnin á þann hátt.

Jón Þorsteinsson taldi í ræðu sinni í gær, að það væri í lagi, þó að launum hinna öldruðu og annarra tryggingaþega hefði verið haldið niðri, þar sem stjórnarliðum hefði einnig tekizt að halda niðri launum hjá þeim lægst launuðu.

Út af ræðu landbrh., Ingólfs Jónssonar, vil ég segja þetta: Á þessum áratug er búið að láta bændur tvisvar

sinnum fá lausaskuldalán. Sannar þetta ágæti afkomu þeirra, eins og ráðh. hélt fram? Ráðh. sagði, að bændur hefðu fengið hækkuð rekstrar- og afurðalán. Sannleikurinn er sá, að rekstrarlán eru að krónutali þau sömu og þau voru 1959. Afurðalánin hafa hins vegar fylgt svipuðu hlutfalli og þau fylgdu þá, eða um 67%. Vegna óðaverðbólgunnar eru það að sjálfsögðu fleiri krónur heldur en þá voru. Ráðh. sagði, að það hefðu aldrei verið betri skil í Búnaðarbankanum á lánum bænda en á s. l. hausti. Veit ekki hæstv. landbrh., að það þurfti að gera upp við Búnaðarbankann, áður en hægt væri að fá lausaskuldalán? Ætli það sé ekki samhengi þar á milli? Ráðh. var undrandi yfir því og hældi sér mikið af, að það væri meiri aðsókn að bændaskólunum núna heldur en var á kreppuárunum, þegar Íslendingar voru nærri helmingi færri en nú er. Ráðh. hældi sér af frv. því, sem lagt var fram hér í gær um lífeyrissjóð bænda. Þetta mál var flutt hér inn á Alþ. á árunum 1957 og 1958. Það var búið að semja frv. um þetta eða skila nál., þegar vinstri stjórnin fór frá. Það hefur tekið núverandi valdhafa allan þann tíma síðan að átta sig á því, að þetta væri gott mál.

Ingólfur landbrh. sagði hér, að framsóknarmenn hefðu verið á móti Búrfellsvirkjuninni. Hann veit hins vegar, að allir framsóknarþm. greiddu atkv. með þeirri virkjun, þegar hún var hér til meðferðar á hv. Alþ. Hann veit einnig, ráðh., að Framsfl. hélt því fram, að það væri hægt að virkja við Búrfell, þó að álbræðslan kæmi ekki til.

Fjmrh. talaði hér í kvöld og sagði, að skattvísitalan hefði ekki fylgt framfærsluvísitölunni fullkomlega. Rétt er nú það. En sannleikurinn er sá, að það er sama skattvísitala og var ákveðin 1967 gildandi enn þá, þótt það eigi að breyta henni í vor. Síðan eru búnar að verða tvær gengisbreytingar og öll sú verðhækkun, sem fylgdi í kjölfar þeirra.

Skuldasöfnunina við útlönd ræddi ráðh. nokkuð, og hann talaði um geigvænleg eyðslulán, sem hefðu verið tekin á tímum vinstri stjórnarinnar, áður en viðreisn tók við. Það voru lánin, sem fóru til þess að byggja sementsverksmiðjuna, áburðarverksmiðjuna, virkja Sogið og virkja austanlands og vestan. Þetta kallar fjmrh. geigvænleg eyðslulán. En hann gleymdi að geta þess, að í lok ársins 1958 þurfti ekki nema milli 5 og 6% af útflutningstekjum þjóðarinnar til þess að greiða vexti og afborganir af erlendum lánum, en nú þarf um 15%. Ráðh. talaði um það, að þeir mundu sennilega snúa sér að því, ríkisstj.-menn, að kaupa smærri togara, eins og þeir felldu þó tillögu um í gær. Þetta er í samræmi við önnur vinnubrögð þeirra, eins og t. d. í fyrra, þegar þeir felldu tillögu frá okkur stjórnarandstæðingum um 350 millj. kr. til atvinnumála, en útveguðu svo þessa fjármuni í janúar. Ekkert er nema gott um það að segja, þegar þeir sjá að sér.

Út af dreifingu raforkunnar á þessu ári vil ég segja það, að það var samstaða um það í fjvn. að knýja það mál áfram, og það hefur borið árangur.

Ráðh. lét í ljós undrun sína yfir því, að við skyldum í stjórnarandstöðu flytja tillögur til útgjalda í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Það hefur nú verið svo, að þessi tillöguflutningur hefur ekki verið meira en 1–2% af heildarútgjöldum fjárlaganna. Hins vegar hafa umframtekjur á s. l. 10 árum verið yfir 3000 millj. kr. Þrátt fyrir það hefur verið greiðsluhalli hjá ríkissjóði, svo að hundruðum millj. kr. nemur, á síðustu þremur árum samfleytt.

Ráðh. talaði um það, að stjórnarandstæðingar mundu gleyma erindi sínu, þegar þeir væru komnir í stjórnarstólana, þó að þeir ættu einhver góð áform, á meðan þeir væru í stjórnarandstöðu. Hér talaði sá, sem þekkti og reynsluna hafði. Árið 1958 talaði Magnús Jónsson af hálfu stjórnarandstöðu við 1. umr. fjárl. Þá sagði hann m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er áreiðanlega hægt að spara á mörgum sviðum. En það þarf í senn réttsýni og kjark til að gera slíkar ráðstafanir á viðunandi hátt. Án einbeittrar forystu fjmrh. á hverjum tíma er þess ekki að vænta, að andi sparnaðar og hagsýni ráði í ríkisrekstrinum."

Hvernig hefur framkvæmdin á þessu verið hjá hæstv. fjmrh.? Síðan hann tók við fjármálastjórninni 1965, hafa fjárl. hækkað um 150%. Sparnaðarfyrirheitin, sem hann átti í tölusettum liðum úr nál. fjvn., er hann var formaður fyrir, hafa gleymzt. Til verklegra framkvæmda var varið áður yfir 20% af ríkistekjunum, nú er ekki varið nema 9% af útgjöldum fjárl. Vegna verklegra framkvæmda eru nú skuldir, sem nema um 1200 millj. kr.

Og þá eru það nefndirnar. Ráðh. talaði um sóknarnefndir, skólanefndir og áfengisvarnanefndir. Hvernig var nú viðhorf þeirra ríkisstj.-manna á árinu 1960, þegar þeir voru að byrja viðreisnarstjórnina, til nefnda? Þá sögðu þeir þetta m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndir eru margar í íslenzku þjóðfélagi og margar of dýrar. Sumir menn vilja jafna nefndum og ráðum við plágur Egyptalands. En hér þarf að hafa hóf á um fjölda nm., kostnað við nefndir og ævilengd þeirra."

Nú óskaði ríkisstj. eftir því að fá tíma til ársins 1971 til þess að geta svarað því, hve margar nefndir störfuðu á hennar vegum árið 1969 og hvað var greitt í laun til þeirra. Hins vegar varð að samkomulagi, að ríkisstj. á að ljúka því verki á árinu 1970. Ekki kann ég skil á því, hvort nefndir og ráð á vegum ríkisstj. núna eru eitthvað í líkingu við plágurnar í Egyptalandi. Ekki er mér heldur ljóst, hvernig ríkisstj.-menn meta hugtakið að standa vel við fyrirheit, ef sparnaður þeirra í nefndaskipun er færður til tekna á þeim reikningi. En minna vil ég einnig á sparnaðarfyrirheitin, sem lögbundin voru 1968. Sparðatíningur var upp á 40 millj. kr., sem átti að spara. En í reyndinni fóru þeir sömu fjárlagaliðir um 106 millj. kr. fram úr áætlun fjárl. Þetta eru staðreyndir um framkvæmd þeirra í sparnaði og hagkvæmni í ríkisrekstrinum. Svo kemur hæstv. forsrh. og segir: „Okkur hefur tekizt frábærlega vel."

Í framhaldi af þessu vil ég minna á nokkur verkefni, sem ekki verður umflúið að veita fé til á næstu árum. Ég hef sýnt fram á það, hvað stjórnarstefnan hefur leikið ríkissjóð grátt. Ég nefni þar fyrst atvinnumálin. Forysta ríkisvaldsins, beinn eða óbeinn fjárstuðningur úr ríkissjóði, þarf þar að koma til. Ég minni á rannsóknir og vísindi, sem krefjast mikils fjármagns. Þjóðin getur ekki unað því að ganga aftur á bak í tryggingamálum, eins og gert er með afgreiðslu á tryggingunum á þessu þingi. Kaupmáttur ellilauna er nú minni en hann var fyrir nokkrum árum. Tryggingakerfið verður að nota í enn

þá ríkari mæli en verið hefur til að jafna aðstöðuna í þjóðfélaginu.

Hver trúir því, að þjóðin komist hjá því að auka fé til stuðnings við námsmenn? Enginn, sem metur samtíðina rétt. Við verðum að auka námslán, taka upp námslaun. Það verður að jafna aðstöðu æskufólks með beinum styrkjum, svo að búseta í landinu ráði þar ekki um, hvort æskufólk getur stundað nám eða ekki. Hver er sá, sem heldur því fram, að ríkisvaldið geti lokað eyrunum fyrir óskum íþróttamanna um fjárstuðning? Enginn, sem þekkir sinn vitjunartíma. En það, sem mestu máli skiptir þó, er það, að Alþingi og ríkisstj. taki á þessum málum eins og sæmir, af framsýni og fyrirhyggju, en láti ekki hrekja sig út í framkvæmdir með uppþotum og hálfgerðu ofbeldi, eins og nú er að gerast. Fálm, fyrirhyggjuleysi og handahóf einkennir framkvæmdir ríkisstj., eins og læknadeilan í fyrra, stofnun Menntaskólans við Tjörnina, gagnfræðadeildirnar, námslán nú, húsnæðismálafrv., kvensjúkdómadeildin, félagsheimilasjóðsfrv. og ótal fleiri mál sanna. Það er á rök, en ekki ofbeldi, sem ríkisstj. á að hlusta og hafa manndóm til að meta.

Eitt af þeim málum, sem sýnir betur en flest annað, hvaða stefnu ríkisstj. fylgir í efnahagsmálum, er hækkun á söluskattinum. Með þeirri ráðstöfun er tekjuöflun ríkissjóðs færð frá þeim, sem hafa meiri fjárhagsgetu, til hinna efnaminni. Hér er um tilfærslu að ræða, sem nema mun þúsundum millj. kr. Að gera slíka ráðstöfun án þess að gera nokkra hliðarráðstöfun, svo sem að undanþiggja nauðsynjavöru söluskatti eða beita tryggingakerfi í auknum mæli í þágu þeirra efnaminni og barnmörgu fjölskyldnanna, er furðulegt. Þeir Alþfl.-menn ættu að lesa sínar eigin ræður og fyrri forystumanna sinna um afstöðu til söluskatts sem tekjustofns frá 1950. Það gerði þeim ekkert til, þótt þeir vissu, hvernig Alþfl.-menn hugsuðu og töluðu þá, enda þótt ljóst sé, að þeir meta ráðherrastóla sína meira en afkomu láglaunafólks í þjóðfélaginu.

Herra forseti. Þessu þinghaldi er senn að ljúka. Ýmislegt verður eftirminnilegt frá því fleira en það, sem ég hef upp talið, og það, að ríkisstj. felldi sitt eigið frv. Það, sem mér finnst einna athyglisverðast, er, hvað stjórnarstefnan virðir lítið félagsleg störf og félagslega samstöðu. Á þeirri lífsskoðun hennar er byggð aðförin að lífeyrissjóðunum. Hún metur ekki og virðir ekki, virðist ekki skilja þau félagslegu störf, sem þar eru að baki. Hún virðir ekki félagslegan rétt þeirra til að stjórna þessum fjármunum sínum. Sama skoðun liggur til grundvallar, er hún leggur niður byggingarfélög verkamanna með löggjafaratriði, sem auk þess orkar mjög tvímælis, þó að ekki sé meira sagt, og leggur verulega skatta á íbúa í hinum einstöku byggðarlögum og getur alveg útilokað hina fámennari og fátækari staði að njóta þeirra kjara, er lög um verkamannabústaði veita. Því hafa þeir gleymt, sem þóttust muna, að höfuðtilgangur með lögum um verkamannabústaði var að styðja þá, er minnst höfðu efnin. Ég nefni félagsheimilalöggjöfina. Ungmenna- og æskulýðsfélög hafa unnið og vinna enn þá ómetanlegt starf til menningar- og félagslegs þroska út um allt land, með byggingu og starfrækslu félagsheimila, með leikstarfsemi og með íþróttastarfsemi. Þessu fólki er ekki sýnd sú sjálfsagða kurteisi, að sýna því frv. til breytinga á lögum um félagsheimilasjóð, hvað þá að nokkur væri þar til kvaddur til ráða. Þó getur það ráðið um framtíð félagslegrar starfsemi þessara samtaka. Í því frv. er einnig réttur hinna, er minna mega sín, vanvirtur. Slík beiting valds, slík lítilsvirðing á samtökum fólksins, slík trú á rétt hins sterka, er ekki sú forysta, sem íslenzka þjóðin þráir eða þarfnast. Slík forysta býður ofbeldinu heim.

Íslenzka þjóðin þarf að breyta um stjórnarstefnu. Hún þarf samstöðu um stefnu, sem byggir og verndar félagslega samstöðu fólksins. Það munu framsóknarmenn gera. – Góða nótt.

II. Utanríkismál.

Á 40. fundi í Sþ., 19. marz, var tekin á dagskrá:
Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Fyrir ári flutti ég hér á Alþ. yfirlitsskýrslu um utanríkismál. Það var hinn 24. febrúar í fyrra. Með tilvísun til þeirrar skýrslu er nú ætlun mín að rekja helztu atburði s. l. árs á alþjóðavettvangi, sem einkum snerta hagsmuni íslenzku þjóðarinnar, og geta þá jafnframt athafna og afstöðu ríkisstj. til utanríkismála. Eru þar með talin varnarmálin eða stefnan í öryggismálum lands og þjóðar.

Enda þótt tímabilið, sem litið er til, sé ekki lengra en eitt ár, geta slíkar skýrslur um svo margvíslega málefnaflokka, sem falla undir utanríkismál, ekki orðið annað en útdráttur helztu mála og ágrip atvika í hverju tilfelli. Það verður aðeins unnt að stikla á stærstu atriðunum, en ógerningur er að gera öllum utanríkismálum s. l. árs skil í stuttu máli. Að þessu sinni mun ég ekki fara nánar út í undirstöðuatriði, sem liggja til grundvallar utanríkisstefnu okkar. Ég minni aðeins á þau ummæli mín í fyrra, að utanríkisstefna ríkisstj. markast aðallega af fjórum meginþáttum:

1. Náinni samvinnu við hin Norðurlöndin.
2. Þátttöku í störfum Sameinuðu þjóðanna.
3. Þátttöku í Norður-Atlantshafsbandalaginu.
4. Góðri samvinnu við okkar viðskiptalönd og raunar við allar þjóðir, án tillits til þess, hvernig þær haga sínum innanlandsmálum og stjórnarfari.

Það, sem hér fer á eftir, greinist í stórum dráttum í þessa 4 aðalþætti íslenzkra utanríkismála.

18. þingfundi Norðurlandaráðs er nýlega lokið hér í Reykjavík. Var það í þriðja sinn, sem Norðurlandaráð hefur haldið fundi hér á landi. Fór þinghaldið hið bezta fram öllum til sóma, sem áttu þar hlut að máli. Eins og alþm. er bezt kunnugt, er Norðurlandaráð einungis ráðgefandi stofnun. Það samþykkir ályktanir til ríkisstjórnanna, eins og segir í starfsreglum ráðsins. Orð eru til alls fyrst, og hefur Norðurlandaráð imprað á mörgu góðu máli eða komið þeim til leiðar. Þar hafa margar hugmyndir fyrst verið ræddar og afstaða Norðurlanda á fjölmörgum sviðum verið samræmd, og þó sérstaklega í menningarmálum, félagsmálum og réttarreglum

ýmiss konar og einnig í samgöngumálum og efnahagsmálum.

Á ári hverju eru geysimörg mál, sem koma til umræðu á þingfundum Norðurlandaráðs, sum hver mikilvæg og önnur ekki, eins og gengur og gerist. Hafa jafnvel ábyrgir aðilar líkt ráðinu við pappírsmyllu vegna þess mikla málafjölda, sem þar er tekinn fyrir á stuttum tíma. Endurskoðun fer nú fram á starfsreglum Norðurlandaráðs, og hefur nefnd undir forystu Karls August Fagerholm starfað um skeið að þessari endurskoðun. Liggja nú fyrir þrjár álitsgerðir frá nefndinni og ákveðnar till. að viðbótarákvæðum við samstarfssamning Norðurlanda, er gerður var í Helsingfors 1962. Á fundinum hér í Reykjavík var samþ. að mæla með þessu samningsuppkasti við ríkisstj. En erfitt verður eflaust að skera niður málafjöldann, og raunar er það ekki æskilegt á meðan Norðurlandaráð er starfhæft og skilar frá sér samþykktum í mikilvægum málum.

Við Íslendingar höfum tekið virkan þátt í þessu samstarfi, bæði á vegum Norðurlandaráðs, á vegum ríkisstj. beint og einnig á vegum fjölmargra stofnana, og þannig treyst samband okkar við Norðurlönd. Eigum við tvímælalaust að mínu viti að halda áfram á þeirri braut og leggja enn meiri rækt við norrænt samstarf. Þar er um auðugan garð að gresja og margir möguleikar fyrir hendi, sem við eigum að notfæra okkur af beztu getu.

Almennt ber mönnum saman um, að þetta síðasta þing Norðurlandaráðs hér í Reykjavík hafi verið hið merkasta, jafnvel hið mikilvægasta fram til þessa, er marka muni tímamót í norrænni samvinnu. Ber þar ýmislegt til. Þetta er í fyrsta skipti, sem sérstakir fulltrúar frá Færeyjum og Álandseyjum áttu rétt til setu á þingfundum Norðurlandaráðs. Var það okkur Íslendingum ekki sízt gleðiefni, að fagna þátttöku Færeyinga, okkar næstu nágranna, í þinghaldi Norðurlandaráðs hér í Reykjavík. En það eru störf ráðsins og samþykktir, sem skipta þó mestu máli, þegar svo djúpt er tekið í árinni að ræða um straumhvörf í norrænni samvinnu.

Ef litið er á langan lista yfir ályktanir síðasta þings, – en þessar ályktanir voru samtals 36 að tölu, – þá ber tvær samþykktir þar öllu hæst, auk þeirra sem ég hef þegar nefnt, um endurskipulagningu sjálfrar stofnunarinnar. Í fyrsta lagi, ályktun um eflingu samstarfsins í menningarmálum; en ráðið leggur til, að gerður verði á næstu misserum samningur um víðtækt menningarsamstarf Norðurlanda. Verði samningsgerð þessari lokið eigi síðar en 1. janúar 1972. Hin ályktunin, sem ég hef í huga, fjallar um Nordek-samvinnuna, sem verið hefur ofarlega á baugi að undanförnu. Lagði Norðurlandaráð til með öllum greiddum atkv., að Nordek-samningurinn verði sem fyrst lagður fyrir þjóðþing Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar til samþykktar, þannig að afgreiðslu ljúki á vorþinginu og fullgildingarskjöl verði strax afhent að fengnu samþykki. Fer ekki á milli mála, að Nordek-samningurinn var veigamesta málið, sem Norðurlandaráð fjallaði um að þessu sinni.

Það hafa verið gerðar margar tilraunir til þess að koma á samningum um efnahagssamvinnu Norðurlanda, en samningatilraunir um tollabandalag og samvinnu á sviði landbúnaðar og sjávarútvegs hafa allar farið út um þúfur fram til þessa. Danmörk, Noregur og Svíþjóð hafa raunar öll verið í EFTA frá upphafi, – Finnland varð þar aukaaðili rúmu ári eftir að EFTA var stofnað, – og innbyrðis verzlunarviðskipti Norðurlanda hafa einmitt aukizt stórlega vegna aðildar þeirra að EFTA. En Fríverzlunarsamtök Evrópu eru ekki tollabandalag, þ. e. a. s. það eru engin ákvæði um sameiginlegan ytri toll EFTA-ríkjanna gagnvart löndum, sem standa fyrir utan Fríverzlunarsamtökin. Í EFTA-samningnum eru heldur ekki ítarleg ákvæði um samvinnu í landbúnaðar- og sjávarútvegsmálum. EFTA-samningurinn fjallar fyrst og fremst um tollfrjáls viðskipti með iðnaðarvarning á milli aðildarríkjanna. Fyrir tveimur árum var ástandið þannig í markaðsmálum Evrópu, að ekkert útlit virtist vera fyrir inngöngu þeirra ríkja, sem sótt höfðu um aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu. Frakklandsforseti hafði þá öðru sinni bægt Bretum frá inngöngu í Efnahagsbandalagið og þar með einnig Dönum og Norðmönnum, sem óskað hafa eftir fullri aðild að Rómarsáttmálanum um stofnun Efnahagsbandalags Evrópu. Viðræðum um aðildarumsóknir virtist slegið á frest um ófyrirsjáanlegan tíma.

Þetta ástand í markaðsmálum álfunnar setti sinn svip á umræðurnar á 16. fundi Norðurlandaráðs í Osló í febrúarmánuði 1968, og þá var það, að Hilmar Baunsgård, forsætisráðherra Dana, vakti máls á þörfinni fyrir aukið efnahagssamstarf Norðurlanda. Að frumkvæði Dana var síðan boðað til fundar forsrh. Norðurlanda í Kaupmannahöfn tveim mánuðum seinna, en af Íslands hálfu sat viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, fundinn. Á Kaupmannahafnarfundinum var ákveðið að setja á stofn embættismannanefnd og hefja samningaviðræður um eflingu efnahagssamvinnu Norðurlanda. Síðan hafa þær viðræður staðið nær stanzlaust og bæði ráðh. og embættismenn hafa fjallað um málið á fjölmörgum fundum.

Um miðjan júlímánuð í fyrra sendi embættismannanefndin frá sér skýrslu ásamt uppkasti að samningi um stofnun samtaka um norræna efnahagssamvinnu, Nordek. Hafði þá þegar náðst samkomulag um samningsákvæði á velflestum sviðum, en þó ekki öllum. Voru það aðallega 5 málaflokkar, sem erfiðast var að ná samkomulagi um í veigamiklum atriðum. Þeir snertu ytri tollinn, landbúnaðinn, sjávarútveginn, réttindi til atvinnurekstrar og sameiginlega sjóði, upphæðir þeirra og skiptingu innbyrðis. En áfram var haldið að vinna að lausn þessara mála, og í nóvember s. l. settu forsrh. sér það mark að ljúka samningsgerðinni fyrir fund Norðurlandaráðs hér í Reykjavík. Um tíma blés þó ekki byrlega, því að í desemberbyrjun skýrði finnska ríkisstj. frá því, að finnskir ráðh. mundu ekki geta tekið þátt í frekari samningaviðræðum. Lausn var þó fundin á þessum vanda, þegar kom fram í miðjan janúarmánuð, og fengu þá finnsku þm. umboð til þess að ganga frá Nordek-samningsuppkastinu að öllu leyti, enda hafði þá verið samþ. viðbót við uppsagnarákvæði samningsins að ósk finnsku ríkisstj. þess efnis, að sérhvert aðildarríki gæti hætt Nordek-samstarfinu um leið og eitthvert annað aðildarríki tekur ákvörðun um að ganga í Efnahagsbandalag Evrópu. Hefur því verið lýst yfir af Finna hálfu, að þeir muni hætta samstarfinu og segja

samningnum upp fyrir sitt leyti, þegar hafnir verða raunhæfir samningar um aðild einhvers Norðurlandanna að Efnahagsbandalagi Evrópu.

Það stóðst á endum, samningsgerðinni lauk hinn 4. febrúar s. l. í Stokkhólmi, er þátttakendur í Norðurlandaráði voru að tygja sig til Íslandsferðar. Lögðu embættismennirnir þá fram nýja skýrslu, en þeir höfðu verið í nánu sambandi við forsrh. sína, meðan á síðustu samningafundum stóð. Eitt vandamál var þó enn óleyst, en það voru fjármálin, en samkomulag náðist hér í Reykjavík milli forsrh. um heildarupphæð Nordek-sjóðanna og skiptingu þeirra. Með fullfrágengið samningsuppkast og meðmælaályktun Norðurlandaráðs ættu ríkisstjórnirnar fjórar að geta innan skamms undirritað Nordek-samninginn, þannig að þjóðþingin fái tækifæri til að ræða og afgreiða samþykktir um fullgildingu hans, áður en vorþingum lýkur. Með samþykki þjóðþinganna gæti því Nordek-samningurinn tekið gildi á sumri komanda, er fullgildingarskjölin hafa verið afhent. Ekki er þó með öllu víst, að þessi tímaáætlun standist. Veltur þar aðallega á afstöðu finnsku ríkisstj., en þingkosningar fóru fram þar nú alveg nýlega, um síðustu helgi, og getur verið, að þær kosningar valdi einhverju um, hve langan tíma það tekur að fá samþykkt ríkisþinganna í þessu efni.

Því er ekki að leyna, að viðhorfin til Nordek eru nokkuð misjöfn, og skiptir þar meginmáli afstaða Norðurlanda til Efnahagsbandalags Evrópu. 3 þjóðir af 4 hafa lagt fram inntökubeiðni í Efnahagsbandalagið. Danir og Norðmenn óska eftir fullri aðild, en Svíar hafa beðið um viðræður um nánari tengsl við bandalagið. Á Haag-fundi leiðtoga Efnahagsbandalags Evrópu í byrjun desembermánaðar s. l. var tekin ákvörðun um að hefja viðræður á fyrri hluta þessa árs, 1970, við þær þjóðir, sem óskað hafa aðildar að bandalaginu. Standa nú vonir til, að slíkar viðræður um aðild að Efnahagsbandalaginu beri árangur, þar sem afstaða Frakka virðist hafa breytzt og þær þjóðir, sem lagt hafa fram inntökubeiðnirnar, hafa fullan hug á að hraða viðræðunum eins og unnt er. En viðræðurnar munu þó taka sinn tíma, jafnvel þó að allt gangi vel, sem raunar er alls óvíst og enginn getur sagt fyrir um. Danski markaðsmálaráðh., Paul Nybo Andersen, skýrði t. d. frá því í þingræðu, daginn áður en hann hélt til Íslands á Norðurlandaráðsfundinn, að hann reiknaði með því, að raunverulegar samningaumræður byrjuðu með haustinu og tækju þær a. m. k. eitt ár. Síðan tæki annað ár að ganga frá fullgildingu aðildar með samþykki þjóðþinganna, þannig að aðild gæti tekið gildi í fyrsta lagi 1. janúar 1973. Og danska stjórnin álítur ekki nauðsynlegt að fara fram á aðlögunartíma, heldur geti Danir gengizt undir öll ákvæði Rómarsáttmálans, sem liggur til grundvallar bandalaginu, um leið og aðild er fullgild. – Að þessu stefna Danir, fullri aðild á sem skemmstum tíma, og vísa til þess, að Nordek hafi frá upphafi verið ætlað m. a. að auðvelda sérhverri Norðurlandaþjóðanna þátttöku í víðtækara efnahagssamstarfi í Evrópu.

Á hinn bóginn er svo afstaða Finna. Þeir eru eina þjóðin af þessum 4, sem ekki hafa farið fram á viðræður við Efnahagsbandalag Evrópu, og þeir lýsa yfir því, að þeir óski að hafa frjálsar hendur, ef og þegar eitthvert Norðurlandanna gengur í Efnahagsbandalagið. Þarna á milli standa svo Norðmenn og Svíar. Afstaða Norðmanna er að vísu mjög svipuð afstöðu Dana, en þó er hún kannske ekki alveg eins ákveðin. En meiri hl. þingsins er þó örugglega fylgjandi fullri aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu.

Svíar vilja aftur á móti halda fast við hlutleysisstefnu sína í utanríkismálum, eins og raunar Finnar líka, en munurinn er sá, að Svíar hafa óskað eftir viðræðum við Efnahagsbandalagið, enda þótt þeir treysti sér ekki til þess að sækja um fulla aðild. Allt stendur þetta eða fellur með því, hvernig Bretum farnast nú næstu mánuðina, er þeir hefja samningaviðræður á nýjan leik við Efnahagsbandalagið. En viðhorfin hafa breytzt til mikilla muna. Nú ríkir bjartsýni, raunar misjafnlega varfærin, en þegar Nordek-viðræðurnar hófust fyrir tveimur árum, voru allir mjög svartsýnir á, að nýir aðilar fengju í bráð inngöngu í Efnahagsbandalag Evrópu.

Ég hef nú rakið að nokkru sögu Nordek-samningaviðræðnanna og reifað útlitið, eins og það er í dag, um framtíð þessara samninga um efnahagssamvinnu Norðurlanda. Ég skal þá snúa mér að samningsuppkastinu sjálfu og ákvæðum þess.

Í fáum orðum verður Nordek-samningnum ekki lýst, nema rétt lauslega. Samningurinn sjálfur er yfir 30 þéttprentaðar síður, og þar við bætast auðvitað viðaukar við tollskrá, sérstakir vörulistar o. fl., sem eru samtals á annað hundrað síður. Þó að samningsuppkastinu hafi nokkuð verið lýst í blöðum hér og að nokkru leyti af öðrum til viðbótar, þá tel ég rétt að lýsa því hér nú nokkru ýtarlegar, því að ýmsir hv. alþm. hafa látið í ljós áhuga á málinu og vel má vera, að það komi til kasta Alþ. fyrr en síðar.

Þessi samningur skiptist í 20 kafla auk alllangs formála, þar sem lýst er aðstæðum, sem liggja til grundvallar fyrir samningnum, og þar sem sett eru fram markmið samningsins í almennum orðum. Í formálanum er lögð áherzla á, að samvinnan eigi að vera öllum Norðurlöndum til hagsbóta, bæði í hverju einstöku landi og þeim öllum í heild. Samstarfið á að létta Norðurlöndunum þátttöku í víðtækari og vaxandi Evrópumarkaði, enda verði leitazt við að auka sem mest viðskipti við önnur lönd. Stuðla skal að frjálsari verzlunarháttum í heimsviðskiptum, og verði þá sérstakt tillit tekið til þarfa þróunarlandanna. Í formála er einnig sérstaklega tekið fram, að samstarfið innan Nordek nái ekki til utanríkis- og öryggismálastefnu Norðurlandanna.

Í I. kafla er skýrt frá höfuðtilgangi efnahagssamvinnu Norðurlanda: atvinna fyrir alla og fullnýting auðlinda, aukinn hagvöxtur og aukin velferð félagslega. En síðan eru taldar upp nýjar stofnanir, sem komið hefur verið á fót til þess að sjá um framkvæmd samningsins, en þar á Norðurlandaráð líka sínu hlutverki að gegna. Í IX. kafla eru svo nánari fyrirmæli um þessar nýju samvinnustofnanir, ráðherraráð, fastanefndir embættismanna, samstarfsnefndir, sameiginlega skrifstofu og ráðgjafarnefnd. Yfirstjórn framkvæmdar samnings er í höndum ráðherraráðsins, og þar á hvert aðildarríki einn fulltrúa og hefur eitt atkv. Ákvarðanir ráðsins verða aðeins teknar með shlj. atkv., þannig að hvert aðildarríki hefur neitunarvald í ráðinu. Ákvarð-

anir ráðsins eru bindandi nema í þeim málum, þar sem samþykki þjóðþinganna þarf að koma til. Í slíku tilfelli verður ákvörðun ráðsins fyrst bindandi, er þingið hefur veitt samþykki sitt. Fasta embættismannanefndin undirbýr störf ráðherraráðsins og framkvæmir þau verk, sem ráðherraráðið mælir fyrir um. Nefndin er skipuð á sama hátt og ráðið, einn fulltrúi frá hverju ríki og sans konar ákvæði gilda um atkvgr. Þegar er ákveðið að koma á fót níu samstarfsnefndum, sem hver á að vinna á sínu sérstaka sviði efnahagslífsins, sem samningurinn nær til, t. d. verður sett á stofn samstarfsnefnd í sjávarútvegsmálum. Heimilt er að stofna fleiri nefndir, ef þörf krefur. Samstarfsnefndir þessar eiga að skila álitsgerðum, gera till. til ráðherraráðsins og embættismannanefndarinnar. Ráðherraráðið ræður 4 forstjóra, sinn úr hverju landi til fjögurra ára í senn, er stjórna skulu sameiginlegu skrifstofuliði, sem starfar að framkvæmd samningsins. Skrifstofustjórarnir taka ekki við fyrirmælum frá stjórnvöldum í einstöku aðildarríki, heldur eiga þeir að starfa með sameiginlega hagsmuni allra aðildarríkjanna í huga. Loks er svo ráðgjafarnefnd, sem á að tryggja stöðugt samband við einstakar atvinnugreinar, samtök neytenda, verkalýðsfélaga og vinnuveitenda, 7 fulltrúar frá hverju landi eiga sæti í ráðgjafarnefnd.

Í II. kafla Nordek-samningsins eru ákvæði um samræmingu stefnunnar í efnahagsmálum. Skal ráðherraráðið marka í meginatriðum stefnuna í skattamálum, ríkisfjármálum og peningamálum. Mikilvægar efnahagsráðstafanir á ekki að gera nema að höfðu samráði við alla samningsaðila, og er þá sérstaklega tekið fram, að gengisbreytingar verði ekki framkvæmdar nema í samráði við samningsaðila, enda teljast gjaldeyrismál vera málaflokkur, þar sem öll löndin hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta. Samstarfsnefnd á að fylgjast almennt með þróun efnahagsmála á Norðurlöndum öllum og skila ráðherraráðinu reglulegum skýrslum þar um. Jafnframt skal fylgjast nánar með efnahagsþróun einstakra landshluta og samræma aðgerðir til eflingar atvinnulífinu í einstökum byggðarlögum.

Í III. kaflanum, sem fjallar um fjármagnshreyfingar, er ráðherraráðinu falið að vinna að því á næstu þremur árum að afnema smám saman hindranir á þessu sviði á milli aðildarríkjanna, eftir því sem efnahagssamvinna þeirra þróast. Frjálsari fjármagnshreyfingar eru ekki.

Ákvæði um tollabandalagið og viðskiptamál er að finna í IV. kafla samningsuppkastsins, og er það lengsti kaflinn, enda reyndist einna erfiðast að ná samkomulagi um sameiginlega tollskrá. Í sambandi við hæð ytri tollanna og gildistöku tollabandalagsins skiptir litlu máli, hvaða álit menn hafa á væntanlegri inngöngu Norðurlanda í Efnahagsbandalag Evrópu innan skamms tíma. Þar við bætist svo, að erfiðlega gekk að ná samkomulagi um ýmsar aðgerðir í landbúnaði, sjávarútvegi og fjármálum, sem gera á samtímis stofnun tollabandalagsins. Þar bindur eitt annað og heildarlausnin fékkst ekki fyrr en rétt fyrir síðasta fund Norðurlandaráðs, eins og þegar hefur verið tekið fram. Tollabandalagið nær til landanna fjögurra, en þó er Svalbarði undanskilinn og möguleiki er á því að undanskilja Grænland, Færeyjar og Álandseyjar. Innbyrðis verða ekki tollar né heldur aðrar inn- eða útflutningshömlur á milli Norðurlanda, en sameiginlegi ytri tollurinn umlykur þau öll. Gildir þetta fyrst og fremst um nær allar iðnaðarvörur, en undantekningar eru ýmsar og sérreglur um afurðir landbúnaðar og sjávarútvegs. Hæð ytri tollanna er vegið meðaltal af núverandi tollum landanna. En þó er jafnan tekið sjónarmið af því, hversu háir tollar Efnahagsbandalags Evrópu eru, þannig að ráðgert er, að ytri tollar beggja bandalaganna verði mjög svipaðir, verði nýju tollunum komið á í tveim áföngum. Munurinn á núverandi tollum og nýju tollunum verður helmingaður 1. janúar 1972 og síðan verður sameiginlega ytri tollinum komið á að fullu tveim árum seinna eða 1. janúar 1974, svo fremi að samstarfinu ljúki ekki fyrir þann tíma, vegna inngöngu einhvers Norðurlandanna í Efnahagsbandalag Evrópu. – Ýmsar undanþágur eru veittar frá hinum sameiginlega tolli. Sumar eru þessar undanþágur án tímatakmarkana, t. d. eru járn og stál og fleiri vörur til iðnaðarframleiðslu tollfrjálsar um óákveðinn tíma, en taka á til endurskoðunar á 5 ára fresti, hvort setja skuli sameiginlega tolla á þessar vörur. Aðrar undanþágur gilda í 15 ár, eins og t. d. fyrir hráefni til plastiðnaðar, og enn aðrar undanþágur eru veittar til 10 ára, eins og t. d. fyrir efnivörur ýmsar til iðnaðar. – Ekki ætla ég að rekja hér nánar hina ýmsu þætti tollasamkomulagsins. Þar eru mörg smáatriði ærið flókin og líklega sérfræðinganna einna að skilja þau til hlítar, en í tolla- og viðskiptakafla samningsins eru ýmis önnur ákvæði um samræmingu tollalaga, tollgæzlu, reglugerða um takmörkun innflutnings frá þriðja landi o. s. frv. Yfir höfuð er ætlunin, að Norðurlönd hafi náið samstarf um stefnumótun í viðskiptamálum og reki sömu verzlunarpólitík gagnvart umheiminum. Einnig er ráðherraráðinu fengið það verkefni að semja reglur um skiptingu tolltekna milli aðildarríkjanna, eftir að sameiginlegi tollurinn tekur gildi. Reglur þessar á að semja fyrir 1. janúar 1974, á grundvelli rannsóknar á viðskiptum Norðurlandanna innbyrðis og við önnur lönd.

Tveir kaflar eru í samningnum um samgöngumál. Í fyrsta lagi skal stefnt að því að gera verzlunarsiglingar sem frjálsastar. Í öðru lagi skal samræma aðgerðir til þess að koma á sem hagkvæmustu flutningakerfi á landi. Um flutningakerfi í lofti ætla ég, að sé ekki getið. Í kaflanum um iðnað og orku er samkomulag um að efla beri samvinnu í iðnaði til þess að standast tæknikröfur tímans í harðri samkeppni við önnur lönd, og leitazt verður við að sjá iðnaðinum sameiginlega fyrir nægri orku á sem hagkvæmastan hátt. Fær samstarfsnefnd um iðnað og orku það verkefni að fylgjast með þróun þessara mála og gera tillögur til ráðherraráðsins, sem ákveður meginreglur samvinnunnar á þessu sviði sem öðrum.

Kem ég þá að kaflanum um landbúnað, sem allmiklum erfiðleikum olli, meðan á samningaviðræðunum stóð. Milliríkjaviðskipti með landbúnaðarafurðir á Norðurlöndum eru almennt háð leyfisveitingum. Samkomulag var um að ganga þannig frá málum, að norrænir bændur hafi forgangsrétt til að fullnægja eðlilegum innflutningsþörfum alls staðar á Norðurlöndum, þ. e. a. s. ef litið er á þetta frá innflutningshliðinni. Þær þjóðir, sem ekki eru sjálfum sér nægar og þurfa að flytja inn búvörur, eiga að kaupa þær fyrst og

fremst hjá nágrannaþjóðunum á Norðurlöndum. Kemur þetta aðallega til góða dönskum bændum, sem eru útflytjendur, en Svíar, Norðmenn og Finnar eru nettóinnflytjendur á landbúnaðarvörum. En um leið og útflytjendum eru veitt þessi fríðindi, á að tryggja sanngjarnt verðlag fyrir innflytjendurna og jafnframt að framleiðendur í innflutningslandinu verði ekki fyrir tekjumissi. Í samkomulaginu um framkvæmd þessarar meginreglu er ýmsum aðferðum beitt. Tollfríðindi í Noregi á ákveðnum verðlagsgrundvelli, hækkandi tollar í Svíþjóð á búvörum frá öðrum löndum en þeim, sem eru innan Nordek, og hærri tollendurgreiðsla Svía vegna innfluttra afurða frá Danmörku. Þar við bætist verðlagssjóður vegna landbúnaðarins, sem tryggja á stöðugra verðlag og framkvæmdalán til undirstöðubreytinga í landbúnaði Noregs og Finnlands. Þegar lengra er litið fram á veg, er samkomulag um, að fyrir 1. janúar 1974 geri ráðherraráðið sameiginlega áætlun um alhliða samvinnu í landbúnaðarmálum, sem stefnir að sameiginlegum markaði fyrir allar búvörur, sem tryggir bændum þá ákveðnar tekjur af hagkvæmum búrekstri. Skal þá leggja til grundvallar lágmarksverðkerfi, frekar en treysta á aðflutningsgjöld og leyfisveitingar fyrir innflutningi. Einnig verða framlög úr sameiginlegum sjóðum notuð til að hrinda endurskipulagningu og hagkvæmari uppbyggingu landbúnaðarins í framkvæmd.

Næst kemur svo kaflinn um sjávarútveg, þar sem stefna skal að því að bæta framleiðslu- og sölumöguleika fyrir sjávarafurðir og gera sjávarútveginum í heild auðveldara að aðlaga sig breytingum, sem verða við öra efnahags- og tækniþróun. Tryggja skal sjómönnum sanngjörn lífskjör, og samræma skal smám saman aðgerðir aðildarríkjanna í sjávarútvegi, með það fyrir augum að koma upp sameiginlegum markaði fyrir sjávarafurðir, enda verði tollar og takmarkanir á innbyrðis viðskiptum Norðurlanda með fisk afnumdar 1. janúar 1972. Gera skal fiskverðið á fyrsta sölustigi stöðugra og stofna til þess sameiginlegan sjávarútvegssjóð. Einnig verði unnið sameiginlega að útflutningi til annarra landa, einkum þeirra landa, sem hafa ríkiseinkasölu á innflutningi. Sett verði jafnframt lágmarksútflutningsverð og samningi komið á um sölustarfsemi erlendis. Stöðugra verði fyrir fisk upp úr skipi á að ná með allflóknu lágmarksverðkerfi. Til þess að framkvæma þetta lágmarksverðkerfi hefur verið komið á fót norrænni verðlagsnefnd undir samstarfsnefnd um sjávarútvegsmál. Verða framlög úr sjávarútvegssjóðnum notuð til að halda verðlaginu uppi, en sjóðurinn á einnig að styrkja hagkvæma uppbyggingu sjávarútvegsins til frambúðar. Verður þá sérstaklega tekið tillit til byggðarlaganna, sem byggja að mestu á sjávarútvegi og hafa ekki aðra orku né möguleika nema að takmörkuðu leyti. Norðmenn héldu fast á sínum málum í sambandi við sjávarútveginn og fengu um síðir upphæð sameiginlega sjóðsins hækkaða. Þeir gengust ekki inn á að leyfa löndun og uppskipun á fiski í norskum höfnum né heldur flutning á fiski í ár og vötn. Á móti voru samþykktar aðlögunarráðstafanir í Svíþjóð og Finnlandi til 5 og 10 ára, enda verði löndunar- og umhleðslubannið tekið til endurskoðunar í ráðherraráðinu í síðasta lagi á árinu 1977.

Kem ég þá að fjórum næstu köflum Nordek-samningsins, sem samkomulag náðist fljótlega um, en í þeim var fjallað um atvinnuréttindi, ríkisstyrki, ríkisinnkaup og opinberar framkvæmdir, samkeppnisreglur, atvinnurekstrarréttindi og samræmingu löggjafar, sem mesta þýðingu hefur fyrir atvinnulíf. Stefna skal að því á öllum þessum sviðum að gera aðstöðu einstaklinga og fyrirtækja sem jafnasta hvar sem er á Norðurlöndum og afnema allar takmarkanir, sem byggja á þjóðerni eða ríkisfangi. Norðmenn vildu þó ekki ganga mjög langt í átt til frjálsræðis í sambandi við rétt til að stofna fyrirtæki. Fengu þeir sínu framgengt og verða útlendingum aðeins veitt atvinnurekstrarréttindi, eftir því sem nauðsynlegt er talið, til þess að norræn markaðssamvinna komist á. En ráðherraráðinu er falið að rannsaka mál þessi nánar og taka ákvörðun um framkvæmd þeirra fyrir 1. janúar 1975.

Næst koma svo tveir kaflar með allýtarlegum ábendingum um meiri samvinnu um skólamál og rannsóknir alls konar. Ráðið skal á næstu 5 árum vinna að frekari samræmingu á þessum sviðum. Sams konar ákvæði er að finna í stuttum kafla um aðstoð við þróunarlöndin, hvort heldur er á tvíhliða grundvelli eða um hendur alþjóðastofnunar.

Loks kemur svo allmikill kafli um samvinnu í fjármálum. Ákveðið var að stofna 3 sjóði, almennan sjóð, verðlagssjóð fyrir landbúnað og verðlagssjóð fyrir sjávarútveg. Að auki verður svo stofnaður fjárfestingarbanki. Hlutverk almenna sjóðsins er að styrkja þær framkvæmdir, sem ekki teljast hæfar til að fá fyrirgreiðslu í bönkum, með fjárframlögum, lánum eða ábyrgðum. Hlutverk verðlagssjóðanna er, hvort tveggja í senn, að halda afurðaverði stöðugra, ofan við ákveðið lágmark, og einnig að efla hagkvæmara skipulag landbúnaðar og sjávarútvegs til frambúðar. Fjárfestingarbankinn lánar með venjulegum bankakjörum til framkvæmda, sem Norðurlöndin hafa sameiginlegan áhuga á. Heildarframlög til sjóðanna þriggja nema samtals 2200 millj. sænskra króna á næstu 5 árum, eða árlega 440 millj. sænskra króna. Árlega fær sjávarútvegssjóðurinn 50 millj. sænskra króna, landbúnaðarsjóðurinn 90 millj. og almenni sjóðurinn 300 millj. sænskra króna, en samkvæmt samkomulagi, sem forsrh. gerðu hér í Reykjavík, var ákveðið að úr almenna sjóðnum renni árlega 10 millj. sænskra króna til uppbyggingar og undirstöðubreytingar í finnskum landbúnaði og 38 millj. sænskra króna vegna sams konar endurskipulagningar á norskum landbúnaði og sjávarútvegi. Miðast framlag hvers lands við þjóðarframleiðslu þeirra, og verður þá hlutdeildin nánast þannig, að Norðmenn og Finnar eru mjög svipaðir með u. þ. b. 16%, Finnar þó heldur lægri, Danir verða síðan með nokkru hærra framlag eða 24%, en Svíar bera bróðurpartinn eða 46%, eða h. u. b. þrefalt það framlag, sem Finnar og Norðmenn leggja til hvorir í sínu lagi. Höfuðstóll fjárfestingarbankans skal vera 200 millj. dollara eða 1000 millj. sænskra króna og skiptist hann á milli landa í sömu hlutföllum og sjóðsframlögin. ¼ hluti höfuðstólsins er afturkræfur fyrstu 5 árin, en útlánageta hans á að verða 2500 millj. sænskra króna. Svíar hafa samþ. þessar fjárhæðir allar til fyrstu 5 áranna, án þess að skuldbinda sig frekar um næsta 5 ára tímabil, en Norðmenn,

Finnar og Danir telja að þá verði þörf fyrir enn hærri upphæðir til eflingar norrænu efnahagssamstarfi.

Ég hef þá gert lauslega grein fyrir öllum köflum Nordek-samningsins, nema lokakaflanum, en þar er að finna m. a. uppsagnarákvæðin, sem áður er getið, í sambandi við þær óskir Finna, að þeir hafi rétt til að draga sig út úr samstarfinu ef eitthvert landanna gengur í Efnahagsbandalag Evrópu. En almennt séð gildir samningurinn í 10 ár, og framlengist síðan sjálfkrafa um önnur 10 ár í senn, nema honum sé sagt upp með 2 ára fyrirvara.

Samkvæmt 17. gr. lokakaflans er tekið fram, að Ísland geti gerzt aðili að Nordek-samningnum með þeim skilyrðum, sem um kann að verða samið. Haft hefur verið í huga frá upphafi, að Ísland geti gengið í norrænt efnahagssamstarf, og strax á ráðherrafundinum í apríl 1968, sem ég hef áður minnzt á, var tekið skýrt fram, að Íslendingum stæði til boða að gerast aðili að Nordek, og þess vegna hef ég rakið aðalefnisatriði samningsins svo ýtarlega sem ég hef gert hér. Enda þótt við höfum ekki tekið virkan þátt í samningaviðræðunum undanfarin 2 ár, höfum við fylgzt náið með þeim og íslenzkir fulltrúar hafa setið suma viðræðufundina. Eins og ljóst má vera, er hér um mjög ýtarlegt og víðtækt efnahagslegt samstarf að ræða, og efalaust getum við Íslendingar ekki tekið á okkur allar þær skuldbindingar, sem í Nordek-samningnum felast nú þegar, og e. t. v. ekki heldur auknar skuldbindingar, sem eiga eftir að koma á daginn, eftir því sem efnahagssamvinnan eflist. En það er ánægjulegt til þess að vita, að við höfum átt og eigum kost á að semja um inngöngu í þetta samstarf. Við þurfum líka að gera nákvæmar og umfangsmiklar athuganir á þessu máli og það sem fyrst. Þetta var áréttað núna á síðasta Norðurlandaráðsfundi, er samþykkti samhljóða þá ályktunartillögu frá íslenzku fulltrúunum, þar sem mælt var með því við ríkisstjórnirnar fimm að taka upp viðræður um það, hvenær og hvernig Ísland gæti gerzt aðili að Nordek. Í þessu sambandi kom fram augljós velvilji í okkar garð hjá öllum helztu ræðumönnum, sem fjölluðu um Nordek-málið á Norðurlandaráðsfundinum hér í Reykjavík. Það var einnig næsta fróðlegt að heyra ráðamenn þessara frændþjóða okkar, sem allar eru miklu fjölmennari en við og öflugri á allan hátt, ræða um það, að nauðsyn bæri til þess að taka þátt í auknu efnahagssamstarfi til að örva hagvöxt og efla velferð þjóðfélagsþegnanna allra. Einar sér geta þessar þjóðir ekki staðið. Alhliða samþykktir þurfa að eiga við allar aðrar þjóðir. Ef ekki næst samkomulag um slíka efnahagssamvinnu, dragast þjóðirnar aftur úr, þær einangrast og lífskjör þegnanna versna í samanburði við það, sem bezt gerist hjá þeim þjóðum, sem eiga hlut að stærri mörkuðum og margháttuðu efnahagssamstarfi.

Við úrlausn margslunginna vandamála í tækniþjóðfélagi nútímans þarf sameinaða krafta og samstillt átak. En vandi þessara frændþjóða, sem eru miklu fjölmennari en við, er sá sami og okkar, og vandinn er sá, að finna rétt form fyrir slíka efnahagssamvinnu. Hér takast á annars vegar sjálfstæðisvilji þjóðarheildarinnar og hins vegar þörf eða öllu heldur kröfur einstaklingsins til betri lífskjara, sem fást ekki nema með örari hagvexti, sem byggir fyrst og fremst á nánum samskiptum við aðrar þjóðir. Segja má, að við Íslendingar höfum farið að með allri gát í þessum efnum, því við erum nú fyrst aðilar að stórum markaðssamtökum margra ríkja. Við göngum í EFTA, Fríverzlunarsamtök Evrópu, 10 árum eftir að þau voru stofnuð. Ástæður eru margar og óþarfi að rekja þær nú, enda hefur málið um aðild okkar verið til ýtarlegrar umræðu á yfirstandandi þingi. EFTA-aðildin verður íslenzku efnahagslífi vonandi örugglega til góðs. Byrjunarörðugleikar verða sjálfsagt nokkrir og ýmsar breytingar þarf að gera til aðlögunar, en þegar frá líður er enginn vafi á, að afkoma okkar batnar fyrir tilverknað samvinnunnar við EFTA-þjóðir. Núverandi verzlunarviðskipti okkar við EFTA-þjóðirnar verða öll greiðari. Bretland er okkar stærsta viðskiptaland innan EFTA, og viðskiptin við Breta eiga eftir að eflast, nú þegar við erum orðnir aðilar að Fríverzlunarsamtökunum. Hið sérstaka samkomulag, sem gert var hér um lágmarksverð fyrir freðfiskflök, sem flutt eru inn til Bretlands frá Norðurlöndum, ætti að lofa góðu fyrir íslenzkan sjávarútveg, en fiskur verður enn um langt skeið okkar helzta útflutningsvara. Aftur á móti opnar EFTA-aðildin okkur mikla möguleika til viðskipta með nýjar vörutegundir, en okkur er einmitt nauðsynlegt að efla nýjar útflutningsgreinar. Þótt viðskipti okkar aukist innan EFTA, þá á það ekki að koma niður á verzlunarsamböndum, sem við höfum haft um langt skeið, bæði í austri og vestri. T. d. er svo um hnúta búið, að viðskipti okkar við Sovétríkin munu ekki bíða hnekki við inngöngu Íslands í EFTA.

Aðstoð Norðurlandaþjóðanna í sambandi við aðildina að EFTA hefur verið okkur mjög mikilsverð. Það hefur hallazt nokkuð á okkur í verzlunarviðskiptum Íslands við Norðurlöndin og stendur það til bóta með aðild okkar að EFTA, því Norðurlöndin hafa gert samkomulag um að kaupa t. d. nú þegar aukið magn af íslenzku kindakjöti. En fleira ætti að koma til, ef rétt er haldið á málum. Er þá norræni iðnþróunarsjóðurinn veigamesta atriðið fyrir Ísland til þess að efla nýjar útflutningsgreinar. Þar hafa Norðurlönd sýnt í verki meiri skilning á þörfum Íslendinga fyrir aukna fjölbreytni í atvinnumálum. Verður iðnþróunarsjóðurinn vonandi til að efla útflutning okkar til Norðurlanda. Reynsla Norðurlandaþjóðanna að EFTA-samstarfinu hefur einmitt verið sú, að innbyrðis viðskipti milli þeirra hafa jafnan aukizt meira en viðskiptin við allar EFTA-þjóðirnar í heild. Sama á trúlega eftir að koma upp á teninginn hvað okkur snertir. Verður það þá til þess, að við athugum nánar möguleika á Nordek-samningnum, þegar okkur gefst tóm til, eftir allar þær aðgerðir, sem taka tíma okkar nú í upphafi máls, þegar EFTA-aðildin kemur til framkvæmda. En við Norðurlöndin eigum við að hafa sem nánasta samvinnu á öllum sviðum.

Ég hef nú rætt nokkuð tvo af fjórum aðalþáttum utanríkismála okkar, en þessir tveir þættir eru líka næsta samtvinnaðir, þ. e. samvinnan við Norðurlöndin og verzlunarviðskipti okkar við aðrar þjóðir, á Norðurlöndum, í EFTA og annars staðar. Ég skal þá næst gera nokkra grein fyrir þátttöku okkar í störfum Sameinuðu þjóðanna á s. l. ári.

Segja má, að 24. allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna

a. ýtarlegar viðræður um þessi málefni við sendinefnd Bandaríkjanna. Árangur þeirra viðræðna var sá, að þann 10. nóv. flutti bandarískí fastafulltrúinn, ambassadorinn C. H. Philips, ræðu á þinginu, þar sem hann ræddi einvörðungu um hagsmunamál Íslands í þessum efnum. Var þar lýst sérstöðu Íslands, nauðsyn þess að tryggt væri á alþjóðavettvangi, að Ísland hlyti í framtíðinni nægan afrakstur fiskveiðistofnanna til viðhalds góðum lífskjörum í landinu. Væru Bandaríkin fús til þess að styðja þá stefnu Íslendinga að veita fiskstofnum umhverfis landið nægilega vernd, svo að ekki væri óhóflega á þá gengið. Vakti þessi ræða bandaríska ambassadorsins mikla og verðskuldaða athygli, enda gerist það ekki á hverjum degi innan Sameinuðu þjóðanna, að fulltrúar stórveldanna veiti smáþjóðum slíkt liðsinni. Í ræðu, sem fulltrúi Íslands flutti í 2. nefnd þingsins 22. okt., var gerð ýtarleg grein fyrir stöðu Íslands sem sjávarútvegsþjóðar og hagsmunum þess í fiskveiði- og landhelgismálum.

Þessi kynningarsjónarmið Íslands í þessum efnum vöktu athygli og var vísað til þeirra af fulltrúum ýmissa annarra ríkja í umræðum um þetta mál. Flutti íslenzka sendinefndin síðan þáltill. í nefnd um varnir gegn mengun hafsins, en engar almennar alþjóðareglur um verndun auðæfa hafsins gegn skaðlegri mengun eru í gildi í dag. Samkvæmt þessari till. Íslands var framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna falið að safna gögnum með aðstoð hlutaðeigandi sérstofnana um hvers kyns skaðleg efni, sem geta valdið mengun í hafinu, og jafnframt að gera till. um reglur, sem taka mætti upp í allsherjar alþjóðasamning um varnir gegn mengun hafsins af hvers kyns orsökum. Bæri brýna nauðsyn til þess að vinda að þessu máli bráðan bug, þar sem ýmis eiturefni væru þegar farin að hafa skaðleg áhrif á fiskstofna. Um þessa till. urðu alllangar umr. og hlaut hún stuðning bæði Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, auk ýmissa annarra landa, sem lýstu fylgi sínu við hana, þar sem hér væri um að ræða bæði tímabært og nauðsynlegt málefni. Var talið, að sú gagnasöfnun, sem till. gerir ráð fyrir, mundi koma að góðu haldi við undirbúning alþjóðaráðstefnunnar um umhverfi mannsins, sem Svíar hafa gengizt fyrir að haldin yrði 1972, og þá ekki síður í sambandi við það löggjafarstarf, sem alþjóðastofnanir þurfa að vinna á næstu árum í því efni að varðveita náttúru veraldar. Ýmis ríki, sem hag hafa af fiskveiðum, töldu, að ekki mætti öllu lengur dragast, að alþjóðasamningur yrði gerður, sem tryggði það, að heimshöfin yrðu ekki fúapyttur verksmiðjuúrgangs og eiturefna, með þeim afleiðingum, að lífið slokknaði þar í æ ríkari mæli.

Till. Íslands var síðan samþ. í 2. nefnd þingsins 5. des. og einróma á sjálfu allsherjarþinginu skömmu fyrir þinglok. Framhaldið var það, að sérfræðingar frá hinum ýmsu sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna, svo sem FAO, Alþjóðahafrannsóknaráðinu, IMCO og fleiri aðilum, munu nú hefja þær rannsóknir og störf, sem ráð er fyrir gert í till., og skila áliti til Sameinuðu þjóðanna og allsherjarþingsins. Er óhætt að fullyrða, að með þeim íslenzku till. varðandi hafið og verndun auðæfa þess, sem samþ. voru á 23. þinginu 1968 og nú á síðasta þingi 1969, hafi Ísland tekið forystu í alþjóðlegu framfara- og nauðsynjamáli, sem auðvitað snertir beint okkar eigin efnahag og afkomu sem einnar af mestu fiskveiðiþjóðum heims.

Við skulum svo víkja örlítið nánar að málefnum hafsbotnsins. Sem kunnugt er, var Ísland eitt þeirra 42 ríkja, sem kjörin voru í hafsbotnsnefnd Sameinuðu þjóðanna á 23. allsherjarþinginu. Sú nefnd hefur það hlutverk að semja alþjóðalög, sem gilda eiga í framtíðinni varðandi hafsbotninn og friðsamlega nýtingu hans. Eitt meginatriðið í því starfi er að ákveða markalínuna á milli landgrunns, sem strandríkið á lögsögu yfir, og hafsbotnsins, sem ráðgert er, að verði alþjóðlegt svæði. Af þeirri ástæðu er eðlilegt, að Ísland láti sig starf nefndarinnar miklu varða, þar sem íslenzka landgrunnið er víðáttumikið og beztu fiskimið okkar liggja innan endimarka þess. Ýmis atriði önnur hafa verið ýtarlega rædd í nefndinni, og ber þar helzt að telja nauðsyn þess, að sem fyrst verði samþykktar nokkrar meginreglur um þetta geysilega umfangsmikla svæði, sem samtals er um 70% af yfirborði jarðarinnar. Á allsherjarþinginu var lýst meginsjónarmiðum Íslands í því efni. Þau eru m. a., að hafsbotninn skuli hagnýttur eingöngu í friðsamlegum tilgangi, hann skuli teljast alþjóðlegt svæði utan landgrunnsins, notkun hans skuli lúta grundvallarreglum Sameinuðu þjóðanna og auðæfi hafsbotnsins skuli hagnýtt í þágu alls mannkyns, en með sérstöku tilliti til hagsmuna og þarfa þróunarlandanna. Engu einstöku ríki verði heimilt að taka sér lögsögu yfir þessum hluta hafsbotnsins, þar sem auðæfi hans skulu vera alþjóðaeign.

Bæði í hafsbotnsnefndinni og á allsherjarþinginu urðu umræður um framtíðarskipulag í þessum efnum. Fulltrúar Íslands lögðu þar áherzlu á, að landgrunn hverrar þjóðar yrði markað sem stærst, en þar hefur strandríki einkarétt á vinnslu auðæfa þess út að hinu alþjóðlega svæði. Hafa sumar þjóðir lýst þeirri skoðun sinni, að mörk landgrunnsins skuli vera sett 100–200 mílur frá ströndum, en um þetta eru þó mjög skiptar skoðanir í nefndinni og aðrar þjóðir telja, að marka beri lögsögu hvers ríkis sem stytzt frá ströndinni. Þó hafa einnig verið skiptar skoðanir um nauðsyn þess að koma innan skamms á fót alþjóðastofnun, er fjalli um mál hafsbotnsins og myndaði hluta af réttarkerfi í þessum efnum. Sum stærstu iðnaðarveldin vilja fresta stofnun slíkrar alþjóðlegrar stjórnar, þar til mun fleiri og meiri rannsóknir hafa farið fram á auðlindum hafsbotnsins, en önnur ríki, þ. á m. flest þróunarlöndin, telja hins vegar, að nauðsynlegt sé að koma slíkri stjórn senn á laggirnar, og fylgir Ísland einnig þeirri stefnu.

Þá hafa tækniatriði hafsbotnsvinnslunnar verið ýtarlega rædd í nefndinni. Nú er hafinn hinn alþjóðlegi hafrannsóknaáratugur, sem skipulagður er af Alþjóðahafrannsóknaráðinu í París. Eitt verkefni hans eru stórauknar jarðfræðilegar rannsóknir á auðlindum landgrunnsins og hafsbotnsins almennt og er gert ráð fyrir viðtækari alþjóðasamvinnu um það verkefni. Kemur vissulega til greina, að rannsóknir á landgrunninu umhverfis Ísland og hugsanlegum auðlindum þess verði að einhverju leyti framkvæmdar innan ramma þessarar alþjóðlegu áætlunar.

Á allsherjarþinginu voru lagðar fram nokkrar till. í hafsbotnsmálinu. Voru Ísland og Noregur meðflutningsaðilar að till. Belgíu um, að hafsbotnsnefndinni

hafi verið rólegt þing og æsingalítið. Minna bar á pólitískum yfingum á milli austurs og vesturs en mörg undanfarin ár. Um styrjöldina í Víetnam var rætt í allsherjarumræðum þingsins, en umræður um málið í þn. mótuðust yfirleitt ekki af afstöðu til styrjaldarinnar. Svipað má segja um átökin fyrir botni Miðjarðarhafs. Leynilegar viðræður Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um málið höfðu staðið mánuðum saman og sumir virtust gera sér vonir um, að þær bæru einhvern árangur, þannig að þessir tveir aðilar, ásamt Bretlandi og Frakklandi, gætu gefið skýrslu til U Thants í þingbyrjun, sem kynni að leiða til þess, að Gunnar Jarring gæti aftur hafið viðræður sínar við styrjaldaraðilana. Viðræðurnar báru hins vegar engan árangur. Þær héldu þó áfram á meðan á þinginu stóð, og fulltrúar fjórveldanna hittust loks undir lok þingsins. En allt kom fyrir ekki.

Ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs hafði staðið á dagskrá allsherjarþingsins, en kom aldrei til umræðu. Málið var sett á dagskrá 25. allsherjarþingsins, þ. e. a. s. á dagskrá næsta þings. Deilumál Ísraelsmanna og Araba voru hins vegar óspart rædd í nefndum þingsins, bæði í sambandi við umræður um skýrslur flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna um Palestínuflóttamenn og einnig í sambandi við umræður um mannréttindamál í 3. nefnd þingsins.

Það vakti athygli á þessu allsherjarþingi, hversu lík afstaða Bandaríkjanna og Sovétríkjanna var til margra helztu mála, sem rædd voru á þinginu, og hversu lítið var um pólitískar orðahnippingar á milli fulltrúa þessara tveggja höfuðstórvelda vesturs og austurs. Að vísu voru þeir ekki sammála um mörg mál, sem rædd voru, en þeir virtust gera sér far um að gera lítið úr þeirri hlið mála, sem þeir voru ósammála um, og virtust í æ fleiri málum hafa svipaðra hagsmuna að gæta. Í sumum málum kom þessi samstaða þannig fram, að Sovétríkin og Bandaríkin lögðu í sameiningu fram þáltill., svo sem í afvopnunarmálum. Viðbrögð meðalstórra ríkja og óháðu ríkjanna yfirleitt urðu þau, að hjá þeim kom fram nokkur tortryggni gagnvart því, að stórveldin tvö væru á bak við tjöldin að gera sín á milli samkomulag um stórmál, sem þau ætluðust síðan til, að þingheimur Sameinuðu þjóðanna samþykkti athugasemdalaust eða athugasemdalítið, enda þótt margt kynni að vera í samningunum, sem smærri ríkin teldu ganga gegn sínum hagsmunum. Viðbrögð óháðu ríkjanna svokölluðu voru hér að vissu leyti mótsagnakennd, því þessi ríki hafa verið hlynnt því, að Bandaríkjamenn og Sovétmenn reyndu að jafna deilumál sín og lækka spennuna milli austurs og vesturs. En jafnskjótt og Bandaríkin og Sovétríkin, tvíveldin, sýna tilhneigingu til að koma sér saman um meiri háttar mál án samráðs við aðra, þá vaknar tortryggni smærri ríkjanna, og þetta varð í ýmsum málum til þess að þjappa miðlungsstóru ríkjunum, óháðu ríkjunum og smáríkjunum saman í hagsmunahópa gegn stórveldunum tveimur, Bandaríkjunum og Sovétríkjunum.

Hinn 23. sept. s. l. ávarpaði ég allsherjarþingið og í ræðunni var gerð allýtarleg grein fyrir afstöðu ríkisstj. Íslands til alþjóðamála, m. a. til afvopnunar- og friðargæzlumála, og síðan vikið að þeim málum, sem Ísland hefur sérstaklega beitt sér fyrir á þingi Sameinuðu þjóðanna. Var á það minnzt, að á 23. allsherjarþinginu hefðu verið samþykktar tvær tillögur, sem Ísland hefði átt frumkvæði að. Sú fyrri var þess efnis, að framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna yrði falið að semja álitsgerð varðandi ráðstafanir og reglur um að hindra mengun hafsbotnsins, sem gæti haft skaðleg áhrif á fiskstofnana og sprytti frá vinnslu á hafsbotni. Væri Ísland eitt hinna 42 ríkja í hinni föstu hafsbotnsnefnd og teldi íslenzka ríkisstj. að mikil nauðsyn væri á að setja haldgóðar alþjóðareglur fyrir það svæði, sem lægi fyrir utan lögsögu hinna einstöku ríkja. Önnur till. Íslands hefur fjallað um hagnýtingu og verndun lífrænna auðæfa hafsins. Voru þar ríkisstjórnir hvattar til þess að auka samvinnu sína um hagnýtingu, vernd og ræktun fiskstofnanna og sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna falið að auka og skipuleggja betur samvinnu sína á þessu sviði. Báðar þessar ályktunartillögur Íslands voru samþ. á 23. allsherjarþinginu og nutu þar mikils fylgis og voru þær báðar mikilsvert skref í áttina til haldbetri verndunar og skynsamlegri hagnýtingar auðlinda hafsins. Var síðan í ræðunni vikið að því, að frekari aðgerða sé brýn þörf til þess að tryggja strandríkjum sanngjarnan og réttlátan skerf til þeirra auðæfa, sem veiðast undan ströndum þeirra. Sagði síðan, orðrétt:

„Genfarsamningurinn frá 1958, um fiskveiðar og vernd fiskstofna í úthafinu, veitir strandríkjum engin slík sérréttindi á fiskimiðunum fyrir utan hina eiginlegu fiskveiðilögsögu, en fyrir 11 árum var ástandið í fiskveiðum heimsins allt annað en það er í dag. Í augum margra þeirra ríkja, sem tóku þátt í Genfarráðstefnunni 1958 og 1960, virtist þá ekki vera nein þörf fyrir slík sérréttindi strandríkja. Nú er ástandið hins vegar gerbreytt, eins og ég hef bent á. Að áliti ríkisstj. minnar ber því brýna nauðsyn til þess að setja slíkar reglur innan vébanda Sameinuðu þjóðanna, sem tryggi það að þjóðir, sem byggja afkomu sína að mestu leyti á fiskveiðum, geti notfært sér fiskimiðin undan ströndum sínum, eftir því sem þörf íbúanna krefur. Þessi skoðun okkar um slík ákvæði er aðeins réttmæt staðfesting á rétti allra þjóða, stórra sem smárra, til mannsæmandi lífskjara, en sá réttur er einn af hornsteinum samstarfs Sameinuðu þjóðanna á sviði efnahagsmála."

Með þessari ræðu í almennu umr. á þinginu var undirstrikað, hve mikla áherzlu Íslendingar legðu á varðveizlu og verndun fiskstofnanna og ekki síður, hver nauðsyn það væri að framkvæma heildarendurskoðun á reglunum um fiskveiði- og landgrunnsréttindi strandríkja, en á undangengnu þingi voru það málefni hafsins, sem íslenzka sendinefndin lét sig mestu varða, og reyndi hún eftir föngum að hafa áhrif á gang þeirra og þróun á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Fiskveiðar og málefni hafsins komu til umr. í tveimur nefndum allsherjarþingsins. Í 1. nefnd, þegar rætt var um skýrslu hafsbotnsnefndar, og 2. nefnd, þegar fjallað var um verndun auðæfa hafsins og alþjóðasamvinnu á því sviði.

Snemma á þinginu hóf íslenzka sendinefndin trúnaðarviðræður við sendinefndir margra annarra ríkja. Var í þeim viðræðum skýrt frá sjónarmiðum Íslendinga varðandi nýtingu auðlinda hafsins og fiskveiðiréttindin og fjallað um afstöðu til ýmissa tillagna, sem fyrir lágu í þeim efnum og hafsbotnsmálum. Átti sendinefndin m.

skyldi falið að halda áfram störfum og leggja nú höfuðáherzluna á að semja um meginreglur, sem gætu orðið grundvöllur að frekari samningagerð um stöðu hafsbotnsins. Þá bar Malta fram till. þess efnis að fela framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna að kanna afstöðu ríkisstjórna um allan heim til þess áforms að kveðja saman í náinni framtíð alþjóðaráðstefnu til að ná samkomulagi um nákvæma þjóðréttarskilgreiningu á hafsbotnssvæði því, sem liggur utan lögsögu ríkjanna. Við þessa till. báru ýmis þróunarlönd fram brtt. þess efnis, að slíkri alþjóðlegri ráðstefnu skyldi falið að endurskoða alla Genfarsamningana frá 1958 um réttarreglur á hafinu. Var brtt. þessi samþ. gegn andstöðu allra Austur-Evrópuríkjanna, Bandaríkjanna og flestra Vestur-Evrópuríkja. Norðurlöndin sátu öll hjá við afgreiðslu þessarar till. Munu því Sameinuðu þjóðirnar kanna það á næstu mánuðum, hvort meiri hluti ríkja telur æskilegt að kalla saman alþjóðaráðstefnu til að endurskoða Genfarsamningana alla frá 1958, en þeir samningar fjalla um það að ákvarða landgrunnið, fiskveiðiréttindi utan landhelginnar og friðun fiskstofna þar. Er enn of snemmt að spá um það, hvort af slíkri heildarráðstefnu verður, en ljóst er, að þar yrði fjallað um mjög þýðingarmikið hagsmunamál Íslands.

Þá var og samþ. till. frá ýmsum þróunarlöndum um, að hafinn yrði undirbúningur að því að koma á laggirnar nýrri alþjóðastofnun, sem fjalli um alla starfsemi og rannsóknir, er hafsbotninn varða. Greiddi Ísland atkv. með þessari till.

Eins og af framansögðu má sjá, skipaði hafsbotnsmálið ofarlega sess á þessu síðasta þingi Sameinuðu þjóðanna. Er áhugi þjóða í því efni vaxandi, enda ákaflega miklir efnahagslegir hagsmunir því tengdir, þar sem gífurleg olíu- og gasauðæfi er nú kleift að vinna á hafsbotni auk mikilsverðra málma. Næsta skrefið í málinu er, að hafsbotnsnefndin komi saman til nýs fundar nú í marzbyrjun, og munu íslenzkir fulltrúar sækja þann fund að vanda. Þessi fundur stendur nú yfir. Í framhaldi af þessu skal þess og hér getið, að á 6. þingi Siglingamálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, IMCO, sem haldið var í London í október s. l., var samþ. till., sem Ísland bar fram ásamt Svíþjóð, að efnt verði árið 1973 til alþjóðaráðstefnu á vegum stofnunarinnar í þeim tilgangi að undirbúa alþjóðaákvæði til að takmarka mengun sjávar og lofts frá skipum.

Í ræðu minni á allsherjarþinginu 23. október s. l. var þeirri hugmynd hreyft, að minnast bæri afmælis Sameinuðu þjóðanna m. a. á þann hátt, að einni kennslustund á mánuði yrði varið til fræðslu um samtökin í öllum skólum aðildarríkjanna afmælisárið. Var þessari till. síðan haldið fram af íslenzku nefndinni á þinginu, og fékk hún góðan hljómgrunn. Er nú verið að ganga frá skýrslu afmælisnefndarinnar um væntanleg hátíðahöld og annað vegna afmælisins. Munu meginhátíðahöldin fara fram í New York í septembermánuði, en jafnframt mun þessara merku tímamóta í sögu samtakanna verða minnzt í öllum aðildarríkjunum á verðugan hátt, og verður svo einnig hér á Íslandi.

Aðild að Sameinuðu þjóðunum fylgir aðild að sérstofnunum þeirra. Hefur Ísland á árinu notið fyrirgreiðslu nokkurra þeirra svo sem áður. Lokið var markaðskönnun, sem gerð var fyrir íslenzka niðursuðuiðnaðinn af hálfu Iðnþróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna í Vínarborg, UNITO, og jafnframt samið um, að sú stofnun gerði sérfræðilega könnun á stofnun nýrra iðngreina hér á landi og útflutningsmöguleikum þeirra. Þá hefur staðið yfir nær allt árið jarðefnaleit hér á Íslandi, og hefur til þess fyrirtækis verið varið allmiklu fé frá tækniaðstoð Sameinuðu þjóðanna. Því vísindastarfi mun verða haldið áfram á þessu ári, og hefur fengizt til þess fjárveiting frá stofnuninni. Þá var fyrir atbeina hennar gerð hér ferðamálakönnun, sem brezkur sérfræðingur annaðist, og er nú ráðgerð frekari skipulagning á þeim málum á grundvelli till. hans. Ísland veitir allmikið fé til starfsemi þessara sérstofnana Sameinuðu þjóðanna og Íslendingar starfa á vegum þeirra víða um heim og ekki hvað sízt á vegum Matvæla- og landbúnaðarstofnunarinnar, FAO. Þá hefur Ísland tekið virkan þátt í alþjóðlegum hjálparaðgerðum á s. l. ári, m. a. fyrir atbeina Rauða krossins og annarra hjálparstofnana. Má minna á hið mikla og mikilvæga starf, sem íslenzkir aðilar inntu af hendi við hjálparstörf í Bíafra og Nígeríu, meðan styrjöldin geisaði þar.

Nokkrum orðum til viðbótar vildi ég fara um fiskveiði- og landhelgismál okkar. Enn sem fyrr eru fiskveiði- og landhelgismálin með hinum þýðingarmestu málaflokkum, sem utanríkisþjónustan fjallar um. Um skeið hafa ekki miklir stórviðburðir gerzt á því sviði, en nú virðist aftur vera að koma nokkur hreyfing á þessi mál á alþjóðavettvangi. Tvö stórveldanna hafa undanfarin misseri unnið að könnun á því, hvort grundvöllur sé fyrir því, að fram fáist alþjóðasamþykkt um, að landhelgin og fiskveiðilögsagan skuli bundin við 12 mílur. Eins og kunnugt er, var það meginefni ráðstefnanna í Genf 1958 og 1960 að freista þess að ná alþjóðasamþykkt um breidd landhelginnar og fiskveiðilögsögunnar. Það mistókst á báðum þessum ráðstefnum og við það hefur setið síðan. Er landhelgi og fiskveiðilögsaga ríkja mjög mismunandi, allt frá 3 og upp í 200 mílur, eins og kunnugt er. Þess vegna stefna stórveldin nú að því að kalla saman nýja alþjóðaráðstefnu, sem hafi það eitt hlutverk að ganga frá alþjóðasamþykkt um, að hámark landhelginnar skuli vera 12 mílur. Jafnframt er um það rætt, að utan þeirra takmarka skuli strandríki, sem á fiskveiðum byggja, hafa nokkur réttindi umfram önnur fiskveiðiríki til nýtingar fiskimiðanna á svæðum, sem að landhelginni liggja. Álits íslenzkra stjórnvalda hefur verið leitað á þessum till., svo sem álits margra annarra ríkja, og er þar skemmst frá að segja, að telja verður, að þessar till. um lögfest hámark landhelgi og fiskveiðilögsögu við 12 mílur gangi í berhögg við hagsmuni okkar Íslendinga og yfirlýsta stefnu þings og stjórnar í þessum efnum, svo sem hún kemur fram m. a. í samþykkt Alþingis frá 5. maí 1959. Það hefur verið og er einmitt hið mesta hagsmunamál okkar, að fiskveiðilögsagan fáist stækkuð frá því, sem hún er nú, þannig að fiskimiðin á landgrunninu komist undir íslenzka lögsögu. Þar af leiðandi er það gagnstætt okkar hagsmunum, að Íslendingar eigi þátt í nokkurri alþjóðasamþykkt um bindingu landhelginnar og fiskveiðilögsögunnar, sem ekki tekur tillit til þessara sjónarmiða okkar, lífshagsmuna og þeirra sérstöðu, sem við höfum í þessum efnum. Í till. er að vísu gert ráð fyrir því, að um einhver aukin réttindi

strandríkja verði að ræða frá því, sem nú er, en þau réttindi eru hvergi nærri fullnægjandi, svo að fiskveiðihagsmunir Íslendinga séu tryggðir. Vera má, að á því geti orðið einhver breyting, ef til nýrrar alþjóðaráðstefnu kemur, en allt er í óvissu um það enn þá.

Eins og sjá má af þessu, er hér um mál að ræða, sem getur orðið hið örlagaríkasta fyrir Íslendinga. Enn hefur alþjóðaráðstefnan, sem hér um ræðir, ekki verið afráðin, en ekki er talið ólíklegt, að á næsta þingi Sameinuðu þjóðanna nú í haust komi fram till. um, að slík ráðstefna verði kölluð saman strax á næsta ári. Er því þýðingarmikið, að Íslendingar freisti þess á næstu mánuðum að kynna og skýra sjónarmið sín og hagsmuni enn ýtarlegar og reyna jafnframt að hafa áhrif á þróun þessara mála í samvinnu við aðrar þjóðir, sem hér eiga svipaðra hagsmuna að gæta. Hafa fulltrúar utanrrn. raunar þegar kynnt ýtarlega sjónarmið okkar í fiskveiði- og landhelgismálum á síðustu missirum, bæði innan Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðsins og víðar, og hefur því jarðvegurinn þannig verið nokkuð undirbúinn fyrir frekari aðgerðir.

Ég hef þá gefið nokkurt yfirlit yfir tvo eða þrjá af þessum fjórum aðalþáttum utanríkismála okkar og getið að nokkru einstakra mála, sem einna helzt snerta okkar hag. Sný ég mér þá að lokum að ástandinu í heimsmálunum almennt og þá Evrópu sérstaklega, en stefnan í öryggismálum lands og þjóðar hlýtur að taka mið af stjórnmálaþróuninni í umheiminum nær og fjær.

Í skýrslu minni fyrir ári ræddi ég í alllöngu máli afstöðu okkar frá upphafi til Atlantshafsbandalagsins annars vegar og til varnarsamningsins við Bandaríkin hins vegar. Óþarfi er að rekja þá skýrslu hér að nýju, en niðurstöður mínar voru þær, að okkur beri að fylgjast rækilega með þróun öryggismála á og umhverfis Norður-Atlantshaf. Atburðarásin úti í hinum stóra heimi er oft hröð og erfitt getur verið að átta sig á hlutunum í fljótu bragði. Þó að vel líti út um skeið á yfirborðinu, hefur reynslan samt kennt okkur, að grundvallarbreytingar hafa litlar orðið. Er þá um að gera að rasa ekki um ráð fram. Vopnuð átök áttu sér stað á ýmsum stöðum í heiminum á s. l. ári, en meiri háttar styrjaldarsvæði voru þrjú: í Nígeríu, fyrir botni Miðjarðarhafs og í Víetnam. Vopnaviðskiptunum í Nígeríu lauk hinn 15. jan. s. l. með algerri uppgjöf Biaframanna. Hörmungum fólksins á styrjaldarsvæðinu var þó ekki þar með lokið, en örðugleikar voru á hjálparstarfsemi, þar sem stjórnin í Lagos vildi ekki þiggja hjálp frá hverjum sem var. Hafði hún m. a. horn í síðu ýmissa aðila á Norðurlöndum, sem veitt höfðu hrjáðu fólki á Biafrasvæðinu aðstoð meðan á borgarastyrjöldinni stóð. Undanfarnar vikur hefur þörfin verið mest í sambandi við dreifingu matvæla og lyfja, en nægilegar birgðir hjálpargagna hafa verið fyrir hendi. Íslendingar hafa veitt fólkinu í Nígeríu og Biafra aðstoð, sem kostuð hefur verið bæði með frjálsum samskotum hér á landi, framlögum úr ríkissjóði og frá Rauða krossinum. Samtals nemur sú aðstoð þegar meira en 25 millj. kr. Af okkar hálfu stendur aðstoð enn til boða, og verður að sjálfsögðu haft samráð við Nígeríustjórn í því sambandi. Vonandi kemst ástandið sem fyrst í eðlilegt horf á þessum slóðum.

Styrjöldin í Suðaustur-Asíu heldur á hinn bóginn áfram. Þar draga þó Bandaríkin lið sitt til baka, a. m. k. að nokkru leyti, og ráðgera enn meiri heimflutning sveita sinna. Norður-Víetnam færir aftur á móti styrjöldina út, og að undanförnu hefur verið barizt heiftarlega í Laos. Í París halda raunar viðræður aðila áfram, en enginn sýnilegur árangur hefur orðið af þeim viðræðum, og það sem verra er, ekkert virðist benda til þess, að þær beri árangur á næstunni.

Fyrir botni Miðjarðarhafs er ástandið mjög ótryggt og virðast átökin magnast næstum með hverjum degi. Ekki nóg með það, að Arabar og Ísraelsmenn geri tíðum árásir hvorir á aðra, heldur eiga Arabar í erjum innbyrðis og hryðjuverk eru unnin víðs fjarri styrjaldarsvæðinu, jafnvel inni í miðri Evrópu. Fulltrúar stórveldanna fjögurra, Bandaríkjanna, Bretlands, Frakklands og Sovétríkjanna, eiga með sér viðræður til að reyna að finna friðsamlega lausn á deilu Ísraels og Arabaríkjanna á grundvelli ályktunar Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna frá 22. nóv. 1967. En með ályktun þessari lauk 1. umr. Öryggisráðsins um afleiðingar „6 daga styrjaldarinnar" svonefndu. Hafa þessar viðræður staðið í tæpt ár, en lítið sem ekkert hefur miðað í þá átt að finna lausn, sem deiluaðilar geta fellt sig við, og ekki bætir úr skák, að þessi sömu stórveldi sjá deiluaðilum stöðugt fyrir nýjum vopnabúnaði. Verða stórveldin þess vegna í vaxandi mæli óbeinir deiluaðilar. En það getur orðið heimsfriðnum næsta hættulegt, ef sú þróun heldur áfram. Gunnari Jarring, ambassador Svíþjóðar í Moskvu, var á sínum tíma falið að reyna að miðla málum í samræmi við áðurgreinda ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Jarring mistókst þetta ætlunarverk og hætti hann viðræðum við styrjaldaraðila, en vonandi tekur hann aftur til starfa á þessum vettvangi, því að reyna verður milligöngu og málamiðlun til hins ýtrasta.

En það hefur víðar komið til vopnaviðskipta í heiminum á s. l. ári, þó að í smærri stíl sé. Má þar til nefna landamæraerjur bæði í Mið-Ameríku, þar sem smáríki takast á, og austur í Asíu, þar sem stórveldi eiga hlut að máli. Eru það öllu alvarlegri erjur, þegar Rússar og Kínverjar skiptast á skotum á landamæralínu, um 5000 km langri, sem aðskilur þessi tvö víðlendustu ríki veraldar. Hér takast á tvö kommúnistaríki, og virðist mikill eldur búa þar undir. Snúast deilur þeirra bæði um hugmyndafræði kommúnismans og landafræði keisaranna fyrrverandi, og má ekki á milli sjá, hvorir leggja meir upp úr kreddutúlkun eða landaskipun, sem á milli ber. Þar sem hér eiga hlut að máli tvö kjarnorkuveldi, er þó gott til þess að vita, að deiluaðilar hafa byrjað viðræður sín á milli, þó raunar fréttist lítið af árangri þessara viðræðna, og virðist lítið miða í rétta átt.

Þannig var þá ástandið um víða veröld á árinu sem leið, styrjaldir og stórátök þjóða í milli svo að segja í hverjum heimshluta. U Thant framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna hóf ársskýrslu sína á síðasta allsherjarþingi eitthvað á þessa leið:

„Á síðustu 12 mánuðum hefur enn haldið áfram það versnandi ástand í alþjóðamálum, sem ég benti á í formála að síðustu ársskýrslu minni. En í einum heimshluta hefur jafnvægi verið komið á. Friðsamasta svæðið er nú í Vestur-Evrópu, þar sem áður voru blóð-

ugustu vígvellirnir í tveimur heimsstyrjöldum, sem báðar stóðu á þessari öld og eru eldri mönnum enn í fersku minni. Það liðu ekki nema rétt rúmlega 20 ár frá lokum fyrri heimsstyrjaldar, þar til styrjöldin brauzt út á ný í Evrópu. Nú eru tæp 25 ár liðin frá lokum hinnar síðari heimsstyrjaldar og það er ekki fyrir tilviljun, að Evrópa er í dag friðsamasta svæðið í heimi. Full ástæða er til þess að ætla, að friðurinn í Evrópu sé fyrst og fremst tilveru Atlantshafsbandalagsins að þakka. NATO var stofnað fyrir nærri 21 ári til þess að verja bandalagsríkin utanaðkomandi árás og treysta öryggi þeirra. Þessum höfuðtilgangi hefur bandalagið náð, því að vopnuð árás hefur ekki verið gerð á nokkurt aðildarríki á samningssvæðinu og bandalagsþjóðirnar búa þar við öryggi og frið."

„Utanaðkomandi árás", sagði hann, sem er raunar óþarft að taka fram. Það hefur alltaf legið í augum uppi. Í Atlantshafssamningnum segir einungis: „Vopnuð árás á einn samningsaðilann er talin árás á þá alla." Þetta er einfalt mál og skýrt, eins og raunar er á samningnum öllum, og verður ekki misskilið. Það hefur engum dottið í hug, að árás komi innan frá í Atlantshafsbandalaginu frá öðru þátttökuríki. Á því er engin hætta. Árásarhættan stafar utan frá, frá aðilum utan bandalagsins. Árás eins bandalagsríkis á annað hefur aldrei komið til greina, enda væri ekki eftirsóknarvert að eiga slíka bandamenn í varnarbandalagi. Þetta eru augljósir hlutir og óþarfi um þá að ræða, að maður skyldi ætla.

En tímarnir breytast og hugmyndafræðin, sem svo er kölluð, spinnur upp furðulegustu fyrirbæri. Nú orðið þurfum við að gera greinarmun á óvinaárás og á vinaárás. Þetta kemur upp í hugann í sambandi við hin hryggilegu örlög tveggja Evrópuþjóða, sem verið hafa allmikið til umr. í heimsfréttum undanfarin missiri, hvor þó á sinn máta, Tékkóslóvakar og Grikkir. Þessar tvær þjóðir tilheyra hvor sínu varnarbandalaginu, sem iðulega er líkt saman, en eiga þó í reynd fátt annað sameiginlegt en nafnið eitt, svo ólík eru Atlantshafsbandalagið og Varsjárbandalagið að uppbyggingu.

Í ágústmánuði 1968 réðust fimm aðildarríki Varsjárbandalagsins með her manns inn í sjötta bandalagsríkið, og síðan er Tékkóslóvakía hersetið land gagnstætt vilja þjóðarinnar. Ástæðan er sú, að bandalagsríkjunum líkaði ekki stefna þáv. ríkisstj. Tékkóslóvakíu í innanlandsmálum, og þar með var hervaldi beitt til að knýja stefnubreytingu fram. En samkv. Brezhnevkenningunni svokölluðu hefur forysturíki kommúnismans, Sovétríkin, rétt til að hlutast til um innanlandsmál í öðru kommúnistaríki, ef sósíalismanum, eins og það heitir austur þar, er ógnað.

Í Grikklandi ræður ríkjum herforingjastjórn, sem hrifsað hefur völdin í stjórnarbyltingu og nam stjórnarskrá landsins úr gildi. Herforingjastjórn þessi er þyrnir í augum ýmissa ríkisstjórna annarra, sem aðild eiga að Atlantshafsbandalaginu, og nokkur bandalagsríki hafa meira að segja kært Grikki fyrir brot á mannréttindasamningi Evrópu. Sá málarekstur hefur staðið lengi og skýrsla rannsóknarnefndar, sem sett var í málið, er nú fyrst að koma til umræðu og afgreiðslu í Evrópuráðinu. Í millitíðinni brast þolinmæði lýðræðisríkjanna í álfunni og tilskilinn meiri hluti í Evrópuráðinu var þess albúinn að samþykkja brottrekstur Grikkja, þegar herforingjastjórnin brá á það ráð að segja Grikkland úr Evrópuráðinu á ráðherrafundinum í desember s. l. Við Íslendingar höfum tekið þátt í þessum aðgerðum. Við höfum opinberlega lýst yfir stuðningi við kæruna, sem fram var lögð á sínum tíma vegna brota á mannréttindasamningnum, og ríkisstj. hafði samþykkt að greiða atkv. með brottrekstri í desembermánuði s. l. Þetta eru vinnubrögð, sem lýðræðisþjóðunum eru samboðin. Annað mál er það, hvort þau eru nægjanleg. Því miður er reyndin sú enn sem komið er, að herforingjastjórnin hefur ekki látið sér segjast, heldur fer sínu fram heima í héraði með svipuðum hætti og áður. Aftur á móti hefur engum ábyrgum manni á Vesturlöndum dottið í hug að ráðast með herafla inn í Grikkland til þess að knýja fram stefnubreytingu hjá illa þokkaðri ríkisstj., og í Atlantshafssamningnum eru alls engin ákvæði, sem gefa bandalaginu rétt til íhlutunar um innanlandsmál í einhverju aðildarríkjanna.

Fyrir ári ræddi ég nokkuð um uppsagnarákvæði Atlantshafssamningsins, enda nálgaðist þá sá dagur, sem fyrst gafst tækifæri til þess að segja samningnum upp, hinn 24. ágúst s. l. Ég leyfði mér að segja þá og lagði á það áherzlu, að staðreynd væri, að ekkert bandalagsríkjanna hygðist notfæra sér þennan möguleika, heldur þvert á móti. Þetta hafa reynzt orð að sönnu, og þó hafa ýmsar breytingar orðið í stjórnmálum Atlantshafsríkjanna, því að undanfarið hafa þingkosningar farið fram í allmörgum aðildarríkjanna og stjórnarbreytingar hafa fylgt í kjölfarið í sumum. Skal þá fyrst nefna, að í Þýzkalandi heldur nú um stjórnvölinn samsteypustjórn undir forystu Willy Brandts, sem reynir nýjar leiðir í utanríkismálum. Og í Frakklandi hefur de Gaulle horfið af sjónarsviðinu, en lítið ber til nýlundu í afstöðu eftirmanna hans til utanríkismála, nema þá helzt í sambandi við stækkun Efnahagsbandalags Evrópu. Pompidou Frakklandsforseti var gagngert spurður að því í sérstöku blaðaviðtali, rétt áður en hann fór í sína opinberu heimsókn til Bandaríkjanna, hvort möguleikar væru á því, að Frakkar segðu upp Atlantshafssamningnum. Forsetinn svaraði stutt og laggott: „Nei, alls ekki." Og það fór ekki á milli mála, að rétt var haft eftir honum, því að blaðamaðurinn fékk texta viðtalsins staðfestan, áður en til birtingar kom í heimsblöðunum.

Þannig mætti halda áfram að lýsa pólitískum veðrabrigðum beggja vegna Atlantshafs, en það yrði of langt mál. Aftur á móti er staðreyndin sú, að ekkert aðildarríkjanna hyggur á uppsögn, heldur þvert á móti. Eining aðildarríkjanna kom skýrt fram á ráðherrafundum bandalagsins á s. l. ári, bæði á afmælisfundinum í Washington s. l. vor og eins á hinum venjulega desemberfundi í Brüssel nú fyrir skemmstu. Á Washingtonfundinum í apríl var ýmislegt gert til hátíðabrigða, vegna þess að 20 ár voru liðin frá undirskrift samningsins. Í ræðu, sem Nixon, forseti Bandaríkjanna, flutti við það tækifæri, lét hann orð falla á þá leið, að nú væri þörf fyrir þriðju víddina í bandalaginu. Í 20 ár hefðu bandalagsþjóðirnar komið sér sameiginlega upp öflugum hervörnum. Í 20 ár hefðu bandalagsþjóðirnar borið saman ráð sín um pólitísk málefni. Þetta mundu bandalagsþjóðirnar halda áfram að gera. En til viðbót-

ar setti forsetinn fram tillögu um að stofna nefnd til þess að kanna möguleika á því að bæta á allan hátt lífskjör fólks á Vesturlöndum og nota til þess sameiginlega þekkingu og sameinaða krafta allra bandalagsríkjanna. Nefnd þessi hefur nú verið sett á laggirnar og á hún að gera tillögur um lausn á hinum ýmsu vandamálum í nútímaþjóðfélagi. Er hún að taka til starfa fyrir alvöru um þessar mundir, og ætlunin er að rannsaka hin margvíslegustu vandamál. Hagfræðirannsóknir eru eitt þeirra verkefna, sem fyrst verða fyrir í þessu sambandi, og ættum við Íslendingar að leggja þeim lið eftir megni, enda munum við njóta góðs af. Ég nefni þessa nefndarstofnun sérstaklega nú, af því að fagna ber því, að nýtt líf færist í þessa þriðju hlið á NATO-samsteypunni. Við Íslendingar höfum alltaf óskað eftir öflugra samstarfi innan bandalagsins í samræmi við ákvæði 2. gr. samningsins, en þar er m. a. rætt um viðskiptatengsl og viðskiptasambönd milli aðildarríkjanna.

Eftir ráðherrafund Atlantshafsbandalagsins í Brüssel var ekki aðeins gefin út venjuleg fréttatilkynning um niðurstöður fundarins, heldur var að auki birt sérstök yfirlýsing. Í yfirlýsingu þessari frá 5. des. s. l. er gerð grein fyrir sameiginlegu áliti ríkisstjórna allra aðildarríkjanna 15 á þróun samskipta austurs og vesturs á næstunni. Er nú aftur horfið til Harmel-skýrslunnar svonefndu um framtíðarverkefni Atlantshafsbandalagsins út á við. En eins og ég gat um fyrir einu ári, er lögð höfuðáherzla á það í Harmel-skýrslunni, að hernaðarmáttur í varnarskyni og pólitískur vilji til bættrar sambúðar fari saman, enda skal leitað allra ráða til þess að leysa misklíðarefni austurs og vesturs, svo að varanlegur friður komist á í heiminum. Afturkippur kom í þessi mál við atburðina í Tékkóslóvakíu fyrir hálfu öðru ári. En nú hefur þráðurinn verið tekinn upp aftur. Óþarft ætti að vera að fara hér nákvæmlega út í einstök efnisatriði í yfirlýsingu ráðherrafundarins. Hún er opinbert plagg, sem allir geta kynnt sér. Ég vil þó drepa hér á tvennt eða þrennt. Reyna skal á öllum sviðum og alls staðar, þar sem austur og vestur mætast, að þoka málum í áttina til samkomulags. Eru ýmis sérsvið nefnd, þar sem möguleikar ættu að vera á að koma á betra samstarfi milli austurs og vesturs, bæði með tvíhliða og með marghliða viðræðum og samskiptum. Hagfræði er t. d. sérstaklega nefnd í þessu sambandi í yfirlýsingunni. Þýzkalandsmálið er enn óleyst, og meðan svo er, skiptir það höfuðmáli í sambúð austurs og vesturs. NATO-ráðið lýsir yfir stuðningi sínum við tilraunir nýju stjórnarinnar í Þýzkalandi til þess að stofna til viðræðna um óleyst vandamál við Austur-Evrópuríkin, en Þjóðverjar bjóða m. a. til samninga um afneitun valdbeitingar í samskiptum þeirra við nágrannana í austri. Hafa slíkar viðræður þegar hafizt bæði í Moskvu og Varsjá, eins og kunnugt er af blaðagreinum, og virðast nú á næstunni verða á milli Austur- og Vestur-Þýzkalands. Vonir eru einnig bundnar við viðræður fjórveldanna um Berlín, en Rússar féllust hinn 10. febr. á að hefja slíkar viðræður um réttarstöðu borgaranna. Verði sýnilegur árangur af öllum þessum viðræðum og komi í ljós í tvíhliða viðræðum, sem eiga sér nú aftur stað í auknum mæli milli ráðh. á Vesturlöndum og starfsbræðra þeirra í Austur-Evrópu, að von sé um árangur af ráðstefnu um öryggismál Evrópu, þá ætti ekki að vera neitt því til fyrirstöðu að halda slíka ráðstefnu. En Varsjárbandalagsríkin hafa lagt það til að halda ráðstefnu um öryggismál Evrópu, og Finnar hafa boðizt til þess að hýsa hana, eins og kunnugt er. Líkur benda til, að unnt verði að ná samkomulagi um það, hverjir skuli taka þátt í slíkri ráðstefnu, en af hálfu NATO-ríkjanna hefur það verið gert að skilyrði, að bandalagsríkin í Norður-Ameríku eigi hér hlut að máli, bæði Bandaríkin og Kanada, og hefur því verið vel tekið. Aftur á móti sneiða dagskrártill. Varsjárbandalagsins fram hjá aðalvandanum, sem liggur til grundvallar öryggismálum Evrópu, eins og t. d. Þýzkalandsmálinu, sem áður er nefnt, og afvopnunarmálum, sem NATO-ríkin hafa gert tillögu um.

Á ráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins hér í Reykjavík í júní 1968 voru gerðar ákveðnar tillögur um gagnkvæman niðurskurð herbúnaðar, en tilboði þessu er enn ósvarað af hálfu Varsjárbandalagsríkjanna. Ástæðulaust er að halda allsherjarráðstefnu um málefni, sem þegar eru bundin samningsákvæðum eða hafa þegar komizt í ákveðinn farveg. Skuldbindingar um að beita ekki valdi eða hótunum í milliríkjaviðskiptum er að finna í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna, og flest Evrópuríki hafa undirritað hana. Viðskiptamál hafa löngum verið afgreidd á tvíhliða grundvelli, en auk þess hafa viðskiptamál Austur- og Vestur-Evrópu verið rædd árum saman á marghliða grundvelli í efnahagsnefnd Evrópu, sem Sameinuðu þjóðirnar kalla árlega saman í Genf. Að halda ráðstefnu eingöngu ráðstefnunnar vegna, án þess að umræðuefnin séu þess virði eða án þess að von sé um árangur, verður engum til góðs. En vonandi miðar undirbúningur þessi í þá átt, að ástæða verði til, áður en langt um líður, að halda allsherjarráðstefnu um veigamikil atriði í öryggismálum Evrópu.

Við Íslendingar eigum mikið undir því komið, að frambúðarlausn finnist á Evrópuvandanum, og meðan öryggismál Evrópu leysast ekki til frambúðar og meðan austur og vestur eru ósammála um undirstöðuatriði, verður varnarmálum hér á landi bezt háttað á þann veg, sem verið hefur til þessa. – Fyrir rúmum mánuði kom varnarmálaráðh. Noregs, Otto Grieg Tidemann, í stutta heimsókn hingað til Reykjavíkur og hélt þá fróðlegan fyrirlestur um öryggismál á N.-Atlantshafi. Niðurstaða ráðh. var með almennum orðum sagt sú, að ekki væri ástæða til fyrir Atlantshafsbandalagið að slaka á og færa saman seglin, og Tidemann sagði einnig, að hvorki Noregur né Ísland gæti staðið eitt sér og verið eitt á báti, lausnin á öryggisvanda landanna fengist aðeins í samvinnu við bandamenn okkar í varnarsamtökum Vesturlanda. Þetta var hans álit, en þess ber jafnframt að geta, að öflug samstaða er með ríkisstj. og stjórnarandstöðu í Stórþinginu um stefnuna, sem fylgt er í utanríkis- og öryggismálum. Engin ástæða er því til að ætla, að hann flytji ekki með þessum orðum, sem hann sagði hér í Reykjavík, álit og afstöðu norsku ríkisstj. og stjórnarandstöðunnar að mestu leyti.

Ég þarf ekki að rekja hér enn á ný afstöðu ríkisstj. til varnarsamningsins við Bandaríkin. Eins og ég sagði áðan, gerði ég það í alllöngu máli í skýrslu minni í fyrra. Öll standa þau ummæli mín óbreytt í dag. Ég vil einungis endurtaka þetta, og það hef ég raunar sagt utan

þings og innan: Þótt við höfum góða reynslu af samskiptunum við varnarliðið og þau hafi farið batnandi, þá er okkur óefað hollast að hafa ekki erlent herlið hérna í landinu til langdvalar. Þess vegna þurfum við stöðugt að endurmeta allar aðstæður og athuga, hvort breyting geti talizt æskileg á skipun þessara mála. Þetta hefur ríkisstj. gert og gerir enn. Ég vil geta þess, að kanadískur sérfræðingur, sem nýtur hins bezta álits á sínu sviði í heimalandi sínu og raunar miklu víðar, vinnur nú að því, að ósk ríkisstj., að semja hlutlausa álitsgerð um hernaðarþýðingu Íslands og framtíðarhorfur í þeim efnum.

Ég er þá kominn að lokum þessa ársyfirlits, og ég vík aftur að því, sem ég sagði í upphafi máls míns um fjóra aðalþætti utanríkisstefnu okkar Íslendinga.

Við viljum hafa sem nánast samstarf við frændþjóðir okkar á Norðurlöndum. Þess vegna treystum við böndin við þær með þátttöku í Norðurlandaráði og norrænni samvinnu á fjölmörgum sviðum, ekki hvað sízt í menningar- og félagsmálum, og eflaust, er fram í sækir, einnig í efnahagsmálum í auknum mæli.

Í öðru lagi, þar sem afkoma okkar byggist að miklu leyti á útflutningi og við þurfum að auka þann útflutning, bæði að magni og fjölbreytni, til þess að bæta lífskjör þjóðarinnar, þá tökum við þátt í margvíslegu alþjóðasamstarfi til þess að gæta hagsmuna okkar og afla útflutningsvörum okkar markaða. Innganga Íslands í EFTA markar tímamót á þessu sviði.

Við viljum fara með friði og eiga vinsamleg samskipti við allar þjóðir heims, enda virði þær sjálfstæði okkar og fullveldi. Af þessum ástæðum tökum við virkan þátt í Sameinuðu þjóðunum. Í þeim samtökum gefst okkur tækifæri til að hafa áhrif á þróun þjóðaréttar, er lýtur að landhelgi og fiskveiðiréttindum.

Þar sem okkur lærðist í síðari heimsstyrjöld, að okkur var ekki stoð í hlutleysi, og þar sem fljótlega kom í ljós eftir heimsstyrjöldina, að Sameinuðu þjóðirnar voru engan veginn færar um að tryggja frið og öryggi í heiminum, þá gerðumst við stofnaðilar að NATO vorið 1949. Og við viljum halda áfram þátttöku í varnarbandalagi vestrænna þjóða.

Að þessum málefnaflokkum vinnur utanríkisþjónustan stöðugt. Hana þarf að efla til mikilla muna, því verkefnin fara vaxandi og víðar er sótt til samstarfs við aðrar þjóðir. Við höfum nú fastafulltrúa við aðalskrifstofu EFTA í Genf og erum að taka upp stjórnmálasamband við Sameinuðu Arabalýðveldin, Egyptaland og fleiri ríki í Afríku. Fyrir Alþ. liggur nú frv. til l. um utanríkisþjónustu. Þau lög þarf að gera þannig úr garði, að þau skapi grundvöll fyrir öflugri utanríkisþjónustu, sem þjóðin þarfnast örugglega í náinni framtíð. Þetta frv. þarf þó nánari endurskoðunar við og alveg sérstaklega eftir inngöngu okkar í EFTA. Þannig legg ég ekki áherzlu á, að það verði gert að lögum á þessu þingi, heldur skoðað nánar og lagt þá fyrir næsta þing, sem kemur saman haustið 1970.

Við þurfum í auknum mæli að gæta hagsmuna okkar erlendis og við þurfum að fylgjast vel með gangi heimsmálanna. Segja má, að við stöndum nú að mörgu leyti á tímamótum. Ég nefndi áðan inngöngu okkar í EFTA um þessar mundir. Öfluga norræna efnahagssamvinnu stendur fyrir dyrum að athuga og þörf á þátttöku okkar í henni. Enn fremur er þess að minnast, þegar litið er yfir sögu alþjóðasamvinnu eftir stríðið, að Atlantshafsbandalagið og Evrópuráðið urðu hvort tveggja 20 ára á s. l. ári og Sameinuðu þjóðirnar verða 25 ára síðar á þessu ári. Við stöndum á mörkum tveggja áratuga, og er því enn meiri ástæða til þess að staldra við og líta yfir farinn veg og hyggja að, hvert stefnir á 8. tug aldarinnar, í upphafi 12. aldar Íslandsbyggðar.

Í alþjóðamálum eiga sér alltaf stað breytingar, og sumar hverjar geta þessar breytingar haft hin víðtækustu áhrif. Á s. l. áratug hafa komið æ skýrar í ljós ýmis atriði, sem eiga trúlega eftir að hafa áhrif á þróun alþjóðamála næstu áratugi. Fyrir 10 árum var kalda stríðið enn í algleymingi. Kalda stríðinu er lokið, en undirstöðuágreiningur er enn mikill milli austurs og vesturs. Fyrir 10 árum lýstu Rússar og Kínverjar sig vera bandamenn um alla eilífð. Bræðralagi þessara kommúnistaríkja er nú lokið, en í staðinn kominn djúpstæður ágreiningur, þar sem þeir kommúnistar deila innbyrðis um kennisetningar um óhjákvæmilegt stríð milli kommúnismans og imperialismans. Virðist meiri hætta á sem stendur, að styrjöld geti brotizt út milli þeirra sjálfra. Fyrir 10 árum áttu Bretar, Frakkar og Belgir enn stórar nýlendur, einkum í Afríku. Nú er nýlendustefnan liðin undir lok, en eigi að síður breikkar bilið á milli ríkra þjóða á norðurhveli jarðar og fátækra þjóða í suðri. Hagvöxturinn er þar minnstur, sem þörfin er þó allra mest. Fyrir 10 árum höfðu Rússar skotið Spútnik á loft og virtust komnir vel á veg til tunglsins. Tækniþróunin hefur þó orðið sú, að kapphlaupinu til tunglsins lauk á s. l. ári, er Bandaríkjamenn stigu þar fyrstir manna fæti. Fyrir 10 árum var ekki styrjöld í Víetnam og ekki heldur í Austurlöndum nær. Hér reyndist þó einungis um vopnahlé að ræða, því ekki leið á löngu, þar til bardagar hófust að nýju í Mið-Austurlöndum og í Suðaustur-Asíu.

Ekki fer á milli mála, að mest veltur á því fyrir heimsfriðinn, hvernig risaveldunum tveimur, Bandaríkjunum og Sovétríkjunum, tekst að búa saman í skugganum af eldflaugum sínum og kjarnavopnabúrum. Risaveldin hafa lært mikið af reynslunni s. l. áratug, og sambúð þeirra virðist nú að sumu leyti fara batnandi. Á haustnóttum árið 1962 stóð veröldin á heljarþröm, þegar Kúbudeilan kom upp á milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Átökin um staðsetningu sovézkra eldflauga á Kúbu voru þau alvarlegustu, sem upp hafa komið á milli risaveldanna, og síðan hafa þau forðazt slíka beina árekstra, er leitt gætu til þess, að annar hvor aðilinn gripi til atómvopna heldur en að láta undan. En skynsemin réð á síðustu stundu, og mannkynið allt getur þakkað, að Kennedy forseti ákvað þá að láta ekki kné fylgja kviði, er sovézku eldflaugarnar voru fluttar brott, en bauð heldur Krúsjeff flokksritara strax að taka upp nánari samvinnu um lausn vandamála risaveldanna. Þeir eiga sannarlega þakkir skilið fyrir, að því tilboði var tekið. Og árangurinn hefur orðið allmikill: Samningurinn um bann við kjarnorkusprengingum í tilraunaskyni, beint símasamband á milli Hvíta hússins og Kreml, yfirlýsing um vopnlausan himingeim, samningur um friðsamlega nýtingu himingeimsins, samningur um að dreifa ekki kjarnorku-

vopnum og nú síðast samningaviðræður í Helsingfors um takmörkun kjarnavopna.

Almennt hefur andrúmsloftið einnig batnað, og má í því sambandi nefna, að fjórveldin hafa nú á nýjan leik tekið upp viðræður í sinn hóp og markvisst er stefnt að því af hálfu Vesturveldanna að leggja traustan grundvöll að friðsamlegri lausn ágreiningsins. Fyrir nokkrum dögum sendi Nixon Bandaríkjaforseti út yfirgripsmikla skýrslu til þingsins um utanríkisstefnu Bandaríkjanna á þessum áratug, sem nú er að byrja. Þegar forsetinn lagði fram skýrsluna, hafði hann þau orð um við blaðamenn, að hún væri ýtarlegasta grg. um utanríkismál Bandaríkjanna, sem nokkru sinni hefði verið gerð. Og víst er um það, að hér er um merkilegt skjal að ræða, sem girnilegt er til fróðleiks, enda er það nú rannsakað í stjórnarskrifstofum um heim allan. Íhugunarvert er einnig, að Bandaríkjaforseti lét þau orð falla, að um væri að ræða vatnaskil í utanríkispólitík eftir stríð. Verður reynslan að skera úr um, hvort Nixon-kenningin, sem útlistuð er í skýrslunni, á eftir að marka tímamót, en ýmissa breytinga er eflaust að vænta í Washington, enda stefnir stjórnin að því, að draga heldur úr afskiptum Bandaríkjanna af heimsmálunum um allar jarðir, án þess þó að hverfa aftur til einangrunarstefnu.

Heima fyrir verður Bandaríkjastjórn að finna lausn á kynþáttavandamálinu og vandamálum vegna eitrunar umhverfisins. Krefjast þessi vandamál aukinna fjárveitinga. Reynt verður því að lækka hernaðarútgjöld til Víetnam-styrjaldarinnar, og styrjöldina í Suðaustur-Asíu á að leysa og koma í veg fyrir, að stríð verði þar hafið á ný. Treysta verður kjarnorkuvopnajafnvægið við Sovétríkin og ekki leggja út í nýtt vígbúnaðarkapphlaup með gagnflaugakerfi og kjarnasprengjum, sem miða má með sömu eldflauginni á skotmörk í öðrum heimsálfum. Bendir raunar margt til þess, að Bandaríkjamönnum megi takast að draga úr hernaðarkostnaði, þar sem Rússar hafa náð kjarnavopnajafnvægi með miklum tilkostnaði á undanförnum áratug. Þar sem Rússar eru ekki lengur óvefengjanlegir leiðtogar einhuga kommúnistaríkja, þá ættu að vera möguleikar á samningi við Sovétríkin um takmörkun á kjarnavopnabúnaði. Herkostnaður Rússa liggur líka þungt á efnahagsþróun Sovétríkjanna. Rússar hafa þörf fyrir tækniaðstoð að vestan, og athygli þeirra á hernaðarsviðinu beinist æ meir í austurátt vegna ósamlyndis við Kínverja. Stórþjóðirnar í V.-Evrópu og Japanir, sem ugglaust eiga eftir að gegna auknu hlutverki í Austurlöndum fjær, hafa efnazt mjög mikið á undanförnum árum og áratug og eru nú færar um að taka á sig þyngri byrðar vegna eigin öryggismála. Og þróunin meðal þeirra þjóða, sem nýlega hafa hlotið sjálfstæði, sýnir, að þær ánetjast ekki endilega kommúnismanum, heldur vilja þær standa óháðar og utan við deilur austurs og vesturs.

Þrátt fyrir miklar breytingar undanfarin 10 ár er þó margt enn óbreytt, og margt eitt, sem e. t. v. á ekki eftir að breytast á næstu 10 árum. Þróunin er oft ör í alþjóðamálum, en umgerðin er þó enn að mestu leyti óbreytt. Óvarlegt er að spá langt fram í tímann, en næsti áratugur ber eflaust veigamiklar breytingar í skauti sínu, einkum og sér í lagi í öðrum heimsálfum. En því miður sér ekki fyrir endann á styrjöldinni í Víetnam og í Austurlöndum nær sýður upp úr aftur og aftur, og aldrei er að vita, hvenær þar verður stórsprenging. En bilið á milli ríkra þjóða og snauðra eða misskipti norðurs og suðurs lagast lítið, heldur hið gagnstæða. Þó vonir standi til bættrar sambúðar, eru vandamál austurs og vesturs í raun lítið breytt, en þar stefnir samt í rétta átt sums staðar. Göt eru reyndar komin á járntjaldið, en það er alls ekki horfið, og Berlínarmúrinn er áþreifanlegt tákn um klofningu Þýzkalands og þar með Norðurálfu.

Íslendingar ættu að geta horft með bjartsýni fram á veg. Samskipti okkar við aðrar þjóðir eiga eftir að eflast á alla vegu og það verður okkur áreiðanlega til góðs, meðan við veljum það bezta, sem aðrar þjóðir hafa upp á að bjóða, en gleymum þó ekki uppruna okkar, heldur leggjum jafnframt rækt við það, sem íslenzkt er að stofni. Þá mun íslenzku þjóðinni vel farnast.

Umr. frestað.

Er forseti hafði frestað umr., tók til máls, utan dagskrár

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég vildi segja hér nokkur orð vegna þeirrar málsmeðferðar, sem hæstv. forseti hefur viðhaft í sambandi við umr. um utanríkismál og mér þykir ekki tilhlýðileg.

Hæstv. utanrrh. hefur lesið hér langa skýrslu um utanríkismál, og ég álít, að hann hafi með því tekið upp venju, sem beri að þakka honum fyrir og væntanlega verður til frambúðar. En ég held, að það sé föst venja alls staðar, þar sem slíkar umr. fara fram, að talsmönnum annarra flokka sé gefinn kostur á því að taka einnig til máls við þá umr., en henni sé ekki frestað, eins og hér hefur verið gert. Það tel ég ótæk vinnubrögð. Nú er þessu þannig háttað í framkvæmd, að fjölmiðlar segja aðeins frá ræðu utanrrh., en ekki neitt frá því, sem fulltrúar hinna flokkanna mundu hafa fram að færa. Ég held, að það sé alls staðar venja, þar sem slíkar umr. fara fram, að talsmenn flokkanna fái að tala strax og ráðh. hefur lokið máli sínu, en ekki löngu seinna. Ég held, að það hafi ekki komið fram neinar beinar óskir um það, að umr. væri frestað, vegna þess að ræða ráðh. lægi hér ekki fyrir í handriti. Það var nú að vísu látið í ljós, að það væri æskilegt, en það hefði þá verið auðvelt að fresta umr., þegar fulltrúar flokkanna voru búnir að tala, ef fleiri hefðu þá óskað eftir að taka til máls. En af þeirra hálfu munu ekki hafa komið fram óskir um þessa frestun. Ég segi þetta vegna þess, að mér finnst, að í framtíðinni, þegar slík umr. sem þessi fer fram, þá eigi ekki að slíta henni í miðjum klíðum, heldur halda henni áfram, unz henni er lokið. Ég vil þess vegna láta í ljós undrun mína yfir þessum vinnubrögðum forseta, að slíta umr. þannig í sundur, en vil svo í framhaldi af því spyrja hann, hvenær hann geri ráð fyrir, að umr. haldi áfram.

Forseti (BF): Forseti vill í tilefni af þessari athugasemd hv. 4. þm. Reykv. taka það fram, að hann heyrði það úr fleiri en einni átt, að það mundi vera heppilegra að ræða skýrslu hæstv. utnrrh. síðar, þar sem henni hefur ekki verið útbýtt hér á þinginu. Þetta er skýrsla,

sem tekið hefur hátt á annan klukkutíma að flytja, og ég féllst á það fyrir mitt leyti að þau vinnubrögð, sem ég nefndi, væru æskileg til þess að hv. alþm. gætu rætt sem málefnalegast um þetta mál.

Ég get ekki að svo stöddu sagt, hvenær umr. verður haldið áfram. Ég þarf að athuga nánar, hvenær hægt verður að finna heppilegan tíma til þess, en ég get fullvissað hv. alþm. um, að það verður séð um, að nægilegur og góður tími gefist til að ræða þessa skýrslu ýtarlega.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil, eins og síðasti ræðumaður, láta í ljós undrun mína yfir þessari málsmeðferð. Ég hygg, að það hafi verið s. l. mánudag, að hæstv. forseti kom að máli við mig og tilkynnti mér, að það mundu fara fram umr. um utanríkismál og utanrrh. mundi gefa skýrslu annaðhvort í dag eða á föstudag. Ég skildi hæstv. forseta að sjálfsögðu svo, að hann væri að tilkynna mér þetta sem formanni þingflokks, til þess að við gætum verið undir það búnir að taka þátt í umr. um þetta. Og það tel ég út af fyrir sig mjög eðlileg vinnubrögð og met það við forseta, að hann skyldi hafa þann háttinn á. En vitaskuld hefði verið algerlega óþarft að vera að tilkynna formönnum þingflokka þetta, ef það hefur ekki verið ætlunin, að umr. færu fram í beinu framhaldi af þeirri löngu og ýtarlegu skýrslu, sem hæstv. utanrrh. hefur gefið hér. Það er auðvitað svo, eins og síðasti ræðumaður vék að, að slík skýrslugjöf sem þessi missir að verulegu leyti marks, ef umr. fara ekki fram í beinu framhaldi af henni og meðan skýrslan er fersk í minni manna. Hitt slítur þetta veigamikla mál, – þetta eitthvert allra þýðingarmesta mál, sem Alþingi Íslendinga fjallar um, – með óeðlilegum hætti í sundur, og er að mínu viti allsendis óviðeigandi málsmeðferð. Það er auðvitað líka rétt, eins og hv. síðasti ræðumaður vék að, að það verður mjög óeðlileg mynd, sem birtist í fjölmiðlum af þessu, þegar rakin verður skýrsla utanrrh., sem sjálfsagt er, en síðan verður frá því skýrt, að það hafi verið óskað eftir því, að framhaldsumr. yrði frestað. Frá hverjum kom sú ósk? Auðvitað hljóta allir áheyrendur að álykta sem svo, að hún hafi komið frá ábyrgum aðilum innan stjórnarandstöðunnar. M. ö. o.: áheyrendum er ætlað að álykta sem svo, að stjórnarandstæðingar hafi hér á Alþingi Íslendinga ekki verið reiðubúnir að ræða um utanríkismál.

Ég mótmæli algerlega þessari málsmeðferð. Auðvitað er æskilegt, að skýrslum sem þessari eða útdrætti úr þeim sé útbýtt áður, og það er ekkert nýtt, að það komi fram ósk um það. Ég tók þátt í þessum umr. um utanríkismál hér á Alþ., þegar síðast var skýrsla gefin um þau, og þá bar ég fram þá ósk í þeim umr., að framvegis yrði sá háttur hafður á, að þm. væri send slík skýrsla eða útdráttur úr slíkri skýrslu, áður en umr. færu fram, og það eru auðvitað æskileg vinnubrögð. Það hefði átt að gæta þess fyrr.

Ég hygg, að hv. síðasti ræðumaður sé fyrstur á mælendaskrá hjá hæstv. forseta, og hvernig sem það svo er, þá liggur það ljóst fyrir, að hann hefur ekki óskað eftir því, að umr. væri frestað. Ég býst við því, að það séu fleiri á mælendaskrá hjá hæstv. forseta, og ég hygg, að a. m. k. einhverjir þeirra hafi alls ekki óskað eftir því, að umr. væri frestað. Þess vegna tel ég alveg sjálfsagt, hvað sem öllum óskum líður frá einstökum þm., að þeir fái að tala, sem beðið hafa um orðið og eru reiðubúnir til þess að flytja sínar ræður. En ég stórlega efa það, að háttur sem þessi þekkist á nokkru einasta þingi, að það sé flutt mjög gagnmerk ræða um utanríkismál, löng og ýtarleg, og svo sé umr. bara frestað og hæstv. forseti lýsi yfir, að hann geti ekkert um það sagt, hvenær þetta mál verði aftur tekið fyrir. Við vitum, að þingið er með fangið fullt af málum, sem þarf að afgreiða, og við vitum, að páskafríið fer senn í hönd. Það er allt eins líklegt á þessari stund, ef umr. verður nú frestað, að þetta mál komi ekki til umr. fyrr en eftir páska, sem sagt það líði svo sem eins og hálfur mánuður á milli þess, að þessi skýrsla er flutt, og þangað til framhaldsumr. eiga að fara fram um hana. Ég held, að þetta sé ákaflega óeðlileg og óvenjuleg málsmeðferð, þannig að ég vildi nú óska þess, að hæstv. forseti tæki ákvörðun sína til yfirvegunar á ný, því mér finnst, að þetta gefi alranga mynd. Og úr því að hæstv. forseti hafði, sem ég tel rétt og gott, samráð við stjórnarandstöðuna, áður en þessi skýrsla var flutt, hefði það minnsta, sem hann hefði átt að gera, verið það að hafa þá samráð við stjórnarandstöðuna aftur um það, hvort þessari umr. skyldi frestað eða ekki, en að hann beri ekki fyrir sig óskir frá einhverjum óákveðnum þm., sem hann nafngreinir ekki og ég veit ekki einu sinni, hvort eru á mælendaskrá.

Forseti (BF): Forseti vill leiðrétta eitt atriði í ræðu hv. 1. þm. Norðurl. v. Það er, að hv. 4. þm. Reykv. er ekki fyrsti maður á mælendaskrá, heldur er það hv. 5. þm. Reykn. En ég mun, vegna þessara ákveðnu andmæla gegn því, að umr. verði frestað, hafa þann hátt á, að ég mun slíta þessum fundi, og boða til nýs fundar, þegar að honum loknum, og verður þá tekin á dagskrá skýrsla utanrrh. um utanríkismál og umr. um hana haldið áfram.

Á 41. fundi í Sþ., s. d., var umr. fram haldið.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég var nú raunar búinn að stinga niður í tösku mína þeim minnisblöðum, sem ég er hér með, þar sem hæstv. forseti hafði ákveðið að fresta þessari umr., en ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að ræða um þessi mál almennt, enda þótt það sé vitanlega hárrétt, sem hér hefur komið fram, að það eru æskileg og eðlileg vinnubrögð, að slík skýrsla, sem hæstv. utanrrh. hefur nú flutt, liggi fyrir fjölrituð eða prentuð nokkru áður en umr. fara fram.

Sú var tíðin og það er raunar ekki ýkjalangt síðan það var ótrúlega torvelt að fá utanríkismál rædd hér á Alþ., a. m. k. á þann hátt og með því sniði, að vel sómdi þeirri stofnun, að rökræður um þau mál gætu orðið frjóar og líklegar til að upplýsa mál. Þá hafði og utanrmn. verið sveft Þyrnirósarsvefni og yfirleitt alls ekki verið kölluð saman í nokkur ár, var alls ekki látin gegna sínu lögformlega hlutverki. Þetta var að sjálfsögðu algerlega óviðunandi ástand. Þetta ástand var Alþingi til hreinnar vanvirðu. Þetta hefur nú nokkuð breytzt á allra síðustu árum, og hæstv. núv. utanrrh. á góðan hlut að því, að þarna hefur nokkur bragarbót verið á gerð. Vottur breytingarinnar er m. a. sú ýtarlega skýrsla um utan-

ríkismál, sem hæstv. ráðh. hefur nú flutt, og svo það, að það er þó gert ráð fyrir því, að utanríkismál verði rædd í tilefni af slíkri skýrslu. Þetta vil ég þakka. Þetta tel ég verulega framför. En þegar ég segi það og þakka þetta, þá er það algerlega óháð ýmsum efnisatriðum þeirrar skýrslu og sömuleiðis íslenzkri utanríkisstefnu, eins og hún birtist þar, en við hana hef ég sitt hvað að athuga.

Ég vil taka undir það, sem kom fram áðan í þeim orðum, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. lét hér falla, að í framtíðinni er það ekki aðeins æskilegt, heldur nauðsynlegt, til þess að umr. geti orðið skipulegar, að slík skýrsla sem þessi liggi fyrir prentuð sem þskj. eða henni sé a. m. k. útbýtt fjölritaðri meðal þm., áður en umr. fara fram. Raunar teldi ég, að það væru hin æskilegustu vinnubrögð í þessu efni, að ársskýrsla utanrrh. væri fyrst lögð fram í utanrmn. og n. fengi aðstöðu til að kynna sér efnisatriði skýrslunnar og fjalla um hana á einum eða tveimur fundum. Nm. gætu þá spurt spurninga eða óskað upplýsinga um tiltekin atriði slíkrar ársskýrslu. Síðan væri hún prentuð og henni útbýtt sem þskj. nokkru áður en umr. um hana færu fram. Ég vona, að þetta verði tekið til vinsamlegrar athugunar í framtíðinni.

Ég mun nú víkja að og ræða hér ýmsa þætti íslenzkra utanríkismála, bæði marga þá, sem fjallað er um í skýrslu utanrrh., og e. t. v. nokkur önnur atriði, sem þar koma lítið við sögu.

Nú virðast allar horfur á, að hugmyndir um Efnahagsbandalag Norðurlanda, Nordek, verði að veruleika. Hæstv. ráðh. rakti greinilega í skýrslu sinni meginatriðin í þeim drögum að samningi, sem Norðurlöndin fjögur eru að gera um þetta mál. Þetta mikilvæga mál komst fyrst verulega á dagskrá á þingi Norðurlandaráðs í Osló 1968, að því er ég hygg, þó að oft hafi verið rætt um nánari efnahagssamvinnu Norðurlanda áður. En síðan á þessu Norðurlandaráðsþingi hefur málið verið kannað og undirbúið rækilega af sérfræðingum og stjórnarvöldum Norðurlandaþjóðanna fjögurra, eins og hæstv. ráðh. rakti skilmerkilega.

Ég hygg, að það sé rétt, að Íslendingar hafi frá upphafi átt kost á að taka einhvern þátt í undirbúningi þessa máls og hafi átt kost á því að fylgjast með því stig af stigi. En það varð niðurstaðan, að Íslendingar höfnuðu þessu. Ég er þeirrar skoðunar, að sú ákvörðun hafi verið hæpin. Þó má að vísu segja, að íslenzkum stjórnvöldum hafi e. t. v. verið nokkur vorkunn í þessu efni, þar eð margir litu svo á, og þá sennilega íslenzkir ráðamenn einnig, að mjög náin efnahagssamvinna Norðurlanda, eins og fyrirhuguð er nú, væri hálfgerð draumsýn og yrði fráleitt að veruleika í náinni framtíð. En nú er svo komið, að stofnun Nordeks má heita staðreynd. Ég fagna þeirri þróun og ég vænti góðs af henni. Ég tel, að okkur Íslendingum beri að fylgjast mjög gaumgæfilega með þessum málum og kanna af fyllstu alvöru möguleikana á því, að við getum gerzt aðilar að slíku norrænu efnahagssamstarfi. Til þess þurfum við vafalítið og e. t. v. vafalaust að ná sérsamningum eða fá undanþágur um ákveðin atriði, – undanþágur, sem eru óhjákvæmilegar til þess að vernda íslenzka hagsmuni, sem eru vitanlega sérstæðir vegna hinnar miklu smæðar okkar.

Það er sjálfsagt rétt að flýta sér hægt og gá vel til allra átta í þessu máli, en ég hygg, að það sé þó tvímælalaust rétt stefna og í samræmi við íslenzka hagsmuni, að íslenzk stjórnarvöld fjalli um þetta mál á þeim grundvelli og með það í huga, að almennt séð eigum við Íslendingar hvergi fremur heima í efnahagsbandalagi en með Norðurlandaþjóðunum. Ég tel mig ekki þurfa að rökstyðja það mikið meðal ráðamanna. Þar er tvímælalaust hvort tveggja fyrir hendi, góð þekking á högum okkar og á sérstöðu ýmiss konar og vilji til að auðvelda okkur efnahagslega og menningarlega samstöðu með öðrum Norðurlandaþjóðum.

Samvinna Norðurlanda á ýmsum sviðum hefur þróazt allverulega og í rétta átt, að ég tel, á undanförnum árum. Nánari efnahagssamvinna þeirra innan Nordeks yrði vafalaust til þess að efla slíka samvinnu á ýmsum öðrum sviðum og gera hana fjölþættari. Ég trúi því, að slíkt verði styrkur hverju þessara landa um sig og það muni efla þau í heild í samskiptum við aðrar þjóðir og við önnur bandalög. Ég teldi það því ógæfu, ef við Íslendingar losnuðum úr tengslum við frændþjóðirnar, fjarlægðumst þær. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar, að fyrr en síðar beri að kanna, hvaða skilyrði við þurfum að setja til þess að geta gerzt aðilar að Nordek og hvaða möguleikar eru á því að fá þeim skilyrðum fullnægt.

Hæstv. ráðh. fjallaði nokkuð um landhelgismál í skýrslu sinni áðan. Um þau mál vil ég segja það fyrst og fremst, að afstaða okkar Íslendinga er tiltölulega skýr og hún er byggð á landgrunnslögum okkar og þeim yfirlýsingum, sem Alþingi hefur gefið í samræmi við þau. Þar er stefna okkar í landhelgismálunum mörkuð í grófum dráttum, og þar er m. a., a. m. k. í viljayfirlýsingum frá Alþingi, sennilega fleiri en einni, lögð á það áherzla, að íslenzkum stjórnarvöldum beri að kynna þessa afstöðu og afla henni fylgis með öðrum þjóðum. Ég tel og vil átelja það, að þessari stefnu okkar í landhelgismálinu hefur ekki að mínu viti verið haldið nægilega á lofti. Það hafa ekki verið notuð nægilega þau tækifæri, sem gefizt hafa til þess að skýra þessa stefnu, eins og margyfirlýst hefur verið, að við ætluðum að gera og þyrftum að gera, ef við ætlum að ná árangri á þessu mjög svo mikilvæga sviði. Jafnvel þegar hæstv. utanrrh. hefur rætt þessi mál á undanförnum árum, t. a. m. á þingi Sameinuðu þjóðanna og víðar, þá virðist þess hafa gætt nokkuð mikið, að hann sneiddi hjá því að segja skýrt og ákveðið, hver stefna okkar er í landhelgismálunum, og að skýra afstöðu okkar í sambandi við yfirráðaréttinn yfir landgrunninu. Þetta gífurlega hagsmunamál okkar Íslendinga er nú að komast á dagskrá að nýju, eins og kom glöggt fram í ræðu hæstv. ráðh., og það er af mörgum ástæðum brýnna nú en nokkru sinni að standa vel í ístaðinu í þessu máli og berjast fyrir hinni íslenzku stefnu þar. Í því sambandi þarf ekki annað en að minna á þá hættu, sem fiskstofnum í Norðurhöfum er búin af völdum ofveiði, og fleira mætti nefna í þessu sambandi.

Það kom fram í skýrslu hæstv. ráðh., að nokkuð náin samvinna hafi að undanförnu tekizt milli stórþjóðanna tveggja, Rússa og Bandaríkjamanna, um ýmis mál, og það kom alveg sérstaklega fram í skýrslunni, að í sambandi við landhelgismálið hafi verið tekin upp einhvers konar samvinna milli þessara ríkja, og þá, að því er

virðist, í því skyni að fá slegið fastri þeirri alþjóðareglu, að 12 mílna fiskveiðilandhelgi skuli gilda sem meginregla, með að vísu einhverjum hugsanlegum undantekningum þó. Ég tel, að hér sé um að ræða dálítið varhugavert mál fyrir okkur Íslendinga, og vissulega er hér ástæða til, að við séum á verði eins og framast er kostur. Ég tel, að við verðum í þessum efnum að gera allt, sem í okkar valdi stendur, til þess að hafa áhrif á þróun þessara mála, hafa áhrif á það, hvernig þessi mál verða undirbúin nú á næstunni, og það sé sjálfsagt af okkar hálfu að leita alveg sérstakrar samvinnu við öll þau ríki, sem hafa svipaða afstöðu og við í þessu máli og svipaðra hagsmuna að gæta. Á þetta vildi ég leggja áherzlu. Þetta er að sjálfsögðu eitt af hinum stóru utanríkismálum okkar, þar sem við verðum að leggja okkur alla fram og vera vel á verði og kunna að afla okkur þeirra bandamanna, sem líklegastir eru til þess að vilja og geta stutt okkar mál.

Eitt af því, sem vakti nokkra athygli í skýrslu hæstv. ráðh., var það, hve ákaflega lítið hann fjallaði um stórmál, sem er að vísu ekki sérstakt utanríkismál okkar Íslendinga, en þó mál, sem kemur öllum þjóðum mjög við, smáum og stórum, ríkum og fátækum. Ég held, að ég fari rétt með, að það hafi aðeins verið í tveimur málsgreinum undir lokin, sem hæstv. ráðh. minntist á þetta stóra mál. Ég á hér við hið gífurlega vandamál hinna snauðu þjóða, þróunarlandanna svonefndu, og þær kröfur, sem t. a. m. æskufólk í velmegunarlöndunum hefur borið fram að undanförnu með vaxandi þunga um, að velmegunarlöndin láti í té af nægtaborði sínu fjármuni, matvæli og þekkingu til hjálpar í löndum fátæktarinnar og allsleysisins. Ég saknaði þess, að hæstv. ráðh. skyldi nánast ekkert fjalla um þetta mál og alls ekki víkja að því, hver afstaða íslenzkra stjórnarvalda væri til virks stuðnings íslenzka ríkisins í þessu sambandi. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það, hvernig ástandið er í þessum efnum. Ég geri ráð fyrir, að flestum hv. alþm. sé það nokkuð kunnugt. Ég vil aðeins nefna örfáar tölur.

Íbúar jarðar eru nú um 3500 milljónir. Meiri hlutinn býr í þróunarlöndunum eða um 2000 milljónir af íbúum jarðar. Þessar 2000 millj. eru taldar hafa 1/6 hluta heimsframleiðslunnar til umráða. Um 900 millj. manna á þessari jörð hafa árstekjur, sem nema innan við 9 þús. litlum ísl. kr. Í hinum snauðu ríkjum Asíu, Afríku og rómönsku Ameríku er til jafnaðar einn læknir á hverja 100 þús. íbúa, og um 700 millj. manna kunna þar hvorki að lesa né skrifa. Ef við lítum aftur á móti á íbúa Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku, þar sem búa innan við 18% af íbúum jarðar, þá kemur í þeirra hlut 61% heimsteknanna.

Ýmsir mætir menn á Vesturlöndum hafa látið þessi gífurlegu vandamál til sín taka. En þessi vandamál eru svo hrikaleg, að til þess að koma einhverju teljandi jákvæðu til leiðar þarf gífurlega stórt og samstillt átak margra þjóða. Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO, hefur unnið mikið starf á þessu sviði, og síðustu árin hafa æskulýðssamtök Vesturlanda gert þetta mál að alveg sérstöku baráttumáli sínu og sett sér það mark að fá hvert ríki sem einhvers er megnugt til að verja 1% þjóðartekna til aðstoðar við þróunarlöndin. Ég held, að ég fari rétt með, að frændþjóðir okkar á Norðurlöndum hafi allar sett sér það að ná þessu marki, þessu 1%, á nokkrum árum með vaxandi framlagi hvert ár, og ég hygg, að Svíar séu komnir býsna nálægt markinu nú þegar. Þessi stóru mál hafa því miður verið furðulítið rædd hér á Alþ., og mér virðist allt of margir, jafnvel einnig hér innan þingsalanna, yppta hálfgert öxlum og hugsa og jafnvel segja eitthvað á þá leið, að við séum svo fáir og lítils megnugir, að það geti aldrei munað mikið um hið íslenzka framlag. Slíkt er ekki hægt að segja. Íslenzk æskulýðssamtök hafa hins vegar sýnt þessu máli mjög mikinn áhuga, og æskufólkið íslenzka hefur hlotið jákvæðar undirtektir almennings. Þær hafa m. a. komið fram í góðum árangri af fjársöfnunum, sem fram hafa farið. Það er íslenzkt æskufólk úr öllum flokkum og utan flokka, sem hefur tekið hér upp baráttuna fyrir því, að íslenzka ríkið leggi fram 1% af þjóðartekjunum til stuðnings við þróunarlöndin, ef ekki strax að fullu, þá í áföngum á nokkrum árum. Ég tel alveg víst, að hæstv. utanrrh. viti það, að ungir jafnaðarmenn hafa gengið vel fram í þessu máli og þeir hafa haft þessar kröfur uppi við ýmis tækifæri. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Hvað hefur íslenzka ríkisstj. gert í sambandi við þetta mál? Hefur hún rætt þetta mál? Hefur hún tekið afstöðu til þessara ákveðnu tilmæla? Hefur hún undirbúið till., sem væntanlega verða þá lagðar fyrir Alþingi? Ég spyr hæstv. ráðh. sem sagt: Hver er afstaða ríkisstj. til þessa stórmáls?

Þegar litið er yfir stefnu Íslands í utanríkismálum í heild, og þá ekki síður á s. l. ári heldur en löngum áður, þá blasir það við, að sú stefna rígbindur okkur á klafa Bandaríkjamanna, og hún gerir það samkvæmt vilja íslenzkra ráðamanna sjálfra. Ég fæ ekki orða bundizt um það, en mér virðist svo rammt kveða að þessu, að svo framarlega sem einhver hnúturinn, sem bindur pinkilinn Ísland á trússahest Bandaríkjanna, ætlar að rakna, þá muni íslenzkir ráðamenn vísir til að biðja verndarana að tylla þessu nú ögn betur. Þessi auðsveipni, sem íslenzk stjórnarvöld hafa á löngum tíma tamið sér gagnvart Bandaríkjamönnum, er að vísu alvarlegri en svo, að hún skyldi höfð að gamanmálum. En mér finnst það varla einleikið, hve oft ég hef haft tilefni til að minnast vísunnar hans Andrésar Björnssonar, sem hann orti um íslenzku pólitíkina í gamla daga, þegar þessi árátta íslenzkra stjórnarvalda er á döfinni. Þetta var á þeim tímum, meðan við áttum margt saman við Dani að sælda og tveir pólitísku flokkarnir voru kallaðir Þversum og Langsum. Kannske var þetta að vísu einn flokkur, sem hafði skipt sér í tvennt. Alla vega minnir fyrirbærið mig á Sjálfstæðis-Alþýðuflokkinn núna. En í vísu Andrésar Björnssonar þarf ekki að hagræða nema einu litlu rímorði til þess að hún eigi býsna vel við í dag:

Sundrungar þeir sungu vers,
svo að hvein í grönum,
að því loknu langs og þvers
lágu þeir fyrir Könum.

Sú var tíðin, jafnvel fyrstu árin eftir að við gengum í Atlantshafsbandalagið sæla, sem hæstv. ráðh. var að prísa hér áðan, eins og hann hefur löngum gert, að við sýndum dálítinn lit á því á alþjóðavettvangi að taka

sjálfstæða afstöðu öðru hverju. En nú um nokkurra ára skeið hygg ég, að það verði ekki fundin mörg dæmi þess, að fulltrúar okkar hjá Sameinuðu þjóðunum, í Evrópuráði, á NATO-þingum eða annars staðar hafi lyft svo mikið sem litlafingri, án þess að þeir héldu a. m. k., að það væri Bandaríkjamönnum til þægðar. Svo rammt kveður að þessu, að hvað eftir annað hefur okkur nú að undanförnu skort mannrænu til þess að standa við hlið annarra Norðurlanda, ef stjórnvöld hér hafa haldið, að slík afstaða þeirra til mála fæli í sér hið minnsta frávik frá því, sem Bandaríkin vildu. Þetta kemur því miður hvað eftir annað fram á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, þegar Ísland eitt Norðurlanda greiðir atkv. gegn því að Pekingstjórnin kínverska taki sæti Kína hjá Sameinuðu þjóðunum. Menn þurfa vissulega ekki að vera hrifnir af kínversku stjórnarfari til þess að sjá, hvað rétt er og skynsamlegt í þessum efnum. Enginn dregur í efa, hverjir það eru, sem stjórna hinu mikla Kínaveldi, þessu fjölmennasta ríki veraldar. Því er ekki stjórnað af fáeinum, gömlum mönnum suður á Formósu, mönnum, sem hafast þar við í skjóli Bandaríkjahers. Þegar spurt er, hvers vegna Íslendingar halda áfram að berja hér höfðinu við steininn og neita staðreyndum ár eftir ár, þá er svarið eitthvað á þá leið, að ekki sé nú rétt að svipta Formósustjórn aðild að Sameinuðu þjóðunum. Þessa röksemd hef ég heyrt hvað eftir annað. Þetta er hreinn fyrirsláttur. Stjórnin á Formósu segist vera hin eina, sanna stjórn Kínaveldis, og það er í krafti þess, sem hún krefst aðildar að Sameinuðu þjóðunum, og það er í krafti þess, sem hún hefur fengið þeim vilja sínum framgengt, m. a. með árvissum stuðningi Íslendinga. Stjórnin á Formósu hefur mér vitanlega aldrei farið fram á það að fá sæti hjá Sameinuðu þjóðunum sem Formósustjórn, sem ríkisstj. þar í landi, heldur sem ríkisstj. Kínaveldis. Mér þykir trúlegt, að það líði nú óðum að því, að Bandaríkin sjálf breyti hér um stefnu og fallist einn góðan veðurdag á aðild Pekingstjórnarinnar að Sameinuðu þjóðunum. Hvað gerir íslenzki fulltrúinn þá? Verður hann kaþólskari en páfinn?

Afstaða íslenzku ríkisstj. til fasistastjórnarinnar í Grikklandi hefur verið dálítið undarlega loðin. Hæstv. ráðh. kom nokkuð inn á þessi mál í skýrslu sinni og var nú raunar að reyna að afsaka það, hversu loðin afstaðan hefur verið, en ég held, að það fari ekki á milli mála, að hún hefur verið það. Þegar aðrar Norðurlandaþjóðir sameinuðust fyrst um að leggja fram harðorða till. í Grikklandsmálinu á fundi Evrópuráðsins, þá minnist ég þess, að hæstv. utanrrh. skýrði frá því hér í blöðunum, að honum hefði ekki gefizt tími til að kynna sér þetta till., áður en hún var lögð fram, og þess vegna hefði Ísland ekki verið aðili að flutningi hennar. Jafnframt skýrði hann frá því, að skeyti hefði verið sent um aðild Íslands að till., eftir að hún var lögð fram, en svo undarlega brá við, að þetta skeyti virðist hafa misfarizt með einhverjum dularfullum hætti, eða svo mikið er a. m. k. víst, að Íslands var aldrei getið í þessu sambandi, þegar sagðar voru fréttir frá Evrópuráði, enda þótt önnur stuðningsríki till. væru, að ég hygg, nákvæmlega tilgreind. Um ástæðuna fyrir þessu veit ég ekki. Í Grikklandsmálinu gerðist það nú síðast, að Danir, Norðmenn og Svíar lögðu fram till. um að víkja Grikklandi úr Evrópuráðinu. Ísland átti þess kost að flytja till. með frændþjóðunum, en Ísland hafnaði því. Endanleg afstaða Íslands til till. kom aldrei raunverulega í ljós, þar eð Grikkir sögðu sig úr ráðinu, áður en á það reyndi. Hæstv. ráðh. sagði að vísu í skýrslu sinni hér áðan, að ráðið hefði verið, að Ísland fylgdi þeirri till., þegar til atkvgr. kæmi, og gott er nú það. En þessi afstaða Íslands öll finnst mér vægast sagt laus við að vera stórmannleg, og mér er kunnugt um, að hún hefur vakið nokkra furðu hjá frændum okkar á Norðurlöndum. Ég leyfi mér að víta þessa málsmeðferð, og ég leyfi mér að staðhæfa, að hún er ekki í samræmi við vilja Íslendinga almennt.

Í sambandi við þetta Grikklandsmál skal ég gjarnan taka það fram, að það hefur ekki hvarflað að mér eitt andartak, að hæstv. utanrrh. eða aðrir samherjar hans í ríkisstj. séu eitthvað sérlega hrifnir af grísku valdaræningjunum, sem sitja nú við stjórnvölinn í Grikklandi, eða þeir hafi einhverja samúð almennt með fasísku stjórnarfari. Það dettur mér ekki í hug að halda. Nei, ég held, að skýringin sé nærtæk. Eins og ég mun væntanlega koma nánar að síðar í ræðu minni, þá hefur Bandaríkjastjórn stutt grísku stjórnina, þessa herforingjastjórn þar, með ráðum og dáð. Bandaríkjastjórn telur hana og Grikki hinn öfluga útvörð NATO í suðri, og vitanlega hljóðar eitt af boðorðunum í íslenzkum utanríkismálum eitthvað á þessa leið: Þú skalt ekki hrella vini Bandaríkjanna.

Austur-Þýzkaland, þýzka alþýðulýðveldið, sem svo heitir, hefur nú verið staðreynd í rúm 20 ár. Við getum vafalaust orðið sammála um það, hæstv. utanrrh. og ég, að gagnrýna austur-þýzku ríkisstj. fyrir margt, gagnrýna þá einræðisstefnu, sem valdhafarnir í því landi fylgja. En fram hjá hinu verður ekki gengið, að þetta er öflugt ríki, þetta er mikið iðnaðarveldi, þarna býr menntuð og dugleg þjóð. Íslendingar hafa frá upphafi haft veruleg efnahagssamskipti við þetta ríki. Hins vegar hafa Íslendingar neitað að viðurkenna ríkið Austur-Þýzkaland, og ég held, að ég fari rétt með, að það sé hið eina umtalsverða viðskiptaland okkar, sem við höfum ekkert diplómatískt samband við. Það er sennilegt, að NATO hafi talið og telji það andstætt sínum hagsmunum, að þetta ríki hljóti viðurkenningu þjóða. En Austur-Þýzkaland er, hvað sem öðru líður, ákaflega áþreifanleg staðreynd, og þeir gerast nú æ fleiri, sem viðurkenna, að þýzku ríkin eru tvö og verða það án efa um einhverja framtíð enn. Jafnaðarmaðurinn Willy Brandt, kanzlari Vestur-Þýzkalands, virðist vera bæði raunsær og hugrakkur stjórnmálamaður. Hann leitar nú að færum leiðum til að taka upp aukið samband og bætta sambúð við grannríkið í austri, og það þarf ekki að draga það í efa, enda kom það skýrt fram í fréttum af móttökunum, sem hann fékk í Austur-Þýzkalandi í dag, hver hugur fólksins í þessum löndum er gagnvart bættri sambúð. Ég legg til, að hæstv. utanrrh. okkar fari nú að dæmi Willy Brandts og beiti sér fyrir því við ríkisstj., að hún hætti að hlýða einhverjum annarlegum fyrirmælum um þetta, en fari að vinna að því, að tekið verði upp stjórnmálasamband við Austur-Þýzkaland. Það er vissulega orðið tímabært.

Ekki alls fyrir löngu hlýddi ég á útvarps- eða sjónvarpsviðtal, – ég man ekki hvort heldur var, – sem

fram fór við einn af forystumönnum íslenzkra saltfiskframleiðenda. Þar kom fram, að áður fyrr hefðum við Íslendingar átt góðan markað fyrir saltfisk á Kúbu, en nú væri þessi markaður glataður. Norðmenn hefðu lagt hann undir sig. Mér skildist á viðtalinu, að við hefðum gersamlega hætt öllum viðskiptum við Kúbu á sömu stundu sem Castro hinn skeggjaði og félagar hans brutust þar til valda. Hins vegar hefðu Norðmenn haldið áfram, eins og ekkert hefði í skorizt, að sinna þessum markaði og sætu nú að honum einir.

Ég skal játa það, að mér eru þessi markaðsmál á Kúbu alveg ókunn að öðru en því, sem fram kom í þessum viðtalsþætti. En það má mikið vera, ef hér er ekki enn eitt dæmið um íslenzka utanríkispólitík og reisn hennar. Ég vænti þess, að hæstv. utanrrh. leiðrétti mig, ef ég er að vaða reyk í þessu efni. En tilraun mín til að skýra fyrirbærið er einfaldlega þessi: Íslenzkir ráðamenn segja hver við annan: Bandaríkjamönnum er bölvanlega við Castro. Þeir vilja fráleitt, að við seljum honum fisk. Engin viðskipti framar við Kúbu, unz þar tekur við völdunum einhver geðugri maður heldur en Castro og Bandaríkjunum þóknanlegri. Ætli þessi skýring sé fjarri lagi, hæstv. ráðh.?

Eins og kunnugt er, voru á s. l. ári liðnir tveir áratugir frá því, að Atlantshafsbandalagið var stofnað. Í sáttmála þess giltu þau ákvæði, að aðildarríki skyldu bundin um 20 ára skeið frá gildistöku samningsins, en að þeim tíma liðnum gæti hvert aðildarríki, er þess óskaði, sagt sig úr bandalaginu með eins árs fyrirvara. Frá 24. ágúst í fyrra er þessi samningur uppsegjanlegur með einhliða ákvörðun hvers aðildarríkis um sig. Svo sem kunnugt er, urðu á sínum tíma mjög harðar deilur um það, hvort Ísland skyldi gerast aðili að Norður-Atlantshafssamningnum. Alla stund síðan hafa skoðanir hér á landi sem víðar í aðildarlöndunum verið skiptar um NATO, um eðli þess, um gildi og áhrif á sambúð þjóða. Um rökin, sem til þess lágu, að bandalagið var stofnað, skal ég ekki fjölyrða að þessu sinni. Að vísu hefur margt fróðlegt og forvitnilegt verið um það ritað á síðari árum, og ýmsir, þ. á m. mikilhæfir vestrænir stjórnmálafræðingar og sagnfræðingar, hafa hiklaust látið í ljós þá skoðun, að kenningarnar um yfirvofandi rússneska árás á Vestur- og Norður-Evrópu hafi verið úr lausu lofti gripnar. En um þetta atriði, sem að vísu er mikilvægt sögulega séð, ætla ég sem sagt ekki að fjölyrða. Það, sem nú skiptir höfuðmáli, er, hversu traustar voru forsendurnar fyrir stofnun Atlantshafsbandalagsins árið 1949 eða haldgóð rökin á þeim tíma fyrir inngöngu Íslands í slíkt bandalag. Að vísu er ég þeirrar skoðunar, að hvorugt standist, ef málið er skoðað niður í kjölinn á algerlega hlutlægan hátt. En héðan af er vissulega miklu meira um hitt vert, að menn gefi sér tóm til að fjalla um herstöðva- og hernaðarbandalagamál, eins og þau blasa við í dag, við lok 7. áratugs þessarar aldar og upphaf þess 8. Og það ber mönnum, ekki síst stjórnmálamönnum, að gera af raunsæi og hleypidómaleysi, og þeir ættu ekki að láta gömul, löngu úrelt slagorð, gamla fordóma og innihaldslitla frasa vera framlag í rökræðum um þetta mikilvæga mál.

Þegar nálgast tók, að 20 ára gildistímabil Atlantshafssamningsins rynni út, þá hefði mátt þykja eðlilegt, að víðtækar umr. færu fram hér á landi, eins og víðar í aðildarríkjunum, um bandalag þetta, um gildi þess og erindi Íslands í slíkt bandalag framvegis. En það reyndist ótrúlega torvelt að fá slíkar umr. teknar upp hér, og ég verð að segja það, að hér á Alþ. virtist þetta vera nærri því ókleift. Það virtist svo sem forsvarsmenn aðildar okkar að NATO segðu blátt áfram og umbúðalaust: NATO hefur reynzt vel. NATO hefur stöðvað framrás kommúnismans. Við verðum áfram í NATO.

Ég get ekki látið hjá líða að fara hér fáeinum orðum um þá tregðu, sem ríkt hefur hjá íslenzkum stuðningsmönnum Atlantshafsbandalagsins, og þá alveg sérstaklega hæstv. ríkisstj. og hennar mönnum, að því er tekur til allrar raunhæfrar athugunar á þessu máli og raunar til eiginlegra rökræðna um það einnig. Árið 1965, þegar liðin voru 16 ár af gildistíma Atlantshafssamningsins, fluttum við Alþb.-menn þáltill. um könnun og endurskoðun á aðild Íslands að Norður-Atlantshafssamningi og Atlantshafsbandalagi. Till. var á þessa leið:

„Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til að kanna svo sem við verður komið, hvaða hugmyndir eru uppi meðal aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins um skipulag þess og framtíð. Jafnframt skal n. fjalla um afstöðu Íslands til Norður-Atlantshafssamningsins frá 1949, jafnt í ljósi fenginnar reynslu sem breyttra aðstæðna og þeirra upplýsinga, sem fyrir liggja og fram kunna að koma, um viðhorf aðildarríkja til samningsins. Skal n. með sérstöku tilliti til ákvæðis samningsins í uppsagnarheimild 1969 semja rökstudda grg. um málið og leggja hana fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Ég var fyrsti flm. þessarar þáltill. og átti nokkurn þátt í að forma hana á þann veg sem varð. Með því að leggja áherslu á rannsóknar- og könnunarleið í þessu stórmáli, vakti það fyrir mér og okkur flm. að reyna að þoka umr. um aðild að Atlantshafsbandalaginu og umr. um utanríkisstefnu Íslands í heild á nýtt og dálítið annað stig en verið hafði þá um skeið. Því er ekki að leyna, að löngum þá á undan höfðu umr. um þessi mál, jafnt innan þings sem utan, einkennzt að mínu viti um of af lítt rökstuddum fullyrðingum, en tilraunum til að leggja hlutlægt mat á málin án tilfinningasemi var heldur illa tekið, ég vil segja í beggja herbúðum. Annars vegar var kostað kapps um að staðhæfa, að allir fylgismenn aðildar að Atlantshafsbandalagi væru lítilmótlegir og ósjálfstæðir Bandaríkjaleppar. Hins vegar var af ekki minni óbilgirni fullyrt, að allir andstæðingar NATOs væru Rússadindlar, sem reru að því öllum árum, að Rússar gætu komið og gleypt okkur.

Eins og ég hef áður vikið að, var búið að gera utanrmn. óstarfhæfa með öllu og raunverulegar rökræður um utanríkismál hér á Alþ. áttu sér afar sjaldan stað. Ótrúlega lengi eimdi eftir af þeim ræðuhöldum og þeim blaðaskrifum, sem einkenndust af glórulausu ofstæki, svo sem þegar málgagn stærri stjórnarflokksins, Morgunblaðið, kallaði á sínum tíma núverandi biskup landsins „hinn smurða Moskvuagent" og staðhæfði, að honum og skoðanabræðrum hans væri það mest í mun, að Ísland yrði Rússum sem allra auðveldust bráð.

Sem betur fer er ofstæki af þessu tagi nú að verulegu leyti úr sögunni, a. m. k. hér á Alþ., og ég skal taka það fram til að fyrirbyggja misskilning, að ég tel, að hæstv.

núv. utanrrh. eigi sinn góða hlut að því, að rætt er um þessi mál með nokkuð öðru orðbragði nú en áður var. En ég kippi mér ekki upp við það, þó að einstök blöð, eins og t. d. umrætt Morgunblað, eigi dálítið bágt með *sig stundum og öðru hverju birtist þar skrif og kannske* víðar, sem minna óþyrmilega á þá staðreynd, hve erfitt það getur verið að venja sig af gömlum ósiðum. En þó að hér hafi orðið á veruleg bragarbót á síðustu árum, og þá alveg sérstaklega að því er tekur til umræðna ungra manna um þessi efni, – þá á ég við unga menn bæði innan stjórnmálaflokkanna og utan, – þá er slíkt engan veginn einhlítt, þótt gott sé, og raunar tel ég það mjög mikilvægt og er bjartsýnn í sambandi við þá staðreynd, að unga kynslóðin virðist kosta kapps um málefnalegar og raunsæjar umr. um mál eins og utanríkismál, og ég vona, að margt gott megi af því leiða. Við hér á Alþ. erum kannske helzt til íhaldssamir í þessu efni, eins og sumum fleiri, og eigum e. t. v. dálítið erfitt með að losa okkur við eitt og annað af gömlu frösunum, og skal ég ekki undanskilja mig að öllu í því efni.

Ég tel, að hæstv. utanrrh. hafi gert gott verk, þegar hann lagði sitt fram til þess að bæta að nokkru vinnubrögðin í sambandi við meðferð utanríkismála hér á Alþ. og í sambandi við utanrmn. Það er kunnugt, að utanrmn. hefur nú verið vakin af dvala og starfar með nokkurn veginn eðlilegum hætti. Hún leitast nú við að gegna því mikilvæga hlutverki að fjalla um utanríkismál, og nefndinni hefur verið gefið fyrirheit um, að svo verði framvegis og jafnvel í auknum mæli og að nefndin starfi einnig þá mánuði, sem Alþ. situr ekki ár hvert, en það tel ég verulegu máli skipta. Væntanlega verður þetta fyrirheit efnt og aðstaða nefndarinnar þar með bætt til að vinna verk sitt á þann veg, að gagn geti af orðið. En hvað sem þessu líður, þá hefur allt fram að þessu gætt furðumikillar tregðu ráðamanna hér á hv. Alþ. til að ræða af alvöru afstöðuna til herstöðvamálsins og NATO. Með ýmsum hætti hefur verið undan því vikizt að taka NATO-aðild Íslands til rækilegrar athugunar og endurskoðunar.

Þáltill. sú, sem ég gerði nokkra grein fyrir hér áðan, var flutt á tveim eða þrem þingum, án þess að Alþ. fengist til að taka afstöðu til efnisatriða hennar. Enn var málið flutt í ályktunarformi snemma á þingi í fyrra. Efni þeirrar ályktunar, sem við Alþb.-menn lögðum þá fram, var í stuttu máli á þá leið að fela utanrmn. að semja rækilega grg. um þau vandamál, sem tengd eru aðild Íslands að NATO, um breytingar á vettvangi alþjóðamála þau 20 ár, sem bandalagið hefur starfað, og viðhorfin nú með sérstöku tilliti til Íslands. Þessari till. var seint og um síðir vísað til utanrmn., en þar lá hún óafgreidd fram undir þinglok.

Síðar á þinginu í fyrra fluttum við Alþb.-menn aðra till., sem fól í sér hvort tveggja í senn, úrsögn úr NATO og uppsögn herstöðvasamningsins við Bandaríkin. Sú till. var á dagskrá Sþ. alltaf öðru hvoru allan síðari hluta þingtímans í fyrra, en var aldrei tekin til umr. Nú var sams konar till. flutt um miðjan nóvembermánuð s. l., og hún hefur ekki enn verið rædd né komizt til n. Ég geri ekki ráð fyrir því, að hér sé eingöngu eða jafnvel ekki fyrst og fremst um að kenna sérstakri tregðu hæstv. utanrrh. eða annarra ráðamanna um að ræða þessi herstöðva- og herbandalagamál. Hér kemur einnig og kannske fyrst og fremst til sú allsendis óhæfa ráðstöfun, að ætla sameinuðu Alþingi nær aldrei annan fundartíma allan þingtímann heldur en miðvikudagana, til þess að umr. geti farið fram, þó að reynslan sýni ár eftir ár, að *þetta er alls kostar ófullnægjandi fyrir Sþ. Þetta* þrengir m. a. stórlega að nauðsynlegum umr. um utanríkis- og sjálfstæðismál þjóðarinnar. Það er fyrir því margföld reynsla, að sá tími, sem Sþ. er ætlaður frá upphafi þings og til loka, fer að langmestu leyti í fsp. og í hrókaræður ráðh. í sambandi við þær fsp., þegar þeir eru að lesa yfir þingheimi oftast nær langar skýrslur, sem rn., ríkisstofnanir eða nefndir hafa tekið saman. Nú er ég ekki að segja, að það sé ekki oft ýmis fróðleikur í þessum skýrslum, sem gott sé að fá, en ég tel það algerlega óhæf vinnubrögð til frambúðar, að Sþ. og þar með utanríkismálum þjóðarinnar og sjálfstæðismálum sé skammtaður svo naumur tími, að það séu ekki tök á að ræða ýtarlega, og það ekki aðeins á einum fundi, hin stærstu og mikilvægustu mál.

Ég mun nú ræða nokkru nánar um NATO-málið og skal leitast við að gera það málefnalega og ofstækislaust, enda hygg ég, að þess sé að vænta, að sá tími sé liðinn, a. m. k. hér á Alþ., að menn séu með staðhæfingar eins og þær, að afstaða manna til hernaðarbandalaga og herstöðva hljóti að mótast af dýrkun á rússneskum kommúnisma annars vegar og bandarískum kapítalisma hins vegar. Það fer ekki á milli mála, að í aðildarlöndum Atlantshafsbandalagsins, þ. á m. Íslandi, hafa margir fylgismenn aðildar að þessu bandalagi sitt hvað við þjóðskipulag Bandaríkjanna og utanríkisstefnu þeirra að athuga. Sumir fylgismanna NATO, sjálfsagt býsna margir, sjá einnig ákveðin vandkvæði á NATO og telja, að áhrif Bandaríkjanna á stefnu þess hafi verið og séu óeðlilega mikil, og mjög margir telja aðild einræðisríkja, hreinna fasistaríkja, vera svartan blett á þessum samtökum. En allt um það eru þessir menn, sem ég ræði hér um, þeirrar skoðunar, að *Atlantshafsbandalagið hafi gegnt* þörfu hlutverki, það hafi verið og sé óhjákvæmilegt mótvægi gegn kommúnískri og þá einkum rússneskri útþenslustefnu í Evrópu. Ýmsir, sem þessu halda fram, gera sér hins vegar ljóst, að hernaðarbandalögin tvö í Evrópu, Atlantshafsbandalagið og Varsjárbandalagið, eru engan veginn æskileg eða eðlileg framtíðarlausn á sambúðarvandamálum Evrópu. Og sumir gera sér það einnig ljóst, að þau koma í rauninni í veg fyrir raunhæfa lausn þessara mála. Því miður fannst mér allmikið skorta á, að hæstv. utanrrh. hefði þennan skilning. En menn, sem hafa þessar skoðanir, eru vísir til að vilja meta hverju sinni, hvaða aðferðir eru líklegastar til að stuðla að friði, stuðla að bættri sambúð þjóða. Þeir eru til viðræðu um vandamálin. Þeir vilja móta afstöðu sína til herbandalaga á grundvelli sem raunhæfastrar vitneskju, sem traustastra staðreynda. Ég vona, að það sé ekki of mikil bjartsýni að vænta þess, að meðal íslenzkra fylgismanna NATO í þingmannahópi séu slíkir menn. Það er ekki sízt við þá, sem ég vil gjarnan ræða þetta mál nokkuð og frá ýmsum hliðum.

Með hliðsjón af því, sem ég hef nú þegar sagt, ætti e. t. v. að vera óþarfi að taka það fram, að ég tel alla hugsandi menn, alla menn, sem einhver ábyrgð er falin, siðferðilega skylda til að endurmeta afstöðu sína og

viðhorf í ljósi nýrra upplýsinga og þeirra staðreynda, sem fyllstar liggja fyrir hverju sinni. Þetta gildir vitanlega einnig um okkur, sem höfum verið og erum andvígir aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Flest er breytingum háð, og þróun heimsmála er næsta ör. Við megum því allir gæta okkar á því að staðna ekki, flæktir í gamlar kreddur eða kennisetningar. Við erum hver og einn siðferðilega skyldugir til að meta viðhorf og taka afstöðu til allra mála fyrst og fremst út frá íslenzku sjónarmiði hverju sinni. Við hljótum að sjálfsögðu að gera okkur fulla grein fyrir því, að eins og sakir standa, er veröldinni skipt í áhrifasvæði, þar sem risaveldin tvö, Bandaríkin og Sovétríkin, kosta kapps um að hafa tögl og hagldir hvort á sínu svæði. Við hljótum að horfast í augu við þá staðreynd, að Ísland er á miðju áhrifasvæði Bandaríkjanna. Ég er ekki svo óraunsær að neita því, að við mótun íslenzkrar utanríkisstefnu er óhjákvæmilegt að taka tillit til þessara staðreyndar. Hinu neita ég eindregið, að af þessari staðreynd beri að draga þá ályktun, að okkur sé það eitt hlutskipti búið að vera handbendi Bandaríkjanna og þjónn bandarískrar utanríkisstefnu í einu og öllu. Nei, ég tel, að enda þótt sjálfsagt sé að leggja fullkomlega raunsætt mat á allar aðstæður, þá hljóti það að vera kjarni íslenzkrar utanríkisstefnu að tryggja íslenzkri þjóð sem mest og öruggast sjálfstæði og frelsi og stuðla að bættri sambúð þjóða og varanlegum friði. Ég vil í lengstu lög vænta þess, að þeir íslenzkir stjórnmálamenn séu fáir, ef nokkrir eru, sem teknir eru að líta á það sem keppikefli í sjálfu sér, að land þeirra sé í hernaðarbandalagi og hér dveljist erlendur her. Og vissulega fagna ég því, sem hæstv. utanrrh. sagði um dvöl hers hér á landi, þar sem hann vék að því, að vitanlega væri hún óæskileg lengur en nauðsyn krefði, eins og ég hygg, að hann hafi orðað það.

Mér þykir einsætt, að íslenzk viðhorf hljóti að vera þau, að aðild að hernaðarbandalagi sé almennt talin óæskileg og óeðlileg og að varanlegt hernám sé háskalegt og andstætt hagsmunum þjóðarinnar. Hitt kynni þá fremur að vera deiluefni, hvort aðstæður, svo sem styrjaldarháski, réttlættu einhverjar slíkar ákvarðanir á tilteknu tímabili, gerðu þær um skeið illa nauðsyn.

Eitt af býsna mörgu, sem tekið hefur verið til rækilegs endurmats nú á síðustu árum, eru vestrænar kenningar um utanríkisstefnu Sovétríkjanna, um markmið hennar og leiðirnar til að ná því marki. Lengi vel var ákaflega torvelt að afla sér upplýsinga um þetta mikilvæga mál. Þeir voru næsta fáir, sem leituðust við að skýra rússneska utanríkisstefnu á hlutlægan hátt, leituðust við að meta hana og segja þar kost og löst. Þar var sjaldan nema um tvennt að ræða: annars vegar blinda fordæmingu, hins vegar blinda dýrkun. Algengt var, einkum á blómatímum kalda stríðsins, að lýsa Rússum sem samsærisklíku, samsærisklíku glæpamanna, sem berðist ákaft fyrir því að leggja undir sig heiminn og útbreiða kommúnisma um allar jarðir með báli og brandi. Þessum skuggalega lýð fylgdi svo í hverju landi heil hjörð illvirkja, sem stefndi að þessu sama marki, og þar að auki svokallaðir nytsamir sakleysingjar, er þóttu flestum varhugaverðari. Það er óþarfi að rekja þessa sögu. Hún er öllum kunn. Á hinn bóginn mátti svo lesa ritsmíðar manna, sem töldu sjálfum sér og öðrum trú um, að austur í Rússlandi væri fyrirmyndarríkið að rísa, þar væri draumurinn fagri um frelsi, jafnrétti og bræðralag að rætast. Ég held, að það fari ekki á milli mála, að margir sósíalistar og kommúnistar á Vesturlöndum treystu því æðilengi, að austur þar væri, þrátt fyrir þrengingar og tímabundin skakkaföll, að mótast þjóðfélagskerfi betra og fullkomnara en áður þekktist. Og meðan menn trúðu þessu, var í sjálfu sér skiljanlegt, að þeir reyndu í lengstu lög að skýra og réttlæta utanríkisstefnu Rússa út frá hugmyndum sjálfra sín um forysturíki sósíalismans, eins og það var orðað. Hitt er svo annað mál, að á okkar tímum hafa fáir orðið fyrir öðrum eins vonbrigðum og einmitt þessir menn, og þeim mun meiri og sárari hafa vonbrigðin orðið sem trúin var einlægari og heitari.

En víkjum nú aftur að þeirri staðhæfingu, að lengi hafi verið örðugt um vik að afla staðgóðrar fræðslu um utanríkisstefnu Rússa, og fáir orðið til að meta hana á hlutlægan hátt. Hin síðustu ár hefur orðið töluverð breyting á þessu einmitt hér í hinum vestræna heimi. Ýmsir mikilhæfir menn, sem ekki verða vændir um kommúnisma, þ. á m. sérfræðingar í utanríkismálum og í samtímasögu, hafa skrifað býsna fróðlegar bækur um utanríkisstefnu Rússa allt frá tímum byltingarinnar og fram á þennan dag. Ég ætla aðeins að nefna tvo slíka rithöfunda af allmörgum, menn, sem mér eru kunnir eða ég hef lesið eftir, menn, sem um þessi mál hafa fjallað á þann hátt, er ég tel, að veki traust. Ég geri sérstaklega grein fyrir þessum tveimur, þar sem ég styðst í ýmsu við rit þeirra í orðum mínum hér á eftir.

Annar er víðkunnur amerískur prófessor í þjóðfélagsfræðum, Marshall D. Schulmann. Rit hans, „Utanríkispólitík Stalíns endurmetin", var gefið út af forlagi Harvard-háskóla, en bók hans „Að kalda stríðinu loknu" kom út hjá bókaútgáfu Yale-háskóla. Hinn rithöfundurinn, sem ég ætlaði að nefna hér til, er Norðmaðurinn Jan Otto Johansen, en hann er sérfræðingur norska sjónvarpsins um utanríkismál. S. l. haust kom út eftir hann einkar fróðleg og athyglisverð bók um sovézka utanríkispólitík. Jan Otto Johansen segist rita bók sína ekki hvað síst til þess að reyna að hnekkja þeirri útbreiddu en röngu skoðun, að utanríkispólitík Sovétríkjanna sé eitthvað ákaflega dularfullt fyrirbæri, sem hvorki verður skýrt né skilið út frá sömu forsendum og utanríkispólitík annarra ríkja. Þetta mat vestrænna manna, að utanríkisstjórnmál Rússa séu óskiljanlegt ráðabrugg einhverra afla úr myrkheimum, það gildir nú einnig um Kína, eftir að kommúnistar náðu þar völdum. Margir Vesturlandabúar, þ. á m. fjöldi ráðamanna, hefur litið á utanríkispólitík þessara víðlendu og fjölmennu kommúnistaríkja út frá því sjónarmiði, segir þessi norski sérfræðingur, að þar gildi ekki að neinu leyti almenn og áður kunn lögmál. Stefnan mótist ekki af venjulegum ríkishagsmunum, svo sem öryggissjónarmiðum, efnahagsstöðu og öðru slíku, heldur af leyndardómsfullum áformum um alheimssamsæri um að koma á heimsbyltingu, um að útbreiða kommúnismann með báli og brandi um alla jörð. Þessi hneigð manna á Vesturlöndum til að skilgreina utanríkispólitík Rússa sem eitthvert algerlega nýtt og einstakt fyrirbrigði með allt annað markmið en venjuleg pólitík stórvelda veldur því, segir Johansen, að litið er á rússneska stjórnmálamenn sem hálfgerðar dularverur

og þessar dularverur hafi allt annan hugsanagang, noti allt aðrar aðferðir og stefni að allt öðrum markmiðum en stjórnmálamenn annarra stórvelda hafa gert fyrr og síðar. Jan Otto Johansen hafnar þessari kenningu algerlega, og telur hana á misskilningi byggða. Hann segir: „Niðurstaða mín er þessi: Stefna Sovétríkjanna í utanríkis- og öryggismálum er ákaflega svipuð þeirri stórveldapólitík, sem við þekkjum ósköp vel. Við hana er ekkert sérlega dularfullt, og að svo miklu leyti sem utanríkispólitík Rússa er frábrugðin utanríkispólitík annarra stórvelda nú á dögum, stafar það af því, hve hún er ákaflega íhaldssöm og hefðbundin, en alls ekki af hinu, að hún sé svo róttæk og byltingarkennd."

Ekki veit ég, hvort saga Jósefs Stalíns er enn komin í það mikla fjarlægð, að auðvelt sé að ræða ákveðna þætti stjórnarathafna hans af hlutlægni og án stóryrða. Þetta gerir þó prófessor Marshall D. Schulmann hiklaust, en að því er mér virðist nokkuð trúverðuglega. Í bók sinni um utanríkispólitík Stalíns tekur prófessorinn til meðferðar þá kenningu, að Stalín hafi rekið ákafa og ofsafengna útþenslupólitík í því skyni að koma á kommúnísku skipulagi um allan heim. Schulmann kemst að þveröfugri niðurstöðu. Með ýmsum dæmum sýnir hann fram á, hvernig Stalín var ævinlega reiðubúinn að fórna kommúnistum og hugsanlegri kommúnískri byltingu, svo sem í Kína á sínum tíma og í Grikklandi á sínum tíma, ef hann taldi það henta hinu rússneska stórveldi og vera vissara fyrir öryggi þess. Telur prófessor Schulmann, að í rauninni hafi Stalín rekið varfærnislega utanríkispólitík, forðazt að leggja í mikla áhættu, sem leitt gæti til mjög alvarlegra árekstra við Bandaríkin. Aftur á móti hafi Nikita Krúsjeff rekið ólíkt harðari og glannafengnari utanríkispólitík. Prófessorinn segir, að hvaða eftirmæli, sem Stalín kunni að eiga skilið að öðru leyti, hafi hann rekið að vísu nokkuð kaldrifjaða, en gætilega og skynsamlega utanríkispólitík frá rússnesku stórveldissjónarmiði séð. Schulmann fjallar rækilega um ástandið í Rússlandi að heimsstyrjöldinni lokinni. 20 millj. manna fallnar, fjöldi borga og heilir landshlutar í rústum, Bandaríkin auðug og hervædd og hampandi atómsprengjunni, ráðamenn þar boðandi heilaga krossferð gegn kommúnismanum. Undir þessum kringumstæðum, í tómarúminu í Evrópu eftir styrjöldina, verður að skýra þá atburði, sem gerðust í ýmsum löndum Mið-Evrópu fyrir röskum 20 árum, segir hinn ameríski prófessor. Vitanlega hafi Stalín kosið að tryggja það, að stjórnir sem flestra nágrannaríkja Rússlands yrðu Rússum vinveittar og jafnvel háðar. Schulmann tekur þarna til samanburðar ýmis gömul og ný afskipti Bandaríkjanna af innanlandsmálum Mið- og Suður-Ameríkuríkja. Hann spyr síðan, hvort Bandaríkjamenn gætu barið sér á brjóst og svarið og sárt við lagt, að þeim hefði aldrei komið til hugar að hlutast til um stjórnarfar nágrannaríkja. Setjum svo, heldur hann áfram, að Rússar hefðu staðið í sporum Bandaríkjamanna að styrjöldinni lokinni, verið langtum öflugri hernaðarlega, ráðið yfir atómvopnum einir þjóða, strengt þess heit að umkringja og einangra Bandaríkin og hefja krossferð gegn bandarískum kapítalisma. Ef Bandaríkjamenn hefðu jafnframt staðið í sporum Rússa, land þeirra legið flakandi í sárum eftir villimannlega innrás voldugs nágranna, er þá ekki sennilegt, að þeir hefðu gengið nokkuð langt til að tryggja líf sitt og öryggi? spyr hinn ameríski prófessor.

Prófessorinn kemst að þeirri niðurstöðu, að hvert einasta skref Stalíns í utanríkismálum hafi miðað að því að auka öryggi og efla áhrifamátt Rússlands, hann hafi aldrei stigið hænufet til að útbreiða heimskommúnismann. Gamli maðurinn hafi meira að segja sýnt og sannað, einkum með afstöðunni til Júgóslavíu og Títós, að kommúnistaríki, sem ekki hlíta rússneskri leiðsögn, væru að hans dómi hér um bil það versta, sem til væri. Vissulega væri fróðlegt að rekja í einstökum atriðum stjórnmálasögu síðustu áratuga í ljósi þeirrar kenningar, að sovézkir valdamenn hafi fyrr og síðar komið fram sem fulltrúar rússnesks stórveldis, fremur en sem baráttumenn fyrir alheimskommúnisma. Hér er ekki tækifæri til svo umfangsmikillar könnunar. Hitt vil ég staðhæfa, að ég fæ ekki betur séð að svo komnu máli en niðurstaðan hljóti að vera þessi: Leiðtogar Sovétríkjanna hafa stefnt og stefna að því með utanríkispólitík sinni að treysta öryggi og auka völd og áhrif þess stórveldis, sem þeir stjórna. Þeir vega og meta hverja stöðu, sem upp kemur í alþjóðamálum, út frá sjónarmiði rússneska ríkjasambandsins fyrst og fremst. Starfsaðferðir þeirra bera engin auðkenni þess, að heimsbylting sé takmarkið. Ég fæ ekki betur séð en það sé rétt, að hér er á ferðinni stórveldispólitík í næsta hefðbundnum stíl.

Ýmsir stuðningsmenn NATO hér á landi jafnt sem erlendis hafa bent á innrás Rússa og fylgiríkja þeirra í Tékkóslóvakíu sumarið 1968 sem nýja og ótvíræða sönnun þess, að tilvist Atlantshafsbandalagsins sé nauðsyn. Á þetta lagði hæstv. utanrrh. mjög ríka áherzlu í skýrslu sinni hér í fyrra, og hann var einnig við sama heygarðshornið í ræðu sinni hér í dag. Svo rík áherzla hefur verið lögð á þessa staðhæfingu, að ég tel rétt að athuga hana nokkru nánar. Og þá verður óhjákvæmilegt að líta fyrst aftur í tímann um nokkurt skeið.

Hinn 12. marz 1947 flutti þáv. forseti Bandaríkjanna, Harry S. Truman, ræðu, sem oft hefur verið vitnað til síðan. Í ræðu þessari var demókratinn Truman öðrum þræði að svara stjórnmálaandstæðingum sínum í Bandaríkjunum, repúblikönum, sem höfðu sakað hann og stjórn hans um hina mestu linkind gagnvart kommúnistum, jafnt innanlands sem utan. Forsetinn tók nú á honum stóra sínum og hugðist þvo kommúnistaóorðið af demókrötum með stórhreingerningum í eitt skipti fyrir öll. Í ræðu sinni lagði Truman áherzlu á, að það væri hverju orði sannara, að gervallt mannkyn skiptist nú í tvo hluta, hinn góða hluta og hinn illa. Góða fólkið ætti flest heima á vesturhveli jarðar, það elskaði frelsið ákaflega heitt, það væri ákaflega lýðræðissinnað, það hataði kommúnista ákaflega mikið og það væri prýtt mörgum öðrum dyggðum. Þetta góða fólk lyti forystu rétt hugsandi Bandaríkjamanna. Hins vegar væri vonda fólkið, kommúnistar, undir forystu Rússa, fylgifiska þeirra og handbendi víðs vegar um lönd. Þetta var allt ákaflega einfalt, annaðhvort amerískur andkommúnismi eða kommúnískt samsærisdót. Það var ekkert þar fyrir utan. Og nú boðaði Truman hvort tveggja í senn: upprætingu kommúnismans í Bandaríkjunum og harða baráttu gegn kommúnisma í öðrum löndum. Slá þyrfti hring um Sovétríkin, halda þeim í eins konar herkví. Hér kom einnig fram sú kenning, að Bandaríkin hefðu

bæði rétt og skyldu til að koma vinum sínum í öðrum löndum til hjálpar, væri ríkjandi stjórnarfari ógnað af innlendum jafnt sem erlendum öflum. Á þessum tíma geisaði borgarastyrjöld í Grikklandi, og það var einmitt til að geta komið afturhaldsöflum þar í landi til hjálpar, sem þessi fræga kenning, Trumanskenningin svonefnda, var sett fram.

Það er svo alkunna, að upp úr þessu hófust í Bandaríkjunum þeir furðulegu atburðir, sem kenndir hafa verið við McCarthy hinn eldra og naumast eiga sér aðrar hliðstæður en galdrabrennur liðinna alda. Fjöldi fólks var borinn hvers kyns sökum og líf óteljandi mætra manna lagt í rúst. Þar kom, að Harry Truman sjálfur varð einn skotspónn þessa froðufellandi ofstækis. Hann var jafnvel sakaður um að hafa haldið verndarhendi yfir rússneskum njósnara. Truman fjallar um þetta í endurminningum sínum og lýsir því hressilega og ákaflega tæpitungulaust, eins og hans var von og vísa, til hvers McCarthy-isminn í Bandaríkjunum leiddi. Truman kemst þannig að orði:

„Lýðskrumarar, fífl og atvinnuföðurlandsvinir voru iðnir við að sá fræjum óttans í sálir ameríska borgara. Fjöldi heiðarlegs fólks trúði því statt og stöðugt, að yfir bandarísku þjóðinni vofði kommúníst valdarán og að ríkisstj. okkar í Washington væri gegnsýrð af kommúnisma. Þessi áróður var svo öflugur og umfangsmikill, að enginn gat verið öruggur um sinn hag. Þetta var harmleikur og smán okkar tíma." Slíkur var dómur Trumans eftir á.

Hér skal ekki rætt meira um McCarthy-ismann, en vikið nokkru nánar að Trumanskenningunni, þeirri kenningu, að krossferðin gegn sósíalisma og kommúnisma veiti Bandaríkjunum rétt til þess að hlutast til um innanríkismál annarra þjóða á svonefndu vestrænu yfirráðasvæði, til þess að hægt sé að viðhalda þar óbreyttu stjórnarfari eða breyta því Bandaríkjunum í hag. Það er framkvæmd þessarar kenningar, sem hefur valdið Bandaríkjunum mestum erfiðleikum og álitshnekki, og þarf ekki annað en að nefna örfá nöfn því til staðfestingar, nöfn eins og Víetnam, Kóreu, Formósu, Grikkland. Austur í Rússlandi sitja líka valdamenn öflugs stórveldis. Margt er líkt með skyldum, segir máltækið, og á það nokkuð oft við um hugsanagang og starfsaðferðir leiðtoga risaveldanna tveggja. Rússneskir valdhafar hafa líka tilhneigingu til að einfalda hlutina, ósköp líkt og Bandaríkjamenn. Þeir hafa líka verið að bisa við að skipta heiminum í tvennt, *gott og illt, hvítt og svart*. Þar er annars vegar hinn góði kommúnismi, undir rússneskri forystu, hins vegar hinir illu stríðsæsingamenn og heimsvaldasinnar, sem hlíta bandarískri leiðsögn. Furðumargar hliðstæður má finna með stórveldunum tveimur, jafnvel að því er tekur til kenninga og opinbers boðskapar. Eitt er það, að ekki verður annað séð en Trumanskenningin gamla, sem m. a. var, eins og ég áður sagði, beitt í Grikklandi 1947 og oft hefur verið beitt síðan af Bandaríkjamönnum, hafi verið tekin upp austur í Rússlandi og heiti þar að vísu Brésnjeffskenning. Það var samkvæmt þessari kenningu, um rétt til íhlutunar í innanríkismál á hinu austræna áhrifasvæði, sem Rússar réðust inn í Tékkóslóvakíu í ágúst 1968, eftir að þeir höfðu tilkynnt Bandaríkjunum sérstaklega, hvað í vændum væri. Innrás Rússa og fylgifiska þeirra í Tékkóslóvakíu og ömurleg þróunin þar í hernumdu landi alla stund síðan hefur verið notuð bæði hér og erlendis til rökstuðnings fyrir NATO-stefnu.

Hér á landi hefur með allmiklum árangri verið reynt að hagnýta þessa atburði til að réttlæta bæði áframhaldandi bandaríska hersetu á Íslandi og áframhaldandi aðild Íslands að NATO. Svo langt hafa sumir menn jafnvel gengið, að staðhæfa, að rússnesk valdbeiting í Tékkóslóvakíu réttlæti allar yfirtroðslur og óhæfuverk, sem Bandaríkin hafa framið víðs vegar um heim. Þátttaka Íslands í NATO hvílir sem fyrr á þeirri kenningu, að Atlantshafsbandalagið sé varnarbandalag gegn árásarstefnu Rússa og annarra kommúnistaríkja og stuðli að því að viðhalda valdajafnvægi, meðan ekki hefur náðst samkomulag um afvopnun og upplausn hernaðarbandalaganna.

Athugum nú þessa gömlu og nýju kenningu í ljósi reynslunnar. Samkvæmt sáttmála Atlantshafsbandalagsins er það meginhlutverk þess bandalags að vernda bandalagsþjóðirnar fyrir hugsanlegri utanaðkomandi árás. Svipuð ákvæði mun að finna í sáttmála Varsjárbandalagsins, þótt ég þekki hann miður. En hver hefur raunin orðið? Hún hefur orðið sú, að í hvorugu tilfellinu, hvorki að því er tekur til Atlantshafsbandalags né Varsjárbandalags, hefur frelsi og sjálfsákvörðunarrétti bandalagsþjóða verið ógnað utan frá af hinum meintu andstæðingum, sem hernaðarbandalögin áttu að verja þjóðirnar fyrir. Frelsið og sjálfsákvörðunarrétturinn hafa *þvert á móti verið skert eða fótum troðin* af ríkjum innan hvors bandalags fyrir sig. Bandalögin hafa allt frá upphafi, en þó í vaxandi mæli, eftir því sem fram liðu stundir, orðið stjórntæki risaveldanna tveggja, Rússlands og Bandaríkjanna, til að tryggja yfirráð þeirra yfir hinum smærri bandalagsríkjum, hvorum í sinni hernaðarblökk. Frelsi Tékka var ekki ógnað úr vestri, heldur af Rússum og öðrum bandalagsríkjum Tékka í Varsjárbandalaginu, hernaðarbandalaginu, sem átti með vopnum sínum að tryggja öryggi þeirra og rétt. Og á hliðstæðan hátt, – ég fullyrði það, – á hliðstæðan hátt sýna örlög Grikklands hvílíkt frelsi það er, sem NATO, undir yfirstjórn Bandaríkjanna, tryggir smáríkjunum, sem þar eiga aðild og skulu samkvæmt aðildarsáttmálanum vænta halds og trausts. Hæstv. utanrrh. neitaði þessu í ræðu sinni og taldi alls ekki um sambærilega hluti að ræða, og skal ég því koma að *því nokkru nánar*.

Það þarf ekki að rekja það, sem alkunnugt er, að vorið 1967 hrifsaði grísk herforingja- og liðsforingjaklíka til sín öll völd í Grikklandi, kom þar á hernaðareinræði, smalaði stjórnmálaandstæðingum sínum í fangabúðir og hefur stjórnað síðan samkvæmt kokkabókum ótíndra fasista. Þetta valdarán var framkvæmt, þegar kosningar stóðu fyrir dyrum í Grikklandi, þegar sýnt þótti, að frjálslyndur borgaraflokkur þar í landi, Miðsambandið svonefnda, næði þar þingmeirihluta ásamt sósíalistum og kommúnistum og myndaði að öllum líkindum með þeim einhvers konar vinstri stjórn. Það er fyrir löngu talið alveg óyggjandi og fullsannað, að valdarán liðsforingjanna í Grikklandi var framið samkvæmt bandarískri áætlun, sem gerð hafði verið að frumkvæði CIA leyniþjónustu Bandaríkjanna. Til

þessarar áætlunar skyldi grípa og hún skyldi framkvæmd, hvenær sem ástandið í grískum innanlandsmálum kynni að komast á það stig, að talið væri hættulegt fyrir NATO og þar með óæskilegt frá sjónarmiði Bandaríkjanna. Vitneskja um þessi afskipti bandarísku leyniþjónustunnar af þessum málefnum Grikklands og samvinna við valdaræningjana þar varð tiltölulega fljótt kunn. Um skeið héldu ýmsir vinir Bandaríkjanna því fram, að leyniþjónustan hefði sjálfsagt hér eins og oftar gripið fram fyrir hendurnar á yfirboðurum sínum í Washington og sýnt þetta hressilega framtak án þess að þeir hefðu minnstu hugmynd um. En síðar hafa verið leiddar að því sterkar líkur, – ég þori ekki að segja, að það sé fullsannað, – að utanríkis- og varnamálaráðuneyti Bandaríkjanna og jafnvel Johnson forseti hefðu ekki aðeins vitneskju um áætlunina og fyrirætlun grísku liðsforingjanna, heldur hafi þessir aðilar tekið beinan þátt í undirbúningi. Það er a. m. k. víst, að Miðjarðarhafsfloti Bandaríkjanna lá úti fyrir Aþenu, þegar liðsforingjarnir hrifsuðu til sín völdin, og hann hélt þar kyrru fyrir um meira en hálfs mánaðar skeið, eða þangað til valdaránið var að fullu og öllu til lykta leitt. Nú hafa þessir grísku liðsforingjar og hershöfðingjar setið við stjórnvölinn í Grikklandi í þrjú ár, og gríska stjórnin hefur nær allan þann tíma notið bæði hernaðarlegrar og efnahagslegrar aðstoðar frá Bandaríkjunum, að því er talið er í mjög stórum stíl. Grikkland undir fasistastjórn er af Bandaríkjunum og NATO hinn yfirlýsti útvörður frelsis og lýðræðis í suðri, svo einkennilega sem þetta hljómar. Og á fundum NATO-ráðs hefur meiri hl. fulltrúa staðið gegn því, að ástandið í Grikklandi væri rætt, og það er gert með þeirri röksemd, að NATO hlutaðist ekki til um innanríkismál aðildarlanda.

Ég hef það fyrir satt, að Íslendingar hafi staðið fast við hlið Bandaríkjanna í þessu, eins og flestu öðru. En nú hefur eðlilega og í framhaldi af þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um atburðina í Grikklandi vorið 1967, vaknað spurning, sem orða má eitthvað á þessa leið: „Gildir það ekki um fleiri NATO-ríki en Grikkland, að bandaríska leyniþjónustan og herstjórnin telji sig þurfa að gera áætlanir um að grípa í taumana, ef þörf krefur að þeirra dómi? Hvað veit hæstv. utanrrh. eða aðrir íslenzkir fylgismenn aðildar að NATO um þessi efni? Sennilega veit hann ekki mikið um þau. En er það rétt, að árið 1964 hafi komizt upp um valdaránsáætlun á Ítalíu, hliðstæða hinni grísku, sem framkvæmd var þar þrem árum síðar? Á það má minna, að árið 1964 var á Ítalíu langvinn stjórnarkreppa. Þá var mikil ólga í landinu og veruleg óvissa ríkjandi í pólitískum efnum. Er það rétt, spyr ég aftur, að Bandaríkjamenn hafi þá verið þarna á ferðinni, verið reiðubúnir að grípa til sinna ráða, ef þeir töldu nauðsyn krefja? Nú er enn stjórnarkreppa á Ítalíu. Þar eru verkföll tíð. Þar er rík óánægja almennings. Þar eru veður öll válynd, enda má mikið vera, ef Bandaríkin eru ekki við sitt gamla heygarðshorn, tilbúin að láta til skarar skríða. Fróðlegt þætti mér að vita, hvort hæstv. utanrrh. getur frætt mig og aðra þm. um svokallað leyniskjal, sem á að vera undirritað af tveimur bandarískum hershöfðingjum í Evrópu og birtist í ýmsum erlendum blöðum í fyrra, þ. á m. í norska blaðinu Orientering, þar sem ég sá þetta plagg. Veit hæstv. ráðh. eitthvað um plaggið? Telur hann það falsað eða ófalsað? Í þessu svonefnda leyniskjali er vitnað til bandarískrar áætlunar, sem miðar að því, eins og þar stendur, að tryggja öruggt stjórnarfar í NATO-ríkjum, þar sem hætta kann að skapast, ýmist vegna aðsteðjandi atvika eða ótryggs ástands innanlands. Þetta skjal á að vera runnið frá aðalstöðvum bandarísku herstjórnarinnar í Evrópu. Þar eru tilgreind 10 aðildarríki NATO, sem áætlun þessi á að ná til. Ísland er ekki talið þar með. En hins vegar eru þar nefnd bæði Noregur og Danmörk.

Um þetta svokallaða leyniplagg skal ég ekki fjölyrða meira, enda veit ég ekki annað um eðli þess eða uppruna heldur en það, sem ég las í sumar sem leið í hinu norska blaði, sem ég áður nefndi. Hitt vil ég leyfa mér að staðhæfa og leggja á það áherzlu, að ég tel mig hafa fært nokkur rök fyrir því, að afstaða Bandaríkjanna til NATO og aðildarríkja þess annars vegar og afstaða Sovétríkjanna til Varsjárbandalagsins hins vegar er býsna áþekk.

Atburðirnir í Grikklandi 1967 og í Tékkóslóvakíu 1968 eru hliðstæðir að því leyti, að þeir eru bein afleiðing af áhrifasvæðapólitík risaveldanna. Örlög Tékka og Grikkja sanna, að aðild að hernaðarbandalögum er sízt af öllu nein frelsistrygging, miklu heldur er hún ógnun við sjálfsákvörðunarrétt og sjálfstæði smárra þjóða. Bæði risaveldin fylgja drottnunarstefnu, hvort á sínu áhrifasvæði. Þar vilja þau ráða og ríkja.

Ég mun ekki að þessu sinni ræða yfirgangsstefnu Bandaríkjanna utan NATO, og þó er það, sem þegar hefur verið talið í því sambandi, hreinn barnaleikur á borð við ofbeldisstefnu þeirra í Asíu og rómönsku Ameríku. Í þeim efnum kemst áreiðanlega ekki neitt ríki í neinn samjöfnuð við Bandaríkin.

Ég skal nú senn láta þessu máli mínu lokið. Ég vil að síðustu aðeins segja þetta: Nú er að ýmsu leyti betra andrúmsloft ríkjandi í heimsmálum en um alllangt skeið áður og þá ekki hvað sízt í málefnum Evrópu. Þótt rétt sé að varast of mikla bjartsýni, þá er sem betur fer margt, sem til þess bendir, að nú sé hin gamla kynslóð kalda stríðsins smám saman að þokast til hliðar og með henni ýmsar kreddur og ýmsir fordómar, en ný kynslóð að sækja fram til áhrifa. Þetta kemur ekki hvað sízt fram í pólitík Willy Brandts og breyttri stefnu í Þýzkalandsmálum og gagnvart austantjaldsmálum. Þá er einnig ljóst, að samskipti risaþjóðanna tveggja, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, hafa breytzt mjög hin síðustu missiri og spennan á milli þeirra hefur verulega minnkað. Þau hafa náð samkomulagi um mikilvægan áfanga, að því er nær til banns við útbreiðslu kjarnavopna, og þau ræðast nú a. m. k. við um allsherjar afvopnun. Batnandi sambúð þessara miklu ríkja er út af fyrir sig fagnaðarefni, og hún eykur vissulega vonir manna um varanlegan frið. Hitt verð ég þó jafnframt að segja, og það í fullri hreinskilni, að stóraukið samstarf og samspil þessara tveggja voldugu ríkja má einnig vera smáþjóðum og miðlungsstórum þjóðum nokkurt áhyggjuefni, nema því betur takist til. Þess vegna tel ég mig skilja það býsna vel, sem hæstv. ráðh. lýsti nokkuð og virtist furða sig á, að þess hefði gætt verulega á síðasta þingi Sameinuðu þjóðanna, að smáþjóðir ýmsar og miðlungsstórar þjóðir hefðu af þessum málum vissar

áhyggjur. Og það er nú svo, að óneitanlega getur sú hætta vofað yfir, að aukið samstarf stórveldanna leiði til samkomulags þeirra í milli um varanlega tvískiptingu heimsins í áhrifasvæði, sem mundi jafnvel auka áhrifavald þessara tveggja risavelda yfir öðrum þjóðum. Þetta er vitanlega hætta, sem hinar minni þjóðir hljóta að reyna að gjalda varhug við og vera á verði gegn. Þær verða að halda vöku sinni og gera það, sem í þeirra valdi stendur, til þess að koma í veg fyrir allar tilraunir stórþjóða til að gerast einhvers konar yfirdrottnarar heimsins til frambúðar, jafnvel þó þeir komi sér saman um að skipta honum á milli sín, hvort heldur sem slík yfirdrottnun á sér stað í krafti hervalds eða fjármagns eða hvors tveggja.

Einhver allra mikilvægasta hreyfing í átt til friðar og bættrar sambúðar þjóða, í Evrópu a. m. k., er sú hugmynd, sem verið hefur að þróast að undanförnu, um að vandlega verði undirbúin og síðan haldin ráðstefna um öryggismál Evrópu. Hæstv. ráðh. vék nokkuð að þessu máli undir lok ræðu sinnar, og mér fannst hann vera e. t. v. óþarflega neikvæður í sambandi við það mál. Ég geri mér verulegar vonir um, að þessi hugmynd þróist upp í það, að málið geti fljótlega komist á ekki aðeins umræðustig, heldur jafnvel á ákvörðunarstig. Slíkt verður að vísu vafalaust að nást í áföngum, en hvert skref fram á við í þessu efni er mikils virði. Ég tel alveg einsætt, að við Íslendingar eigum að styðja þessa hugmynd um Öryggisráðstefnu Evrópu. Við eigum að leggja okkar litla lóð á vogarskálarnar, til þess að hún verði haldin og til þess að hún beri árangur. Ég skal ekki draga úr því, að undirbúningur undir slíka ráðstefnu þurfi að vera vandaður. Það þarf að vera nokkuð ljóst, að hún fari ekki með öllu út um þúfur, því þá er e. t. v. verr af stað farið en heima setið. En ég legg áherzlu á, að þetta mál er þess eðlis og svo mikilvægt fyrir allar hinar smáu þjóðir, að þar hljótum við Íslendingar að leggja okkar lóð á vogarskálarnar, til þess að slík ráðstefna verði haldin með árangri.

Það skulu svo vera mín síðustu orð að þessu sinni, að íslenzkir ráðamenn ættu að gera sér það ljóst, og það fyrr en síðar, að öryggismál Evrópu komast ekki í gott og varanlegt horf, nema hernaðarblakkirnar tvær verði leystar upp.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég vil endurtaka það, sem ég sagði hér í dag utan dagskrár, að ég tel hæstv. utanrrh. hefja góða venju með því að gefa þinginu slíka skýrslu eins og hann hefur flutt í dag og síðan geti farið fram umr. um hana. Hins vegar tek ég undir það, sem hér kom fram við umr. utan dagskrár, að það hefði verið heppilegt, að slík skýrsla lægi fyrir, áður en umr. færi fram. Mér finnst þó rétt að upplýsa það í þessu sambandi, að áður en hæstv. ráðh. tók til máls gaf hann kost á því, að ræðu hans yrði alveg frestað, þangað til hún gæti legið fyrir aðgengileg fyrir þm. En af því varð þó ekki. Hann minntist meira að segja á þetta við mig, og ég taldi ekki ástæðu til þess, eins og komið var, þegar fundurinn var að byrja, að ráðh. frestaði ræðu sinni af þessum ástæðum. En hins vegar tel ég eðlilegt, að það geti orðið til athugunar eftirleiðis, að svo eigi að vera.

Ég mun ekki minnast á nema örfá atriði af því, sem ráðh. minntist á í ræðu sinni, og aðallega mun ég minna á það mál, sem ræða ráðh. benti til, að geti orðið örlagaríkasta utanríkismálið, sem Alþ. og ríkisstj. þurfa að fjalla um næstu missiri.

Eins og hæstv. ráðh. rakti, samþykkti seinasta allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna tillögu, þar sem framkvæmdastjóranum var falið að leita eftir áliti þátttökuþjóðanna, hvort þær væru því ekki fylgjandi, að haldin yrði bráðlega ráðstefna um réttarreglur á hafi úti, þar sem stefnt verði m. a. að því að ná endanlegu samkomulagi um víðáttu landgrunnsins, landhelginnar og fiskveiðilögsögunnar. Verði svör meiri hl. þátttökuríkjanna jákvæð, eins og fremur er búizt við, er talið sennilegt, að þessi ráðstefna verði haldin vorið 1971. Verði ekki samkomulag um þessa ráðstefnu, munu Sovétríkin og Bandaríkin hafa í hyggju að beita sér fyrir annarri ráðstefnu, sem aðeins nái til víðáttu landhelginnar og fiskveiðilögsögunnar. Jafnframt hafa þessi ríki komið sér saman um að beita sér fyrir lögfestingu á 12 mílna mörkunum, bæði varðandi landhelgina og fiskveiðilögsöguna, án nokkurra teljandi fiskveiðiréttinda fyrir strandríki utan fiskveiðilögsögunnar.

Það, sem nú blasir við í landhelgismálinu, er að á nýrri hafréttarráðstefnu, sem verður e. t. v. haldin innan rúmlega árs, reyni stórveldin að koma á alþjóðlegri reglu, sem er andstæð þeim rétti, sem Íslendingar telja sig hafa til landgrunnsins utan núverandi fiskveiðitakmarka. Það var reyndar strax ljóst, eftir fyrri hafréttarráðstefnuna í Genf, 1958, að Íslendingar þyrftu að hafa hraðan á í landhelgismálinu, því áhrifamikil ríki mundu reyna að koma á reglum, sem settu skorður við útfærslu á fiskveiðilandhelginni. Því varð strax hafizt um það handa, eftir að þeirri ráðstefnu lauk, að færa fiskveiðilandhelgina út í 12 mílur. Deilur milli Íslendinga og Breta, sem hlutust af þeirri útfærslu, urðu til þess að afla 12 mílna reglunni svo öflugs fylgis, að ekki var reynt að hamla gegn henni að ráði á síðari hafréttarráðstefnunni, sem var haldin 1960, heldur beindist þá öll viðleitni hinna íhaldssamari ríkja að því að gera hana að bindandi reglu, þannig að fiskveiðilandhelgin mætti ekki verða meira en 12 mílur. Það tókst með naumindum að koma í veg fyrir þessa bindingu þá, m. a. vegna þess að Bandaríkjamenn og Rússar voru þá ósammála. En þann ágreining, sem þá var á milli þeirra, hafa þeir nú jafnað, og því standa nú stórveldin saman um 12 mílna löggildinguna. Úrslitin á hafréttarráðstefnunni í Genf 1960 bentu til þess, að þess gæti orðið skammt að bíða, að gerð yrði ný tilraun af hálfu stórveldanna til að koma á 12 mílna bindingu. Þess vegna þurftu Íslendingar enn að hafa hraðan á og ráðast í nýja sókn sem fyrst, í framhaldi af útfærslu fiskveiðilandhelginnar 1954 og 1958.

Með landhelgissamningnum við Bretland 1961 var sókn Íslendinga stöðvuð, og eru brátt 12 ár liðin síðan nokkuð hefur verið aðhafzt í landhelgismálinu. Sá langi biðtími getur átt eftir að reynast okkur dýr. Annað aðgerðaleysi getur einnig átt eftir að reynast okkur tilfinnanlegt. Í hinni sögufrægu ályktun Alþ. frá 5. maí 1959, var m. a. lögð áherzla á, að afla beri viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins alls. Eftir að landhelgissamningurinn var gerður við Bretland 1961 hefur ekki neitt verið gert, svo vitað sé, til að afla slíkrar

viðurkenningar. Rétt er hins vegar að geta þess, að í þeim ræðum, sem íslenzkir aðilar hafa flutt tvö seinustu árin á erlendum ráðstefnum eða þingum, hefur verið haldið fram þeirri skoðun, að strandríki, sem eru háð fiskveiðum, skuli hafa vissan forgangsrétt til veiða utan fiskveiðilandhelginnar. Þetta er vissulega spor í rétta átt, en gengur hins vegar hvergi nærri eins langt og ályktun Alþ. frá 5. maí 1959 mælir fyrir um, þ. e. að fá rétt Íslands til landgrunnsins viðurkenndan.

Um orðna hluti tjáir hins vegar ekki að sakast. Nú er að bregðast vasklega við vandanum og reyna að ná því bezta, sem náanlegt er. Af hálfu Framsfl. hefur verið lögð á það áherzla á undanförnum þingum að reyna að ná sem mestri samstöðu innanlands um þetta mál. Formaður Framsfl., Ólafur Jóhannesson, hefur þing eftir þing flutt till., sem hefur gengið í þessa átt. Hæstv. utanrrh. hefur í vetur haft nokkurt samráð við utanrmn. um þetta mál, og er það spor í rétta átt.

Það, sem nú virðist mest aðkallandi, er að kynna sem bezt og víðast sérstöðu Íslands og að hafa sérstakt samráð við þær þjóðir, sem hafa líka afstöðu til þessara mála og Íslendingar. Athuga ber gaumgæfilega möguleika Íslands til fiskverndar og friðunaraðgerða utan núverandi fiskveiðilögsögu. Ég hygg, að það sé álit fróðra manna um þetta efni, að Ísland hafi ýmsa möguleika til friðunaraðgerða utan fiskveiðilögsögunnar, án þess að það brjóti gegn gerðum milliríkjasamningum, sem aðeins ná til útfærslu á sjálfri fiskveiðilögsögunni. Þessa möguleika þarf að nýta og það fyrr en seinna, því að allt slíkt getur bætt stöðu okkar á alþjóðlegum ráðstefnum eða í samningum síðar. Má í því sambandi minna á, að útfærslan í 12 mílur reyndist okkur ómetanlegur styrkur á síðari Genfarráðstefnunni.

Ef litið er á yfirlýsingar stjórnmálaflokkanna frá alþingiskosningunum 1967, ætti ekki að verða erfitt að finna samstarfsgrundvöll fyrir flokkana. Allar yfirlýsingar þeirra um landhelgismálið hnigu í eina og sömu átt. Yfirlýsing landsfundar Sjálfstfl., sem haldinn var í apríl 1967, gæti t. d. vel orðið umræddur samstarfsgrundvöllur, en hún hljóðaði á þessa leið: „Unnið verði markvisst á alþjóðavettvangi að viðurkenningu á einkarétti Íslandinga til fiskveiða á landgrunninu, og að öðru leyti að nauðsynlegri fiskirækt og friðun fiskistofna við landið til að forðast ofveiði.“ Óhætt mun að segja, að ekki muni standa á stjórnarandstæðingum að styðja þá stefnu, sem hér er mörkuð, og því ætti að vera hægt að ná samstöðu um landhelgismálið, ef engin annarleg sjónarmið koma til sögunnar. En á það ber að leggja áherzlu, að hér verður að vinna vel, því að tíminn til stefnu getur orðið stuttur.

Fyrir afkomu Íslendinga skiptir fátt meira máli en að hindruð verði setning alþjóðareglu, sem skerðir rétt Íslands til landgrunnsins utan 12 mílna markanna. Um andstöðuna gegn slíkri reglu verða Íslendingar að vera sammála og leita sér liðsinnis gegn henni, hvar sem það er að finna. Hér er um að ræða eitt mesta hagsmunamál Íslands, og er furðulegt, ef þjóðir, sem telja sig Íslendingum vinveittar, eins og Bandaríkjamenn og Rússar, reyna að knýja slíka reglu fram, án þess að taka eðlilegt tillit til hinnar algeru sérstöðu Íslands í þessum efnum. Jafnvel þótt svo færi, að hin fyrirhugaða hafréttarráðstefna drægist meira á langinn en nú er ráðgert, gæti samt fljótlega skapazt viðhorf, sem gerði aðgerðir í landhelgismálinu mjög aðkallandi. Sökum ofveiði geta brátt hafizt umræður um að takmarka fiskveiðar á hafinu umhverfis Ísland, en þó að sjálfsögðu utan fiskveiðilandhelgi þess. Það getur skipt höfuðmáli, ef til slíkra viðræðna kemur, hve langt sérstakur réttur Íslands verður þá talinn ná.

Ég skal svo víkja nokkrum orðum að fleiri atriðum, sem koma fram í ræðu hæstv. ráðh. Þegar rætt var um utanríkismál á seinasta þingi, var lýst þeirri afstöðu Framsfl., að hann áliti rétt, að Ísland væri áfram í Atlantshafsbandalaginu að óbreyttum aðstæðum. Síðan hafa engir atburðir gerzt, er breyti þeirri afstöðu. Afstaða Framsfl. til varnarliðsins er einnig óbreytt. Hann telur orðið tímabært, að hafnar séu viðræður um, að það verði flutt héðan í áföngum. Flokkurinn hefur hins vegar ekki flutt till. um þetta efni á Alþ., m. a. vegna þess, að reynt hefur verið að vinna að athugun og undirbúningi málsins í utanrmn. Jafnframt eru að gerast atburðir, sem geta stuðlað að framangreindri lausn, en þar á ég m. a. við auknar ráðagerðir í Bandaríkjunum um, að þau minnki verulega herafla sinn í Evrópu og fækki herstöðvum þar.

Það hlýtur að ráða miklu um afstöðu Íslands til Atlantshafsbandalagsins og varnarmálanna yfirleitt, hver þróunin verður í sambúðinni milli austurs og vesturs í Evrópu og milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Þar eru ýmis ánægjuleg teikn á lofti, eins og aukin viðleitni hinnar nýju ríkisstj. Vestur-Þýzkalands til að bæta sambúðina við Austur-Evrópu. Sama gildir um viðræður Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um viss afvopnunarmál. Vafalaust gæti það þó orðið enn frekara spor í þessa átt, ef haldin yrði bráðlega ráðstefna um öryggismál Evrópu. Hún mundi m. a. leiða betur í ljós, hver hin raunverulega staða væri í dag. Jafnvel þótt ekki næðist þar mikill árangur, gæti það eigi að síður orðið til þess að bæta andrúmsloftið, að helztu leiðtogar þjóðanna hittust og ræddust við. Slík ráðstefna er þó ekki líkleg til að bera árangur, nema öll Evrópuríkin taki þátt í henni, ásamt Bandaríkjunum og Kanada. Þátttaka tveggja síðast nefndu landanna er eðlileg, vegna þess að þau hafa orðið að skerast í leikinn í Evrópu í tveimur heimsstyrjöldum á þessari öld.

Sérstök ástæða er til að leggja áherzlu á, að Ísland hafi sem nánasta samvinnu við hin Norðurlöndin í alþjóðlegum samtökum. Norðurlöndin geta oft haft veruleg áhrif, ef þau standa saman. Ástæða er til að harma það, að Ísland skuli ekki hafa sömu afstöðu á þingi Sameinuðu þjóðanna og hin Norðurlandaríkin til aðildar Kína að Sameinuðu þjóðunum. Innan Atlantshafsbandalagsins þurfa Norðurlandaríkin, sem þar eru, að standa sem bezt saman. Danmörk og Noregur beita sér þar oft fyrir málum, sem miða að því að draga úr spennu og stuðla að bættri sambúð þjóðanna. Í því sambandi má m. a. minna á viðleitni þeirra til að fá afnumda þá vegabréfaáritun í Vestur-Berlín, sem Austur-Þjóðverjar þurfa að sæta, ef þeir ferðast til NATO-landanna. Á sama hátt eru Danir og Norðmenn þær þátttökuþjóðir Atlantshafsbandalagsins, sem standa dyggastan vörð um frelsishugsjón bandalagsins. Má í því sambandi minna á, að norska Stórþingið

samþykkti einróma á s. l. hausti að skora á stjórnina að vinna að því innan og utan Atlantshafsbandalagsins, að þátttökuþjóðir þess létu ekki fasistastjórnina í Grikklandi fá vopn. Norska stjórnin hefur síðan unnið að þessu, og sama hefur danska stjórnin einnig gert. Ég tel, í framhaldi af ummælum hæstv. forsrh. um norræna samvinnu, að það sé mikilsvert að reyna að efla og styrkja hana á sem flestum sviðum. En í því sambandi er vert að minna á, að Íslendingar eiga nú í samningum við þrjú Norðurlandaríki um mál, sem er mikilvægt að þeirra dómi, en þar á ég við Loftleiðamálið. Það mundi valda miklum vonbrigðum hér á landi, ef þessar viðræður leystust ekki á þann hátt, að Loftleiðir mættu vel við una.

Umr. frestað.

Á 44. fundi í Sþ., 10. apríl, var umr. enn fram haldið.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir skýrslu hans um utanríkismál. Skýrsla þessi var bæði ýtarleg og drepið á hin stærstu mál og helztu viðburði utanríkismála á s. l. ári. Ég vil taka undir það, sem áður hefur verið sagt í umr. um þá nýbreytni, sem núv. hæstv. utanrrh. tók upp í fyrsta sinn á síðasta ári, að flytja Alþ. skýrslu um utanríkismál, en jafnframt að efna til umr. um skýrsluna og utanríkismálin almennt.

Ég mun hér á eftir ræða nokkuð almennt um utanríkismál og almenna stefnumörkun utanríkismála og meðferð þeirra, en jafnframt drepa á örfá málefni, sem fyrri ræðumaður Framsfl. við þessa umr., hv. 4. þm. Reykv., talaði ekki sérstaklega um. En hann ræddi m. a. um landhelgismálið og varnarmálin.

Utanríkismálin eru mjög þýðingarmikil mál af þeirri ástæðu, að þau varða sjálfstæði þjóðarinnar og öryggi. Frá því Íslendingar tóku meðferð utanríkismála að öllu leyti í sínar hendur vorið 1940, eru nú liðin tæp 30 ár. Á þessum tíma hefur öll aðstaða Íslands gagnvart umheiminum breytzt ótrúlega mikið. Við upphaf þessa tímabils var Ísland tiltölulega einangrað land. Nú er landið hins vegar í þjóðbraut á alþjóðaleiðum og hefur mikla hernaðarþýðingu í augum stórveldanna. Tæknin og vísindin hafa gjörbreytt allri aðstöðu lands og þjóðar. Fjarlægðin frá öðrum þjóðum, sem svo lengi hefur verndað okkur, er nú úr sögunni. Fyrir síðari heimsstyrjöldina töldu flestir Íslendingar, að öryggi Íslands væri bezt borgið með yfirlýsingu um ævarandi hlutleysi. En saga heimsstyrjaldarinnar og eftirstríðsáranna sannaði smáþjóðunum á átakanlegan hátt, að einlægur, einhliða vilji til hlutleysis hrekkur skammt til að treysta öryggi.

Bretar brutu hlutleysi á okkur Íslendingum 9. maí 1940. Þó að við mótmæltum þessu þá formlega, held ég að í dag finnist fáir eða engir Íslendingar, sem hefðu heldur kosið, að nazistar hefðu orðið á undan Bretum. Með herverndarsamningnum við Bandaríkin sumarið 1941 var gerð breyting á utanríkismálastefnu Íslands og horfið frá hlutleysisstefnunni. Víðtækt samstarf þjóða í milli hefur farið ört vaxandi og fer ekki fram hjá okkur Íslendingum. Við verðum, hvort sem okkur líkar betur eða verr, að fylgjast með straumnum. Hann er of þungur til þess, að við getum staðið hann af okkur án þess að finna til hans. Við verðum að læra að hafa vaxandi samvinnu við aðrar þjóðir í mikilvægum málum. Hins vegar verðum við að gæta þess vel að halda menningu þjóðar okkar og fullu sjálfstæði. Það er okkar dýrasta eign. En því aðeins fáum við haldið fullu sjálfstæði, að okkur takist að tryggja í landinu sambærileg lífskjör við grannþjóðirnar. Samvinna við aðrar þjóðir verður að byggjast á því, að við látum ekki af hendi sjálfsforræði þjóðarinnar. Við Íslendingar höfum vanizt frelsi og viljum vera frjálsir. Við viljum byggja stjórnarfar okkar á lýðræði og mannhelgi og viljum mikið á okkur leggja til að tryggja í reynd frelsi og lýðræði í landi okkar.

Meðferð á utanríkismálum er að mörgu leyti erfitt hlutverk og vandasamt fyrir smáþjóð í viðsjálum heimi. Sorglega margar þjóðir hafa misst sjálfsforræði sitt á okkar tímum og búa við hið versta hlutskipti. Í þessum efnum eru dæmi nærtæk. Segja má, að Framsfl. sé fylgjandi þátttöku Íslendinga í alþjóðasamstarfi á grundvelli þeirra sjónarmiða, sem ég var að lýsa. Flokkurinn vill byggja stefnuna í utanríkismálum landsins á góðri sambúð við allar þjóðir, sérstaklega þjóðir Norðurlanda, og með þátttöku í Sameinuðu þjóðunum, en jafnframt á sérstakri samvinnu við vestrænar lýðræðisþjóðir. Framsfl. er því sammála þeirri stefnu, sem fram kom í ræðu hæstv. utanrrh., að byggja stefnuna í utanríkismálum í meginatriðum á eftirfarandi grundvelli: Í fyrsta lagi á náinni samvinnu við hin Norðurlöndin, í annan stað á þátttöku í störfum Sameinuðu þjóðanna, í þriðja lagi á þátttöku í Atlantshafsbandalaginu og í fjórða lagi á góðri samvinnu við viðskiptalönd okkar og allar þjóðir, án tillits til þess á hvern veg þær haga stjórn innanríkismála og stjórnskipulagi sínu.

Með hugtakinu „vestræn samvinna" er að öllum jafnaði átt við samvinnu þjóðanna, beggja vegna Atlantsála, í Norður-Ameríku og Vestur-Evrópu. Þessar þjóðir eiga samleið af ýmsum ástæðum og í ýmsum greinum. Þær eru yfirleitt fremstar allra þjóða veraldarinnar í því, er lýtur að tækniframförum og vísindum, margar hverjar fremstar á sviði félags- og framfaramála, og meðal þeirra er að finna það bezta, sem völ er á. Þetta þýðir ekki það, að allt sé gott, sem þaðan kemur. En við Íslendingar eigum að vinza úr það bezta og hagnýta okkur það. Landfræðilega hagar svo til, að samskipti þessara þjóða hafa verið mikil og náin. Næstu nágrannaþjóðir okkar eru fyrst og fremst Norðurlandaþjóðirnar og Bretlandseyjar í austri og Bandaríkin og Kanada í vestri. Þess vegna er það rökrétt og eðlilegt, að við Íslendingar leggjum áherzlu á sem nánast samstarf við Norðurlandaþjóðirnar og Engilsaxa og reynum á þann hátt að tryggja sjálfstæði okkar, menningu og öryggi. Stjórnarfar þessara þjóða er yfirleitt í grundvallaratriðum svipað, þótt þjóðirnar og löndin, sem þær byggja, séu um margt mjög ólík. Þess vegna hentar ekki það sama í öllum löndunum, og sum þessara landa eiga við vandamál að stríða, sem eru okkur framandi, enda óviðkomandi. Það er sameiginlegt þessum þjóðlöndum að byggja stjórnarfar sitt á frelsi og lýðræði. Yfirleitt eru lífsviðhorf og menningararfleifð þessara þjóða á þann veg, að eðlileg samstaða þeirra er sjálfsögð.

Af þessum ástæðum, sem ég hef rakið, og fleirum

telur Framsfl. eðlilegt, að Íslendingar taki þátt í varnarsamtökum vestrænna þjóða, Atlantshafsbandalaginu, en leggur áherzlu á þá fyrirvara, sem gerðir voru af hálfu Íslendinga, er þeir fyrir rúmum 20 árum gerðust aðilar að þessum samtökum, en þeir voru á þá lund, að á Íslandi yrði ekki herlið eða herstöðvar á friðartímum, að það væri algerlega á valdi Íslendinga sjálfra, hvenær hér væri erlent herlið, og Íslendingar hefðu ekki eigin her og ætluðu ekki að setja hann á fót. Samvinna Íslendinga við aðrar þjóðir hlýtur að verða að grundvallast á sérstæðri tilveru og aðstöðu Íslendinga. Fámenni okkar skapar vandamál í samvinnu við stærri þjóðir og stórveldi. Verndun þjóðernis vors, tungu og menningar, svo og fjárhagslegs sjálfstæðis, er mikið vandamál í nýjum heimi vaxandi samskipta og samvinnu. Við hljótum að gera þá kröfu til þeirra þjóða, sem við eigum samvinnu við, að þær taki eðlilegt tillit til sérstöðu okkar.

Utanríkismál eru annars eðlis en innanríkismál. Þau varða afstöðu landsins út á við og löglega teknar ákvarðanir, marka stefnu landsins gagnvart öðrum þjóðum. Stefnan á að miðast við hagsmuni allrar þjóðarinnar. Í innanríkismálum gegnir allt öðru máli. Þar stangast hagsmunirnir meira og minna á. Af þessu leiðir, að sjálfsagt er að leitast við að skapa sem víðtækasta samstöðu landsmanna um utanríkismálin. Ef við lítum til annarra þjóða, jafnvel stórþjóða, má finna mörg dæmi þess, að ólíkir stjórnmálaflokkar snúi bökum saman, þegar um þýðingarmikil utanríkismál er að tefla, ef þeir vilja byggja á meginsjónarmiðum, þótt þeir séu mjög á öndverðum meiði í innanríkismálunum. Fyrir smáþjóð eins og Íslendinga er mjög áríðandi, að allir, sem aðhyllast sömu grundvallarsjónarmið í utanríkismálum, reyni að standa saman eins og unnt er og taka nokkurt tillit hver til annars. Skiptir ekki máli í þessu sambandi, þótt menn séu á öndverðri skoðun um stefnuna í innanríkismálum.

Núv. hæstv. utanrrh. hefur tekið upp ný vinnubrögð í meðferð utanríkismála, sem eru tvímælalaust til bóta. Hér er um að ræða í fyrsta lagi, að hann flytur hv. Alþ. árlega skýrslu um utanríkismálin og þar fara fram umr. um þau mál. Í öðru lagi: Utanrmn. hefur starfað meira en áður var og fyrir hana lögð mál, eins og ráð er fyrir gert í lögum. Í þriðja lagi: Samkomulag hefur verið um skipun sendinefndar á þing Sameinuðu þjóðanna. Það er tvímælalaust til bóta, að ríkisstj. hefur gefið flokkum stjórnarandstöðunnar kost á fulltrúum í sendinefnd Íslands á allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna. Sá háttur var og tekinn upp að gefa fulltrúum stjórnmálaflokkanna tækifæri til að skipta einu sinni um mann, meðan á þingtímanum stendur, en hann er eins og kunnugt er nokkuð langur, eða um 3 mánuðir. Æskilegt væri, að fulltrúum flokkanna yrði gefinn kostur á að vera viðstaddir almennar umr. í upphafi allsherjarþingsins, þegar þjóðarleiðtogarnir flytja yfirleitt mál sitt. Að sjálfsögðu ræður ríkisstj. afstöðu landsins til mála á þingi Sameinuðu þjóðanna, og mótast störf sendinefndarinnar af þessu. Eigi að síður láta nefndarmenn álit sitt og sérstöðu í ljós innan nefndarinnar.

Hæstv. utanrrh. drap á ýmis málefni, sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna fjallaði um í vetur. Hann rakti t. d. sögu hins svonefnda hafsbotnsmáls, sem á dagskrá allsherjarþingsins nefndist: „Friðsamleg hagnýting hafsbotnsins og verðmæta undir honum, utan lögsögu ríkja, til hagsbóta öllu mannkyninu.“ Þótt þetta mál varði fyrst og fremst hafsbotninn sjálfan og verðmætin undir honum, gefur auga leið, að vinnsla verðmæta hafsbotnsins getur á ýmsan hátt varðað hagsmuni okkar Íslendinga, þótt slík vinnsla sé utan okkar lögsögu. Þar er fyrst að nefna olíuvinnslu á sjávarbotni, sem hefur farið stórvaxandi. Þrátt fyrir mikla tækni hefur þó ekki reynzt unnt að koma í veg fyrir olíuleka og af ýmsum ástæðum hefur mikið magn olíu komizt út í hafið. Mengunarhætta hafsins vegna olíuvinnslu getur haft hinar alvarlegustu afleiðingar fyrir fiskveiðiþjóð eins og okkur Íslendinga. Og síðan er spurningin um, hvað felst í hugtakinu „friðsamleg hagnýting hafsbotnsins“. Falla t. d. togveiðar hér undir, þegar um botnvörpu er að ræða? Ekki var til þess ætlazt af þeim þjóðum, sem hafa fyrst og fremst augastað á olíuvinnslunni. Þetta orkar þó mjög tvímælis af þeirri ástæðu, að hafsbotninn er notaður við botnvörpuveiðar. Það er því augljóst, að þetta mál hefur þýðingu fyrir okkur Íslendinga. Ástæða er til þess að ætla, að málsmeðferðin þróist á þá leið, að hún snerti okkar stærstu hagsmunamál varðandi fiskveiðilögsögu og hugsanleg forgangsréttindi utan fiskveiðilögsögunnar. Það er því nauðsynlegt að fylgjast sem bezt með þessu máli og reyna að tryggja íslenzka þátttöku í nefndum, sem fara með málið, bæði á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðsins og annars staðar. Þetta hefur verið gert, m. a. með setu íslenzks fulltrúa í hafsbotnsnefnd Sameinuðu þjóðanna.

Þá rakti hæstv. utanrrh. gang þeirra mála, sem snerta mengun hafsins, sem getur haft mjög skaðleg áhrif á fiskstofna, þegar tímar líða. Hættan er raunar þegar yfirvofandi vegna vinnslu olíu af sjávarbotni. Þá drap hann á samþykkt Sameinuðu þjóðanna um hagnýtingu og vernd auðæfa hafsins og um varnir gegn mengun hafsins. Öll þessi málefni hafsins setja æ meiri svip á umræður á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Þjóðirnar virðast sífellt gera sér gleggri grein fyrir auðæfum hafsins og hafsbotnsins og þýðingu þessa máls fyrir mannkynið í heild.

Skylt þessum málum er svo málefni, sem nefnt er „umhverfi mannsins“. Á þingi Sameinuðu þjóðanna 1968 var samþykkt till. frá Svíum um, að efnt skyldi til ráðstefnu á vegum samtakanna um umhverfi mannsins. Aðalritara Sameinuðu þjóðanna var falið að athuga málið og undirbúa það nánar. Hann skilaði ýtarlegri skýrslu til samtakanna á nýliðnu þingi, en þar fóru fram miklar umr. um þetta mál. Þessi ákvörðun Sameinuðu þjóðanna, að taka röggsamlega á þessum málum, er hin þýðingarmesta. Má segja, að hið alþjóðlega samfélag hafi hér með viðurkennt, að margra ára aðvaranir vísindamanna og lærdómsmanna um hættu á vaxandi spillingu á umhverfi mannsins hafi við full rök að styðjast. Margar þjóðir tóku þátt í umr. um þetta mál. Auk almennra fræðandi umr. um málið sjálft beindust þær að fyrirhugaðri ráðstefnu í Stokkhólmi árið 1972. Aðaltilgangur slíkrar ráðstefnu er að hvetja og leiðbeina ríkisstjórnum og alþjóðastofnunum um, hvernig unnt sé að vernda og bæta umhverfi mannsins og lagfæra það, sem farið hefur aflaga, og efna til alþjóðlegrar

samvinnu um þessi mál. Sérstök nefnd vinnur að undirbúningi ráðstefnunnar 1972. Fulltrúi Kanada sagði í umr., að þekking á vandamálum fiskveiðanna yrði að vera til staðar, ef undirbúningsnefndin ætti að geta framkvæmt ætlunarverk sitt. Því ræði ég þessi mál, að þau snerta svo mjög verndun náttúrunnar umhverfis okkur. Nauðsyn er á alþjóðlegu samstarfi um verndun auðæfa hafsins og raunverulegri alþjóðastjórn. Vissir dýrastofnar eru í hættu. Má þar nefna t. d. hvali, seli, laxastofn og e. t. v. fleiri. Auk þess er sú mikla hætta á ofveiði annarra nytjafiska. Vaxandi þýðing sjávarins fyrir mannkynið í heild, vegna fæðuöflunar, próteinefna sérstaklega, krefst heildarstjórnar. Mál þessi eru hin þýðingarmestu fyrir fiskveiðiþjóðir eins og Íslendinga. Vera má, að vaxandi skilningur þjóðanna á þessum málum geti orðið okkur að liði í fiskveiði- og landhelgismálum. Ég álít mjög þýðingarmikið og vil sérstaklega undirstrika nauðsyn þess, að Ísland geri sitt ýtrasta til þess að ná sambandi við allar þjóðir, sem hafa svipaða hagsmuni í málum, sem snerta fiskveiðilögsöguna, og við látum ekkert tækifæri ónotað til þess að kynna öðrum þjóðum sjónarmið okkar.

Ég tók eftir því, þegar form. utanrmn. Alþ. hafði viðtal við sjónvarpið í tilefni af skýrslu utanrrh., að hann lagði áherzlu á, að lögð yrði meiri rækt við þann þátt utanríkismála, sem snertir verzlun og viðskipti. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt væri að ráða viðskipta- og efnahagsfulltrúa við sendiráð Íslands. Þessir fulltrúar þurfa að starfa á sviði markaðsrannsókna og sölustarfsemi í sambandi við útflutning og sölu á íslenzkum afurðum. – Það er áríðandi, að þessir fulltrúar hafi sérþekkingu á íslenzkum atvinnuvegum og þörfum þeirra, þannig að þeir geti myndað sér sjálfstæða skoðun á viðskiptahagsmunum íslenzkra atvinnuvega. Það er lífsnauðsyn að tengja á lifrænan hátt sambandið milli atvinnuveganna og markaðanna erlendis. Eins og fram kemur í frv. til laga um utanríkisþjónustu Íslands, er gert ráð fyrir ráðningu viðskiptafulltrúa til takmarkaðs tíma og að ríkissjóður greiði að jafnaði ekki yfir helming launa þeirra. Gert er ráð fyrir, að um skipun þeirra skuli haft samráð við hlutaðeigandi ráðuneyti, viðskiptasamtök og stofnanir.

Á nýloknum aðalfundi miðstjórnar Framsfl. var samþ. ályktun um, að löggjöf verði sem fyrst sett um útflutningsráð, sem annist útflutnings- og markaðsmál í samvinnu við utanrrn. Útflutningsráð atvinnuveganna þyrfti að vera sjálfstæð stofnun í nánum tengslum við utanrrn. Eðlilegast væri, að útflutningsráð yrði skipað fulltrúum helztu samtaka íslenzkra útflytjenda og atvinnuvega, þó að viðskiptafulltrúar væru að hluta starfsmenn þess. Stefnt verði að því að koma á lifrænu samstarfi milli atvinnuveganna og markaðsins í þeim tilgangi að greiða fyrir sölu á framleiðsluvörum okkar. Útflutningsráð ætti m. a. að hafa það hlutverk, að hafa forgöngu um markaðsrannsóknir og skipulegar aðgerðir til öflunar nýrra markaða fyrir íslenzkar útflutningsvörur, enn fremur að hafa forgöngu um framleiðslu nýrra vörutegunda. En höfuðatriðið er, að starfsemin sé lifræn og vakandi og í náinni snertingu við sjálft atvinnulífið. Viðskiptafulltrúarnir þurfa í senn að hafa reynslu sem diplómatar og jafnframt sérstaka þekkingu á aðstöðu og þörfum íslenzkra atvinnuvega. Ég dvel nokkuð við þessi málefni, vegna þess að á næstu árum getur það ráðið úrslitum um áframhaldandi uppbyggingu íslenzkra atvinnuvega, hvernig til tekst að selja íslenzkar afurðir á erlendum mörkuðum. Með inngöngu í EFTA harðnar samkeppnin og nauðsynin í þessum efnum verður enn brýnni en hún hefur verið nokkru sinni fyrr. Hér verður að koma til samstillt átak ríkisvaldsins og íslenzkra atvinnuvega.

1. marz s. l. gerðist Ísland aðili að Fríverzlunarbandalagi Evrópu, EFTA. Umræða og ágreiningur um þetta mál settu mikinn svip á stjórnmálin á s. l. hausti. Framsfl. taldi ekki tímabært, að Ísland gengi í EFTA, fyrst og fremst vegna þess, að iðnaðurinn í landinu væri ekki nægilega við því búinn að gangast undir hina hörðu samkeppni, sem óhjákvæmilega leiðir af aðildinni. Hins vegar var Framsfl. ekki andvígur aðild Íslands að EFTA í „prinsipinu", eins og greinilega kom fram við atkvgr. um málið hér á hv. Alþ. Þegar ákvörðun hefur verið tekin í þessu máli, hljóta allir þjóðhollir menn að vinna heils hugar að því, að þjóðin noti sem bezt þau tækifæri, sem kunna að bjóðast, og búi sig undir harða samkeppni við aðildarlöndin. Ég álít, að iðnaður okkar sé í mikilli hættu, ef ekki er höfð fyllsta gát á hagsmunum hans. Verður að gera stór átök og markviss í þessum efnum, ef við eigum að halda hlut okkar. Þá verður að fylgjast mjög náið með þróun næstu ára og gera nauðsynlegar ráðstafanir, áður en í óefni er komið. Verkefnið verður að byggja upp og viðhalda iðnaði, sem verði fyrst og fremst í eigu okkar sjálfra, þótt samvinna við aðra komi einnig til. Það verður að efla iðnaðarfyrirtækin, sem fyrir eru, og gera þeim kleift að fylgja hinni öru tækniþróun nútímans, og það verður einnig að byggja upp ný.

Ég hef lesið vandlega skýrslu hæstv. ráðh. um stofnun samtaka um norræna efnahagssamvinnu, NORDEK. Hygg ég, að þær ráðagerðir auki enn á þá hættu, að iðnaður Norðurlandaþjóðanna verði ofjarl okkar í samkeppninni. Hin nýja afstaða Finna kann þó að hafa áhrif á gang þessara mála í heild. Við Íslendingar verðum að halda áfram að kynna okkur sem bezt þessa fyrirhuguðu efnahagssamvinnu Norðurlandanna og athuga, hvort og hvernig við getum hagnýtt okkur tækifæri til að njóta góðs af vaxandi efnahagssamvinnu við þessar frændþjóðir okkar.

Birgir Kjaran: Herra forseti. Í sjálfu sér er frá hendi stuðningsmanna núv. ríkisstj. efnislega ekki miklu að bæta við ýtarlega ræðu, sem hæstv. utanrrh. flutti hér á Alþingi fyrir fáum dögum. Það er of sjaldan, sem málefnaflokkar eru raktir hér í þingsölunum, sögulega og málefnalega, jafngagngert og raun varð á að þessu sinni, enda utanríkismálin þann veg vaxin, að þau geta gefið þeim, sem með þau fara, breiðari vettvang en sum þrengri verksvið, þótt mikilvæg kunni að vera. Án þess að spónn sé úr hans aski eða annarra tekinn, tel ég þó, að sögunni séu ekki rétt skil gerð, án þess að stefnumarkandi áhrifa Sjálfstfl. og forystumanna hans á íslenzk utanríkismál sé að nokkru getið. Og vona ég, að það verði ekki til metings talið, heldur aðeins upprifjan staðreynda, sem gjarnan má minnast.

Fyrst mun ég þó aðeins í fáum orðum rekja þær

skipulagsbreytingar, sem orðið hafa á meðferð utanríkismála okkar á liðnum áratugum. Í sambandslögunum frá 1918 var ákvæði um, að Danir færu áfram með utanríkismál Íslands, og féll það í hlut forsrh. að hafa viðskipti við danska utanrrn. um þau efni, þar eð forsrh. hafði ekki fyrst í stað neina sérskrifstofu, en gegndi jafnframt stjórnarforsæti dóms- og kirkjumála. Utanríkismálin voru fyrst í stað ekki umsvifamikil og fólust fyrst og fremst í bréfaskriftum og skeytasendingum til danska utanrrn. til afgreiðslu í þessu rn. Þegar skipting starfa var ákveðin milli ráðh. 1924, var það lögformlega staðfest, að utanríkismálin skyldu heyra til embætti forsrh., og var sá háttur hafður á um alllanga hríð, eða allt til ársins 1938, þegar utanríkismálin voru skilin frá störfum þeim, er fylgja forsrh.-embættinu. Aðdragandi þessa máls var m. a. sá, að alllöngu áður, eða árið 1928, hafði Alþ. samþ., að kosin skyldi í Sþ. fastanefnd, er nefndist utanrmn., og var ætlunarverk hennar að ræða og taka til meðferðar öll meiri háttar utanríkismál, sem að garði kynni að bera. Árið 1937 var svo af hálfu þáverandi stjórnarflokka borin fram þáltill. um að skora á ríkisstj. að undirbúa í samráði við utanrmn. skipulag á meðferð utanríkismála, innanlands og utan, sem bezt kynni að henta Íslendingum, er þeir tækju alla stjórn þessara mála í eigin hendur. Einn af flm. þessarar till. var einmitt núv. utanrrh., Emil Jónsson. Í grg., er fylgdi till., segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ákvörðun verður að gera um, á hvaða stöðum erlendis þarf að hafa íslenzka sendimenn og ræðismenn, og hvernig verði á öðrum stöðum tryggt, að umboðsmenn verði fyrir íslenzka ríkið, sem annist nauðsynleg sendisveitar- og ræðismannsstörf. Þá þarf og að skipa málum þessum heima fyrir með sérstakri stjórnardeild og til allra þessara starfa að sjá fyrir hæfum mönnum í tíma og þó þannig, að nauðsynlegs sparnaðar verði gætt í hvívetna."

Tillaga þessi var samþykkt dálítið breytt að orðalagi, þannig: „Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa nú þegar í samráði við utanrmn. þá tilhögun utanríkismála, innanlands og utan, sem bezt kann að henta, er Íslendingar neyta uppsagnarákvæðis sambandslaganna og taka alla meðferð mála sinna í eigin hendur."

Smám saman urðu viðfangsefni íslenzkra utanríkismála viðameiri og urðu þau sérstök deild í forsrn., en þegar heimsstyrjöldin síðari brauzt út, varð snögglega mikil breyting á viðfangsefnum og störfum deildarinnar, einkum eftir að Danmörk var hernumin 9. apríl 1940, því þá var Dönum gert ókleift að fara lengur með utanríkismál Íslendinga. Daginn eftir, eða aðfaranótt 10. apríl 1940, samþ. Alþ. þáltill. um, að Ísland skyldi taka meðferð utanríkismála í sínar hendur. Vil ég leyfa mér hér að leiðrétta þá missögn, sem fram kom hjá fyrra ræðumanni, að þetta hafi verið í maí, en það eru einmitt í dag rétt 30 ár síðan þetta skeði. Á grundvelli þessarar þáltill. voru síðan gefin út brbl. 8. júlí 1940 um utanríkisþjónustu erlendis, og eftir útgáfu brbl. var hætt að nefna skrifstofuna utanríkismáladeild og tekið upp nafnið utanrrn. Brbl. voru lögð fyrir Alþ. 1941 og gerðar á þeim nokkrar orðalagsbreytingar til þess að gera ákvæðin skýrari, og í 1. gr. þessara laga segir svo: „Með utanríkismál Íslands fer sérstakt rn. í Reykjavík, er nefnist utanríkisráðuneytið." Síðan utanrrn. var stofnað, hefur störfum þess að líkum fjölgað mjög og þau vaxið, sérstaklega jukust þau mjög á ófriðarárunum, m. a. vegna veru setuliðsins hér á landi og margháttaðra vandamála og skipta við það. Þá komu og til sögunnar eftir stríðslok fjölmargar alþjóðastofnanir, sem Íslandi var nauðsyn ýmist að eiga aðild að eða að fylgjast með störfum þeirra vegna hagsmuna landsins. Má þar m. a. nefna Sameinuðu þjóðirnar, Atlantshafsbandalagið, Efnahags- og framfarastofnunina í París, Evrópuráðið o. fl. Þá tók og baráttan fyrir útfærslu fiskveiðilandhelginnar og allar þær ráðstefnur og fundir, sem voru því máli samfara, drjúgan starfstíma utanríkisþjónustunnar. Síðar hefur komið í hlut utanrrn. að fjalla um þau mál, sem lúta að veru varnarliðsins í landinu, og viðskiptasamningar hafa auðvitað jafnan verið snar þáttur í störfum þess. Þó má segja, að sú hlið málsins hafi fremur farið minnkandi, einkum eftir að viðskipti urðu frjálsari milli þjóða og með tilkomu viðskmrn. og Efnahagsmálastofnunarinnar. Hins vegar hefur nauðsyn upplýsingaþjónustu rn. farið stöðugt vaxandi, og alltaf kunna störf við að gæta hagsmuna íslenzkra ríkisborgara erlendis að reynast nokkuð tímafrek, þótt þau séu kannske ekki öll stórvaxin á alþjóðamælikvarða. Utanríkisþjónustan og kostnaður af henni hefur því eðlilega vaxið töluvert, en að mínu viti alls ekki óeðlilega.

Nú er skipan utanríkisþjónustunnar í stórum dráttum með þessum hætti: Ísland hefur nú sendiráð í 9 höfuðborgum og auk þess fasta skrifstofu í New York vegna aðildar að Sameinuðu þjóðunum og í Genf vegna aðildar að EFTA og öðrum alþjóðastofnunum, sem þar hafa höfuðstöðvar. Allir sendiherrarnir eru sendiherrar í fleiri en einu landi og ýmsir eru jafnframt fastafulltrúar hjá alþjóðastofnunum, auk Sameinuðu þjóðanna og EFTA má t. d. nefna NATO, Evrópuráðið og OECD, UNESCO og Efnahagsbandalag Evrópu. Alls hefur Ísland formlega stjórnmálasamband við nær 40 lönd. Skv. fjárl. fyrir 1970 er gert ráð fyrir, að utanríkisþjónustan kosti tæpar 129 millj. kr., þar af eru 30 millj. kr. framlög til alþjóðastofnana. Þetta mun nema nálega 1.6% af ríkisútgjöldum og skiptist þannig: yfirstjórn 0.2%, löggæzla Keflavíkurflugvallar 0.3%, sendiráðin 0.7%, alþjóðastofnanir 0.4%, eða samanlagt 1.6% af ríkisútgjöldunum.

Mönnum kann að þykja, að ég hafi ef til vill verið orðmargur um þessa tæknilegu hlið málsins. Hins vegar hef ég ekki verið það að mínu viti að ástæðulausu, sökum þess að mér virðist þess oft gæta, að af ókunnugleika sjái menn ofsjónum yfir því fé, sem ríkið ver til þessara hluta. En að mínu mati er þar sízt of miklu til mikilsverðra mála varið, þótt eitthvað megi vafalaust um starfshætti bæta þar sem annars staðar. Einkum tel ég það mikinn ljóð á, svo sem fyrri ræðumaður gat hér um, að ekki hefur verið lögð meiri áherzla á að skipa sérstaka viðskiptafulltrúa í þeim löndum, sem okkur er mest nauðsyn á að kynna afurðir okkar og útflutningsvarning, og aðra, sem ekki þyrftu endilega að hafa fasta búsetu erlendis, en gætu ferðazt um og unnið að nýrri markaðsöflun. Virðist mér þarna vera um verkefni að ræða, sem nauðsynlegt sé að taka skjótlega föstum tökum og hafa um þau samráð bæði við samtök framleiðenda og útflytjenda almennt.

En víkjum nú frá almennri sögu íslenzkra utanríkismála að afskiptum Sjálfstfl. og stefnumarkmiðum hans í þessum efnum.

Síðan Sjálfstfl. var stofnaður, hafa tveir menn farið með utanríkismál úr hópi hans, Ólafur Thors, skamma stund árið 1942 og síðan á árunum 1944–1947, og Bjarni Benediktsson, árin 1947–1953. Áður höfðu Jón Magnússon, árið 1918, og Jón Þorláksson, 1924–1926, úr Íhaldsflokknum, sem síðar varð annar stofn núverandi Sjálfstfl., farið með þessi mál, jafnframt því sem þeir gegndu stjórnarforsæti. Bjarni Benediktsson forsrh. hefur einna lengst gegnt embætti utanrrh., og það einmitt á þeim tímum, sem mikil breyting varð almennt í alþjóðamálum, nýjar stofnanir settar á fót og ný viðfangsefni og vandamál tekið til meðferðar. Á sínum tíma, eða árið 1949, ritaði hann bækling, er bar titilinn: „Utanríkismál Íslands." Þar er að finna mjög raunsætt mat á íslenzkum utanríkismálum, eins og þau blöstu þá við, og raunar margt af því, sem þar er sagt, tímabært enn í dag. Hann hefur mál sitt í þessum bæklingi, með leyfi hæstv. forseta, á þessa leið: „Íslendingar eru óvanir meðferð utanríkismála. Við vorum óviðbúnir að taka einir við meðferð þeirra 10. apríl 1940, þekktum minna til þeirra en ýmsar aðrar þjóðir." Þetta segir hann vissulega ekki að ófyrirsynju, því að hann undirstrikar þetta síðar, orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Utanríkismálin hafa úrslitaþýðingu um velferð þjóðarinnar." Og þetta rökstyður hann réttilega með þeirri staðreynd, að „þýðing utanríkismála fyrir allar þjóðir, og þó einkum Íslendinga, hefur mjög aukizt hin síðustu ár. Aukin tækni og vaxandi viðskipti hafa gert þjóðirnar miklu háðari hverja annarri en áður var." Þá getur hann og þeirra markmiða, sem keppa beri að, og orðar þau þannig: „Helzta markmið utanríkisstefnu hverrar þjóðar er að tryggja, að hún geti lifað í friði og farsæld í landi sínu, óáreitt af öðrum. Annað höfuðmarkmiðið er að efla menningartengsl og samskipti við aðrar þjóðir og auðvelda sölu afurða landsmanna og öflun nauðsynja annars staðar frá." Þá bendir hann og á, að hlutleysi veiti enga vernd í þeim harðhenta heimi, sem við nú lifum í, og því séu varnir landsins nauðsynlegar og samvinna um þær eina úrræðið fyrir þjóðir, sem séu vopnlausar og geti ekki varið sig sjálfar, auk þátttöku í þeim alþjóðasamtökum, sem stuðla vilja að friði og frelsi manna.

Þessi hefur og stefna Sjálfstfl. verið. Þess vegna var Sjálfstfl. fylgjandi inngöngu Íslands í Sameinuðu þjóðirnar á miðju sumri 1946, og var hann raunverulega ekki einn um það, því að 36 þm. greiddu málinu atkv., en aðeins 6 voru á móti, 5 framsóknarmenn og 1 Alþýðuflokksmaður. Þess vegna voru sjálfstæðismenn fylgjandi stofnun og aðild að Atlantshafsbandalaginu, er sá samningur var undirritaður 4. apríl 1949. Þess vegna voru sjálfstæðismenn meðmæltir aðild Íslands að Evrópuráðinu, sem við gengum í í marz 1950. Sjálfstfl. hefur verið fylgjandi sem víðtækastri alþjóðlegri samvinnu og á sem breiðustum grundvelli.

Við sjálfstæðismenn viljum vissulega sem bezta og nánasta samvinnu við nágranna okkar og frændur. Þó mundi ég persónulega ekki telja það númer eitt, eins og hæstv. utanrrh. gerði í ræðu sinni, því að a. m. k. í viðskiptalegum efnum eigum við ekki alltaf sérlega nána samleið með sumum hverra þessara vinaþjóða okkar, þótt menningarlega og pólitískt liggi leiðirnar oftast sama veginn. Ég tel, að við eigum í heild efnahagslega þýðingarmeiri samleið með ýmsum öðrum löndum, ekki sízt í V.-Evrópu og Ameríku, og vil ég þó síður en svo láta pólitíska fordóma standa í vegi fyrir eðlilegum viðskiptum og almennum samskiptum við aðrar þjóðir, sem við aðra stjórnarhætti búa, eins og t. d. ríki A.-Evrópu. Enda þarf fámenn þjóð með einhæfa framleiðslu og atvinnulíf og efnahag, sem byggir að mestu á útflutningi, að eiga vingott við sem flesta, og hennar er ekki að standa í pólitískum yfingum við aðrar þjóðir, ekki sízt nú þegar okkur liggur hvað mest á skilningi og meðhaldi stórþjóðanna við að fá viðurkenningu á yfirráðum landgrunnsins, sem lengi hefur verið baráttumál sjálfstæðismanna og sem betur fer flestra annarra stjórnmálaflokka, að ég bezt veit, þótt stundum hafi nokkuð borið á milli, hversu áfangarnir skyldu vera stórir að hverju sinni.

Ég hef í þessu máli ekki nennt að eltast við ásakanir og gagnrýni stjórnarandstæðinga í þessum umr., enda býst ég við, að hæstv. utanrrh. verði létt um vik að senda þær til heimahúsanna. Framsóknarmönnum vorkenni ég í þessu máli sem fleirum, því eins og ljóslegast kom fram hjá þeim, sem talaði hér næst á undan mér, er obbi þeirra í þessum efnum í raun og veru í hjarta sínu sammála. Í garð Alþb. skal ég ekki vera með neinar getsakir, enda er líklegt, að skoðanir þeirra á utanríkismálum séu ef til vill jafnmargar og flokksbrotin eru, og það er þeirra mál að glíma við.

Máli mínu vil ég svo ljúka með því að árétta enn einu sinni í sölum þessarar virðulegu stofnunar, Alþingis Íslendinga, stefnu Sjálfstfl., eins og hún var skýrt mörkuð á 18. landsfundi flokksins, en þar var gerð svofelld samþykkt, með leyfi hæstv. forseta:

„Á sviði utanríkismála telur flokkurinn enn sem fyrr, að efla beri samtök hinna Sameinuðu þjóða, þannig að þau verði fær um að standa vörð um heimsfriðinn. Enn fremur ber að efla norræna samvinnu og treysta menningar- og viðskiptatengsl við þessar náskyldu þjóðir. Á sviði viðskiptamála verði að því stefnt, að auka viðskipti Íslendinga við allar þjóðir, sem við þá vilja skipta með okkur hagkvæmum kjörum. Þátttaka Íslands í aðstoð við þróunarlöndin verði aukin, eftir því sem geta þjóðarinnar leyfir á hverjum tíma. Sjálfstfl. telur, að reynslan hafi sannað, að aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu hafi verið nauðsynleg. Flokkurinn telur, að í landinu þurfi að vera viðbúnaður öllu til varnar, ef á það yrði ráðizt. Ber að haga honum á hverjum tíma með hliðsjón af hagsmunum þjóðarinnar og friðarhorfum í heiminum."

Þessi hefur að mínu viti verið stefna Sjálfstfl., og var nú enn á ný skýlaust mörkuð einmitt á þessum síðasta landsfundi.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hæstv. utanrrh. flutti alþm. ýtarlega skýrslu um utanríkismál hinn 19. s. l. mánaðar. Þar rifjaði hann upp og rakti hina fjóra meginþætti, sem marka utanríkisstefnu hæstv. ríkisstj., en þeir eru þessir: 1) Náin samvinna við hin Norðurlöndin. 2) Þátttaka í störfum Sameinuðu þjóðanna. 3)

Þátttaka í Norður-Atlantshafsbandalaginu. Og 4) Góð samvinna við okkar viðskiptalönd og raunar allar þjóðir, án tillits til þess, hvernig þær haga sínum innanlandsmálum og stjórnarfari.

Það er gild ástæða til að þakka hæstv. ráðh. fyrir hina fróðlegu og efnismiklu yfirlitsskýrslu og fagna því jafnframt, að nú skuli þingheimi árlega vera gerð slík grein fyrir helztu atburðum liðins árs á vettvangi alþjóðamála. Þrátt fyrir vaxandi þátttöku Íslendinga í alþjóðasamstarfi eru menn yfirleitt næsta tómlátir og áhugalitlir í þeim efnum, líkt og þar sé um að ræða mál, sem lítið snerti meginþorra landsmanna, a. m. k. mál, sem flestir hliðra sér hjá að hugsa um og kryfja til mergjar fyrr en á reynir. Þó hygg ég, að hin síðari ár hafi nokkuð tekið að glæðast áhugi manna á þessum málum og skilningur á mikilvægi þeirra. Í hinni þróttmiklu vakningarræðu, sem Guðmundur Björnson landlæknir hélt á Alþingi í ágústmánuði 1914 og oft er vitnað til, sagði hann m. a.: „Engum má lengur dyljast, að utanríkismálin eru aðalatriðið í stjórnarfari þessa lands.“ Í þessum orðum er mikill sannleikskjarni fólginn, þó að ýmis dægurmál innanlands verði mönnum gjarnan nærtækari og hugstæðari frá degi til dags og skipti vissulega mörg hver miklu máli. Allir verða nú að viðurkenna, að hinn gamli óskadraumur þjóðarinnar um ævarandi hlutleysi, eins og lýst var yfir 1918, er úr sögunni, og einangrun landsins hefur verið rofin endanlega. Hún veitir ekki framar vörn eða skjól í misviðrasömum heimi. Því ber að efla frjálst samstarf við aðrar frelsisunnandi menningarþjóðir.

Ég verð að álíta, að allur þorri þjóðarinnar sé einhuga um að hlynna að norrænu samstarfi og vilji veg þess sem mestan, þó að margir hafi hingað til talið það meira í orði en á borði. Þinghald Norðurlandaráðs í Reykjavík í febrúarmánuði bar vitni um vaxandi styrk norrænnar samvinnu í reynd og vaknandi skilning frændþjóðanna á högum Íslendinga og hagsmunamálum. Hitt er annað, að jafnvel meðal ættingja og vina getur stundum slegið í harða brýnu út af einstökum málum og þarf engan að undra. Svo sem kunnugt er, voru alþm. ekki einhuga, þegar Ísland sótti um inngöngu í Sameinuðu þjóðirnar 1946. Nokkrir greiddu atkv. á móti till., en aðrir sátu hjá. Nú hygg ég, að menn séu nokkuð á einu máli um það, að aðild okkar að þessu víðtæka alþjóðasamstarfi sé æskileg og raunar sjálfsögð. Oft er reyndar að því vikið, að fulltrúar okkar á alþjóðaþingum og ráðstefnum hafi harla lítilvægu hlutverki að gegna.

Hæstv. utanrrh. minnti í skýrslu sinni á frumkvæði Íslands að tveimur merkum till. á allsherjarþingi, þ. e. um ráðstafanir gegn mengun hafsins og um hagnýtingu og verndun lífrænna auðæfa þess, hvort tveggja hinar merkustu tillögur, sem að sönnu snerta lífshagsmuni Íslendinga og annarra strandríkja, en jafnframt svo að segja gjörvalla heimsbyggðina. Þetta sýnir m. a., að hlustað er á rödd Íslands, ef tillögur eru á rökum reistar og málflutningur skynsamlegur. Aðild að Sameinuðu þjóðunum og sérstofnunum þeirra er brýnt hagsmunamál Íslendinga og sést það því betur sem lengra líður. Minnzt hefur verið á markaðskönnun Iðnþróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna í þágu Íslands, að því er varðar niðursuðuiðnað og athugun fleiri útflutningsiðngreina, einnig hagnýtan stuðning frá tækniaðstoð Sameinuðu þjóðanna til jarðefnaleitar, svo og sérfræðilega könnun á sviði ferðamála. Allt hefur þetta margþætt hagnýtt gildi fyrir þjóðina. Tvímælalaust er uppbygging ferðamannaþjónustu sú atvinnugrein, sem fært getur þjóðarbúinu ríkuleg verðmæti í aðra hönd með skjótum hætti, ef rétt er að staðið. Sé Íslendingum alvara með að færa sér þessa miklu möguleika í nyt, verða þeir að hafa nána hliðsjón af þróun ferðamála með öðrum þjóðum, læra af reynslu þeirra og hafa margháttaða samvinnu við þær um framgang mála á þessum vettvangi.

Það er ekki á okkar færi, sem fámennrar og vopnlausrar þjóðar að stemma stigu við árásum og ofbeldi heimsins eða ráða úrslitum hinna stærstu og örlagaríkustu mála. Jafnvel sakleysið sjálft verður að vera á varðbergi í harðleiknum heimi, þar sem engrar miskunnar er að vænta af hálfu árásaraðila, nema hann óttist öflugt viðnám. Þátttaka Íslendinga í öryggis- og varnarsamtökum vestrænna lýðræðisþjóða hefur gefizt vel undanfarin 20 ár, og hyggja þær bandalagsþjóðir allar á áframhaldandi samstarf, einnig og ekki sízt á sviði vísinda, tækni og annarra velferðarmála.

Segja má, að sú utanríkisstefna, sem mörkuð var á fyrstu árum lýðveldisins og fylgt hefur verið í meginatriðum fram á þennan dag, hafi reynzt þjóðinni farsæl og traust. Ýmsir spá því að vísu, að komandi ár muni reynast smáþjóðum erfið, það muni reynast þeim erfitt að viðhalda pólitísku sjálfstæði og efnahagslegu öryggi, og ómögulegt án meiri eða minni samvinnu á alþjóðavettvangi í einu formi eða öðru. Slík spá er áreiðanlega rétt að því leyti, að vart mun upp renna svo fögur friðaröld á næsta leiti, að slík verkefni reynist ekki ærin hverri smáþjóð.

Um einstaka þætti hinnar löngu og yfirgripsmiklu skýrslu hæstv. ráðh. mætti ræða langt mál, svo sem hin nýju viðhorf í einu allra stærsta lífshagsmunamáli Íslendinga, landhelgis- og landgrunnsmálinu. En það verður ekki gert að sinni, aðeins bent á og undirstrikað, að margþætt og vaxandi þátttaka Íslendinga í alþjóðasamvinnu er óumflýjanleg nauðsyn, sem fært getur landsmönnum auknar hagsbætur á fjölmörgum sviðum og stuðlað að auknu efnalegu og andlegu sjálfstæði þjóðarinnar, enda sé þess jafnan gætt og haft ríkt í huga, að slík samvinna geri okkur að meiri og betri Íslendingum.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það var nú ekki ætlun mín að ræða hér um utanríkismálin á breiðum grundvelli eða gera hér sérstaklega grein fyrir stefnu okkar Alþb.-manna í utanríkismálum. Í þeim efnum vísa ég til þeirrar ræðu, sem fulltrúi okkar í utanrmn., hv. 5. þm. Reykn., flutti fyrr í þessum umr. Ég vil aðeins í sambandi við þær yfirlýsingar, sem hér hafa verið gefnar nú, undirstrika, að meginafstaða okkar í utanríkismálum byggist á því, að við viljum, að Íslendingar séu virkir þátttakendur í störfum Sameinuðu þjóðanna, en að Ísland standi utan allra hernaðarbandalaga, og af því beri okkur að segja skilið við NATO, segja upp herverndarsamningnum við Bandaríkin og gera ráðstafanir til þess, að allur erlendur her víki úr landinu.

Við viljum hafa vinsamleg samskipti við allar þjóðir

og leggja alveg sérstaka áherzlu á það, að við höfum sem nánast samstarf og samskipti við frændþjóðir okkar á Norðurlöndum.

Að öðru leyti skal ég ekki ræða hér um almenna stefnu í utanríkismálum. En það var eitt atriði sérstaklega, sem mig langaði til að víkja að í þessum umr., sem fram kom í skýrslu utanrrh., sem hann flutti hér á Alþ., atriði, sem nokkuð hefur verið minnzt á í þessum umr., en ég tel ástæðu til að vekja hér enn frekari athygli á. En það snertir landhelgismál okkar. Í skýrslu hæstv. utanrrh. er frá því greint, að á þingi Sameinuðu þjóðanna hafi verið rætt allmikið um svonefnt hafsbotnsmál og í sambandi við þær umr. á þingi Sameinuðu þjóðanna hafi einnig komið fram ýmislegt athyglisvert varðandi þróunina í landhelgismálum.

Ég átti um tíma á s. l. hausti sæti í sendinefnd Íslands á þingi Sameinuðu þjóðanna og hlýddi þar nokkuð á þessar umr., sem ég tel fyrir mitt leyti, að hafi verið hinar mikilvægustu. Mér varð það alveg sérstaklega ljóst, eftir að ég hlýddi á þessar umr., að okkar landhelgismál hljóta að koma nú til umr. og afgreiðslu með einum eða öðrum hætti innan tíðar. Um það er mikið rætt, að alþjóðasamþykkt verði gerð um skipan mála, sem snerta hafsbotnssvæðið svonefnda, þar sem gert er ráð fyrir því, að hið mikla hafsbotnssvæði verði lýst sem alþjóðaeign og öll verðmæti, sem úr því verða unnin með einum eða öðrum hætti, verði á þann hátt alþjóðaeign. En þó að þjóðirnar séu sammála í öllum grundvallaratriðum um að marka þessa stefnu varðandi verðmætin, sem hugsanlega geta fundizt á hinum víðáttumikla hafsbotni, þá er þó ljóst, að þær eru ekki sammála um það, hvernig afmarka skuli sérstaklega þetta mikla svæði, hafsbotninn. Þegar að því kemur að ákveða mörkin á milli landgrunnsins annars vegar og hafsbotnsins, alþjóðasvæðisins, hins vegar, þá er augljóslega um skiptar skoðanir á milli þjóðanna að ræða.

Það leyndi sér ekki í þessum umr., sem ég hlýddi á á þingi Sameinuðu þjóðanna, að risastórveldin tvö, Bandaríkin og Sovétríkin, hafa greinilega þá afstöðu að vilja landgrunnssvæðið út frá ströndinni sem víðáttumest, af því að á því er enginn vafi, að þessi risastórveldi hafa mestan möguleika, eins og nú standa sakir, til þess að vinna verðmæti úr hafsbotninum út frá sínum ströndum lengst úti í hafi, og eru komin þar lang lengst áleiðis. Afstaða þessara stórvelda miðast því greinilega við það í þessum efnum, að þau vilja í þessu tilliti áskilja sér sem mestan rétt. Ýmis önnur ríki í heiminum hafa hins vegar tilhneigingu til þess að vilja afmarka landgrunnið út frá ströndinni tiltölulega þröngt og láta hið mikla hafsbotnssvæði taka við nokkuð nærri ströndinni. En þó að slík sé afstaða stórveldanna í þessu tilviki, þá kemur hins vegar fram, að þau hafa aftur á móti þá afstöðu, þegar kemur til yfirráðanna á yfirborði hafsins, þegar rætt er um víðáttu fiskveiðilandhelgi eða annarrar landhelgi, að þá vilja þau marka svæðið út frá ströndinni sem allra þrengst, eða a. m. k. halda sig við það, sem nú er viðurkennt hjá flestum þjóðum, helzt ekki út fyrir 12 mílna mörkin frá grunnlínum við ströndina. Aftur á móti kemur í ljós, að fulltrúar ýmissa annarra þjóða líta svo á, að það sé talsvert mikið samhengi á milli reglna um víðáttu landgrunnsins út frá ströndinni og víðáttu landhelginnar út frá grunnlínum við ströndina. Það voru einnig sjónarmið í þessum málum, þegar þær alþjóðalagareglur voru settar, sem nú eru í gildi, árið 1958 á ráðstefnunni í Genf, sem þá fjallaði um réttarreglur á hafinu. Þá kom það alveg skýrt fram, m. a. hjá alþjóðalaganefnd, sem hafði undirbúið þær samþykktir, sem þar voru gerðar, að hún taldi, að það væri mjög erfitt að setja bindandi reglur fyrir þjóðirnar um víðáttu landgrunnsins án þess að taka einnig nokkurt tillit til þess, hvaða reglur ættu að gilda um hafið yfir landgrunninu. Og því var þannig að þessum málum staðið árið 1958, að afgreiðsla þessara atriða fylgdist þar mjög að.

Nú tel ég alveg ljóst mál, að þótt við Íslendingar höfum nokkurn áhuga á því, að landgrunnið út frá ströndinni, sem við eigum að hafa einkaréttaraðstöðu yfir, sé ákveðið sem víðáttumest, þá höfum við þó enn ríkari hagsmuni af því að ákveða sem víðast svæði á hafinu í kringum landið einkaréttarsvæði fyrir okkur, a. m. k. að því leyti til sem það snertir fiskveiðar eða fiskveiðilögsögu. Í umr. á síðasta þingi Sameinuðu þjóðanna um þessi mál kom það mjög greinilega fram að mínum dómi, að þær þjóðir, sem berjast fyrir því að fá viðurkennda sem víðáttumesta landhelgi, m. a. fiskveiðilandhelgi, töldu, að það væri ekki hægt að skilja hér gjörsamlega á milli þessara mála og ákveða sérstaklega eða sér í lagi mörkin á milli hafsbotnsins og landgrunnsins, en hins vegar væri réttast að líta á þessi mál í samhengi og fjalla um hvort tveggja í einu, og kveða þá á um víðáttu landhelginnar um leið og ákveðin væri stærð landgrunnsins. En á sama hátt var það ljóst, að risastórveldin tvö vildu skilja þarna algjörlega á milli. Og það varð ljósara en áður, að þau voru þegar komin nokkuð áleiðis með að berjast fyrir því eða undirbúa það, að komið yrði á laggirnar sérstakri alþjóðaráðstefnu, sem væri markað það starfssvið að fjalla einvörðungu um reglur varðandi landhelgi, víðáttu landhelgi og fiskveiðilögsögu, en hefði ekki að gera að neinu leyti með hinn hluta málsins, sem snerti afmörkun landgrunnsins og hafsbotnsins. Það var ljóst, að fulltrúar risastórveldanna óttuðust, að sókn þeirra fyrir víðáttumiklu landgrunni kynni að verða eitthvað torveldari, ef þau þyrftu að fjalla um víðáttu landhelginnar um leið.

Nú var það svo, að á þingi Sameinuðu þjóðanna var samþ. till., eins og greint var frá í skýrslu hæstv. utanrrh., um að athugun skyldi fara fram á því, hvort ekki væri rétt að efna til alþjóðaráðstefnu, sem tæki til endurskoðunar öll lagaákvæðin, sem snerta réttarreglurnar á hafinu, bæði varðandi landgrunnsmálið og eins landhelgismálið. Till. þess efnis var samþ. þrátt fyrir afstöðu risastórveldanna tveggja, Sovétríkjanna og Bandaríkjanna, og þrátt fyrir það að flest löndin í V.-Evrópu voru þessu andvíg.

Það kemur einnig fram í skýrslu hæstv. utanrrh., að afstaða Norðurlanda til þessa máls var sú að sitja hjá, þegar till. þessi var borin upp á þingi Sameinuðu þjóðanna. Það þarf auðvitað ekki að koma okkur Íslendingum neitt á óvart, vegna þess að við höfum þá í huga fyrri afstöðu frænda okkar á Norðurlöndum til landhelgismálanna, en við vitum, að þar hefur afstaða þeirra verið talsvert mikið önnur en okkar. Mér þykir nú alveg sýnt, að að því dregur, að boðað verði til

alþjóðaráðstefnu, sem fjallar um þessi mál, annaðhvort ráðstefnu, sem risastórveldin tvö, Sovétríkin og Bandaríkin, beita sér fyrir að halda og á þeim grundvelli, að einvörðungu verði fjallað um landhelgi og fiskveiðilögsögu, eða þá að það verður haldin alþjóðaráðstefna, sem fjallar um réttarreglur á hafinu á tiltölulega breiðum grundvelli, þar sem öll þessi vandamál verða að meira eða minna leyti tekin til umr. og endurskoðuð. Ég tel því, að miðað við þá stöðu, sem við Íslendingar höfum nú í landhelgismálum, sé orðið mjög tímabært, að við reynum að undirbúa okkur sem bezt undir þessa ráðstefnu og reynum að samstilla okkur, eins og við höfum getu til, til þess að móta þannig okkar afstöðu, að við náum þar mesta árangri, sem hugsanlegur er. Ég efast ekki um það, að hér verður við mikið vandamál að eiga. Það er enginn vafi á því, að grundvallarafstaða þeirra, sem jafnan ráða mestu um afgreiðslu mála á alþjóðavettvangi nú, risastórveldanna tveggja, fellur ekki fyllilega saman við það sem við viljum. En ekki vil ég segja það fyrir fram, að ekki sé hægt að fá fulltrúa þessara þjóða til þess að mæta óskum okkar í þessum efnum, að svo miklu leyti sem það gæti leyst okkar mál á viðunandi hátt. Úr því verður reynslan að skera. En ég tel miklu máli skipta, að undirbúningur okkar í þessum efnum verði sem beztur og það takist að skapa sem mesta samstöðu um afstöðu Íslands til mjög breytilegra tillagna, sem upp geta komið og við vitum að hljóta að koma upp varðandi þessi mál. Ég tel sjálfsagt, að við byggjum á þeirri sérfræðilegu þekkingu, sem við ráðum yfir í landinu, og því verði leitað til þeirra sérfræðinga, sem ríkisstj. getur leitað til varðandi allan undirbúning þessara mála. En ég legg á það áherzlu fyrir mitt leyti, að sá undirbúningur getur ekki verið fullnægjandi með því að fela undirbúninginn eingöngu sérfræðingum í alþjóðarétti. Ég álít, að hér þurfi að koma saman hin sérfræðilega þekking og einnig samstarf við t. d. fulltrúa þingflokka um þetta mál, ef við eigum að ná beztum árangri.

Við skulum gæta vel að því, að þótt landhelgismálið sé að nokkru leyti utanríkismál, þá er það í eðli sínu eitt af okkar stærstu innanlandsmálum, sem snertir stórlega afkomu þjóðarinnar, eins og allir hv. alþm. gera sér fulla grein fyrir.

Ég vildi aðeins við þessa umr. vekja athygli frekar en orðið var á þessum hluta úr skýrslu hæstv. utanrrh., og ég vil beina því til hans, að reynt verði að standa að undirbúningi þessa máls á þann hátt, að sem mest samstaða geti skapazt af okkar hálfu um það, hvernig á þessum málum verði haldið. Við getum haft eins góðan undirbúning og nokkur tök eru á, en þá er líka þörf á, að mínum dómi, að hefjast handa í þessum efnum hið allra fyrsta, því það dregur greinilega að því, að þessar ráðstefnur, sem ég hef rætt hér um, verði haldnar.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vildi fyrst leyfa mér að þakka ýmsum þeim ræðumönnum, sem hér hafa tekið til máls, fyrir vinsamleg ummæli um mína skýrslu og þá viðurkenningu, sem þeir hafa sýnt í orði, á henni. Ég er alveg sammála þeim hv. þm., sem hér hóf umr. í dag, Tómasi Árnasyni, þar sem hann lagði ríka áherzlu á, að í utanríkismálum yrðu menn að standa saman, hvað sem liði ágreiningi um innanlandsmál. Þessari hugsun er ég mjög sammála. Sama hugsun kom raunar fram hjá hv. 4. þm. Austf., sem hér var að ljúka máli sínu. Hann lagði áherzlu á það, að í landhelgismálunum, – svo að maður orði það nú þannig, – sé sem ýtarlegust og mest samstaða um afgreiðslu mála, hvernig svo sem pólitískar skoðanir manna séu að öðru leyti. Þessu er ég innilega sammála og vildi óska, að það yrði niðurstaðan af okkar bollaleggingum um utanríkismál, að fyrsta boðorðið í þeim væri samstaða allra landsmanna, eða a. m. k. sem mest samstaða allra landsmanna um þessi mál, þó að menn greini á um ýmisleg mál önnur, sem teljast fremur til innanlandsmála.

Úr því að ég var farinn að minnast hér á hv. þm. Tómas Árnason, 1. þm. Austf., þá vildi ég minnast á eitt atriði, sem hann drap á í sinni ræðu, og það var það, að hann taldi, – eða mér skildist svo, – að það væri æskilegt, að fulltrúarnir á þingi Sameinuðu þjóðanna gætu skipzt á, þannig að fulltrúarnir væru ekki allt þingið, heldur aðeins hluta af því, og svo kæmu aðrir frá sama flokki í staðinn. Þessu hef ég verið ósammála og er raunar enn. Ég hefði haldið, að beztur árangur næðist, ef fulltrúarnir frá okkur, eins og frá öðrum þjóðum mörgum eða kannske flestum, yrðu þeir sömu allt þingið út í gegn. Það er nú einu sinni svo, að ef nýr maður kemur til þingsins, þá er hann allnokkurn tíma, kannske mánuð eða svo, að komast inn í gang mála og hlutina yfirleitt, en ef sami maðurinn er allan tímann, þá verður honum miklu meira úr verki en ef skipt er á tímabilinu. Þetta hefur fastafulltrúi okkar hjá Sameinuðu þjóðunum ítrekað oft við mig og talið, að vinnubrögð manna á þinginu yrðu ekki eins góð og notadrjúg, ef skipt væri um menn. Ég hefði þess vegna mjög kosið, ef flokkarnir og hv. þm., sem þangað kynnu að fara, gætu komið því svo fyrir, að þeir væru mestallan tímann eða helzt allan tímann við störf á þinginu, því það mundi verða drýgra og heillavænlegra. Þetta var reynt á síðasta allsherjarþingi, en tókst ekki, því allir eða allflestir fulltrúar flokkanna töldu sig ekki geta verið allan tímann, og var þá orðið við þeirri beiðni að skipta um, þó ég teldi það ekki sem heppilegast og alls ekki heppilegt.

Þetta er náttúrlega að sumu leyti erfitt fyrir þá þm., sem eru kosnir til þingsetu hjá Sameinuðu þjóðunum, ef þeir telja sig ekki geta verið fjarverandi frá störfum Alþ. nema tiltölulega stuttan tíma. Bezt væri að finna stöðugra form fyrir setu þm., ef þeir koma til með að vera sendir til þings Sameinuðu þjóðanna, heldur en verið hefur að undanförnu.

Annars held ég, að ég þurfi ekki að svara ýkjamörgu, sem komið hefur fram í umr. Hv. 5. þm. Reykn. hóf hér umr. með allýtarlegri og langri ræðu um heimspólitíkina yfirleitt. Grunntónninn í öllu hans tali var sá, að eiginlega allt illt eða a. m. k. flest væri Bandaríkjunum að kenna og að Íslendingar væru aftaníossar þeirra. Þetta var eitt af aðalatriðunum í þeirri löngu ræðu, sem hann flutti. Ég skal nú ekki fara að deila við hann um þetta. Það má sjálfsagt finna ýmislegt í fari Bandaríkjamanna, sem við mundum ekki telja æskilegt, en sjálfsagt má nú líka finna það í fari fleiri manna og fleiri þjóða, þannig að það að einskorða allt, sem miður fer, við Bandaríkjamenn og kenna þeim, það tel ég ekki

rétt, og að Íslendingar séu bundnir aftan í þá, tel ég enn fráleitara, því það hefur komið fyrir nokkrum sinnum, – ekki oft, en nokkrum sinnum, – að Bandaríkjamenn hafa snúið sér til okkar á þingi Sameinuðu þjóðanna og óskað eftir stuðningi við till. Þetta gera allar þjóðir meira og minna. En þessar óskir Bandaríkjanna hafa verið metnar af okkur og það hefur stundum verið orðið við þeim og þeim stundum líka algjörlega andmælt. Við erum ekkert bundnir þeim, ekkert háðir þeim, og við erum algjörlega frjálsir gerða okkar í þeim málum eins og öðrum.

Um önnur atriði, sem hann minntist á, vildi ég segja þetta: Hann minntist á þróunarlöndin og afstöðu Íslendinga til fjáröflunar til þeirra og taldi, að íslenzka ríkisstj. léti ekkert af mörkum í þessu skyni. Þetta er ekki rétt, því það hefur verið lagt allverulegt fé af mörkum í þessu skyni, þó það sé ekki neitt nálægt því, sem talað hefur verið um, bæði hér og annars staðar, að íslenzka þjóðin léti 1% af sínum þjóðartekjum í þessu skyni. Ég held, a. m. k. eins og sakir standa nú, að það verði erfitt fyrir okkur að láta í kringum 200 millj. kr. eða meira á ári, þó sennilega meira. Það mundi sennilega verða okkur erfitt, en ég hef síður en svo á móti því og tel það raunar sjálfsagt, að við reynum að leggja fram fé í þessu efni eftir getu.

Þá sagði hv. þm., að afstaða okkar í landhelgismálinu hefði verið loðin. Hv. 4. þm. Austf. vék allýtarlega að því máli hér áðan, og ég skal þess vegna fara um það nokkrum orðum.

Það er rétt, að auk fiskveiðilögsögunnar eða þess máls, sem við hana er tengt, hafa hafsbotnsmálin líka verið mjög ofarlega á baugi og við Íslendingar höfum á þingi Sameinuðu þjóðanna tekið verulegan þátt í umr. um þau og sömuleiðis í þeim umr., sem þar hafa farið fram um fiskstofna í kringum landið. Spurningin er sú, hvar mörkin verða sett á milli lögsögu strandríkis og hins alþjóðlega úthafssvæðis. Það er ekki gott að segja, hvað kemur upp á þeim teningi, en ég skal geta þess, að þessi till., sem hv. 4. þm. Austf. minntist á og var samþ. á síðasta allsherjarþingi, gerir ráð fyrir, að það verði kallaður saman fundur eða ráðstefna til að ræða þetta mál nú bráðlega. Málið var falið framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til fyrirgreiðslu, og hann hefur nú, að ég ætla, skrifað flestum eða öllum þjóðum, sem þetta mál snertir, og óskað eftir till. þeirra um það, hvernig þessu fundahaldi skuli hagað og hvenær þessi fundur verði haldinn. Okkur hefur líka borizt bréf frá aðalritaranum um þetta efni, og við eigum að svara því fyrir síðasta dag júnímánaðar n. k., og verðum væntanlega að gera það. En hvernig við gerum það, verður sjálfsagt borið undir utanrmn. Ég vænti þess, að við getum komizt að sameiginlegri niðurstöðu um það þar. Ég er þeirrar skoðunar, og skal gjarnan segja hana strax, að það eigi að halda þessa ráðstefnu á breiðum grundvelli, en ekki einskorða sig við 12 mílurnar, sem stórþjóðirnar, risaþjóðirnar, eins og þær hafa verið kallaðar hér, hafa óskað eftir, að gert yrði. Þeirra hugsun er eingöngu að reyna að fá það lögfest sem alþjóðalög, að lögsagan, bæði sú almenna lögsaga og fiskveiðilögsagan, verði miðuð við 12 mílur. Það er yfirlýst af þeim sjálfum og var strax yfirlýst í fyrsta skipti sem þessi ósk um stuðning við ráðstefnuna barst mér í hendur frá sendiherra Sovétríkjanna hér í Reykjavík fyrir tæpum 2 árum, í júlí að ég ætla, árið 1968. Síðan hafa Bandaríkjamenn komið í kjölfarið og óskað eftir því, að við styddum þá í þessu ráðstefnuhaldi, sem aðeins yrði um það, hvernig festa skuli mörkin um lögsöguna, bæði þá almennu lögsögu og fiskveiðilögsögu. Ég veit ekki, hver verður niðurstaðan af þessu fundarboði U Thants, en ég geri ráð fyrir því, að ráðstefnan verði haldin síðari hluta þessa árs eða í byrjun þess næsta. Við höfum talið í þeim aths., sem við höfum gert við þessar till., að það væri ekki æskilegt að halda þessa ráðstefnu of fljótt, til þess að hægt væri að undirbúa hana vel, og ég held, að það sé a. m. k. allveruleg stemmning fyrir því hjá þeim mönnum, sem um þetta hafa fjallað, að ráðstefnan verði ekki haldin fyrr en 1972. Þó skal ég ekkert um það segja, hvað ofan á verður, en ég vildi fyrir mitt leyti, að ráðstefnan yrði vel undirbúin, þegar að því kemur að halda hana, og að hún verði haldin á breiðum grundvelli.

Hv. 4. þm. Austf. lagði á það áherzlu, að það yrði haft samstarf við þingflokkana um afgreiðslu málsins. Það væri ekki nóg, taldi hann, að það væru vísindamenn eða sérfræðingar í alþjóðarétti, heldur væri nauðsynlegt, að samband væri haft við þingflokkana. Nú eiga allir þingflokkar sæti í utanrmn., og hún var á sínum tíma á því, að það væri æskilegt að hafa undirnefnd, sem fjallaði um þetta sérstaka mál. En tillögumenn um þessa undirnefnd hættu við þá till. sína eða drógu hana til baka, þannig að það er gert ráð fyrir því, að utanrmn. fjalli um málið. Þá verða vitanlega fulltrúar allra flokkanna þar til kvaddir og geta þeir þá sagt sína skoðun á málinu. Ég held, að það væri ekki æskilegt, að þessari ráðstefnu yrði flýtt, heldur væri það þvert á móti heppilegra, að hún væri mjög vel undirbúin, til þess að árangurinn af henni gæti orðið sá, sem við helzt óskum eftir. Það væri þá hægt að hafa samband við þjóðir, sem eru líkrar skoðunar og við, og við gætum þess vegna haft tíma til þess að undirbúa málið með vinsamlegum þjóðum.

Það voru nokkur atriði í ræðu hv. 5. þm. Reykn., sem mætti minnast á, en ég held, að ég leiði það hjá mér. Ég skal aðeins minnast á eitt mál, sem hann drap á í sinni ræðu, en það var um viðurkenningu á austur-þýzka lýðveldinu, sem hann taldi, að við ættum að viðurkenna nú þegar, og það væri ekki vansalaust, að við hefðum ekki diplómatískt samband við eitt af okkar stærstu viðskiptalöndum. Það er alveg rétt, Austur-Þýzkaland er mikið viðskiptaland okkar. En það eru mörg fleiri stór viðskiptalönd, sem við höfum ekki samband við, svo að það er ekki einsdæmi, að við höfum ekki diplómatískt samband við viðskiptaland. Og á meðan milliríkjamál Austur- og Vestur-Þýzkalands eru á því stigi, sem þau eru a. m. k. enn, og engin Vestur-Evrópuþjóð hefur stofnað til diplómatísks sambands við Austur-Þýzkaland, þá held ég, að það sé hæpið fyrir okkur að flýta okkur að því, heldur sjá til hvað gerist í sambandinu milli Þýzkalandanna tveggja, því það eru tvö ríki, – ég viðurkenni það, – en sambandið á milli þeirra getur náttúrlega verið meira og minna gott. Ég held, að það sé yfirleitt talið, að það sé möguleiki til þess, að þróun mála þar geti orðið með öðrum hætti nú heldur en hún hefur verið áður. Þá væri kannske hægara fyrir

okkur að taka þetta mál til athugunar, þegar það lægi betur fyrir.

Ég skal svo ekki fara mikið út í stórpólitíkina hjá hv. þm. Það má endalaust deila um hana, og þó að maður lesi eitthvað á bók um þau mál, þá er maður nú ekki alveg viss um, að í öllum bókum sé allt rétt með farið, sérstaklega ekki allt sagt, sem þarf að segja, til þess að allur sannleikur komi í ljós.

Afstaðan til Kína var líka nefnd. Hún hefur verið sú hjá okkur, upp á síðkastið a. m. k., að við höfum ekki greitt atkv. í málinu hjá Sameinuðu þjóðunum. Áður höfum við greitt atkv. á móti till., sem Albanía hefur flutt nú á nokkrum allsherjarþingum. Sannleikurinn er sá, að Kína hefur ekki sótt um aðild, en Albanía hefur borið fram till., ekki einasta um að taka Alþýðu-Kína inn í samtök Sameinuðu þjóðanna, heldur líka að útiloka þann hluta Kína, sem ekki er í tengslum við þetta ríki. Og þá er náttúrlega skoðunin önnur en kemur fram í afstöðunni til Þýzkalands. Í Þýzkalandi má viðurkenna þann hluta, sem er utan Vestur-Þýzkalands, utan sambandsríkisins. En Kína, Formósu-Kína, má hiklaust reka, vegna þess að það er hluti af Alþýðulýðveldinu. Þetta er ekki samræmi í skoðunum, en sýnir bezt, að málið er metið eftir því, hver á í hlut. Út af Kínamálinu skal ég segja það, að það var borin fram á sínum tíma till. af Ítölum um það, að nefnd yrði látin rannsaka málið og athuga, á hvern hátt væri hugsanlegt að taka Peking-Kína inn í samtökin. Ísland gerðist meðflutningsaðili að þessari till., því að auðvitað viljum við ekkert frekar en að Peking-Kína verði tekið í Sameinuðu þjóðirnar, en bara ekki á þann hátt, að annað ríki verði rekið úr þeim. Þessi till. Ítalíu var felld. Hún var borin fram tvisvar, en hefur síðan ekki komið fram og þar af leiðandi ekki komið til atkvæða.

Ég held, að það væri eðlilegt og rökrétt að fara einhverja þá leið að reyna að ná samkomulagi um þátttökuna, en fara ekki fram á það, sem gert hefur verið, að taka einn, en berja annan niður.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vildi einungis láta það koma alveg skýrt fram af minni hálfu og Sjálfstfl., að við leggjum ríka áherzlu á það, að það verði náin samvinna um framvindu og aðgerðir í landhelgismálinu nú á næstunni, eftir því sem efni standa til. Og ég tel eðlilegt, að leitað verði eftir því formi, sem líklegast er til árangurs um það, að ekki þurfi að spretta upp ágreiningur vegna tortryggni á milli flokka. Það má vel vera, að efniságreiningur komi í ljós, en fyrir fram skulum við ekki gera ráð fyrir því og a. m. k. kanna allar leiðir til þess, að menn geti unnið saman að þessu mjög svo þýðingarmikla máli fyrir Íslendinga. Þetta vil ég, að liggi alveg ljóst fyrir af okkar hálfu.

Þá vildi ég, vegna þess sem ég hef heyrt af þessum umr., – ég hef ekki heyrt þær allar, því ég var veikur, eins og menn vita, þegar fyrri hlutinn fór fram, – láta það koma í ljós, að mér finnst stundum of lítið gert úr þætti utanríkisþjónustunnar varðandi fyrirgreiðslu um verzlun og viðskipti. Þann tíma, sem ég var utanrrh., þá vil ég fullyrða, að mikill hluti af starfi sumra sendiherranna, – ég vil segja: meiri hluti af starfi sumra sendiherranna beindist einmitt að fyrirgreiðslu í þessum efnum og ég hygg, að svo sé enn víða, eftir því er atvik standa til. Það er auðvitað nokkuð misjafnt eftir því, hvaða lönd þetta eru, en ég þekki ekki dæmi þess, að sendiherrarnir hafi vikið sér undan fyrirgreiðslu, þegar til þeirra hefur verið leitað. Annað mál er, að ég hygg, að útflytjendasamtökin séu því ekki sérlega fylgjandi, að sendiherrarnir eða skrifstofurnar taki að sér umboðsmennsku í þessum efnum eða of mikil afskipti. Það er ljóst, að þessum málum verður ekki ráðið til lykta nema með náinni samvinnu milli utanríkisþjónustunnar, sendiráðanna og þessara samtaka.

Í þriðja lagi vildi ég, út af því sem utanrrh. sagði hér áðan, taka fram, að ég er honum ósammála varðandi það, hvern hátt eigi að hafa á vali manna og störfum í Sameinuðu þjóðunum. Það hefur komið fram áður, og það er bezt, að það sé í vitund manna. Ég tel, að það megi ekki líta á þetta eins og hann hefur tilhneigingu til eftir tillögum okkar aðalumboðsmanns þarna, sendiherrans við Sameinuðu þjóðirnar, að það eigi fyrst og fremst að meta það, hvað menn geti lagt af mörkum í starfi í einstökum nefndum. Sannleikurinn er sá, að okkar þátttaka í þeim verður hvort eð er lengst af harla ófullkomin, af því að við höfum ekki þann mannafla og getum ekki haft, sem þarf til þess að menn geti látið til sín taka önnur mál en þau, sem við höfum alveg sérstakan áhuga fyrir. Þetta er staðreynd, sem við komumst ekki fram hjá, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Úr því að svona er, tel ég, að það eigi fyrst og fremst að leggja áherzlu á það, að ýmsir áhrifamenn, þm. og aðrir, geti farið á fundi Sameinuðu þjóðanna, verið þar t. d. hver um sig hálfan starfstímann frá því í september, er þingið byrjar, og fram að jólum. Það er ekki hægt að búast við því, að menn, sem öðrum störfum hafa að gegna, geti verið þar óslitið 3–4 mánuði, en ég tel alveg hiklaust, að það hafi komið að mjög miklu gagni, að fjölmargir þm. og fleiri hafa átt þess kost að vera á þessum fundum, kynnast þar málum og vita miklu betur, hvað um er að ræða. Þeir geta því af meiri þekkingu og reynslu lagt til mála í umr. innanlands. Og ég held, að þær umr. séu þýðingarmeiri heldur en hvað við getum lagt til á þessum alþjóðavettvangi, nema varðandi þau mál, sem við látum sérstaklega til okkar taka og þarfnast meiri undirbúnings heldur en hægt er að ætlast til, að einn maður, sem fylgist með nefndarstörfum, geti lagt af mörkum.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Það er dálítið undarlegt að þurfa á hverju einasta ári að leiðrétta einföldustu atriði í sambandi við aðild Kína að Sameinuðu þjóðunum úr ræðum hjá hæstv. utanrrh. Hæstv. utanrrh. sagði hér áðan: „Sannleikurinn er sá, að Kína hefur alls ekki sótt um aðild.“ Nú hélt ég, að það væri á vitorði allra og ætti að vera sérstaklega á vitorði þess manns, sem fer með utanríkismál á Íslandi, að Kína þarf ekki að sækja um aðild að Sameinuðu þjóðunum, vegna þess að Kína er aðili að Sameinuðu þjóðunum. Kína er stofnaðili að Sameinuðu þjóðunum, og Kína á sæti í Öryggisráði samkvæmt ákvæðum stofnsamningsins. Þetta er ekkert deilumál. Deilumálið er hitt, hver á að fara með umboð Kína hjá Sameinuðu þjóðunum. Á það að vera meginlandið sjálft, þar sem búa 700–800 millj. manna, eða eiga það að vera stjórnarherrar, sem flýðu til eylandsins Formósu? Um þetta er

deilan. (**Utanrrh.**: Sem stofnuðu Sameinuðu þjóðirnar.) Sem stofnuðu Sameinuðu þjóðirnar? Hvað á hæstv. ráðh. við? (Gripið fram í.) Það veit ég ósköp vel. En það var ekki um að ræða neina persónulega stofnun þessara einstaklinga. Það er þjóðin, sem er aðili að Sameinuðu þjóðunum, en ekki þessir forustumenn, sem ekki gátu haldið völdum í heimalandi sínu. Það er ekki heldur um það að ræða, hvort viðurkenna á aðild Formósu sem sérstaks ríkis að Sameinuðu þjóðunum. Það vandamál liggur ekki fyrir enn þá. Því er haldið fram, jafnt af valdamönnum í Peking sem af valdamönnum á Formósu, að þarna sé ekki um tvö ríki að ræða, heldur eitt, þetta er sameiginlegt mat þessara tveggja aðila. Ef þessar aðstæður breyttust og ef stofnað yrði sjálfstætt ríki á Formósu, þá kemur auðvitað upp það vandamál, hvort eigi að viðurkenna það, og ég teldi, að það væri sjálfsagt mál, ef þar yrði stofnað raunverulega sjálfstætt ríki. En það vandamál liggur raunverulega alls ekki fyrir.

Raunar var það ekki þessi árvissa og einfalda leiðrétting, sem olli því, að ég kvaddi mér hér hljóðs, þó að ég hefði ekki hugsað mér að taka þátt í þessari umr., heldur þau ummæli hæstv. utanrrh. áðan, að umr. hér hefðu leitt í ljós mikla og vaxandi samstöðu um utanríkismál og að á því sviði þyrfti að vera alger þjóðareining. Það er vissulega rétt, að fyrir þjóð eins og Íslendinga er það ákaflega mikilvægt, að eining sé um utanríkismál. En ég held, að það sé ástæða til að leggja á það mjög þunga áherzlu, að um það mál getur aldrei orðið eining, á meðan þeirri stefnu er fylgt, að erlendur her sé á Íslandi og sé þar með mikla herstöð og hafi þaðan mjög víðtæk áhrif. Það hlýtur að vera forsenda utanríkisstefnu Íslendinga, að Íslendingar séu frjálsir og sjálfstæðir í landi sínu. Og það er staðreynd, hvaða afstöðu sem menn hafa til hernáms, að erlend herseta skerðir sjálfstæði. Þeir menn, sem bera ábyrgð á erlendri hersetu á Íslandi og telja hana nauðsynlega, hafa um leið lýst stuðningi við þá stefnu, að eins og ástatt sé geti Íslendingar ekki haft fullt frelsi og sjálfstæði í landi sínu. Þetta er að sjálfsögðu mikið alvörumál. Meðan þetta ástand er, þá mun verða deilt um þessi mál. Það skulu menn gera sér algerlega ljóst. Það hvílir ákaflega þung ábyrgð á þeim valdamönnum, sem hafa kallað þetta ástand yfir Íslendinga og viðhalda því.

Hv. formaður utanrmn. flutti hér ræðu áðan og hegðaði sér eins og dyggur varðliði, sem vitnar í leiðtoga sinn óskeikulan, og lagði áherzlu á það, að Sjálfstfl. hefði mótað stefnuna í utanríkismálum. Þetta er alveg rétt, þetta hefur Sjálfstfl. gert hvað þetta atriði snertir. Bæði Alþfl. og Framsfl. voru andvígir því, að hér væri erlendur her á Íslandi. Báðir þessir flokkar stóðu að því ásamt Alþb. 1956 að ákveða, að herinn skyldi hverfa úr landinu. Þetta var stefna þessara flokka. Sjálfstfl. var þá andvígur þessari stefnu, en það er stefna hans, sem hefur sigrað hingað til. En þess vegna hvílir ákaflega þung ábyrgð einmitt á Sjálfstfl. að tala um það af fullri hreinskilni, hvað hann hugsi sér um áframhaldið. Að vísu hefur hæstv. forsrh. sagt, að það fái ekki staðizt til langframa, að hér sé erlendur her. En almennar yfirlýsingar af þessu tagi nægja ekki. Menn verða að vega þetta og meta með fullum rökum og gera grein fyrir því, við hvaða aðstæður þeir teldu rétt að herinn færi. Ef maður spyr um þau atriði, þá verður ákaflega lítið um svör. Stundum lýsa ráðh. yfir því, að Íslendingar hafi ekki vit á þessum málum og það þurfi að mennta einhverja menn í þeirri grein að kunna að meta aðstæður eins og þessar. Mig minnir meira að segja, að þetta hafi verið hluti af stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstj. fyrir nokkrum árum, þó að ég hafi ekki heyrt mikið um framkvæmdina á því. En nú er komið annað til. Nú er talað um, að einhver dularfullur kanadískur sérfræðingur eigi að semja um þetta álitsgerð, hlutlausa álitsgerð, eins og hæstv. ráðh. komst að orði. Ef menn vilja fá hlutlausa álitsgerð um þetta mál, þá hefði sennilega verið skynsamlegra að leita til einhvers annars en aðildarríkis NATO. Ég hefði til að mynda talið það mjög skynsamlegt, að hæstv. utanrrh. hefði leitað til ágætra flokksbræðra sinna sænskra um aðstoð við þetta efni, ef hann þarf á henni að halda. En ég held, að þessar yfirlýsingar hæstv. ráðh. séu alls ekki á rökum reistar. Ég held, að þessir hæstv. ráðh. hafi fulla getu til þess að meta þetta sjálfir, ef þeir vilja. Ég held, að þetta séu vífilengjur. En þá verða menn einnig að kunna að tala um mál af fullu raunsæi og af fullri alvöru.

Þeir þættir í skýrslu hæstv. utanrrh., þar sem fjallað var almennt um heimsmálin, voru vægast sagt ákaflega barnalegir. Fyrst ég er farinn að ræða þetta, þá langar mig að minnast hér á eitt atriði, sem sýnir ákaflega vel, hvernig hæstv. utanrrh. fjallar um þessi mál. Í hinni vélrituðu skýrslu segir m. a. svo á bls. 32, með leyfi hæstv. forseta, þar sem hæstv. ráðh. er að tala um, hvar sé friðsamlegt og hvar sé ófriðsamlegt í veröldinni:

„En það er einn heimshluti, þar sem jafnvægi hefur verið komið á. Friðsamasta svæðið er nú í Vestur-Evrópu, þar sem áður voru blóðugustu vígvellir í tveimur heimsstyrjöldum, sem báðar stóðu á þessari öld og eru eldri mönnum enn í fersku minni. Það liðu ekki nema rétt rúmlega 20 ár frá lokum fyrri heimsstyrjaldarinnar og þar til styrjöld brauzt út á ný í Evrópu. Nú eru tæp 25 ár liðin frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar. Það er ekki fyrir tilviljun, að Evrópa er í dag friðsamasta svæði í heimi. Full ástæða er til að ætla, að friðurinn í Evrópu sé fyrst og fremst tilveru Atlantshafsbandalagsins að þakka."

Svona einfalt er þetta. Það þurfti aðeins að stofna bandalag eins og Atlantshafsbandalagið, og þá leystust þessi vandamál Evrópu. En málið er ekki svona einfalt, því fer ákaflega fjarri. Hverjar voru ástæðurnar til þess, að styrjaldir brutust út í Evrópu á þessari öld tvívegis? Ég held, að um það sé varla ágreiningur, að ástæðurnar voru þær, að Evrópuríkin voru þá heimsvaldaríki. Í Evrópu voru þau ríki, sem teygðu áhrif sín um hnöttinn, þ. á m. Bretland, sem var með svo víðlent heimsveldi, að sólin gekk aldrei til viðar innan þess. Svipað er að segja um Frakkland og fleiri lönd. Ég þarf ekki að rekja það. Ástæðan til þess að styrjaldir brutust út var ágreiningur þessara heimsvelda um aðstöðu, um völd, um hráefni. Það, sem breyttist eftir síðari heimsstyrjöldina, var það, að þessi heimsveldi hrundu til grunna. Bretar urðu, þótt þeir ætluðu sér það sannarlega ekki, að sleppa nýlendum sínum einni af annarri. Slíkt hið sama neyddust Frakkar til að gera og háðu þeir þó blóðuga bardaga, fyrst í Indó-Kína og síðan í Alsír, til

að halda völdum sínum, en árangurslaust. Heimsveldin í Evrópu eru ekki lengur þau heimsveldi, sem þau voru. En í staðinn hefur risið upp nýtt heimsveldi, Bandaríkin, sem hafa komið inn í það kerfi, sem hrundi til grunna hjá Evrópuþjóðunum. Það voru Bandaríkin, sem komu hinum hrjáðu ríkjum Evrópu til aðstoðar með hernaðarmætti sínum, með fjármagni sínu, og hafa beint og óbeint drottnað yfir Vestur-Evrópu síðan. Þetta eru gerbreyttar aðstæður. Það er af þessum ástæðum, sem ekki hafa komið upp deilur milli Vestur-Evrópuríkja á sama hátt og áður var. Það er vegna þess, að sjálfur grundvöllurinn er orðinn gerbreyttur. Það er ekki vegna þess, að eitthvert gott bandalag hafi verið stofnað. Ástæðurnar rista miklu dýpra.

Bandaríkin hafa hins vegar komið inn í kerfi þessara gömlu heimsvaldaríkja á nýjan hátt. Það, sem mótað hefur heimsástandið eftir styrjöldina, eru nýjar aðstæður, sem í fyrstu urðu á milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Bandaríkin gerðu sér vonir um það, þegar styrjöldinni lauk, að þau gætu borið höfuð og herðar yfir öll önnur ríki á hnettinum, sérstaklega vegna þess að Bandaríkin réðu yfir kjarnorkusprengjunni, og af því hlutust þær miklu deilur í Evrópu, sem ég þarf ekki að rekja hér, sem menn muna eftir og *nefndar hafa verið kalda stríðið*. En þær breytingar, sem hafa verið að gerast á þessu sviði síðan, eru þær, að þessi stórveldi hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að þau megi ekki takast á, þau verði að leysa vandamál sín eftir öðrum leiðum. Þá er komið upp það ástand, sem einkennir heimsvandamálin nú, vaxandi tilraunir þessara stórvelda til þess að skipa málum, hvar sem er á hnettinum, með samkomulagi sín á milli, beinu eða óbeinu. Hæstv. ráðh. vék að þessu í skýrslu sinni um utanríkismál og lét í ljós nokkra undrun á því, hvað stórveldin hefðu talað friðsamlega hvert í annars garð á síðasta allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, og hann lét í ljós enn meiri undrun á því, hvað smáríki virtust vera hrædd við þessa vinsemd milli stórveldanna. Ég held, að hæstv. ráðh. þurfi ekki að undrast þetta neitt. Það eru alls ekki fýsilegar horfur fyrir smáríki, að tvö kjarnorkuvædd risaveldi drottni yfir málefnum mannkynsins og skerði sjálfstæði þjóða, ef þeim býður svo við að horfa. En það er þetta vandamál, sem blasir við í dag. Og það fróðlegasta, sem hefur verið að gerast í heimsmálum, er einmitt uppreisn ýmissa aðila gegn þessu kerfi. Sú uppreisn hefur átt sér stað beggja vegna, eins og menn vita. Í Vestur-Evrópu hefur hún gerzt í Frakklandi. Frakkar slitu öllu hernaðarsamstarfi við Atlantshafsbandalagið og þau samvinnuslit standa enn, og síðan ráku Frakkar alla erlenda heri úr landi sínu, allar stöðvar Bandaríkjanna, sópuðu þeim burt. Það væri hægt að minnast á ýmis fleiri dæmi um slíkt í Vestur-Evrópu, en hið fróðlegasta af þessu tagi hefur þó gerzt austan megin, og það er uppreisn Kínverja gegn þessum tilraunum risaveldanna til þess að ná jafnvægi sín á milli í heiminum. Þetta er meginástæðan fyrir hinum miklu deilum milli Kínverja og Rússa. Það er augljóst mál, og þau orð, sem hæstv. utanrrh. lét falla í skýrslu sinni um kredduágreining og annað slíkt, eru *ákaflega yfirborðsleg. Það, sem máli skiptir, er það*, að Kínverjar neita að sætta sig við þá framtíð, að risaveldin tvö drottni yfir öðrum ríkjum á hnettinum, og stefna að því að vera þar algerlega sjálfstæður og fullgildur aðili. Það eru hugmyndir af þessu tagi, sem einnig er rætt um í vaxandi mæli í sambandi við hugmyndina um öryggisráðstefnu í Evrópu, sem hæstv. ráðh. vék að með æðimiklum efasemdum.

Í sambandi við slíka öryggisráðstefnu er um tvö sjónarmið að ræða. Sumir virðast ímynda sér, að þessi ráðstefna eigi að vera í því fólgin, að þar verði samið um hlutina á grundvelli þeirra tveggja hernaðarbandalaga, sem eru í Evrópu, Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins, þau verði hreinlega fest í sessi sem varanlegt ástand. En það eru einnig uppi þær raddir, sérstaklega meðal smærri þjóða, að fara verði þveröfuga leið. Eina leiðin til þess að tryggja eðlilegt ástand í Evrópu sé að auka sjálfstæði og fullveldi smáþjóðanna. Og ég held, að það væri ákaflega brýnt fyrir Íslendinga að fylgjast einmitt með þeim viðhorfum.

Ég tók svo eftir, að það eina, sem hæstv. utanrrh. Íslands lagði til mála, þegar Finnar spurðu að því, hvort Íslendingar vildu taka þátt í slíkri ráðstefnu, var það að koma með þann fyrirvara, að Kanada og Bandaríkin yrðu að vera með. Nú er það í sjálfu sér eðlilegt, að Bandaríkin og Kanada séu þarna með. En það er sannarlega ekki það, sem er mest keppikefli fyrir land eins og Ísland, heldur einmitt hitt, að stuðla að því að brjóta niður þetta valdakerfi risaveldanna.

Að öðru leyti ætlaði ég ekki að taka frekari þátt í þessari umr., en vildi að lokum ítreka það, sem ég vék að í upphafi. Það er nauðsynlegt og í rauninni skylda hæstv. ríkisstj. að gera grein fyrir því, hvenær og við hvaða aðstæður hún telur, að aflétta megi hernámi af Íslandi.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Mér ber nú sjálfsagt að þakka hv. 6. þm. Reykv. fyrir það, að hann hefur verið svo vinsamlegur, eftir því sem hann segir, að leiðrétta fyrir mig á hverju ári það, sem ég fer rangt með. Ég er bara ekki alveg viss um, að þetta sé rétt, sem hann er að segja um þessa hluti. Það er á vitorði allra manna í heiminum, að það eru tvö kínversk ríki til, þó að það sé ekki formlegt. Þetta er orðhengilsháttur. Það vita allir, að Formósa er út af fyrir sig og Peking-Kína er út af fyrir sig. Menn vita það, hvað sem hv. þm. kann um þetta að segja.

Hv. þm. minntist líka á dvöl hersins, sem nú er í landinu, og vildi láta það koma fram, að á meðan þessi herseta væri hér, væri útilokað, að hér gætu allir orðið sammála um utanríkismál. Ég vildi í því sambandi segja það, að dvöl hersins er í sjálfu sér ekki nema að nokkru leyti utanríkismál. Hún er fyrst og fremst mál Íslands sjálfs um varnir landsins til þess að tryggja sjálfstæði þess og öryggi. Það er það, sem varnarliðið á að gera og gerir. Hann vildi tala um það í heldur léttum tón, að mér skildist, að það hefði verið fenginn Kanadamaður til þess að meta þörf okkar til varna, og það mundi hafa verið heppilegra að fá einhvern annan. Ég geri nú ráð fyrir, að í þessu máli verði sama, hvað við gerum. Hv. þm. verður alltaf á móti, því að hann vill fyrst og fremst, að Ísland verði varnarlaust land, sem sé opið fyrir hverri þeirri þjóð, sem vill leggja sig niður við það að taka það af okkur. Ég get ekki skilið annað. En það er hættuleg stefna, hvað sem allri utanríkismála-

stefnu okkar að öðru leyti líður, sem ég a. m. k. fellst aldrei á.

Hann vildi líka halda því fram og gera jafnvel gys að því, sem ég sagði um það, að það væri að verulegu leyti Atlantshafsbandalaginu að þakka, að friður hefði haldizt í Evrópu. Allar hans teoretísku bollaleggingar um nýlenduþjóðir Evrópu skal ég nú ekki fara út í, en ég er ekki alveg viss um það, að það væri ekkert ríki í Evrópu, sem vildi hugsa sér til hreyfings, ef ekkert Atlantshafsbandalag væri til. Ég er ekki alveg viss um það, og það væri öruggara fyrir okkur að vera við því búnir, að eitthvað slíkt gæti komið fyrir.

Um það, að Bandaríkin séu komin inn í þessa nýlendumynd, sem hann sagði, að væri nú að mestu leyti horfin af gömlu Evrópulöndunum, þá vildi ég bara segja það, að Bandaríkin hafa ekki, það ég veit eða hef getað séð, hugsað sér að stofna til einhverra nýlendna í Evrópu, hvað illt sem hægt er að segja um þau að öðru leyti. – Ég sé svo ekki ástæðu til þess að segja meira út af því, sem hv. þm. sagði hér áðan.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Hæstv. utanrrh. lét sér sæma getsakir frá tíð kalda stríðsins um það, að það væri keppikefli fyrir mig að hafa Ísland varnarlaust, svo að einhver gæti hremmt landið. Ég hélt, að menn ættu að bera það mikla virðingu fyrir sjálfum sér að vera ekki með getsakir af þessu tagi. Það ætti að vera verkefni Íslendinga að tryggja það, að þeir byggju einir og frjálsir í landi sínu, og stefna, sem nær ekki þessu markmiði, er röng. Hún þýðir það, að við getum ekki framkvæmt þetta undirstöðuatriði í íslenzkum utanríkismálum. Hæstv. ráðh. hefur framkvæmt slíka stefnu, og hann ber blak af henni. Þessi hæstv. ráðh. ber raunar blak af fleiru. Hann vildi vefengja það, að Bandaríkin væru komin í nýlendudrottnunarstöðu í veröldinni. Í skýrslu sinni hér um daginn lét hæstv. ráðh. sér sæma það einnig að fara örfáum setningum um styrjöldina í Víetnam, og talaði þar um, að Bandaríkin hefðu áhuga á því að draga úr styrjöldinni, en kommúnistar væru að magna stríðið. Þarna er um að ræða árás stórveldis á smáþjóð, sem er að verja hendur sínar, og hæstv. ráðh. telur það vera ofbeldisverk, að þegnarnir verja sig fyrir árásinni. Ég hugsa, að enginn utanrrh. í Vestur-Evrópu mundi tala á þennan hátt, eins og þessi hæstv. ráðh. gerir. Og ég efast meira að segja um, að nokkur ráðh. í Bandaríkjunum mundi tala á slíkan hátt.

Það er alkunna, að Bandaríkin hafa komið sér upp herstöðvum um heim allan og hafa þar feiknalega mikið lið. Þau gera þetta til þess að hafa vald á auðlindum og hráefnum í veröldinni. Það er alkunna, að bandarískir auðhringar ráða heimsmarkaðsverði á ýmsum helztu hráefnum, sem nú eru í heiminum. Þetta er m. a. ein ástæða til þess, að bilið milli fátækra þjóða og ríkra fer vaxandi, en ekki minnkandi, vegna þess að ríku þjóðirnar undir forustu Bandaríkjanna hafa aðstöðu til þess að skammta verð fyrir hráefnin, sem fátæku þjóðirnar selja einkanlega, og ákveða einnig verðið á fullunnum iðnaðarvarningi, sem fátæku þjóðirnar verða að kaupa. Þetta er hin nýja nýlendustefna, og hún er framkvæmd af Bandaríkjunum, og ég veit ekki betur en að þessi stefna sé gagnrýnd mjög af sósíaldemókrötum í Vestur-Evrópu. Þessi hæstv. ráðh. vill stundum láta telja sig sósíaldemókrata. En þegar til þess kemur að meta mál, þá heyrist aldrei hjá honum neitt slíkt viðhorf. Á meðan íslenzk utanríkismál eru undir stjórn manna, sem hafa hvorki þrek né djörfung til þess að meta þau af íslenzkum sjónarhól, út frá íslenzkum hagsmunum, þá verða orð þeirra og gerðir aldrei annað en bergmál annarra og stærri aðila.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er nú varla hægt að elta ólar við þessa ræðu hv. þm., sem hefur verið flutt hér, ekki einu sinni, heldur mörgum sinnum um það, hversu Bandaríkin eru vont land og vilji kúska heiminn. Hann sagði í upphafi síns máls, að *ég væri enn þá eða lifði enn þá á tímum kalda stríðsins*, þar sem ég væri að bera honum á brýn, að hann vildi hafa landið opið og óvarið og það væru bara leifar af kalda stríðinu og því, sem því fylgdi. En hvað vill hv. þm.? Hann vill, að varnarliðið fari burtu og við segjum okkur úr Atlantshafsbandalaginu. Er þá ekki landið opið og óvarið? Ég spyr hann: Hver á þá að verja sjálfstæði okkar og öryggi?

III. Framkvæmd vegáætlunar 1969.

Á 39. fundi í Sþ., 18. marz, var tekin á dagskrá:
Skýrsla samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1969 (A. 318).

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Í vegalögum er svo fyrir mælt að leggja skuli fyrir Alþ., svo fljótt sem auðið er eftir að það kemur saman, skýrslu um framkvæmdir líðandi árs. Þessu ákvæði í lögunum þarf að breyta. Það liggur í augum uppi, að ekki er mögulegt að gera fulla grein fyrir framkvæmdum ársins fyrr en það er liðið og helzt ekki fyrr en nokkru eftir áramót. Þess vegna er skýrsla um framkvæmdir fyrir árið 1969 til umr. eftir að langt er liðið á þingið.

Framkvæmdir í vegagerð á s. l. ári fóru fram eftir vegáætlun og má segja, að áætluninni hafi verið haldið í öllum atriðum, og mun hv. þm. vera kunnugt um það.

Samkv. vegáætlun var gert ráð fyrir, að tekjur vegasjóðs gætu orðið á árinu 514.1 millj. kr., en rauntekjur urðu ekki nema 494.6 millj. kr. Halli á vegáætlun vegna minnkandi tekna varð 19.5 millj. kr. Tekjur af gúmgjaldi voru 9.7 millj. kr. lægri en áætlað hafði verið. Þungaskattur var 3.1 millj. kr. undir áætlun og tekjur af benzíngjaldi gáfu 6.7 millj. kr. minna en reiknað hafði verið með. Ástæður fyrir þessu geta verið margvíslegar, benzínnotkun hefur eðlilega verið minni á s. l. sumri en venjulega, vegna þess hvernig tíðarfarið var, og fólk *ferðaðist minna af þeim ástæðum*. Gúmslit hefur einnig orðið minna af þessum sömu ástæðum, og einnig eru ástæðurnar þær, að verð á gúmi og benzíni hækkaði og innflutningur bifreiða dróst mjög saman, eins og alltaf á sér stað á fyrstu mánuðum eftir miklar verðhækkanir. Ástæða er til, að nú sé komið á eðlilegt jafnvægi í þessum málum. Eftir að leyfisgjöld af bif-

reiðum hafa verið felld niður, mun innflutningur bifreiða aukast á ný.

Eins og fyrr var greint var halli á vegáætlun vegna minni benzínsölu, minni þungaskatts og lægra gúmgjalds en reiknað hafði verið með 19.5 millj. kr. Auk þess var unnið að viðgerðum á vegum vegna flóða og vetrarviðhaldi umfram það, sem áætlað var, fyrir 8 millj. kr. Og er því raunverulegur halli vegasjóðs á árinu 27.5 millj. kr. Viðhaldskostnaður þjóðvega er alltaf mjög mikill og fer alltaf eftir tíðarfari, hvort sú upphæð, sem áætluð er á þann lið, nægir. Á s. l. ári voru áætlaðar 175 millj. kr. til viðhalds þjóðvega. Af þessari upphæð var áætlað, að 25.5 millj. kr. færu til vetrarviðhalds, þar af 16.9 millj. kr. á tímabilinu janúar til júní, en 8.6 millj. kr. á tímabilinu okt. til des. Kostnaður við vetrarviðhaldið reyndist vera 28 millj. kr. Tjón af völdum náttúruhamfara verður flest ár. Í lok febr. og í marz urðu mikil flóð víðs vegar á landinu, en þó sérstaklega á Suður- og Vesturlandi. Kostnaður við viðgerðir á skemmdum af völdum þessara flóða var 5.2 millj. kr. Einnig þurfti að styrkja varnargarða á Mýrdalssandi og í Mýrdal vegna vatnavaxta s. l. sumar. Kostnaður við það var 0.9 millj. kr. Beint tjón af völdum flóða á árinu var samtals 6.1 millj. kr.

Viðhald á vegum yfir sumarmánuðina var ofaníburður, mölun og hökkun efnis, viðhald brúa, rykbinding vega og heflun. Áætlaður kostnaður við það var 129.2 millj. kr. Var reynt að láta sem minnst af viðhaldsfénu fara í gagnslausar aðgerðir snemma vors. Nýttist fjárveitingin því að þessu sinni betur en fyrr. Eins og flestir munu hafa veitt athygli voru vegirnir óvenjulega góðir s. l. sumar, þrátt fyrir miklar rigningar víða um landið. Til viðhalds á hraðbrautum var varið um 4 millj. kr.

Unnið er að aukinni hagræðingu í vegaviðhaldi. Í maí 1969 voru verkstjórar hjá Vegagerðinni kvaddir til tveggja daga fundar. Aðalefni fundarins var hagræðing í viðhaldi malarvega og möguleikar á betri nýtingu viðhaldsfjárins. Verkfræðingur frá Vegagerðinni hefur ferðast um Noreg og Svíþjóð og kynnt sér viðhald malarvega í þessum löndum.

Unnið var að vegmerkingu á árinu. Lokið er merkingu á akfærum hraðbrautum og 94% af þjóðbrautum hefur verið merkt, en aðeins 41% af landsbrautum hefur verið merkt. Vinna ber að því að ljúka við vegmerkingar svo fljótt sem auðið er.

Eins og vegáætlunin heimilar, hefur rn. aflað fastra lána til nokkurra þeirra vega, sem tilgreindir eru í III. kafla vegáætlunar 1969. Til einstakra vegaflokka nema þessi lán eftirtöldum upphæðum: Til hraðbrauta 32.4 millj. kr., til þjóðbrauta 21.9 millj. kr. og til landsbrauta 9.8 millj. kr. Af þessum lánum eru 32.4 millj. samkv. framkvæmdaáætlun ríkisstj., en 31.7 millj. kr. samkv. Vestfjarðaáætlun. Um skiptingu þessara lána vísast til grg. um framkvæmdir á einstökum vegum. Þar sem grg. sú liggur fyrir prentuð á borðum hv. þm., þykir ekki ástæða til að gera frekari grein fyrir skiptingu lánanna. Föst lán vegasjóðs í árslok 1969 voru 577.3 millj. kr. Vegasjóður greiðir aðeins 6.8 millj. kr. af kostnaði við þessi lán. Fjárveiting úr ríkissjóði árið 1970 er 52.5 millj. kr. og áætlað veggjald af Reykjanesbraut 15 millj. kr.

Á árinu var fylgt þeirri reglu, sem gilt hefur undanfarið ár, að samþykkja aðeins bráðabirgðalán til þeirra vegaframkvæmda, sem fjárveitingu hafa í vegáætlun næstu ár. Þannig voru tekin lán til þjóðbrauta, landsbrauta og sýsluvega með sama hætti og áður, en einnig voru tekin lán til hraðbrauta á árinu að upphæð 19.7 millj. kr.

Sjá má á þeirri skýrslu, sem lögð hefur verið fram, hvernig unnið var við einstaka vegi. Er því ekki ástæða til að rekja það nánar. Við lestur skýrslunnar kemur í ljós, að unnið hefur verið að framkvæmdum fyrir þær upphæðir, sem vegáætlun er byggð á, þótt áætlun hafi ekki staðizt fjárhagslega, eins og áður var getið. Verður því að útvega það fjármagn, sem vantar samkv. vegáætlun.

Auk vega og brúa hefur verið unnið að uppgræðslu og girðingum, eftir því sem ástæður voru til. Hefur uppgræðsla Vegagerðarinnar meðfram vegum borið mjög góðan árangur.

Til rannsókna á Skeiðarársandi voru veittar 3.5 millj. kr. Hluti af þessari upphæð fór til þess að greiða áfallinn kostnað frá árinu 1968, að öðru leyti fór fjárveitingin til ýmiss konar rannsókna og framkvæmda á s. l. ári. Skeiðarársvæðið hefur verið mælt með tilliti til kortagerðar eftir loftmyndum. Kortrannsóknir hafa verið gerðar og varnargarðar verið byggðir í tilraunaskyni. Vatnamælingar voru gerðar s. l. sumar í sambandi við jökulhlaupið í Grænalóni. Á þessu ári er einnig fjárveiting til áframhaldandi rannsókna á þessu svæði. Verður unnið að því að fá úr því skorið, með hvaða hætti heppilegast verður að koma öruggum samgöngum á yfir Skeiðará.

Talsvert hefur verið gert að því að bæta ýmsa fjallvegi landsins.

Heildartekjur sýsluvega 1969 námu 25 millj. og 740 þús. kr. Er gert ráð fyrir, að tekjur sýsluvegasjóða hækki nokkuð og verði á árinu 1972, þegar núgildandi vegáætlun lýkur, 27 millj. 264 þús. kr. Nokkur breyting var gerð á sýsluvegum með breyt. á vegal. árið 1969. Hefur flestum að athuguðu máli fundizt þær breyt. eðlilegar.

Til vega í kaupstöðum og kauptúnum var varið samkv. vegáætlun 51 millj. 301 þús. kr. Íbúatala í kaupstöðum og kauptúnum var á árinu 168 þús. 971. Þéttbýlisfénu er skipt samkv. 32. og 34. gr. vegalaga, eins og fram kemur í skýrslu þeirri, sem fyrir liggur. Segja má, að það fjármagn, sem kaupstaðir og kauptún fá greitt úr vegasjóði samkv. vegal., hafi gerbreytt ástandi gatna víðast hvar á landinu.

Til véla- og áhaldakaupa var varið, samkv. því sem er á vegáætlun, 14 millj. kr. Eftirfarandi vélar voru keyptar: Tveir stórir vegheflar með útbúnaði til snjóruðnings, einn snjóblásari, ein mælingabifreið, ýmsar minni vélar og tæki, svo sem véldælur, lofthitarar, snjótennur, festivagn o. s. frv. Auðvitað þyrfti það fé, sem varið er til vélakaupa, að vera talsvert meira en hér er um að ræða, því að það skiptir miklu máli að hafa góðar vélar og hafa ekki allt of slitnar vélar. Það verður til þess, að vegaviðhaldið bæði að vetri og sumri getur orðið ódýrara. Til byggingar áhaldahúss á Akureyri var varið talsverðri upphæð. Þótti nauðsynlegt að hefja þá byggingu. Það er aðeins fyrri áfangi, sem steyptur var upp, og er síðar ætlað að bæta við það hús.

Til tilrauna í vegagerð var varið 3.1 millj. kr. Nauð-

synlegt þykir að verja talsverðu fé í þessu skyni, og hafa tilraunir, sem gerðar hafa verið, borið góðan árangur og leitt til þess, að menn vita betur nú, hvernig að ýmsum framkvæmdum ber að standa.

Í sept. s. l. ákvað ríkisstj. að hraða lagningu hraðbrauta, þ. e. auka framkvæmdir við Vesturlandsveg og Suðurlandsveg. Stefnt er að því að ljúka vegagerð upp í Kollafjörð og austur að Selfossi á árinu 1972, eins og ætlað er í vegáætlun, með því að nota þær lánsheimildir, sem þar eru fyrir. Er óvíst, að það þurfi að nota allar heimildirnar, þó að þessum verkum verði lokið á áætlunartímabilinu. Sótt hefur verið um lán í Alþjóðabankanum í þessu skyni og er talið líklegt, að það fáist.

1. júlí n. k. er gert ráð fyrir að setja gjaldmæla í dísilbifreiðar, sem eru 5 tonn eða stærri. Talið er nauðsynlegt að koma þessu á hér. Reynslan hefur sýnt það í Noregi, að það hefur gefizt vel. Benzíngjaldið er lagt á í því skyni, að menn borgi til veganna eftir því, hvað þeir aka mikið, en með því að leggja sama þungaskatt á jafnþungar bifreiðar kemur þetta mjög ójafnt niður. Sumar bifreiðar jafnþungar aka ekki nema 10–15 þús. km á ári, en aðrar 50–60 þús. eða jafnvel meira. Með því að setja gjaldmæla í bifreiðarnar kemur það réttláta út, að þeir, sem nota vegina mest, borga mest til veganna. Norðmenn hafa fram að þessu verið þeir einu, sem hafa tekið upp þetta kerfi, en nú eru Svíar að undirbúa það hjá sér og gera þeir ráð fyrir, að það taki ekki gildi fyrr en 1974. Það var einhvern tíma sagt, að það væri skrýtið, hvað Vegagerðin og rn. væru lengi að útbúa þetta hér og koma þessu í framkvæmd, því að það eru a. m. k. tvö ár síðan farið var að tala um að setja gjaldmæla í bifreiðar. En ef Svíar ætla sér 4–5 ár til undirbúnings þessu, þá er ekki mikið þó að Íslendingar hafi ætlað sér a. m. k. tvö ár.

Það er rétt að taka saman hér til glöggvunar það, sem reyndar stendur í skýrslunni, hvað unnið hefur verið við einstaka vegi, og svo einnig, hvað margar brýr hafa verið gerðar á árinu.

Fullnaðarfrágangur og undirbygging hraðbrauta á árinu var á 10.7 km löngum vegi. Lagning malarslitlags var 7 km, lagning varanlegs slitlags annars var 1.6 km, brýr 10 m og lengri 54 m, tvær brýr. Á þjóðbrautum voru undirbyggðir vegir 44.6 km, lagt slitlag 47.2 km, brýr 10 m og lengri fjórar, 120 m, smábrýr þrjár, 16 m. Á landsbrautum voru undirbyggðir vegir 36 km, lagt slitlag 36.5 km, brýr 10 m og lengri tvær, 32 m, smábrýr sex, 35 m. Á sýsluvegum, brýr 10 m og lengri, þrjár, 33 m, smábrýr sjö, 39 m. En yfirlit um vegaframkvæmdir á sýsluvegum liggur ekki enn fyrir hjá Vegagerðinni. Fjallvegir: Það var ein brú lengri en 10 m, 21 m.

Þá hefur oft, þegar skýrsla um vegaframkvæmdir hefur verið til umr. hér á hv. Alþ., verið um það spurt, hvað mikið fé hafi farið í snjómokstur og viðhald í einstökum tilfellum. Ég hef ekki enn fengið í hendur sundurliðaða skýrslu um árið 1969, en ég er hér með árið 1968 og það var ekki gerð grein fyrir því hér, þegar vegaskýrsla var til umr. fyrir árið 1968, og þykir mér því rétt að lesa það upp hér.

Reykjaneskjördæmi: Vetrarviðhald 2 millj. 45 þús. kr., almennt viðhald 11 millj. 720 þús. kr., vegheflun 5 millj. 68 þús. kr., viðhald brúa 360 þús. kr., rykbinding 1 millj. 774 þús. kr., vatnaskaðar 1 millj. 264 þús. kr. Samtals 22 millj. 231 þús. kr. Vegalengd í km 410.

Vesturlandskjördæmi: Vetrarviðhald 4 millj. 410 þús. kr., almennt viðhald 13 millj. 34 þús. kr., vegheflun 5 millj. 298 þús. kr., viðhald brúa 1 millj. 680 þús. kr., mölun efnis 4 millj. 576 þús. kr., rykbinding 367 þús. kr., vatnaskaðar 2 millj. 511 þús. kr. Viðhald samtals 31 millj. 877 þús. kr. Vegalengd vega 1450 km.

Vestfjarðakjördæmi: Vetrarviðhald 7 millj. 402 þús. kr., almennt viðhald 9 millj. 567 þús. kr., vegheflun 1 millj. 939 þús. kr., viðhald brúa 645 þús., rykbinding 31 þús., vatnaskaðar 185 þús. Samtals 19 millj. 769 þús. Vegalengd vega 1300 km.

Norðurlandskjördæmi vestra: Vetrarviðhald 3 millj. 222 þús., almennt viðhald 9 millj. 354 þús., vegheflun 2 millj. 162 þús., viðhald brúa 1 millj. 277 þús., rykbinding 35 þús., vatnaskaðar 566 þús. Samtals 16 millj. 616 þús. Vegalengd er 1210 km.

Norðurland eystra: Vetrarviðhald 6 millj. 62 þús., almennt viðhald 8 millj. 868 þús., vegheflun 2 millj. 513 þús., viðhald brúa 359 þús., mölun efnis 3 millj. 343 þús., rykbinding 261 þús., vatnaskaðar 362 þús. Samtals 21 millj. 533 þús. Vegalengd 1280 km.

Austurlandskjördæmi: Vetrarviðhald 7 millj. 215 þús., almennt viðhald 10 millj. 456 þús., vegheflun 2 millj. 566 þús., viðhald brúa 1 millj. og 50 þús., mölun efnis 450 þús., rykbinding 2 þús., vatnaskaðar 6 millj. og 30 þús. Samtals 28 millj. 209 þús. Vegir 1630 km.

Suðurlandskjördæmi: Vetrarviðhald 1 millj. 562 þús., almennt viðhald 13 millj. 391 þús., vegheflun 5 millj. 734 þús., viðhald brúa 935 þús., mölun efnis 8 millj. 414 þús., rykbinding 266 þús., vatnaskaðar 3 millj. og 418 þús. Samtals 33 millj. 719 þús. Vegalengd 1560 km.

Ég tel rétt að lesa þetta upp, því að það hefur oft verið um þetta spurt og í þessu felst nokkur fróðleikur, hvernig þessu viðhaldsfé er skipt, sem hlýtur að vera áraskipti að, eftir því hvernig tíðarfarið er víðs vegar um landið, sem er oftast allbreytilegt.

Þá er það greiðsluhallinn, sem áður var um getið, 27.5 millj. kr., sem Vegagerðin hefur nú ýtt á undan sér, eytt meiru á árinu heldur en tekjurnar raunverulega leyfðu til þess að halda vegáætluninni. En það er vitanlega ljóst, að þess fjár verður að afla. Þessa skuld verður að greiða. Það er ekki vitað, hvernig árið 1970 kemur út, en við gerum okkur vonir um, að það verði a. m. k. minni halli á því ári, að tekjur vegasjóðs standist betur, m. a. vegna þess að lengra er nú um liðið frá verðhækkunum á gúmmíi og benzíni og enginn vafi er á því að meiri innflutningur á bifreiðum verður á þessu ári heldur en því síðasta. En jafnvel þó að vegáætlunin stæðist árið 1970, þá er hér 27.5 millj. kr. baggi, sem verður að greiða. Nú er heimild til að endurskoða vegáætlunina í haust, og ég geri ráð fyrir, að flestir þm. óski eftir því, að sú endurskoðun fari fram, og þá er vitanlega mjög æskilegt, að möguleikar væru á því að afla vegasjóði aukinna tekna, ekki aðeins til þess að greiða þessa skuld, heldur talsvert meira til þess að endurskoða framkvæmdaáætlunina víðs vegar um landið. Það er mál, sem ekki verður rætt að þessu sinni. Það er eðlilegt, að það bíði til haustsins. En ég þykist vita, að

þess verði óskað að nota þá heimild, sem fyrir hendi er til endurskoðunar á vegáætlunum.

Ég sé svo ekki, herra forseti, ástæðu til þess að fara fleiri orðum að svo stöddu um vegáætlunina. Eins og ég sagði áðan, þá liggur skýrslan fyrir prentuð á borðum hv. þm. og þeir munu hafa kynnt sér hana, og það er ekki ástæða til þess að vera að lesa mikið upp úr henni. En þær skýringar, sem ég hef hér gefið í stuttu máli, vona ég að verði að nokkru leyti til leiðbeiningar, og að sjálfsögðu er ég tilbúinn til þess að svara þeim spurningum, sem fram kynnu að koma.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Þetta eru aðeins örfá orð. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þá skýrslu, sem hann hefur gefið hér og hefur reyndar verið útbýtt prentaðri áður og þá ýtarlegri. Þó virtist mér hann gefa nokkru ýtarlegri upplýsingar um viss atriði heldur en í þessari prentuðu skýrslu voru, og hef ég ekki getað gert mér grein fyrir þeim upplýsingum enn, því að þær voru fluttar fyrir stuttri stundu.

Hæstv. ráðh. sagði eitthvað á þá leið, ef ég hef tekið rétt eftir, að ríkisstj. hafi á tilteknum tíma nú nýlega ákveðið að hraða lagningu hraðbrauta í landinu, sem ég skil auðvitað svo, að hún hafi ákveðið að beita sér fyrir því, að lagningu hraðbrauta verði hraðað. Ég vil aðeins í þessu sambandi leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvort ríkisstj. hafi nokkra ákvörðun tekið um að hraða eða beita sér fyrir að hraða lagningu þjóðbrauta.

Hraðbrautirnar, sem svo eru nefndar í vegalögum, eru ekki mjög mikill hluti af þjóðbrautakerfi landsins, þ. e. a. s. þeirri hringbraut í kringum landið í ýmiss konar ástandi, sem segja má að nú sé til. En megnið af þessum aðalbrautum eru hinar svokölluðu þjóðbrautir, sem tengja saman landshluta og byggðarlög og eru samgöngulífæð landsins. Og um þetta er fsp. mín, hvort stjórnin hafi tekið nokkra sérstaka ákvörðun varðandi þjóðbrautirnar.

Hæstv. ráðh. ræddi hér nokkuð um viðhald þjóðveganna og þá sérstaklega um snjómokstur, og ég hygg, að þau nýju atriði, sem fram komu í ræðu hans og ég minntist á hér áðan, hafi verið um þau efni. Nú ætla ég ekki að spyrja um neitt í sambandi við þetta, en ég vil bara vekja athygli á því, að sums staðar á landinu telja menn sig afskipta að því er varðar snjómoksturinn. Það munu vera til reglur, sem vegamálastjórnin fer eftir um þetta efni, sem ég hef nú ekki í höndum og veit ógerla hvernig eru, og ég ætla mér ekki heldur að spyrja um þær reglur að svo stöddu, enda kunna þær að vera eitthvað breytilegar. En ég vil endurtaka þetta, að ýmsum finnst þeir vera afskiptir um snjómokstur, eftir því sem þeir frétta úr öðrum héruðum og öðrum landshlutum. Ég vil leggja áherzlu á, að athugun fari fram á þessum efnum og þessum reglum, ef einhverjar eru, til þess að gera sér grein fyrir, hvort það hafi við rök að styðjast, að í sumum hlutum landsins sé óeðlilega lítill snjómokstur miðað við aðra, og vil ég í því sambandi alveg sérstaklega nefna Norðausturland.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það væri mjög leitt, ef einhverjir væru afskiptir með snjómokstur og það væri vegna hlutdrægni í framkvæmdum. Ég held, að það sé alveg óhætt að fullyrða, að það er ekki viljandi og ekki hlutdrægni í framkvæmdum, sem veldur því, að sumum kann að sýnast þetta vera svo. En það er vitanlega ákaflega erfitt að annast snjómoksturinn þannig, að allir geti orðið ánægðir, og snjórinn fellur náttúrlega misjafnlega niður. T. d. í vetur hefur hann fallið meira hérna á Suðurlandi en um Norðurland, en oftast er snjóþyngra á Norðurlandi, eins og við vitum, og þetta er alltaf mjög erfitt í framkvæmd. En ég hygg, að það sé oftast lagt meginkapp á að moka þær leiðir, sem fjölfarnastar eru, og held ég, að það verði að finna afsökun fyrir því. Hitt er svo skiljanlegt, að mönnum leiðist að vera kannske innilokaðir langtímum saman og óski eftir því, að það verði mokað og gert fært. Þetta finnst mér allt saman eðlilegt, en hv. síðasti ræðumaður vildi alls ekki halda því fram, að menn væru afskiptir af annarlegum ástæðum, heldur að ýmsum fyndist þetta. Og þetta getur allt saman verið eðlilegt. Mönnum finnst það, að þeir séu afskiptir, þeir halda, að þeir séu kannske rangindum beittir, þegar þeir eru lengi innilokaðir, jafnvel þó það sé allt af eðlilegum ástæðum. Þegar snjóbyljir geisa kannske dag eftir dag, þá er eðlilegt, að það sé hikað við að moka. Það er búizt við kannske, að vegurinn lokist um leið og búið er að komast í gegn með ærnum kostnaði. En það má segja, að þessar tölur, sem ég las áðan upp um vetrarviðhaldið, sem er að meginhluta snjómokstur, þær segja náttúrlega ekki neitt um það, hvort einstakir landshlutar hafi verið afskiptir eða ekki, þetta eru misjafnlega háar tölur. Þar segir t. d., að á Norðurl. e. 1968 er vetrarviðhaldið þar, sem er, að ég hygg, u. þ. b. 100% snjómokstur, það voru ekki nein vatnsflóð, 6 millj. 62 þús. kr. En jafnvel þótt þessi upphæð hafi verið notuð 1968 til snjómoksturs í Norðurl. e., þá er ég alveg sannfærður um, að það hafi ekki verið fullnægjandi, og auðvitað hafa ýmsir bæir verið innilokaðir kannske vikum saman þrátt fyrir þetta. En á vegáætlun er ákveðið fjármagn ætlað fyrir þetta og vandi Vegagerðarinnar eða vegamálastjóra er að skipta því. Ég er sannfærður um, að þeir vilja vera réttlátir í þeirri skiptingu. Og það skiptir náttúrlega mjög miklu máli.

Hv. þm. kom hér með fsp. til mín, þar sem hann segir í sambandi við hraðbrautir, að ríkisstj. hafi ákveðið að hraða lagningu hraðbrauta, hvort ríkisstj. hafi þá ekki einnig ákveðið að hraða lagningu þjóðbrauta. Í raun inni er ákvörðun ríkisstj. ekki önnur en sú að reyna að halda sig við vegáætlunina. Ríkisstj. hefur ekki hugsað sér að fara út fyrir ramma vegáætlunarinnar með hraðbrautir, heldur stefna að því að halda áætlunina með hraðbrautir eins og aðra vegi. En það vil ég fullyrða, að ríkisstj. hefur áhuga á því að hraða endurlagningu á þjóðbrautum einnig og ekki síður. En ríkisstj. er bundin af vegáætluninni, og eins og ég sagði áðan, þá hefur á s. l. ári og á þessu áætlunartímabili verið haldið framkvæmdum í samræmi við það. Hv. þm. veit það, að ríkisstj. hefur haft áhuga á þjóðbrautunum. Hann veit um Vestfjarðaáætlunina, sem nú er senn lokið. Hann veit, að það er verið að semja Austfjarðaáætlun í vegagerð. Og hann veit, að það er verið að athuga slíkar áætlanir í öðrum landshlutum, þar sem þörfin er brýn, eins og er í öllum kjördæmum þessa lands. Þar þarf ekki að vera um neinn meting að ræða. En í haust verður vegáætlunin endurskoðuð, og þá má

vel vera, að það verði hægt að ýta eitthvað á eftir meira en nú er heimild til að gera samkvæmt áætluninni eins og hún liggur fyrir nú.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af skýrslu hæstv. samgmrh. Ég vil þakka honum fyrir skýrsluna. Mér finnst töluvert athyglisvert það, sem þar kemur fram varðandi vegaviðhald, og ástæða til að þakka sérstaklega þær upplýsingar, sem gefnar eru í sambandi við það.

Þegar samgöngumálaskýrslan var til umr. hér fyrir tveim árum, þá féllu hér nokkur orð um vegaviðhaldið. T. d. sagði ég hér meðal annarra nokkur orð og leitaðist við að gagnrýna það, hvernig staðið hafði verið að vegaviðhaldinu að undanförnu og hversu ákaflega illa hafði gengið t. d. að vorinu að halda vegum færum. Sú gagnrýni, sem hér kom fram við þær umr., var þó ekki nema dauft bergmál af þeirri almennu áánægju, sem ríkti um vegaviðhaldið, og almennri og mjög harðri gagnrýni, sem maður varð hvarvetna var við, þar sem þessi mál bar á góma á mannfundum.

Hæstv. ráðh. skýrði frá því í sinni ræðu, og það kemur einnig fram í skýrslu hans, að á árinu sem leið hafa verið gerðar alveg sérstakar ráðstafanir til þess að koma betri skipan á þessi mál og því ber vissulega að fagna. Hann gat þess, að það hefði verið boðaður sérstakur fundur með verkstjórum um þetta mál og það hafi verið gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að vernda vegina að vorinu, þetta varð maður áþreifanlega var við, að var gert. Það vakti kannske ekki hrifningu á meðan takmarkanirnar stóðu, sumir voru bráðlátir og vildu komast leiðar sinnar, en ég held þó, að þegar allt kom til alls, þá hafi engum blandazt hugur um, að þarna var rétt stefnt. Fleiri ráðstafanir voru gerðar til þess að hagnýta betur það viðhaldsfé, sem fyrir hendi er, og þess var vissulega full þörf. Maður hlýtur að vona, að þeirri starfsemi verði haldið áfram í a. m. k. þeim þáttum, sem þegar hafa verið upp teknir. En vissulega kemur þarna fleira til greina, sem gæti stefnt í sömu átt. Ég vil m. a. víkja að því, að nú höfum við eignazt nýtt strandferðaskip, sem er mjög vel útbúið til vöruflutninga. Og ég held, að það sé alveg full ástæða til þess að leita allra ráða til þess, að flutningageta þess skips verði nýtt út í yztu æsar, m. a. til þess að létta óeðlilegum þungaflutningum af vegunum. Ég er ekki með þessu að segja, að það eigi að banna slíka flutninga eða fara út í neinar öfgar í þessu sambandi, en það er áreiðanlega fyllilega ástæða til þess að gefa þessu gætur og það ætti ekki að geta orðið nema öllum til gagns að draga nokkuð úr álaginu á vegakerfið.

Það er nú kannske svæðisbundið, en mikið verður maður oft var við það, að þeir, sem mest eiga nú undir vegunum, bílstjórar, sem oftast fara um þá, þeir halda því fram, að á hinum ýmsu leiðum séu staðir, kannske smáhöft, sem ár eftir ár valda því, að langar vegalengdir, sem annars eru mikið til færar, lokast. Ég held, að til viðbótar því að gera slíkar ráðstafanir sem þegar hafa verið gerðar til þess að hagnýta viðhaldsféð sem allra bezt, þá væri ástæða til þess, að þessi atriði væru tekin alveg sérstaklega til meðferðar. Við vitum, að það hlýtur að verða langt að bíða þess, að allir vegir á landinu verði uppbyggðir, og það er þess vegna ærin ástæða til þess að taka þetta alveg sérstaklega til athugunar, hvort ekki er hægt að nota að einhverju leyti viðhaldsféð til þess að eyða svona torfærum, sem oft og einatt valda annaðhvort töfum ellegar sérstökum og óeðlilegum kostnaði við opnun.

Nú er lokið fyrsta ári þeirrar 4 ára áætlunar, sem gerð var hér í fyrra. Fólk í dreifbýli lítur nokkuð bjartari augum á framvinduna í vegamálunum eftir þá meðferð, sem vegáætlunin fékk hér á Alþ. í fyrra, þegar gerð voru samtök um það að hækka benzíngjaldið um krónu pr. lítra og renni hækkunin til nýbyggingar landsbrauta og þjóðbrauta, og jafnframt um það, að ríkissjóður tæki á sig nokkrar greiðslur vegna landsbrauta og þjóðbrauta, þ. e. a. s. að greiða afborganir af föstum lánum til landsbrauta og þjóðbrauta frá og með árinu í ár. Það atriði kemur að vísu ekki til framkvæmda fyrr. Þetta var vissulega mikil breyting á vegáætluninni, frá því sem hún var lögð fyrir í fyrra, mikil breyting varðandi þjóðbrautirnar og landsbrautirnar, því eins og áætlunin var lögð fyrir var um að ræða stöðvun á nýbyggingu þessara vega. En verkefnin eru svo stór, að þetta hrekkur skammt til að mæta þeim. Mér fannst, þegar búið var að ákveða þessa hluti í fyrra, taka benzíngjaldið og létta af vegasjóði nefndum greiðslum, þá fannst mér sem hluti þjóðbrauta og landsbrauta væri allgóður orðinn – og vissulega batnaði hann mikið. Þegar svo var búið að skipta þessu fé og maður fór að líta yfir þau svæði, sem manni eru kunnugust, þá sýndist þetta allt minnka og þó enn frekar, þegar ég svo fór að fara um landið og bera saman ástand veganna við þær fjárveitingar, sem til þeirra voru ætlaðar. Það er þess vegna áreiðanlega full þörf á því, að vegáætlunin verði endurskoðuð, eins og gert er ráð fyrir, á miðjum tíma og þá ekki sízt með það í huga, að þá verði reynt að leita úrræða til meiri átaka við byggingu þjóðbrauta og landsbrauta.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. – Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svar við fsp. minni, en hann svaraði henni á þá leið, að mér skildist, að þegar hann hefði sagt frá því, að ríkisstj. hefði ákveðið að hraða lagningu hraðbrauta, hefði hann í rauninni átt við það, að hún ætlaði að framkvæma þá vegáætlun, sem fyrir liggur, og þá e. t. v. einnig að beita sér fyrir einhverjum framkvæmdum í sambandi við endurskoðun áætlunarinnar á næsta þingi.

Það er náttúrlega ekki nein nýlunda, að ríkisstj. framkvæmi þá vegaáætlun, sem gerð er. Það hefur hún yfirleitt gert og það ber henni að gera. En annað mál er svo hitt, sem ríkisstj. kann að beita sér fyrir þar fyrir utan, t. d. í sambandi við næstu endurskoðun áætlunarinnar, sem stendur fyrir dyrum. Og ég vil segja það, að það er náttúrlega mikil nauðsyn á því að koma upp hraðbrautum og ekki nema gott um það að segja, að tekin séu, eins og nú er ástatt, lán til hraðbrauta. En ég sé ekki annað en það verði þá einnig að fara inn á hliðstæða leið vegna þjóðbrautanna, því að þrátt fyrir þá tekjuöflun, sem samþ. var í fyrra til viðbótar, miðar mjög hægt lagningu þjóðbrautanna. Ég hef ekki nefnt landsbrautirnar í þessu sambandi. Mjög verulegur hluti af vegakerfinu er landsbrautir, og verður að gera ráð fyrir því, að til þeirra geti fengizt fé úr vegasjóðnum.

Varðandi snjómoksturinn, sem hæstv. ráðh. ræddi einnig um, þá efast ég ekkert um, að reynt sé að framkvæma hann sanngjarnlega, ekki viljandi beitt hlutdrægni. Samt getur það skeð, að mönnum verði slíkt á óviljandi. Og ég hef ástæðu til þess að ætla, að það sé ekki fullt samræmi í þeim reglum, sem um þetta gilda, án þess þó að ég hafi haft aðstöðu til þess að gera þar ýtarlegan samanburð. Það er það, sem ég var að beina til hæstv. ráðh., sem ég veit að hann mun gera, að leggja áherzlu á, að þarna verði um samræmi að ræða. Ég er ekki að tala um að framkvæma það, sem ekki er hægt að framkvæma í okkar landi, að halda þjóðvegum opnum eftir hvert óveður, í því ástandi, sem þeir enn eru, því miður. En það er mikilsvert, að reynt sé að halda samræmi í þessu, sambærilegri fyrirgreiðslu fyrir fólkið í landinu og atvinnuvegina.

Ég ræddi ekki sérstaklega um Norðurl. e., en ég benti á Norðausturland, þar eiga hlut að bæði Norðurland eystra og Austurland, en ég ræddi ekki sérstaklega um Norðurl. e., enda hefur af hálfu okkar þm. kjördæmisins verið sérstaklega rætt bæði við hæstv. ráðh. og vegamálastjóra um það mál nú í vetur, og ætla ég ekki að fara að flytja þær umr. hér inn á Alþ. En ég vil alveg sérstaklega benda á eitt, sem verður að hafa í huga í sambandi við snjómoksturinn, og það er nauðsyn þeirra læknishéraða, sem eru þó nokkuð mörg hér á landinu núna, sem eru læknislaus og því ætlað á hvaða árstíð sem er og hvernig sem færð er að njóta læknisþjónustu úr öðru héraði. Það er náttúrlega mjög erfitt að njóta slíkrar þjónustu á vetrum, ef ekki er gert eitthvað til þess að auðvelda hana, að því er samgöngurnar varðar, og sérstaklega að sjá um þetta, eftir því sem unnt er, að vegirnir séu ekki ófærir.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég vil taka undir með öðrum þm. og þakka hæstv. ráðh. fyrir skýrslu þá, sem hann hefur flutt hér um vegamálin, og mig langar til að minnast á nokkur atriði í sambandi við hana og þær umr., sem hér hafa farið fram.

Ég vil þá fyrst segja það í sambandi við merkingar á blindhæðum, að þeim hefur farið fjölgandi og eru til mikilla bóta, en þó varð ég var við það s. l. sumar, að það er enn þörf frekari merkinga á mörgum stöðum, og á ég þá við leiðina frá Reykjavík og norður í land. Ég veit, að hv. ráðh. hefur þetta í huga.

Þá er það annað, sem ég hef orðið var við. Þeir, sem ferðast um landið, kvarta mikið yfir því, að á of mörgum stöðum eru smábrýr mjórri en vegurinn. Og þó að ég hafi ekki hjá mér neina skýrslu um slys, sem hafa orðið í sambandi við þessar brýr, þá býður það hættunni heim, að brýr séu mjórri en sjálfur þjóðvegurinn, og skapast þá örlítið bil sitt hvorum megin við brúarendana.

Þá leyfi ég mér hér með að minna á, að í kjördæmi, sem ég er þm. fyrir, Norðurl. v., er okkar ágæti Langidalur í A.-Húnavatnssýslu allt of oft illfær yfirferðar, því veldur fyrst og fremst lega vegarins, og er því fyllsta þörf að hraða gerð nýrrar brautar í þeim ágæta dal. Þá vil ég aðeins í sambandi við vetrarviðhaldið og snjómoksturinn minna hæstv. ráðh. á það, að það góða fólk, sem byggir Siglufjörð, er óánægt með það, að Siglufjarðarvegur skuli aðeins vera mokaður einu sinni í viku, og mér skilst, að það sé „prinsip", sem ekki megi frá víkja. En t. d. Akureyrarleið er mokuð tvisvar í viku. Akureyri er þéttbýliskjarni og má rökstyðja, að það sé eðlilegt, að mokað sé oftar til Akureyrar, og það er ekki ætlan mín að fara að draga úr því. Ekki er Akureyringum og Eyfirðingum það of gott. En ég minni á það, að á þennan stað eru þó flugferðir tvisvar á dag, en engar til Siglufjarðar. Og ég vildi nú beina þeim tilmælum til hæstv. ráðh., að hann hlutist til um, að framvegis verði Siglufjarðarvegur mokaður tvisvar í viku, svo að það dýra mannvirki sem Strákagöng eru nýtist betur en nú er. Orðlengi ég þetta því ekki frekar.

IV. Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir.

Á 27. fundi í Sþ., 19. des., utan dagskrár, mælti

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Þingi verður nú senn frestað. Það er vitað mál, að um áramótin nú koma til framkvæmda ný lög, lög um Stjórnarráð Íslands. Það er vitað mál, að af þeirri lagasetningu hlýtur að leiða ýmsar breytingar, ekki aðeins að því er varðar stjórnarráðið sjálft og þær skrifstofur, sem þar undir heyra, heldur hlýtur þetta einnig að hafa í för með sér breytingu á stjórninni eða í öllu falli á verkefnaskiptingu á milli ráðh. Þess vegna vildi ég leyfa mér að beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh., hvort hann gæti nú og áður en þing fer heim í jólaleyfi skýrt þingheimi frá þessum fyrirhuguðu breytingum.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þær breytingar, sem gera þarf, munu verða ákveðnar fyrir gildistöku laganna og tilkynntar nógu snemma, en það er ekki búið endanlega að kveða á um þær enn.

Á 37. fundi í Nd., 15. jan., utan dagskrár, mælti

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Eins og öllum þingheimi er kunnugt og allri þjóðinni hefur enn einu sinni orðið skiptapi fyrir Vestfjörðum og mundi ekki þykja ástæða til – **(Forseti:** Ég vil vekja athygli ræðumanns á, að dómsmrh. hefur bent mér á, að leitinni að viðkomandi bát er ekki lokið og það er ekki búið að tilkynna, að báturinn sé talinn af.) En Ægir kom sem seinasta skip úr þessari leit í morgun og er hér kominn í höfn með síðustu skýrslu um málið. En ég vænti, að það verði ekki tekið af mér orðið út af því, því að ég ætla ekki að færa hér fram sakir á hendur einum eða neinum eða gera þetta mál að umtalsefni af öðrum ástæðum heldur en almenn þjóðarþörf útheimtir. Við erum ekki of góðir til þess, alþm. fremur en aðrir, að leiða hugann að slíkum atburðum, þegar þeir gerast, á hvaða stundu sem er, og ég veit, að öll þjóðin hefur fylgzt með þessum atburðum og þeirri víðtæku leit, sem gerð hefur verið af þessu tilefni, að báturinn Sæfari frá Tálknafirði kom ekki úr sjóferð aftur 10. janúar. Þessi leit hefur verið víðtæk og engan árangur borið og síðasta skip, sem ég veit að hefur tekið þátt í leitinni, varðskipið Ægir, er

komið úr leitinni án nokkurs árangurs og flugvélar og þeir menn, sem hafa leitað með ströndinni, eru allir komnir til síns heima án þess að geta gefið nokkra vitneskju um örlög skipsins, annað en að sú staðreynd blasir við, að skipið kom ekki úr sinni síðustu sjóferð.

Ég var vestur á Patreksfirði þá daga, sem leitin fór fram, og fylgdist með henni úr nálægð, hitti skipherrann á Ægi, þegar hann kom úr sinni næst-síðustu leitarferð. Þá átti hann aðeins eftir að lóna norður með ströndum enn einu sinni og þá voru komin góð leitarskilyrði. Hann kom þá að landi til Patreksfjarðar með eina litla fjöl, sem hann hafði fundið, og bar það undir skipstjórnarmenn á Patreksfirði, sem gerþekktu þennan tapaða bát, hvort hún gæti verið úr honum, og var ég þar viðstaddur og þeir álitu, að svo væri ekki. Það er það einasta, sem leitarskipin hafa fundið.

En það alvarlega við þetta er, og að því hafa margir leitt hugann, að s. l. ár hafa skiptapar verið tíðir fyrir Vestfjörðum. Samkv. skýrslu frá Slysavarnafélaginu hefur það verið svo, að allt frá og með árinu 1964 og fram í ársbyrjun 1970 hafa eitt eða fleiri skip farizt á Vestfjörðum á öllum þessum árum, að undanteknu árinu 1965, og með þessum skipum hafa farizt samtals 33 menn. Hér er því um endurtekna atburði að ræða og því ekki nema eðlilegt, að menn leiði hugann að því, hvort hér sé nokkuð hægt að gera, – nokkuð, sem í mannlegu valdi standi til þess að draga úr þeim háska, sem þarna er sýnilega á ferð, sérstaklega á þessum kafla íslenzku strandarinnar. Skýrsla Slysavarnafélagsins er ekki löng, hún hermir frá því í aðalatriðum, að í októbermánuði 1964 hafi farizt báturinn Mummi, 54 tonna skip, og með honum 4 menn. Sama haust, 1964, ferst annar bátur af Vestfjörðum, Snæfell, 74 tonna bátur frá Flateyri við Önundarfjörð, og með honum 3 menn. Á árinu 1965 er góðu heilli enginn skiptapi á Vestfjörðum, en árið 1966 kveður ekki án þess að þá farist einnig skip frá Vestfjörðum, 81 tonns skip, Svanur, og með honum 6 menn. Árið 1967 ferst vélbáturinn Freyja út af Ísafjarðardjúpi í sjóróðri og með honum 4 menn. Í ársbyrjun 1968 ferst vélbáturinn Heiðrún, 154 tonn, það er skip frá Bolungarvík, og með því skipi 6 menn, og þá um veturinn, síðar um veturinn, vélskipið Trausti frá Súðavík, 40 tonna bátur, með 4 menn. Og á árinu 1969, í ársbyrjun, fórst vélbáturinn Svanur frá Súðavík, 101 tonns skip, áhöfnin var 6 menn, skipið fórst, en mannbjörg varð í það skiptið, eftir að vonlítið þótti þó, að þeir björguðust, en skipverjarnir björguðust þó í það skiptið. Og nú í ársbyrjun 1970, 10. janúar, fórst vélbáturinn Sæfari frá Súðavík, 101 tonns bátur, og með honum fórust 6 menn, 5 af þeim frá litlu kauptúni, Bíldudal.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, þá er spurningin þessi og hún var á vörum skipherrans á Ægi, þegar ég var um borð í því skipi núna fyrir fáum dögum: „Hvað er hægt að gera?“ Er nokkuð hægt að gera, sem í mannlegu valdi stendur? Orsakirnar vita menn ekki hverju sinni, stundum alls ekki í öðrum tilfellum mjög óljóst, en við tökum eftir því með þessa skiptapa flesta, að skipin eru frekar smá. Stærsta skipið, Heiðrún, er 154 tonn, tvö af þeim eru 101 tonn, og hin skipin eru innan við 100 tonna skip. Annað, sem tekið er eftir í skýrslu Slysavarnafélagsins, er það, að skipstjórnarmenn í langflestum tilfellum eru ungir menn. Hugurinn leiðist því að því, að hér er frekar um að ræða minni skipin, unga skipstjórnarmenn, og maður getur hugsað sér, að þeir eru kappsfullir ungu mennirnir, þeir eru á tiltölulega smærri skipum og vilja halda til jafns við 200–300 tonna skipin, en þetta virðist vera þeim ofraun.

Ég veit vel, að það er ekki auðvelt mál að taka vald af skipstjórnarmönnum, og það láta sér fáir detta það í hug. En er hægt að gera nokkrar varúðar- eða varnarráðstafanir? Það er spurningin. Bretar höfðu á þessu bili strandarinnar, íslenzku strandarinnar, orðið fyrir þungum áföllum og miklu manntjóni, og þá gripu þeir til þess ráðs að setja eftirlitsskip við ströndina til þess að veita leiðbeiningar og aðhald um sjósókn, og virðist það í fljótu bragði a. m. k. hafa borið nokkurn árangur. Stór áföll hafa ekki orðið í brezka flotanum á þessari strandlengju síðan. Mér dettur því í hug, hvort það sé a. m. k. ekki þess virði að athuga það af færustu mönnum og þeim, sem bezt þekkja til, hvort íslenzka ríkið eigi ekki að hafa sérstakt gæzluskip til ráðlegginga og leiðbeiningar við þessa harðviðrasömu strönd, a. m. k. á þeim tíma ársins, sem slysahættan er mest. En skiptaparnir allir undantekningarlaust, sem hér er um að ræða við Vestfirði á seinustu árum, hafa orðið á haustvertíðinni og vetrarvertíðinni fram til marzbyrjunar. Þetta virðist vera háskatíminn, og vita allir, að þetta er mesti harðviðratíminn við okkar land. Sumir segja: Væri ekki ráðlegt að setja á laggir sjóslysanefnd og kanna þessa skiptapa sérstaklega? Slíkt hefur áður verið gert. Skýrslur hafa verið samdar af þessum sjóslysanefndum, en af ýmsum ástæðum hefur í flestum tilfellum, að ég hygg, ekki þótt tiltækilegt að birta þessar skýrslur og þannig hefur ekki verið hægt að draga almenna lærdóma af þeim upplýsingum, sem þær hafa haft að gefa. Það má vera, að til þess hafi verið fyllstu ástæður að birta þær ekki. Mér dettur því það eitt í hug, hvort ekki væri rétt, að íslenzka ríkið hefði gæzluskip við Vestfirði, alveg sérstaklega frá því í byrjun haustvertíðar og fram í t. d. miðjan marzmánuð, með svipuðu fyrirkomulagi, svipuðum rétti til eftirlits, aðvörunar og leiðbeininga og brezka eftirlitsskipið virðist hafa. Ég vil a. m. k. að allar hugsanlegar aðgerðir séu athugaðar, sem kynni að standa í mannlegu valdi að gera til þess að draga úr þeim háska, sem þarna virðist alveg sérstaklega skilja eftir sig djúp spor, og ég spyr hæstv. ríkisstj., hvort hún hafi kannske þegar athugað þann möguleika með gæzluskip, sem gæti þarna orðið til aðstoðar og sérstaklega tæki þetta svæði íslenzku strandarinnar og þann árstíma, sem slysin hefur öll borið að á, til þess að vera þar til aðstoðar og hjálpar og til þess að reyna að fyrirbyggja eins og hægt er að gera með mannlegum aðgerðum.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég hafði mælzt til þess við hæstv. forseta, að hér í þingsölunum væri ekki rætt það hugsanlega sjóslys eða mannskaði, sem hér hefur verið gert að umtalsefni, fyrr en þeir aðilar, sem staðið hafa fyrir leit að skipinu, hafa gefið eins og venja er út sína opinberu tilkynningu um, að leit væri hætt og viðkomandi aðilar eða skipverjar taldir af. Það getur hver haft sinn hátt á þessu sem vill, og skal ég

ekki hafa fleiri orð um það. Ég skal ekki heldur ræða á þessu stigi málsins um aðgerðir í þessu sambandi, því mér finnst hlýða að fjalla um þetta með öðrum hætti en utan dagskrár. En ég vil segja það, af því að ég er spurður sérstaklega eftir því, að dómsmrn. hefur þegar tekið til athugunar, hvernig á hafi staðið, þegar þau sjóslys hafa átt sér stað, sem hv. þm. vék að, til þess að geta á fyrsta stigi haft skýrslugerð um það atriði, og aðrar ráðstafanir yrðu þá væntanlega gerðar í samráði við alla viðkomandi aðila, sem hér eiga hlut að máli, og náttúrlega ekki sízt Alþ., en það bíður síns tíma.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það hefur að vonum vakið athygli manna, að á þessum slóðum hafa tíðir mannskaðar orðið, og er eðlilegt, að það mál verði hugleitt sérstaklega. Skal ég ekki ræða frekar um það nú. En það var eingöngu vegna þess, sem hv. 9. þm. Reykv. sagði varðandi ráðstafanir Breta, að ef það stendur rétt í mínum huga, – og getur skeð, að það sé rangminni eða misskilningur, – þá hafi Bretar bannað sínum skipum að vera á þessum slóðum á þeim tíma, sem hér um ræðir, eða meðan ísingarhætta er mest og allra veðra von. Er það töluvert róttækari ráðstöfun heldur en hv. þm. talaði um. Það herskip, sem er hér á slóðum, hygg ég, að sé til þess að fylgja eftir þessu banni. Hvort menn treysta sér til svo róttækra aðgerða hér, það er annað mál, en ég vil láta þetta koma fram strax. Í mínum huga stendur málið þannig, að brezkum skipum sé yfirleitt bannað að vera á þessum slóðum á þessum árstíma.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég vil nú í fyrsta lagi láta í ljós undrun mína yfir því, að hæstv. dómsmrh. vill gera formsatriði að meginatriði þessa máls. Það er vissulega engum skyldara en Alþ. að fylgjast með atburðum sem þessum, einkanlega þegar atburðasamhengi og atburðaröð vekur til alvarlegrar umhugsunar um, að eitthvað sé að, sem e. t. v. væri hægt að hafa áhrif á með mannlegum aðgerðum og engum væri skyldara að gera en Alþ. og ríkisstj., ef það væri á einhvern hátt á þeirra valdi. Enginn dráttur á slíkum hugleiðingum er réttlætanlegur og engin formsatriði geta þar orðið aðalatriði. Ég held því, að þegar leitinni var formlega hætt hafi verið rétt augnablik til þess að Alþ. taki slík mál til hugleiðingar og það væri gengið úr skugga um það, hvort hæstv. ríkisstj. hefði komið auga á nokkrar aðgerðir, sem gera bæri út af þessari dapurlegu, sorglegu atburðaröð, sem við hér horfumst í augu við að hefur átt sér stað.

Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir hans hlýlegu orð út af þessu máli og vænti þess, að hæstv. ríkisstj. taki það til athugunar, hvort nokkuð sé hægt að gera, sem þarna gæti orðið til þess að fyrirbyggja áframhaldandi röð slíkra slysa um vetrarmánuðina á þessum kafla íslenzku strandarinnar, sem alveg sérstaklega verður að beina athyglinni að í sambandi við þennan síðasta atburð og þá undanförnu.

Ég man það, að það var gefið út, að Bretar hefðu í upphafi lagt bann við veiðum á þessum árstíma fyrir Vestfjörðum eftir sjóslysin, en í framkvæmd hefur það ekki orðið svo. Mér er tjáð, að það hafi dregið úr því, að skip þeirra væru þarna vestur frá, en þau njóta leiðbeiningar brezka eftirlitsskipsins við veiðarnar og fá mjög tíðar aðvaranir um aðsteðjandi óveður og ísingarhættu, ef hún er séð fyrir af veðurspám, og það er áreiðanlegt, að upplýsingar um ísingarhættuna, ef hægt er að gefa upplýsingar um það fyrirfram, hafa gífurlega mikið að segja í þessu sambandi. Stundum hafa meira að segja leiðbeiningar frá brezka eftirlitsskipinu varðandi það atriði komið vestfirzka fiskiflotanum að gagni, þegar þær hafa borizt fyrr en frá íslenzku veðurstofunni. Ef hæstv. ríkisstj. hefur ekki tekið málið til aðgerða, – enda er það alveg á fyrsta stigi nú, að málið liggur fyrir, – þá vænti ég, að hún geri það, t. d. hvort það sé hugsanlegt, að staðsett sé eitthvert eftirlitsskip við Vestfirði frá byrjun haustvertíðar og fram á vetrarvertíðina. Mér sýnist það, það er mín sannfæring í samræmi við skoðun þeirra skipstjórnarmanna, sem ég ræddi við á Patreksfirði, og skipherrans á Ægi, því að það varð eiginlega fundur um borð um þessi mál þarna, m. a. var þarna einn af skipstjórum, sem hafði verið skipstjóri á Sæfaranum áður, sem gerþekkti skipið, og ræddi um þessi mál, og það var helzt niðurstaðan þessi, að skip á staðnum, á þessu svæði, einkanlega vesturhluta svæðisins, þar sem straumar eru harðastir í viðbót við allt annað, sem hefði a. m. k. aðvarandi vald og gæti betur en aðrir úr fjarlægð, vegna þess að skipið héldi sig á svæðinu, gefið upplýsingar um ástand og útlit til sjósóknar hverju sinni, og verið þannig starfandi að því, að allrar varúðar væri gætt, mundi draga úr ofurkappi sjósóknar og gefa upplýsingar af svæðinu sjálfu. Ég er alveg sannfærður um það, að þó að þetta muni kosta fé, þá muni enginn í það horfa, ef menn á annað borð sannfærast um það, að slíkt gæti að haldi komið og e. t. v. í einhverjum tilfellum afstýrt slysum.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Út af því, sem hv. 9. þm. Reykv. sagði, að ég vildi vera að gera að einhverju aðalatriði ýmis formsatriði í þessu máli, þá vil ég aðeins láta þess getið, að það er ekki lítilfjörlegt formsatriði, hvenær og með hverjum hætti geigvænlegir mannskaðar eru kynntir þjóðinni. Ég hefði talið eðlilegt, að við fylgdum þar þeim háttum, sem tíðkazt hafa fram til þessa. Það hlýtur að vera hv. þm. hverjum og einum augljóst, að þó að þeim hætti hefði verið fylgt, að fylgja þeim siðum, sem við höfum haft í þessu efni, þá getur það ekki haft minnstu áhrif á þær hugsanlegu ráðstafanir, sem hægt yrði að gera, ef í mannlegu valdi stæðu, eins og hv. þm. komst að orði.

Á 40. fundi í Nd., 22. jan., utan dagskrár, mælti

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Eins og kunnugt er af fréttum, hefur það gerzt, að upp hefur risið deila um verðlagningu á loðnu til bræðslu, og sú deila hefur þegar leitt til þess, að veiðar í þessum efnum hafa stöðvazt eða ekki eru enn þá hafnar veiðar, þó að öll skilyrði séu orðin til þess að byrja á þessum veiðum. Ég hafði hugsað mér að kveðja mér hljóðs utan dagskrár í gærdag út af þessu máli, en þá lá fyrir, að hæstv. forsrh. væri fjarverandi vegna veikinda og hæstv. sjútvmrh. einnig fjarverandi, og þá var mér gefin sú skýring, að hann mundi einmitt vera að huga að þessum málum.

En eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja í dag, hefur enn engin breyting orðið á í þessari deilu, stöðvunin stendur enn, og enn stendur svo, að hæstv. sjútvmrh. er hér ekki mættur og nú er mér sagt, að hann sé orðinn veikur og mæti ekki vegna veikinda. Ég vildi því beina orðum mínum til ríkisstj. og vænti þess, að aðrir hæstv. ráðh., sem hér eru mættir, taki málið til athugunar, eftir því sem efni standa til, þó að þetta mál falli ekki beinlínis undir þá sem slíka. Ég tel, að hér sé um svo alvarlegt mál að ræða, að það megi ekki dragast í marga daga, að stöðvaðar verði þessar veiðar út af þeirri deilu, sem hér hefur upp risið. En eins og kunnugt er, þá er hér deilt um það, hvort það sé eðlilegt og sanngjarnt að taka 22 aura af hverju kg af loðnu, sem landað er úr loðnuveiðibátum, og setja andvirði þeirra í svonefndan verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Það hefur einnig komið hér fram í fréttum, að þeir sjómenn, sem einkum eru óánægðir með þetta fyrirkomulag, geti sætt sig við það og mundu ekki standa í deilu lengur, ef gengið yrði til móts við kröfur þeirra að hálfu leyti, þannig að hið auglýsta loðnuverð yrði hækkað úr 90 aurum á kg upp í 1 kr., ef framlagið í verðjöfnunarsjóð yrði lækkað um helming frá því, sem áætlað hefur verið.

Ég tel, að það sé svo sjálfsagt að verða við þessum kröfum sjómanna, að það stappi nærri því, að það sé skylda að gera það, eins og málið er allt saman vaxið. Ég veit, að hv. þm. er það kunnugt, að lög um verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins voru sett á síðasta þingi. Þá hafði ríkisstj. lagt fyrir Alþ. frv. um þetta efni og gerði ráð fyrir í því frv., að settur yrði á stofn þessi verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins og hann starfaði í allmörgum deildum: í fyrsta lagi í almennri deild og einnig í sérdeildum hinna einstöku framleiðslugreina. Það kom greinilega fram á Alþ., að allmikil andstaða var gegn frv. í því formi, sem það var, og því fór það svo, að frv. var gerbreytt hér á þinginu. Og m. a. var ákveðið að breyta því efni frv., sem alveg sérstaklega fjallaði um bræðslusíldarafurðir. Í frv., sem lagt var fram, var beinlínis tekið fram, að við gildistöku laganna skyldi sett á stofn sérstök verðjöfnunardeild fyrir frystar fiskafurðir, svo og deild fyrir afurðir síldarverksmiðjuiðnaðarins. En í meðförum Alþ. var þessu breytt og ákvæðið um að setja á sérstaka deild fyrir afurðir síldarverksmiðjuiðnaðarins var fellt niður, m. a. af því, að fulltrúar þess iðnaðar höfðu lagzt mjög gegn samþykkt frv., þ. á m. stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, sem hafði eindregið mótmælt frv. og sagði í umsögn sinni, að hún teldi, að stofnun verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins sé svo vandasamt verk, að það verði ekki gert svo að í lagi sé nema með meiri undirbúningi en hafi átt sér stað í málinu. Og enn fremur sagði stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, að hún legði til, að skipuð yrði mþn. til að gera till. um málið. Þó að þetta ákvæði væri fellt niður í frv. ríkisstj. við lagasetninguna, þá þótti þó rétt að hafa almenna heimild í löggjöfinni um, að það mætti bæta við fleiri deildum en þeirri einu deild, sem átti að koma á fót samkv. lögunum, en það er fyrir frystar fiskafurðir. Það mætti bæta við fleiri deildum, og gæti þá ráðh. gert það með sérstakri reglugerð. Nú hef ég gjarnan viljað fá það upplýst, – en býst ekki við, að það sé hægt fyrst svona stendur á, að hæstv. sjútvmrh. getur ekki mætt hér, – hvort þessi reglugerð hefur verið gefin út. Mér er ekki kunnugt um það. En ég tel það að vísu líklegt, að það hafi verið, þó að ég hafi ekki fundið hana, vegna þess að lögin eru beinlínis þannig orðuð, að því aðeins sé hægt að setja upp þessa deild, að það hafi verið gefin út sérstök reglugerð um það af ráðh. Það er tvímælalaust í lögunum sjálfum. Mér sýnist því af lögunum, sem samþ. voru hér á Alþ. um þetta efni 16. maí 1969, að það hafi síður en svo verið ástæða til þess að upphefja deilur um þetta mál, þegar menn hafa í huga þá tvímælalausu afstöðu, sem fram kom hér á Alþ. varðandi málið. Ég tel í raun og veru, að hér sé farið aftan að Alþ. með því að setja reglugerð um þetta atriði, sem síðan leiði til þessarar stöðvunar, sem allir vita nú um.

En það er ekki aðeins það, sem mælir gegn því að halda uppi deilu um þetta efni nú, heldur einnig hitt, að ég tel mjög ósanngjarnt og óeðlilegt að byrja á því að setja upp þennan verðjöfnunarsjóð í sambandi við loðnuafurðir, þegar á það er litið, hvernig ástatt hefur einmitt verið með þennan iðnað. Þeir, sem hér eiga hlut að máli, eru annars vegar síldarverksmiðjuiðnaðurinn í landinu, en hann hefur orðið fyrir meira áfalli en nokkur önnur atvinnugrein í landinu á undanförnum árum, eins og menn vita, sem hefur m. a. leitt til þess, að svo til engar síldarverksmiðjur í landinu gátu staðið við umsamdar skuldbindingar sínar af afborgunum og vöxtum fyrir árið 1968, nema aðeins að þeim hluta til, sem kom til beinn opinber stuðningur frá hálfu ríkisins við þennan iðnað. Og einnig er það vitað, að nálega allar síldarverksmiðjur í landinu eiga enn eftir að standa við skuldbindingar sínar um vexti og afborganir á árinu 1969. Þetta liggur fyrir.

Einnig er það, að aðrir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, en það eru stærri síldveiðiskipin, sem einkum stunda loðnuveiðar, hafa einnig orðið fyrir gífurlega miklu áfalli, þar sem meginatriðið í starfsgrundvelli þeirra hefur einnig brugðizt, sem eru síldveiðarnar, eins og kunnugt er. Einnig þarf að líta á það, að verð á loðnu hefur fram til þessa, bæði í fyrra og árið þar áður, verið svo lágt, að það hefur ekki á nokkurn hátt getað staðið undir eðlilegum rekstri, sé tekið tillit til allra reksturs-útgjalda bátanna, og er meira í ósamræmi við afurðaverð hjá okkur en nokkurt annað verð, sem hér þekkist, þegar við berum það saman við verð erlendis. Það er oft talað um það, að verð á þorski og öðrum bolfiski sé miklu lægra hér á landi en í nágrannalöndum okkar. En ég fullyrði það, að verðmismunurinn á þorski og öðrum slíkum fiski hér og t. d. í Noregi eða í Færeyjum eða öðrum nágrannalöndum okkar er miklu minni en hann er á loðnu. Þar er verðmunurinn svo stórkostlegur, að ekki er saman líkjandi.

Það eru því allar ástæður, sem mæla gegn því að fara að leggja á þennan sérstaka skatt nú, sem deilur spinnast hérna út af, með þeim afleiðingum, að þjóðarbúið geti tapað mjög fljótlega ekki aðeins tugum millj., heldur hundruðum millj., ef um stöðvun verður að ræða, og þetta bitnar auðvitað mjög þungt á bæði framleiðsluatvinnuvegunum og eins auðvitað á þeim sjómönnum, sem sogast inn í þessa deilu. Ég fer því fram á það við ríkisstj., að hún beiti öllum áhrifum sínum til þess, og það sem skjótast, að leysa þessa deilu. Það er alveg augljóst mál, að það er í hendi sjútvmrh. og ríkisstj. að leysa þessa deilu, m. a. á þeim grundvelli,

sem annar deiluaðilinn hefur boðið, en það er, að hið auglýsta verð yrði hækkað úr 90 aurum upp í 1 kr. og framlagið í þennan sjóð, sem hér er að byrja starfsemi, yrði helmingi minna en ráð hafði verið fyrir gert.

Ég vænti þess, að þeir hæstv. ráðh., sem hér eru staddir nú, taki þetta mál upp innan ríkisstj. og hlaupi þá í skarðið fyrir hæstv. sjútvmrh., sem nú mun vera veikur, og gangi í það, að þetta mál leysist – og leysist fljótt. Hér er um mikið að tefla, en ég er fyrir mitt leyti alveg sannfærður um það, að hér verður stöðvun – og stöðvun í langan tíma, sem kostar flesta aðila í landinu mikið, ef ekki verður hér orðið við réttmætum kröfum.

Ég skal svo ekki fara út í að ræða þetta mál að öðru leyti. Afstaða mín til þessa máls kom fram, þegar lögin voru sett. Það kemur mér því ekkert á óvart og er í fullu samræmi við það, sem ég sagði áður um þessa löggjöf, að hún mundi valda miklum ágreiningi. Og ég spái því, að ágreiningur um hana eigi eftir að verða enn þá meiri en hér kemur upp.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég sé ekki, að það þjóni neinum tilgangi að hefja efnisumr. um þetta mál til eða frá, sem nokkuð gætti nú í ræðu hv. 4. þm. Austf., þar sem sjútvmrh. er í veikindaforföllum í dag og reyndar forsrh. líka. En út af því, sem hv. þm. beindi til okkar hinna ráðh., sem hér erum staddir, að ríkisstj. fjallaði skjótlega um þetta mál, þá kom það einnig fram í máli hans, að í gær var sjútvmrh. í viðræðum við aðila um málið. Við höfum ekki fengið grg. um efni þeirra viðræðna. Við munum að sjálfsögðu hlutast til um, að það standi ekkert upp á ríkisstj. að gera það, sem í hennar valdi stendur í sambandi við þetta mál, hvort sem það leiðir til lausnar deilunnar eða ekki. Út í það skal ég ekki fara. Við forsrh. hafði ég samband í morgun, og hann gerði ráð fyrir því, ef eitthvað óvænt kæmi ekki fyrir, að heilsufar hans væri þannig, að hann gæti boðað ríkisstj.-fund fyrir hádegi á morgun, svo að það eru líkur til þess, að fundur verði í stjórninni, og hún mun þá sjálfsagt ræða þetta mál. Aftur á móti veit ég ekki um aðstæður sjútvmrh. En við munum ekki láta standa upp á okkur að reyna að gera það, sem í okkar valdi stendur til þess að hafa samband við meðráðh. okkar um skjóta afstöðu ríkisstj. til málsins.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil fá að segja aðeins örfá orð til þess að láta í ljós skoðun mína á þessum málum. Loðnan er komin. Hún er nú fyrir Austfjörðum og flotinn liggur tilbúinn að fara á veiðar. Verksmiðjurnar eru tilbúnar að taka á móti og sjóveðrið er komið. Það er þannig ástatt nú í dag. Og hver dagur, sem dregst, að loðnan verði nýtt, hefur í för með sér stórfellt tjón fyrir þjóðarbúið og allan þann fjölda fólks, sem getur haft miklar tekjur af þessari vinnslu, ef vel tekst til um veiðarnar, sem allar líkur eru til að mundi verða. Hér er því mikið í húfi og sannarlega þýðingarmikið, að höfð séu á því hröð handtök að koma þessum málum í lag. Ég vildi alveg sérstaklega benda mönnum á – og hæstv. ríkisstj. – þessi atriði, hve mikið einmitt er nú í húfi og hvað hver dagur er dýr í þessu, því að loðnan bíður ekki. Hún heldur áfram sína leið og það er alveg takmarkaður tími, sem hún heldur sig við ströndina. Það vitum við.

Nú er alveg framúrskarandi gott verð á þessum afurðum og í mörgum þeim plássum, sem mundu fá loðnu til vinnslu, er mjög slæmt atvinnuástand ofan á allt annað, þannig að nú ættu allir að sameinast um að drífa flotann af stað.

Ég vil lýsa stuðningi mínum við þá lausn, að það yrði fallið frá því að taka svona hátt gjald í verðjöfnunarsjóðinn, og útvegsmenn og sjómenn hafa boðið þá miðlun að taka helminginn af því, sem hæstv. ríkisstj. hefur hugsað sér, þ. e. a. s. í staðinn fyrir að taka 22 aura af kg í sjóðinn verði teknir 11 aurar. Þetta finnst mér vera skynsamleg miðlun. Þá er farið af stað með þá merkilegu nýjung að byggja upp verðjöfnunarsjóð, en farið varlega í málið og ekki þannig, að efnt sé til deilna um það í upphafi. Það er afar slæmt fyrir mál eins og þetta, að það byrji með stórdeilum, og mætti komast hjá því, ef farið væri gætilega af stað. En þarna er um mjög viðkvæma hluti að ræða einmitt í sambandi við síldariðnaðinn, eins og hv. 4. þm. Austf. benti á, og stjórn Síldarverksmiðja ríkisins benti á í fyrra, að allur síldariðnaðurinn má kallast vera í rúst efnalega, síldarverksmiðjurnar yfirleitt í greiðsluþroti. Síldarútgerð bátanna hefur einnig gengið mjög illa undanfarið og sjómenn borið skarðan hlut, þannig að það er ekki skynsamlegt að gera ráð fyrir, að það sé hægt að taka stórfé út úr þessum atvinnuvegi nú inn í verðjöfnunarsjóð – eða það sé skynsamlegt að fara geyst af stað í að byggja upp verðjöfnunarsjóð með framlögum úr þessari atvinnugrein, eins og þessi málefni standa núna. Aftur á móti gæti þetta breytzt.

Ég held, að það sé mjög þýðingarmikið að leggja einmitt áherzlu á þessi atriði, að þarna er að mínu viti á ferðinni miðlun, vegna þess að þeir, sem að þessari atvinnugrein standa, sætta sig við, að þrátt fyrir þessa gífurlegu örðugleika síldariðnaðarins og erfiða afkomu bátaflotans og síldarsjómanna undanfarið verði samt sem áður byrjað á því að byggja upp sjóðinn, en bara farið gætilega fyrst. Ég vil einlæglega vona, að hæstv. ríkisstj. sjái sér fært að fallast á þessa miðlunarleið, sem þarna hefur komið fram, og það verði gert strax, því að hér er mikið í húfi og liggur mikið á. Við, sem ekki stöndum beint í útgerðinni, eigum áreiðanlega margir erfitt með að gera okkur grein fyrir því, hvað það er þýðingarmikið að taka skjótar ákvarðanir einmitt í málum eins og þessum, því að fiskurinn bíður ekki og allra sízt loðnan.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil vænta þess í tilefni af því, sem hæstv. dómsmrh. sagði, að ríkisstj. taki þetta mál fyrir svo fljótt sem tök eru á og beiti sér fyrir lausn á málinu, og ég tel alveg einsýnt, að það sé auðvelt fyrir ríkisstj. að leysa þetta mál. Það er þess eðlis og ég efast ekkert um það, að ef hún gengur í það að leysa málið, þá leysist það fljótlega. En hættan er sú, að menn leggi málið til hliðar og láti það verða afskiptalaust nokkurn tíma. Af því getur hlotizt mikið tjón, og þá getur það orðið miklu torleystara, eftir að er komið út í deilu. En ég vil sem sagt skoða það sem svo, sem hér kom fram hjá hæstv.

dómsmrh., að það sé ætlunin, að ríkisstj. fjalli um málið mjög fljótlega og beiti sér fyrir því, að málið verði leyst.

Á 36. fundi í Sþ., 2. marz, utan dagskrár, mælti

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það er fsp., sem mig langar til þess að gera utan dagskrár, og ég skal taka það fram, að ég lét tilkynna hæstv. sjútvmrh. í morgun, að ég mundi spyrjast fyrir um þetta mál, til þess að hann gæti gefið svör við spurningunni.

Eins og kunnugt er byggist loðnuveiðin mjög á því, að fylgzt sé með loðnugöngunum að landinu, og síðan eftir að þær eru komnar í veiðimál, ef svo mætti segja. Árni Friðriksson, skipið Árni Friðriksson, hefur verið við þetta verkefni, og það eru víst engar ýkjur að segja, að þeir, sem þar annast þetta verk, hafa unnið ómetanlegt gagn í því, að fylgjast með þessum málum. Það var þess vegna, að ég hrökk við, þegar ég varð þess var, að Árni Friðriksson er kominn hingað til Reykjavíkur, og mun hafa verið ráðgert, að hann tæki að sér annað verkefni, sem er einnig þýðingarmikið í þjónustu sjávarútvegsins. En jafnhliða hef ég ekki orðið var við, að neinar tilkynningar hafi komið um, að annað skip hafi verið sett til þess að fylgjast með loðnugöngunum, en eins og kunnugt er, þá er gert ráð fyrir því, að loðnugöngur séu fleiri en ein, og menn vonast eftir loðnunni upp að Norðausturlandinu. Það þarf ekki að lýsa því, hversu mikið hér er í húfi, því einn veiðidagur getur gefið margra milljónatuga virði. Þess vegna vildi ég hefja máls á þessu nú strax utan dagskrár og spyrja hæstv. sjútvmrh.: Í fyrsta lagi, hvort það megi taka Árna Friðriksson frá þessu verki, hvort það sé fært, jafnvel þó að um annað þýðingarmikið verkefni sé að sjálfsögðu að ræða. Í öðru lagi, ef enginn kostur er á öðru en að hann verði tekinn frá þessu verki, hvaða fullnægjandi ráðstafanir verði þá gerðar í staðinn, til þess að ekki verði nein eyða umfram það, sem orðið er í loðnuleitinni. Og það væri þá kannske ástæða til einnig, að hæstv. ráðh. hefði rifjað það upp fyrir hv. Alþ., hvernig menn hugsa sér að koma þessum leitarmálum fyrir út loðnutímann.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Þegar mér barst vitneskja um þessa fsp. nú rétt fyrir hádegið, þá hófst ég handa um að reyna að afla mér upplýsinga um, hvernig þessi mál stæðu einmitt þessa stundina, og fékk eftirfarandi upplýsingar frá Jakob Jakobssyni, sem þessum leitum hefur stjórnað að undanförnu. En upplýsingar Jakobs eru á þessa leið:

„Samkvæmt starfsáætlun Hafrannsóknastofnunarinnar fyrir árið 1970 var gert ráð fyrir því, að Árni Friðriksson yrði við loðnuleit frá ársbyrjun til 10. febrúar og svo aftur frá 10. marz til 31. marz. Nú varð hins vegar sú breyting á, að skipið hefur verið við loðnuleit allt frá áramótum til þessa dags. Fyrirsjáanlegt er, að því miður verður ekki unnt að fara í þriggja vikna sjórannsóknaleiðangur þann, sem ráðgerður var á tímabilinu 14. febrúar til 7. marz, þar sem nú hefur verið ákveðið, að skipið taki á ný til við loðnuleit strax og það heldur frá Reykjavík um miðja þessa viku. En þá er búizt við, að nauðsynlegum viðgerðum á skipinu verði lokið ásamt samningsbundnum hvíldartíma áhafnar."

Af þessu er ljóst, að ákveðið hefur verið, að Árni Friðriksson fari ekki þennan umrædda leiðangur af loðnumiðunum, heldur haldi til þeirra aftur.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Mér hefur kannske misheyrzt, en mér heyrðist á hæstv. ráðh., að hann hefði fengið upplýsingar um þessa væntanlegu fsp. núna eftir hádegið, en ég vil taka það fram, að það var í morgun strax, sem ég talaði við ráðuneytisstjórann og bað hann að koma þessu á framfæri við rétta hlutaðeigendur.

Ég lýsi ánægju minni yfir því, að þetta mál hefur verið til athugunar, sjálfsagt á réttum stöðum, síðan í morgun, og ég lýsi ánægju minni yfir því, að nú er ákveðið, að Árni Friðriksson fari svo að segja strax austur. Ég vil leggja áherzlu á, að það þarf að skipuleggja þessi mál þannig, að það sé stöðugt skip á verði norðaustan og austan við landið til þess að athuga um nýju göngurnar. Það er ekki hægt að sætta sig við annað en að það sé stöðugt á verði þar skip, og það er náttúrlega komið í ljós, að það er of lítið að treysta á Árna Friðriksson einan í því efni allan veturinn og fram á vor, því að það er ekki hægt að gera þá kröfu til manna, að þeir séu allan þann tíma úti á sjó og skreppi aldrei frá. Mér sýnist augljóst á þessu o. fl., að það þurfi að stefna að því að hafa í þessu tvö skip, Árna Friðriksson og annað skip með.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Hafi ég sagt, að mér hafi ekki borizt vitneskjan um fsp. fyrr en eftir hádegið, þá er það ranglega sagt, því mér barst hún á milli kl. 10 og 10.30 í morgun, svo að það sé rétt.

Ég vil taka undir það með hv. þm., að ég tel eðlilegt, og hef reyndar margoft lýst því yfir áður, að fleiri skip séu við þessar leitir heldur en verið hefur undanfarin ár, og komið hefur fram vilji Alþ. í sömu átt, m. a. með því, að til þessarar starfsemi hefur aldrei verið veitt hærri fjárhæð en veitt var á fjárl. í haust. Enn fremur er rétt að undirstrika það, að nú um mitt þetta ár eða upp úr miðju þessu ári er væntanlegt enn nýtt hafrannsóknaskip, sem á að geta fullnægt þörfinni í þessum efnum og annazt ýmis þau störf, sem vélskipið Árni Friðriksson hefur gert að undanförnu, þannig að honum ætti að vera auðveldara að beita sér meira að þessum göngufiski, sem hefur reynzt okkur svo sveiflukenndur undanfarin ár, eins og síldin og loðnan, og hann ætti því að geta verið meira í þessum rannsóknum eftir að hið nýja hafrannsóknaskip, sem flestir tala nú þegar um undir nafni, hefur tekið við öðrum þeim störfum, sem að sjálfum hafrannsóknunum lúta.

Á 97. fundi í Nd., 4. maí, utan dagskrár, mælti

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til þess að beina til hæstv. ríkisstj. eða nánar tiltekið hæstv. utanrrh. fsp.: Hverjar eru skoðanir eða hver er afstaða hæstv. ríkisstj. varðandi þá atburði, sem nú hafa orðið í Suðaustur-Asíu, á því svæði, sem nefnt hefur verið Indó-Kína, innrás bandarísks herliðs í Kambódíu?

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég hef nú ekki annað svar við þessari fsp. hv. þm. en það, að ríkisstj. hefur ekki rætt það og ekki tekið afstöðu til þess, m. a. vegna þess, hve ófullkomnar upplýsingar liggja fyrir um málið.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég ætla að bregða út af þingvenju að þessu sinni. Mér er ómögulegt að þakka svör hæstv. ráðh. við fsp. minni, heldur segi ég: Hamingjan góða. Ríkisstj. hefur ekki haft þetta mál til athugunar, ekki tekið afstöðu til þeirra atburða, sem síðustu daga hafa verið að gerast þarna austur frá. Víst veit ég eins og alþjóð, að allmikil tíðindi hafa einnig verið að gerast hér á Íslandi þessa sömu daga, vígsluhátíðir miklar og veizluhöld. En fyrr má nú vera, að slíkt þurfi að valda því, að ríkisstj. gefi sér ekki tóm til að íhuga þann voða, sem er á ferðum þarna austur frá, þann ægilega háska fyrir friðinn í heiminum öllum og tilveru alls mannkynsins. Þarna hafa átt sér stað stóraukin hernaðarátök og útbreiðsla stríðsins í Indó-Kína orðin ískyggileg. Ýmsar ríkisstj. og ótaldar ríkisstj. hafa a. m. k. látið sig þetta einhverju varða. Talsmenn þeirra lýstu yfir skoðunum þeirra á þessum viðburðum, flestir hafa látið í ljós mikinn ugg út af þessu og margir þeirra og þ. á m. nokkrir helztu valdamenn á Vesturlöndum fordæmt harðlega atferli Nixons forseta í þessu sambandi. Og hörðust hefur fordæmingin og mótmælin orðið heima hjá honum sjálfum, í Bandaríkjunum, enda ærin ástæða til þess að mótmæla og taka afstöðu, ábyrga afstöðu til þessara atburða – eða þykir hæstv. ríkisstj. Íslands ekki nóg að gert, eftir að Síhanouk fursta, sem nýtur ástsældar allrar alþýðu landsins, hafði verið steypt að undirlagi bandarísku leynipjónustunnar? Á því leikur enginn vafi, enda hafa þeir hershöfðingjar, sem við völdunum tóku þá, fengið óbeina blessun Bandaríkjastjórnar í vopnasendingum síðan. Eftir að þeir atburðir gerðust og þessir hershöfðingjar voru setztir í valdastólana, þá opinberuðu þeir umsvifalaust innræti sitt með því að hefja fjöldamorð á saklausu fólki.

Óðar en varir hefur nú Nixon ráðizt í nýtt stórræði, sent bandarískt herlið inn í Kambódíu, og það er svo mikið í þessa hernaðaraðgerð lagt samkv. opinberum tilkynningum Bandaríkjastjórnar, að loftárásir, sem henni fylgja, eru þær mestu, sem bandarískri flugherinn hefur gert síðan í Kóreustríðinu fyrir 20 árum. Manni verður á að spyrja: Allt sprengjuregnið í Víetnam öll þessi ár, meira sprengjumagn heldur en kastað var á meginland Evrópu í allri heimsstyrjöldinni síðari, – allt þetta sprengjuregn, verður það e. t. v. einhvern tíma síðar talið smámunir einir í samanburði við það regntímabil, sem bandarískri flugherinn er nú að hefja þarna?

Ég ætla ekki að fjölyrða um afleiðingar þessara atburða. En það er nú orðið ljósara en nokkru sinni fyrr, að Bandaríkjunum stjórna stórhættulegir menn, – menn, sem neita að læra af þeirri reynslu, sem vonlaust kúgunarstríð þeirra í Víetnam ætti að hafa kennt þeim, en forherðast þess í stað, – menn, sem magnast í ofstopa sínum því meir sem þeim verður minna ágengt með honum, – menn, sem eru vísir til að grípa til hverra þeirra örþrifaráða sem þeir telja líkleg til að fullnægja sjúklegum metnaði sínum. Við þekkjum slíka menn úr sögunni og það er jafnvel enginn óratími síðan þeir skóku alla veröldina með ofsa sínum. Adolf nokkur Hitler hét því á sínum tíma, að ekki aðeins hans eigin þjóð, heldur drjúgur hluti mannkynsins skyldi hrapa með honum til glötunar, ef hann tapaði stríðinu. Mundi ekki mega finna ofurlítinn skyldleika milli slíkra heitstrenginga og þeirrar yfirlýsingar, sem Nixon gaf til afsökunar innrásinni í Kambódíu, að hann vildi heldur baka sér óvild allrar þjóðar sinnar heldur en að stofna í voða sóma hennar og virðingu með því að taka ekki í taumana í Kambódíu? Taka ekki í taumana. Taka í taumana. – Það þarf ekki að fjölyrða um, hvað þá táknar í munni bandarískra valdhafa og reyndar rússneskra líka, þegar því er að skipta. Afsakanirnar, sem þarna eru hafðar uppi, eru nákvæmlega þær sömu eins og Rússar höfðu uppi, þegar þeir gerðu innrás í Tékkóslóvakíu. Það var að forða þjóðinni frá hættulegum mönnum, sem höfðu búið þar um sig. Það er margt líkt með skyldum, röksemdafærsla beggja ribbaldanna í austri og vestri sú sama.

En spyrja mætti í sambandi við þetta tal Nixons um sóma bandarísku þjóðarinnar, hvort Nixon forseti telji, að sómi Bandaríkjanna standi í réttu hlutfalli við það sprengjumagn, sem þeir geta kastað yfir saklaust fólk. Þessarar spurningar er Nixon spurður nú hvarvetna um heim og ekki hvað sízt heima hjá honum sjálfum, í Bandaríkjunum, þar sem nú virðist vera að rísa öflugri mótmælaalda en nokkru sinni fyrr gegn stríðsaustri Bandaríkjanna. Þeirri mótmælaöldu hljóta sannarlega allir góðir menn að fagna og vonandi ber hún tilætlaðan árangur. Vonandi verður hún til þess að forða mannkyninu frá þeirri skelfingu, sem stefna Nixons, ef áframhald verður á henni, hlýtur að leiða yfir það. Vonandi tekst þetta þrátt fyrir það, að ríkisstj. Íslands tekur ekki afstöðu.

V. Afgreiðsla mála úr nefndum.

Á 25. fundi í Ed., 12. des., utan dagskrár, mælti

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til þess að gera nokkra aths. við vinnubrögð hér á Alþ., en ég tel þau vera orðin með þeim endemum, að ekki verði lengur við unað. Ég sé nú að vísu, að það er heldur fátæklegt hér í d., þar sem enginn ráðh. er viðstaddur, en ég hefði kosið, að a. m. k. einn hefði mátt vera að því að hlýða á mál mitt. En það, sem ég ætlaði hér fyrst og fremst að ræða um og vekja athygli á – (Gripið fram í.) Þeir eru orðnir fótlúnir og mega sennilega ekki vera að því að ganga úr Nd. og upp í Ed. (Gripið fram í.) Ég vildi kjósa sjútvmrh. hér viðstaddan. Ég ætla þá, með leyfi forseta, að doka aðeins við.

Já, hæstv. sjútvmrh. er nú ekki í Nd. og hæstv. fjmrh. ekki heldur, en mér þætti vænt um, ef annar hvor þeirra vildi vera við, en þess virðist ekki kostur, og hv. fundarmenn taka þá eftir því, að hæstv. ráðh., sem eiga þó

sæti í þessari d. sem alþm., treysta sér ekki að vera viðstaddir hér. En það, sem ég hafði einkum ætlað að gera hér að umræðuefni, er starfsemi n. í þinginu og þá fyrst og fremst starfsemi þeirrar n., sem ég á sæti í, þ. e. a. s. sjútvn.

Sjútvn. hv. Ed. hefur haldið einn fund á þessu ári. Hún hélt hann í þingbyrjun. Verkefni þess fundar var að kjósa formann og ritara. Það gekk slysalaust. Síðan ekki söguna meir. Þessi hv. n. hefur aldrei haldið fund síðan. Til þessarar hv. n. hefur verið vísað 7 málum. Ég ætla, að þau séu ekki fleiri, málin sem aðrar n. hafa fengið til meðferðar á Alþ. að þessu sinni. Og af þessum 7 málum, sem hv. sjútvn. hefur fengið til meðferðar, eru 5 stjórnarfrv., sem hæstv. sjútvmrh. hefur lagt hér fram. En það eru líka til viðbótar tvö frv., sem við stjórnarandstæðingar höfum lagt fram. Þessi hv. n. hefur fengið þannig til meðferðar 7 mál og aldrei haldið fund um þau. Og þessi mál eru, – ég ætla að leyfa mér að rekja það og benda á um leið, hvenær þeim var vísað til sjútvn. Ég nefni þá stjfrv. fyrst:

Það er í fyrsta lagi frv. um breyt. á l. um Fiskveiðasjóð Íslands. Því var vísað til n. 6. nóv., og eins og hv. þm. kannske rekur minni til er það efni þess frv. að fella niður gjald ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs á árunum 1969–1970, svo að þá má nú segja, að í nokkurn eindaga sé komið með árið 1969 a. m. k. Annað er Siglingastofnun ríkisins, stór og mikill lagabálkur, er var vísað til sjútvn. 4. nóv. Í þriðja lagi er eftirlit með skipum, því var vísað til sjútvn. 4. nóv. Í fjórða lagi er það frv. til l. um breyt. á siglingalögum, því var líka vísað til sjútvn. 4. nóv. Og í fimmta lagi er það svo frv. um ráðstafanir vegna flutnings sjósaltaðrar og ísvarinnar síldar, var vísað til n. 23. okt. Svo eru það frv. frá okkur stjórnarandstæðingunum, þmfrv. Það er í fyrsta lagi frv. okkar framsóknarmanna um togaraútgerð ríkisins og stuðning við útgerð sveitarfélaga. Því frv. var vísað til sjútvn. 28. okt. Og það er í sjöunda og síðasta lagi frv. tveggja hv. þm., Alþb.-manna, um togarakaup ríkisins, sem var vísað til sjútvn. 30. okt.

Ég ætla, að það sé ekki ofsagt, að hér sé um stórmál að tefla, sem verðskuldi það, að hv. þm. íhugi þau og að sú n., sem hefur fengið það verkefni að fara yfir þessi mál og kanna þau, líti aðeins á þau. Ég vil t. d. segja það um frv. okkar framsóknarmanna um togarakaup ríkisins og stuðning við útgerð sveitarfélaga, að við skoðum það sem eitt höfuðmál okkar á þessu hv. Alþ. Ég hélt satt að segja, að málefni togaraútgerðarinnar væru í því ástandi, að það sakaði ekki, að þau væru skoðuð frá ýmsum hliðum a. m. k. og þn. fjallaði um þau, gerði svo lítið að lesa yfir frv. um þetta efni. En þess hefur ekki verið kostur, vegna þess að það hefur aldrei verið haldinn fundur í sjútvn. þessarar hv. deildar.

Það er ekkert nýtt og það væri sannarlega ekki ástæða til langra orðræðna út af því, þó að frv. okkar stjórnarandstæðinga fengju slíka meðferð. Við erum því vanir, að þau séu söltuð í n. og þeim sé ekki einu sinni vísað til umsagnar. En þá kastar fyrst tólfunum, verð ég að segja, þegar frv. stjórnarinnar, þegar frv. hæstv. sjútvmrh. er sýnd jafnaugljós fyrirlitning og hér er gert. Og ég verð að segja það, að jafnvel þó að hæstv. sjútvmrh. þykist ekki skilja þá framkomu, sem hann mætir þarna, þá veit ég, að hann skilur hana. Ég efa það satt að segja, að það hafi gerzt oft á þingi fyrr, að frv. frá hæstv. ráðh. hafi fengið slíka meðhöndlun sem þessi frv.

Ég verð að segja það, að bæði þessi stjórnarfrv. og eins bæði frv. frá þm. hefðu með eðlilegum hætti átt að vera send til umsagnar ýmissa aðila. En það er sýnilegt, að með þeim vinnubrögðum, sem hér hafa verið tekin upp, verður þess ekki kostur fyrr en þing kemur saman að lokinni þingfrestun, því að við vitum allir, hvernig ástatt er nú á síðustu þingdögum fyrir frestun og ég kem lítillega að síðar. Það hefði verið það minnsta, að þessum frv., sem þannig hljóta efni málsins samkv. að verða send til umsagnar áður en þau verða afgreidd, hefði verið komið út til umsagnar, áður en þingi var frestað. Ég held satt að segja, að þetta séu alveg einstök vinnubrögð. Þetta er, eins og ég sagði áðan, að vísu ekki kannske að öllu leyti nýlunda að því er varðar frv. frá stjórnarandstæðingum, þó að ég haldi, að það sé frekar sjaldgæft, að þau hafi alls ekki verið tekin fyrir, en ég fullyrði, að þetta eru algerlega ný vinnubrögð að því er varðar frv. frá einum hæstv. ráðh., og þetta eru vinnubrögð, sem ekki er hægt að láta bjóða sér. Þetta eru kannske vinnubrögð, sem við stjórnarandstæðingar verðum að þola, eins og starfi þingsins er nú orðið háttað. En þetta eru vinnubrögð, sem við munum ekki þola án þess að mótmæla, og þetta eru vinnubrögð, sem athygli þjóðarinnar þarf að beinast að. Og nú mun ég fyrir mitt leyti fylgjast með því, og ég vona, að aðrir hv. þm. fylgist einnig með því, hvernig hinn hlutlausi fréttaritari útvarpsins skýrir frá þeim staðreyndum, sem ég hef hér rakið skilmerkilega, um hvert einasta mál, hvenær því var vísað til n. og hversu lengi það hafi legið hjá n. og að það hefur aldrei verið haldinn fundur í þessari n., nema til þess að kjósa formann og ritara. En að vísu er það, eins og ég mun síðar koma að, nokkurt atriði orðið í þessum hv. þingsölum, hverjir verða formenn og ritarar nefnda.

Þetta, sem ég hef hér nefnt, er aðeins dæmi. Ég reikna alveg með því, að hliðstæð vinnubrögð hafi átt sér stað og eigi sér stað hjá öðrum n. þingsins. Það má vera og ég vil vona, að þetta sé sérstaklega alvarlegt dæmi um vinnubrögð þn., starfsleysi þn., en það mætti segja mér, að þetta væri aðeins dæmi um það, sem á sér stað hér á þingi nú. Og ég vil vona það, að hv. þm. séu ekki þannig skapi farnir, að þeir vilji láta þetta fara fram hjá sér þegjandi og þeir vilji þola svona vinnubrögð þegjandi, að láta gera Alþ. að hreinni skrípamynd.

Það mætti að sjálfsögðu segja margt um vinnubrögð Alþ. að öðru leyti og það er full ástæða til þess einmitt um þessar mundir, því að við vitum, hvernig nú er ástatt. Það er lagt hér fram á síðustu dögum hvert stórmálið á fætur öðru. Það er lögð hér fram þáltill. um EFTA. Það er verið að afgreiða fjárlög. Það er lagt hér fram frv. að nýrri tollskrá. Það er lagt hér fram frv. að söluskatti. Öll þessi mál eiga að afgreiðast, að því er sagt er, áður en þingi er frestað fyrir jól. Og það er jafnframt látið fylgja með, að þingi muni sennilega verða frestað 19. dag þ. m. Og þar af getum við séð, að það er aðeins um það bil vika til stefnu.

Ég hef margoft bent á það hér, að það þyrfti að skipuleggja vinnubrögð Alþ. og m. a. þyrfti að skipuleggja þau á þann hátt að skipta stjórnarfrv. nokkurn

veginn jafnt og eðlilega á milli d., þannig að d. gætu haft nokkurn veginn svipaða starfsaðstöðu. En það er eins og þessu hafi lítið verið sinnt, og það er reyndar engu líkara en hæstv. ráðh. standi í þeirri meiningu, að þeir geti aðeins lagt stjórnarfrv. fram í þeirri d., sem þeir eiga sæti í sem alþm. Nú er varla hægt að trúa því, að fáfræði hæstv. ráðh., sem hafa setið hér sumir hverjir áratugum saman á Alþ., sé svo mikil, að þeir viti það ekki, að stjfrv. verða lögð fram fyrir hvora þd. sem er. En ef þeir væru í vafa um það, þá er áreiðanlegt, að hæstv. forsrh. gæti gefið þeim fullnægjandi upplýsingar um það atriði, því að enginn þekkir betur en hann, hvernig þeim málum á að haga.

En hvernig hefur þessu verið hagað nú? Það eru lögð fram hér á síðustu dögum þingsins, sem heimtuð er afgreiðsla á á einni viku, tvö stórmál, fylgifiskar EFTA-málsins, frv. um tollskrá og frv. um söluskatt. Hvar haldið þið, að þau séu lögð fram? Ef þeim starfsháttum hefði nú verið fylgt, sem ég var að lýsa og venjuleg hafa verið, þá hefði hæstv. fjmrh. átt að koma með bæði þessi mál hingað upp í Ed. og leggja þau hér fram. Nei, takk, nú vendir hann sínu kvæði í kross og leggur bæði málin fram í Nd. Ég bara spyr: Hvaða vit er í svona vinnubrögðum? Hvers vegna er ekki annað málið lagt fram hér í þessari d., en annað í Nd.? Hver stjórnar svona vinnubrögðum? Getur nokkur maður fundið nokkurt skynsamlegt vit í svona vinnubrögðum? Og ég bara spyr: Eru vinnubrögð Alþ. alls ekkert skipulögð? Er ekkert samstarf á milli þingforseta og ríkisstj. um það, hvernig mál eru flutt á Alþ. og hvar þau eru lögð fram á hverjum tíma? Það er nauðsynlegt að fá upplýsingar um þetta. En svo er ætlazt til þess, að stjórnarandstæðingar verði bara ljúfir sem lömb og afgreiði þetta á einni viku. Ja, það er ekki furða, þó að þess sé vænzt af okkur miðað við þau vinnubrögð, sem við eigum að mæta, og það tillit, sem tekið er til okkar yfirleitt, – þó að það sé ætlazt til þess af okkur. En það er nú stundum hægt að svara í sömu mynt. Og það getur nú verið, að þeir komist að því keyptu, ef þeir ætla að hafa þessi vinnubrögð, og stjórnarandstaðan er ekki svo dauð úr öllum æðum, að hún geti ekki látið þá finna fyrir því, hversu auðvelt er að láta mál ganga fram, þegar þau eru sótt af offorsi, eins og hér er gert, og engin skynsamleg vinnubrögð eru viðhöfð.

Það er svo að slepptu þessu atriði, að auðvitað hefði átt að skipta þessum málum á milli d., að vinnubrögðin eru að öðru leyti óhæf vegna þess, að það er enginn tími til þess að afgreiða þessi mál á þessum tíma. Það sjá allir, að hv. þm. gefst enginn tími til þess að átta sig á þessum málum. Og þeir hafa ekki einu sinni tíma til þess að lesa þau yfir, og þess vegna á auðvitað ekki að afgreiða þau fyrir jól. Og það er heldur engin ástæða til þess, af því að þeim er markaður gildistími og þau eiga ekki að taka gildi fyrr en 1. marz. Þess vegna ber enga nauðsyn til að afgreiða þessi mál, og það er ekkert annað en ofríki að vilja knýja þau fram nú á þessum tíma.

Það mætti vissulega margt segja fleira um vinnubrögð á Alþ. og tillitsleysi stjórnaraðstöðunnar gagnvart stjórnarandstöðunni. Ég hygg, að þau vinnubrögð, sem hér eru uppi höfð, séu nokkurt einsdæmi, ef miðað er við nálæg lönd, þau sem við þekkjum bezt til. Þetta tillitsleysi gagnvart stjórnarandstöðunni í vinnubrögðum Alþ. kemur fram bæði í hinu stóra og hinu smáa. Hér er það svo, eins og ég sagði og vék að áðan, að það þekkist ekki á þessu hv. Alþ., að það sé kosinn nefndarformaður eða ritari í hvað ómerkilegri n. sem er nema hann sé frá stjórnarliðinu. Það er betra að hafa tögl og hagldir. Að maður minnist nú ekki á forseta þingsins. Það er nú alveg útilokað, að það sé hægt að skipta forsetum á milli stjórnarliðs og stjórnarandstöðu, að stjórnarandstaðan, sem er þó stór hluti af Alþ., megi eiga ofurlítinn þátt í því að stjórna vinnubrögðum Alþ. Nei, það er ekki hægt. En þetta eru önnur vinnubrögð en þekkjast t. d. á Norðurlöndum. Þeir geta búið við það þar, að skipta forsetum á milli stjórnarliðs og stjórnarandstöðu. Það þykir, að ég bezt til veit, sjálfsagður siður þar.

Það er ástæða til þess að vekja athygli á þessu einmitt nú vegna þess, að sumir hæstv. ráðh. hafa verið með nokkurn fagurgala að undanförnu og voru með það í byrjun þessa þings, að þeir vildu hafa samstarf við stjórnarandstöðu, og töluðu mikið um vilja sinn í því efni. En ég hef ekki orðið var við það á þessu þingi, nema síður sé, að það hafi verið meiri vilji en áður til samstarfs um vinnubrögðin hér á Alþ. eða yfirleitt um önnur efni. En ég verð að segja það, að ég tel þau vinnubrögð, sem hér hafa verið viðhöfð og hér eru viðhöfð í þessum efnum, sem ég hef drepið á, og mýmörgum öðrum, sem nefna mætti, ekki lýðræðisleg vinnubrögð. Við státum af því að vera lýðræðissinnar, ekki vantar það. Við tölum fagurlega um það. Já, og við þykjumst nú færir um það að kveða upp dóm yfir öðrum í því efni, og ég vona, að það komi fram í dag á alþjóðlegum vettvangi, að Íslendingar vilji standa lýðræðismegin. En það væri kannske ekki ástæðulaust að hyggja dálítið að því, hvernig þessi mál eru á vegi stödd hér hjá okkur sjálfum og hvernig vinnubrögðin eru hér á Alþ., hvort þau eru í anda lýðræðis. Og það eru þau vinnubrögð, sem hér fara fram, sem almenningur sér, og eftir þeim vinnubrögðum er Alþ. dæmt, og það er, verð ég að segja, ekki furða, þó að Alþ. sæti allhörðum dómum um þessar mundir og þó að vegur þess í almenningsálitinu sé ekki eins mikill eins og skyldi einmitt um þessar mundir. En ætli einmitt þessi vinnubrögð, sem ég hef hér lítillega gert að umtalsefni, séu ekki orsökin til þeirrar gagnrýni og þeirra hörðu dóma, sem nú eru kveðnir upp um Alþ.

Ég vil segja það, að það þarf að taka hér upp ný vinnubrögð á Alþ. og það þarf að taka upp ný vinnubrögð í samskiptum stjórnaraðstöðu eða stjórnarliðs og stjórnarandstöðu, og það skal ekki standa á mér að vinna að því, að slíku sé hægt að koma í framkvæmd. En ég segi það bara, að það er ekkert samstarf, þó að menn séu kvaddir á fund og þar sé þeim kannske skýrt frá því, að stjórnin hafi hugsað sér að gera þetta svona og svona, að framkvæma þetta svona eða svona. Það kalla ég ekki samstarf, hvorki um vinnubrögð þingsins né um önnur efni. Að vísu höfum við veitt því athygli, að sumir ráðherrar hafa reynt að láta líta svo út, að þeir vildu hafa samstarf við stjórnarandstöðu. Þess er skemmst að minnast í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna. Hæstv. fjmrh. hefur státað af því, að hann hafi tekið upp ný vinnubrögð í því efni og sett á fót sérstaka

undirnefnd í fjvn. til þess að vinna að þeim málum á milli þinga. En síðan svo, þegar málin eru rædd við fjárlagaumr., þá vill hæstv. fjmrh. láta að því liggja, að þessir sömu undirnm. séu samábyrgir að einhverju leyti, að meira eða minna leyti, í því, sem gert hefur verið. Þetta er að misnota. Og ef svona vinnubrögð á að hafa við, þá verður það tekið til endurskoðunar, hvort það er rétt að taka þátt í þvílíkum vinnubrögðum og hvort það er rétt að nefna menn til þess, sem kallað er samstarf, en er í raun og veru ekkert samstarf. Þetta verða hæstv. stjórnarherrar að skilja.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að tala hér langt mál. Ég vil aðeins, að það komi fram, að ég tel, að þessi ræða hv. 1. þm. Norðurl. v. er að mínum dómi þörf og tímabær hugvekja og ég get tekið undir flest eða allt, sem hann sagði um þessi mál. Þó vil ég segja það, að ég tel, að varðandi nefndarstörf í þinginu, þá eiga allar n. og allir nefndaformenn ekki jafnan hlut að. Ég á sæti hér t.d. í tveimur n., hv. fjhn. og hv. heilbr.- og félmn., og ég tel störf formanns, sérstaklega heilbr.- og félmn., hafa verið til fyrirmyndar, því að þar hafa öll mál gengið sinn eðlilega gang, verið afgreidd fljótt til umsagnar og tekin til endanlegrar afgreiðslu svo að segja 100% á s. l. þingi, og ég vænti þess einnig, að það geti orðið á þessu þingi og hvort sem þau mál hafa verið frá stjórnarandstöðunni runnin eða stjórnarherrunum. Og ég tel líka, að á þessum vetri hafi mál, sem eru að vísu fá, gengið nokkurn veginn eðlilegan gang í hv. fjhn. En þetta breytir engu um það, að venjan er hin, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði, varðandi nefndastörfin, þó að ég telji, að störf hv. sjútvn., eins og hann lýsti þeim á þessu þingi, taki út yfir allan þjófabálk og séu raunar einsdæmi á verri veginn.

Ég állít, að hér sé ekki eingöngu um það að ræða, sem hann gerði að umtalsefni, að skipting á málefnum milli d. sé ekki nægilega glögg. Ég held, að fyrir þessari hv. þd. hafi legið mörg mál og hún hafi út af fyrir sig getað haft nóg að starfa, ef öll nefndastörf hefðu gengið eðlilega.

Hitt atriðið, sem hv. þm. gerði að umtalsefni, þykir mér þó öllu lakara, þó að við séum orðnir ýmsu vanir í sambandi við nefndastörf, og það er sá háttur, sem nú er hafður á, sem ekki er reyndar nýr, þó að ég telji hér öll met slegin, þegar við eigum að afgreiða öll þau stórmál, sem hér liggja fyrir, núna fyrir jólin á einni viku, EFTA-aðildina, sem kann að mega segja, að sé eðlilegt, að sé afgreidd, fjárl., tollskrána, söluskatt og fylgifrv. með EFTA-sáttmálanum. Ég verð að segja það, að menn eru þá bæði miklu duglegri og gleggri heldur en ég. En ég tel, að það sé engum venjulegum mönnum bjóðandi að ætla þeim að gera sér nokkra glögga grein fyrir öllum þessum málum og greiða atkv. í samræmi við þær skoðanir, sem þeir hafa myndað sér af einhverri raunhæfri þekkingu, því að það er vissulega rétt, sem hv. þm. sagði, að það er ógerningur fyrir menn meira að segja að hafa lesið frv. yfir, hvað þá fyrir ýmsa þá aðila, sem þeir hefðu gjarnan viljað ræða við og hafa samráð við, áður en þeir taka afstöðu til málanna. Og ég sannast að segja vil varla trúa því, að hæstv. ríkisstj. sé svo heillum horfin, að hún viðhafi þau vinnubrögð og beiti sínum meiri hl. til þess, að þessi mál verði knúin í gegn með þeim hraða, sem mér virðist hún ætlast til. Það er algert lágmark alls velsæmis, að þm. viti, hvað þeir eru að greiða atkv. um. Við höfum horft á það áður hér á hv. Alþ., að meiri hl., mikill meiri hl., jafnvel flestir þm., hafi ekki haft hugmynd um, hvað það mál innihélt, sem verið var að greiða atkv. um. Slíkt er skömm fyrir elzta löggjafarþing veraldarinnar og á ekki að líðast.

Jón Árnason: Herra forseti. Við þessa aths., sem hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur borið hér fram varðandi vinnubrögð í sjútvn. og afgreiðslu mála í n., hef ég engar réttmætar afsakanir fram að bera sem formaður þeirrar n. Hins vegar vil ég taka það fram, að ég viðurkenni það, að formanninum ber samt skylda til að kalla saman n. og taka málin til afgreiðslu. Hins vegar er það nú svo, að það eru fleiri í hverri n. heldur en formaðurinn einn, og ég held, að ég upplýsi það rétt, að enginn nm. hefur á þessu tímabili komið að máli við mig að halda fund eða taka fyrir eitt eða neitt af þessum málum, sem hér um ræðir, í n. Ég tek fram aftur, að það er engin afsökun fyrir mig sem formann n. að hafa ekki haldið aðra fundi en þennan fyrsta, en ég tel eigi að síður rétt, að slíkt komi fram, þegar verið er að ræða um afgreiðslu mála í hinum einstöku nefndum. Þess vegna álít ég það sýnilegt, að aths. hv. þm. sé ekki fyrst og fremst byggð á umhyggju hans fyrir því að afgreiða þessi umræddu mál, sú aths., sem hér kemur fram, því að ef hann hefði viljað beita sér fyrir, að einhver sérstök mál hefðu fengizt tekin fyrir, þá var í lófa lagið að hreyfa því við formann, þó að þess ætti ekki að vera þörf, að fundur yrði haldinn til þess að taka fyrir, eins og hv. þm. sagði áðan, taka málin og koma þeim til umsagnar til viðkomandi stofnana, sem málin snerta. Mér finnst því augljóst, að það, sem vakir fyrir hv. þdm. og reyndar kom fram í ræðu hans, það sé ekki, eins og ég sagði áðan, umhyggja fyrir málunum, heldur sé hitt aðalatriðið, eins og hann tók skýrt fram, að það muni vera sérstaklega fylgzt með því, að Ríkisútvarpið skýri ekki aðeins frá þessari umr., sem hér fer fram, heldur orðrétt frá því, sem hv. þm. sagði um afgreiðslu Alþ. á hinum ýmsu málum. Og það kann að vera, að þar hafi hann skýrt hreinskilnislega frá því, sem fyrir honum vakti, þegar hann kom hér inn á Alþ. með þessa aths. utan dagskrár.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta frekar. Ég endurtek það, sem ég sagði í upphafi, að ég hef engar afsakanir, sem réttlætt gætu það, að ég hafi ekki boðað til fundar í sjútvn. til þess að koma þessum málum til afgreiðslu. En ég vil jafnframt, eins og ég hef gert, láta það koma fram, að engir af hv. meðnm. mínum hafa komið að máli við mig á þessu tímabili um það að taka þessi mál fyrir eða vísa þeim til umsagnar hinna einstöku aðila, sem að sjálfsögðu verður gert í þessum tilfellum, eins og jafnan hefur verið gert áður.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það er ástæða til þess að fagna þeirri hreinskilnu játningu, sem hv. form. sjútvn. gerði, og ég met það að vísu við hann, að hann var ekki að reyna að finna upp neinar sérstakar tylliástæður fyrir því, að fundir hefðu ekki verið boðaðir. Hann viðurkenndi það auðvitað, sem óhjákvæmilegt

var, að þetta er staðreyndin. Hins vegar fór hann mjög villur vegar, þegar hann var að reyna að benda á það, að það væru einhverjar annarlegar ástæður hjá mér, sem gerðu það að verkum, að ég vildi vekja athygli á þessum vinnubrögðum. Ég hef ekki vanizt því, og ég held, að það hafi ekki verið viðteknir hættir hér á Alþ., að einstakir menn, sem flutt hafa mál, þyrftu að ganga á eftir og vera í hælunum á formönnum nefnda til þess að fá þá til þess að kveðja fund saman. Ég hefði haldið, að það væri skylda nefndarformanns að gera það og gera það eftir hendinni, eftir því sem mál bærust nefndarmönnum, og sem betur fer tek ég undir það, sem hv. þm. Björn Jónsson sagði, að það eru vissulega undantekningar frá þeim vinnubrögðum, sem ég gerði hér að umtalsefni, og sumir nefndaformenn eru til fyrirmyndar, eins og hann réttilega benti á, og aðrir nefndaformenn mættu taka þá sér til eftirbreytni.

En hann taldi, hv. 2. þm. Vesturl., að það mundi ekki hafa verið af umhyggju fyrir málunum, sem ég væri að ýta á þetta. Þetta er nú dálítið einkennilegur hugsunarháttur, verð ég að segja. Við flytjum hér allir framsóknarmenn í d. frv. til l. um togaraútgerð ríkisins og stuðning við útveg sveitarfélaga. Við teljum það eitt okkar stærsta mál. Ég hafði framsögu fyrir því. Ég legg þar áherzlu á það, hversu þýðingarmikið mál þarna sé um að ræða. Ég lýk máli mínu með því að óska alveg sérstaklega eftir því, að meðferð málsins verði hraðað eða a. m. k. það hljóti eðlilega meðferð, og það gerði ég af ákveðnu tilefni, vegna þess að hæstv. dómsmrh. var nýlega búinn að hafa hér framsögu fyrir máli, að mig minnir, og hann fór fram á það við þá hv. n., sem það mál fékk til meðferðar, að hún léti það sæta eðlilegum vinnubrögðum. Og ég undirstrikaði það einmitt í lok minnar ræðu, að það væri þó það minnsta, sem ég færi fram á, að þetta frv. fengi eðlileg vinnubrögð. Það er því vissulega ekki nein afsökun hjá hv. þm., þó að einstakir nm. hafi ekki verið að ganga eftir því.

Ég vil segja það alveg hreint út, að ég mun ekki hér á Alþ. temja mér þau vinnubrögð, að ég þurfi að vera hlaupandi á eftir nefndaformönnum til þess að ýta við þeim og krefjast þess, að þeir taki mál fyrir, sem til n. er vísað. En hitt er svo eftir, og það er að svara því, hvers vegna þau mál, sem hæstv. sjútvmrh. hefur borið hér fram, hafa sætt sömu örlögum í þessu efni og frv. okkar stjórnarandstæðinga. Og mér finnst ástæða til þess að spyrja hæstv. sjútvmrh. að því, hvort hann sé samþykkur svona vinnubrögðum, hvort hann sé ánægður með þá meðferð, sem þau mál hafa fengið, sem hann hefur flutt. Ég man það að vísu ekki, hvort hann hefur flutt þau öll, það kann að vera, að hæstv. fjmrh. hafi mælt fyrir frv. um niðurfellingu á framlagi til Fiskveiðasjóðs, en það breytir engu um það, að auðvitað er það mál, sem í eðli sínu heyrir undir sjútvmrh. Og ég hef satt að segja staðið í þeirri meiningu, að sjávarútvegsmálin væru þau mál, sem mundu liggja einna þyngst á þessu hv. Alþ., sem nú situr, og það ætti að verja tíma sínum að verulegu leyti til þess að skoða og fjalla um. Ég held, að ástand þeirra mála hafi verið slíkt, því miður. Þar er ég ekkert að saka hæstv. sjútvmrh., en þetta er bara staðreynd, sem við vitum, að þessi mál eru í ýmsum efnum í sjálfheldu og þyrftu allir að leggjast á eitt um að leysa þau og gera þar á bragarbót. En þá er þessi háttur, sem ég hef lýst, á hafður, einmitt að því er varðar þessi mál á hinu háa Alþ., að það hafa önnur mál þótt eiga forgang alla þessa mánuði, sem þingið hefur setið. Það verð ég að telja illa farið. Og ég endurtek og ítreka að öðru leyti þetta, sem ég sagði um vinnubrögð Alþingis.

Það er að vísu rétt, að það má segja, að það sé visst samhengi í því, að ég bendi á þetta nú, og þeim fyrirætlunum, sem hafðar eru uppi um afgreiðslu stórmála nú á síðustu dögum þingsins. Það þykir ekki ástæða til þess, að það vefjist lengi fyrir n. að fjalla um þau mál, þegar það eru einhver mál, sem stjórnin ætlar að koma fram. Þá má drífa þau í gegn án nokkurrar umtalsverðar athugunar. En sjávarútvegsmálin hafa ekki þótt það mikið aðkallandi á þessu þingi, að ástæða hafi þótt til að athuga þau mál í n. Það er áreiðanlega dómur, sem menn taka eftir, dómur, sem kveðinn hefur verið upp af meiri hl. Alþ. varðandi þann málaþátt.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur gert hér að umræðuefni störf í þn. og lagði bókstaflega á það mikla áherzlu, að ég léti til mín heyra um álit mitt á störfum þn. Ég vil aðeins taka það fram, að ég hef ekki kvartað við formenn þn. um störfin og á meðan verður að ætla, að ég sé ekki mikið órólegur. Ég hef á þeim árum, sem ég hef gegnt ráðherrastarfi, ekki þurft að kvarta yfir því, að n. hafi ekki afgr. þau mál, sem ég hef lagt áherzlu á. (Gripið fram í.) Hins vegar leyni ég því ekki, ef ég má ljúka setningu minni, að ég hefði kosið, að þau mál, sem vísað hefur verið hér til hv. sjútvn., hefðu hlotið skjótari afgreiðslu en raun ber vitni um. Form. n. hefur gert grein fyrir því, hverjar ástæður eru fyrir því, að n. hefur ekki komið saman og tekið þá sök á sig. (Gripið fram í.) Má ég ljúka máli mínu fyrir hv. þm.? Ég óska eftir því að fá að ljúka setningunum, áður en gripið er fram í fyrir mér.

Önnur atriði í ræðu hv. þm. eru mjög athyglisverð. Hann bauð, – ég vona að ég leggi ekki öfugt út af orðum hans, – hann sem formaður stærsta stjórnarandstöðuflokksins bauð samstarf um þingstörfin. Þetta er yfirlýsing, sem er mjög mikilvæg og mér finnst, að ætti að athuga vel og láta á það reyna, hver vilji er að baki þessum orðum.

Það þyrfti að skipta forsetum milli stjórnar og stjórnarandstöðu, sagði hv. þm. Ég er búinn að sitja hér á þingi síðan 1953 og hef setið hér í stjórnarandstöðu líka. Ég vissi ekki til, að flokkur þessa hv. þm., sem sat fyrri hl. þingtíma míns í ríkisstjórn, byði nokkurn tíma stjórnarandstöðu þessi skipti. En ég fagna því, að þarna virðast vera komin ný sjónarmið, sem ég, eins og ég áðan sagði, tel þess virði, að sé látið að vinna og skoða til hlítar. En þá verða menn að hafa þá sömu skoðun, hvort sem þeir eru í stjórnarliði eða stjórnarandstöðu, en ekki bara þegar þeir sjálfir sitja í stjórnarandstöðunni.

Það þarf almennt, sagði hv. þm., að taka upp ný vinnubrögð í samstarfi stjórnar og stjórnarandstöðu. Ég undirstrika það, sem ég er reyndar búinn að segja hér áður, að ég tel það vera þess virði að láta reyna á það, þegar formaður stærsta stjórnarandstöðuflokksins gefur slíka yfirlýsingu, hvað bak við þessi orð býr. Er þetta

bara almenn óánægja yfir því að koma ekki málum sínum fram eða er þetta raunhæfur vilji og er þessi vilji víðar í stjórnarandstöðunni heldur en hjá flokki hv. þm.?

Að öðru leyti tel ég ekki, herra forseti, að ég þurfi að taka þátt í þessum umr., og hefði reyndar ekki gert, nema af því að þm. beindi sérstaklega til mín þeirri spurningu, sem ég tel mig hafa svarað. En ég ítreka það, að ég tel það þess virði, að á það sé látið reyna, hvort hér er um að ræða almennan áróður, sem við erum nú vanari, eða raunverulegan vilja til nánara og bætts samstarfs.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Hæstv. sjútvmrh. sagði, að formaður sjútvn. hefði gert grein fyrir þeim ástæðum, sem lægju til þess, að fundur hefði ekki verið kallaður saman. Þetta er rangt. Formaður sjútvn. gerði enga grein fyrir því. Hann tók bara á sig þá sök og sagði hreinlega, að hann hefði ekkert fram að færa því til réttlætingar, að fundur hefði ekki verið. Í öðru lagi kom það fram hjá hæstv. sjútvmrh., að hann er sæmilega ánægður með þessa starfshætti og afgreiðslu á sínum málum. Hann sagðist hefði kosið, að þau hefðu fengið skjótari afgreiðslu, en hann vildi sætta sig við það eftir atvikum, enda sagðist hann ekki hafa kvartað við formann sjútvn. Ég hefði satt að segja haldið, að sum þessara mála, sem hæstv. ráðh. hefur þarna verið að leggja fram, hefðu verið þess eðlis, að ekki hefði verið óeðlilegt, að hann hefði fylgzt með því, hverja afgreiðslu þau hafa fengið. Þetta segi ég af því, að manni virðist, að það hafi oft verið svo, að hæstv. stjórnarherrar hefðu einurð á því að fylgjast með þeim málum, sem þeir hafa lagt fram hér á þingi, og hverja afgreiðslu þau hafa fengið. Það er ekkert nýtt, að ég lýsi því yfir, að ég sé reiðubúinn til samstarfs um ný og betri vinnubrögð á Alþ. Ég hef gert það áður, því hefur ekki verið anzað, ég geri það enn og sé til.

Á 38. fundi í Nd., 19. jan., utan dagskrár, mælti

forseti (SB): Ég vil nota tækifærið til þess að beina þeirri ósk til formanna hv. þingnefnda d. að hraða störfum. Allmörg mál eru í nefndum og sum hafa verið þar alllengi. Leyfir forseti sér að óska þess eindregið, að hv. þn. taki nú rögg á sig og gangi rösklega til verks og skili nál. um þau mál, sem hjá þeim liggja.

VI. Atvinnuleysi.

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., utan dagskrár, mælti

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Um miðjan septembermánuð ritaði framkvæmdastjórn Alþb. hæstv. forsrh. bréf og óskaði eftir því, að Alþ. yrði þá þegar kvatt saman til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi á komandi vetri. Nokkru áður eða í ágústmánuði höfðu öll stærstu verkalýðsfélögin hér á höfuðborgarsvæðinu efnt til ráðstefnu um horfurnar í atvinnumálum, og þeirri ráðstefnu var síðan fram haldið um miðjan septembermánuð. Það var augljóst, að allir helztu forustumenn verkalýðssamtakanna hér á höfuðborgarsvæðinu voru sammála um það, að útlitið í atvinnumálum væri mjög uggvænlegt og þeir óttuðust mjög mikið atvinnuleysi á komandi vetri, ef ekki yrðu gerðar ráðstafanir til úrbóta fljótlega. Samþykktir þessarar ráðstefnu báru þessa greinilegan vott.

Við höfum í huga, að á s. l. vetri var hér meira og almennara atvinnuleysi víðs vegar á landinu en hafði verið um langan tíma áður. Skráðir atvinnulausir menn voru í kringum 6 þús., þegar atvinnuleysið var mest. Það liggur einnig fyrir, að nokkurt atvinnuleysi hefur verið viðvarandi í allt sumar í ýmsum stærstu kaupstöðum landsins. Skráðir hafa verið atvinnulausir 800–1000 manns yfir sumarmánuðina, og þó er þess að geta, að á þeim tíma hafa farið í atvinnuleit til annarra landa 200–400 iðnaðarmenn, sem ekki gátu fengið nægilega vinnu hér heima. Það er því ofureðlilegt, að allir þeir, sem láta sig atvinnumálin verulegu máli skipta, sæki fast á um það að fá vitneskju um, hvað ríkisstj. hugsar sér að gera til þess að koma í veg fyrir það, að slíkt ástand endurtaki sig, sem varð í þessum efnum á s. l. vetri. Það er að vísu bent á það, að allfjölmennur hópur námsmanna hverfi af vinnumarkaði í haustbyrjun, þegar skólarnir taka til starfa. En á móti því kemur hins vegar það, að það er vitað, að útiframkvæmdir leggjast að talsverðu leyti niður eða þær dragast mikið saman, þegar kemur fram á haust og vetur. Einnig er þess að gæta, að þegar líður fram á haustið leggst algerlega niður sjósókn á smæstu fiskibátunum, trillubátum og smærri fiskibátum, en við þau störf vinna í landinu býsna margir menn, sem síðan koma inn á vinnumarkaðinn, þegar þessu úthaldi þeirra er lokið, enda hefur reynslan jafnan verið sú, að mest hætta hefur verið á atvinnuleysi, þegar dregur fram á vetur.

Það er skoðun okkar Alþb.-manna, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki í viðbrögðum sínum sýnt það, að hún hafi áttað sig til fulls á því alvarlega vandamáli, sem hér er við að eiga, og hversu mikið það er. Það er greinilegt, að hún hefur verið mjög sein til nauðsynlegra ráðstafana, og síðan hefur það gengið harla seint að fá þau loforð framkvæmd, sem gefin hafa verið til úrbóta. Ég tel, að gott dæmi um þennan seinagang hafi einmitt verið, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur brugðið við og hvernig til hefur tekizt með skipabyggingar innanlands. Við Alþb.-menn höfðum flutt hér á þingi till. æ ofan í æ um það, að gerðar yrðu ráðstafanir til þess að koma upp skipulagðri smíði á fiskibátum hér innanlands og nýta þá möguleika, sem hér voru fyrir hendi í þeim efnum. Samtök iðnaðarmanna höfðu gert kröfur um þetta efni, og ýmsir aðrir aðilar hér á Alþ. höfðu tekið undir þessar kröfur og flutt þær hér inn á þing einnig. Ríkisstj. gerði ekkert eða harla lítið til þess að opna fyrir þessa möguleika hvað viðbótarlánsútvegun snerti eða a. m. k. til þess að úr framkvæmdum gæti orðið í þessum efnum. En á s. l. vetri, þegar atvinnuleysið var orðið mest, lofaði ríkisstj. þó að leggja fram fé til þess að hrinda af stað þessum bátasmíðum innanlands. Því var lýst yfir, að 50 millj. kr. af þeim 300 millj., sem atvinnumála-

nefnd ríkisins átti að hafa til meðferðar til þess að auka við atvinnu í landinu, skyldi varið í þessu skyni. En þó að þessu væri lofað á s. l. vetri, er enn ekki byrjað á neinum framkvæmdum samkv. þessu loforði. Það er fyrst nú um miðjan október, sem opinberir aðilar eru að tilkynna um þær reglur, sem eigi að gilda í þessum efnum í aðalatriðum. En þá liggur að sjálfsögðu fyrir, að skipasmíðastöðvarnar þurfa að láta teikna skipin, sem nú á að byggja, gera áætlanir um það, hvernig að verkinu skuli staðið, fá samþykkt réttra stofnana og yfirvalda innanlands á teikningum og sínum áætlunum og síðan þarf að panta efnið erlendis frá, en það tekur marga mánuði og það er varla mögulegt að atvinna verði við þessar framkvæmdir fyrr en eftir 2–3 mánuði, þó að allvel sé staðið að framkvæmdum. Þetta dæmi sýnir að mínum dómi, hve hér hefur verið unnið að með miklum vettlingatökum.

Það er engu líkara en hæstv. ríkisstj. og þeir, sem hún hefur falið framkvæmd á þessum málum, hafi ekki gert sér grein fyrir því, hve hér er um mikilvæg mál að ræða. Það er skoðun okkar Alþb.-manna, að úr því sem nú er komið megi ekki dragast öllu lengur að gera raunhæfar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi í vetur. Við álítum, að það sé nauðsynlegt, að ríkisstj. taki upp náið samstarf við Alþ. um það, hvernig að þessum málum skuli staðið, við alla flokka hér á þingi, að hún taki einnig upp miklu nánara og virkara samband við verkalýðshreyfinguna en gert hefur verið til þessa, því að það samstarf, sem við hana hefur verið haft í gegnum atvinnumálanefndirnar, er að okkar dómi allsendis ófullnægjandi. Og þá teljum við einnig mjög nauðsynlegt, að ríkisstj. hafi náið samband við forustumenn sveitarstjórnarmála í landinu, en þeir hafa að sjálfsögðu mikinn áhuga á því, hvernig þessum málum vindur fram, og hafa aðstöðu til þess að geta efnt til aukinna atvinnuframkvæmda, ef fjárhagsfyrirgreiðsla er veitt þeim að einhverju leyti.

Ég vil því beina því til hæstv. ríkisstj., að hún bregði nú skjótt við og hlutist til um, að gerðar verði nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi á komandi vetri. Það er till. okkar Alþb.-manna, eins og ég hef sagt, að ríkisstj. taki upp samstarf við Alþ. um lausn atvinnumálanna, við alla flokka þingsins, og taki jafnframt upp nánara og virkara samstarf við verkalýðshreyfinguna en gert hefur verið til þessa. Jafnframt leggjum við svo ríka áherzlu á, að það sé haft, eins og ég hef sagt, náið samstarf við forustumenn sveitarstjórnarmála um lausn atvinnumálanna, því að það er enginn vafi á því, að sveitarstjórnirnar geta í mjög mörgum tilfellum efnt til aukinnar atvinnu, ef þeim er veittur eðlilegur fjárhagsstuðningur, sem ég efast ekkert um, að ríkisvaldið getur gert. Ég vil undirstrika, að það er skoðun okkar Alþb.-manna, að eins og nú er komið, megi ekki tapa neinum tíma til þess að gera ráðstafanir. Nú verði að hefjast handa um atvinnuaukningu strax og sjá um, að það, sem samþykkt er, verði undanbragðalaust og tafarlaust framkvæmt. Ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. fallist á það, að nú sé orðið nauðsynlegt að finna úrræði til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi á komandi vetri.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég lýsi ánægju minni yfir því, að hv. þm. skuli vilja leggja lið sitt til þess að koma í veg fyrir þann vanda, sem hann lýsti, og að sjálfsögðu er ríkisstj. meira en fús til þess. Hún telur sjálfsagt að hafa sem allra bezt samstarf við Alþ. í heild og þingflokka og einstaka þm., sem þar hafa till. fram að bera, og vonast ég til þess, að þaðan komi nýtar till. Hv. þm. gat þess, að flokkur hans – eða einhver aðili í flokknum – hefði óskað eftir því, að þing yrði kallað saman um miðjan september. Ég hef séð ríkisstj. ámælt fyrir að svara þeirri málaleitan ekki berum orðum. Þar var að farið eins og um slíkar málaleitanir til stjórnvalda yfirleitt, t. d. áskoranir til Alþ., að það er ekki tilkynnt um ákveðið svar öðruvísi en sem kemur fram í þeirri ákvörðun, sem tekin er með hliðsjón af þeim till. eða áskorunum, sem fyrir hendi eru. Ekki þótti ástæða til að kveðja þingið saman af þessu tilefni, m. a. vegna þess, að þarna voru engar ákveðnar till. fram bornar. Hins vegar hafði ríkisstj. þá þegar fyrir löngu tekið upp samvinnu við fulltrúa verkalýðsfélaganna um þessi mál og átti einmitt um miðjan september ýtarlegar viðræður innan atvinnumálanefndar ríkisins við fulltrúa bæði atvinnurekenda og verkamanna um þessi málefni. Og síðast í gær var haldinn fundur í atvinnumálanefnd ríkisins, þar sem þessi mál voru rædd. Í nefndinni hefur verið tekin afstaða til þeirra einstöku till., sem fyrir liggja. Og ég hygg, að það séu ekki ýkjur, þó að sagt sé, að varðandi þær einstöku, ákveðnu till., – þá á ég ekki við stefnu í meginmálum, sem mönnum sýnist sitt hvað um, heldur einstakar ákveðnar ráðstafanir, sem gerðar voru till. um í ályktun verkamannaráðstefna hér í september, – hafi þá þegar og síðan verið vikizt við þeim till. á þann veg, að þær hafi verið samþ. í meginefnum. Ríkisstj. hafði undirbúið mörg þessara mála áður í sumar, svo að þá þegar var jafnskjótt hægt að gefa yfirlýsingar, sem mér skilst, að eftir atvikum hafi verið taldar fullnægjandi. Það hefur sem sagt verið unnið látlaust að þessum málum frá því í fyrravetur, bæði innan atvinnumálanefndanna og af hálfu ríkisstj., með þeim ánægjulega árangri, að enn fer atvinnuleysið minnkandi. Það hefur t. d. síðasta hálfan mánuð fækkað nokkuð atvinnulausum mönnum hér í Reykjavík, og svo hygg ég, að sé einnig víðar á landinu.

Ég skal ekki ræða þetta mál í einstökum atriðum nú, – ef hefði átt að ræða það rækilega, hefði verið eðlilegra að taka upp um það formlega umr., – en einungis ítreka, að ríkisstj. er fús til samráðs við alla aðila, sem ákveðnar till. hafa fram að færa, vitanlega alla þm. Hún er þegar í samráði við verkalýðshreyfinguna, fulltrúa Alþýðusambandsins. Þeir hafa ekki borið fram óskir um, að því samráði og þeirri samvinnu yrði öðruvísi háttað. Fyrir milligöngu atvinnumálanefndanna er einnig haft náið samráð við sveitarstjórnir víðs vegar á landinu. Þar er sumpart einnig beint samráð við þær sveitarstjórnir, sem hafa sérstakar málaleitanir fram að færa.

Það má auðvitað endalaust segja, að seint gangi við afgreiðslu tiltekinna mála. Það er rétt, að fyrst nú nýlega er gefin formleg tilkynning um það, hvernig haga eigi fyrirgreiðslu við smíði á skipum, sem ekki er fyrir fram búið að selja. En efnislega má segja, að þessari skipan hafi verið komið á þegar í fyrravetur og það var

þá kunnugt skipasmíðastöðvum, sem eftir því báru sig, að þær gátu fengið slíka fyrirgreiðslu. Ýmis atvik, þ. á m. önnur verkefni, hafa orðið til þess, að þær sinntu þessu ekki. Nú er þetta orðið enn meira aðkallandi en áður og liggur alveg ljóst fyrir, eftir hvaða meginreglum á að fara, enda hygg ég, að aðilar telji þær viðunandi eftir atvikum.

Ég lýsi svo enn ánægju minni yfir áhuga hv. þm. og vonast til þess, að menn geti haft um þetta gott samstarf, því að hvað sem öðrum ágreiningi líður, þá veit ég, að allir mæla það af heilum hug, að við teljum, að vinna eigi á móti atvinnuleysi með öllum tiltækum ráðum.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir það, sem hér hefur komið fram, og leggja áherzlu á, að nú þegar séu gerðar sérstakar og skynsamlegar ráðstafanir til þess að bæta atvinnuástandið í landinu. Öllum hugsandi mönnum hlýtur að vera atvinnuástandið mikið áhyggjuefni um þessar mundir. Það er eins og þegar hefur verið rakið, að það varð mjög tilfinnanlegt atvinnuleysi s. l. vetur, og nú í sumar hefur einnig alltaf verið talsvert atvinnuleysi. Og þó að nú í þessum mánuði kunni atvinnuleysingjum eitthvað að hafa fækkað, þá liggja til þess skiljanlegar ástæður, vegna þess að einmitt á þessum tímamótum hafa margir horfið til skólanna og setzt á skólabekk. Ég held, að við verðum því miður að horfast í augu við þá staðreynd, að það sé mikil hætta á atvinnuleysi í vetur, ef ekki verða gerðar viðeigandi ráðstafanir í tæka tíð. Og ég hygg, að það séu flestir sammála um það, að atvinnuleysi verði umfram allt að afstýra. Þess vegna er spurningin hér sú, hvaða úrræði séu líklegust til þess að afstýra því atvinnuleysi, sem nú er og virðist því miður vera framundan, og hvaða úrræði séu líklegust til þess að tryggja fulla atvinnu í framtíðinni, því að vitaskuld er það ískyggilegt og ískyggilegra en flest annað, ef við ættum nú að þurfa að horfast í augu við það, að atvinnuleysi hér á landi yrði eitthvert varanlegt ástand.

Ég tel, að hinu opinbera beri að hafa forustu í þessum efnum, forustu í atvinnumálum, og því ber það alveg sérstaklega nú vegna þess, hvernig atvinnuástandið er. Og með hinu opinbera á ég þá við ríkið og sveitarstjórnir, en þessir aðilar þurfa einmitt að vinna saman í þessum efnum.

Ég held, að það sé mjög þýðingarmikið, að ríkisstj. og ríkisvaldið gangi að því heils hugar að hafa forustu í þessum efnum, en geri það ekki af hálfum huga eða eftir einhverja eftirgangsmuni. Ég fagna þess vegna út af fyrir sig þeirri yfirlýsingu, sem hæstv. forsrh. gaf hér áðan, að ríkisstj. væri nú sérlega fús til þess að hafa samstarf við stjórnmálaflokkana, þingflokkana, um lausn þessara mála. En yfirlýsingar eru náttúrlega aldrei meginatriðið, heldur hitt, hvernig til tekst um framkvæmdina. Það sjáum við einnig í atvinnumálunum, því að yfirlýsingar hafa verið gefnar að undanförnu, en nægilegar framkvæmdir hafa ekki alltaf fylgt þeim yfirlýsingum.

Nú er sannleikurinn sá, að talsvert er svo sem gert af opinberri hálfu í þessum atvinnumálum. Við höfum ýmsar stofnanir, sem eiga að greiða götuna í þessum efnum. Við höfum okkar atvinnujöfnunarsjóð og við höfum okkar framkvæmdasjóð og við höfum okkar atvinnumálanefndir með sínar 340 millj. eða hvað það er, sem þær hafa úthlutað. Og ýmsar fleiri stofnanir höfum við, sem eiga að vinna að verkefnum þessum skyldum. En þessi aðstoð og þessi fyrirgreiðsla hefur ekki dugað til. Þess vegna hlýtur sú spurning að vakna, a. m. k. í mínum huga, hvort það sé ekki eitthvað að kerfinu og skipulaginu í þessum efnum, hvort það sé öruggt, að sú fyrirgreiðsla, sem ríkið stendur þó þrátt fyrir allt að, komi að fullum notum, komi að þeim notum, sem hún gæti komið, ef rétt væri á haldið að öllu leyti. Ég leyfi mér að efast um það. Ég tel, að það þurfi að taka til sérstakrar athugunar skipulag og form þessara mála, og ég teldi það æskilegt út af fyrir sig, ef hæstv. forsrh. vildi byrja samstarf við þingflokkana með þeim hætti að taka þessi mál öll til algerrar og gagngerrar endurskoðunar.

Ég skal ekki á þessu stigi eða að þessu sinni fara út í langar umr. almennt um málið. Til þess gefst sjálfsagt tækifæri síðar. Ég hef við annað tækifæri bent á nokkur úrræði, sem ég tel að ætti að taka til athugunar til þess að bæta atvinnuástandið í landinu, – fyrst og fremst í bráðina, en líka með lengri framtíð fyrir augum. Það er alveg ljóst, að það má gera vissar ráðstafanir til þess að hleypa meira lífi í atvinnulífið.

Hæstv. ríkisstj. hefur gefið yfirlýsingar um vissar ráðstafanir nú, fé til vegagerða og lán til húsnæðismála, sem veitt yrðu fyrr en ella, og sérstakar fyrirgreiðslur við skipasmíðastöðvar. Allar þessar ráðstafanir eru út af fyrir sig góðra gjalda verðar, en þær ná þó skammt, að ég hygg, til að leysa þann vanda, sem við er að etja nú. Það er t. d. augljóst mál, að húsbyggjendur eru ekki sérstaklega ákafir í að byrja á íbúðarhúsabyggingum, þegar vetur fer í garð. Ég held, að það hefði verið óneitanlega æskilegra, að hið opinbera hefði beitt sér fyrir einhverjum opinberum framkvæmdum, t. d. opinberum byggingarframkvæmdum, til þess að leysa aðkallandi vanda í þessum efnum. Ég minni t. d. á tvö stórhýsi, sem eiga að rísa og þörf er á að rísi sem fyrst. Það er stjórnarráðshús og alþingishús. Hvers vegna á ekki að nota þá tíma, sem nú eru, þegar atvinnu skortir, til þess að ráðast í slíkar framkvæmdir? Og ef einhver skyldi svara því, að það væri ekki hægt að byrja á þessum byggingum nú, vegna þess að það taki sinn tíma að teikna þær, þá vil ég svara því, að þá hafa þeir aðilar, sem um undirbúning þessara mála hafa átt að sjá, legið á liði sínu, vegna þess að langt er síðan umr. hafa hafizt um þessi mál og jafnvel fjárframlög hafa verið veitt á fjárlögum, t. d. til byggingar stjórnarráðshúss, og langt er síðan kjörin var n. til þess að fjalla um byggingu alþingishúss, þannig að ef teikningar liggja nú ekki enn eftir allan þennan tíma fyrir, þá er eitthvað bogið við störf þessara aðila. En þetta eru aðeins dæmi, vegna þess að opinberar framkvæmdir eru margar aðrar aðkallandi en þessi tvö stóru hús, sem þurfa að koma á næstunni. Það eru skólabyggingar, og það eru sjúkrahúsbyggingar og fleira af því tagi. Það hefði ég talið alveg sérstaklega æskilegt einmitt á þessum tíma, að það hefði verið ráðizt í slíkar framkvæmdir til þess að leysa aðkallandi vanda í atvinnumálum. Auk þess álít ég, að það eigi að grípa til alveg sérstakra ráðstafana í

byggingariðnaðinum til þess að hleypa nýju lífi í hann. Það er auðvitað mjög gott, að menn eigi kost á lánum til þess að byggja íbúðarhús og það er nauðsynlegt. En það er galli á, ef við hvert ár sem líður hækkar byggingarkostnaðurinn svo, að það er étin upp sú hækkun, sem verður á lánum, eða meira. Ég held, að það verði að fara að vinna að þessum málum nokkuð á aðra lund og leggja áherzlu á að gera skynsamlegar ráðstafanir til þess að reyna að lækka byggingarkostnaðinn, og þar er leiðin, sem fær væri, m. a. sú að lækka mjög verulega eða fella niður tolla af byggingarefni til íbúðarhúsabygginga. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að ef slík ráðstöfun yrði gerð þá gæti hún greitt fyrir framkvæmdum í þessu efni. Ég hef bent á ýmislegt fleira, sem þyrfti að taka til athugunar, en eins og ég sagði áðan, þá ætla ég ekki að fara að ræða það hér nú. Ég vil þó aðeins minnast á eitt atriði. Það er vitað mál, að að talsverðu leyti á þetta atvinnuleysi, sem nú er, rætur sínar að rekja til þess, að það hefur orðið samdráttur í iðnaði hér á landi. Sá samdráttur í iðnaði stafar af því, að mörg hin ungu og óþroskuðu iðnfyrirtæki, sem voru komin hér af stað, hafa ekki þolað samkeppnina við óheftan innflutning iðnaðarvara.

Nú er um það rætt, að á næstunni standi til að taka ákvörðun um það, hvort Ísland gerist aðili að fríverzlunarbandalagi, og ef sú yrði raunin á, þá mundu sjálfsagt þessi iðnfyrirtæki, sem hér hafa starfað og starfa, eiga von á mikilli samkeppni. Ég held, að á málum iðnaðarins þurfi að taka með sérstökum hætti. Ég held, að það sé fyrst og fremst nauðsynlegt, hvernig sem menn annars hugsa í þessum efnum, að marka ákveðna stefnu í málefnum iðnaðarins. Það þýðir ekki að vera að tala um að ganga í EFTA og segja bara, að þessi og hinn iðnaður hljóti að spjara sig. Það verður að gera sér rökstudda grein fyrir því í tæka tíð, hvaða iðnaður það er, sem á að geta orðið útflutningsiðnaður hér í framtíðinni. Og á það var bent, ef ég man rétt, alveg sérstaklega í EFTA-skýrslunni hér í fyrravetur, að slík athugun á þeim málefnum iðnaðarins þyrfti að fara fram. Hún hafði ekki farið fram þá, og spurningin er: Hefur hún nokkuð farið fram enn? Við þurfum að efla iðnaðinn í þessu landi, vegna þess að iðnaðurinn hlýtur að veita viðtöku miklu af þeim mannafla, sem kemur á markaðinn, og þess vegna er það einmitt höfuðatriðið að marka þannig ákveðna stefnu í iðnaðarmálum og gera sér grein fyrir því t. d., eins og ég sagði, hvaða iðnaðarvörur það væru, sem ættu sérstaklega að geta orðið þýðingarmiklar í útflutningi, og þá álít ég, að það eigi að taka upp sérstaka stuðningsstefnu við þær greinar, t. d. í formi sérstakra útflutningslána eða aðstoðarlána við þær. Ég álít enn fremur, að með tilliti til þess, hverja þýðingu iðnaðurinn hefur atvinnulega séð, þá væri mjög nauðsynlegt að fylgja fram gagnvart honum annarri stefnu í tollamálum en gert hefur verið. Ég held, að það væri æskilegt að lækka eða fella niður tolla af hráefni til iðnaðarins og eins vélum til hans. En ég held líka, að á meðan atvinnuástandið er eins og það er og meðan iðnaðurinn er ekki orðinn þróaðri heldur en hann er hér á landi, þá eigi að beita alveg sérstökum ráðstöfunum til verndar innlendri iðnaðarframleiðslu, svo að við séum ekki að flytja inn vörur, sem við getum framleitt hér í þessu landi með jafngóðu móti. Ég held við höfum ekki ráð á því, þegar ástandið er eins og það er nú.

En ég vil svo að lokum endurtaka það, að ég fagna yfirlýsingu forsrh. um það, að hann sé fús til samstarfs við þingflokkana um þessi mál. Ég álít, að það þurfi að taka þessi mál öll til gagngerrar skoðunar, og ég álít, að þingið sé fyrst og fremst sá eðlilegi aðili í þessu sambandi og það eigi að leggjast af sá háttur, sem upp er tekinn, að það sé í raun og veru farið fram hjá þinginu með milljónir svo hundruðum skiptir og þeim úthlutað án þess að atbeini þingsins komi þar á nokkurn hátt til.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Menn hafa við orð, að þeir ætli ekki að efna til almennra umr. að þessu sinni og ekki að vera margorðir. En síðan flytur hv. 1. þm. Norðurl. v. ræðustúf um iðnaðinn, þar sem er alveg gersamlega talað út í hött og í algeru ósamræmi við raunverulegar staðreyndir í þessu máli. Ég skal ekki taka upp neinar almennar eða langar umr., en hér er auðvitað ógerlegt annað en að leiðrétta, því að þetta er ekki í fyrsta skiptið, sem þessi hv. þm. lætur þetta henda sig, heldur gerði hann þetta nýlega í sjónvarpsviðræðum við forsrh. Og hv. framsóknarmenn hafa á undanförnum árum flutt þáltill. þing eftir þing, sem að efni til hafa verið um það, að gera þyrfti ráðstafanir vegna samdráttar í iðnaði. Nú eru staðreyndirnar þær, að allan þennan tíma var enginn samdráttur í iðnaði, heldur vöxtur og verulegur vöxtur. Það liggja fyrir skýrslur um það á árunum 1960–1966, þá var 31% framleiðsluaukning í iðnaði eða meðaltal á ári 4.5%, meðan allar samdráttartillögurnar voru fluttar. Þetta er ekki sama meðaltal og hæstu iðnaðarframleiðslu hjá háiðnþróuðu þjóðunum, en hins vegar fór framleiðsluaukningin í iðnaði á sumum árum þessa tímabils allt upp í 8%, og veit ég ekki um aðrar þjóðir, sem hafa aukið árlega iðnaðarframleiðslu sína meira, nema ef vera kynni Japanir. Ég hef gert samanburð á tveimur tímabilum, tveimur 6 ára tímabilum, frá 1955–1961 og 1961–1967, og fært allt verðlag til sama verðlags, til þess að tölurnar séu sambærilegar, eða verðlags 1967, og þá kemur í ljós, að fjármunamyndunin í iðnaðinum síðara tímabilið er næstum því tvöfalt meiri en fyrra tímabilið. 1230 millj. fyrra tímabilið, ef ég man rétt, og 2130 millj. síðara tímabilið, eða um 173% aukning á síðara tímabilinu miðað við það fyrra. Það er sagt, að mörg fyrirtæki hafi lagzt niður vegna stefnunnar í innflutningsmálum. Ég hefði gaman af að heyra einhvern tíma upptalningu á þessum fjölda fyrirtækja, sem lagzt hafa niður af þessum sökum. Mér er ljóst, að á þessum árum eins og á öðrum árum áður hafa einhver iðnfyrirtæki lagzt niður. En til þess kunna að liggja margar fleiri orsakir, og er hægt að gefa skýringar á því, heldur en stefnan í innflutningsmálunum og það hafi verið vegna of harðrar samkeppni við innflutning. Það eru ekki heldur talin þau nýju fyrirtæki, svipuð fyrirtæki, sem sett hafa verið á laggirnar á þessu tímabili, en þau eru mörg og sum hver í stærri stíl en áður hefur verið, og lagður með því grundvöllur að stóriðju í landinu og grundvöllur að áframhaldandi iðnþróun í landinu, sem ella hefði verið ógerlegt, ef ekki væri nægileg orka fyrir höndum.

Það er sagt, að skýrslugerð hafi ekki verið búin að

fara fram, þegar rætt var um EFTA-málin hér síðast, um það, hvernig líklegt væri, að iðnaðurinn gæti snúizt við aðild okkar að EFTA, hvaða fyrirtæki fengju möguleika til útflutnings og hver ekki o. s. frv. Þetta er auðvitað mikið vandaverk. Mér er kunnugt um, að bæði Norðmenn og Danir gerðu tilraun til þess að gera slíkar spár fram í tímann, þegar þeir gengu í EFTA. En mér er líka kunnugt um, að lítið af þessu stóðst og í *þeim báðum tilfellum varð reyndin miklu betri en* skýrsluhugmyndirnar eða áætlunargerðirnar, sem fram höfðu farið. Það sannar auðvitað ekki það, að slíkt sé óframkvæmanlegt hér. Hins vegar hefur verið unnið að skýrslugerð um það hér á landi, hvernig íslenzkur iðnaður sé við því búinn að taka við þeirri breytingu, sem leiða mundi af þátttöku í EFTA, og það er mjög mikil skýrslugerð, sem felur í sér margar veigamiklar og nýjar upplýsingar um iðnaðinn og aðstöðu hans, sem áður voru ekki fyrir hendi, en það er allt of langt mál að fara út í það nú, en það verður auðvitað gert lýðum ljóst.

Á sama tíma hefur auðvitað verið athuguð aðstaða iðnaðarins í sambandi við tollamálin, og það hefur *verið eitt af þeim veigamiklu málum, sem í* þessu sambandi hafa verið í endurskoðun á liðnu sumri. Meginatriðin þar eru einmitt till. um að fella niður tolla og lækka tolla, skulum við segja, af vélum og hráefnum í samræmi við og ekki minna en tollar eru lækkaðir eða verndartollar, skulum við segja, eru afnumdir. En það hefur verið gert ráð fyrir því alltaf frá öndverðu, að íslenzkur iðnaður fengi langan, 10 ára aðlögunartíma í sambandi við breytingar á tollalöggjöfinni, og í stórum dráttum er gert ráð fyrir, að fyrsta 4 ára tímabilið verði ekki um neina minnkun á tollvernd iðnaðarins að ræða, vegna þess að þeir verndartollar, sem kunna að verða afnumdir, vegist upp í heild fyrir iðnaðinn með þeim tollalækkunum, sem iðnaðurinn fær á vélum og hráefnum. Þess vegna þarf ekki að halda langa tölu um þetta, og þetta er engin nýjung og þetta er þingmönnum kunnugt, sérstaklega forustumönnum flokkanna, þar sem vitað er, að flokkarnir hafa fulltrúa í EFTA-nefndinni og hafa með því móti haft aðstöðu til þess að fylgjast með því, sem þarna hefur verið að vinda fram og kemur síðar betur í ljós í undirbúningi og aðstöðu ríkisstj. Það hefur svo alltaf frá öndverðu verið stefna ríkisstj., og það á ekki aðeins við um iðnaðinn, heldur um aðrar atvinnugreinar, að hafa samráð við allar þessar atvinnugreinar um það áður en þær endanlegu ákvarðanir eru teknar. Og þetta hefur verið gert.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. vildi gera sérstakar ráðstafanir til verndar iðnaðarvöru, sem mér skildist, þó nokkuð óljóst sé talað, að ætti að felast í því að banna innflutning á vissum iðnaðarvörum, var naumast hægt öðruvísi að skilja. Það hefur ekki verið meginstefna stjórnarinnar að fara þá leið, heldur að gera aðrar ráðstafanir, semja svo um, að aðlögunin væri iðnaðinum hagkvæm varðandi tímalengd og einnig í sambandi við tollverndina, að í raun og veru mundi hún ekki minnka neitt á fyrsta fjögurra ára tímabilinu. Og loksins hafa svo verið gerðar aðrar ráðstafanir, sem eiga að koma iðnaðinum og þeim greinum þá væntanlega til stuðnings, sem verst standa í samkeppninni fyrst í stað við innflutta iðnaðarvöru, og til þess að efla íslenzkan útflutning og á ég þar m. a. við þá samninga, sem samkomulag hefur orðið um og birt hefur verið grg. um, um stofnun hins norræna iðnþróunarsjóðs, sem nú er ráðið til lykta og mundi, ef um aðild að EFTA yrði að ræða, koma til framkvæmda samtímis henni og með þeim hætti, að stofnfé sjóðsins, sem er 1230 millj. kr., þar af leggjum við um 45 millj. kr. fram, en Norðurlandaþjóðirnar hinar sem sagt meginupphæðina, að allt þetta stofnfé yrði borgað inn á fjórum árum, einmitt á þessum fjórum fyrstu árum aðildarinnar að EFTA og það mundi þýða það, að íslenzkur iðnaður fengi þar árlega til ráðstöfunar, bæði í lánsfé, auknu lánsfé, og einnig í beinni aðstoð og styrkjum, sem gert er ráð fyrir, 300 millj. kr. á ári til viðbótar við það, sem hann hefur. En þegar við höfum það í huga, að ráðstöfunarfé iðnlánasjóðsins okkar er nú 100 millj. kr. á ári, þá sjáum við í hendi okkar, hversu mikil blóðgjöf það getur verið íslenzkum iðnaði og hversu ríkt tækifæri gefst þarna einmitt til þess að styðja þann iðnað, sem á í og kemur til með að eiga í vök að verjast, og svo mun verða um ýmsar iðngreinar, bæði í samkeppni á innlendum markaði og svo til þess að lyfta nýjum íslenzkum iðngreinum til þess að afla sér markaða erlendis.

Það er spurt: Hvaða innlendur iðnaður getur átt sér möguleika til útflutnings? Þessu getur í raun og veru enginn svarað í dag. En við erum þó alltaf að heyra fréttir af því, að með eigin framtaki er alltaf verið að selja íslenzkar iðnaðarvörur, sem áður hafa ekki verið seldar á íslenzkum markaði, í sambandi við vörusýningar, sem byrjað var að halda á s. l. vetri, haldnar hafa verið í sumar og í haust og nýlega er lokið og samtök iðnaðarmanna og iðnaðardeildar samvinnufélaganna hafa staðið að og undir kannske höfuðforystu útflutningsskrifstofu Félags ísl. iðnrekenda, sem ríkisstj. hefur stutt með fjárframlögum, bæði í fyrra og nú á þessu ári.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri til að lengja ekki um of þessar umr. utan dagskrár. En mér fannst óhjákvæmilegt, að fram kæmi það, sem ég nú hef sagt, til þess að ekki sé verið að rekja vandræðin til erfiðleika, sem stafa af einhverjum sökum, sem staðreyndir segja, að séu ekki fyrir hendi.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að taka þátt í þeim almennu umr., sem hér hafa farið af stað um efnahagsmál, fara að deila um það, hvað gerzt hefur í þróun íslenzka iðnaðarins á undanförnum árum, hvort þetta eða hitt tímabilið hefur þar komið hagstæðar út. Það var engan veginn ætlun mín, að hér yrðu almennar umr. um efnahagsmál. Mér var ljóst, að slíkt var varla hægt að gera hér utan dagskrár á þessum fundi, enda ætla ég að slíkar umr. geti orðið hér á Alþ. áður en langt um líður.

Það, sem ég tel að hér skipti mestu máli, er, að það sé viðurkennt, að veruleg hætta er á því, að um atvinnuleysi geti orðið að ræða í vetur, ef ekki er brugðið skjótt við til úrbóta. Mér fannst á því, sem kom fram hér hjá hæstv. forsrh., að hann tæki undir þetta, og ég fagna því fyrir mitt leyti, að hann hefur lýst því hér yfir, að hann vildi, að samstarf yrði tekið upp á milli ríkisstj. annars vegar og Alþ. hins vegar um það, hvað í þessum málum skyldi gert. Ég tel þessa yfirlýsingu hans mjög jákvæða, en vænti jafnframt, að hann beiti sér fyrir því, að þessu samstarfi verði nú komið á til þess að hægt sé að fá eins

mikla samstöðu um það, sem gera þarf í þessum efnum, og kostur er á og það geti gengið eins hratt fyrir sig og mögulegt er. En ég er hins vegar á því, að hæstv. forsrh. þurfi enn að endurskoða nokkuð í sambandi við það, sem kom fram í hans ræðu, mat hans á samstarfinu við verkalýðshreyfinguna, sem nú er. Það er mín skoðun, að það samstarf sé allsendis ófullnægjandi. Það er að vísu um nokkurt samstarf að ræða við verkalýðshreyfinguna í atvinnumálanefndunum og í atvinnumálanefnd ríkisins, en hvort tveggja er nú, að ég hygg, að atvinnumálanefnd ríkisins hafi þegar úthlutað svo að segja öllu því fjármagni, sem hún hafði yfir að ráða, eða hartnær 300 millj. kr., eða gefið loforð um, hvernig þessu fé yrði ráðstafað, svo að það virðist nú vera, að beint starf þeirrar n., a. m. k. innan þess ramma, sem þegar hefur verið lagður, takmarkist. En það er auðvitað enginn vafi á því, að hér þarf að gera miklu meira en hægt er að gera innan þess ramma, sem áður hafði verið settur um störf þessarar n. Ég held líka, að hæstv. forsrh. þurfi að átta sig á því, að samstarfið við forustumenn sveitarfélaganna er engan veginn nægilega mikið. Í atvinnumálanefndunum eiga sveitarstjórnirnar enga beina fulltrúa, þó að þar sé um að ræða einhverja þýðingarmestu aðilana að vinnumarkaðinum, ekki sízt þegar á reynir á atvinnuleysistímum. Og þó að hinar einstöku tillögugefandi atvinnumálanefndir úti á landi geti haft samráð við sveitarstjórnarmenn, þá er enginn vafi á því, að það samráð hefur ekki verið á því stigi, sem það þyrfti að vera. Og það þarf að bæta úr þessu, m. a. með því að hafa miklu nánara samstarf við sveitarstjórnarmenn um það, hvað hægt er að gera til úrbóta í atvinnumálum.

Það hefur verið sagt, að vandinn í þessum atvinnumálum nú sé mestur hér á höfuðborgarsvæðinu og gjarnan á Akureyri og Siglufirði. Og ég efast ekkert um það, að vandinn á þessum svæðum er býsna mikill og kannske langmestur. En ég vil vekja athygli á því, að það er enginn vafi á, að það er einnig verulegur vandi á höndum víða í minni kaupstöðum landsins og sjávarþorpum, þó að þar hafi verið á tímabili næg atvinna, meðan sjósókn var í fullum gangi, fiskveiðarnar gengu vel. Þar sem menn stunda jafnmikið bein framleiðslustörf, þá er enginn vafi á því, að um leið og þarna verður nokkur breyting á, sem oft vill verða á haustin og veturna, þá er líka komið mikið atvinnuleysi í þessum þorpum, af því að það hefur dregið stórlega úr framkvæmdum annarra aðila en þeirra, sem beinlínis vinna að framleiðslustörfum, svo að það þarf vitanlega að huga að þeirra málum líka í þessum efnum.

Ég skal svo ekki lengja þessar umr. fyrir mitt leyti meir að þessu sinni. Ég endurtek aðeins ánægju mína yfir þeim undirtektum hæstv. forsrh. um það, að hann vilji, að tekið verði hér upp samstarf við alla þm. um það, hvað gert skuli í þessum málum, og ég vil vænta þess, að hafður verði hraði á í þessum efnum, að menn standi ekki öllu lengur og velti vandamálinu fyrir sér, heldur athugi málið og setji það í n. Tíminn hefur hlaupið þannig frá okkur, að nú þarf að efna til framkvæmda, sem auka atvinnu í vetur a. m. k., ef á að afstýra atvinnuleysi. Hitt er svo auðvitað augljóst mál, að skyndiráðstafanir til að leysa atvinnumálin í vetur leysa ekki þann meginvanda, sem hér er við að glíma. Hann stafar af því að mínum dómi, að undirstöður okkar atvinnulífs eru ekki nægilega sterkar til þess að halda uppi öllu því, sem á undirstöðurnar hefur verið lagt, og í þeim efnum þarf að breyta um stefnu í verulegum atriðum. En nú skiptir mestu máli að koma sér saman um skyndiráðstafanir til að koma í veg fyrir atvinnuleysið í vetur.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Verkalýðshreyfingin hefur verið mjög uggandi um atvinnuástandið, litið það alvarlegum augum, eins og það hefur verið á undanförnum mánuðum og eins og útlit er fyrir, að það muni verða á komandi mánuðum, nema alveg sérstakt komi til. Af þessum ástæðum hafa verkalýðsfélögin víða um land tekið þessi mál nú til sérstakrar athugunar, hafa gert í vetur hér í Reykjavík nú síðla sumars, og settar hafa verið fram ýmsar kröfur til úrbóta, sem allar voru þó þess eðlis að bæta úr ástandinu eins og það þá var og eins og hugsanlegt var, að það yrði á næstu vikum og mánuðum. Hins vegar voru ekki í þeim till., á því stigi málsins, hugmyndir um varanlegar úrbætur í þessum málum, sem tækju lengra fram í tímann, en það er auðvitað höfuðatriðið. Þessar till. munu sjá dagsins ljós áður en langt um líður. Félögin hafa verið að vinna að þeim málum og munu skila þeim innan tíðar.

Með þessar till. var farið á fund ríkisstj. og þeirra stjórnarherra sveitarfélaga, sem hér eiga hlut að máli á hinu svokallaða höfuðborgarsvæði. Það verður að segjast, að þessir opinberu aðilar, bæði ríkisstj. og stjórnir þessara sveitarfélaga, tóku málaleitan verkalýðshreyfingarinnar vel og málin voru rædd að ýmsu leyti mjög ýtarlega og hreinskilnislega við a. m. k. nokkra af þessum aðilum, og sveitarfélögin töldu, að við hefðum haft sérlega gott af slíkum umr. Kom þar margt fram, sem betur mátti gera, nýjar hugmyndir vöknuðu og ég held einnig ekki sízt möguleiki á nánara samstarfi sveitarfélaga á þessu takmarkaða svæði einmitt að þessum málum.

Ég ætla ekki að fara að rekja hér það, sem verkalýðshreyfingin setti fram í kröfum sínum, og ekki heldur í einstökum atriðum undirtektir aðila. En það er hvergi nærri allt, sem við bárum á borð, sem hefur fengið þær málalyktir, sem við teljum æskilegar. Það er ýmislegt, sem menn eru ekki sammála um, og þyrfti áreiðanlega að taka betur á, ef á að gerast eitthvað jákvætt í þeim efnum. Ég ætla ekki hér heldur að verða margorður um orsakir atvinnuleysis. Menn eru víst ekki mjög sammála um, hverjar þær séu, og ég ætla ekki að vekja upp þær deilur. En frá mínum bæjardyrum horfir málið nú einfaldlega þannig við, a. m. k. hér í Reykjavík og nágrenni, þar sem ég er kunnugastur, að undirstöðuatvinnuvegirnir hafa dregizt saman og þegar eitthvað bjátar á, er alveg vonlaust, að sú mikla yfirbygging í alls konar þjónustustarfsemi og hverju og einu, sem nöfnum tjáir að nefna og byggt er á þessari undirstöðu, beri sig. Þegar á bjátar, stendur þessi yfirbygging að sjálfsögðu ekki fyrir neinu, ef sjálf undirstaðan hefur látið sig. Það hafa oft verið nefndar hér tölur og ég ætla ekki út af fyrir sig að fara með mikið af þeim. En hér í Reykjavík er ekki neinn efi á því, að það er togaraútgerðin, sem hefur verið undirstaða að uppbyggingu annars atvinnurekstrar hér í borg og staðið undir upp-

byggingu Reykjavíkurborgar. Þessi skip, togararnir, þessi afkastamiklu skip, eru nú orðin býsna fá. Þeim hefur fækkað um 10 nú á nokkrum árum, og þau eru komin niður í 13. Þetta er náttúrlega afleit þróun og hlýtur að segja til sín. Hér í nágrannabyggð okkar, Hafnarfirði, er þetta þó enn þá lakara. Þar hefur togurum á nokkrum árum fækkað úr 10 niður í 3 og í bátaflotanum hefur fækkað þar ískyggilega mikið. 1967 voru 38 bátar, sem gerðir voru út frá Hafnarfirði, annaðhvort í eigu Hafnfirðinga eða lögðu þar upp. Á síðustu vertíð voru þeir 12. Að sjálfsögðu segir þetta mikla sögu, og þó að annað hafi komið til og bjargað þessu byggðarlagi, Hafnarfirði, sérstaklega, þá náttúrlega geta allir séð, hvert ástand hefði verið, ef það hefði ekki komið til.

Í byggingarmálunum er ástandið hvað lakast, atvinnuleysið mest. Það er talið, að á árunum 1963–1967 hafi að meðaltali verið byrjað á röskleg 800 íbúðum, 830 íbúðum árlega að meðaltali. Í fyrra og á árinu 1968 og þessu ári fer þetta niður í 350, og á sama tíma hefur dregizt mjög saman byggingarstarfsemi við ýmiss konar aðrar byggingar en íbúðir, m. a. margs konar verzlunar- og skrifstofuhúsnæði, þannig að atvinna í byggingariðnaðinum stendur núna ákaflega völtum fótum, ef svo mætti segja. Sú ráðstöfun, sem ríkisstj. hefur nú gert í lánamálum til húsnæðisbygginga, hefur áreiðanlega sín áhrif til að bæta úr þessu. En það vil ég undirstrika, að ef markaðsmöguleikar, þ. e. a. s. sala á íbúðum eða íbúðir, sem einstaklingar byrja á, á svo að segja einvörðungu að ráða í þessum efnum, ráða því, hvað byggt verður, þá er ekki nokkur efi á því, að eins og nú horfir verður byggingarstarfsemin miklu minni, enda þótt mönnum standi til boða þau lán, sem húsnæðismálakerfið hefur látið af hendi til íbúðabygginga, einvörðungu vegna þess, að kaupmátturinn, kaupgeta almennings er nú í því lágmarki, að það er engin von til, að almennir launþegar geti sinnt þessum málum eins og nú standa sakir. Og ég vil undirstrika það, að einmitt hve lágur kaupmátturinn er orðinn, hve kaupið er orðið lágt, á áreiðanlega mjög ríkan þátt í því atvinnuleysi, sem nú er, og það held ég, að mönnum bæri að íhuga alvarlega, einvörðungu vegna þess, að einmitt í margs konar þjónustugreinum og öðru líku, sem byggist á kaupmætti almennings, þar hlýtur samdrátturinn að verða, þegar kaupið fer jafnískyggilega niður og það hefur gert.

Þarna er áreiðanlega iðnaðurinn stórt atriði. Ég ætla ekki að fara að orðlengja um hann núna og ekki heldur að deila við hæstv. iðnmrh. um það, hvernig ástand iðnaðarins sé. En ákaflega finnst mér það sanna lítið, þó að fjármunamyndun í iðnaði hafi verið helmingi meiri, eins og fullyrt var hér áðan, á árunum 1961-1967, held ég að það hafi verið, en næsta 6 ára tímabil á undan. Og mér er nær að halda, að það hefði verið þjóðhagslega betra, ef fjármunamyndunin í iðnaðinum hefði ekki orðið jafnmikil á þessu tímabili með þeirri efnahagspólitík að öðru leyti í innflutningsmálum o. s. frv., sem rekin var, vegna þess að ýmislegt af þessu, þeim fjármunum, sem þarna hafa verið bundnir, liggur í vélum, sem aldrei voru notaðar, aldrei var neitt framleitt með, liggja í húsnæði, sem aldrei var notað sem iðnaðarhúsnæði. Ég er ekki að segja, að þessu sé að öllu leyti á glæ kastað. Það er út af fyrir sig gott að fá skautahöll hér í Reykjavík. En sennilega er það fært á reikning þessarar fjármunamyndunar, sem hér var áðan talað um.

Atvinnuleysið hér í Reykjavík hefur verið ískyggilega mikið og alla sumarmánuðina hafa verið hér hundruð manna skráðir atvinnulausir. Það er rétt, sem hér hefur verið fram tekið, að það virðast vera tvö landssvæði, sem verst eru úti hvað snertir atvinnuleysið, þ. e. Reykjavíkursvæðið og Akureyrarsvæðið, eða Akureyri og Siglufjörður nánar tiltekið. Það hefur nokkuð dregið úr atvinnuleysi hér í Reykjavík og það eru nú í dag eða skv. tölum frá í gær skráðir 348 hér í Reykjavík. Þetta er lægsta skráða tala, sem orðið hefur á þessu ári, og út af fyrir sig er það fagnaðarefni. Ég held, að það séu frómt frá sagt þrjár höfuðástæður fyrir því, að þetta hefur nú farið minnkandi. Það er í fyrsta lagi, að skólafólkið er horfið af vinnumarkaðinum, og munar það ákaflega miklu. Í öðru lagi er það að segja, að októbermánuður – það er okkar reynsla hér um slóðir – er venjulega, nema eitthvað alveg sérstakt gerist, illviðri eða slíkt, einn allra bezti atvinnumánuður ársins hér í Reykjavík. Það á sennilega orsakir sínar ekki minnst í því, að menn eru þá gjarnan að leggja áherzlu á að ljúka verkum fyrir veturinn. Í þriðja lagi er enginn efi á því, að sú barátta, sem verkalýðshreyfingin í Reykjavík háði í septembermánuði, og þær undirtektir, sem kröfur hennar fengu hjá opinberum aðilum, hafa hér haft æðimikil áhrif, ekki fyrst og fremst vegna þess, að það sé þegar komin í gang svo og svo mikil vinna sem bein afleiðing af beinum ráðstöfunum, heldur hitt, að mönnum óx kjarkur hreinlega, mönnum óx kjarkur og bjartsýni, og það er ekki hvað minnsta atriðið í þessum efnum. En það getur náttúrlega ekki orðið neitt varanlegt nema á eftir fylgi beinar ráðstafanir, sem komi til móts við bjartsýni manna.

Þó að nú hafi dregið hér úr atvinnuleysi í Reykjavík, – það eru í gær skráðir hér 348, – þá vil ég minna á, að það er röskum 300 mönnum fleira en skráðir voru á sama degi í fyrra. Þá voru hér aðeins 45 manns skráðir. Þá fór atvinnuástandið ákaflega ört versnandi, þannig að sú tala var komin á annað hundrað 1. nóv. og hún var komin yfir 300 1. des. Nú er ég engan veginn að spá því, að þróunin verði hin sama og við gætum margfaldað töluna, skráða tölu núna, 350, með sama hætti og þetta margfaldaðist í fyrra. Það held ég, að sem betur fer verði ekki. En engu að síður er það sannfæring mín, að þessi tala hækkar verulega, þegar fram í nóvembermánuð kemur, og síðan enn meira um áramótin, svo framarlega sem ekki verður beinlínis séð til þess, að þau verk, sem nú eru í gangi og geta gengið áfram í vetur, verði látin ganga og ný sett í gang. Þetta eru að sjálfsögðu einvörðungu bráðabirgðaráðstafanir til þess að draga úr því neyðarástandi, sem atvinnuleysi skapar mönnum, en höfuðatriðið er að sjálfsögðu, að undirstöðuatvinnuvegirnir verði styrktir, svo að þeir standi undir fullri atvinnu hér í landi. Og ég held, að það geti ekki farið á milli mála, að þegar atvinnuástand er eins og nú er hljóti það að verða eitt af höfuðverkefnum Alþ. að sjá til þess, að mörkuð verði sú stefna í efnahagsmálum, sem tryggi vöxt undirstöðuatvinnuveganna og fullar framkvæmdir og auknar framkvæmdir

hins opinbera, meðan atvinnuástandið er eins slæmt eins og það nú er.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Okkur er áreiðanlega öllum, sem hér erum, og sennilega öllum Íslendingum, í fersku minni sá dimmi skuggi, sem lagðist yfir land og þjóð á s. l. vetri í almennu atvinnuleysi. Það var að vísu, þegar það ástand hafði skapazt og í rauninni of seint, sem verkalýðshreyfingin hóf samningaviðræður við ríkisstj. um að leggja fram fjármagnsfúlgu, ekki minna en 300 millj. kr., til þess að aðstoða atvinnulífið í bráðustu neyð til þess að reyna að draga úr því atvinnuleysi, sem hafði skapazt. Þessir samningar tókust, eins og kunnugt er, og mér er ekki kunnugt um annað en samstarf við atvinnumálanefnd ríkisins hafi fyrir löngu leitt í ljós, að atvinnulífið þurfti á þessari upphæð að halda og miklu meira fé og því hafi verið öllu saman ráðstafað og þó nokkrum tugum millj. umfram það, ekki minna en 340 millj. kr. Til þess að leggja hönd á plóginn um þetta stóra verkefni, að reyna að draga úr atvinnuleysinu á s. l. vetri, lögðu auðvitað bæði atvinnuleysistryggingarnar og atvinnujöfnunarsjóður fram mikið fé til þess að reyna að ráða við vandann, sem þó ekki tókst. Vitanlega var miklu bjargað, en þetta tókst þó ekki. Það stærsta, sem gerðist í þessu, var náttúrlega, að með bráðabirgðaráðstöfunum var útgerðinni, sem víða var stöðvuð, komið í gang og fiskiðnaðarfyrirtækjum hjálpað til þess að komast í rekstur á ný, því að þau voru víða stöðvuð líka, holskefla atvinnuleysisins var ekki hvað sízt af þeim rótum runnin á s. l. vetri, að útgerð og fiskiðnaður höfðu lamazt.

Það má hins vegar segja, að þær blikur, sem eru á lofti um atvinnuleysi á komanda vetri, eru að verulegu leyti nokkuð annars eðlis. Það má segja um þann ávinning af gengislækkuninni, sem útgerð og fiskiðnaður auðvitað hlutu að fá, að ef þessar atvinnugreinar hefðu ekki fengið ávinning af henni, þá hefði hún verið tilgangslaus. Hækkandi verðlag á sjávarafurðum á erlendum mörkuðum, allgóð aflabrögð að öllu öðru leyti en að því er snertir síldina og mikil aðstoð, sem veitt var, hafa gert það að verkum, að sjávarútvegurinn og fiskiðnaðurinn býr nú við allt aðra aðstöðu heldur en um þetta leyti í fyrra. Hið almenna atvinnuleysi í hverjum kaupstað og nálega hverju sjávarþorpi á Íslandi á haustnóttum í fyrra stafaði af því, að sjávarútvegurinn og fiskiðnaðurinn voru hvorir tveggja lamaðir, en núna er sem betur fer árferðið þannig, að aðstaðan mjög víða í útgerðarbæjum og útgerðarkauptúnum er á allt annan veg. Atvinnulífið hefur vaxið og er rekið nú, að því er þessar atvinnugreinar snertir, víðast hvar af fullum þrótti. En þó eru nokkrir staðir, sem byggja almennt atvinnu á sjávarútvegi og fiskiðnaði, sem eru enn þá lamaðir, en þeir eru sem betur fer miklu færri en í fyrra. Og hvaða staðir eru það? Það eru þeir staðir, þar sem atvinnufyrirtækin, útgerðin og hraðfrystihúsin, voru sokkin svo djúpt í skuldafen, að bráðabirgðaaðgerðirnar frá í fyrra dugðu ekki. Þessi fyrirtæki eru enn lömuð, svo lömuð að þess eru dæmi, að það hefur orðið að ráðstafa útgerðinni frá þessum allmyndarlegu útgerðarkauptúnum á aðra staði, á aðra landshluta, til þess að þeir fengju útgerðarnauðsynjar, olíur og veiðarfæri. Í heimahöfn sinni gátu þeir ekki fengið það, vegna þess að allt var þar komið í strand vegna skuldasúpunnar og lánin, sem veitt eru, duga með naumindum fyrir hráefnum og vinnulaunum, ef ekki þarf að taka af þeim lánum til þess að bera byrðar skuldasúpunnar, sem safnazt hefur fyrir. En það hefur útgerðin á þessum stöðum orðið að gera. Og ég álít, að það verði að gefa því alveg sérstakan gaum, úr því að það var ekki gert í fyrra, að taka þessi hraðfrystihús og útgerðarfyrirtæki, sem enn þá eru í þrotum þrátt fyrir hið góða árferði og miklu aðstoð, að taka þau til skuldaskila eða a. m. k. að knýja bankana til þess að taka þessar gömlu skuldir úr umferð og létta þannig af þeim byrðinni a. m. k. í bili og í haust endanlega með skuldaskilum. Að öðrum kosti verður sífellt basl og bágindi við að halda atvinnulífinu gangandi á þessum stöðum, þar sem svona var komið. Ég held, að sem betur fer séu þessir staðir ekki mjög margir, en það er þó ískyggilegt ástand þar sem svona var komið.

Það var sagt hér áðan og það er rétt, að atvinnuhorfurnar eru ískyggilegastar nú á Reykjavíkursvæðinu og Akureyrarsvæðinu eða Mið-Norðurlandssvæðinu. Mér virðist þetta gefa vísbendingu um það, hvar veikleikinn er í undirstöðu atvinnulífsins. Það er í iðnaðinum. Það er alveg greinilegt. Þar þarf að rétta hjálpandi hönd, ef iðnaðurinn á að geta veitt fleira fólki vinnu. Það hefur orðið samdráttur frá því sem áður var, og sá samdráttur iðnaðarins veldur atvinnuleysi á Reykjavíkursvæði og Akureyrarsvæði. Ég veit, að það hefur verið rétt verulega hjálpandi hönd iðnaðaraðstöðunni á Akureyri t. d. og einnig hér í Reykjavík með starfi atvinnumálanefndar ríkisins, en það virðist ekki vera nóg.

Ég held, að iðnaðurinn hafi orðið fyrir áfalli af gengislækkuninni, sérstaklega iðnaðurinn, sem byggir á innfluttu hráefni. Hann varð að fá aukið fjármagn jafnframt því sem gengislækkunin var gerð, ef allur hráefnislager, sem úrvinnslan byggist á, átti ekki að dragast saman. Þessari aðstoð var lofað. Það mun vera sagt nú, að það sé búið að veita iðnaðinum fullnægingu þess loforðs, en ég álít, að þetta hafi komið svo bagalega seint, að samdrátturinn í iðnaðinum hélt áfram um margra mánaða skeið og það sé áreiðanlega að nokkru leyti orsök þess, að vonir manna um að útrýma atvinnuleysi s. l. sumar brugðust. Menn létu sig áreiðanlega dreyma um það á útmánuðum í fyrravetur, að þetta væri vetrarplága, sem mundi linna með vori, en við urðum fyrir þeim vonbrigðum, að atvinnuleysið hvarf ekki með öllu yfir sumarmánuðina, og það er það ískyggilega. Ég held, að það sé því, þó horfurnar séu allískyggilegar að því er snertir Reykjavíkursvæðið og Akureyrarsvæðið og nokkra staði aðra á landinu, að því er atvinnuhorfur snertir nú, þá sé vandamálið nú viðráðanlegra heldur en það var á haustnóttum í fyrra, ef það er tekið réttum tökum og réttir aðilar gera sér grein fyrir því, hvers eðlis samdrátturinn í atvinnulífinu er, orsakirnar til þess, að menn óttast atvinnuleysið. En það má vitanlega ekki dragast að gera sér þess fulla grein og láta aðstoð berast án tafar.

Það var fyrir miðjan september, sem miðstjórn Alþýðusambands Íslands tók að ræða atvinnuástandið og atvinnuhorfurnar, og þá var um tvennt að velja: að kjósa n. til þess að flytja þau mál og draga upp þá mynd,

sem við okkur blasti í þessum efnum, og ræða um það við ríkisstj., en það varð einróma álit miðstjórnarinnar, *að rétt væri að halda sig á þeim vettvangi, sem skapaður hafði verið varðandi atvinnuleysismálin á s. l. hausti*, og fela fulltrúum Alþýðusambandsins í atvinnumálanefnd ríkisins að flytja þessi mál við ríkisstj., enda mundu þangað berast allar till. um úrræði til úrbóta í þessum efnum frá verkalýðsfélögunum. Það var nokkru síðar, sem mörg verkalýðsfélög í Reykjavík héldu ráðstefnu og skiluðu till. sínum, sem einnig fóru til ríkisstj. og þannig einnig til úrvinnslu og álita í atvinnumálanefnd ríkisins tvímælalaust. Fyrir nokkru er svo lokið þingi Alþýðusambands Norðurlands og þar hafa verið samþ. mjög gagngerar og ýtarlegar till. til úrbóta í atvinnumálum á Norðurlandssvæðinu og tel ég og þykist mega ganga út frá því sem gefnu og vísu, að ríkisstj. og atvinnumálanefnd ríkisins hljóti að líta á allar þessar ábendingar um úrræði frá verkalýðsfélögunum í Reykjavík og verkalýðsfélögum Norðurlands og úr öllum þeim stöðum, þar sem ályktanir hafa verið gerðar um atvinnumálin. Ég er alveg viss um það, að till., sem koma frá því fólki, sem finnur hvar skórinn kreppir að, eru þær till., sem helzt er líklegt að verði til úrbóta, og allra úrræða verður að leita. Og ég treysti því, að svo verði gert til þess að framkvæma þær till., sem helzt mættu verða til þess að bæta úr atvinnuástandinu a. m. k. í bráð.

Ég er alveg sammála því, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. e., að á atvinnuleysistímum eru það tveir aðilar, sem fyrst og fremst eiga umfram allt að láta hendur standa fram úr ermum í atvinnumálum. Það er ríkisvaldið og sveitarfélögin, hið opinbera. Þessir aðilar eiga að draga nokkuð úr framkvæmdum, þegar mestur þrýstingur er á almennum vinnumarkaði, en þeir eiga líka að rísa undir þeirri skyldu og herða á og auka opinberar framkvæmdir, þegar einkaframtakið lamast að einhverju leyti og úr þrýstingi dregur og atvinnuleysi *jafnvel skapast á hinum almenna vinnumarkaði*. Þá eiga ríki og sveitarfélög að vera sá jöfnunaraðili í atvinnulífinu, sem ekki má bregðast eða bila.

Ég skal ekki taka þátt í að skaða neitt þann loftkastala, sem hæstv. iðnmrh. dró hér upp um gullöld, sem væri í vændum, þegar við værum komnir í EFTA, að því er snerti iðnaðinn, sem byggður yrði þá upp með myndarlegum norrænum iðnlánasjóði, gulli, sem flyti hér inn yfir landsins strendur. Ég álít það vera fjarlæga músík í sambandi við þessi alvarlegu mál komandi vikna og mánaða, atvinnuleysið í vetur, og ræði það ekki. En ég vil undirstrika það og ljúka máli mínu með því að segja: Við getum ekki verið ánægð með það, þó að eitthvað dragi úr atvinnuleysi. Það má helzt engin íslenzk hönd vera iðjulaus. Íslenzka þjóðfélagið þarf á því að halda, að öllum vinnandi mönnum, sem vilja vinna, sé skapað verkefni, arðgefandi verkefni, og það á að vera hægt, ef allra hugur stefnir að því og allar hendur eru lagðar að því verki. Ekkert atvinnuleysi á Íslandi er það eina, sem við getum auðvitað sætt okkur við. Ég álít, þó að við horfum fram á uggvænlegt ástand í atvinnumálum hér á Reykjavíkursvæðinu í vetur og á Akureyrarsvæðinu líka, þá sé þetta annars eðlis heldur en sá sorti, sem við horfðum í í fyrra, og ég álít, að þetta sé viðráðanlegra, það sé takmarkaðra, af því að sjávarútvegur og iðnaður eru í heild núna margfalt betur á vegi staddir heldur en fyrir ári fyrir hinar opinberu aðgerðir að mörgu leyti. Ef ekkert er að gert, þá er það skoðun mín, að atvinnuleysið í Reykjavík yfir vetrarmánuðina verði uggvænlegt, – það hafa hækkað ört atvinnuleysingjatölurnar hér í Reykjavík, – ef aðgerðir koma ekki til til þess að snúa þróuninni við, og þær þurfa að koma fljótt, því það er reynsla, að þegar atvinnuleysi er skollið á, líður alllangur tími, þó að aðgerðir séu settar í gang, þangað til atvinnuleysisbylgjan lækkar sig á ný. Það er betra hér eins og á flestum öðrum sviðum að fyrirbyggja heldur en að lækna meinið, þegar það er orðið sollið.

Ég held, að atvinnumálanefnd ríkisins og allar þær till., sem komið hafa frá verkalýðshreyfingunni, séu ærinn efniviður til þess að vinna úr, og það er ég sannfærður um, að það verður með einhverju móti að útvega aukið fjármagn til þess að verða við þeim till., sem þar mættu helzt að gagni verða. 300 millj., sem lofað var í fyrra og voru að vísu miðaðar við tveggja ára tímabil, eru búnar, það er staðreynd, og þarna verður með einhverjum hætti að útvega meira fjármagn til þess að afstýra atvinnuleysinu á þeim stöðum, sem þó eru miklu færri en í fyrra, sem nú þarf að gefa gaum að til þess að afstýra þar voðanum. Ég tel því, að það sé ágætt, að þingflokkarnir leggi þunga sinn á þetta mál, og ég vil leyfa mér að vona, að hæstv. ríkisstj. liggi ekki á liði sínu í því að reyna að koma í veg fyrir atvinnuleysi á komandi vetri. Ég held, að horfur séu þannig, að það megi með góðum vilja og samstilltu afli þingflokka, verkalýðshreyfingar og ríkisstj. leysa þennan vanda.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því, sem hæstv. iðnmrh. sagði áðan.

Ég vék í ræðu minni að iðnaðinum, af því að ég taldi hann svo þýðingarmikinn í sambandi við atvinnumálin, vegna þess, að það er öllum ljóst, að iðnaðurinn verður að taka við miklu af þeirri mannfjölgun, sem kemur á vinnumarkaðinn. Þess vegna er það auðvitað stórskaðlegt, ef samdráttur á sér stað þar. Þvert á móti þarf framvindan að vera sú á því sviði, að þar eigi sér stöðugur vöxtur stað. Þetta vildi ég taka fram, og þess vegna minntist ég á iðnaðinn, en ekki af því að ég vildi sérstaklega fara að deila á hæstv. iðnmrh. í þessu sambandi. Skiljanlegt er auðvitað, að hann sé viðkvæmur fyrir þessum málaþætti, þar sem hann hefur veitt honum forstöðu um skeið.

Það er auðvitað svo, eins og þegar hefur verið sagt hér og sýnt fram á af öðrum ræðumanni, að tölur þær, sem hæstv. ráðh. fór með um fjármunamyndun í iðnaði og ég út af fyrir sig efast ekki um að séu réttar, sýna ekkert um það, hvort það hefur fækkað eða fjölgað þeim mönnum, sem hafa unnið við iðngreinarnar. En um þessar tölur ætla ég ekkert að fara að deila frekar við hæstv. ráðh. Ég sagði ekki annað en það, sem ég hélt vera staðreyndir, sem svo að segja hvert mannsbarn í landinu þekkti. Ég vona, að þær staðreyndir hafi ekki með öllu farið fram hjá hæstv. iðnmrh. Ég vona, að það hafi ekki farið fram hjá honum, að iðnaðarmenn hafa svo að á hundruðum leikur horfið til útlanda í atvinnuleit. Væntanlega mundu þeir ekki hafa farið á þann erlenda vinnumarkað, ef hér hefði verið næg at-

vinna fyrir þá. Ég veit ekki betur en að þeim iðnaðarmönnum hafi fækkað stórlega, sem hafa haft atvinnu af byggingariðnaði. Ég hygg, að það sé alkunn staðreynd. Ég veit ekki betur en að hjá ýmsum fyrirtækjum, sem hafa verið myndarleg iðnfyrirtæki, t. d. hér í Reykjavík, hafi orðið verulegur samdráttur og fækkun manna, sem þar hafa unnið að undanförnu. Og ég efast ekki um, að hæstv. iðnmrh. á mjög auðvelt með að kynna sér, hver þau fyrirtæki eru. Það mætti sjálfsagt nefna t. d. eins og járniðnaðinn og vélsmiðjurnar, og það mætti nefna mörg fleiri iðnaðarfyrirtæki, þar sem verulegur samdráttur hefur orðið, og því miður svo verulegur samdráttur, að sum fyrirtæki, án þess að ég ætli að fara að nafngreina þau hér, hafa beinlínis orðið að loka og hætta sinni starfsemi. Ég efast ekki um, að hæstv. iðnmrh. er kunnugt um nokkur slík fyrirtæki, þannig að ég held, að það sé sízt ofmælt, sem ég sagði, að samdráttur hefði orðið í iðnaði að því leyti til, að mörg iðnfyrirtæki hefðu orðið að rifa seglin og draga úr starfsemi sinni og fækka starfsmönnum sínum. Hitt er sjálfsagt aftur á móti svo, að það hafa komið til sögunnar einhver ný iðnfyrirtæki, og það hefur sem betur fer gengið misjafnlega hjá iðnfyrirtækjum og sum iðnfyrirtæki hafa eitthvað lagað aðstöðu sína einmitt nú á þessu ári.

Ég hygg, að þessar staðreyndir, sem ég hef hér bent á og ég gæti talið hér miklu fleiri fram, sýni það ótvírætt, að fram hjá því verður ekki gengið, að það hefur orðið samdráttur í iðnaðinum og það vandamál, sem nú er við að glíma, á a. m. k. að talsverðu leyti rætur að rekja til þess.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Mér skilst, að það sé samkomulag allra um að fara hér ekki langt inn á almennar efnahagsumr. vegna þess að til þess þurfi aðra skipan mála heldur en þær umr. utan dagskrár, sem hér voru teknar upp og samkomulag var um að hafa varðandi ráðstafanir gegn því atvinnuleysi, sem menn ugga eða óttast að kunni að fara vaxandi, þegar fram á veturinn kemur. Og sá ótti býr í allra hugum, en við erum allir fúsir til þess og viljum okkar fram leggja að reyna að koma í veg fyrir það eftir því sem geta okkar stendur til.

Nú er það að vísu svo, að menn hafa vitnað hér í tölur varðandi ástand fyrr og síðar, en það er nauðsynlegt, að menn hafi það í huga, – ég er ekki að gera lítið úr þeim erfiðleikum, sem nú eru hjá ýmsum, en engu að síður er nauðsynlegt, að menn hafi það í huga, að tölur nú og fyrr eru ekki að öllu leyti sambærilegar þegar af því, að það er vitað mál, að ekki einungis hér í Reykjavík, heldur víðs vegar um landið sinna menn skráningu nú miklu betur og meira en áður, bæði vegna þess, að mönnum er ljóst, að atvinnuleysishætta er meiri, og af því að verkalýðsfélögin hófu á s. l. vetri beina hvatningu til meðlima sinna um að láta skrá sig, sem engan veginn var óeðlilegt að þau gerðu, og eins að bætur eru verulega hærri en þær voru áður. Þess vegna verður að játa, að tölur nú samanborið við fyrri ár eru nokkurs annars eðlis, og þó að þær séu hærri, er ekki þar með sagt, að atvinnuleysið sé þeim mun meira. Þetta vitum við allir, og ég vona, að við játum það einnig í umr. hér opinberlega eins og menn játa það í viðræðum sín á milli.

Eins er það vitað, að töluvert af því fólki, sem nú lætur skrá sig atvinnulaust, á í nokkrum örðugleikum með að sinna almennri vinnu. Þetta kemur glögglega fram af þeim skýrslum, sem um þetta hafa verið samdar, og ég held, að það gæti verið fróðlegt fyrir þingflokkana að fá ýtarlega skýrslu um sundurgreiningu á orsökum atvinnuleysisins eða í hverju það lýsir sér, réttara sagt, sem lögð var fram á fundi atvinnumálanefndar ríkisins í gær. Allar slíkar skýrslur eru auðvitað tölur, sem menn geta lagt misjafnlega mikið upp úr, en menn játuðu þó, a. m. k. hvað sem skýringunum leið, að tölurnar sjálfar væru mjög fróðlegar. Og ég hygg, að það væri rétt að gera ráðstafanir til þess, að þetta plagg yrði fjölritað, svo að a. m. k. þingflokkar gætu fengið svo mörg eintök sem hver um sig óskar eftir, hvort sem hver þm. kærir sig um það eða ekki, til athugunar á málinu. En við skulum hafa það alveg í huga og játa, sem liggur alveg ljóst fyrir, að tölurnar nú og fyrr eru ekki með öllu sambærilegar.

Þá er auðvitað það, sem hér kemur réttilega fram, að mestu máli skiptir auðvitað, að atvinnureksturinn í landinu í heild sé blómlegur. Þetta kom glögglega fram hjá hv. 9. þm. Reykv., þar sem hann benti á, að þær almennu ráðstafanir, sem voru gerðar til aðstoðar sjávarútveginum, ásamt annarri þróun þar, hafa orðið til þess að létta af okkur mesta vandanum. Það er óumdeilanlegt. Þess vegna er vandamálið nú allt annars eðlis og miklu auðleystara heldur en það var á s. l. vetri, meðan sjálfur höfuðvandi atvinnulífsins var óleystur.

Ég tek undir það, að vandinn er svo miklu takmarkaðri en hann var, að ástæðulaust er að magna svartsýni manna, um leið og við skulum ekki gera lítið úr vandanum. En eins og sagt var, ég hygg af hv. 2. landsk. þm., þá hefur hugarástand manna mikla þýðingu í þessum efnum. Það er svo, að ekki er farið nema að litlu leyti að vinna fyrir það aukna fé, sem ríkisstj. hefur látið afla til atvinnuaukningar nú í vetur. En engu að síður er enginn vafi á því, að þessar ráðstafanir, – og ég skal þá minna á bæði varðandi húsbyggingar, varðandi vegalagningu, varðandi skipabyggingar, einnig þær viðræður, sem átt hafa sér stað um ráðstafanir til þess að a. m. k. bæjarútgerðir reyni að forðast landanir erlendis, eftir því sem auðið er, og málaleitun hefur einnig verið beint til annarra, – allt þetta hefur nú þegar haft veruleg áhrif til aukinnar bjartsýni, svo að ekki sé talað um, ef síldveiði skyldi glæðast verulega hér við Suðvesturland og hvað þá fyrir austan, þá mundi ástand mjög verulega breytast á skömmum tíma. Þess vegna mega menn varast það að vera með of mikla svartsýni, vegna þess að hún getur orðið til þess að magna vandann og láta hann vaxa. Aðalatriðið er, eins og hv. 9. þm. Reykv. sagði, að hér er mest komið undir því, að sjálfir frumatvinnuvegirnir geti starfað og starfað blómlega.

Eins og hv. 2. landsk. þm. sagði, verður auðvitað mjög erfitt að koma byggingariðnaðinum í fullkomið horf aftur, og þar hafa einstakar opinberar byggingar litla úrslitaþýðingu, nema því aðeins að kaupgeta manna innanlands vaxi, svo að þeir geti haldið áfram að kaupa íbúðir í eitthvað svipuðum mæli og þeir gerðu á undanförnum árum. Kaupgetan er auðvitað algerlega háð afkomu undirstöðuatvinnuveganna, að þeir séu blómlegir og geti greitt lífvænlegt

kaup til frambúðar og vonandi raunverulega hærra kaup á komandi árum heldur en menn verða að sætta sig við í bili. Ef þetta tekst ekki, ef þessir frumatvinnuvegir eiga í áframhaldandi örðugleikum, þá er auðvitað ákaflega erfitt að rétta við byggingariðnaðinn, eins og líka kom fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. varðandi það, sem hann sagði um afkomu iðnaðarins. Það var ljóst, að þegar hann var að tala um afkomu iðnaðarins, hafði hann ekki sízt í huga þau vandræði, sem nú ganga yfir byggingaiðnaðinn, sem aftur á móti er í beinu sambandi við afkomu þjóðarbúsins í heild, þá minnkandi kaupgetu, sem kemur af ástandi undanfarandi missira, hverjar skýringar sem við höfum svo á því. En ef við tökum byggingaiðnaðinn frá og ef við tökum frá þá rýrnun, sem hefur orðið í járnsmiðjum, einfaldlega vegna þess að nú er minna að gera við byggingu síldarverksmiðja, jafnvel í einstökum tilfellum hraðfrystihúsa, heldur en stundum áður og á ekkert skylt við efnahagsstefnu ríkisstj., heldur þau breyttu atvik, sem atvinnuhættir hér hafa leitt til, – ef við tökum þetta frá, er það ómótmælanlegt, að meginhluti iðnaðarins hefur mjög rétt sig við á undanförnum árum. Og það er misskilningur, sem hv. 9. þm. Reykv. sagði, að gengislækkun út af fyrir sig hafi komið hart niður á iðnaðinum, vegna þess að hann fékk auðvitað stórkostlega aukna vernd með gengislækkuninni. Hitt er svo stöðugt deiluefni, hvort það hafi verið nóg lánsfé, sem hann hafi fengið, til þess að geta notað sér þá miklu nýju möguleika, sem gengislækkunin færði honum. Það er enn annað mál, sem við getum síðar deilt um og þarf ekki að deila um hér.

Ég hygg, að þegar þetta er krufið til mergjar, beri okkur ekki svo mikið á milli eins og þessar umr. kynnu að gefa tilefni til að ætla. Ég hygg, að við séum sammála bæði um höfuðvandann, eins og hann liggur fyrir, og að það þurfi að gera sérstakar ráðstafanir til þess að bregðast við honum. Þær hafa þegar verið gerðar að verulegu leyti. Það verður að fylgjast með og gera nýjar ráðstafanir, eftir því sem tilefni gefst til á hverjum tíma.

En þá komum við að því, sem ég ætlast ekki til, að við fáum svar við í dag, en er alveg nauðsynlegt að menn átti sig á til þess að ljóst sé, hvað fyrir mönnum vakir. Hv. 1. þm. Norðurl. v. telur, að það þurfi að breyta allri stjórn þessara mála. Hv. 4. þm. Austf. telur, að það þurfi að breyta samstarfsformi ríkisvaldsins við verkalýðshreyfinguna. Mér skilst aftur á móti, að hv. 9. þm. Reykv. telji, að það samstarfsform sé nokkurn veginn eins fullkomið og það getur verið með þeim ófullkomnu mönnum, sem eiga að vinna eftir því. Ég held, að við bætum okkur ekki mikið með því að fara út í þetta lengra hér. En þarna er um að ræða atriði, sem er fyllilega ástæða til þess að við leggjum höfuðið í bleyti um, hvaða breytingar það eru í raun og veru, sem fyrir mönnum vaka og hvort hægt er að finna þarna betra samstarfsform heldur en nú er fyrir hendi. Ég veit, að ríkisstj. er mjög fús til þess að athuga allar till., sem fram koma í þeim efnum.

VII. Ómæld yfirvinna ríkisstarfsmanna.

Á 46. fundi í Ed., 2. febr., utan dagskrár, mælti

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Mig langar til að beina lítilli fsp. til hæstv. fjmrh. Ástæðan til þess, að ég ber þessa fsp. fram munnlega utan dagskrár, er sú, að skriflegri fsp. mundi ekki verða svarað fyrir þingfrestunina. Í annan stað er þessi fsp. þess háttar, að ég tel víst, að hæstv. fjmrh. geti svarað henni undirbúningslaust.

En í nýútkomnu blaði Frjálsrar þjóðar, 4. tbl., sem kom út 28. janúar, er greinarkorn á forsíðu. Það greinarkorn ber fyrirsögnina: „60 þús. á ári í ómælda yfirvinnu.“ Og greinarkornið eða upphaf þess er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkv. upplýsingum Höskuldar Jónssonar deildarstjóra í fjmrn. fá nokkrir toppembættismenn launakerfisins árlegan bónus, sem kallast ómæld eftirvinna. Er upphæðin ákveðin af fjmrh. og reiknast fyrir tímabilið 1. júlí til 30. júní ár hvert. S. l. ár nam þessi upphæð 60 þús. kr. á mann, en meðal þeirra, sem hana fá, munu vera ráðuneytisstjórar, þjóðleikhússtjóri o. fl. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um upphæðina fyrir það ár, sem nú er að líða.“

Greinarkornið er örlítið lengra, en ég sé ekki ástæðu til að lesa meira. En ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh. að því, hvort þetta sé rétt eða ekki, sem þarna segir. Og ef það skyldi nú reynast svo, að þessar upplýsingar væru réttar, þá leikur mér forvitni á að vita, samkv. hvaða heimild svona aukalaunagreiðslur eru inntar af hendi.

Ég ætla ekki að hafa þessa fsp. lengri og ekki fara nánar út í þetta mál að sinni, því að ég ætlast ekki til þess, að hæstv. fjmrh. geti undirbúningslaust gefið neinar ýtarlegar upplýsingar varðandi þetta, ef það er svo, að þetta sé rétt, sem í þessari grein segir. En þá verður sjálfsagt tækifæri til þess síðar að koma að skrifl. fsp., þar sem nánar væri spurt um þetta. En ég tel víst, að hæstv. fjmrh. geti leitt okkur þdm. í allan sannleika um þessi einföldu atriði, sem ég spurði um.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég hef síður en svo á móti því að svara því, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. spurði hér um, og þykir í rauninni ágætt að fá tækifæri til þess að skýra það mál, sem hér er um að ræða. Ég hef séð þessa klausu í Frjálsri þjóð, sá satt að segja ekki ástæðu til að elta ólar við það, þó að þar sé um að ræða, að í veigamiklum atriðum sé farið skakkt með.

Í blaði með frásögn af þessu, ef ég man rétt, segir, að það sé venja eða hafi verið venja að greiða vissum toppmönnum embættiskerfisins ómælda yfirvinnu árlega, eins og það er orðað. Þetta er ekki rétt. Það hefur komið fyrir, að einstaka yfirmönnum hefur verið greidd yfirvinna eða nokkur uppbót, sem svari því, sem talin hefur verið raunveruleg yfirvinna að mati ráðh. viðkomandi stofnunar, en þetta hefur verið í mjög fáum tilfellum. Og að það sé orðin föst venja, að einhverjir tilteknir embættismenn fái greidda slíka yfirvinnu, er ekki rétt. Og það er metið frá ári til árs. Það er rétt, að nú í ár var nokkrum embættismönnum, ég má ekki nákvæmlega með töluna fara, sem eru forstöðumenn

umfangsmikilla ríkisstofnana, greidd viss fjárhæð, við getum kallað það, hvort sem menn vilja láta það heita svo eða ekki, ómælda yfirvinnu, en það er að vísu ekki rétt orðalag, vegna þess að það var fallizt á þetta með því skilyrði einu saman, að viðkomandi ráðh., sem stofnunin heyrði undir, teldi þar málum þannig háttað, að það væri augljóst, að forstöðumaður viðkomandi stofnunar hefði lagt það mikið á sig umfram það, sem eðlilegt væri, og unnið það mikla aukavinnu, að það væri sanngjarnt með hliðsjón af öllum atvikum að bæta það með einhverjum hætti.

Nú kann þetta að orka tvímælis. Það er ekki gert ráð fyrir því í lögum, að menn í vissum launaflokkum og fyrst og fremst forstöðumenn stofnana fái greidda *neina yfirvinnu. Það er aftur á móti þannig, eins og* öllum hv. þm. er kunnugt, að um marga forstöðumenn hinna þýðingarmestu stofnana ríkisins er það að segja, að þeir hafa miklum mun lægri laun en fjöldinn af þeirra starfsmönnum. Og skal ég þá fyrst og fremst nefna þá, sem eru verkfræðingar að menntun og er samið um eftir allt öðrum launaskala í mörgum tilfellum hjá ríkinu heldur en gildir í þeim launaflokki, sem ætlazt er til að verkfræðingar séu í, þannig að þessir verkfræðingar, sem eru forstöðumenn stofnana, og það eru allt mjög veigamiklar stofnanir, eru launalægstir af þeim verkfræðingum, sem við stofnanirnar vinna. Og þó að ég sé þeirrar skoðunar, að það eigi ekki að vera venja að greiða yfirmönnum stofnana aukavinnu, enda vandmeðfarið, hver á að meta þá aukavinnu, þá verð ég að segja það, og þar tek ég á mig ábyrgðina af, að það hefur verið talið, miðað við allar aðstæður, óverjandi annað í vissum tilfellum en að gera þessum mönnum einhverja úrlausn af þessum ástæðum, eins og atvik öll standa til. Það hefur verið talið, að enda þótt gert sé ráð fyrir því, að þetta sé svo, að þessir menn fái ekki greidda yfirvinnu, þá sé ekki slíkt fortakslaust bann við því, að þeir fái hana, að það verði talið brot hjá ráðh. að fallast *á einhverjar slíkar greiðslur.*

En það, sem ég legg ríka áherzlu á, um leið og ég viðurkenni það, að þetta hefur átt sér stað í nokkrum tilfellum og það hefur byggzt á mati viðkomandi ráðh. *á því, að hér væri um forstöðumenn að ræða, sem* tvímælalaust hefðu unnið miklum mun meira en eðlilegum vinnutíma svaraði, þá legg ég á það ríka áherzlu, að hér er ekki meiningin að skapa neina venju, þannig að tilteknir embættismenn geti gengið að því sem vísu að fá greiðslu sem þessa, hvernig sem málum er háttað, heldur verði það metið hverju sinni, alveg nákvæmlega eins og það er metið, hvort ástæða er til almennt að greiða starfsmönnum yfirvinnu eða ekki. Þetta á ekki að verða föst launauppbót að þessu leyti, heldur metið nákvæmlega eftir því, sem atvik standa til hverju sinni, ekki með þeim hætti, eins og hafði tíðkazt í mörgum tilfellum, meðan laun voru mjög lág, það má kannske segja, að þau séu það enn í dag. Í ýmsum stofnunum hafði það þróazt, að mönnum var greidd beinlínis yfirvinna, þó að hún væri ekki unnin. Það hefur verið lögð á það rík áherzla við viðkomandi rn., að hér kæmi ekki til greina nein greiðsla, nema því aðeins að það væri mat rn., að þessi vinna hefði verið af hendi leyst. Hér er um tiltölulega fáa starfsmenn að ræða, en ég skal hins vegar játa það, að vegna þess að það er mjög erfitt um mat á þessu milli einstakra embættismanna, þá er það rétt hjá blaðinu, að þessi upphæð var ákveðin nú 60 þús. kr. fyrir þessa embættismenn. En það, sem er rangt, eins og ég segi, er, að hér hafi myndazt einhver árleg hefð um það, að þetta væri gert. Þetta hefur komið fyrir áður, að hefur verið gert við einstaka starfsmenn, en eins og ég segi, það er algerlega metið frá ári til árs og fer alveg eftir atvikum, hvað hér er um háar upphæðir að ræða.

Það er ekkert vandamál, ef þess verður óskað síðar, að fá upplýsingar um það, hvaða embættismenn hafa fengið launauppbót að þessu leyti, og það er auðvitað mjög villandi, sem birt er þarna, að tilgreina þá starfsmenn sérstaklega, sem tekið er fram í blaðinu. Það eru *ýmsir aðrir, sem miklu fremur hefði mátt tilgreina í* þessu sambandi. Ég skal taka það fram, að það eru menn eins og póst- og símamálastjóri og vegamálastjóri og vitamálastjóri, sem allir eru verkfræðingar og gegna embættum, sem þannig er ástatt með, að þeir eru launalægstu mennirnir af mönnum með þá menntun í sínum stofnunum, þannig að ég geri ekki ráð fyrir því eða a. m. k. trúi því ekki, að það verði af hv. þm. talið stórlega vítavert, eins og atvik liggja til, að greiða þessum mönnum, sem bera þunga af mjög stórum stofnunum, einhverjar uppbætur, eins og atvikum öllum er háttað.

En sem sagt, um þetta verða menn að hafa sínar skoðanir. En ég sé enga ástæðu til þess að leyna þessu, sem í því hefur gerzt, og er mér því fullkomlega ljúft að svara þessari spurningu frá hv. þm. Hvort það telst nægilegt svar eða ekki, það verður hann að gera upp við sig, en ég er sem sagt reiðubúinn til þess síðar með formlegum hætti, ef þess verður óskað, að gefa um það nánari upplýsingar.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. *fjmrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur* gefið. Ég ætlast alls ekki til þess, að hann geti á þessu stigi og óundirbúið gefið um þetta fyllri upplýsingar en hann gaf. En hæstv. fjmrh. staðfesti það, að þetta hefði *átt sér stað í nokkrum tilfellum, að háttsettum embætt*ismönnum og þá fyrst og fremst forstöðumönnum hefði verið greidd ákveðin upphæð sem aukaþóknun. Um þetta má sitthvað segja. Ég skal ekki fara hér langt út í að ræða það utan dagskrár.

Ég vil aðeins segja það og ég er alveg sammála hæstv. fjmrh. í því, sem mér virtist koma fram hjá honum, að samkv. hlutarins eðli getur ekki verið um að ræða neina yfirvinnu hjá ákveðnum embættismönnum. Það eru ákveðnir embættismenn, sem eru skipaðir með þeim hætti, að það er gert ráð fyrir því, að þeir verði að vinna í þeirri stofnun, eftir því sem á þarf að halda, og geti ekki átt kröfu á neinni aukaþóknun fyrir þá yfirvinnu, sem þeir inna af hendi, þannig að réttilega skoðað verður þetta að mínum dómi ekki skoðað sem nein yfirvinnugreiðsla, heldur sem hrein og bein aukaþóknun, launauppbót til þessara embættismanna.

Það er vafalaust rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði, að í sumum tilfellum getur staðið þannig á, að þessir yfirmenn beri nokkuð skarðan hlut frá borði miðað við suma undirmenn sína. En ég dreg nú í efa, að sá háttur,

sem hér hefur verið á hafður, sé samt réttlætanlegur. Þess verður að gæta, að það hefur verið tekið upp nýtt kerfi í launamálum, hið svokallaða almenna launalagakerfi, sem ekki þarf að rekja hér. Allir hv. þdm. þekkja það kerfi og vita, að laun opinberra starfsmanna eru ákveðin, fastákveðin til tveggja ára í senn, ýmist með kjarasamningum, ef þeir takast, en ella af kjaradómi. Sú ákvörðun, sem tekin er af þeim aðilum, hvort heldur er samningsaðilum eða kjaradómi, verður að mínu áliti að standa þann tíma, sem hún á að gilda, og getur ekki einn eða annar vikið þar frá eftir eigin geðþótta, dregið af, ef því væri að skipta, né heldur bætt upp, ef það þykir við eiga. Þannig á að vera frá þessu gengið, að það á að vera réttilega metið, hvernig mönnum er þarna niður skipað. Ég er ekki með þeim orðum að leggja blessun mína yfir það, hvernig þetta hefur verið gert, en þetta á að gera þannig, að þetta á að standa. Ég skal að vísu ekkert fara að deila um það hér, hvað sé lagalega heimilt í þessu efni eða ekki, en ég verð að telja það mjög óviðfelldið, að það sé lagt á mat viðkomandi ráðh. að segja til um það, hverjir forstöðumanna þeirra stofnana, sem undir þann ráðh. heyra, séu þess verðugir að fá tiltekna uppbót. Ég held, að það sé ekki góð regla og ekki gott fordæmi. Og ég held, að það sé óhjákvæmilegt, að slíkt geti leitt til þess, að mönnum sé mismunað mjög ranglega, einn skilinn eftir og fái ekkert, þó að hann hafi alveg sömu verðleika til að bera og hinn, sem fær þessa aukaþóknun, og hafi ekki unnið sitt starf á neitt lakari hátt. En auk þess kem ég að því aftur, að hér gildir þetta launalagakerfi, og það er ekki aðeins gert ráð fyrir því, að launin, þau föstu, séu ákveðin með þeim hætti, sem ég hef drepið á, heldur er gert ráð fyrir samningum um önnur atriði, svo sem hlunnindi, fríðindi og yfirvinnu, ef því er að skipta. Og það er gert ráð fyrir því, að um þetta sé samið, en það sé ekki ákveðið með neinni einhliða ákvörðun. Og það er gert ráð fyrir því, að ef ágreiningur verður um slík atriði sem þessi, komi til ákveðinn aðili eftir kjarasamningalögunum, sem felli um það úrskurð, svonefnd kjaranefnd. Og ég verð að spyrja, hvort þessi atriði hafi verið borin undir kjaranefnd, og ég verð að spyrja, hvort það hafi verið haft samráð við gagnaðila fjmrh. í þessum samningum, kjararáð, sem fer með þessa samninga fyrir hönd BSRB.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta, en vil þó segja það, að ég lít á þetta talsvert alvarlegum augum, en um það verður auðvitað hægt að ræða síðar. Ég ætla þó að bæta hér aðeins við.

Ég efa það að vísu ekki, sem hæstv. fjmrh. sagði, að forstöðumenn þessara stofnana hafi unnið verk sín vel og hafi mikið á sig lagt og þeir í rauninni hafi í sjálfu sér unnið til þessarar umbunar. En ég held, að við hæstv. fjmrh. ættum að tala um þetta alveg í fullri hreinskilni, og hann að játa það ekkert síður en mér er það ljóst, að þetta er ekki greiðsla fyrir nein störf sérstaklega til þessara ágætu manna. Þetta er til komið af öðru. Það er til komið af því, að það er búið að brjóta þetta kerfi niður að verulegu leyti, bæði með þeim hætti, sem hann drap á, að nokkrir hafa brotizt út úr kerfinu og fengið samið um mun hærri laun en ákveðin hafa verið með kjaradómi, og svo á hinn bóginn það, að opinberum starfsmönnum, þessum sem taka laun eftir þessu kerfi, hefur verið haldið í skrúfstykki að segja má og þeir hafa ekki fengið nema skerta vísitölu.

Ég tek alveg undir þau orð, sem hv. 12. þm. Reykv. lét falla hér fyrir tveimur eða þremur dögum um það, að skert vísitala til lengdar hlyti að leiða til öngþveitis, því að hún leiddi til þess, að menn í hærri launaflokkum yrðu innan tíðar komnir niður fyrir þá, sem í lægri launaflokkunum eru. Það er þetta, sem hefur í raun og veru verið að gerast og hefur blasað við og stjórninni ekki þótt sanngjarnt að gera það án nokkurra leiðréttinga með þessum hætti. En ég get ekki stillt mig um að minna á það, að í viðtali, sem ég átti við Tímann, ég held í fyrravetur, benti ég nú alveg á nákvæmlega þessi sömu atriði, sem hv. 12. þm. Reykv. benti á síðast, og dettur mér þá ekki í hug að halda, að hann hafi tekið ummælin eftir mér. En þá var í málgagni hæstv. fjmrh. gert mikið hróp að mér fyrir að halda slíku fram. Ég hlýt að spyrja með nokkurri eftirvæntingu, hvort hv. 12. þm. Reykv. verði tekinn til bæna fyrir að hafa látið slík orð falla, sem hann gerði hér síðast. Sannleikurinn er auðvitað þessi, að það getur verið réttlætanlegt, eins og við báðir höfum sagt, 12. þm. Reykv. og ég, að til bráðabirgða taki þeir, sem breiðust hafa bökin, á sig kjaraskerðingu með því að una við skerta vísitölu um sinn, en til langframa er það kerfi algerlega óviðunandi og óþolandi. En þó að þetta hafi nú kannske eftir atvikum verið réttlætanlegt gagnvart þessum mönnum, sem eru þannig settir að nokkru leyti út úr römmum á þessu launakerfi, þá verður að taka með í reikninginn, að það þurfa fleiri á leiðréttingu að halda, og sjálfsagt mundu þeir, sem í lægri launaflokkum eru, telja sig alveg eins þurfa á nokkurri uppbót að halda. En það, sem er fyrst og fremst varhugavert við braut sem þessa, er mismununin, sem hún leiðir til. Það er náttúrlega ljótt og kannske óviðeigandi að tala um gæðinga í þessu sambandi, en þar er alltaf hættan sú, hvaða stjórn sem er við völd, ekkert frekar þessi, sem nú er, heldur en önnur, að ef farið er inn á braut sem þessa, þá verði það gæðingarnir, sem komast á stallinn, en hinir ekki.

Björn Jónsson: Herra forseti. Mig langar til að segja nokkur orð um þetta, kannske í fyrsta lagi vegna þess, að ég geri ekki ráð fyrir, að aðrir taki að sér vörn fyrir það blað, sem hér bar á góma, eða verji það, sem þar stendur. En sannast sagna verð ég að segja það, eftir að hafa heyrt ræðu hæstv. fjmrh., að ég sé ekki, hvaða ástæðu hann hefur til þess að halda því fram, að mjög sé rangt með farið í blaðinu. Ég fann ekki betur en að hæstv. ráðh. staðfesti allt, sem blaðið hefur um þetta sagt. Hann meira að segja bætti því við, að það hefði átt að telja aðra frekar heldur en þá, sem eru upp taldir og hefðu notið þessara kaupuppbóta, sem hann hefur einhliða ákveðið, og hann sagði ekki, að það væri rangt með farið, að þessir aðilar, sem þar væru upp taldir, hefðu fengið slíka kaupbót, heldur bætti hann því við, að þar hefði frekar átt að nefna aðra. En málið gerist einfaldlega þannig, að ritstjóri blaðsins hringir í þennan tiltekna mann í rn. og aflar upplýsinganna, sem í greininni standa, þannig að það er þá þessi undirmaður hæstv. ráðh., sem hefur farið rangt með, ef eitthvað er rangt með farið, sem ég held að ekki sé, en ekki blaðið.

Ég ætla ekki að gera þetta að miklu umtalsefni eða

leggja neinn dóm á það, sem hér hefur gerzt, þ. e. a. s. það, að hæstv. fjmrh. hefur tekið sér einhliða vald til þess að ákveða mjög verulega kaupuppbót handa nokkrum hálaunamönnum í ríkiskerfinu, eða um 5000 kr. á mánuði, sem mörgum mundi þykja notaleg kaupuppbót á þessum síðustu og verstu tímum. Ég læt nægja að þessu sinni að lýsa ánægju minni yfir því, að hann metur ástandið þannig í efnahagsmálum og fjármálum ríkisins, að þetta sé hægt, og munu þá auðvitað aðrir draga af því sína lærdóma.

En það er fleira í þessu blaði, sem er gert að umtalsefni í sambandi við launamálin, sem mig langaði þá líka, af því að mér finnst það eiga við, að spyrjast fyrir um. Þar er skýrt frá því í annarri grein, að ráðh. hafi seint á s. l. ári, held ég sé rétt, ég hef nú ekki blaðið í höndunum, en held, að það sé rétt með farið, þá hafi hann einhliða ákveðið breytingar á því vísitölukerfi, sem opinberir starfsmenn hafa sætt samkvæmt kjaradómi, þ. e. a. s. að þeir fengju sömu vísitöluuppbót og lægra launaðir menn alveg upp úr kerfinu, allt upp í toppana, og hafi þannig fengið kaupuppbót, sem ekki er mikil, eða frá 100 kr. á mánuði og upp í tæpar 1200 kr., þ. e. a. s. þeir sem eru í 18. launaflokki og upp úr. Þeir hafi ekki fengið þær bætur samkvæmt neinum samningum eða tilmælum frá BSRB, heldur hafi þar verið um einhliða ákvörðun fjmrh. að ræða. Mér sýnist, að í þessu tilviki sé það enn þá augljósara, að gengið hafi verið fram hjá þeim reglum, sem lög mæla fyrir um greiðslu kaups opinberra starfsmanna, heldur en í hinu tilvikinu, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. gerði að umtalsefni. Hér er beinlínis með einhliða ákvörðun ráðh., ef rétt er með farið, algerlega gengið fram hjá ákvörðun um kjaradóm um þetta, og það er vissulega athyglisvert.

Nú er ég ekki að leggja neinn dóm á það, að þetta sé í sjálfu sér ósanngjarnt, heldur þykir mér ýmislegt mæla með því, að þessi háttur sé á hafður, sem hæstv. ráðh. hefur samkvæmt frásögn blaðsins haft á. En ég tel hins vegar, að málið hefði átt að takast upp á allt annan hátt, þ. e. a. s. með samningum við BSRB eða þá með því að vísa því til kjararáðs. En eftir því sem bezt verður séð, ef hér er ekki mjög missagt í blaðinu, þá hefur ekki verið farið að réttum lögum um þetta, heldur ráðh. einn hnekkt kjaradómi. Vil ég þá spyrja svipað og hv. 1. þm. Norðurl. v.: Hvaðan kemur ráðh. slík heimild?

Ég ætla ekki að tefja tímann lengur en þetta. Ég veit, að ráðh. gefur rétt og greinargóð svör við þessari spurningu. En ég vil aðeins endurtaka það, að ummæli hans um ranghermi blaðsins í sambandi við fyrra atriðið, sem hér var til umr., eru algerlega úr lausu lofti gripin. Hann einmitt lagði sjálfur áherzlu á það, að þetta hefði átt sér stað, og manni skildist, að það hefði átt sér stað að jafnaði á hverju ári, að slíkar kaupuppbætur hefðu verið greiddar. En það þykir mér alveg greinilegt af þeim umr., sem hér hafa farið fram, að þær hafi verið í miklu ríkara mæli nú upp á síðkastið en nokkru sinni áður. En það er út af fyrir sig einkar ánægjulegt, að fjármálaástandið skuli vera þannig, að það sé talið af ráðh., að það séu nægileg fjárráð til þess að bæta hæst launuðu mönnunum í ríkiskerfinu upp sín laun.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara að taka upp langar orðræður um þetta mál, þó það megi vafalaust ýmislegt um það segja. Hv. 4. þm. Norðurl. e. rann nokkuð blóðið til skyldunnar að verja það tiltekna blað, sem ég leyfði mér að halda hér fram áðan að hefði farið með villandi upplýsingar. Ég skal ekki fara að karpa við hann um það, en ég endurtek, að þessar upplýsingar eru mjög villandi. Þar er sagt beinlínis, að það sé árleg venja að greiða þessar uppbætur til þessara starfsmanna, og það er ekki rétt. Það hafa verið greiddar, eins og ég sagði, á ýmsum árum vissar uppbætur til yfirmanna stofnana, það er rétt, en það er metið á hverju ári, hvort ástæða sé til þess eða ekki. Það hefur ekki skapazt um það venja, að tilteknir embættismenn fái þessar föstu greiðslur frá ári til árs, en öðruvísi er ekki hægt að skilja frásögn blaðsins. Og komið hefur í ljós, að það er mjög rangt farið með þær upplýsingar, sem blaðið fékk frá fjmrn., þó vægilega sé sagt og án þess að ég skuli fara nánar út í þá sálma. Þetta skiptir kannske ekki öllu máli að öðru leyti en því, að það gefur þá hugmynd óneitanlega þeim, sem lesa, að þarna sé tiltekinn hópur embættismanna, sem á hverju ári sé úrskurðuð ákveðin þóknun fyrir aukavinnu, og það er það, sem efnislega er rangt, því það er metið hverju sinni, hvort ástæða er til eða ekki.

Ég er hv. 1. þm. Norðurl. v. algerlega sammála um það, að það er mjög óheppilegt að hafa þetta greiðslufyrirkomulag á, og ég tel, að það sé mikil nauðsyn, að engar slíkar greiðslur þurfi að koma til, alveg eins og það er margt annað, sem er gallað, og ég ætla ekki að fara að ræða það hér. Ég og hv. þm., formaður BSRB, sem á hér einnig sæti í d., við höfum margrætt um ýmsa annmarka á þessu kerfi, og sé ég ekki ástæðu til utan dagskrár að gera það að umtalsefni. Það eru mörg atriði í því, sem við höfum báðir verið sammála um, að æskilegt væri að lagfæra. Það fer fram núna með samkomulagi þessara aðila beggja ákveðið starfsmat. Því miður hefur verið af einhverjum ástæðum farið að birta í blöðum, – ég sé það í einu blaði í dag, – upplýsingar um það starfsmat, sem er auðvitað algerlega rangt með farið, að aðilar hafi komið sér saman um. Það voru settir vissir trúnaðarmenn til þess að vinna að því mati, og það er ekki nema gott að það komi fram hér, að hvorugur aðilanna hefur lýst yfir afstöðu sinni til þessa mats. Þetta er vinnuplan, en báðir aðilar eru sammála um það, að reynslan hefði sýnt og sannað, að það væri óumflýjanlegt að gera endurskoðun á launakerfinu og reyna að koma í veg fyrir það, að við hverja einustu kjarasamninga skuli þurfa að hafa um það uppi harðvítugar deilur, í hvaða launaflokki þessi eða hinn eigi að vera. Hitt er öllum hv. þdm. mætavel kunnugt um, að háskólamenn hafa talið sinn hlut mjög slæman og hér væri orðinn óhæfilega lítill launamunur. Með því er ég ekkert að segja um það, að ekki sé nauðsynlegt að lagfæra laun þeirra, sem lægra eru settir í kerfinu, það er allt annað mál, en ég hygg, að það sé orðin nokkuð almenn skoðun manna, að launamunurinn í kerfinu sé orðinn óeðlilega lítill, þó ég hins vegar taki það alveg skýrt fram, að það hefur af hvorugs aðila hálfu, hvorki rn. né BSRB, verið tekin nokkur afstaða til þess, hvað eðlilegt sé, að launamismunurinn sé mikill. Það er algerlega óumsamið mál og er enn þá á athugunarstigi.

En ég nefni þó þetta aðeins sem dæmi um það, að ég hygg, að það sé almennt viðurkennt, að forstöðumenn margra stofnana og þeir, sem gegna mjög ábyrgðarmiklum störfum, hafi orðið óeðlilega lág laun miðað við fjölda sinna undirmanna, sem hafa miklu veigaminni störfum að gegna og minni ábyrgð. Þetta held ég að sé kjarni málsins, sem menn almennt viðurkenna í dag, og það er kannske þess vegna ekkert að undra, þó að það komi í vaxandi mæli fram kröfur um það, að eitthvað sé reynt að bæta forstöðumönnum stofnana, þar sem svo hrópandi misræmi er í launakjörum, að fjöldi undirmanna þeirra hefur miklu hærri laun en þeir sjálfir. Og þetta er kjarni málsins í því, sem nú hefur verið gert. Það, að þetta megi ekki heita yfirvinna og geti ekki fallið inn í rammann, það er ekki rétt. Það er í lögum beinlínis heimild. Í 5. gr. kjarasamningalaga segir að vísu, að forstöðumenn stofnana eigi ekki rétt á yfirvinnugreiðslu samkv. 1. málsgr. þeirrar gr., en þurfi þeir samt að vinna verulega yfirvinnu vegna embættisanna, er heimilt að greiða þeim sérstaka þóknun til viðbótar mánaðarlaunum þeirra. Þetta stendur hér beint í lögunum og fjmrh. ákveður þá þóknun, þannig að hér er beinlínis gengið út frá því, að það sé heimilt að veita yfirmönnum stofnana, þegar sérstaklega stendur á, slíka kjarabót, slíka uppbót, þegar það er sýnilegt, að vinna þeirra er með þeim hætti. Og ég tek það skýrt fram, eins og ég sagði í upphafi míns máls, að varðandi öll laun, sem hér voru greidd, var lögð rík áherzla á það af mér, að viðkomandi rn. yrði að gæta þess vendilega, – og auðvitað getur fjmrh. ekki fylgzt með þessu í öllum einstökum tilvikum, – að hér væru ekki teknir nema menn, sem gegndu hinum þýðingarmestu forstjórastörfum og sem sannanlega að mati viðkomandi ráðh. hefðu leyst af hendi starf, sem yrði að teljast það umfangsmikið, að það gæti ekki með eðlilegum hætti fallið innan þeirra vinnutíma. Á þessu er þessi heimild byggð.

Þá var spurt að því, hvort nokkurt samband hefði verið haft við BSRB um þetta mál. Það er rétt, að BSRB – ég tek það fram – er a. m. k. ábyrgðarlaust um það. Það má kannske segja, að ég hefði átt að hafa samvinnu við það um málið. En það er nú einu sinni svo, að í rauninni hafa forstjórar enga aðild að BSRB og þeir eru ekki í þeim félögum, sem eru aðildarfélög BSRB, og raunar hefur BSRB aldrei gert kröfu til þess að fara með mál forstjóra, þó að þeir verði auðvitað að falla inn í kjarasamningarammann, það er allt annað mál, á sínum stöðum. En þetta gerir það að verkum, að það er auðvitað ekki sambærilegt, hvort það er átt við BSRB og fer fyrir kjaranefnd ágreiningur um mál aðila, sem eru félagar í BSRB, eða ríkisstarfsmanna, sem alls ekki eru þar félagsbundnir.

Þá var líka að því spurt, hvort það væri rétt, sem sagt væri í þessu sama blaði og talið vera þó nokkurt afbrot af minni hálfu, að fallizt hefði verið á það að falla frá þeirri kröfu, sem gerð var á sínum tíma fyrir kjaradómi af hálfu ríkisins, að skert yrði vísitala, skert yrði launauppbót þeirra, – maður getur kallað það vísitöluuppbót með venjulegum hætti, – sem skerðing var ákveðin á með kjarasamningunum 1968. En þá var ákveðið, eins og menn muna, að ef menn voru fyrir ofan 18.–19. launaflokk, þá skyldu þeir ekki fá neina krónuupphæð frá 18–19 þús. kr. launum, held ég að það hafi verið, ekki fá neina dýrtíðaruppbót, en upp að þeim flokki frá 10 þús. kr., skyldu menn fá sömu krónuuppbót, hver sem launin væru. Það er rétt, að það var ágreiningsatriði þá, hvort þetta skyldi gert eða ekki, en ég vil taka það fram, að það var krafa BSRB á þeim tíma, að þessi launauppbót yrði greidd. Það er rétt, að fjmrn. féllst ekki á að greiða launauppbótina, ekki vegna þess að það væri skoðun okkar, að það væri ekki sanngjarnt að greiða þessa launauppbót, heldur vegna hins, að eins og atvik þá stóðu, þá var talið, að það væri óheppilegt, þar sem þetta hafði beinlínis verið sett inn í kjarasamninga stéttarfélaganna, að þessi uppbót yrði ekki greidd samkv. þeim samningum. Frá þessu var í rauninni fallið af stéttarfélögunum í samningunum s. l. ár. Það var að vísu þá ekki gert ráð fyrir, að það verkaði aftur í tímann, en þessari kröfu var ekki haldið þar fram og ég held ekki, að þessi krafa hafi neitt frekar komið frá vinnuveitendum heldur en frá stéttarfélögunum á sínum tíma, að þetta þak yrði sett þarna og að greiðslur yrðu ekki inntar af hendi til þeirra, sem hefðu hærri laun. En með hliðsjón af því, að þetta var niður fallið, þessi málsástæða í kjarasamningunum 1969, þá var það skoðun ríkisstj., að það væri ekki óeðlilegt, að þetta félli þá einnig niður núna varðandi opinbera starfsmenn. Það má vafalaust fetta fingur út í það formlega, að þetta skyldi vera gert. Það var rætt milli mín og forstöðumanns BSRB um þetta atriði, og hann að sjálfsögðu staðfesti það, að það hefði alla tíð verið krafa BSRB, að þetta yrði gert. Kjarasamningarnir áttu raunverulega að falla úr gildi núna með eðlilegum hætti. Þá var samið um, að þeir framlengdust um eitt ár vegna starfsmatsins, þannig að ríkisstj. þótti ekki óeðlilegt, að þessi breyting yrði þá miðuð við þessi áramót, því að undir öllum kringumstæðum hefði verið á hana fallizt, ef þetta hefði verið gert með eðlilegum hætti og kjarasamningar hefðu farið fram á réttum tíma. Ég sé því ekki, að hér sé um að ræða atriði, sem geti talizt hneykslanlegt, og sé það svo, þá skal ég fúslega taka á mig sökina af því, ef hér er talið, að eitthvað hafi verið rangt að farið. En ég tel málsatvik öll vera þau, að það sé ekki óeðlilegt, að þetta hafi verið gert. Og hér er sem sagt ekki af hálfu ríkisins verið að gera annað en að fallast á kröfur frá BSRB, sem á sínum tíma var eingöngu talið ófært að fallast á vegna þess, að það mundi skapa óeðlilegt fordæmi miðað við þá kjarasamninga, sem stéttarfélögin þá gerðu, og samningsaðilum eða gagnaðilum ríkisins, kjararáði BSRB, var þá beinlínis sagt, að það stafaði af því, að við teldum ekki, að við gætum tekið á okkur þá ábyrgð að semja af ríkisins hálfu um hagstæðari kjarasamninga heldur en stéttarfélögin höfðu þá samið um. Þó það sé alveg rétt, sem hér hefur verið bent á af þeim tveimur hv. þm., sem hafa á þetta minnzt, að auðvitað hlaut þetta að leiða til vandræða, ef tekin er burtu alveg uppbót á vissu stigi, þá leiðir það til þess, að einn launaflokkur fer upp fyrir annan. Kjaradómur féllst að vísu aldrei á þá aðferð, heldur jafnaðist þetta út á lengra bili, þannig að þetta ætti ekki að geta skeð, en hefur hins vegar leitt til þess, að það hefur lent saman ýmsum launaflokkum, sem enginn munur er lengur gerður á. Ég satt að segja hafði ekki haldið, að þetta atriði, sem er lítilvægt atriði, mundi verða að neinu stórmáli, en ég skal staðfesta það

fúslega, að þetta hefur verið gert, og það verður þá að taka því, ef talið verður, að ég hafi farið eitthvað rangt að í þessu efni.

Kristján Thorlacius: Herra forseti. Það var nú í fyrsta lagi þar sem starfsmat það, sem nú er verið að vinna að, hefur blandazt nokkuð inn í þessar umr. utan dagskrár, sem mér þótti rétt að segja hér nokkur orð.

Það er rétt hjá hæstv. fjmrh., að þau drög að starfsmatskerfi, sem unnið hefur verið að undanfarið, eða frásögn af þeim var í dag birt í dagblaðinu Vísi. Það hafði á s. l. hausti verið gert samkomulag milli hæstv. fjmrh. og stjórnar BSRB um, að þessi drög yrðu ekki birt að svo komnu máli, þar sem hér var um að ræða algert vinnuplagg og viðurkennt er af báðum aðilum, að mjög sennilegt sé, að það eigi eftir að breytast, e. t. v. í verulegum atriðum, og hvorugur samningsaðili hafði né hefur enn samþ. þessi drög fyrir sitt leyti, til þess að þau væru notuð við samningsgerð. Og mér þykir rétt, að það komi fram hér í þessu sambandi, að þessi starfsmatsdrög hafa verið til athugunar síðan í októbermánuði hjá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og einstökum bandalagsfélögum. Og í sambandi við þá athugun hefur komið í ljós, að að okkar dómi, forystumanna í BSRB og forystumanna í hinum ýmsu bandalagsfélögum, þá eru á þessum drögum verulegir gallar, sem taka þarf upp samninga um að fá breytingar á, ef frá okkar sjónarmiði á að vera hægt að nota þetta starfsmatskerfi. Það gefur því algerlega rangar hugmyndir, að birta þær upplýsingar, sem nú eru birtar í dagblaðinu Vísi. Þar er m. a. birt stigatala hjá ýmsum starfshópum, eins og birt var í þessum drögum sem algert sýnishorn eingöngu til þess að sýna fram á, hvernig svona starfsmat verkaði í framkvæmd til hagræðis fyrir þá mörgu félagsmenn og forystumenn í samtökum opinberra starfsmanna, sem þurftu að fjalla um þessi mál, en alls ekki sem nein niðurstaða af raunverulegu starfsmati, enda hefur það komið fram í aths. við þessi drög, að starfslýsingar, sem auðvitað eru nauðsynlegar við starfsmat, hafi ekki einu sinni verið notaðar í sambandi við þessi sýnishorn, þannig að það gefur algerlega skakka hugmynd að birta þetta í opinberu blaði og gæti að mínum dómi orðið til þess að stórspilla fyrir þessu máli á þessu stigi, sem ég vona þó að ekki verði. En ég vil leggja áherzlu á það, að hér er um frumdrög að ræða, sem a. m. k. forystumenn BSRB munu leggja áherzlu á, að þurfi að breytast í verulegum atriðum, ef unnt á að vera að nota þau drög.

Í sambandi við þær fsp., sem hér hafa verið til umr., þykir mér rétt að það komi fram, sem hæstv. fjmrh. raunar gat um í sambandi við fsp. hv. 1. þm. Norðurl. v., að það mál, sem hann fjallaði um, aukagreiðslur til forstjóra, hefur ekki verið borið undir BSRB og það hefur ekki vitað um þær greiðslur eða á neinn hátt verið við þær riðið. Það er kannske rétt að bæta því við, að mér fannst gæta nokkurs misskilnings í ræðu hæstv. fjmrh. að því er varðaði samningsrétt fyrir forstjóra, því að samkvæmt kjarasamningalögunum hefur Bandalag starfsmanna ríkis og bæja vissulega samningsrétt fyrir alla starfsmenn ríkisins, einnig forstjóra. Þar eru engir undanskildir nema ráðh. og hæstaréttardómarar, þannig að kjarasamningalögin og þeir samningar og þeir dómar kjaradóms, sem kveðnir hafa verið upp, eiga vissulega við um forstjóra sem aðra. Til frekari upplýsingar um það er rétt, að það komi hér fram, að það eru meira að segja tvö félög í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, sem eru skipuð eingöngu forstjórum, og á ég hér við Félag forstjóra Pósts og síma og Félag skattstjóra. Og það eru ýmsir fleiri forstjórar í hinum einstöku bandalagsfélögum, þannig að hér er um misskilning að ræða af hálfu hæstv. ráðh. að því er samningsrétt fyrir þessa aðila varðar. Hann er vissulega hjá samtökunum eins og fyrir aðra starfsmenn.

Í sambandi við þær einhliða ákvarðanir um vísitöluuppbótina, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. spurði um, þá þykir mér rétt, að það komi fram, að um þetta var haft samband, eins og kom fram í ræðu fjmrh., við mig sem formann BSRB, og ég kallaði saman fund í kjararáði út af þessu máli, og svar okkar af hálfu kjararáðs til hæstv. fjmrh. var á þá leið, að eins og hann vissi, hefði þetta verið krafa frá samtökunum í síðustu samningagerð á s. l. ári, meira að segja gerðum við þá kröfu um fullar vísitölubætur, og jafnframt taldi kjararáð rétt að tjá fjmrh. það, hvað og gert var, að bandalagið væri reiðubúið til að semja um þetta mál. En af einhverjum ástæðum mun hæstv. fjmrh. ekki hafa talið það heppilegt af sinni hálfu að semja um þetta, eins og við fórum fram á. Vissulega vil ég leggja á það áherzlu, að ég tel því þá aðferð hafa verið rétta og raunar það eina rétta í þessum málum, og ég vil leggja á það áherzlu, að ég tel, að semja beri um þá hluti á milli samningsaðilanna lögum samkv., sem lögin gera ráð fyrir að samið sé um, og ég tel raunar, að það sé of mikil þróun í þá átt af þeirra hálfu, sem framkvæma kjarasamningalögin, að það sé ekki haft samband við samtökin um þessi mál. Það gengur of mikið að mínum dómi og okkar formanna BSRB í þá átt. Og ég vil nota tækifærið til að undirstrika það, að það gengur of mikið í þá átt á síðari tímum, að það sé verið að draga í hendur rn. og samninganefndar ríkisins einhliða vald, sem samkv. lögum er ætlað báðum. Og ég vænti þess, að hæstv. fjmrh. geti tekið undir það með mér, að þetta sé óheppilegt undir því lagaformi, sem nú er, og ég vænti þess, að hæstv. ráðh. sjái til þess, að á þessu verði gerðar breytingar og stefnt í rétta átt framvegis í þessu efni. Þetta þótti mér rétt að taka fram í sambandi við þessar umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég er hv. 11. þm. Reykv. alveg sammála um það, að það sé æskilegt, að um öll kjaramál sé samið milli ríkisins og gagnaðila þess, sem lögum samkv. nú er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Og ég skal taka það fram, að af minni hálfu vil ég gjarnan, að svo sé. Hins vegar veit hv. 11. þm. Reykv. það jafnvel og ég, að það eru viss vandamál, sem nú er við að glíma, sem ég skal ekki út í fara og ég tel ekki rétt að fara að ræða hér, því að kjarasamningamál eru ekki almennt til umr., en voru m. a. orsök þess, að ég taldi heppilegra, þó að ég teldi sjálfsagt að ræða það mál við BSRB, að það væri einhliða ákvörðun af hálfu rn. að breyta vísitölugreiðslunum um síðustu áramót, en ekki formlegir samningar milli rn. og BSRB, og ég tjáði formanni Bandalags starfsmanna ríkis og bæja beinlínis, hvaða ástæða lægi þar til grundvallar. Ég er ekki að segja, að hann hefði verið mér sammála

um, að sú ástæða ætti að ráða úrslitum í þessu efni, en ég tel rétt, án þess að ég vilji tilgreina hér, hver ástæðan var, að það voru, ef svo má segja, – það er kannske skakkt að segja herfræðilegar ástæður, en það er við að glíma slík vandamál í sambandi við samningsaðild af hálfu opinberra starfsmanna og viss upplausn, sem þar er um að ræða, sem gerir það að verkum, að það er nokkuð vandasamt að taka á þessum málum núna. Og það var ástæðan til þess, en ekki sú, að ég hefði neina löngun til þess að ganga fram hjá BSRB. Og ég held ekki, að hv. 11. þm. Reykv. geti með sanngirni sagt það, að ég hafi sýnt sérstaka viðleitni í þá átt að vilja ganga á hlut BSRB, meðan ég hef haft með þessi mál að gera. Og nóg um það.

Varðandi svo hitt atriðið í sambandi við forstjórana, þá vil ég aðeins, að það komi skýrt fram, til þess að það bendi ekki til, að það sé um að ræða óafsakanlega vanþekkingu af minni hendi, að vitanlega er mér það mætavel ljóst, að lögformlega á BSRB að hafa samningsaðild fyrir alla opinbera starfsmenn, eins og málum er nú háttað, og einnig fyrir forstjóra ríkisstofnana. Það, sem ég sagði hins vegar í mínu máli og vil endurtaka hér, er það, að þessir forstjórar hafa í rauninni ekkert samband við BSRB og í fjölmörgum greinum geta þeir ekki einu sinni komið þar fram sem aðilar, þeir geta ekki verið meðlimir í þeim félögum, sem starfsfólk í viðkomandi stofnun eru meðlimir í, þannig að raunverulega er það svo, eins og oft hefur verið talað um, að *það er spurning, hvort á ekki að taka forstjóra a. m. k.* fyrir tilteknar ríkisstofnanir út úr launakerfinu, vegna þess að BSRB hefur enga aðstöðu til þess að fara með samningsaðild fyrir þá, af því að þeir eru alls ekki félagar í BSRB, þó að þannig sé frá málum gengið.

Þetta var það eina, sem ég átti við og tel, að efnislega sé rétt, en ekki hitt, að auðvitað er það hárrétt hjá hv. 11. þm. Reykv., að lögformlega séð, eins og þessum málum öllum er háttað, hefur BSRB samningsaðildina. En bara aðeins að lokum þetta. Við vitum, að samningsaðildarmálin eru mikið vandamál, og ég held, að á þessu stigi sé ekki rétt að fara að efna til mikilla umr. um það. Það er nógu mikið vandamál, hvernig á að leysa þann hnút allan saman.

Kristján Thorlacius: Herra forseti. Í tilefni af því, sem hæstv. fjmrh. sagði um sambúð, ef svo mætti segja, hans við BSRB, þá vil ég taka undir þau orð. Það er ákaflega gott að eiga samskipti við hann af hálfu samtakanna að því er varðar allar ytri aðstæður, ef svo má segja. Við höfum ekki verið sammála að sjálfsögðu um stefnuna. Þar hafa orðið hörð átök, en að því er varðar persónuleg samskipti forystumanna BSRB við hæstv. fjmrh. er ekkert nema gott að segja. Þannig vona ég, að það verði framvegis.

Í sambandi við þau vandamál, sem hann kom hér inn á í sambandi við afgreiðslu á því máli, sem hér var til umr. eftir fsp. hv. 4. þm. Norðurl. v., þá sé ég nú enga ástæðu til þess að segja það ekki hreint út, hver vandamál það eru. Það er krafa, sem Bandalag háskólamanna gerir um að eiga samningsaðild fyrir háskólamenntaða menn í landinu. Sú stefna, að Bandalag háskólamanna eigi samningsrétt fyrir háskólamenntaða menn í þjónustu ríkisins, er mótuð af Sambandi norrænna háskólamanna og er verið að vinna að henni á öllum Norðurlöndunum með allmikilli sókn.

Ég vil gjarnan, að mín skoðun um samningsaðild í sambandi við kjör opinberra starfsmanna komi hér fram, úr því að tilefni er gefið til í þessum umr. En mín skoðun er sú, að fyrir Bandalag starfsmanna ríkis og bæja sé það síður en svo neitt grundvallaratriði, að heildarsamtökin fari með kjarasamninga fyrir alla ríkisstarfsmenn. Samkv. vinnulöggjöfinni frá 1938 er það ekki Alþýðusambandið og önnur heildarsamtök verkalýðsfélaga, sem með samningsréttinn fara, heldur einstök félög. Frá mínu sjónarmiði gæti það verið hagkvæmara að hafa sama hátt á um starfsmenn ríkisins, að hvert einstakt félag fái samningsrétt fyrir sína meðlimi. Mér virðist, að BSRB ætti að óska eftir rétti fyrir hvert félag fyrir sig innan BSRB til að fara með samninga á sama hátt og verkalýðsfélögin innan Alþýðusambandsins. Ég vil í þessu sambandi leggja á það áherzlu, að hér verður að gilda ein regla, en frá sjónarmiði opinberra starfsmanna, held ég, að slík allsherjarregla mundi verða mjög til hins betra.

VIII. Aðgerðir námsmanna í sendiráði Íslands í Stokkhólmi.

Á 78. fundi í Nd., 20. apríl, utan dagskrár, mælti

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár vegna fréttar, sem var í hádegisfréttum í dag um sögulegan atburð, sem gerðist í Stokkhólmi í morgun. Það var greint frá því í fréttinni, að íslenzkir námsmenn í Stokkhólmi, Lundi og Uppsölum hefðu tekið íslenzka sendiráðið í Stokkhólmi og héldu því, hefðu vísað starfsfólkinu á dyr og réðu þar húsum sjálfir. Ég hugsa, að það sé ekkert vafamál, hver er ástæðan fyrir þessum atburði. Stúdentar erlendis hafa látið rigna yfir okkur að undanförnu ályktunum og áskorunum, þar sem þeir hafa vakið athygli á mjög erfiðum fjárhagsástæðum sínum og þeirri staðreynd, að við búum miklu verr að stúdentum en gert er í nágrannalöndum okkar. En ég tel þetta vera mjög stóran atburð og vildi því beina þeirri fsp. til hæstv. menntmrh., sem einnig er utanrrh. um þessar mundir, hvort hann hafi einhverjar nánari fregnir af þessum atburðum, og í annan stað, hver muni verða viðbrögð hæstv. ríkisstj., bæði við þessum atburði, sem gerðist, og eins við kröfum stúdenta um aukinn fjárhagsstuðning af hálfu íslenzkra stjórnarvalda.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Um hálftólfleytið í morgun hringdi utanrrh., Emil Jónsson, til mín frá Helsingfors, þangað sem hann er kominn til að sitja fund norrænna utanrrh., sem þar verður haldinn á morgun og miðvikudag. Með honum í Helsingfors er sendiherra Íslands í Svíþjóð, Haraldur Kröyer. Utanrrh. sagði mér, að þeim hefði þá rétt í þessu verið að berast fregn um það, að hópur íslenzkra stúdenta

hefði ruðzt inn í sendiráð Íslands í Stokkhólmi og vísað þaðan út sendiráðsfulltrúanum og skrifstofustúlku og setzt að með matarbirgðir inni í byggingunni. Þeir hefðu dregið rauðan fána að hún á sendiráðsbyggingunni og hengt rauða fána út í alla glugga. Þeir kváðu ástæðurnar til þessara óvenjulegu aðgerða vera þær, að þeir vildu vekja athygli á aukinni þörf íslenzkra stúdenta erlendis fyrir aukin lán og aukna styrki. Utanrrh. sagði, að til sín hefði jafnframt verið hringt úr sænska utanrrn. og spurzt fyrir um það, hvað utanrrn. gæti gert til verndar eignum íslenzka sendiráðsins í Stokkhólmi, en það er að sjálfsögðu skylda utanrrn. að vernda eignir erlendra sendiráða í Stokkhólmi. Utanrrh. sagðist hafa sagt það við „prótokollsjeffinn", – ég bið afsökunar á orðinu, – að hann óskaði þess, að hinum íslenzku námsmönnum yrði ýtt með hægð út úr húsinu og án þess að beita ofbeldi og án þess að þess væri óskað, að þeir væru fangelsaðir. Hér er um hóp um það bil 15 íslenzkra námsmanna að ræða. Forsvarsmaður þeirra hafði hins vegar einnig látið þess getið við sendiráðsfulltrúann, að samtímis væru hliðstæðar aðgerðir fyrirhugaðar í Osló og Kaupmannahöfn, en sendiherra Íslands í Osló er um þessar mundir staddur í Póllandi til þess að skila embættisskilríkjum. Hins vegar er sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn á staðnum. Utanrrh. höfðu engar fregnir borizt um það til Helsingfors, að til slíkra ráðstafana hefði verið gripið í Osló eða Kaupmannahöfn, og þegar ég fór úr Stjórnarráðinu, hafði þangað engin vitneskja borizt um slíkar aðgerðir þar.

Við þessar fregnir vil ég aðeins bæta því, að ég harma mjög, að örlítill hópur íslenzkra námsmanna í Svíþjóð, en það var tekið fram, að þessir námsmenn væru fulltrúar námsmanna í Stokkhólmi, Lundi og Uppsölum, þ. e. fulltrúar íslenzkra námsmanna í þremur sænskum háskólabæjum, skuli hafa gert sig sekan um þvílíka ósvinnu og hér er um að ræða. Ég harma það mjög, að þeir skuli með þessum hætti hafa sett alvarlegan blett á heiður íslenzkra námsmanna erlendis og raunar einnig á heiður Íslands. En ég undirstrika, að ég veit því miður ekki, hversu margir íslenzkir námsmenn eru í Stokkhólmi, Uppsölum og Lundi í heild, gat ekki fengið það gefið upp áðan, en þar sem hér er um að ræða aðeins 15 námsmenn, þá gefur auga leið, að það er aðeins örlítill hluti þeirra Íslendinga, sem stunda nám í þessum þremur sænsku borgum. Ég vildi óska þess, að fyrirspyrjandi gæti tekið undir það með mér að harma það, að þessar aðgerðir skuli hafa átt sér stað.

Varðandi það, að frá því er skýrt, að þessar óvenjulegu aðgerðir hafi verið framkvæmdar til þess að leggja áherzlu á beiðni um aukna styrki og aukin lán, þá vildi ég leyfa mér að gefa hinu háa Alþ., í örfáum orðum, upplýsingar um það, hvernig þau mál standa á þessu fjárlagaári og hver þróunin hefur verið í þeim málum á undanförnum árum.

Stjórn lánasjóðs námsmanna úthlutar lögum samkv. lánum og styrkjum til allra íslenzkra námsmanna, bæði heima og erlendis. Í stjórn lánasjóðsins á sæti einn fulltrúi frá stúdentum við háskólann hér og annar fulltrúi frá Sambandi ísl. námsmanna erlendis. Þær reglur, sem settar hafa verið um úthlutun námsstyrkja og námslána, hafa verið settar samkv. samhljóða ákvörðun lánasjóðsstjórnar. Það hefur aldrei neinn meiri hl. tekið ákvörðun um neina reglu eða neina úthlutun úr stjórn lánasjóðs íslenzkra námsmanna erlendis. Það er því ekki svo, eins og sumir virðast hafa haldið, að einhver meiri hl. hafi markað þar einhverja ákveðna stefnu gegn einhverjum minni hl. Sumir virðast helzt hafa haldið, að fulltrúar stúdenta væru þar í minni hl. Frá því að þessi stjórn var sett á laggirnar, hafa allar reglur, sem um úthlutun lána og styrkja hafa verið settar, verið settar með atkv. fulltrúa stúdenta, bæði úr Háskóla Íslands og fulltrúa SÍNE, eins og félagsskapur íslenzkra stúdenta erlendis nú heitir. Menntmrn. hefur aldrei haft nokkur afskipti af þeim reglum, sem settar hafa verið, hvað þá af úthlutun styrkja úr sjóðnum, sem er ekki þess verk, heldur er stjórnin til þess sett að framkvæma þá úthlutun. Rn. hefur einvörðungu staðfest þær till., sem shlj. hafa verið gerðar um þær reglur, sem farið hefur verið eftir. En í mjög stórum dráttum eru þessar reglur þannig, að á fyrsta ári fá námsmenn í lán og styrk um það bil 40% svo nefndrar umframfjárþarfar, og síðan hækkar lánið og styrkurinn upp í 80%, stig af stigi, þegar námið tekur 6 ár. En með umframfjárþörf er átt við reiknaðan framfærslukostnað hér á Íslandi og erlendis, en hann er mismunandi eftir einstökum löndum, að frádregnum þeim tekjum, sem hlutaðeigandi námsmaður hefur haft. Lán og styrkir nema m. ö. o. sem svarar 40% af því, sem námsmaðurinn þarf á að halda á fyrsta ári umfram það fé, sem hann hefur til ráðstöfunar fyrir eigin vinnu. Og þessi 40% á fyrsta ári aukast smám saman upp í 80% á sjötta ári námsmannsins.

Fjárveitingar í þessu skyni til styrktar íslenzkum námsmönnum erlendis hafa farið mjög vaxandi á undanförnum árum. Ég skal ekki þylja margar tölur um þetta, heldur láta einfaldar upplýsingar nægja.

Á árinu 1966 nam framlag ríkissjóðs samkv. fjárl. í lánasjóðinn um 14 millj. kr. Á þessu ári nema framlög ríkissjóðs 60 millj. kr. Til viðbótar framlagi ríkissjóðs hefur lánasjóðurinn viðtæka samninga við bankakerfið um að lána fé til viðbótar til lána og styrkja handa námsmönnum, auk þess sem sjóðurinn hefur nokkrar tekjur af eigin fé. Ráðstöfunarfé lánasjóðs námsmanna var 1966 19 millj. kr., en er nú á þessu ári 82 millj. kr. og hefur þannig meira en fjórfaldazt. Tala íslenzkra námsmanna hér, sem njóta lána og styrkja úr sjóðnum, er um 700, en tala íslenzkra námsmanna erlendis, sem njóta lána og styrkja, er um 600, þannig að sjóðurinn styrkir um 1300 íslenzka námsmenn heima og erlendis í ár. En fyrir 5 árum var þessi tala 950. Það gefur því auga leið, að lán og styrkir til íslenzkra námsmanna hafa aukizt miklu meir en nemur fjölgun þeirra hér heima og erlendis, þar sem þeim hefur fjölgað úr 950 í 1300, en lán og styrkir hafa á sama tíma aukizt úr 19 millj. í 82 millj. Er þessi aukning á fénu svo mikil, að hún gerir mun meira en að vega upp á móti þeirri aukningu framfærslukostnaðar, sem orðið hefur hér heima og erlendis. Á undanförnum 5 árum hefur því raungildi lánanna og styrkjanna farið vaxandi á hvern nemanda. Þó var sú mikilvæga breyting gerð á árinu 1967 með nýrri lagasetningu, að stúdentar á fyrsta og öðru ári, sem fram til þess tíma fengu hvorki lán né styrki, voru þá teknir með í hóp þeirra, sem fá lán og styrki, þannig að síðan 1967 fá allir íslenzkir námsmenn heima og

erlendis lán og styrki frá fyrsta ári og til loka námsins.

Auðvitað væri æskilegt að geta haft þessi lán og þessa styrki enn meiri en þau eru, og að því er stefnt ár frá ári, eins og reynsla undanfarinna ára sýnir, að þessir liðir hækki. Ég hygg, að það sé ekki langt frá sannleikanum, þegar ég segi, að fáir liðir fjárlaganna íslenzku hafi hækkað hlutfallslega jafnört á undanförnum árum og einmitt fjárlagaliðurinn til styrktar íslenzkum námsmönnum heima og erlendis, og það er vel. En ég endurtek það, að hér þarf enn um að bæta, og á næstu árum verður vonandi áfram haldið eins og á undanförnum árum, að stuðningur við íslenzka námsmenn vaxi hlutfallslega meir en nemur fjölgun þeirra heima og erlendis og nemur aukningu framfærslukostnaðar hér og annars staðar.

Þessar upplýsingar taldi ég rétt, að hv. þm. og raunar þjóðin öll fengi, þegar jafnraunalegir atburðir gerast og þeir, sem gerðust nú fyrir hádegið í Stokkhólmi.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir þessa frásögn hans. Við alþm. erum nú nokkru fróðari um þessa atburði en við vorum áður. Ég veit ekkert um þessa atburði annað en það, sem var hér í hádegisfréttum og hæstv. ráðh. hefur sagt hér áðan. Hins vegar var frá því greint í hádegisfréttum útvarpsins, að námsmennirnir mundu senda frá sér greinargerð eða hefðu þegar gert það og hún mundi verða birt í útvarpinu síðar í dag, en mér virtist sem hæstv. ráðh. hefði ekki fengið hana í hendur enn þá.

Hæstv. ráðh. tók nokkuð mikið upp í sig, fannst mér, af þessu tilefni og notaði tilfinningaorð, talaði um reginósvinnu, alvarlegan blett á heiðri íslenzkra námsmanna erlendis og heiðri Íslands, held ég, að hann hafi sagt. Og hann fór fram á það, að ég tæki þátt í því með sér að harma þessa atburði.

Ég harma það mjög, að íslenzkir námsmenn erlendis hafi talið óhjákvæmilegt að grípa til slíkra ráðstafana til þess að vekja athygli á hinni erfiðu aðstöðu sinni. Ég held, að það hafi ekki farið fram hjá neinum hv. þm., að samþykktum og greinargerðum frá þessum námsmönnum hefur hreinlega rignt yfir okkur seinustu árin, frá því að gengislækkanaskriðan síðasta dundi yfir, þegar gengi erlends gjaldeyris var hækkað um meira en helming. Það ætti að vera á allra vitorði, að þær gengislækkanir skertu mjög stórlega tækifæri námsmanna til þess að stunda nám erlendis. Enda þótt hæstv. ráðh. birti hér tölur um hækkaðar upphæðir úr lánasjóðum og styrktarsjóðum, þá er það engu að síður staðreynd, að almenna reglan hefur verið sú að láta styrki og lán halda sér óbreytt í erlendum gjaldeyri. Það hefur verið almenna reglan. En því, sem á milli ber styrkjanna og lánanna og hins vegar þeirra fjármuna, sem stúdentar ráða yfir, hefur öllu saman verið velt á námsmenn, og það er svo, að verulegur hluti námsmanna hefur kiknað undir þessari byrði eða er að kikna undir henni. Og þetta er fullkomlega alvörumál.

Raunar hefur hæstv. ríkisstj. viðurkennt það sjálf, að þetta sé mikið alvörumál. Fyrir nokkrum árum gerðust þau tíðindi, þegar hæstv. forsrh. kom til Stokkhólms, þá sátu fyrir honum þar íslenzkir námsmenn og þeir greindu honum frá erfiðleikum sínum, og það leiddi til þess, að forsrh. Íslands fór fram á það við sænsk stjórnarvöld, að þau legðu fram fé til þess að aðstoða íslenzka námsmenn í Svíþjóð. Ég hef áður vikið að þessum atburði hér í þinginu og sagt, að mér hafi fundizt þarna vera lotið lágt. Við þurfum ekki á þessu að halda. En þetta gerði hæstv. forsrh., og með þessu viðurkenndi hann, að aðstaða íslenzkra námsmanna í Svíþjóð og annars staðar erlendis er ekki sambærileg við þá aðstöðu, sem námsmenn í þessum löndum hafa. Mér er kunnugt um það, að í Svíþjóð er þannig háttað lánum og styrkjum frá opinberum aðilum, að þar er að verða um raunveruleg námslaun að ræða, menn eiga kost á því að fá af opinberu fé þá upphæð, sem þeir þurfa, sem samsvarar umframfjárþörfinni. Ég held, að það sé ekkert vafamál, að að þessu verðum við einnig að stefna. Og við eigum ekki að læsa okkur inni í einhverri hneykslun út af því, að atburðir séu ekki í samræmi við það, sem mönnum kann að finnast viðeigandi. Þessi atburður sýnir, að þarna er um mikið alvörumál að ræða, og við eigum að bregðast þannig við að greiða úr þessum mjög alvarlegu vandkvæðum. Ég tel, að Alþ. ætti ekki að fara heim núna án þess að kynna sér þetta mál til hlítar og án þess að tryggja þá fjármuni, sem til þarf að rétta hlut námsmanna þannig, að svo og svo margir þeirra verði ekki að hætta við nám í miðjum klíðum og hverfa hingað heim. Það er mikið alvörumál og tilfinningamál fyrir ungt fólk, og við skulum ekki undrast, að það grípi til sinna ráðstafana, þegar þannig stendur á.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hæstv. forsrh. er ekki staddur á Alþ. í dag, en ég hygg mig muna það rétt, að hann hafi áður andmælt þeirri frásögn hv. þm., sem hann hefur viðhaft áður hér á hinu háa Alþ., að hann sem forsrh. hafi farið fram á það við sænsk stjórnvöld, að þau styrktu íslenzka námsmenn. Það, sem hér mun vera um að ræða og hv. þm. fer ekki rétt með, er það, að á þingi Norðurlandaráðs mun hafa borið á góma í umræðum, – ég veit ekki, hvort um það var nokkurn tíma flutt formleg till., – hvort það væri hugsanlegt, að íslenzkir námsmenn og þá væntanlega námsmenn annarra Norðurlanda, utan Svíþjóðar, sem stunduðu nám í Svíþjóð, gætu notið aðildar að sænska námslána- og námsstyrkjakerfinu. En Svíar búa við einna fullkomnast námslánakerfi fyrir stúdenta í víðri veröld. Þetta mál mun eitthvað hafa verið rætt í umr. á þingi Norðurlandaráðs og eitthvað verið rætt milli þingfulltrúa á því þingi. En niðurstaðan, eins og við var að búast og algerlega eðlilegt var, hefur orðið sú, að sænsk yfirvöld hafa sagt, að þau gætu ekki veitt erlendum stúdentum aðgang að námslánakerfi sínu. Ég held, að sú niðurstaða hafi engum þurft að koma á óvart og í raun og veru engum komið á óvart, þannig að þetta mál hefur mér vitanlega ekki verið á dagskrá síðan þetta umrædda Norðurlandaráðsþing var haldið í Stokkhólmi fyrir nokkrum árum. Þetta hygg ég vera sannleikann í málinu og að forsrh. hafi þegar, a. m. k. einu sinni áður, tekið fram þessar staðreyndir sem hinar réttu í málinu.

Að því er það snertir, sem hv. þm. sagði, að þeirri meginreglu hafi verið fylgt að auka lán og styrki til íslenzkra námsmanna erlendis sem svarar gengisbreytingunum tveimur, sem átt hafa sér stað á undanförnum

árum, þá er það rétt, að það hefur verið gert. Gengislækkanirnar báðar voru að fullu bættar íslenzkum námsmönnum erlendis, bæði að því er snertir lánveitingar til þeirra og styrki. En það var gert meira. Fjárveitingarnar voru auknar meira en þessu nam. Ég vil ekki halda því fram, að þær hafi verið auknar svo mikið, að kaupmáttur heildarteknanna hafi getað haldizt óbreyttur, enda varla við því að búast, þar sem Íslendingar sjálfir hér heima fyrir urðu að sætta sig við milli 15 og 20% kjararýrnun vegna áfallanna á árunum 1967–1968. Það gefur auga leið, að 15–20% kjararýrnun allra Íslendinga heima fyrir, sem kom í kjölfar um það bil 50% minnkunar útflutningstekna, hlaut einnig að einhverju leyti að bitna á þeim Íslendingum, sem nám stunda erlendis, og kannske eitthvað meira á þeim vegna þess, að framfærslueyrir þeirra er allur í erlendum gjaldeyri. En ég legg á það áherzlu, að Alþ. og ríkisstj. hafa gert sér far um að draga sem mest úr því, að þessi áföll skyllu óeðlilega þungt á íslenzkum námsmönnum erlendis. Hinar stórauknu fjárveitingar undanfarinna ára bera vitni um góðan vilja Alþ. og stjórnarvalda til þess að gera íslenzkum námsmönnum erlendis þessi áföll sem bærilegust. Og ég endurtek það, sem ég sagði áðan, að ég vona það og treysti því, að áframhald verði á þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið um það að auka fáa, ef nokkurn útgjaldalið íslenzkra fjárl. örar en einmitt þann, sem gengur til þess að styrkja íslenzka námsmenn heima og erlendis.

Að síðustu vil ég ljúka orðum mínum með því að harma það, að hv. þm. skuli ekki hafa borið gæfu til þess að taka eindregna afstöðu gegn þeim leiðinlegu tíðindum, sem gerðust í Stokkhólmi í morgun. Ég er sannfærður um það, að íslenzkir stúdentar erlendis almennt fordæma þessar aðgerðir. Gleggsta vísbendingin um það er sú, að aðeins um 15 skuli hafa tekið þátt í þeim af mörgum tugum, ef ekki á annað hundrað íslenzkra námsmanna í Svíþjóð. Fregnirnar báru auk þess greinilegan vott þess, að tilætlunin var, að sams konar aðgerðir ættu sér stað í Osló og Kaupmannahöfn. Fyrst ég hef engar fregnir um þær fengið frá utanrrh. til þessarar stundar, þá vona ég, að til þeirra aðgerða hafi ekki komið. Þær voru fyrirhugaðar, þær voru skipulagðar, fyrir því hef ég orð forustumanna stúdentanna í Stokkhólmi sjálfra. En hafi ekki orðið af þeim, sem ég vona, þá bendir það ótvírætt til þess, að íslenzkir stúdentar í Kaupmannahöfn og Osló eru ekki hrifnir af slíkum vinnubrögðum, og því fagna ég sannarlega.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég hygg nú, að við séum allir sammála um það hér innan þessara veggja, að þeir atburðir, sem gerzt hafi í Stokkhólmi, séu ekki æskilegir. En það út af fyrir sig þarf engum að koma á óvart, þó að ókyrrð verði meðal íslenzkra námsmanna erlendis í einhverri mynd, kjörin eru orðin þannig. Mér a. m. k. kemur það út af fyrir sig ekki á óvart, þó að eins og ég segi, ég viðurkenni það fyllilega, að slíkir atburðir eru ekki æskilegir. Ég hef fyrir nokkru ásamt hv. 1. þm. Austf., Tómasi Árnasyni, er þá sat á þingi í forföllum Eysteins Jónssonar, flutt till. til þál. um að skora á ríkisstj. að endurskoða lög og reglur um stuðning við íslenzka námsmenn erlendis með þá stefnu í huga að koma á námslaunakerfi, svo fljótt sem við verður komið.

Ég held alveg óhætt að segja, að það sé orðið lýðum ljóst, að þau almennu kjör, sem búin eru íslenzkum námsmönnum við æðri skóla, séu orðin slík, að efnalitlir eða efnalausir nemendur eigi ekki kost á því að njóta æðri menntunar, nema þá aðstandendur geti hlaupið þar undir bagga. Nú er þannig háttað, að lögbundinn, almennur stuðningur er einkum veittur í formi lána að viðbættum ferðastyrkjum. Ekki þekki ég annað af persónulegum viðskiptum við lánasjóð íslenzkra námsmanna. Hann er veittur sem lán að viðbættum ferðastyrk. Og lánin fara lækkandi, eftir því sem menn vinna sér inn tekjur á sumrin. Þetta var ekki svona áður. En þetta þýðir í framkvæmdinni, að dugmiklir og efnalitlir námsmenn, sem sækja sína vinnu af kappi, fá bara brot af þeim lánum, sem hinir fá, sem ekki sækja vinnu, t. d. af því að þeir eiga efnaða foreldra. Ég álít, að það sé ekki fræðilegur möguleiki til þess, að íslenzkur námsmaður erlendis geti að sumrinu unnið það inn, sem vantar til þess, að lánin hrökkvi. Og þá verður það ekki hæfni nemandans, heldur efnahagur aðstandandans, sem ræður því, hvort menn geta stundað þetta nám, því að ég a. m. k. álít það alveg útilokað, að menn geti fleytt sér á víxlum með það, sem þarna vantar upp á.

Nú geta lán, það er satt, þau eru nokkuð há að krónutölu, og þau geta í löngu námi erlendis farið allt upp í 800 þús. kr. En stefnir þetta ekki alveg í vegginn líka? Hvernig er hægt að hugsa sér það, að ungt fólk, með því almenna launakerfi, sem er í þessu landi, geti staðið undir allt að 800 þús. kr. lánum, samhliða því sem það er að mynda heimili og koma sér upp húsi yfir höfuðið. Ég held, að þetta sé alveg komið í mát. Með þessum orðum er ég ekki endilega að deila á einn eða annan. En við skulum bara gera okkur grein fyrir því, að þetta er svona.

Ráðh. fór með nokkrar tölur, sem hann taldi sönnun um það, að fjárveitingar til þessara mála á fjárl. hefðu farið vaxandi. En þrátt fyrir það leyfi ég mér að fullyrða, að ástandið hefur versnað hjá erlendum námsmönnum, og ég tala þar af nokkurri reynslu. Þetta er skiljanlegt, ef við aðeins lítum á það, sem gerzt hefur á síðustu árum: Í fyrsta lagi gengisbreytingarnar, í öðru lagi miklu, miklu þrengri vinnumarkaður á sumrin, í þriðja lagi skerðing lánanna vegna tekna, sem ég hygg að sé nýtt ákvæði, og svo í fjórða lagi afnám almennu styrkjanna. En fyrir nokkrum árum var það svo, að á síðari hluta námstímans var meiri hluti hins almenna stuðnings veittur sem styrkur, en ekki lán, eins og nú er. Og þegar maður lítur bara á þetta, þá er það engin furða, þó að hagur námsmanna hafi raunverulega versnað þrátt fyrir hærri framlög á fjárlögum í íslenzkum krónum talið.

Hæstv. ráðh. sagði svo að síðustu um þetta, að raungildi lána og styrkja hefði farið vaxandi á þessum árum. Það er ekki til nokkurs skapaðs hlutar, hvorki fyrir hæstv. ráðh. né nokkurn lifandi mann annan, að segja þetta. Íslenzkir námsmenn erlendis, svo að við höldum okkur nú bara við þann þátt, þeir vita ósköp vel, að þetta er ekki svona, og þeir, sem hafa unnið að því að greiða fyrir íslenzkum námsmönnum erlendis, vita það

líka fullvel, að þetta stenzt ekki. Ég hef að sjálfsögðu ekki hér á þessari stundu í höndum tölur um þetta efni, enda yrði allt of langt mál að fara að rekja það hér lið fyrir lið utan dagskrár, en þetta stenzt engan veginn.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr., það er næsta tilgangslítið, en ég vil aðeins vekja athygli á því, að það er hvorki á færi hæstv. menntmrh. né á mínu færi að fullyrða neitt um það, hvernig íslenzkir námsmenn á Norðurlöndum líta á þessa atburði, um það vitum við hreinlega ekki neitt, og þýðir lítið að vera með staðhæfingar af því tagi hér úr þessum stól. Ég held líka, að það sé ákaflega tilgangslítið að vera með þungar fordæmingar, eins og hæstv. ráðh. var hér með áðan. Það hljóta allir að vera sammála um það, að til slíkra atburða eigi ekki að koma. En ábyrgðin á þessum atburðum hvílir ekki á þeim ungu mönnum, sem gripu til þessa ráðs í morgun, heldur hvílir hún á mönnum, sem sitja hér inni í þessum sal.

Það hefur verið vakin athygli á því árlega og oft á ári, að aðstoð okkar við námsmenn erlendis hefur verið allt of lítil. Ég hef tekið þátt í því hér á hverjum vetri að flytja till. um hækkaðar fjárveitingar, og við höfum reynt að færa rök að því, að þetta hafi verið óhjákvæmilegt. En þessu hefur ekki verið anzað, og það er þess vegna, sem gripið er til aðgerða, sem vekja athygli. Og ég vil leggja á það mikla áherzlu, að menn eiga að læra af reynslu eins og þessari, ekki með fordæmingu, heldur með því að bæta úr ágöllum, sem eru orðnir algerlega óþolandi.

Ég vil leggja á það áherzlu, sem ég sagði hér áðan, að ég tel það vera skyldu Alþ. að skoða þetta mál til fullnustu og grípa til sinna ráðstafana, áður en þingið er sent heim nú í vor.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson, 5. þm. Austf., sagði, að ekki þýddi fyrir mig eða nokkurn annan að bera það á borð, að raungildi aðstoðar íslenzka ríkisins við íslenzka námsmenn heima og erlendis hefði aukizt á undanförnum árum. Þetta er engu að síður staðreynd, ómótmælanleg staðreynd. Hitt er annað mál, að með því er ekki sagt, að allur vandi íslenzkra námsmanna sé leystur, og það er eflaust rétt, að þrátt fyrir aukna aðstoð í raunverulegum krónum og gjaldeyri, sem hefur átt sér stað, þá óski námsmennirnir eftir meiri aðstoð. Um þær óskir er mér fullkunnugt. Ég hef fyrir mitt leyti jafnan verið allur af vilja gerður til þess að mæta þessum óskum svo sem frekast er unnt, en það verður að segjast umbúðalaust, að atburðirnir í morgun létta þá baráttu ekki.

Ég hef í morgun beðið stjórn lánasjóðs íslenzkra námsmanna að semja grg. um þetta mál allt saman, og geri ég ráð fyrir, að hún verði birt í blöðum á næstunni, til þess að allur almenningur geti um það dæmt, hver aðstoðin raunverulega er. Ég tel nauðsynlegt að upplýsa það og hvernig hún hefur breytzt á undanförnum árum. Þær upplýsingar eru til, áttu raunar að hafa verið birtar þegar í tilefni af þeim miklu skrifum og orðsendingum, sem íslenzkir stúdentar hafa sent hingað heim að undanförnu. Það, sem mér hefur borizt af þessu efni, hef ég jafnan sent til stjórnar lánasjóðsins með ósk um það, að því yrði svarað af stjórn lánasjóðsins sjálfri og samin grg. um það, hvernig þessi mál stæðu. Mér var sagt í morgun, að sú grg. væri í rauninni fullsamin og geti orðið birt í blöðum og öðrum fjölmiðlunartækjum einhverja næstu daga, og þá geta bæði hv. alþm. og þjóðin öll fengið sanna og rétta mynd af málinu.

En það skal ég enn segja, að þó að aðstoðin hafi aukizt mikið á undanförnum árum, þá tel ég mjög æskilegt, að sú aukning geti haldið áfram og með sem hröðustum skrefum.

Að síðustu þetta: Hv. þm. Magnús Kjartansson sagði, að ábyrgðin á því, sem gerzt hefði í Stokkhólmi í morgun, hvíli ekki á herðum stúdentanna sjálfra, ekki þeirra manna, sem gerðu það, sem átti sér stað, heldur á herðum manna hér innan veggja hins háa Alþ. Aldrei þessu vant er ég sammála hv. þm. Ábyrgðin á þessum hlutum hvílir á herðum hans og skoðanabræðra hans í íslenzkum stjórnmálum.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég vil ekki þola neinn misskilning á milli mín og hæstv. ráðh., því að ég finn, að þrátt fyrir allt, þá verður nú tekið á þessum málum og verður reynt að bæta úr. Og þá veitir ekki af, að við höfum þar um allir nokkra samvinnu. En misskilningurinn, sem mér sýnist gæta núna, er sá, að þegar hæstv. ráðh. talar um raungildi framlaganna til námsmanna, þá talar hann um hluta ríkissjóðsins. Ég skal ekki bera brigður á þær tölur. En það, sem ég er að tala um, er hlutur námsmannanna, sem nú berjast við að halda áfram námi sínu erlendis. Það er hann, sem ég segi að standi verr og miklu verr nú en hann gerði fyrir nokkrum árum.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Mér þótti nokkuð miður, þegar hv. síðasti ræðumaður, 5. þm. Austf., tók hér fyrst til máls, að þá snerist ræða hans að mestu leyti um það að gagnrýna kerfi það, sem við eigum nú við að búa í sambandi við möguleika til lána og styrkja til íslenzkra stúdenta. Það er mál út af fyrir sig. En það var ekki það mál, sem var hér til umr. utan dagskrár, og mér þótti lint til orða tekið af þessum hv. þm., sem ég veit, að er í alla staði hinn sómakærasti, að segja sem svo, að atburðir eins og þessir, sem áttu sér stað í Stokkhólmi í morgun, séu ekki æskilegir.

Ég tel ekki ástæðu til þess að vera á þessu stigi að deila um fyrirkomulag lánakerfisins. Eins og bent hefur verið á, hefur verið reynt, eftir því sem hægt er, að bæta úr því á undanförnum árum, þrátt fyrir mikla efnahagsörðugleika, sem þjóðin hefur átt við að búa. Og það verða menn að skilja, að eins og almenningur hér á landi hefur þurft að búa við skert kjör á undanförnum árum, þá kemur það að einhverju leyti líka niður á námsmönnum, og kannske mjög þungt niður á ýmsum námsmönnum. En það hefur verið af hálfu ríkisvalds og stjórnvalda hér, Alþ. og fjárveitingavaldsins, reynt að bæta úr því eftir föngum.

En ekki fleiri orð um það. Það, sem leiddi til þess, að ég kvaddi mér hljóðs hér, voru orð hv. 6. þm. Reykv., að ábyrgðin á þessum atburðum hvíldi á alþm. Ég vil ekki láta ómótmælt slíkum ummælum eins og þessum. Hér er um mjög alvarlegt lögbrot að ræða, mjög alvarlegt.

Ég skal ekki gera mig að neinu leyti að dómara yfir þeim aðilum, sem hér eiga hlut að máli, en það væri auðvitað ósköp auðvelt á sama hátt að segja um hvers konar lögbrot, sem framið er, að það hvíli á þeim, sem hér eru innan veggja Alþingis.

En það vill nú svo til, að það eru nokkur sannindamerki í þessu máli um það, hvar ábyrgðin er og á hverjum ábyrgðin hvílir. Það var nefnilega töluvert mikið af rauðum kommúnistadruslum með í förinni, sem hengt var utan á sendiherrabústaðinn, og þar voru stimplarnir, sem nægjanlega sanna það, hvar ábyrgðarmannanna er í raun og veru að leita.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Mér finnst nokkur galli vera á málflutningi hæstv. dómsmrh. og hæstv. menntmrh. í þessu máli. Hæstv. menntmrh. sagði, að hann mundi beita sér fyrir því að birta skýrslur um það, hvað liði reglum um lánveitingar og styrkveitingar til íslenzkra námsmanna, og var greinilegt á hans ræðu, að hann ætlaði sér að reyna að sanna það, að framlög hins opinbera til íslenzkra námsmanna hefðu verið hækkuð. Og hæstv. dómsmrh. sá það einna helzt í þessu máli, að það mundi vera hægt að kenna einhverjum vondum kommúnistum um þessa atburði.

Ég held, að það geti ekki leikið neinn vafi á því, að allir hv. alþm. viðurkenni, að íslenzkir námsmenn erlendis eru í vanda staddir fjárhagslega vegna þess, hvernig fjárhagsmálin hafa þróazt á undanförnum árum. Ég þykist eiginlega hafa heyrt það hér í umr. á Alþ. að undanförnu, að þetta viðurkenna svo að segja allir, enda hafa hér verið að koma fram till. frá ýmsum aðilum um, að það þurfi að endurskoða þessar reglur og hér þurfi um að bæta.

Þeir atburðir, sem nú hafa gerzt erlendis og birtast með þessum sérstaka hætti, eiga sér vitanlega stað vegna þess, að hér er um stórkostlegt vandamál að ræða. Ég álít því, að aðalatriði þessa máls sé raunverulega ekki að deila um það fram og til baka, hvað lán til íslenzkra námsmanna hafa hækkað um margar krónur í gengislækkunarflóði síðustu ára eða hversu oft hæstv. dómsmrh. getur komið með einhverjar getsakir um það, að þetta sé að kenna þessum eða hinum manni eða þessum eða hinum flokknum. Aðalatriði málsins er auðvitað það, hvernig er meiningin að taka á þessu vandamáli. Það getur verið hægt að taka á því þannig, eins og hæstv. menntmrh. orðaði það í upphafi síns máls, að utanrrh. Íslands biður sænsk stjórnarvöld um það að ýta hinum íslenzku námsmönnum út úr sendiráðinu og reyna að koma í veg fyrir, að þeir verði út af fyrir sig fangelsaðir fyrir þá atburði, sem þarna hafa átt sér stað. En jafnvel þótt þeim sé stjakað út úr sendiráðinu, þá er málið ekki leyst. Jafnvel þó að hæstv. menntmrh. birti einhverjar töflur um það, hvernig lánin hafa breytzt á undanförnum árum, þá leysist ekki málið. Það, sem getur aðeins gerzt í þessum efnum, ef menn lemja á þennan hátt höfðinu við steininn og neita að mæta þeim vanda, sem við er að glíma, er það, að það gerist svipaðir atburðir annars staðar, og menn fái nýtt hneykslunarefni um að tala.

Vitanlega er aðalatriðið í þessu máli, að ríkisstj. kynni sér þann vanda til hlítar, sem hér er við að glíma, og að hún reyni að leysa úr vandanum. Þessir íslenzku námsmenn erlendis eru í vanda staddir. Þeir hafa sumir gefizt upp fjárhagslega, aðrir eru að þrotum komnir. Það er mergurinn málsins. Spurningin er: Hvernig er hægt að mæta þessum vanda, hvernig er hægt að leysa vandamálið? Það er aðalatriðið. Ég vildi sem sagt með mínum orðum beina því til hæstv. ríkisstj., að hún líti nú á þetta mál með raunhæfari augum en hér hefur komið fram hjá hæstv. ráðh., hún fáist til þess að taka á vandamálinu og reyni að leysa það, en ekki að fara hér út í þrotlausar deilur og karp um það, sem í rauninni er aukaatriði þessa máls, því að aðalatriðið er auðvitað þetta, að leysa vanda námsmannanna, greiða úr þeirra vanda, og ég held, að það geti enginn vafi leikið á því, að það verði að gera það með auknum fjárframlögum.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Hv. 4. þm. Austf. kemur nú með enn eina nýja skýringu, að atburðirnir eigi sér stað, af því að um vandamál er að ræða. Eigum við þá að ganga inn á það, að menn megi fremja mjög alvarleg lögbrot, ef því er að skipta, ef einhver vandamál ber að höndum? Auðvitað vitum við, að um vandamál er að ræða, og við þessi vandamál hefur þingið verið að glíma undanfarin ár og reynt að bæta úr, og það er áreiðanlega mjög mikill vilji hjá þm. yfirleitt og öllum skulum við segja til að bæta úr þeim vanda, sem hér er við að glíma. En á sama tíma viðurkenna ekki þm. slíkt háttalag eins og þetta. Og það er ekki ríkisstj., sem hefur stofnað til neinna deilna eða karps í þessu máli, heldur er það innleitt af öðrum, og það er ástæðulaust að hvetja ríkisstj. til þess að líta á vandamálið raunhæfum augum og leysa úr málinu. Mér er nær að halda, að það muni margur maðurinn á Íslandi í dag vera þeirrar skoðunar, að slíkir atburðir ættu að leiða til endurskoðunar á því, sem greitt er íslenzkum námsmönnum erlendis í styrki og lán, sem þannig hegða sér. Þetta er eðlilegt hugarfar hjá fólki. Ég held þess vegna, að slíkt eins og þetta sé því miður mjög líklegt til þess fremur að spilla almenningsáliti á því, hvað mikið á að gera fyrir slíka námsmenn erlendis, eins og þeir atburðir bera vitni, sem hér eru að eiga sér stað. Hitt er annað mál, að það hefur engin áhrif á alþm., og þeir munu í sínum fjárveitingum og styrkveitingum til námsmannanna sýna fullt umburðarlyndi þessum ungu mönnum, sem þarna eiga hlut að máli. En því miður held ég, að þeim hafi missýnzt, að þeir, sem þarna áttu hlut að máli, hafi því miður gripið til ráða, sem óvænlegust voru til þess að skapa þeim meiri byr í seglin um fjárveitingar og lán frá íslenzka ríkinu.

IX. Námslán.

Á 97. fundi í Nd., 4. maí, utan dagskrár, mælti

Jónas Árnason: Ég hafði næstum gleymt því. Ég er hér aftur kominn utan dagskrár, að þessu sinni að vísu af minna tilefni, en ég vona, að hæstv. forseti virði mér það til vorkunnar, að ég hef að undanförnu ekki tafið til muna þingstörf með ótímabærum ræðuhöldum. En

það var fyrir nokkrum dögum, að hér var til 2. umr. frv., sem gerir ráð fyrir því, að nemendur í framhaldsdeild Hvanneyrarskóla fái notið úr lánasjóði sambærilegra lána og aðrir úr þeim sjóði. Hv. þm. kannast við þetta frv. Í miðri þessari umr. var það skyndilega tekið út af dagskrá. Nú vil ég beina þeirri fsp. til réttra aðila, ókunnugleiki veldur því, að ég get ekki fullyrt um það, hvort það er hæstv. forseti eða ráðh., sem ætti að svara þessu, en spurning mín er þessi: Hvað hefur orðið af þessu frv.?

Forseti (MÁM): Eins og gefur að skilja og gjarnan kemur fyrir við þinglok, þá vinnst ekki tími til þess að ljúka afgreiðslu allra þeirra mála, sem lögð hafa verið fyrir þingið. Það mál, sem hv. þm. minntist á áðan, hefur verið á dagskrá fjölmargra síðustu fundi þingsins, en er eitt þeirra mála, sem ekki hefur unnizt tími til þess að ljúka afgreiðslu á, og hefur verið haft samráð við hæstv. menntmrh. um það, að afgreiðslu þessa máls geti ekki lokið á þessu þingi.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. var flutt til þess að veita fáeinum nemendum Bændaskólans á Hvanneyri aðild að lánasjóði íslenzkra námsmanna, en fyrir liggur athugun á því, að þeir geti talizt eiga hliðstætt nám að baki og námsmenn úr öðrum skólum, sem nú eiga aðild að sjóðnum. Ríkisstj. mun leggja til, að þessir menn fái námslán við næstu úthlutun úr sjóðnum. Nú hafa hins vegar verið fluttar við frv. tvær brtt. Önnur fjallar um að veita nemendum tveggja annarra skóla aðild að sjóðnum. Athugun þarf að fara fram á því, hvort þeir nemendur verða taldir eiga hliðstætt nám að baki. Hin till. fjallar um áætlun um fjárveitingar til lánasjóðsins fram til námsársins 1974–1975. Stjórn lánasjóðs íslenzkra námsmanna hefur í bréfi, dags. 11. apríl s. l., tilkynnt menntmrn., að hún sé að vinna að áætlunargerð varðandi fjármál sjóðsins fram til ársins 1975 og muni byggja till. sínar til fjárl. fyrir næsta ár á þeirri áætlun. Rétt þykir að bíða niðurstöðu þessara athugana og till. stjórnar lánasjóðsins áður en afstaða er tekin, enda liggur nú engin vitneskja fyrir um það, hvað framkvæmd slíkrar áætlunar mundi kosta. Af þessum sökum tel ég ekki rétt, að þetta frv. verði afgreitt á þeim fáu dögum, sem Alþingi á eftir að starfa.

Ríkisstj. hefur haft lánamál námsmanna heima og erlendis til gaumgæfilegrar athugunar og er m. a., eins og áður hefur verið skýrt frá, að kanna, hvernig námsaðstoð er hagað í nálægum löndum. Með hliðsjón af niðurstöðum þeirra athugana mun hún taka till. stjórnar lánasjóðsins í fyrrnefndu bréfi til velviljaðrar athugunar við undirbúning næstu fjárlaga.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Þegar ég mælti fyrir þeirri till., sem hér hefur verið gerð að umtalsefni, um sérstaka áætlunargerð um aukningu á fjármagni lánasjóðs íslenzkra námsmanna, þá komst ég svo að orði, að það væri ekki unnt fyrir Alþingi Íslendinga að fjalla um lög um námslán og námsstyrki einvörðungu á þann hátt að framkvæma mjög litla leiðréttingu, hversu sjálfsögð sem hún væri, vegna þess að þetta væri það mikið vandamál, að Alþ. gæti hreinlega ekki farið heim án þess að leggja á ráðin um að leysa það. Við vitum allir alþm., hversu mikil ólga hefur verið meðal námsmanna að undanförnu af þessu tilefni. Og þessi ólga heldur áfram. Við heyrðum það í hádegisfréttum rétt áðan, að stúdentar í Osló bíða nú í sendiráði Íslands þar í borg eftir vitneskju um það, hvað hæstv. ríkisstj. ætlar að gera í þessu máli. Og ég verð að lýsa því, að það er alveg furðulegt, að hæstv. ríkisstj. skyldi stöðva frv. um breyt. á l. um námslán og námsstyrki, vegna þess að þessi mál voru tekin þar á dagskrá í heild, því að það var augljóst, að það var verk ríkisstj. að stöðva það frv.

Sú hugmynd, sem námsmenn hafa borið fram um eflingu lánasjóðsins, er engin nýjung. Þegar þessi lög voru sett 1967, fólst það einmitt í þeim, að tilgangurinn með lánasjóði íslenzkra námsmanna ætti að vera sá að tryggja opinbera aðstoð við námsmenn, sem nægi hverjum námsmanni til að standa straum af árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til aðstöðu hans til fjáröflunar. Það er sem sé tilgangur sjóðsins að geta fullnægt þessari þörf námsmanna á Íslandi. Og þegar þetta frv. var lagt fyrir, lýsti hæstv. menntmrh. því sem miklu fagnaðarefni, að þessi lög hefðu verið sett og þetta væri tilgangur þeirra. Síðan hefur það dregizt allt of lengi, að ráðstafanir væru gerðar til þess að breyta þessu almenna orðalagi í áþreifanlegan veruleika. Og hugmyndirnar um það, að þetta verði gert fyrir 1974, eru á engan hátt óraunsæjar og í þeim felst síður en svo nokkur óbilgirni. Hins vegar hefur komið fram af hálfu hæstv. menntmrh. alveg furðuleg óbilgirni, sérstaklega í ræðum hér á hinu háa Alþ. Hann hefur leyft sér að hafa hér uppi mjög ósæmilegan munnsöfnuð og hrokafullan í garð námsmanna, sem hefur borið vott um það, að þessi hæstv. ráðh. hefur engan skilning á þeim mjög svo alvarlegu vandamálum, sem námsmenn eiga nú við að etja. Og þetta tal hæstv. ráðh. er þeim mun alvarlegra, sem það hefur orðið til þess að magna upp hvers konar fólk til þess að hafa í hótunum við námsmenn hér í blöðum og bera fram kröfur um, að þeir verði fangelsaðir eða þeim verði refsað með fjárhagslegum refsiaðgerðum, vegna þess að þeir hafi gripið til ráðstafana, sem menn eru ekki ánægðir með. Slík afstaða sem þarna hefur komið fram er þjóðfélagi okkar til hreinnar minnkunar og það alvarlegasta er, þegar ábyrgir menn eins og hæstv. menntmrh. og raunar hæstv. dómsmrh. beita sér fyrir því að reyna að egna skammsýnt fólk til slíkra ummæla í garð námsmanna.

Ég heyrði það, að hæstv. ráðh. lýsti því enn einu sinni yfir hér áðan, að þessi mál væru til athugunar og yrðu til athugunar. En svona loðin ummæli nægja engan veginn. Það á að vera ákaflega auðvelt fyrir þennan hæstv. ráðh. að lýsa því yfir, að það sé vilji hans, að að þessu verði stefnt og að þessi áætlun verði framkvæmd á 4 árum. Það er engin óbilgirni að fara fram á slíkt. Og ef hæstv. ráðh. lýsir því yfir hér nú úr þessum ræðustól, að ríkisstj. muni gera ráðstafanir til þess, að slík áætlun verði gerð, og leggja fram um það tilteknar till. í haust, þá mundi hann leggja fram skerf til þess að leysa þessi alvarlegu mál.

Fyrst þessi mál hefur hér borið á góma, þá er kannske rétt að minnast á það, að ég lagði hér fram fyrir nokkru fsp. um, hvaða ráðstafanir hæstv. ríkisstj. ætlaði að gera

til þess að tryggja sumaratvinnu skólafólks. Það er nú augljóst, að þeirri fsp. verður ekki svarað. En einnig þar er um stórmál að ræða. Þetta hefur verið mikið vandamál á undanförnum sumrum. Það leit mjög í skyggilega út í fyrrasumar. Það rættist betur úr því en menn óttuðust, en engu að síður voru tekjur námsmanna í fyrra miklu lægri en þær þurftu að vera, og einmitt það er ein af ástæðunum fyrir því, hversu hagur námsmanna er bágborinn núna. Þó að þessi fsp. mín liggi ekki formlega fyrir, þá vil ég leyfa mér að mælast til þess við hæstv. ríkisstj., að hún greini frá því hér, hvaða ráðstafanir hún hyggst gera til þess að reyna að tryggja námsmönnum atvinnu í sumar. Það mundi einnig geta stuðlað að því að auðvelda námsmönnum þessa mjög erfiðu efnahagsbaráttu, ef hægt væri að tryggja það, að menn hefðu sæmilegar tekjur fyrir sumaratvinnu sína nú á þessu sumri.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það kom enn einu sinni fram í þessari ræðu hv. 6. þm. Reykv., að hann er í einu og öllu sammála öllu því, sem gerzt hefur af hálfu íslenzkra námsmanna heima og erlendis á undanförnum vikum. Enn einu sinni kemur hann í þennan ræðustól og hefur ekki eitt fordæmingarorð að segja um þau lögbrot, sem framin voru í Stokkhólmi á sínum tíma, um þau lögbrot, sem framin voru í menntmrn. nú fyrir nokkrum dögum. Það eina, sem hann hefur að segja, er að lýsa sök á hendur mér og ríkisstj., að því er mér skilst fyrir það að bera ábyrgð á þessum atburðum og hafa sinnt hagsmunamálum námsmanna illa og lítið.

Ég skal ekki efna til neinnar efnisumr. um þetta mál að þessu sinni. Það er algerlega ástæðulaust. Það er þegar búið að taka það svo oft og rækilega fram hér á hinu háa Alþ. og í blöðum, að ríkisstj. hefur sýnt málefnum námsmanna mikinn og réttmætan og sjálfsagðan velvilja á undanförnum árum. Stuðningur við námsmenn hefur verið aukinn hröðum skrefum undanfarin ár, hefur meira en fimmfaldazt á undanförnum 5 árum, og ég hef marglýst því yfir hér í þessum ræðustól og við önnur tilefni, að það er ætlun ríkisstj. að halda áfram auknum stuðningi við námsmenn og láta hann fara hraðvaxandi. Það er ástæðulaust að segja þetta einu sinni enn. Þeir, sem þetta vilja heyra, hljóta að hafa heyrt það og hljóta að vita það. Enginn ráðh. hefur nokkru sinni sagt nokkurt orð, sem skilja megi öðruvísi en þannig, að það sé fullur vilji íslenzkra stjórnarvalda að halda áfram að stórauka stuðning við íslenzka námsmenn, bæði heima og erlendis.

Hitt er annað mál, að sú till., sem hv. þm. hefur flutt hér undirbúningslítið og algerlega rökstuðningslaust, er mjög flókin og vandasöm. Meira að segja stjórn lánasjóðs íslenzkra námsmanna hefur ekki treyst sér til þess enn að gera sundurliðaða till. um það, hvernig slíka hugsun mætti framkvæma. Það liggur enginn útreikningur fyrir á því, hvað framkvæmd þeirrar hugmyndar, sem í till. þm. felst, mundi kosta. Það liggur ekki heldur fyrir, hvort lánasjóður íslenzkra námsmanna muni óska eftir því, að hin svonefnda umframfjárþörf verði studd með lánum að öllu leyti eða upp í einhverja tiltekna hámarksprósentutölu. Það liggur ekki heldur fyrir nein till. um það, hvort stjórn lánasjóðsins hyggst framkvæma þessa miklu aukningu með sama hætti og aðstoðin hefur hingað til verið framkvæmd. M. ö. o.: ríkisstj. hefur enn engar sundurliðaðar eða rökstuddar till. fengið um það, hvað stjórn lánasjóðsins raunverulega ætlast fyrir, og í sannleika sagt er til nokkuð mikils mælzt nú að búast við því, að nokkur ráðh. eða ríkisstj. í heild geti tekið tafarlausa afstöðu til till., sem ekki liggja fyrir. Hugmyndin liggur fyrir og stjórn lánasjóðsins hefur mælt með hugmyndinni almennt, og hún hefur hlotið góðar undirtektir hjá ríkisstj. eins og kom fram í niðurlagi þeirra orða, sem ég mælti áðan.

Þá gat hv. þm. um það, að stúdentar í Osló biðu nú svars frá ríkisstj. við tilteknum óskum. Það er rétt, að til okkar í utanrrn. var í morgun hringt frá sendiráðinu í Osló og frá því skýrt, að 28 stúdentar – eða 27 stúdentar og frú Guðrún Brunborg – hefðu komið í sendiráðið án þess að gera boð á undan sér og sætu á gólfinu í sendiráðinu til þess að bíða svars við orðsendingu, sem sendiherrann las fyrir mér í síma. Og að gefnu þessu tilefni er rétt, að ég skýri hv. þm. frá því, hvernig sú orðsending hljóðar:

„Við undirritaðir námsmenn í Osló og Ási hefjum setu í sendiráði Íslands í Osló mánudaginn 4. maí kl. 11 fyrir hádegi. Til þessara aðgerða stofnum við:

1. Til að krefja ríkisstj. skýrra svara strax við till. SÍNE.

2. Til mótmæla við stefnu ríkisstj. í hagsmunamálum námsmanna.

3. Til að votta stuðning okkar við undangengnar aðgerðir námsmanna heima og erlendis.

4. Til að mótmæla beitingu lögregluvalds gegn friðsamlegum aðgerðum námsmanna erlendis 20. og 25. apríl. (20. apríl var dagur atburðanna í Stokkhólmi og heima þann 25. apríl s. l., þ. e. dagur atburðanna í menntmrn.)

5. Til að mótmæla persónulegum ofsóknum gegn námsmönnum þeim, sem framkvæmdu mótmælaaðgerðir í Stokkhólmi 20. apríl s. l.

6. Til að mótmæla þeirri ólýðræðislegu meðferð, sem málið hefur hlotið á Alþingi.

Aðgerðirnar eru friðsamlegar og beinast ekki gegn starfsliði sendiráðsins.

Oslódeild SÍNE.
Ásdeild SÍNE."

28 undirskriftir að meðtalinni frú Guðrúnu Brunborg.

Þessu svaraði ég, að höfðu samráði við ríkisstj., samstundis með eftirfarandi orðsendingu til stúdentanna:

„Hinn 17. apríl s. l. barst menntmrn. bréf frá stjórn lánasjóðs íslenzkra námsmanna, þar sem segir m. a.:

„Stjórn lánasjóðs íslenzkra námsmanna samþykkir að beina þeim tilmælum til menntmrn., að á næstu árum skuli námsaðstoð hækka í áföngum þannig, að markmiði 2. gr. laga um námslán og námsstyrki verði náð við úthlutun á árinu 1975."

Ríkisstj. hefur haft lánamál námsmanna heima og erlendis til gaumgæfilegrar athugunar og er m. a., eins og áður hefur verið skýrt frá, að kanna, hvernig námsaðstoð er hagað í nálægum löndum. Með hliðsjón af niðurstöðum þeirrar athugunar mun hún taka till. stjórnar lánasjóðsins í fyrrnefndu bréfi til velviljaðrar athugunar við undirbúning næstu fjárlaga."

Stúdentarnir í Osló og Guðrún Brunborg hafa því fengið sitt svar.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Í ræðu minni áðan spurðist ég m. a. fyrir um það, hvaða ráðstafanir hæstv. ríkisstj. ætlaði að gera til þess að tryggja sumaratvinnu námsmanna. Hæstv. menntmrh. láðist algerlega að svara þessari spurningu, og hafi það verið gleymska af hans hálfu, þá vona ég, að hann bæti úr því hér á eftir, því að hér er vissulega einnig um mikið stórmál að ræða. Við ræddum þetta raunar í lok síðasta þings. Þá bar ég hér fram formlega fsp. um þetta atriði og henni var þá svarað af hæstv. ráðh., Eggert G. Þorsteinssyni. Ég geri ráð fyrir, að þm. muni eftir því svari. Í því fólst það, að hæstv. ríkisstj. hafði þá hreinlega ekkert gert. Hins vegar leiddu umr. hér á þingi og utan þings til þess, að ríkisstj. beitti sér fyrir því, að lagðar voru fram þá 10 millj. úr atvinnumálasjóði gegn því, að sveitarfélög legðu fram á móti hliðstæða upphæð. Einnig var þrýst á ýmsa atvinnurekendur að aðstoða námsmenn við að fá vinnu, þannig að úr þessu rættist ögn betur en horfur voru á í fyrra. En ég tel, að það sé mikil nauðsyn, að gerðar verði ráðstafanir nú til þess að tryggja fulla sumaratvinnu fyrir námsmenn. Það er mikið og erfitt vandamál, fjölþætt vegna þess að þetta er mjög stór hópur, en þetta er ákaflega brýn nauðsyn, eins og ástandið er nú með fjárhag námsmanna.

Um svör hæstv. ráðh. þarf ég ekki margt að segja. Hann vakti enn þá athygli á því, að ég hefði ekki haft uppi nein fordæmingarorð um lögbrot námsmanna. Það er alveg rétt. Það verða vissulega nægilega margir til þess þessa dagana að hella fordæmingum yfir námsmenn og taka upp í sig hin stærstu orð um það efni. Ég hef áður sagt það hér og ég get endurtekið það, að að sjálfsögðu er það afstaða okkar allra, að til slíkra atburða þurfi ekki að koma. En ástæðan til þess að til þeirra kemur er ekki nein vonzka einstakra námsmanna eða ofstæki í þeim, heldur það efnahagsástand, sem er gersamlega óþolandi. Og mér finnst það furðulegt, að jafngreindur maður og Gylfi Þ. Gíslason skuli ekki enn þá vera búinn að öðlast skilning á þessari staðreynd, en hann skuli standa hér aftur og aftur og tönnlast á því, að fjárhagsaðstoð til námsmanna hafi margfaldazt á undanförnum árum. Þetta veit ég ósköp vel og þetta vita allir þm. Engu að síður er það staðreynd, að ef við tökum kjör hvers námsmanns um sig, þá hafa þau versnað mjög stórlega þrátt fyrir þessa aukningu, vegna þess að þessi aukning hefur engan veginn vegið upp þá stórfelldu verðhækkun, sem stafar af tveimur gengislækkunum, auk þess sem námsmönnum hefur fjölgað og hlýtur að fjölga. Vandi námsmanna er slíkur, að nú þegar hafa margir orðið að hætta námi í miðjum klíðum. Og ég vil biðja menn að hugleiða það gaumgæfilega, hvað í því felst fyrir ungan mann að verða að hætta námi í miðjum klíðum og breyta öllum áformum sínum um framtíðina. Og það er mjög stór hópur námsmanna, sem óttast, að sömu örlög muni bíða hans á næstunni. Það er skylda okkar alþm. og skylda hæstv. ríkisstj. að hugleiða þetta mál af fullri alvöru og æsingalaust. Og ég vil enn einu sinni fordæma það gersamlega, að ráðh. eigi upptök að því að vekja hér sefasjúkar árásir á námsmenn, eins og gert hefur verið.

Það var fróðlegt að heyra það, sem hæstv. ráðh. sagði um atburðina í Osló. Um þá vissi ég ekki annað en það, sem kom í hádegisútvarpinu, og mér þótti vænt um að heyra, að í hópi íslenzku stúdentanna, sem þar eru, er frú Guðrún Brunborg, sem hefur af mikilli fórnfýsi og dugnaði lagt fram starf til þess að styrkja íslenzka námsmenn, sem eru við nám í Osló. Ár eftir ár lagði hún á sig mikið erfiði við að safna fé bæði hér á landi og í Noregi og koma upp aðstöðu fyrir íslenzka námsmenn, svo að þeir gætu búið þar í stúdentagörðum og haft sæmilega aðbúð. Guðrún Brunborg veit manna bezt af eigin raun, við hver kjör námsmenn búa þarna erlendis, og ég geri ráð fyrir því, að hæstv. menntmrh. vilji ekki lýsa frú Guðrúnu Brunborg sem einhverri æsingakonu eða einhverjum lærisveini Marcuse, sem hann gerði hér að umræðuefni í útvarpsumr. fyrir nokkrum dögum. Guðrún Brunborg tekur þátt í þessu með stúdentum einvörðungu vegna þess, að hún veit, að það er um framtíð þeirra sjálfra að tefla. Og með þann skilning í huga ætti hæstv. menntmrh. að fjalla um þessi mál.

Hæstv. ráðh. kvartaði undan því, að samband ísl. námsmanna erlendis hefði ekki reiknað út í einstökum atriðum, hvernig ætti að framkvæma þá hugmynd, að lánasjóðurinn gæti rækt hlutverk sitt að fullu 1974. Mér þykir það nú næsta furðulegt, ef hæstv. ríkisstj. er farin að ætlast til þess, að menn, sem koma á framfæri við hana skynsamlegum hugmyndum, semji fyrir hana sjálf frv. Auðvitað er þetta flókið og margþætt reikningsdæmi. Það veit ég vel. Hins vegar hefur hæstv. ráðh. yfir að ráða herskara af embættismönnum, sem eiga mjög auðvelt með að reikna þetta út. Og það er algerlega rangt, sem hæstv. ráðh. segir, að hér sé um einhverja nýtilkomna hugmynd að ræða. Það birtist hér í blöðunum núna fyrir 1–2 dögum frásögn frá SÍNE, þar sem sagt var frá viðskiptum þess við hæstv. ráðh. um þetta mál og greint frá því, að búið væri að ræða þetta við hann aftur og aftur í mjög langan tíma. Og sjálf hugmyndin um, að sjóðurinn hafi þetta verkefni, er, eins og ég sagði áðan, komin úr þeim lögum, sem hæstv. ráðh. beitti sér fyrir að sett yrðu. Ég vil leyfa mér að lesa hér 2. gr. laganna um lánasjóð íslenzkra námsmanna, hún er svona:

„Stefnt skal að því, að opinber aðstoð við námsmenn samkv. lögum þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til aðstöðu hans til fjáröflunar."

Þetta er sjálfur tilgangur laganna. Þegar Alþ. samþykkir þessi lög, þá ákveður það, að að þessu skuli stefnt. En því aðeins er verið að framkvæma lög, að þau séu framkvæmd á einhverju takmörkuðu árabili, hér sé ekki um að ræða endalaus framtíðaráform. Og þegar hæstv. ráðh. leggur fram frv. um þessi lög og lætur síðan samþykkja þau hér á Alþ., þá hlýtur hann að hafa vitað, hvað hann var að gera. Auðvitað hefur hann gert sér grein fyrir því, að þetta væri flókið viðfangsefni. En það er ekkert flóknara núna en það var þá. Og kröfur námsmanna um, að þetta verði framkvæmt fram að árinu 1974, eru, eins og ég hef sagt áður, fullkomlega

framkvæmanlegar og raunsæjar og í þeim felst ekki nein óeðlileg kröfugerð.

Ég hef veitt því athygli að undanförnu, að afstaða almennings til námsmanna hefur mjög verið að breytast. Hæstv. menntmrh. og ýmsum öðrum tókst í nokkra daga að vekja upp sefasjúkar hvatir hjá ýmsum. En þetta hefur verið að breytast að undanförnu. Afstaðan er farin að snúast námsmönnum í vil og gegn þessum hæstv. ráðh. Það eru æ fleiri farnir að vekja athygli á því, að þessi hæstv. ráðh. muni ekki hafa þau tök á verkefnum sínum í menntamálum, sem hann ætti að hafa, og ég vil vara þennan hæstv. ráðh. mjög alvarlega við því að reyna að halda áfram að afgreiða námsmenn með innantómum loforðum og loðnu orðalagi einu saman. Þetta mál er á svo alvarlegu stigi, að aðgerðir verða að koma mjög fljótlega.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég sé enga ástæðu til þess að karpa hér einu sinni enn við hv. þm. um þessi mál öllsömun, aðeins örfá atriði, sem ég vildi taka fram.

Það er algerlega rangt, að ég eða nokkur starfsbræðra minna í ríkisstj. hafi gefið tilefni til þess, að með almenningi komi upp eða eflist sefasjúkar hvatir, eins og hann orðaði það, í garð íslenzkra námsmanna. Sama kvöldið og lögbrotin í Stokkhólmi áttu sér stað átti sjónvarpið viðtal við mig, og þar lét ég svo um mælt, að mín persónulega skoðun væri sú, að rétt væri að fyrirgefa þessum unglingum vegna þess, að þeir vissu ekki, hvað þeir væru að gera. Mér er engin launung á því, að fyrir þessi ummæli mín hef ég hlotið gagnrýni mjög margra og þessi afstaða mín talin bera vott um of mikla mildi í garð manna, sem brotið hefðu lög og í raun og veru ættu ekkert gott skilið. En ég hef ekki látið það hafa nokkur áhrif á skoðanir mínar á þessu máli og mun ekki láta það hafa nein áhrif á afstöðu mína til málsins, þegar þar að kemur, að endanleg skýrsla berst um það, sem gerzt hefur í Stokkhólmi, sem ekki er komin enn, né heldur þegar endanleg skýrsla er komin um þau lögbrot, sem framin voru í menntmrn. á sínum tíma. Ég vísa því algerlega heim til föðurhúsanna, að ég eigi nokkurn þátt í þeirri miklu óvild, sem komið hefur fram eða vaknað hefur í hugum íslenzks almennings, alls þorra Íslendinga, í garð þess örlitla hóps manna, sem gerzt hefur sekur um alvarleg afbrot og því miður sett blett á íslenzka stúdenta erlendis og blett á heiður Íslands og hefur því miður orðið til þess að spilla mjög fyrir eðlilegum, sanngjörnum og réttmætum óskum íslenzkra námsmanna heima og erlendis.

Það er áreiðanlega engin tilviljun, að blöð fjögurra af þeim fimm stjórnmálaflokkum, sem hér eiga sæti á Alþ., hafa öll fordæmt mjög eindregið verknaðinn í Stokkhólmi og aðgerðirnar í menntmrn. Það er aðeins *eitt* blað, *það* blað, *sem* hv. þm. *ritstýrir, sem ekki* aðeins hefur ekki fordæmt þessi lögbrot, þessar aðgerðir, heldur hlakkað yfir þeim og skrifað að öllu leyti þannig, að þessi örlitli hópur getur ekki tekið það öðruvísi en sem stuðning við þessar aðgerðir og stuðning við áframhald slíkra aðgerða, og það ber sannarlega að harma. Ég óska svo sannarlega málstað íslenzkra stúdenta annars og miklu betra en þess, að þetta blað og flokkurinn, sem að baki því stendur, skuli reynast vilja stuðla að óhappaverkum, sem einungis geta skaðað góðan og réttmætan málstað íslenzkra námsmanna heima og erlendis.

Ég hef alltaf svarað þeim fsp., sem stúdentar hafa beint til mín, tafarlaust. Ég held, að óhætt sé að segja, að aldrei hafi liðið nótt milli þess, að mér hefur borizt orðsending frá þeim, þangað til þeir hafa fengið sín svör, svo að yfir því þarf ekki að kvarta, að þeir hafi ekki verið virtir svars eða virtir viðlits, eins og hv. þm. gaf í skyn.

Þá vildi ég leiðrétta þau ummæli hv. þm., að ég ætlist til þess, að SÍNE geri útreikning í sambandi við þær hugmyndir, sem uppi eru um það að auka námsaðstoðina smám saman á næstu 4–5 árum. Það hefur mér aldrei dottið í hug. En hitt er annað mál, að það er verk stjórnar lánasjóðsins að gera slíkar áætlanir og hún hefur ekki enn gert þær. Henni hefur ekki enn unnizt tími til þess. Stjórn lánasjóðsins er búin að hafa þessar óskir frá SÍNE til meðferðar síðan í lok nóvember, og enn liggja ekki fyrir þess konar till. frá hinum rétta aðila til ríkisstj., þannig að hún geti tekið afstöðu. Í bréfi 11. apríl boðar stjórnin, að hún muni í sumar við undirbúning fjárl. gera þessar *nákvæmu till.*, og þá mun ríkisstj. sannarlega taka þær, eins og ég hef margsagt, til velviljaðrar athugunar. En ég segi enn og aftur, að það er sannarlega til nokkuð mikils mælzt að ætlast til þess, að ríkisstj. taki afstöðu til till., sem hún hefur ekki fengið, sem hún hefur ekki séð.

Hv. þm. nefndi og fór miklum viðurkenningarorðum um frú Guðrúnu Brunborg, og það er það eina í ummælum hans, sem ég get tekið undir, það eina, sem ég er honum sammála um. Það er rétt, að Guðrún Brunborg hefur unnið mikið og gott verk í þágu námsmanna, sérstaklega í Noregi og raunar námsmanna hér heima líka. En þetta gefur mér tilefni til þess að segja, hver hlutur hennar var í þessu máli í morgun og hversu ólíkur hann er hlut hv. þm. Þegar svar mitt barst, beitti frú Guðrún Brunborg sér eindregið fyrir því, að setunni yrði lokið, taldi svarið fullnægjandi og óskaði þess eindregið, að þessum aðgerðum lyki friðsamlega. Hv. þm. sagði ekkert orð í þá átt. Þvert á móti mundi hann eflaust vilja, að námsmenn sætu þarna í allt kvöld, alla nótt og líklega á morgun líka til þess að efna til sem allra mests ófriðar. Þannig var hún, sú merkiskona, ekki hugsandi, heldur vildi þvert á móti, að málinu væri lokið með því svari, sem stúdentarnir fengu frá mér.

Að síðustu ítrekaði hv. þm. spurninguna um sumaratvinnu námsfólks, og skal ég svara henni með örfáum orðum.

Í fyrravor var mikill uggur um, að atvinnuerfiðleikar námsfólks mundu verða mjög miklir á s. l. sumri. Hér á hinu háa Alþ. voru hafðar uppi miklar hrakspár um það, að íslenzkt skólafólk mundi ganga atvinnulaust þúsundum saman á s. l. sumri. Ríkisstj. kannaði þetta mál þá og hafði um það samvinnu við sveitarfélög og atvinnumálanefnd ríkisins, lagði fram nokkurt fé til þess að greiða fyrir sumaratvinnu skólafólks, og sem betur fór varð reynslan sú, að meðal skólafólks var nær ekkert atvinnuleysi á s. l. sumri. Ríkisstj. mun enn nú í vor fylgjast nákvæmlega með þessum hlutum og viðhafa alveg sömu vinnubrögð og í fyrra, hafa samráð við sveitarfélög um málið og gera

það, sem í hennar valdi stendur, í samvinnu við sveitarfélögin til þess að koma í veg fyrir, að um atvinnuleysi skólafólks verði að ræða á sumri komanda.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það eru ekki nema örfá orð. Ég álít það síður en svo ófyrirsynju, að það sé spurt um sumaratvinnu skólafólks núna. Algerlega kemur það mér á óvart, að það hafi verið svo í fyrra, að það hafi ekki verið nein vandkvæði á því fyrir skólafólk að fá sumaratvinnu. Mér kemur það alveg á óvart og ég kannast alls ekki við það. Þvert á móti veit ég mörg dæmi þess í mínu nágrenni á Austurlandi, að þetta var mjög erfitt. Ég veit, að það eru ekki til skráðar tölur um atvinnu skólafólks í sveitum landsins. En eigi að síður var þetta svona. Og fullyrðing hæstv. ráðh. um, að það hafi nær ekkert atvinnuleysi verið, finnst mér bara vera í samræmi við hina fullyrðinguna áðan um það, að það hafi verið fimmfaldaður stuðningur við íslenzka námsmenn!

Ég flutti till. hér seint á þinginu, sem útbýtt var 13. des., um að fela ríkisstj. að endurskoða lög og reglur um stuðning ríkisins við íslenzka námsmenn í þeim tilgangi að undirbúa námslaunakerfi. Ég skal viðurkenna, að það hefur dregizt allt of lengi að flytja þessa till. Ég var satt að segja að búast við því þá og þegar að heyra af því, að hæstv. ríkisstj. gerði eitthvað róttækt í því að endurskoða þessi mál. Það er út af fyrir sig gott og blessað að heyra það nú, að hæstv. ríkisstj. ætlar að taka þessi mál til endurskoðunar, og það er töluvert annað hljóð komið í strokkinn þó nú heldur en var í fyrra á öndverðu þingi, þegar þessi mál voru rædd hér þá og ekkert orð fékkst frá hæstv. menntmrh. í aðra stefnu heldur en þá, að allt væri í bezta lagi með stuðning við íslenzka námsmenn. En það fer ekki fram hjá neinum, að þessi loforð núna og þær athuganir, sem væntanlega fara fram í sumar, þetta kemur nokkuð seint og það er í raun og veru ekki afsakanlegt, hvað þetta kemur seint. Það urðu alger tímamót, a. m. k. hvað snertir erlendu námsmennina, þegar gengið var fellt tvisvar sinnum. Áður var það erfitt, en þó hægt, þegar vel gekk, að klóra sig áfram, en eftir tvær síðustu gengisfellingar varð ómögulegt að vinna sér fyrir þeirri fjárhæð að sumri, sem nægði til þess að brúa mismuninn. En það gerist samtímis gengisbreytingunum, að stórlega dregur úr sumaratvinnu. Það er eins og þetta hafi algerlega farið fram hjá valdhöfum.

Ég vil aðeins að lokum árétta það, sem þegar hefur komið hér fram, að það þarf skjótra aðgerða í þessu máli og það þarf það skjótra aðgerða við, að námsmenn, þegar þeir leggja sín plön fyrir næsta námsár, viti nokkurn veginn, hvers vænta skal. Það er ófullnægjandi, það sér hver maður, fyrir þá, sem berjast í bökkum og ekki geta af eigin rammleik klofið sinn námskostnað, að fá þá fyrst að vita um þær leiðréttingar, sem gerðar kunna að verða, þegar fjárlög verða afgreidd í vetur. Ég held, að ef menn bara líta á þetta með raunsæi, aðstöðu námsmanna fyrir næsta námsár, þá megi mönnum vera ljóst, að það er algerlega ófullnægjandi, eins og nú er komið, að snúast við á þann hátt, sem ráðherra boðar, að miða aðgerðir eingöngu við fjárlagaafgreiðsluna í vetur komandi.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þá deilu, sem hér hefur farið fram á milli hv. 6. þm. Reykv. og hæstv. menntmrh., því að mér finnst þetta mál líka þannig vaxið, sem um er að ræða, lánamál íslenzkra námsmanna, að það sé svo stórt og þýðingarmikið, að við eigum helzt að reyna að ræða um það án þess að um það þurfi að standa harðvítugar deilur.

Ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var fyrst og fremst sú, að mér fannst frekar óljós þau svör, sem komu frá hæstv. menntmrh. um það, hvað hann og ríkisstj. hyggjast gera í þessum málum á næstunni. Ef ég skildi ráðh. rétt, þá voru svör hans eitthvað á þá leið, að ríkisstj. mundi láta taka þessi mál til athugunar í samráði við þá aðila, sem um þau mál eiga sérstaklega að fjalla, og niðurstöður þeirra athugana yrðu svo síðar teknar upp, þegar farið væri að semja fjárlög, og það mundi ekki verða þess vegna gengið öllu fyrr frá þessum málum en í sambandi við samningu fjárl. og afgreiðslu þeirra næsta haust. Ég held, að ég hafi skilið hæstv. ráðh. rétt, að þetta eru meginatriðin í því, sem hann sagði.

En ég vil vekja athygli hæstv. ráðh. á því, sem kom fram hjá seinasta ræðumanni alveg sérstaklega, að mjög margir námsmenn geta ekki beðið jafnlengi eftir svörum eins og hæstv. ríkisstj. virðist gera ráð fyrir. Þeir námsmenn, sem þegar eru komnir eitthvað áleiðis, verða að ákveða á þessu sumri, hvort þeir halda áfram eða ekki, og það veltur alveg á svörum hæstv. ríkisstj. um marga þeirra, hvort þeir geta haldið áfram eða ekki. Það bætist svo við, að á þessu vori bætast við nokkur hundruð stúdenta, og þeir þurfa einnig að gera það upp við sig í sumar, hvað þeir ætla að taka sér fyrir hendur að stúdentsnáminu loknu. Og það, hvað þeir gera margir hverjir, veltur á þeim svörum, sem koma frá hæstv. ríkisstj., og þeir geta ekki beðið eftir því til næsta hausts að fá þessi svör. Þau þurfa að koma miklu fyrr.

Þess vegna vil ég beina þeirri fsp. til hæstv. ráðh., hvort hann gæti ekki svarað því nú, að það mætti vænta þess, að svör ríkisstj. um þetta efni, hvað hún hyggst fyrir í sambandi við námslán námsmanna, hvort hún ætlar að hækka þau eða ekki, – hvort þau svör gætu ekki legið fyrir miklu fyrr en næsta haust, t.d. 1. júní eða 1. júlí í síðasta lagi. Í fyrsta lagi vil ég spyrja hæstv. ráðh. um þetta atriði. Og í öðru lagi vil ég spyrja í framhaldi af því, hvort ekki megi vænta þess, þó að endanleg niðurstaða liggi að sjálfsögðu ekki fyrir, hvort endanleg niðurstaða muni samt ekki verða sú, að hann geri ráð fyrir því, að aðstoð við námsmenn muni verulega aukast frá því, sem hún hefur verið á þessu námsári, hvort þeir megi ekki reikna með því, að annaðhvort verði námslánin hækkuð eða tekin upp námslaun í einhverju formi. Þó að ríkisstj. gæti ekki sagt neitt ákveðið um þetta nú, þá er það eigi að síður mikilvægt fyrir námsmenn að fá nokkra vísbendingu um þetta og hverju þeir mættu reikna með í þessum efnum. Það mundi verða til þess, að þeir ættu auðveldara en ella að taka ákvarðanir, bæði þeir, sem eru í framhaldsnámi, og þeir, sem ætla að byrja á nýju námi á komandi hausti.

Sem sagt, ég vildi beina þessum tveim fsp. til hæstv. ráðh.: Í fyrsta lagi, hvort ekki megi vænta ákveðinna svara frá ríkisstj., t. d. fyrir 1. júní eða 1. júlí eða það

snemma, að námsmenn gætu haft hugmynd um það, sem gert yrði, áður en þeir þyrftu að taka endanlegar ákvarðanir um sitt framhaldsnám eða hvað þeir ætla að gera, og svo í öðru lagi, hvort ekki megi vænta þess, þó að ríkisstj. geti ekki sagt ákveðið um það núna, að námsaðstoð muni verulega aukast frá því, sem nú er, og þeir geti treyst á það, þegar þeir gera sínar áætlanir.

En því skulum við gera okkur grein fyrir, að þó að námsmönnum verði kannske eitthvað á í sambandi við þessa baráttu sína, þá er hún byggð á fullkominni alvöru, sökum þess að það er áreiðanlega þannig ástatt um langflesta þeirra, sem eiga ekki þeim mun ríkari aðstandendur, að þeir horfast í augu við það, ef þeir fá ekki neina frekari úrlausn en hefur verið til þessa, að þeir verða að hætta námi. Og ég held, að hver og einn þm., sem stæði í sporum slíks námsmanns, hljóti að gera sér grein fyrir því, að þessir menn standa frammi fyrir nokkuð alvarlegum hlutum. Þess vegna verða menn að taka tillit til þess, að þeir kannske grípa stundum til aðferða, sem hefðu verið betur ónotaðar. En ég skal svo ekki hafa þessi orð mín fleiri, en vænti þess, að hæstv. ráðh. geti svarað þessum tveim fsp., sem ég hef beint til hans.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég skal með ánægju svara þessum fsp., sem voru efnislegar og ég tel algerlega eðlilegar.

Hv. þm. virðist ekki hafa tekið nógu vel eftir niðurlagi fyrstu ræðu minnar hér áðan, þar sem ég svaraði fsp. um örlög frv. um Hvanneyrarnemendurna, en þar sagði ég orðrétt, – ég vil leyfa mér að lesa það aftur, – með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. hefur haft lánamál námsmanna heima og erlendis til gaumgæfilegrar athugunar og er m. a., eins og áður hefur verið skýrt frá, að kanna, hvernig námsaðstoð er hagað í nálægum löndum. Með hliðsjón af niðurstöðum þeirra athugana mun hún taka till. *stjórnar lánasjóðsins í fyrrnefndu bréfi til velviljaðrar* athugunar við undirbúning næstu fjárlaga."

Undirbúningur fjárlaga fer fram í sumar, eins og allir vita. Ef ríkisstj. fær till. lánasjóðsstjórnarinnar nógu tímanlega, sem ég hef enga ástæðu til að draga í efa, – ég veit, að þær eru í undirbúningi, það fara fram miklar athuganir á vegum stjórnarinnar á þessum málum, – ef þær berast nógu tímanlega, þá mun ríkisstj. taka fyrir sitt leyti ákvarðanir sínar um þetta í sumar á grundvelli þeirra till. Og það á að vera algerlega ástæðulaust að óttast það, að Alþ. samþykki ekki a. m. k. það, sem ríkisstj. kemur til með að leggja fram í fjárlagafrv., sem mun verða fullbúið einhvern tíma síðari hluta sumars. Stjórn lánasjóðsins mun þá að sjálfsögðu verða gert kunnugt um ákvörðun ríkisstj. í þessu efni, þannig að hún geti gert námsmönnum ljóst, hver verða muni fjárhagur lánasjóðsins á árinu 1970, áður en næsta skólaár hefst. Þannig hafa vinnubrögðin yfirleitt verið í þessum efnum á undanförnum árum.

Þá spurði hv. þm. enn fremur, hvort gera mætti ráð fyrir því, að námsaðstoðin mundi aukast. Ég tel mig í raun og veru áður vera búinn að margsvara efnislega séð þessari fsp. Ég vitna til þess, að námsaðstoð hefur aukizt hröðum skrefum á undanförnum árum, og ég reikna tvímælalaust með því, að á þeirri stefnu muni verða áframhald, þannig að námsaðstoðin muni aukast mjög hröðum skrefum a. m. k. jafnhratt á næstu árum og hún hefur gert á undanförnum árum.

Í þessu sambandi er líka rétt að minna á þá hugmynd, sem uppi hefur verið nokkur undanfarin ár, að breyta tilhögun úthlutunarinnar. Eins og allir þm. væntanlega vita, er námsaðstoð úthlutað í tvennu lagi, fyrri úthlutunin nokkru eftir áramót, venjulega í febrúar, og hin síðari síðast að vorinu. Til athugunar hefur verið að breyta þessu þannig, að fyrri úthlutunin fari fram fyrir jól, en síðari úthlutunin eftir jól. Þetta er framkvæmanlegt vegna þess, þó að fjárlög taki ekki gildi fyrr en 1. janúar eins og allir vita, að lánasjóðurinn hefur einnig mikla fyrirgreiðslu hjá bankakerfinu, hefur margar millj. til ráðstöfunar frá því, auk þess sem hann hefur eigin tekjur, og þetta fé gæti verið til ráðstöfunar áður en fjárlög taka formlega gildi. Þessi hugmynd hefur verið til athugunar í rúmt ár. Af ástæðum, sem ég hirði ekki um að greina frá hér, hefur þetta hingað til ekki verið talið framkvæmanlegt, en að loknum vissum athugunum, sem fram hafa farið í sumar, er vel hugsanlegt, að þetta reynist framkvæmanlegt á hausti komanda.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans, þó að mér hins vegar þætti þau ekki vera nógu ljós. Fyrri fsp. var sú, hvenær þess mætti vænta, að ríkisstj. gæti sagt eitthvað ákveðið um það, hvað hún mundi gera eða ætlaði sér að gera í málum námsmanna, og það var sama svarið hjá hæstv. ráðh. eins og áður, að þetta yrði allt athugað í sambandi við undirbúning fjárlaga. En það er ákaflega teygjanlegt hugtak. Við vitum það, að í raun og veru er undirbúningur fjárlaga nú þegar hafinn og stendur alveg fram að þeim tíma, sem fjárlagafrv. liggur fyrir, sem er oftast ekki fyrr en seint, í fyrsta lagi seint í september eða þá í byrjun októbermánaðar. Og ef þessi svör geta ekki legið *fyrir fyrr en þá*, þá er það allt of seint fyrir námsmenn. Eins og hér hefur verið bent á, þurfa þeir eiginlega strax núna í vor að fara að ákveða það, hvort þeir eiga að halda áfram, þeir sem eru byrjaðir á námi, og þeir, sem verða stúdentar í vor, þurfa jafnframt að ákveða það nú í sumar, hvað þeir eiga að gera. Þess vegna er það ekki nægilegt að fá þau svör hjá hæstv. ráðh., að þetta muni verða tekið til athugunar í sambandi við undirbúning fjárlaga, vegna þess að undirbúningur fjárl. stendur allt sumarið. Það, sem þessir menn þurfa að fá, er að fá ákveðna vitneskju frá hæstv. menntmrh. ekki síðar en t. d. 1. júní eða 1. júlí. Þess vegna vil ég enn á ný beina því til hæstv. ráðh., hvort hann muni a. m. k. ekki vilja vinna að því og stuðla að því, að hann geti gefið ákveðin svör fyrir þann tíma. Það væri að sjálfsögðu talsvert annað en að svara með því, að þetta verði látið bíða og tekið upp í sambandi við undirbúning fjárlaga.

Síðari fsp. mín var sú, hvort hæstv. ráðh. reiknaði ekki með því, að námslánin eða námsaðstoðin mundi aukast miðað við það, sem nú er, og ég gat ekki skilið hann öðruvísi en á þá leið, að hann teldi það víst, að það mundi verða einhver aukning á námsaðstoðinni. Og ég er honum þakklátur fyrir það svar. Ég vil hins vegar benda honum á, að það verður að vera meira en einhver lítils háttar aukning, sem þar er um að ræða, vegna

þess að hjá fjölmörgum námsmönnum er ástandið þannig, að ef þeir fá ekki verulega aukna aðstoð miðað við það, sem nú er, þá verða þeir að hætta námi. Og ég vænti þess, að hæstv. ráðh. taki tillit til þess.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en mér þætti fróðlegt að heyra, hvort hæstv. ráðh. vildi ekki gefa yfirlýsingu um það, að a. m. k. fyrir sitt leyti vildi hann stuðla að því, að einhver ákveðin vitneskja um aukna aðstoð námsmönnum til handa lægi fyrir ekki seinna en t. d. 1. júní eða fyrir 1. júlí. En það vil ég taka undir, sem hæstv. ráðh. sagði, að ríkisstj. má vera viss um það, að allt það, sem hún gerir og stefnir í þá átt að bæta aðstoð námsmanna, verði samþ. á Alþ., svo að hún þarf ekki að hafa neinar áhyggjur af því.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Þegar hér urðu nokkrar umr. um vandamál íslenzkra námsmanna erlendis upp úr atburðunum, sem urðu í Stokkhólmi fyrir nokkru, þegar nokkrir námsmenn þar tóku á sitt vald skrifstofur sendiráðs Íslands þar í borg, þá lagði ég á það áherzlu í þeim umr., að það, sem væri aðalatriði í þessum efnum, væri, að ríkisstj. brygðist þannig við, að ekki færi á milli mála, að hún ætlaði sér að leysa vandamál námsmannanna. Hitt væri vitanlega algert aukaatriði, að þrefa um það fram og til baka, hvort einstakir námsmenn hefðu gert einhverjar villur í þessu eða hinu tilfellinu með framkomu sinni. Það væri ekki aðalatriði málsins. Hitt væri aðalatriðið, að hér væri um mikinn vanda að ræða, – vanda, sem yrði að leysa. Í umr. þá var skýrt frá því af hálfu ríkisstj., að hún hefði mælzt til þess við lögregluyfirvöld í Svíþjóð, að rétt væri að stjaka námsmönnunum eða ýta þeim út úr sendiráðinu án verulegra átaka og þá án þess að ætlazt væri til þess, að þeir yrðu fangelsaðir fyrir þau brot, sem þeir hefðu framið þarna. Ég sagði í tilefni af þessu, að það væri skoðun mín, að þó að sá háttur væri á hafður í þessu tilviki að ýta námsmönnunum út með lögregluvaldi, ef ekkert gerðist frekar í málinu, þá mundi þessi leikur halda áfram, af því að hér væri um óleyst vandamál að ræða. Námsmennirnir mundu halda áfram að gera sínar kröfur, bregðast við þeim með ýmsum hætti. Og því væri aðalatriðið að snúa sér að því að leysa vandann.

Nú höfum við veitt því athygli, hvað hefur verið að gerast í þessum málum, síðan þessir fyrstu atburðir gerðust. Meginsvipurinn er þessi: Íslenzkir námsmenn koma saman 80–90 talsins í Kaupmannahöfn, 27–28 taka nú sendiráðsskrifstofurnar í Osló og allmikill fjöldi námsmanna hefur síðan komið saman í Stokkhólmi. Kröfurnar og fsp. dynja á hæstv. ríkisstj. og síðan stendur hæstv. menntmrh. í því að senda skeyti eftir skeyti út í lönd til samtaka námsmanna og þræta við þá fram og til baka í rauninni um aukaatriði málsins. Getur það verið, að hæstv. menntmrh. ætli sér að halda þessum leik áfram nú á næstu vikum og mánuðum? Vitanlega er það ekkert svar fyrir þá námsmenn erlendis, sem nú standa í vanda í þessum efnum, að fá yfirlýsingu frá ríkisstj. um það, að hún ætli sér að bera saman stuðning við íslenzka námsmenn og þann stuðning, sem erlendir námsmenn njóta frá heimalöndum sínum. Þetta er auðvitað svar alveg út í hött. Ég get varla búizt við öðru en því, að t. d. stjórn lánasjóðs námsmanna hafi fyrir löngu kynnt sér það, hvernig þessum málum sé háttað með lán og styrki til námsmanna hér í okkar nágrannalöndum. Og ég ætlast einnig til þess, að hæstv. menntmrh. viti talsvert mikið um það.

Það var líka auðvitað alveg út í hött að tala um það og sérstaklega segja okkur það hér á hv. Alþ., að ríkisstj. geti í rauninni ekki svarað námsmönnunum neinu um það, hvernig verði með mál þeirra farið á næstunni, vegna þess að ríkisstj. ráði ekki öllum málum, heldur sé fjárveitingarvaldið hjá Alþ., það þurfi að undirbúa fjárlög og síðan að samþ. fjárl. til þess að við sjáum, úr hverju verði að spila. Við þekkjum það og íslenzkir námsmenn þekkja það eflaust líka, að í fjöldamörgum tilvikum gefur ríkisstj. yfirlýsingu um það, að hún muni beita sér fyrir auknum fjárframlögum, ýmist í þessu skyni eða einhverju öðru. Auðvitað getur ríkisstj. nú gefið yfirlýsingu um það, að hún muni beita sér fyrir því, að stuðningurinn við námsmenn verði aukinn, og að hún muni gera ráðstafanir í þeim efnum á næsta þingi. Eins og hefur komið fram í þessum umr., leikur enginn vafi á því, að ríkisstj. hefur yfirgnæfandi stuðning á Alþ. til þess að gefa slíkar yfirlýsingar.

Ég vil nú í tilefni af því, sem hér hefur fram farið um þetta mál, beina því enn einu sinni til hæstv. menntmrh., að hann hætti þessari þrákelkni í viðskiptum sínum við íslenzka námsmenn erlendis, hann hætti þessum endalausu skeytasendingum fram og til baka, sem ekkert hafa að segja, en beiti sér hins vegar fyrir því í ríkisstj., að hann fái heimild til þess að lýsa því yfir afdráttarlaust, að ríkisstj. muni beita sér fyrir auknum stuðningi við námsmenn þegar á næsta námsári. Það er vitanlega aðalatriðið í þessum efnum. Ég trúi því ekki, að hæstv. menntmrh., svo veraldarvanur sem hann er, sjái það ekki, að þessum leik hans og ríkisstj. verður að linna. Það er ekki hægt að halda þessu áfram. Það er enginn vafi á því, að námsmennirnir munu halda áfram baráttu sinni. Þeir gefast ekki upp. Svör í skeytum, efnislaus í sjálfu sér, breyta þar engu um.

Ég endurtek svo tilmæli mín til hæstv. ráðh., að hann taki nú á þessu vandamáli á þann hátt, að það stefni að því, að vandi sá, sem við er að glíma, verði leystur.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð að lokum. – Það má með sanni segja, að það er dálítið vandlifað. Ef ég svara stúdentum ekki, þá er það gagnrýnt, að þeir séu hunzaðir, ef ég svara þeim, þá kallar hv. þm. það skollaleik eða eitthvað í þá átt. Ég hef talið sjálfsagt að svara þeim bréfum og orðsendingum, sem ég hef fengið, tel það sjálfsagða mannasiði og mun halda því áfram að sýna stúdentum eins og öllum öðrum, sem við mitt rn. eiga skipti, sjálfsagða kurteisi. Varðandi hitt, sem ég er alveg sammála hv. þm. um, að auðvitað er efni málsins aðalatriðið, um það er ég búinn að gefa margar yfirlýsingar fyrir hönd ríkisstj. og sé enga ástæðu til þess að endurtaka það einu sinni enn. En ríkisstj. hefur á undanförnum árum stóraukið stuðning við námsmenn og hefur þessi mál til stöðugrar athugunar og ætlar sér að halda áfram að stórauka stuðning við námsmenn.

Varðandi það efnisatriði, sem fram kom í ræðu hv. 4. þm. Reykv., þá vil ég líka segja, að honum virðist vera

dálítið vandsvarað. Hann virðist ætlast til þess, að ég gefi á þessari stundu yfirlýsingu um það, að ríkisstj. hafi gert upp hug sinn varðandi fjármál lánasjóðs á árinu 1971 fyrir einhvern ákveðinn dag í sumar. Ég vona, að allir sanngjarnir menn sjái, að það er ekki hægt að ætlast til þess, að ég gefi neina slíka yfirlýsingu á þessari stundu. En hitt get ég sagt og það skal ég segja, og vona, að þá loksins verði hv. þm. ánægður, að ég mun vinna að því, og þykist viss um, að það muni geta tekizt, að fjármál lánasjóðsins fyrir árið 1971 verði afráðin svo snemma í sumar, að þeir, sem hyggja á nám erlendis, nýtt nám og framhaldsnám, viti í tíma, hvaða aðstoðar þeir geta vænzt á komandi námsvetri.

X. Starfshættir Alþingis.

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., utan dagskrár, mælti

dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Langir málfundir í Sþ. hafa í vaxandi mæli nú á undanförnum árum verið umhugsunarefni og sumum áhyggjuefni, enda verið mikið umtal um það, að ég hygg milli þm. úr öllum flokkum nokkuð jafnt, og ég er ekki að beina máli mínu eða ásökunum um slíkt til einstakra þm. eða einstaks flokks, ef einhver skyldi halda það. Ég hygg, að það væri mjög mikil þörf á því að reyna að bæta úr þessu með bættum vinnubrögðum. Ég veit, að hæstv. forseta gengur ekki nema gott til, þegar hann hefur boðað nú, eins og mátti skilja í gær, að þingfundir í Sþ. byrji kl. 13.30 í staðinn fyrir 14. Ég álít, að úr þessum vanda, sem ég hef vikið að, verði ekki bætt með hálftíma lengri fundartíma, heldur með samstilltu átaki þm. um að koma á betri vinnubrögðum í tilhögun fundanna í Sþ. Þetta á við umr. um dagskrárliði, en um það er ekki að sakast, en einnig umr. utan dagskrár og alveg sérstaklega í sambandi við umr. um fsp.

Nú er það vitað, að endurskoðun á þingsköpum hefur verið til athugunar í n. og till. um það gerðar. Það getur kannske tekið nokkurn tíma að ganga frá því, eins og reynslan sýnir okkur, en ég hygg t. d., að það mætti gera mjög mikla bragarbót á þessum málum með því að breyta snögglega með sameiginlegu átaki, ef við verðum sammála um það, ákvæðum þeim, sem gilda um fsp.-tímana. Ég vildi þess vegna leyfa mér að beina því til hæstv. forseta, að hann freistaði þess í samráði við þingflokkana fyrst og fremst að stefna að öðru fyrirkomulagi á umr. í Sþ. en verið hefur.

Ég kvarta ekki undan fundartímanum eða tímasetningunni. Það er ekkert aðalatriði í mínum augum. Þó veit ég, að það er ýmsum fremur óhagræði að byrja 13.30 á miðvikudögum en kl. 14.00, en það er ekki aðalatriði. Hitt er aðalatriði, sem ég beindi ósk um til hæstv. forseta.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil taka undir orð hæstv. dómsmrh. um nauðsyn þess, að störf þingsins séu skipulögð sem bezt. Það er alveg rétt, sem hann sagði, að það var svo s. l. vetur a. m. k., að mál gengu nokkuð treglega og hægt fram í Sþ. Það er vitaskuld slæmt, því að auðvitað eiga öll mál að fá hæfilega greiðan framgang í þinginu. En ég held, að í þessu sambandi verði menn að átta sig á því, að mikið af störfum Alþ. og miklu meira en gert var ráð fyrir í öndverðu hefur færzt í Sþ. Þess vegna sé ég ekki lengur neina nauðsyn á því að einskorða sig við það að hafa fundi í Sþ. aðeins einn dag í viku hverri. Ég held, að þingforsetar verði að skipuleggja þingstörfin og þingfundina eftir því, hvernig mál liggja fyrir einstökum samkomum í þinginu. En sú var a. m. k. reynslan á s. l. þingi, að það var mjög oft lítið um mál í Ed. a. m. k. og stuttir fundir þar. Þess vegna er hér ekki aðeins um það að tefla, að hæstv. alþingisforsetar skipuleggi störf Alþ. sem bezt, heldur líka hitt, að hæstv. ríkisstj. hagi flutningi sinna mála á þá lund, – þeirra frv., sem hún leggur áherzlu á, að nái fram að ganga, en það eru að jafnaði flest eða öll hennar mál, – að hún skipti þeim nokkuð jafnt á milli deilda, þannig að það verði nokkurt jafnræði og skipulag í störfum þingsins, en ekki algert ósamræmi á milli hinna einstöku samkoma þingsins að þessu leyti. Ég legg til, að það verði tekinn upp sá háttur í vetur, ef það sýnir sig, að það ætlar að fara svo eins og í fyrravetur, að það teygist mjög úr umr. í Sþ., að fundardagar í Sþ. verði fleiri en einn í viku hverri. Það er eðlilegasta lausnin.

Á 8. fundi í Sþ., 29. okt., mælti

forseti (BF): Forseti vill taka fram út af fundartíma sameinaðs Alþingis, að samkv. tilmælum hefur það verið kannað meðal þm., hvort vilji væri fyrir því að færa tímann aftur til kl. 2. Virðist vera meiri hluti fyrir því meðal hv. þm. Hins vegar vill forseti benda á, að þetta getur þýtt, að það þurfi að boða til fleiri funda í Sþ. en verið hefur, og væntir forseti þess, að því verði þá tekið vel af hv. þm.

Á 46. fundi í Sþ., 22. apríl, utan dagskrár, mælti

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að vekja athygli hæstv. forseta og hv. þm. á því, að á dagskrá þessa fundar er 21 mál. Það er talið nú, að þingi muni verða slitið um næstu mánaðamót, og samkv. venju, sem virðist hafa verið ríkjandi á þessu þingi, væri þessi fundur, sem nú er haldinn í dag, næstsíðasti fundur í Sþ., a. m. k. af þeim fundum, sem boðaðir eru til þess að hafa með höndum venjulega meðferð mála. Mér sýnist allt útlit fyrir, að margt mála, sem liggur fyrir Sþ., muni verða óafgreitt og þar á meðal mál, sem borin voru fram snemma á þinginu. Ég vil leyfa mér að láta í ljós þá skoðun, að til þess að gera mögulega hæfilega afgreiðslu mála, a. m. k. þeirra, sem lengst hafa legið fyrir þinginu, þyrfti að halda fleiri fundi og lengri, áður en þinginu lýkur. Ég vil sérstaklega leyfa mér að minnast hér á tvö mál, sem nú eru á dagskránni, það eru 7. og 8. mál. Í báðum þeim till., sem þar er um að ræða, kemur fram viðleitni til þess að bæta úr miklu vandamáli, sem margir eiga við að stríða, og það er læknaskorturinn í strjálbýlinu. Ég er ekki flm. þessara till., en

ég á sæti í n., sem hefur afgreitt fyrir nokkuð löngu báðar þessar till., og í röð þingmála er önnur till. 64. mál og hin 69. mál. N. hefur eins og ég sagði áðan, afgreitt frá sér báðar þessar till. einróma eða að mestu leyti einróma, ef ég man rétt. Það stendur þannig á, að formaður þeirrar n., sem í hlut á, er vikinn af þingi, og m. a. af þeirri ástæðu finn ég hvöt hjá mér til þess að minna á þessar till., og ég vil leyfa mér að beina því til hæstv. forseta, að hann hlutist til um það, að þessar till., sem svo lengi eru búnar að liggja fyrir þingi, verði afgreiddar.

Forseti (BF): Tilmæli hv. þm. munu verða tekin til athugunar, eftir því sem föng eru á.

Á 49. fundi í Sþ., 29. apríl, utan dagskrár, mælti

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Mig langar til þess að beiðast skýringar hæstv. forseta, varðandi dagskrárgerð og dagskrárframkvæmd. Það er staðreynd, að það eru þáltill. hér, sem bornar voru fram a. m. k. mánuði fyrir síðustu áramót, eða í nóv. eða des. s. l., og hafa enn ekki komið hér til umr. Þær hafa verið teknar á dagskrá, jafnvel fund eftir fund, en þær hafa ekki komið til umr. á þeim fundum, ýmist af því, að röðin hefur ekki komizt að þeim, eða hinu, að það hefur verið farið fram hjá þeim og tekin til umr. mál, sem aftar hafa staðið á dagskrá, og svo eru þessar till. kannske allt í einu komnar út af dagskrá, alls ekki lengur teknar með á dagskrá. Ég hef veitt því athygli, að hæstv. forseti virðist ekki fara eftir aldursröð mála, þegar hann raðar þeim á dagskrá, þ. e. a. s. það virðist viðtekin regla hjá honum og reyndar líka forsetum deilda að taka stjórnarmál jafnan fyrst á dagskrá og til meðferðar. Enn fremur virðist hæstv. forseti fylgja þeirri reglu að taka jafnan fyrst á dagskrá og fyrst til afgreiðslu þær þáltill., sem þegar hafa verið í n. og nál. hefur verið skilað um, taka þær á undan þeim þáltill., sem aldrei hefur verið sýndur sá sómi að taka þær til umr. og vísa þeim til n. En svo hef ég líka veitt hinu athygli, að hæstv. forseti víkur hvað eftir annað frá þeirri dagskrá, sem fyrir liggur, og hleypur aftur í dagskrána og tekur til meðferðar mál, sem standa miklu aftar í dagskránni. Og þetta gildir um mál, sem einstakir þm. hafa flutt.

Þess eru dæmi nú og ég get nefnt þau, ef þörf krefur, að það sé búið að afgreiða til fullnustu á þessu hv. sameinaða Alþ. þáltill., sem síðar voru fluttar heldur en þær þáltill., sem aldrei hafa verið teknar til umr. Hver er skýringin á þessu? Ég veit, að forseti á samkv. þingsköpum að semja dagskrá. Ég veit líka, að hann getur samkv. þingsköpum vikið frá dagskránni. En í þingskapalögum stendur ekkert um það, að þeirri reglu skuli jafnan fylgt, að stjórnarmálefni skuli tekin á undan þingmannamálefnum til meðferðar, og það stendur heldur ekkert í þingsköpunum um það, að þau málefni, sem tekin eru til framhaldsumr., skuli tekin á undan þeim, sem aldrei hafa komið til umr. Þetta eru því reglur, sem hæstv. forseti hefur sjálfur sett sér og fylgir, án þess að þar um sé beinlínis nokkuð að finna í þingsköpum. Þess vegna vil ég spyrja: Á hverju byggir hæstv. forseti þessar starfsaðferðir? Á hverju byggist það, þegar hann tekur einstök yngri þingmannamál á undan eldri þingmannamálum eða þeim, sem fyrr hafa verið flutt? Hvers vegna hættir hann að taka á dagskrá mál, sem lengi eru búin að standa á dagskrá, enda þótt þau hafi ekki náð því að komast til umr.? Það er augljóst mál, að með slíkum starfsaðferðum er hægt að mismuna ekki aðeins stjórn og stjórnarandstöðu, heldur er hægt að mismuna einstökum þm.

Ég veit, að þá afsökun má færa fram fyrir því, að þáltill. hafa ekki verið teknar hér til meðferðar eins og skyldi, að mikill tími hefur farið í sameinuðu þingi í fsp., vegna þess að það hefur komizt á, að fsp.-tíma er meira eða minna snúið upp í almennan umræðuvettvang, en það eru starfshættir, sem um var rætt í byrjun þessa þings og af ekki minni manni en hæstv. dómsmrh. Og þá virtust menn sammála um, að það þyrfti að leita eftir úrræðum til að bæta þessa starfshætti. M. a. var þá bent á, að það væri ósköp auðvelt að halda þingfundi í sameinuðu þingi oftar en einu sinni í viku. Hvað hefur verið gert í þessu efni? Hverra úrræða hefur verið leitað til að bæta úr þessu? Hvaða samráð hafa hæstv. forsetar haft við þm. um þetta?

Það er alveg áreiðanlegt, að af þeim starfsháttum, sem hér hafa verið um hönd hafðir, munu þm. læra, bæði ég og aðrir. Við sjáum, að ef við viljum hreyfa máli eða ef við viljum vekja athygli á einhverju máli, þá er ekki lengur leiðin sú að flytja um það þáltill. Nei, leiðin er sú að flytja um það fsp. Það verður áreiðanlega fylgt á eftir, ef hér er ekki breytt um.

Ég ætla ekki undir þinglokin að fara að hefja neinar deilur við hæstv. forseta um þetta efni. En ég vildi vekja athygli á þessu og ég vildi veita forseta tækifæri til þess að gera grein fyrir þeim sjónarmiðum, sem liggja til grundvallar þeim starfsaðferðum, sem hann virðist fylgja hér. Og ég skal taka alveg ákveðið dæmi, sem mig langar til þess að fá skýrt svar við. Ég hef hér flutt þáltill. um nefndastörf ráðh., sem gengur aðeins út á það, að hv. Alþ. lýsi yfir vilja sínum um það efni, en felur ekki í sér áskorun á einn eða neinn. Þessari þáltill. var útbýtt 2. des. 1969. Hún hefur síðan hvað eftir annað verið tekin á dagskrá, en það hefur æ ofan í æ verið hlaupið fram hjá þessari till. og þau mál tekin til meðferðar, sem síðar voru flutt. Mig langar til þess að fá skýringu og alveg skýrt svar hæstv. forseta við því, hvernig stendur á því, að þessi þáltill. hefur ekki fengizt tekin til umr. Og ég vil enn fremur spyrja hæstv. forseta að því, hvort hann sé ánægður með þá starfshætti í þeirri stofnun, sem hann veitir forstöðu, að mál, sem þar eru flutt í nóv. eða des., komist þar aldrei til umr.

Forseti (BF): Forseti vill út af ræðu hv. 1. þm. Norðurl. v. aðeins segja það, að hann telur ekki, að á þessu þingi hafi verið viðhöfð önnur vinnubrögð varðandi störf Sþ. en tíðkazt hafa, a. m. k. svo lengi sem hann sjálfur hefur setið á þingi. Ég skal fúslega taka undir það með hv. 1. þm. Norðurl. v., að þessir starfshættir þurfa endurskoðunar við. Ég hef ekki verið fyrir mitt leyti ánægður með það, að svo skyldi til ganga með afgreiðslu mála í Sþ. Ég harma í því sambandi fyrir mitt leyti, að það frv. til nýrra þingskapa, sem legið hefur fyrir Alþingi ár eftir ár, skuli ekki hafa náð fram að ganga. Það frv. hefur að sjálfsögðu ekki verið til með-

ferðar í Sþ. Ég hef einnig oftar en einu sinni látið það í ljós, að ég tel fsp. vera of fyrirferðarmiklar á fundum Sþ., og að því leyti svaraði hv. þm. sjálfum sér, þegar hann var að leita eftir skýringum á því, hvers vegna þáltill. á dagskrá kæmust ekki að. Ég hef ekki í sambandi við þá þáltill., sem hann nefndi sérstaklega, neina aðra skýringu fram að færa á því, að hún hefur ekki komizt að, en þá, að fsp. hafa yfirleitt farið með mestallan tíma Sþ. og á stundum umr. utan dagskrár, sem forseti hefur leyft, þótt honum beri ekki nein skylda til þess.

Að öðru leyti en þessu sé ég ekki ástæðu til að svara frekar ræðu hv. 1. þm. Norðurl. v., en ég get fyrir mitt leyti lýst því yfir að þessu gefna tilefni frá honum, að eigi það eftir að koma í minn hlut aftur að sitja í þessum stól, er ég fús til þess að ræða við forustumenn þingflokkanna um bætta starfshætti hvað þetta snertir.

XI. Þingfréttir í dagblöðum.

Á 5. fundi í Nd., 23. okt., utan dagskrár, mælti

dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er að gefnu tilefni, sem ég kveð mér hljóðs utan dagskrár, en þó ætla ég að reyna að hafa aths. mína alveg ádeilulausa, og þó að tilefnið sé að þessu sinni frásögn í Tímanum í morgun, þá er aths. mín sett fram almennt.

Það er svo, að þrátt fyrir mjög þröngan húsakost hafa hæstv. forsetar þingsins haft forgöngu um það og hafa gert sér far um að búa vel að þingfréttariturum blaða og útvarps hér í þinginu. Hefur verið tekið sérstakt húsnæði til þess nú síðari árin, þar sem þeir hafa aðstöðu í klefum sínum og með hlustunartæki, sem er ósambærilegt við það, sem áður var. Á sama hátt og þingið hefur talið sig gegna skyldum gagnvart þingfréttariturum blaðanna að þessu leyti, þá verðum við þm. einnig að gera kröfu til þess, að í frásögnum þingfréttaritara gæti þess, að þeir verða líka að gegna skyldu gagnvart Alþ. og þm. Í gær varð ég að gegna þeirri skyldu minni hér að svara fsp. um úthaldsdaga varðskipanna, og ég gaf upp tölur um úthaldsdaga varðskipanna. Eg lét fylgja þeim miklu minni skýringar og túlkun heldur en hefði kannske verið hægt að gera og m. a. kannske vegna þess, að ég held, að bæði við í ríkisstj. og einnig þm. höfum lagt á það áherzlu nú upp á síðkastið að reyna að stytta mál okkar sem mest í fsp.-tímanum. En þær tölur, sem ég nefndi, voru auðvitað alveg ótvíræðar og skiljanlegar, og gaf ég auk þess nokkrar skýringar á tölunum. En af þessu öllu saman eru dregnar þverröfugar niðurstöður, þegar fréttir birtast svo í morgun, því að í fyrirsögn í Tímanum er sagt, að úthaldsdögum varðskipa hafi fækkað að undanförnu, á sama tíma sem gæzluþörfin stórvex. Tölur mínar voru aðrar. Þær voru þessar, að á 12 mánuðum 1968 hefðu úthaldsdagarnir verið 864 og á 9 mánuðum 1969 694 ¾ hluta ársins. En ég sagði, að á mánuði að jafnaði væru úthaldsdagar fleiri í ár heldur en nokkurt annað ár frá 1965. Ég fór ekki lengra aftur í tímann. Ég sagði, að 1965 hefðu þeir verið 70, 1966 70, 1967 75, 1968 72, en úthaldsdagar að meðaltali á mánuði 1969 77. Auðvitað var augljóslega hægt að reikna það, þegar ég segi, að úthaldsdagarnir til 1. okt. séu 694, að þeir mundu með hlutfallslega sama úthaldi síðasta ársfjórðunginn verða 924, þ. e. a. s. fleiri en á s. l. ári, og að meðaltali á mánuði gerði ég grein fyrir, að þeir væru fleiri. Mér þætti vænt um, ef þessi mistök, sem ég geri ráð fyrir, að séu, en ekki annað, verði leiðrétt.

Ég hef ástæðu til þess að ætla, og skal aðeins bæta því við, að úthaldsdagar varðskipanna síðasta ársfjórðunginn verði fleiri en þetta meðaltal ¾ fyrri hluta ársins er, vegna þess að ég gat þess, að Ægir hefði verið í „garanti"-skoðun í nærri mánuð. Það er bara tveggja daga úthald á honum í júlímánuði. Ég gat þess einnig, að hann hefði ekkert verið gerður út til gæzlu í september, vegna þess að stimpill brotnaði á Dalvík, svo að tvo mánuði af þessum níu var stærsta varðskipið óvirkt, en alla aðra mánuði ársins hefur úthald þessa skips verið 24–25 dagar á mánuði. Ef við tökum t. d. bara þá raunverulega 9 mánuði ársins 1968 og 9 mánuði ársins núna, er líka 40 daga raunverulegur munur. Ef Ægir, sem núna er kominn í lag eftir þetta óhapp, verður gerður út með svipuðum hætti og áður, þá er líklegt, að það verði um 100 daga meira úthald á varðskipunum árið 1969 heldur en 1968, en það er um 10% aukning.

Nú er mér ósköp vel ljóst, að það má lengi deila um, hvernig sagt er frá fréttum, hvernig túlkaðar eru fréttir, og það er allt of langt mál til þess, eins og sagt er, að fara út í það. En þegar við erum beðnir um að gefa upplýsingar, ráðh., tölulegar upplýsingar eins og gefnar eru, þá má ekki draga alranga niðurstöðu af þeim tölum, sem við höfum gefið þm. og engin aths. hefur komið um, að ekki væru réttar, enda eru þessar tölur fengnar frá Landhelgisgæzlunni sjálfri.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, því að eins og ég sagði vildi ég reyna að hafa þau ádeilulaus. En ég vildi mælast til þess við hæstv. forseta þingsins, að þeir komi þessari aths. réttilega áleiðis, sem er í því fólgin almennt, að fréttaritararnir, sem hér eru, þingfréttaritararnir, geri sér grein fyrir því, að eins og þeir hafa og eiga kröfu á góðri aðstöðu hér í þinginu, þá eigum við líka kröfu til þess, að þeir gæti skyldu sinnar að birta frásagnir, sem eru í samræmi við það, sem er sagt að þessu leyti, a. m. k. þegar um beinar tölulegar upplýsingar er að ræða.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég hef því miður ekki aðstöðu til þess að kynna mér það, hvað er rétt í þessari aths. hæstv. dómsmrh. Það má vel vera, að þessar tölur, sem hann fer með, séu réttar og það hafi gætt einhvers misskilnings í þeirri frétt, sem var í Tímanum í morgun, og það er alveg sjálfsagt, ef það kemur í ljós, að þar hafi eitthvað verið ranglega farið með tölur, að það verði leiðrétt. En mér heyrðist samt á þeim tölum, sem hæstv. ráðh. nefndi áðan, að það munaði ekki miklu á úthaldsdögum varðskipanna á þessu ári það, sem af er þessu ári, – og frá því, sem var í fyrra á sama tíma, þrátt fyrir það að sú breyting hafi á orðið, að þörfin fyrir landhelgisgæzluna hefur stórkostlega aukizt á þessu ári.

Eins og hv. þm. að sjálfsögðu minnast, þá var leyfi til landhelgisveiða stórkostlega aukið þegar á síðasta þingi, og það kallar að sjálfsögðu á það, ef ekki á að hljótast af því mikill voði, að landhelgisgæzlan verði stórlega aukin frá því, sem verið hefur. En mér virðist á þeim tölum, sem ráðh. nefndi hér, að jafnvel þó að úthaldsdagarnir verði eitthvað fleiri á þessu ári heldur en í fyrra, sé ekki um þá aukningu að ræða, sem þyrfti að vera til þess að mæta þessum aukna ágangi – mæta því, að leyfi til togveiða hafi verið stórkostlega aukin og ekki aðeins aukin, heldur hefur gæzlan verið gerð miklu erfiðari í framkvæmd heldur en áður með því að opna viss svæði. Línan, sem skipin máttu ekki stunda togveiðar innan, var miklu hreinni og beinni áður heldur en nú er orðið, síðan hinir svokölluðu pokar voru teknir upp í sambandi við þá breytingu, sem gerð var á síðasta þingi.

Ég held, að það sé þannig komið þessum málum, að það sé nauðsynlegt að taka störf landhelgisgæzlunnar og skipulag landhelgisgæzlunnar upp til nýrrar athugunar. Verkefnin hafa það mikið breytzt. Og ég hygg, að í þeim efnum mundi t. d. vera hægt að læra verulega af Norðmönnum, en mér er tjáð það, að þeir hagi gæzlu sinni á talsvert annan veg en við gerum. Við leggjum okkar metnað í að byggja stór og mjög hraðskreið skip. Það er t. d. mikill meiningarmunur um það, hvort sú vél, sem var valin í nýjasta varðskip okkar, hafi verið heppilega valin. Hún er sterk og hefur mikla orku. Hraðinn hefur hins vegar ekki aukizt að sama skapi. En hún er ákaflega dýr í rekstri og hefur því miður reynzt stórgölluð, eins og kunnugt er, af því að skipið er búið að liggja hér lengi til viðgerðar. Ég held, að það mál hafi ekki heldur verið nægilega undirbúið á sínum tíma, nægilega kannað þá, í hvaða formi ætti að byggja landhelgisgæzluna upp. En mér er sagt, að Norðmenn hagi henni að verulegu leyti á þann veg, að þeir hafi ákveðin skip til að annast gæzluna á vissum svæðum, en láti ekki sama skipið vera að hringsóla meðfram allri ströndinni. Og það kemur áreiðanlega mjög til athugunar, einmitt síðan sú breyting var gerð á landhelgislínunni, sem gerð var hér á síðasta þingi, að slíkt fyrirkomulag yrði tekið upp hjá okkur, að það yrði t. d. staðsett ákveðið varðskip fyrir Norðurlandi, annað fyrir Austurlandi, Suðurlandi o. s. frv., sem annaðist fasta gæzlu þar, en þessu væri ekki skipt niður á fá, stór skip, eins og nú er gert, þegar við bætist svo, að þessi skip eru oft látin liggja tímum saman.

Það verður að sjálfsögðu aðstaða til þess að ræða þetta mál nánar öðruvísi en í umr. utan dagskrár. En í tilefni af því, sem hæstv. ráðh. gerði sérstaka aths. við, þá vil ég aðeins endurtaka það, að ef það reynist rétt, að í Tímanum hafi verið farið eitthvað rangt með þær tölur, sem hann flutti á Alþ. í gær, þá er sjálfsagt að láta koma fram leiðréttingu á því. En það breytir ekki hinu höfuðatriði málsins, að landhelgisgæzluna þarf að auka stórlega frá því, sem nú er, ef hún á að sinna því hlutverki, sem henni er ætlað, sérstaklega eftir þær breytingar, sem voru gerðar á landhelgislínunni á síðasta þingi.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég þakka hv. 4. þm. Reykv., ritstjóra Tímans, fyrir þær undirtektir, að leiðrétt muni í blaði hans, ef rangt hefur verið farið með tölur, eins og hann sagði, þar sem er sagt, að í fyrra hafi úthaldsdagarnir verið 864, og það sem af er þessu ári, til 1. okt., 694. En það var ekki talan í sjálfu sér, sem ég gerði að umtalsefni. En af þessu er dregin sú niðurstaða í fyrirsögn fréttarinnar, að úthaldsdögum varðskipanna hafi fækkað. Aðrar tölur eru ekki birtar en þessar ¾ hluta ársins 1969 eða 9 mánuði, en 12 mánuði ársins 1968. Og þó að þær væru einar teknar án tillits til þeirra atvika, sem ég benti á um úthald Ægis, þá er niðurstaðan af tölunum röng og það skiptir miklu máli. Það er oft þannig, að sumir lesa kannske bara fyrirsagnir í Tímanum eins og öðrum blöðum og láta þar við sitja.

En ég ætla ekki að ræða landhelgisgæzluna, sem hv. þm. vék að. Það mál var lítillega rætt í gær og á dagskrá. Það var aðeins þessi aths., og þess vegna bind ég mig við hana, en geng að öðru leyti alveg fram hjá þeim skoðunum, sem hann hafði á sjálfri landhelgisgæzlunni og þörf aukningar á henni.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það er vegna þess, að rætt er um þingfréttir í blöðunum, sem mig langar að bæta við fáeinum setningum. Ég tek að sjálfsögðu undir, að það er mjög þýðingarmikið, að fréttamenn fari rétt með tölur og staðreyndir þær, sem fram koma á Alþ., og skal ég ekki ræða það eða bæta neinu við um það efni.

En það er annað, sem er líka mjög þýðingarmikið, og það er, að blöðin geri sér far um að láta koma fram fréttir frá Alþ., velji ekki úr af handahófi eða eftir einhverjum annarlegum sjónarmiðum fréttaefni, en sleppi öðru. Með því að sleppa fréttum er oft hægt að gefa býsna ósanna mynd af því, sem skeður á Alþ. Og fyrst farið er að minnast á þetta kemur það upp í huga minn, að ég var einmitt í dag að gæta að því, hvernig blöðin sögðu frá umr. þeim, sem hér urðu um byggðaáætlanir í gær, en það komu fram fréttir í þeim umr. Það var t. d. sagt frá því, sem ég held að sé talsvert stór frétt, að það er byrjað að vinna að Austurlandsáætlun. Ég dreg í efa, að sú frétt hafi komið fram áður. Og fleira kom fréttnæmt fram í því sambandi. Ég var t. d. að leita í Morgunblaðinu og ég gat ekki fundið þar neinar frásagnir af þessu eða neinar fréttir af þessum umr. Ég nefni þetta sem dæmi. Ég nefni Morgunblaðið, vegna þess að ég var að leita þar. Ég sá hins vegar, að það var frásögn af þessu í Tímanum, en var ekki kominn svo langt, að ég væri búinn að leita í fleiri blöðum. Ég nefni þetta til þess að skýra það fyrir mönnum, að það er fleira, sem getur verið að, en það, að menn heyri skakkt eða fari skakkt með, sem á náttúrlega ekki að koma fyrir.

Að sumu leyti finnst mér, að þingfréttum blaðanna hafi farið aftur núna. Það var fyrir skömmu orðið þannig, sums staðar a. m. k., að maður gat séð, hverjir höfðu tekið til máls í hverju máli og stuttlega sagt frá því, hvað hver hafði sagt. Að vísu var þetta hlutdrægt að því leyti til, að það var sagt miklu meira frá því, sem sá hafði talað, sem blaðinu var kær, en hinn, sem blaðinu fannst minna til um eða var úr andstæðum flokki. En látum það vera. Það var þó frásögn. En nú hafa blöðin meira fellt þetta niður, og það virðist eiginlega helzt

komið í það horf aftur, að úr sé bara valið það, sem blöðunum finnst af pólitískum ástæðum skynsamlegt að segja, og hitt látið liggja. Þetta finnst mér mikil afturför og ég vil nefna þetta dæmi, að t. d. er ekki í Morgunblaðinu, sem annars flytur talsverðar fréttir frá Alþ., svo að ég hafi getað séð, neitt sagt frá þessum umr. um Vesturlandsáætlun, Austurlandsáætlun og Suðurlandsáætlun og annað, sem fór fram í gær.

XII. Fréttir í hljóðvarpi og sjónvarpi.

Á 15. fundi í Nd., 17. nóv., utan dagskrár, mælti

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs hér utan dagskrár út af hneyksli, sem átti sér stað í fréttaflutningi sjónvarps og hljóðvarps nú um helgina. S. l. laugardag var haldinn á vegum stúdentafélagsins Verðandi fundur í Háskólabíói til stuðnings kröfunni um tafarlausan og algeran brottflutning bandarísks herliðs frá Víetnam. Fundur þessi var svo fjölmennur, að slíks eru fá dæmi hér á landi. Það var ekki aðeins, að hvert einasta sæti í hinum stóra sal væri setið, en þau munu vera um 930, heldur var svo þétt skipað í ganga og annað pláss þarna, að óhætt er að fullyrða, að tala fundarmanna hafi verið a. m. k. tvöföld sætatalan. Það er aldrei minna en svona 1800 manns. Fundarmenn voru á öllum aldri, en meiri hlutinn skólafólk. Fundarsóknin og undirtektir allar á fundinum staðfestu það, að krafa sú, sem þarna var fram borin, sama krafan og fram var borin á mótmælafundum – fjölmennum mótmælafundum – og í mótmælagöngum vestur í Bandaríkjunum nú um þessa sömu helgi, þessi krafa nýtur öflugs og ótvíræðs stuðnings skólafólks hér í höfuðstaðnum.

Ég fullyrði hiklaust, að fátt hafi skeð frásagnarverðara hér á landi nú um langt skeið heldur en þessi fundur, fátt fréttnæmara, fátt sjálfsagðara til ýtarlegrar frásagnar af hálfu heiðarlegra fréttamanna. En þeir, sem valizt hafa til þess að segja þjóðinni merk tíðindi á vegum ríkisrekinna fyrirtækja, þ. e. a. s. fréttamenn sjónvarps og hljóðvarps, virtust hins vegar líta svo á, að fréttamennskuheiðri þeirra væri bezt borgið með því að minnast varla á þetta mál eða haga þannig því litla, sem þeir létu þjóðina af því vita, að þeir hefðu betur þjónað sannleikanum með því að segja ekkert um þetta. Sjónvarpið s. l. laugardagskvöld minntist ekkert á þann fjölda, sem á fundinn kom, og sagði ekki heldur neitt um það, sem þar fór fram, en birti hins vegar kvikmynd af nokkrum hluta, aðeins litlum hluta fundarmanna á göngu að fundarstaðnum, og svo undarlega vildi til, að þegar gangan var alveg að komast þangað, sem mannfjöldi stóð fyrir utan húsið og beið þess að komast inn, þá slokknaði allt í einu á myndinni. Áhrifin af þessu hlutu að verða þau fyrir allan þann fjölda sjónvarpsáhorfenda, sem ekki vissu betur, að þetta hefði verið misheppnaður fundur, á hann hefði aldrei komið nema þessi hópur göngumanna.

Hvernig stóð á þessu? Það getur verið, að sjónvarpið sé fátækt fyrirtæki. En ósköp hlýtur sú fátækt að vera orðin alvarleg, ef sjónvarpið verður alveg uppiskroppa með filmur strax og það fer að komast í námunda við sannleikann í máli, sem það lætur þó vera að fræða fólk um. Ég ætla ekki að fullyrða, að það, sem valdið hafi þessu undarlega háttalagi hjá fréttamönnum sjónvarpsins, hafi verið skortur á heiðarleika, en skortur á einhverju var það. Og hann virðist næsta undarlegur, þankagangur þessara manna, það get ég fullyrt eftir að hafa rætt við tvo fréttamenn sjónvarpsins um þetta mál. Ég spurði, af hverju þeir hefðu ekki kvikmyndað inni í sjálfum fundarsalnum, en aðeins látið nægja að kvikmynda umræðda göngu. „Gangan var á hreyfingu", sögðu þeir, „fundarmenn, sem sitja hreyfingarlausir í sal, eru hins vegar ekki merkilegt sjónvarpsefni." Óneitanlega nokkuð svo nýstárleg speki, þetta. Út af þessu gæti maður næstum freistazt til þess að beina þeirri fsp. til hæstv. menntmrh., yfirmanns þessarar stofnunar, sjónvarpsins, hvort fréttamönnum sjónvarpsins hafi verið gert að segja ekki sannleikann nema hann sé á hreyfingu. Staðreyndirnar gera reyndar slíka fsp. alveg óþarfa. Sjónvarpið hefur hvað eftir annað sýnt nákvæmar kvikmyndir af fólki, sem situr hreyfingarlaust í fundarsal, og ekki hvað sízt einmitt í þessum sal, Háskólabíói, og er eitt dæmi nærtækt. S. l. laugardag var haldin samkoma í Háskólabíói til heiðurs okkar ástsæla Nóbelsskáldi, og sjónvarpsmenn voru þar með kvikmyndatökuvélar sínar í gangi, eins og líka vera bar, og þeir sýndu kvikmynd frá þessari samkomu um kvöldið, jafnvel þó að ekki væri hægt að segja, að það væri neitt tiltakanlega mikil hreyfing á samkomugestum. Kvikmyndatökuvéla þeirra varð hins vegar hvergi vart á þeim fundi, sem hófst þó þarna aðeins stuttri stundu síðar. Og hvers vegna? Það hefur þó varla verið vegna þess, að sjónvarpsmönnum hafi fundizt, að enn meira hreyfingarleysi væri á þeim fundi heldur en hinni virðulegu samkomu þarna rétt á undan.

En þrátt fyrir ýmis ótvíræð merki um æskuþrótt á þeim fundi, þá fór hann hið bezta fram og var bæði fundarmönnum, fundarboðendum og öllum þátttakendum til sóma. Var það kannske þess vegna, sem sjónvarpið taldi hann ekki frásagnarverðan? Nei, fyrr mætti nú vera. Og þó mætti með nokkrum rétti spyrja slíkrar spurningar, ekki sízt þegar líka er athugaður hlutur hljóðvarpsins í þessu máli. Ég er hér með orðrétt afrit af því, sem hljóðvarpið sagði um fund þennan í sjö-fréttum á laugardagskvöldið, með leyfi hæstv. forseta:

„Í dag kl. 15.30 var efnt til Víetnam-göngu í Reykjavík. Var gengið frá Austurvelli að Háskólabíói, þar sem fundur hófst kl. 16.30. Fundinum var ekki lokið nú kl. 18.30, en allt hafði þá farið friðsamlega fram."

Þetta hafði sem sé hljóðvarpið að segja um þennan fund. Allt og sumt. Ekkert minnzt á þann mikla fjölda, sem á fundinn kom, né heldur það, sem þar átti sér stað. Og ég vek athygli á því, að þó að þessi klausa sé stutt, þá tekst viðkomandi fréttamanni að brjóta með henni hlutleysi útvarpsins á hinn herfilegasta hátt. Í orðum hans má greinilega finna það, sem bókmenntagagnrýnendur nefna stundum undirtóna, djúpa undirtóna, – „en allt hafði þá farið friðsamlega fram." Til hvers er þetta sagt einmitt í sambandi við þennan fund? Því fer

fjarri, að þetta sé venjan um fréttir útvarpsins af fundum yfirleitt. Af hverju endilega þessi aths. í sambandi við þennan fund? Af hverju? Um það skal ég ekkert fullyrða. En hitt fullyrði ég, að með þessu var hlustendum útvarpsins, hvort heldur það var viljandi gert eða óviljandi, gefið fyllilega í skyn, að þessi fundur hafi verið skrílsamkoma, þar sem búast hefði mátt við ýmsu miður viðkunnanlegu háttalagi.

Svona sagði sem sé hljóðvarpið frá þessum fundi og síðan ekki meir, ekkert orð. Og af hverju? Af því að hann reyndist ekki vera nein skrílsamkoma – eða hvað? Hefði útvarpið sagt nánar frá fundinum, ef á honum eða í sambandi við hann hefðu orðið óspektir eða eitthvað gerzt, sem ekki gat talizt kannske fundarmönnum til sóma? Ja, eftir að hafa rætt málið við fréttastofu útvarpsins liggur mér við að svara þessu játandi. Fréttastofan gaf mér svo hljóðandi skýringu: „Þegar við erum, eins og í þessu tilfelli, búin að segja frá fundum og samkomum, höfum skýrt frá efni þeirra fyrir fram, þá er ekki verið að fjalla neitt frekar um þetta eftir á, nema eitthvað sérstakt gerist.“ Þessi skýring stenzt nú reyndar ekki, og má nefna mörg dæmi því til sönnunar úr fréttaflutningi útvarpsins. En svarið er engu að síður auðskiljanlegt varðandi þennan fund. Frá honum hefði verið sagt nánar, ef á honum hefði gerzt „eitthvað sérstakt“. Er að furða þó að maður spyrji, hvort þessar stofnanir séu að segja það ungu fólki, sjónvarpið með kenningum sínum um hreyfanleikann og hljóðvarpið með útskýringum sínum varðandi þetta „eitthvað sérstakt“, sem þurfi að gerast, – er að furða þó að maður spyrji, hvort þessar stofnanir séu að tilkynna það ungu fólki, að því aðeins geti það komið á framfæri skoðunum sínum, að það efni til óspekta, geri eitthvað það, sem gefi góðborgurunum og blöðum þeirra átyllu til þess að kalla það skríl?

Þó að ég taki til máls í sambandi við þennan sérstaka fund, Víetnam-fundinn s. l. laugardag, og til þess að víta fréttaflutning hljóðvarps og sjónvarps í sambandi við hann, þá vil ég leggja áherzlu á, að hér er um að ræða miklu víðtækara mál. Þetta er aðeins eitt dæmi af mörgum um vítaverðan fréttaflutning þessara stofnana og þá sérstaklega sjónvarpsins. Þær meginreglur, sem sú stofnun virðist fylgja á þessu sviði, eru í einu orði sagt forkastanlegar, þessi tilhneiging sjónvarpsins til þess að draga alltaf taum valdhafanna íslenzku, íslenzku ríkisstj., þar sem tilefni er til í innlendum fréttum, og hossa sjónarmiðum og áróðri Bandaríkjastjórnar í erlendum fréttum.

Einn hinna ungu manna, sem töluðu á Víetnamfundinum s. l. laugardag, gerði einmitt þetta mál að umtalsefni og komst m a. svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Svona þjónusta kallast í mæltu máli heilaþvottur. Markvisst er stefnt að því að brjóta niður sjálfstæða hugsun neytandans. Stefnt er að því að gera manninn að viljalausum þræli hinnar opinberu skoðanamyndunar.“

Og ég leyfi mér í nafni þessa unga manns og í nafni allra félaga hans að mótmæla slíkri óhæfu. Og ég vænti þess, að hæstv. menntmrh. sýni, að hann finnur til ábyrgðar sinnar sem æðsti yfirmaður nefndra stofnana með því að taka nú mál þessi til rækilegrar athugunar, geri til að mynda fréttamönnum hljóðvarps það ljóst, að ungt fólk á rétt á að skoðanir þess séu túlkaðar til jafns við skoðanir annarra, hvort sem í sambandi við þær gerist „eitthvað sérstakt“ eða ekki, og komi fréttamönnum sjónvarps í skilning um, að þeir eiga í hverju máli að segja sannleikann, hvort sem hann hreyfist eða hreyfist ekki.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. þm. beindi til mín þeirri fsp., hvort ég hefði gefið fréttamönnum sjónvarps eða hljóðvarps einhver fyrirmæli um afstöðu þeirra til sannleikans, hvort sem hann væri á hreyfingu eða kyrrstæður. Ég vil aðeins segja það af þessu tilefni, að ég hef aldrei haft nokkur afskipti af fréttastarfsemi hljóðvarps eða sjónvarps og mun ekki hafa.

Á 21. fundi í Ed., 4. des., utan dagskrár, mælti

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Fyrir nokkrum dögum var skýrt frá því, að sjónvarpið íslenzka hefði náð nýjum áfanga að því er varðar útbreiðslu, þegar teknar voru í notkun allmargar endurvarpsstöðvar á Norður- og Austurlandi. Sjónvarpið nær nú til allra landshluta. Það er orðið gildur þáttur í íslenzku þjóðlífi. Það er orðið staðreynd, sem reikna verður með í æ ríkara mæli. Um þetta áhrifamikla tæki, stjórn þess og starfshætti mætti vissulega margt segja og það væri ekki nema eðlilegt, að Alþ. léti sig þau mál nokkru skipta og ræddi þau rækilega. Til þess er ekki vettvangur hér utan dagskrár, en að gefnu sérstöku tilefni vil ég leyfa mér að vekja á því athygli, að af einhverjum ástæðum, óútskýrðum að því er ég held, virðist liggja við því algert bann hjá þessari stofnun að geta um útkomu nýrra bóka. Þetta á við um allar bækur, jafnt íslenzkra höfunda sem annarra. Þessi afstaða ráðamanna sjónvarpsins hefur ekki aðeins vakið furðu hjá íslenzkum rithöfundum og þeim mönnum, sem fást við bókaútgáfu. Ég held, að fjöldi almennra sjónvarpsáhorfenda spyrji einnig, hver ástæða geti legið til þess, að svo gildur þáttur íslenzkrar menningar sem ritún og útgáfa bóka óneitanlega er hefur verið settur, að því er virðist, í algert fréttabann hjá sjónvarpinu. Í gær barst mér bréf um þetta mál frá stjórn Rithöfundasambandsins, og ég vil nú, með leyfi hæstv. forseta, lesa aðalefni þessa bréfs, þar sem það gerir ljósa grein fyrir gangi þessa máls, sem ég vek hér athygli á. Í bréfinu segir:

„Eins og þér er kunnugt, hefur fréttastofa sjónvarpsins frá fyrstu tíð til þessa dags haft þann hátt á að skýra ekki frá útgáfu íslenzkra bóka. Þó að íslenzka þjóðin hafi jafnan látið sig bækur miklu varða og áþreifanlega sýnt, að bókmenntir eru henni hugleiknar og hjartfólgnar, lætur fréttastofa sjónvarpsins sem nýjar bækur sæti engum tíðindum eða þjóðinni komi þær ekki við. Engin skýring er gefin á þessu háttalagi. Stjórn Rithöfundasambandsins samþykkti á fundi sínum 17. nóv. 1968 svo hljóðandi ályktun í þessu máli:

„Stjórn Rithöfundasambands Íslands leyfir sér að átelja það, að fréttastofa sjónvarpsins virðist með öllu ganga fram hjá tíðindum af útgáfu bóka eftir íslenzka

höfunda. Stjórnin skorar á ráðamenn sjónvarpsins að breyta þessari afstöðu sinni.“

Ályktun þessari var komið á framfæri við útvarpsstjóra, einnig blöð og fréttastofnanir. Í samningaviðræðum við Ríkisútvarpið fyrr á árinu var þráfaldlega yfir þessu kvartað. Á fundi, sem stjórn Rithöfundasambandsins átti með útvarpsráði 1. okt. s. l., var málinu enn hreyft og fastlega mælzt til, að bót yrði á ráðin. Allt hefur þetta komið fyrir ekki. Enn lætur fréttastofa sjónvarpsins sem bókaútgáfa sé ekki til á Íslandi eða ekki umtalsverð. Mun þó torvelt að benda á annað, sem meiri svip setur á þjóðlífið þessar vikurnar eða meira umtal veki manna á meðal en nýju bækurnar, sem nú eru að koma út. Hér er því um að ræða ámælisverða vanrækslu í fréttaflutningi.

Stjórn Rithöfundasambandsins leyfir sér nú að fara þess á leit við þig sem alþm. og fyrrv. formann sambandsins, að þú hreyfir þessu máli utan dagskrár á Alþ. til þess að kanna, hvort upplýsast megi, hverju framkoma fréttastofunnar sætir og hvort menntmrh. og alþm. telji hana geta upp á sitt eindæmi lýst einn meginþátt íslenzkrar menningar í fréttabann.“

Þetta voru meginatriði þess bréfs, sem mér barst í gær, og við þetta bréf hef ég í rauninni engu að bæta öðru en því, að ég vænti þess, að ráðamenn sjónvarpsins endurskoði afstöðu sína til þessa máls, og komist sem allra fyrst að þeirri niðurstöðu, að leysa beri bækur úr þessu undarlega og algerlega óskiljanlega fréttabanni. Ég treysti fréttamönnum útvarps og blaða til að koma þessari áskorun á framfæri. Ég hygg, að ég mæli þar ekki aðeins fyrir hönd rithöfunda og þeirra manna, sem við bókaútgáfu fást, heldur fyrir hönd sjónvarpshlustenda almennt, þegar ég fullyrði, að sjónvarpið getur ekki ámælislaust haldið áfram að láta eins og ritun nýrra bóka og bókaútgáfa á Íslandi sé ekki til. Hinu hlálega fréttabanni að því er tekur til bókmennta verður að linna, áður en það bakar íslenzkum höfundum og íslenzkum bókmenntum meira tjón en þegar er orðið.

XIII. Minning Bernharðs Stefánssonar.

Á 15. fundi í Sþ., 24. nóv., mælti

forseti (BF): Til þessa fundar er boðað til þess að minnast Bernharðs Stefánssonar fyrrv. útibússtjóra Búnaðarbanka Íslands og alþm., sem andaðist að heimili sínu á Akureyri aðfaranótt sunnudags 23. nóv., rúmlega áttræður að aldri.

Bernharð Stefánsson var fæddur 8. jan. 1889 að Þverá í Öxnadal. Foreldrar hans voru Stefán bóndi þar Bergsson bónda á Rauðalæk á Þelamörk Bergssonar og kona hans Þorbjörg Friðriksdóttir bónda á Gili í Eyjafirði Vigfússonar. Hann stundaði nám í Gagnfræðaskólanum á Akureyri 1904–1906 og í Flensborgarskóla 1907–1908 og lauk þaðan kennaraprófi. Hann var barnakennari í Skriðuhreppi 1908–1910 og í Öxnadal 1910–1923, bóndi á Þverá í Öxnadal 1917–1935 og útibússtjóri Búnaðarbanka Íslands á Akureyri 1930–1959. Hann var oddviti Öxnadalshrepps 1915–1928, sýslunefndarmaður 1922–1928 og í stjórn Kaupfélags Eyfirðinga 1921–1962. Alþm. Eyfirðinga var hann 1924–1959, sat á 44 þingum alls. Hann var forseti Ed. Alþingis 1947–1953 og 1956–1959. Fulltrúi í Norðurlandaráði var hann frá stofnun þess 1952 til 1959. Hann átti sæti í mþn. um landbúnaðarmál 1927, mþn. um tekjuöflun bæjar- og sveitarfélaga 1936 og mþn. um bankamál 1937.

Bernharð Stefánsson hóf á ungum aldri þátttöku í félagsstörfum. Ungmennafélagshreyfingin íslenzka átti um þær mundir upptök sín í héraði hans, og hann gerðist þar áhugasamur og starfsamur félagi, var um langt skeið forustumaður í ungmennafélagi sveitar sinnar. Hann gekk einnig á hönd samvinnuhreyfingunni í héraði sínu og var kosinn til trúnaðarstarfa á þeim vettvangi. Voru þau félagsstörf öll þroskavænlegur undirbúningur þess ævistarfs, sem hann átti fyrir höndum. Hann var formaður lestrarfélags sveitar sinnar, víðlesinn og fróður um sögu Íslands og fornbókmenntir. Síðar átti hann sæti á Alþingi í hálfan fjórða áratug, var traustur og vinsæll fulltrúi héraðs síns, en lagði einnig margt til annarra þjóðmála og átti lengst sæti í þeim nefndum þingsins, sem fjölluðu um fjárhagsmál og menntamál. Í ræðustóli flutti hann mál sitt skorinort og skilmerkilega, rólega og rökfast, var drengilegur í málflutningi, en fastur fyrir og lét ógjarnan hlut sinn. Hann var vel ritfær og langminnugur, og á næðissömum elliárum, er hann hafði látið af öðrum störfum, ritaði hann endurminningar sínar frá viðburðaríkri starfsævi, mikið rit og fróðlegt um menn og málefni, þar sem segir frá ýmsum stórviðburðum í íslenzkum þjóðmálum á þessari öld.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Bernharðs Stefánssonar með því að rísa úr sætum. – [Þm. risu úr sætum.]

XIV. Nýr þingflokkur.

Á 27. fundi í Sþ., 19. des., mælti

forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Vér undirritaðir alþm. tilkynnum yður hér með, herra forseti, að við myndum nú þingflokk Samtaka frjálslyndra og vinstri manna.

Alþingi, 19. des. 1969.

Björn Jónsson.
Hannibal Valdimarsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis.“

XV. Þingmennskuafsal.

Á 36. fundi í Sþ., 2. marz, mælti

forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Þar sem ég hef verið skipaður sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn og mun taka við því embætti 1. n. m., leyfi ég mér hér með að tilkynna yður, herra forseti, að ég afsala mér þingmennsku frá lokum þessa mánaðar.

Reykjavík, 25. febrúar 1970.

Sigurður Bjarnason.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Ásberg Sigurðsson er mættur á þingi í stað Sigurðar Bjarnasonar. Hann hefur áður átt sæti á Alþingi og kjörbréf hans verið rannsakað og kosning hans metin gild. Tekur hann nú sæti á þingi sem 4. þm. Vestf. Skoðast það samþ., ef enginn mælir því í gegn. – En samkvæmt því verður hv. alþm. Matthías Bjarnason eftirleiðis 2. þm. Vestf.

XVI. Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., mælti

forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 14. okt. 1969.

Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Vesturlandskjördæmi, Ásgeir Pétursson sýslumaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Ásgeir Pétursson sýslumaður hefur áður tekið sæti á Alþ. sem varamaður fyrir Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl., og kjörbréf hans verið rannsakað. Hann tekur nú sæti á þinginu sem 4. þm. Vesturl., og leyfi ég mér að bjóða hann velkominn til þingstarfa.

Á 5. fundi í Sþ., 21. okt., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfa.

Forseti (ÓB): Mér hafa borizt eftirtalin bréf, í fyrsta lagi:

„Reykjavík, 15. okt. 1969.

Lúðvík Jósefsson, 4. þm. Austf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Austurlandskjördæmi, Helgi Friðriksson Seljan skólastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Þar sem Helgi Seljan hefur ekki átt sæti á þingi á þessu kjörtímabili, fer fram á eftir rannsókn á kjörbréfi hans.

Þá hefur mér í öðru lagi borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 16. okt. 1969.

Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að sökum forfalla 1. varamanns Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi taki 2. varamaður, Snæbjörn Ásgeirsson framkvstj., sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

En frá Oddi Andréssyni, 1. varamanni Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Vegna sérstakra anna heima fyrir get ég ekki tekið sæti á Alþingi í fjarveru Matthíasar Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn."

Þar sem Snæbjörn Ásgeirsson hefur ekki átt sæti á þingi áður, fer fram rannsókn á kjörbréfi hans.

Enn fremur hefur mér borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 20. okt. 1969.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson, framkvstj. Sjálfstfl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Bjarna Benediktssonar forsrh., 1. þm. Reykv., sem er á förum til útlanda, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að varamaður hans, Geir Hallgrímsson borgarstjóri, taki á meðan sæti hans á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Geir Hallgrímsson hefur áður átt sæti á Alþ. á þessu kjörtímabili, og því þarf ekki að fara fram rannsókn á kjörbréfi hans.

Enn fremur hefur mér borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 20. okt. 1969.

Pálmi Jónsson, 4. þm. Norðurl. v., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna heima fyrir mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. vara-

maður Sjálfstfl. í Norðurl. v., Eyjólfur Konráð Jónsson ritstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Eyjólfur Konráð Jónsson hefur áður átt sæti á Alþ. á þessu kjörtímabili, og þarf því ekki að fara fram rannsókn á kjörbréfi hans.

Hins vegar vil ég leyfa mér að afhenda formanni kjörbréfanefndar eða öðrum, sem sæti á í kjörbréfanefnd, ef hann er ekki viðstaddur, þau tvö kjörbréf, sem rannsaka þarf, og mun ég gefa 10 mín. fundarhlé meðan kjörbréfanefnd rannsakar þessi kjörbréf. Fundi er frestað. – [Fundarhlé.]

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til meðferðar kjörbréf Snæbjarnar Ásgeirssonar, Nýlendu, Seltjarnarneshreppi, 2. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, og kjörbréf Helga Friðrikssonar Seljans skólastjóra á Reyðarfirði, 1. varaþm. Alþb. í Austurlandskjördæmi. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf þessara tveggja varaþm. og hefur n. ekkert fundið við kjörbréfin athugavert og leggur til, að kosning þessara tveggja varaþm. verði tekin gild og kjörbréfin samþ.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Helga F. Seljans samþ. með 36 shlj. atkv.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Snæbjarnar Ásgeirssonar samþ. með 37 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Snæbjörn Ásgeirsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 7. fundi í Sþ., 27. okt., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 24. okt. 1969.

Ólafur Jóhannesson, formaður þingflokks Framsfl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl., mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur vegna meiðsla, leyfi ég mér, samkv. beiðni hans og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Helgi Bergs framkvstj., taki sæti á Alþingi í forföllum hans."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kjörbréf Helga Bergs verkfræðings liggur hér fyrir og leyfi ég mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að taka það til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. – [Fundarhlé.]

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Ágúst Þorvaldsson, hv. 2. þm. Sunnl., hefur tilkynnt, að hann sakir sjúkleika geti ekki tekið þátt í þingstörfum næstu vikur, og hefur þess vegna óskað þess, að hans sæti taki á meðan á þinginu l. varamaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Helgi Bergs verkfræðingur. Fyrir kjörbréfanefnd hefur legið læknisvottorð um sjúkleika Ágústs Þorvaldssonar.

Kjörbréfanefnd hefur ekkert haft að athuga við kjör varaþm. og leggur því til, að kjörbréfið verði samþ. og kosning þm. metin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 42 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Sþ., 3. nóv., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 31. okt. 1969.

Vilhjálmur Hjálmarsson, 5. þm. Austf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Vegna mikilla anna heima fyrir er mér nauðsynlegt að hverfa af þingi næstu tvær vikur og leyfi ég mér því að biðja um fjarvistarleyfi. Þar sem 1. varaþm. Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Tómas Árnason hrl., dvelst nú vestanhafs í opinberum erindum, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 2. varaþm. Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Kristján Ingólfsson kennari á Hallormsstað, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kjörbréf til handa Kristjáni Ingólfssyni, útgefið af yfirkjörstjórn Austurlandskjördæmis, liggur hér fyrir og vil ég biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. – [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman á fund og kannað kjörbréf fyrir Kristján Ingólfsson kennara á Hallormsstað, sem er 2. varaþm. Framsfl. í Austurlandskjördæmi, en óskað er eftir því, að hann taki sæti í forföllum 5. þm. Austf., Vilhjálms Hjálmarssonar, þar eð 1. varaþm. er erlendis í opinberum erindum svo sem lýst var hér áðan. Kjörbréfanefnd hefur ekkert fundið athugavert við þetta kjörbréf og leggur til, að það verði samþ. og kosningin tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 45 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Kristján Ingólfsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 17. fundi í Ed., 24. nóv., mælti

forseti (JR): Borizt hefur eftirfarandi bréf frá Steinþóri Gestssyni, 5. þm. Sunnl.:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna heima fyrir mun ekki geta sótt fundi næstu vikur, vil ég leyfa mér að biðja fjarvistarleyfis og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, Ragnar Jónsson skrifstofustjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Steinþór Gestsson,
5. þm. Sunnl.

Til forseta efri deildar."

Samkvæmt þessu bréfi tekur Ragnar Jónsson sæti á Alþ. í stað Steinþórs Gestssonar, 5. þm. Sunnl., og leyfi ég mér að bjóða hann velkominn til starfa.

Á 18. fundi í Sþ., 3. des., mælti

forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 3. des. 1969.

Jón Kjartansson, 1. þm. Norðurl. v., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna mun ekki geta sótt þingfundi næstu tvær vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. v., Magnús H. Gíslason bóndi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Magnús H. Gíslason bóndi hefur áður átt sæti á Alþ. og kjörbréf hans verið rannsakað. Ég býð hann velkominn til þingstarfa á ný.

Á 20. fundi í Sþ., 8. des., mælti

forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 5. des. 1969.

Gils Guðmundsson, 5. þm. Reykn., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að þar sem 1. varamaður Alþb. í Reykjaneskjördæmi, Karl Sigurbergsson skipstjóri, er erlendis, taki 2. varamaður Alþb., Sigurður Grétar Guðmundsson pípulagningameistari, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Jónas G. Rafnar,
forseti efri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Sigurður Grétar Guðmundsson hefur áður átt sæti á Alþ. og kjörbréf hans þá verið rannsakað. Hann tekur nú sæti á þinginu sem 5. þm. Reykn., og leyfi ég mér að bjóða hann velkominn til þingstarfa.

Þá hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 5. des. 1969.

Ólafur Björnsson, 12. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Þorsteinn Gíslason skipstjóri, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Jónas G. Rafnar,
forseti efri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Þessu bréfi fylgir svo hljóðandi yfirlýsing:

„Að gefnu tilefni lýsi ég yfir því, að ég mun ekki geta tekið sæti á Alþingi í forföllum Ólafs Björnssonar, 12. þm. Reykv.

Reykjavík, 5. des. 1969.

Geir Hallgrímsson."

Þorsteinn Gíslason skipstjóri hefur áður tekið sæti á Alþ. og kjörbréf hans þá verið rannsakað. Hann tekur nú sæti á þinginu sem 12. þm. Reykv., og leyfi ég mér að bjóða hann velkominn til þingstarfa.

Á 28. fundi í Nd., 17. des., mælti

forseti (SB): Forseta hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 16. des. 1969.

Þar sem ég vegna embættisanna mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Norðurl. v., Eyjólfur Konráð Jónsson ritstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Gunnar Gíslason,
2. þm. Norðurl. v.

Til forseta neðri deildar."

Kjörbréf Eyjólfs Konráðs Jónssonar ritstjóra hefur áður verið rannsakað, og býð ég hann velkominn til setu í hv. þd.

Á 29. fundi í Sþ., 12. jan., mælti

forseti (ÓB): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Þorvaldur Garðar Kristjánsson, framkvstj. Sjálfstfl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Pálma Jónssonar bónda, 4. þm. Norðurl. v., sem nú er veikur, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að varamaður hans, Eyjólfur K. Jónsson ritstjóri, taki á meðan sæti hans á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Enn fremur hefur mér borizt svo hljóðandi bréf:

„Ólafur Jóhannesson, formaður þingflokks Framsfl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Einar Ágústsson, 11. þm. Reykv., hefur orðið fyrir slysi og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Kristján Thorlacius deildarstjóri, taki sæti á Alþingi í forföllum hans.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Jónas G. Rafnar,
forseti efri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis.“

Báðir þeir varaþm., sem nú taka sæti á Alþ., hafa átt sæti á Alþ. fyrr á þessu kjörtímabili og kjörbréf þeirra því verið samþykkt. Ég leyfi mér að bjóða þá báða velkomna til þingstarfa.

Á 38. fundi í Ed., 26. jan., mælti

forseti (JR): Eftirfarandi bréf hefur borizt frá Þorvaldi Garðari Kristjánssyni, framkvæmdastjóra Sjálfstfl.:

„Samkvæmt beiðni Axels Jónssonar, 4. þm. Reykn., sem nú er veikur, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að varamaður hans, Oddur Andrésson bóndi, taki á meðan sæti hans á Alþingi.

Virðingarfyllst,

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Til forseta efri deildar.“

Ég leyfi mér hér með að bjóða Odd Andrésson velkominn til starfa hér í hv. þd.

Á 48. fundi í Nd., 30. jan., mælti

forseti (SB): Forseta hafa borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 30. jan. 1970.

Samkvæmt beiðni Bjarna Benediktssonar forsrh., 1. þm. Reykv., sem nú er veikur á sjúkrahúsi, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að varamaður hans, Þorsteinn Gíslason skipstjóri, taki á meðan sæti hans á Alþingi.

Virðingarfyllst,

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Til forseta neðri deildar.“

Þessu bréfi fylgir svo hljóðandi yfirlýsing:

„Reykjavík, 30. jan. 1970.

Vegna anna get ég því miður ekki tekið sæti á Alþingi í veikindaforföllum dr. Bjarna Benediktssonar forsrh.

Geir Hallgrímsson.

Til forseta neðri deildar.“

Þorsteinn Gíslason skipstjóri hefur áður átt sæti á Alþ. og kjörbréf hans hefur verið rannsakað. Býð ég hann velkominn til starfa í hv. þd.

Á 54. fundi í Nd., 3. marz, mælti

forseti (MÁM): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Reykjavík, Jón Snorri Þorleifsson trésmiður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Magnús Kjartansson,
6. þm. Reykv.

Til forseta neðri deildar.“

Kjörbréf Jóns Snorra Þorleifssonar trésmiðs hefur áður verið rannsakað og tekur hann því sæti hér í d. og er boðinn velkominn til starfa.

Á 56. fundi í Ed., 16. marz, mælti

forseti (JR): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá Páli Þorsteinssyni, 2. þm. Austf.:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna heima fyrir mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Austfjarðakjördæmi, Tómas Árnason hrl., taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Páll Þorsteinsson,
2. þm. Austf.

Til forseta efri deildar.“

Ég leyfi mér hér með að bjóða Tómas Árnason velkominn til starfa hér í hv. þd.

Á 42. fundi í Sþ., 1. apríl, mælti

forseti (ÓB): Ég býð hv. alþm. velkomna til þingstarfa á ný að loknu páskaleyfi.

Frá forseta Ed. hefur svo hljóðandi tilkynning borizt:

„Einar Ágústsson, 11. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna veikinda mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Kristján Thorlacius deildarstjóri, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Jónas G. Rafnar,
forseti efri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis.“

Kristján Thorlacius hefur áður átt sæti á Alþ., þannig að ekki þarf að rannsaka kjörbréf, og býð ég hann velkominn til þingstarfa.

Á 68. fundi í Nd., 6. apríl, mælti

forseti (MÁM): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Tómas Árnason hrl., taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Eysteinn Jónsson,
1. þm. Austf.

Til forseta neðri deildar."

Kjörbréf Tómasar Árnasonar hrl. hefur áður verið rannsakað og hann því áður tekið sæti á Alþ. Er hann boðinn velkominn.

Á 71. fundi í Nd., 13. apríl, mælti

forseti (MÁM): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Þar sem Emil Jónsson utanrrh., 3. þm. Reykn., er farinn til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér samkv. beiðni hans og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþfl. í Reykjaneskjördæmi, Ragnar Guðleifsson kennari, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Gylfi Þ. Gíslason,
formaður þingflokks Alþýðuflokksins.

Til forseta neðri deildar Alþingis."

Kjörbréf Ragnars Guðleifssonar kennara, 1. varaþm. Alþfl. í Reykjaneskjördæmi, hefur áður verið rannsakað og tekur hann því sæti í hv. d. og er boðinn velkominn.

Á 45. fundi í Sþ., 15. apríl, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna anna heima fyrir mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, séra Jóhann Hlíðar, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Matthías Á. Mathiesen,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Fyrir liggur einnig svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 10. apríl 1970.

Vegna sérstakra anna get ég ekki tekið sæti á Alþingi í fjarveru Guðlaugs Gíslasonar, 3. þm. Sunnl.

Ragnar Jónsson."

Ég leyfi mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréf Jóhanns Hlíðars til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. – [Fundarhlé.]

Frsm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf séra Jóhanns S. Hlíðars, 2. varaþm. Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi. Með tilvísun til þess, að fyrir liggur bréf frá 1. varaþm. flokksins í þessu kjördæmi, Ragnari Jónssyni, þar sem því er lýst, að hann geti ekki vegna anna tekið sæti á Alþ. um þessar mundir, þá leggur n. til, að kjörbréf Jóhanns S. Hlíðars verði samþ. og kosning hans metin gild og seta hans hér á Alþ. samþ. með tilliti til þess.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 42 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Jóhann S. Hlíðar, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 46. fundi í Sþ., 22. apríl, mælti

forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 21. apríl 1970.

Axel Jónsson, 4. þm. Reykn., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna veikinda mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, Oddur Andrésson bóndi, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Jónas G. Rafnar,
forseti efri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Varamaður Axels Jónssonar, Oddur Andrésson bóndi, hefur áður setið á Alþ. og þá farið fram rannsókn á kjörbréfi hans. Ég leyfi mér að bjóða hann velkominn á ný til þingstarfa.

Á 47. fundi í Sþ., 24. apríl, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 22. apríl 1970.

Sjútvrh., Eggert G. Þorsteinsson, 8. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Alþfl. í Reykjavík, Sigurður E. Guðmundsson skrifstofustjóri, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jónas G. Rafnar,
forseti efri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Svo hljóðandi bréf liggur fyrir frá 1. varamanni Eggerts G. Þorsteinssonar:

„Reykjavík, 22. apríl 1970.

Ég undirrituð lýsi hér með yfir því, að ég vegna anna mun ekki geta tekið sæti á Alþingi í forföllum sjútvrh., Eggerts G. Þorsteinssonar, 8. þm. Reykv.

Jónína M. Guðjónsdóttir.

Til forseta efri deildar."

Þar sem mættur varamaður, Sigurður E. Guðmundsson, hefur ekki átt sæti á Alþ. áður og kjörbréf hans því ekki verið rannsakað, þarf að fara fram rannsókn á kjörbréfinu. Leyfi ég mér að biðja hv. kjör-

bréfanefnd að taka það til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. – [Fundarhlé.]

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað kjörbréf Sigurðar E. Guðmundssonar skrifstofustjóra, sem er 2. varaþm. kjörinna þm. Alþfl. í Reykjavík og ætlað er að taka sæti hér á Alþ. í fjarveru hæstv. sjútvrh., 8. þm. Reykv. En frá 1. varaþm. kjörinna þm. Alþfl. í Reykjavík liggur fyrir bréf um, að hann geti ekki mætt á þingi. N. rannsakaði, eins og áður segir, kjörbréf Sigurðar E. Guðmundssonar skrifstofustjóra, sem út er gefið af yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis 12. júní 1967. N. hafði ekkert við bréfið að athuga og leggur til, að kosning Sigurðar E. Guðmundssonar verði metin gild og kjörbréfið samþ.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 34 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Sigurður E. Guðmundsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

XVII. Kosningar.

1. Fulltrúar í Norðurlandaráð.

Á 25. fundi í Sþ., 17. des., var tekin á dagskrá
kosning 6 fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa í Norðurlandaráð að viðhafðri hlutfallskosningu samkv. þál. frá 15. des. 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð, sbr. þál. frá 3. des. 1969, um samþykkt á starfsreglum Norðurlandaráðs. Gildir kosningin frá 1. jan. 1970 og þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Sþ., 19. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Sigurður Bjarnason alþm. (A),
Eysteinn Jónsson alþm. (B),
Matthías Á. Mathiesen alþm. (A),
Sigurður Ingimundarson alþm. (A),
Jón Skaftason alþm. (B),
Magnús Kjartansson alþm. (C).

Við kosningu varamanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Birgir Kjaran alþm. (A),
Einar Ágústsson alþm. (B),
Ólafur Björnsson alþm. (A),
Birgir Finnsson alþm. (A),
Ásgeir Bjarnason alþm. (B),
Karl Guðjónsson alþm. (C).

2. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga.

Á 25. fundi í Sþ., 17. des., var tekin á dagskrá
kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1969, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Sþ., 19. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar með þremur nöfnum samtals. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Pétur Sigurðsson alþm. (A),
Halldór E. Sigurðsson alþm. (B),
Haraldur Pétursson fyrrv. safnhúsvörður (A).

3. Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

Á 25. fundi í Sþ., 17. des., var tekin á dagskrá
kosning verðlaunanefndar Gjafar Jóns Sigurðssonar til tveggja ára, frá 1. jan. 1970 til 31. des. 1971.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Sþ., 19. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar með þremur nöfnum samtals. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Þór Vilhjálmsson prófessor (A),
Magnús Már Lárusson háskólarektor (B),
Þórður Eyjólfsson fyrrv. hæstaréttardómari (A).

4. Stjórn og endurskoðendur landshafnar í Keflavík.

Á 25. fundi í Sþ., 17. des., var tekin á dagskrá
kosning þriggja manna í stjórn landshafnar í Keflavíkurkaupstað og tveggja endurskoðenda reikninga hafnarinnar, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1970 til 31. des. 1973, samkv. 1. gr. l. nr. 42 1962 og 13. gr. l. nr. 23 6. maí 1955.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Sþ., 19. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu stjórnarinnar komu fram tveir listar með þremur nöfnum samtals. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Alfreð Gíslason bæjarfógeti (A),
Páll Jónsson skrifstofumaður (B),
Ólafur Björnsson skipstjóri (A).

Við kosningu endurskoðenda komu fram tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Alexander Magnússon skrifstofustjóri (A),
Valtýr Guðjónsson bankastjóri (B).

5. Gæzlustjóri Söfnunarsjóðs.

Á 30. fundi í Ed., 19. des., var tekin til meðferðar
kosning gæzlustjóra Söfnunarsjóðs Íslands til fjögurra ára, frá 1. jan. 1970 til 31. des. 1973.

Fram kom aðeins ein tilnefning, og lýsti forseti yfir, að kjörin væri án atkvgr.:

Jóna Guðjónsdóttir, formaður Verkakvennafélagsins Framsóknar.

6. Kosning forseta neðri deildar.

Á 54. fundi í Nd., 3. marz, var tekin til meðferðar **kosning forseta.**

Forseti (MÁM): Eins og kunnugt er og fram kom á fundi í sameinuðu þingi í gær, hefur Sigurður Bjarnason afsalað sér þingmennsku. Ber því að kjósa aðalforseta þessarar hv. deildar.

Forseti var kosinn

Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn., með 19 atkv., en 18 seðlar voru auðir.

Forseti (MÁM): Ég vil leyfa mér að þakka það traust, sem mér hefur verið sýnt með því að kjósa mig sem forseta þessarar hv. d. Um leið vil ég láta í ljós óskir um gott samstarf milli mín sem forseta d. og allra hv. þdm. svo og hæstv. ríkisstj.

Þar sem sæti 2. varaforseta hefur við þessa skipan losnað, ber að kjósa 2. varaforseta deildarinnar.

2. varaforseti var kosinn

Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v., með 19 atkv., Björn Pálsson, 3. þm. Norðurl. v., hlaut 1 atkv., en 17 seðlar voru auðir.

7. Húsnæðismálastjórn.

Á 42. og 45. fundi í Sþ., 1. og 15. apríl, var tekin á dagskrá

kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í húsnæðismálastjórn, allra til fjögurra ára frá gildistöku nýafgreiddra laga frá Alþingi um Húsnæðismálastofnun ríkisins, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. sömu laga.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Sþ., 4. maí, var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar, sem á voru jafnmörg nöfn samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Ragnar Lárusson forstjóri (A),
Hannes Pálsson fulltrúi (B),
Gunnar Helgason borgarfulltrúi (A),
Ólafur Jensson fulltrúi (A),
Þráinn Valdimarsson erindreki (B),
Óskar Hallgrímsson rafvirkjameistari (A),
Guðmundur Vigfússon borgarfulltrúi (C).

Við kosningu varamanna komu fram þrír listar með sjö nöfnum samtals. Þar sem ekki voru fleiri menn tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jóhann Petersen skrifstofustjóri (A),
Guðmundur Gunnarsson verkfræðingur (B),
Óttar Halldórsson verkfræðingur (A),
Sigfinnur Sigurðsson borgarhagfræðingur (A),
Hákon Hákonarson vélvirki (B),
Jón H. Guðmundsson skólastjóri (A),
Ólafur Jónsson bæjarfulltrúi (C).

8. Stjórn landshafnar í Þorlákshöfn.

Á 45. fundi í Sþ., 15. apríl, var tekin á dagskrá

kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í stjórn landshafnar í Þorlákshöfn, til fjögurra ára, frá 6. júní 1970 til jafnlengdar 1974, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 4. gr. l. nr. 75 1966, um landshöfn í Þorlákshöfn.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Sþ., 4. maí, var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Gunnar Sigurðsson bóndi (A),
Benedikt Thorarensen forstjóri (B),
Grímur Jósafatsson kaupfélagsstjóri (A),
Friðrik Friðriksson skipstjóri (A),
Ólafur Ólafsson kaupfélagsstjóri (B),
Hjalti Þorvarðarson rafveitustjóri (C),
Gunnar Markússon skólastjóri (A).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar með sjö nöfnum samtals. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jón Þorgilsson fulltrúi (A),
Hjörtur Jóhannsson kennari (B),
Gísli Bjarnason umboðsmaður (A),
Karl Karlsson skipstjóri (A),
Ketill Kristjánsson verkamaður (B),
Bjarni Þórarinsson skólastjóri (C),
Hermann Eyjólfsson hreppstjóri (A).

9. Stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs.

Á 45. fundi í Sþ., 15. apríl, var tekin á dagskrá

kosning sjö manna stjórnar Atvinnujöfnunarsjóðs og jafnmargra varamanna, til fjögurra ára, frá 6. júní 1970 til jafnlengdar 1974, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 4. gr. l. nr. 69 29. apríl 1966, um Atvinnujöfnunarsjóð.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Sþ., 4. maí, var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram fjórir listar. Á A-lista voru Magnús Jónsson, Jónas Pétursson, Matthías Bjarnason, Emil Jónsson; á B-lista voru Halldór E. Sigurðsson, Ingvar Gíslason; á C-lista var Lúðvík Jósefsson; á D-lista var Björn Jónsson alþm. – A-listi hlaut 28 atkv., B-listi 16 atkv., C-listi 7 atkv., D-listi 2 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Magnús Jónsson ráðherra,
Halldór E. Sigurðsson alþm.,
Jónas Pétursson alþm.,
Matthías Bjarnason alþm.,

Ingvar Gíslason alþm.,
Emil Jónsson ráðherra,
Lúðvík Jósefsson alþm.

Við kosningu varamanna komu fram þrír listar, sem á voru sjö nöfn samtals. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jón Árnason alþm. (A),
Guttormur Óskarsson gjaldkeri (B),
Gunnar Gíslason alþm. (A),
Sverrir Hermannsson viðskiptafræðingur (A),
Örlygur Hálfdánarson bókaútgefandi (B),
Birgir Finnsson alþm. (A),
Geir Gunnarsson alþm. (C).

10. Þingvallanefnd.

Á 52. fundi í Sþ., 4. maí, var tekin til meðferðar **kosning manns í Þingvallanefnd í stað Sigurðar Bjarnasonar til loka fyrsta þings eftir næstu alþingiskosningar, sbr. 5. gr. laga nr. 59 7. maí 1928, um friðun Þingvalla.**

Einungis einn maður var tilnefndur, og lýsti forseti yfir, að kjörinn væri án atkvgr.:

Steinþór Gestsson alþm.

XVIII. Starfsmenn þingsins.

Þessir voru ráðnir til starfa í þinginu af forsetum öllum í sameiningu:

Skrifstofan og prófarkalestur:
Unnur Bjarklind, Jón G. Friðjónsson, Pétur Rafnsson.

Skjalavarzla og afgreiðsla:
Þorkell Kristjánsson, Þorvaldur Guðmundsson.

Lestrarsalsgæzla:
Ingunn Jónsdóttir, Svanbjörg Einarsdóttir, Jóna Sigurðardóttir, Sesselja Sigurðardóttir, Guðmunda Þorgeirsdóttir.

Vélræn upptaka á þingræðum:
Magnús Jóhannsson.

Ræðuritun:
Fastavinna um þingtímann: Fríða Proppé.
Tímavinna: Rannveig G. Ágústsdóttir, Þóra Benediktsson, Ragnhildur Smith, Camilla Ragnars, Jóhanna Sigurðardóttir, Auður Júlíusdóttir.

Dyra- og pallavarzla:
Jakob Jónsson (yfirvörður), Albert Guðmannsson, Stefán Ólafsson, Baldur Guðmundsson, Bjarni Einarsson, Jens Eyjólfsson, Ármann Kr. Eyjólfsson, Hannes Friðsteinsson, Þórður Auðunsson, Gísli Bjarnason, Ásgeir Jónsson, Lýður Jónsson.

Stæðisvarzla:
Jökull Sigurðsson (okt.), Gunnar Aðalsteinsson.

Næturvarzla:
Gunnlaugur Jóhannesson, Grímur Grímsson.

Þingsveinsstörf:
Haukur Hauksson (okt.), Ragnar Hallgrímsson, Jón Ágúst Ragnarsson, Friðrik Kárason, Ottó Karl Eldar (frá nóv.–maí), Jón Friðgeirsson, Einar Gunnar Einarsson, Karl Viggó Karlsson (okt.–des.), Eyjólfur Baldursson (okt.–febr.), Sólveig Kjartansdóttir (febr.–maí), Hilmar Einarsson, Kolbeinn R. Kristjánsson, Sigurður Guðmundsson (des.–maí), Tryggvi Hákonarson (marz–maí), Ólafur Ísleifsson (okt.–des.).

Símavarzla:
Jóhanna Þorsteinsdóttir, Guðrún Erla Ásgrímsdóttir.

Fatagæzla:
Margrét Þórðardóttir, Margrét Benediktsdóttir, Þorgerður Þorgilsdóttir.

Þingfréttamaður í útvarpi:
Bragi Steinarsson.

XIX. Þingfrestun og setning þings að nýju.

Á 32. fundi í Ed., 19. des., mælti

forseti (JR): Væntanlega verður þetta síðasti fundur í hv. Ed. fyrir þinghlé. Ég vil því óska öllum hv. þdm. og vandamönnum þeirra gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári og jafnframt öllu starfsliði Alþingis. Utanbæjarmönnum óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og vona, að við hittumst öll hér heil að jólaleyfi liðnu.

Ólafur Jóhannesson: Í nafni þdm. vil ég leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir góð orð og góðar óskir í okkar garð. Jafnframt vil ég, og ég veit að ég mæli þar fyrir munn allra, þakka honum góða og réttláta fundarstjórn og gott samstarf við okkur þdm. á þeim starfstíma, sem af er þessu þingi. Ég vil óska honum og fjölskyldu hans allra heilla og gleðilegrar hátíðar. Ég vil biðja hv. þdm. að rísa úr sæti og staðfesta þessi orð mín og árnaðaróskir. – [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (JR): Ég vil þakka hv. 1. þm. Norðurl. v. hlýjar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. þdm. fyrir undirtektir þeirra.

Á 35. fundi í Nd., 19. des., mælti

forseti (SB): Þar sem þetta verður væntanlega síðasti

fundur hv. þd. fyrir jólahelgi, leyfi ég mér að þakka öllum hv. þdm. ánægjulega og góða samvinnu við mig sem forseta það sem af er þessu þingi. Ég leyfi mér jafnframt að óska hv. þdm. og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og nýárs. Utanbæjarþm. árna ég góðrar heimferðar og heimkomu og læt að lokum þá ósk í ljós, að vér megum allir heilir hittast á þingi á nýju ári.

Lúðvík Jósefsson: Ég vil fyrir hönd okkar þdm. þakka hæstv. forseta fyrir hlý orð og góðar óskir í okkar garð. Ég þakka honum fyrir gott samstarf við okkur þm. og fyrir góða og réttláta fundarstjórn. Ég flyt hæstv. forseta og fjölskyldu hans óskir um gleðilega jólahátíð og um gott og farsælt komandi ár. Ég vil biðja þm. um að taka undir óskir mínar til forseta með því að rísa úr sætum. – [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SB): Ég þakka hv. 4. þm. Austf. fyrir hlýleg orð í minn garð og minnar fjölskyldu og öllum hv. þdm. fyrir að hafa tekið undir þau, endurtek svo árnaðaróskir mínar til hv. þdm. og segi fundinum slitið.

Á 28. fundi í Sþ., 19. des., mælti

forseti (BF): Komið er að því, að störfum Alþingis verði frestað um sinn vegna jólahátíðarinnar og áramótanna. Ég óska öllum hv. alþm. og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og velfarnaðar á nýja árinu. Ég þakka hv. alþm. samveruna og góða samvinnu á árinu, sem er senn á enda. Utanbæjarþm. óska ég góðrar heimferðar og heimkomu, og ég óska þess, að við megum öll hittast hér heil, þegar þing verður kvatt saman til funda á ný. Skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis óska ég einnig gleðilegra jóla og farsæls nýárs og þakka þeim jafnframt vel unnin störf og ánægjulega samvinnu.

Ólafur Jóhannesson: Ég vil í nafni okkar þm. þakka hæstv. forseta hlý orð og góðar óskir í okkar garð. Jafnframt vil ég leyfa mér að taka undir þakkir hans og árnaðaróskir til starfsliðs þingsins. Ég vil, og ég veit að ég mæli þar fyrir munn allra þm., þakka hæstv. forseta góða og réttláta fundarstjórn svo og gott samstarf á þeim starfstíma þingsins, sem af er. Ég óska honum og hans fjölskyldu allra heilla og gleðilegrar hátíðar. Ég vil biðja hv. þm. að staðfesta þessi orð mín og árnaðaróskir með því að rísa úr sætum. – [Þm. risu úr sætum.]

Forseti (BF): Ég þakka hv. 1. þm. Norðurl. v. fyrir vingjarnleg orð og hlýjar óskir í minn garð og minnar fjölskyldu. Hv. þm. öllum þakka ég fyrir undirtektir þeirra. Svo endurtek ég óskir mínar til þingheims um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Forseti Íslands hefur gefið út svo hljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsrh. umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 90. löggjafarþings, frá 19. desember 1969 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 12. janúar 1970.

Gjört á Bessastöðum, 19. des. 1969.

Kristján Eldjárn.

Bjarni Benediktsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkv. þessu umboði og með tilvísun til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því, að fundum þessa Alþingis, 90. löggjafarþings, er frestað frá 19. des. og verður þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 12. jan. 1970.

Leyfi ég mér að árna hv. alþm. og starfsmönnum þingsins svo og landslýð öllum gleðilegra jóla og farsæls nýárs.

Á 29. fundi í Sþ., 12. jan., mælti

forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hinn 31. des. 1969 var gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkv. till. forsrh., að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar 12. janúar 1970, kl. 14.00.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1969.

Kristján Eldjárn.

Bjarni Benediktsson.

Forsetabréf er kveður Alþingi til framhaldsfunda."

Samkv. þessu hefjast nú framhaldsfundir Alþingis. Ég leyfi mér að óska hæstv. forseta og hv. alþm. og starfsfólki Alþ. gleðilegs árs og þakka þeim fyrir liðna árið, um leið og ég býð þá velkomna til þingstarfa á ný og læt í ljós þá ósk og von, að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

Forseti (ÓB): Samkv. forsetabréfi því, sem hæstv. forsrh. hefur nú kunngert, hefjast fundir Alþingis að nýju. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forsrh. fyrir góðar óskir hans í minn garð og hv. alþm., og ég óska honum og þingheimi öllum velfarnaðar á nýbyrjuðu ári.

Á 53. fundi Nd., 3. febr., mælti

forseti (SB): Þar sem þetta verður væntanlega síðasti fundur hv. d. fyrir þingfrestun og ég geri ekki ráð fyrir að mæta til þings þegar þing kemur saman að nýju, leyfi ég mér að þakka hv. þdm. langa og drengilega samvinnu við mig sem forseta, um 14 ára skeið. Um þá samvinnu á ég hugþekkar minningar einar.

Ég árna hv. þdm. og skylduliði þeirra velfarnaðar í lífi þeirra og starfi til blessunar landi og lýð. Jafnframt þakka ég skrifstofustjóra þingsins og öllu starfsliði ánægjulega samvinnu. Að lokum óska ég þess, að Alþ., sögufrægasta stofnun þjóðar vorrar, megi á ókomnum árum verða sú brjóstvörn íslenzks sjálfstæðis, sem það jafnan hefur verið í gegnum aldirnar.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd

okkar þdm. þakka hæstv. forseta fyrir hlý orð í okkar garð. Ég vil nota þetta tækifæri, þar sem nú liggur fyrir, að hann hverfi af þingi til þess að taka við nýju starfi, og þakka honum sérstaklega fyrir samstarfið við okkur þm. á undanförnum árum.

Hæstv. forseti hefur setið á Alþ. á 30 þingum, og hann hefur því haft samstarf við marga þm. um langan tíma. Ég þakka honum samstarfið við mig og okkur þm. almennt á þessu tímabili. Hann hefur verið forseti Nd. Alþingis á 14 þingum. Hefur skiljanlega oft reynt á forsetahæfileika hans á þessum tíma. Hann hefur þurft að glíma við þann mikla vanda að halda trúnað sinn við þm. og gæta hagsmuna þeirra, en hafa þó eðlilegt samstarf við ríkisstj. á hverjum tíma. Hæstv. forseti hefur fengið viðurkenningu jafnt af hálfu stjórnmálaandstæðinga sinna sem samherja um það, að hann hafi verið góður forseti. Hann hefur verið sérstaklega röggsamur fundarstjórnandi og réttsýnn í úrskurðum sínum.

Ég þakka hæstv. forseta fyrir samstarfið við okkur þm. á undanförnum árum. Ég árna honum heilla í því starfi, sem hann nú tekur við, og óska honum og fjölskyldu hans velfarnaðar á komandi árum. Ég bið hv. þm. að taka undir ummæli mín til hæstv. forseta með því að rísa úr sætum. – [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SB): Ég þakka hv. 4. þm. Austf. fyrir hlýleg orð í minn garð, endurtek árnaðaróskir mínar til hv. þm. með kærum þökkum. – Fundinum er slitið.

Á 35. fundi í Sþ., 3. febr., mælti

dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Forsrh., dr. Bjarni Benediktsson, hefur beðið mig í veikindaforföllum að lesa hér og gera þinginu grein fyrir skjölum um þingfrestun.

Forseti Íslands hefur í dag gefið út svo hljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsrh. umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, frá 3. febr. 1970 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 2. marz 1970.

Gjört í Reykjavík, 3. febr. 1970.

Kristján Eldjárn.

Bjarni Benediktsson."

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

„Samkvæmt umboði í forsetabréfi um frestun á fundum Alþingis lýsi ég því hér með yfir, að fundum Alþingis er frestað frá deginum í dag að telja og verður það kvatt til fundar að nýju eigi síðar en 2. marz 1970.

Bjarni Benediktsson."

Forseti (BF): Samkvæmt forsetabréfi því, sem hæstv. dómsmrh. hefur lesið, verður fundum Alþ. frestað um skeið. Ég vil leyfa mér að vænta þess, að að loknu þessu hléi á störfum Alþ. megum við öll hittast hér heil á húfi að nýju. Ég vil einnig geta þess, að þrátt fyrir að þetta hlé verður gert á störfum þingsins eru það tilmæli þingforseta, að þingnefndir starfi áður en þing kemur saman að nýju, þannig að það geti þá orðið til þess að greiða fyrir þingstörfum. Væri þá gott að nefndarformenn, sem eiga óleyst verkefni í sínum n., kölluðu saman þingnefndir a. m. k. viku áður en sjálft þingið kemur saman. – Þessum fundi er slitið.

Á 36. fundi í Sþ., 2. marz, mælti

dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Forsrh., dr. Bjarni Benediktsson, hefur í veikindaforföllum sínum beðið mig að lesa hér skjöl um að kveðja Alþ. til framhaldsfundar.

Hinn 21. febr. 1970 var gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég veiti forsrh. umboð til þess að kveðja Alþingi saman til framhaldsfundar mánudaginn 2. marz 1970, kl. 14.00.

Gjört að Bessastöðum, 21. febrúar 1970.

Kristján Eldjárn.

Bjarni Benediktsson.

Forsetabréf um að kveðja Alþingi til framhaldsfundar."

„Samkvæmt umboði í forsetabréfi um að kveðja Alþingi til framhaldsfundar lýsi ég hér með yfir því, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar að nýju mánudaginn 2. marz 1970, kl. 14.00.

Bjarni Benediktsson."

Samkvæmt þessu hefjast nú framhaldsfundir Alþingis.

XX. Þinghlé.

Á 66. fundi í Ed., 24. marz, mælti

forseti (JR): Það mun vera samkomulag milli forseta þingsins, að fundir verði ekki haldnir hér á hv. Alþingi fyrr en á miðvikudaginn kemur eftir hátíðarnar. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. Fundinum er slitið.

Á 66. fundi í Nd., 24. marz, mælti

forseti (MÁM): Það er samkomulag forseta Alþingis að gera nú hlé á fundarhöldum vegna páskahátíðar, og boðað er til fundar í sameinuðu þingi næst miðvikudaginn 1. apríl. Þetta er því síðasti fundurinn í hv. þd. fyrir páska. Ég vildi mega óska hv. þdm. gleðilegrar páskahátíðar og vil láta í ljós þá ósk, að þeir megi njóta páskahelginnar með fjölskyldum sínum og vinum og við megum hittast aftur allir heilir að páskahátíð lokinni til þess að ljúka störfum þessa þings.

Ég óska einnig skrifstofustjóra og starfsfólki gleðilegrar páskahátíðar. – Þessum fundi er slitið.

XXI. Starfslok deilda.

a. Í efri deild.

Á 92. fundi í Ed., 4. maí, mælti

forseti (JR): Nú þegar fundum deildarinnar lýkur vil ég nota tækifærið til að þakka ykkur, hv. þm., öllum fyrir samveruna á þessu þingi, sem nú er að ljúka, og ánægjulega samvinnu. Ég vil þakka skrifurum deildarinnar fyrir stundvísi og ágætt starf. Þá þakka ég varaforsetum fyrir þá aðstoð, sem þeir hafa veitt mér sem forseta. Skrifstofustjóra Alþingis færi ég beztu þakkir fyrir ágæta samvinnu og einnig fulltrúum hans og öðru starfsliði Alþingis.

Nú þegar leiðir skiljast óska ég öllum utanbæjarþm. góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu. Ykkur öllum og fjölskyldum ykkar óska ég gleðilegs og ánægjuríks sumars og óska að síðustu, að við megum öll hittast heil á komandi hausti, þegar þing hefst að nýju.

Björn Jónsson: Ég vil leyfa mér fyrir hönd hv. þdm. að þakka hæstv. forseta d. fyrir hlý orð og árnaðaróskir í okkar garð. Ég veit, að ég mæli fyrir munn okkar allra, þegar ég þakka honum réttláta, röggsama og sérstaklega drengilega fundarstjórn og ágætt samstarf á því þingi, sem nú er að ljúka. Ég flyt hæstv. forseta og fjölskyldu hans velfarnaðaróskir okkar allra og læt í ljós ósk um, að við megum hitta hann heilan á húfi að loknu sumarleyfi Alþingis. Ég bið hv. þdm. að rísa á fætur til að staðfesta orð mín. – [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (JR): Ég leyfi mér að þakka hv. 4. þm. Norðurl. e. hlýleg orð í minn garð og hv. þdm. fyrir undirtektir þeirra og endurtek árnaðaróskir mínar, segi svo fundinum slitið.

b. Í neðri deild.

Á 97. fundi í Nd., 4. maí, mælti

forseti (MÁM): Þar sem þetta verður síðasti fundur hv. þd. að þessu sinni, leyfi ég mér að þakka öllum hv. þdm. svo og hæstv. ríkisstj. fyrir góða og ánægjulega samvinnu við mig sem forseta þann tíma, sem ég hef gegnt þeim störfum á þessu þingi. Ég vil færa skrifurum þingsins þakkir fyrir störf þeirra, svo og starfsfólki öllu. Ég leyfi mér að óska hv. þdm. og fjölskyldum þeirra alls velfarnaðar, og utanbæjarmönnum óska ég góðrar heimferðar og heimkomu.

Lúðvík Jósefsson: Ég vil fyrir hönd okkar þdm. þakka hæstv. forseta fyrir hlý orð og góðar óskir okkur til handa. Ég þakka hæstv. forseta fyrir gott samstarf við okkur þm. og fyrir góða og lipra fundarstjórn. Ég óska hæstv. forseta og fjölskyldu hans góðs og gleðiríks sumars. Ég bið hv. alþm. að taka undir ummæli mín til forseta með því að rísa úr sætum. – [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (MÁM): Ég þakka hv. 4. þm. Austf. hlý orð í minn garð og hv. þdm. undirtektir þeirra, og ég endurtek kveðjur mínar til hv. þdm. – Fundinum er slitið.

XXII. Þinglausnir.

Á 53. fundi í Sþ., 4. maí, mælti

forseti (BF): Samkvæmt venju við þinglok mun ég nú flytja yfirlit um störf Alþingis á því þingi, sem nú er að ljúka.

Þingið hefur staðið frá 10. okt. til 19. des. 1969, frá 12. jan. til 3. febr. og frá 2. marz til 4. maí 1970, alls 158 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir:

Í neðri deild	97	
- efri deild	92	
- sameinuðu þingi	53	
		Alls 242

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:			
a. Lögð fyrir neðri deild	33		
b. – – efri deild	31		
c. – – sameinað þing	2		
			66
2. Þingmannafrumvörp:			
a. Borin fram í neðri deild	55		
b. – – í efri deild	26		
		81	
			147

Í flokki þingmannafrumvarpa eru talin 7 frumvörp, sem nefndir fluttu að beiðni ráðherra.

Úrslit urðu þessi:

a. Afgreidd sem lög:			
Stjórnarfrumvörp	54		
Þingmannafrumvörp	19		
			73
b. Felld:			
Stjórnarfrumvarp	1		
Þingmannafrumvörp	2		
			3
c. Vísað til ríkisstjórnarinnar:			
Þingmannafrumvörpum			9
d. Ekki útrædd:			
Stjórnarfrumvörp	11		
Þingmannafrumvörp	51		
			62
			147

II. Þingsályktunartillögur:

a. Bornar fram í sameinuðu þingi		59
b. – – í neðri deild		4
c. – – í efri deild		6
		69

Úrslit urðu þessi:

a. Ályktanir Alþingis		18
b. Ályktanir efri deildar		2
c. Felld í neðri deild		1
d. Afgreidd með rökstuddri dagskrá í sameinuðu þingi		1
e. Vísað til ríkisstjórnarinnar í sameinuðu þingi		2
f. Ekki útræddar:		
Í sameinuðu þingi	38	
Í neðri deild	3	
Í efri deild	4	
		45
		69

III. Fyrirspurnir:

56 í sameinuðu þingi og 1 í efri deild, en sumar eru fleiri saman á þingskjali, svo að málatala þeirra er ekki nema	21
Allar voru fyrirspurnir þessar ræddar nema sjö.	
Mál til meðferðar í þinginu alls	237
Tala prentaðra þingskjala	857

Það yfirlit, sem ég hef nú lesið, sýnir, að mörg mál hafa legið fyrir þessu þingi, þótt ekki hafi þau öll hlotið endanlega afgreiðslu. Er það greinilegt, að til þess að fleiri mál komist lengra í meðförum hvers þings þarf að verða allmikil breyting á vinnubrögðum þingsins frá því, sem tíðkazt hefur um langt skeið. Það mál gerði ég að umtalsefni við þinglausnir s. l. ár. Einnig hef ég í umr. hér á Alþingi nýlega ítrekað skoðanir mínar hvað þessu viðvíkur. Skal ég ekki fara frekar út í þá sálma að öðru leyti en því, að nú sem fyrr legg ég áherzlu á, að litlar sem engar breytingar geta á orðið varðandi starfshætti Alþingis nema með samkomulagi allra flokka eða öllu heldur allra hv. þm.

Störf þess þings, sem nú er að ljúka, hafa ekki mótazt af erfiðleikum í atvinnulífi og efnahagsmálum neitt svipað því og var um störf þingsins á s. l. tveimur árum. Er það gleðilegur vottur þess, að aftur hefur birt yfir í þeim efnum, og veit ég, að það er einlæg ósk allra hv. þm., að áframhald verði á þeirri þróun.

Sumar ákvarðanir, sem teknar hafa verið á þessu þingi, miða að því að renna í framtíðinni fleiri stoðum undir íslenzkt atvinnulíf. Um þær ákvarðanir var ekki full samstaða, eins og verða vill um ýmis þau mál, sem Alþingi afgreiðir. Samt er ég þess fullviss, að þrátt fyrir skoðanamun um einstök mál er það nú sem fyrr einlæg ósk og von allra þm., að þau störf, sem Alþingi hefur af hendi leyst, megi koma þjóðinni að sem mestu gagni í bráð og lengd á öllum sviðum þjóðlífsins.

Síðustu vikur þessa þings hafa verið mjög annasamar fyrir alþm., eins og oft vill verða í þinglok, og leyfi ég mér fyrir hönd þingforsetanna að þakka hv. alþm. fyrir ágætt samstarf, sem hefur leitt til þess, að unnt er að ljúka þinginu í dag. Einnig þakka ég hæstv. ríkisstj. og öllum hv. alþm. ágætt samstarf í hvívetna á þingtímanum. Ég þakka það traust, sem mér var sýnt með því að trúa mér fyrir forsetastörfum. Einnig þakka ég þingheimi fyrir það umburðarlyndi og hjálpsemi, sem ég hef notið við störf mín í þessu sæti. Sérstakar þakkir færi ég varaforsetum, sem jafnan hafa fúslega veitt mér hina ágætustu aðstoð. Ég þakka skrifurum þingsins eljusemi og kostgæfni í störfum, og skrifstofustjóra og öllu starfsfólki Alþingis þakka ég mikið og gott starf og ánægjulega samvinnu. Öllum hv. þm. óska ég góðrar heimferðar og heimkomu. Einnig óska ég þeim og fjölskyldum þeirra gæfu og gengis. Skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis færi ég sömu óskir. Fyrir hönd Alþingis óska ég öllum Íslendingum árs og friðar og gleðilegs sumars.

Ólafur Jóhannesson: Ég vil leyfa mér fyrir hönd þm. að þakka hæstv. forseta árnaðaróskir og hlý orð í okkar garð. Ég flyt forseta þakkir fyrir góða og réttláta fundarstjórn og fyrir gott samstarf við okkur alþm. Ég vil, og ég veit að ég mæli þar fyrir munn allra þm., óska hæstv. forseta og fjölskyldu hans alls velfarnaðar á þessu sumri og læt í ljós þá von og þá ósk, að við megum hitta hann heilan á húfi að þinghléi loknu.

Ég vil biðja hv. alþm. að staðfesta þessar árnaðaróskir mínar í garð forseta með því að rísa úr sætum [Þm. risu úr sætum.]

Forseti (BF): Ég þakka hv. 1. þm. Norðurl. v., Ólafi Jóhannessyni, hlý orð og vinsamleg í minn garð og minnar fjölskyldu. Einnig þakka ég hv. alþm. undirtektir þeirra og endurtek óskir mínar um gæfu og gengi þeim til handa. Ég vona, að við hittumst hér öll heil að hausti.

Forseti Íslands (Kristján Eldjárn): Í dag hefur verið gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Alþingi, 90. löggjafarþing, hefur lokið störfum. Mun ég því slíta Alþingi í dag, mánudaginn 4. maí 1970.

Gjört í Reykjavík, 4. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

Bjarni Benediktsson.

Forsetabréf um þinglausnir."

Samkvæmt þessu bréfi, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að þessu þingi, sem nú hefur lokið störfum, er slitið.

Óska ég alþingismönnum velfarnaðar og þjóðinni allra heilla og bið þm. að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp, og **forsrh., Bjarni Benediktsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi."

Var undir þau orð tekið með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.